

# Elíasarbók



# Elíasarbók

Elías Mar

Þorsteinn Antonsson  
sá um útgáfuna

(Upplýsingar)

# Efnisyfirlit

## Höfundarsaga

Formáli  
Minningabrot  
Bernskan  
Bernskuást  
Þroskaár  
Heimkoman frá London  
Mótið í Berlín  
Atvinnumennska  
Hughvörf  
Ad nauseam  
Lífið er lotterí  
Meistarinn  
Organistinn  
Uppistand  
Heift  
Strákar  
Afbrýðisemi  
Einkaritarinn  
Dagbókin

## Á mörkum sagna og fræða

### Minningagreinar

Jón Helgason  
Málfríður Einarsdóttir  
Sigfús Daðason  
Sturla Tryggvason  
Þórður Sigtryggsson  
Ásgeir Magnússon  
Hannes Sigfússon


Í bæ og borg

Reykjavíkurbættir  
Litið til Landakots  
Lundúnapistlar  
Myndir á fyrstu síðu  
Hvergerzka ævintýrið  
Úr skúffum og skápum  
Á Þjóðviljanum  
Mín tíunda legión  
In dulci jubilo  
Saga um jólatré  
Inni, sem eigi er með höndum gjört  
Einn dagur hjá Steindóri  
Dýrkun karlmennskunnar  
Gestur á nýjárnsótt  
Helgistund -  
Gæi  
Brezki herinn blasir við ...  
Bréf til vinar  
Fingur hægri handar

## Ljóð

Dauðinn á nýjársnóttinni  
Reykjavíkuróður  
Málaðar meyar  
Drengurinn í Öskjuhlíð  
Kvæði til skálds  
Við þykjumst lifa  
Samtal við silungsveiðar  
Sálrænt kvæði  
Minning eldgömul  
Fínt fólk  
Ávarp  
Úr bréfi til Guðmundar P.  
Ávarp  
Ókunnur  
Heimsósómi  
Kveðið í bergi  
Sonetta förumannsins  
Stríð  
Fullveldiskvæði  
Morgunn  
Minningar  
Skrifað með blýjanti  
Skáldastælingar 1-6  
Að vakna  
Vetrarmynd frá Íslandi  
Nótt og maður  
Nóvembernótt  
Til Steinunnar  
Ljóð  
Tvö ljóð

Að fagna sorginni  
Allt er í, hlinur hjalta ...  
Þú varst aldrei einn ...  
Til eru fljóð  
Niðurstæða  
Piltungsríma  
Eros  
At the saloon  
Ljóð  
Hrollvekja í gömlum stíl  
Kvæði ort á Krít  
Steinn  
Kvæðið um Dreng  
Niðurlag sálms á  
Sjöviknaföstu  
Sólótaut Svarthöfða  
Allir kosti góður  
Upphaf frímerkjadellunnar  
X-mass  
Ég hef aldrei ...  
Þjóðviljapula  
Aðfangadagskvöld jóla 1983  
Ari og Íra  
Spádómsþankar ...  
Þær raddir ...  
Ég minnst þess  
Enginn í heimi hlýtur  
Gamlinginn  
September / október  
Quinqannium





# Formáli

Í bókinni segir fyrst af rithöfundinum og manningu Elíasi Mar (1924-2007) í ritgerð sem inniheldur ritsmíðabrot hans sjálfs um ævi hans og manna kynni, en Elías hafði á síðasta áratug ævinnar þann metnað að skrifa minningabók sem fjalla skyldi einkum um bernskuár hans þótt ekkert liggi eftir hann af því tagi í rituðu máli annað en þau brot sem hér fylgja. Bókin, sem byggð er á dagbókum hans meðal annarra gagna á Landsbókasafni, frá honum komnum, inniheldur auk þessara minningabrota úrval birtra og óbirtra sagna hans, blaða- og tímaritsgreina, svo og úrval ljóða hans sem ekki hafa fyrr komið á bók. Með ritgerðinni er reynt að fylgja þroskasögu hans sem manns og höfundar frá fyrstu æviárum til hinna síðustu.

Rithöfundurinn Elías Mar dró ekki dul á samkynhneigð sína á fullorðinsárunum en kom því ekki í verk að rita bók um efnið, sem hann þó lét sig stundum dreyma um, gerði nokkrar atrennur, en varð lítið úr verki, sennilega helst fyrir það hve mjög var á brattann að sækja héraendis þegar að slíkum umfjöllunarefni kom. Varla nokkur maður innanlands á hans tíð gerði meira en tæpa á efninu í rituðu máli. Í bókinni er fjallað um þroskasögu hans sem tvíkynhneigðs manns í íslenska þjóðfélaginu á síðustu öld. Elías bjó yfir ríkulegu fræðimannsupplagi og hafði aflaði sér mikils fróðleik um þetta efni á þegar hann dó áttatíu og fjögurra ára gamall, jafnt af umtali sem bókfærðu efni. Um ævina átti hann í bréfaskiptum við marga samkynhneigða vini sína, innlenda og erlenda, og hann naut leiðsagnar sér fróðari manna á fullorðinsárum um málefni samkynhneigrða, auk þess sem vinnuhópurinn af því tagi var fjölmennur frá degi til dags. Þessarar reynslu bera sum bókmenntaverka hans viti sem legið hafa óbirt til útgáfu þessarar

bókar en fylgja hér meðal annarra ljóða og sagna rithöfundarins. Enda eru þeir tímar komnir í Þjóðfélagsmálum innanlands að ekkert tiltökumál eru lengur hvað varðar efnið.

Elías var alinn upp nánast af ömmu sinni einni á kreppuárunum frá árinu 1925 er hann missti móður sína. Þjóðfélag eftirstríðsáranna var það samfélag sem hann tókst á við með útgefnum bókum sínum og greinaskrifum. Hann skrifaði bókagagnrýni í blöð og tímarit, mest samkvæmt þeim aðferðum sem slíkum greinum hefur fyrr og síðar verið ætlaðar í landi okkar. Við val á greinum til þessarar bókar lét ég þau skrif hans liggja. Einnig að mestu þær greinar hans sem eru með flokkspólitísku ívafi. Ferðapættir í greinaformi eru til eftir sama höfund. Í bókinni eru nokkrir þætti af því tagi sem einkum segja af vegferð Elíasar sjálfs, tilfinningum hans og annarri líðan meðan á ferðinni stóð. Meðal annars frá Lundúnadvöl hans 1949-50.

Lýsingar hans á miðbæ Reykjavíkur, sem hér fylgja, birtust fyrst í tímaritinu Heima er best. Elías vann sem prófarkalesari á Þjóðviljanum frá 1960 til þess er blaðið hætti að koma út 1992 og skrifaði margar greinar í blaðið um hin ýmsu mál. Hér fylgja nokkrar þeirra. Viðtal við hann um starf hans á blaðinu kom ég á knappara form með því að fella úr því spurningarnar. Áhersla mín við val efnisins var á reynslusögur og hugmyndir sem mér sýnast bera með sér þroskasögu hans sjálfs. Það er tilgangur minn með bókinni allri að beri vitni um manninn Elías Mar eins og hann reyndist mér við persónuleg kynni af honum á síðasta áratug ævi hans.

Elías var virkur stúkumaður á unglingsárunum og fram yfir tvítugt. Hálfþrítugur sagði hann sig formlega úr stúkunni með þeim orðum við forráðamenn, að hann vildi afla sér meiri lífsreynslu en stúkulíf gæfi honum færi á. Hann fór upp úr því til Kaupmannahafnar og þar dvaldi hann í rúmt ár, 1946-47 Hann var við nám um veturinn og reyndi fyrir sér með ritun á öðrum málum en sínu eigin og að fá birt en það tókst ekki. Hann sótti bókmenntafyrirlestra í London 1949-50

og kannaði næturlífið í skemmtihverfunum, kom heim reynslunni ríkari. Spreytti sig að auk á leikritsgerð en lítið varð úr. Lundúnadvölin mótaði persónuleika hans til frambúðar. Fyrir jól þetta ár 1950 komu út tvær bækur eftir hann og hann kom út úr skápnunum með vininum Sturlu Tryggvasyni hljóðfæraleikara sem reyndist honum vel ævilangt, þótt nýir ástvinir kæmu fljótlega í spilið hjá báðum. -

Bókmenntir um samkynhneigt fólk hafa legið í þagnarmæli um aldir víðar en hérlendis, enda var ekki fyrir en um miðja 19. öld farið að auðkenna sérþarfafolk af þessu tagi heldur var látið duga að vísað til atferlisins eins og þá með orðum eins og hinu íslenska ergi, alltaf í lítilsvirðingarskyni. Hinar hefðbundnu frásagnirnar voru af guðum sem leyfist fleira en mönnum eins og vænta má. Samkynhneigðir lifnaðarhættir voru iðkaðir til forna um allar jarðir í lokuðum samfélögum karla, meðal Japana (sem lærðu síðina af Kínverjum), á eyjum í Kyrrahafi, meðal indjana í Mið- og Suður-Ameríku, Búddamunka á Indlandi. Slíkt kynlíf var einnig frá elstu tímum afþreying hástéttarfólks eftir því sem heimildir herma og á síðari tímum námspíla í heimavistarskólum. Breskir háskólamenn sem hlotið höfðu slíkt uppeldi gerðu meira að segja sveinaást að kveðskaparstefnu, Úraníu-skáldin, svokölluðu, mærdi erótísk sambönd meistara og lærisveina undir rós. Forn-Grikkir voru afdráttarlausari í sínum frásögnum, enda efaðist þjóðin ekki um réttmæti slíks kynferðissambands. Inn á það verður komið frekar í köflunum um Þórð Sigtryggsson hér á eftir, meistara Elíasar í kynlífssökum sem fleiri málefnum.

Frakkar urðu fyrstir til að skrifa sögur um samkynhneigt fólk fyrir almennan markað. Á Viktoríutímanum, um miðja 19. öldina, kom upp mikill strangleiki í kynferðismálum í Englandi, en var fjarri því að ná til allra Breta; afleiðingin varð tvöfeldni í siðrænum efnunum; lífsnautnastefna í skemmtiklúbbum borganna vóg salt við skírlífsöfuga hirðarinnar og þótt leynt færi. Þau hverfi

Lundúnaborgar, Soho, kynnti Elías sér meðan á dvöl hans stóð í þeirri borg, 1949-50. Rithöfundurinn Óskar Wilde sem uppi var á árunum 1854-1900, er bókmenntalegt afsprengi bresku Úraníu-skáldanna en fékk ekki uppreisn æru vegna samkynhneigaðar sinnar meðan lifði vegna íhaldseminnar viktoríönsku sem ráðandi var í menningar- sem þjóðfélagsmálum Englendinga fram á fyrri heimstyrjaldarárin. Á nýfrjálsri tíð, uppúr lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar, urðu til í menningarkimum Evrópu bókmenntir þar sem fjallað var með óheftum hætti um samkynhneigt lífverni fólks sem ól aldur sinn í útleigð frá hinum ríkjandi þjóðfélagshefðum, svo sem bækur hins franska afbrotamanns Jeans Genet (1909 -) sem telst frumkvöðull homma-bókmennta nútímans, en skrifaði eingöngu um mannlíf sem engan veginn getur talist venjulegt, þjófa og vændisfólk og aðra menn sem alla sína ævitíð voru upp á kant við borgaralegt siðferði, ekki bara í kynferðismálum heldur einnig flestu öðru. Þótt farið væri að skrifa homma-bókmenntir að mestu án þukurs þegar kom fram á 20. öldina gerðust þær utan við heim venjulegs fólks lengi framan af. Í fantasíuheimi eins og sögur de Sade (1740-1814) og annarra öfgamanna (Huysmanns), og gekk þá allt snurðulaust fyrir sig í kynferðismálum þess með sérþarfirnar þegar að kynlífi kom. Eða sögur af þessu tagi gerðust meðal borgaralegs fólks, misvel efnun búins, og voru þá fullar af sársauka og angist þess sem líður fyrir að vera öðru vísi en aðrir (Selby).

Eftir almenn notkun getnaðarvarna af ýmsu tagi á síðari hluta 20.aldarinnar hefur leitt til auksins frjálsræðis í kynlífssökum, og samkynhneigð af sömu ástæðu verið minni samviskuraun en löngum áður, svo í bókmenntum sem á öðrum vettvangi mannlegrar reynslu. Af því frjálsræði leiðir homma-bókmenntir nútímans sem fjalla blygðunarlaust um hamingjusamt borgaralegt lífverni samkynhneigðs fólks. Af því tagi er það skáldskaparefni eftir Elías Mar sem hér er birt og flokkast getur undir bókmenntir af þessu tagi, smásögur og ljóð.

Það er sagt um franska skáldið André Gide (1869-1951) að hafi ekki kannast við að nema ein bóka sinna væri skáldsaga þótt væri annarra álit að skáldsögur hans væru margar. Gide vildi heldur nota um þessar ritsmíðar sínar orðið ritgerðir. Mér sýnist nærri lagi að vísa til þessa nóbelskállds við flokkun á hinum styttri prósaverkum rithöfundarins Elíasar Marar. Gide leysti með sínum hætti hinn sama vanda í byrjun 20. aldarinnar og var mörgum íslenskum höfundum fjötur um fót á seinni hluta aldarinnar, þann að finna tíðaranda form með skrifum sínum á tíma sem andæfði öllum skáldskap í nafni staðreynda. Átökin milli skáldskapar og fræða hafa reyndar ekki hlotið úrlausn enn nema að nafninu til: skáldævisögur, skáldfræðisögur, einsögur eru óígrunduð, tískubundin orð. Elías fékkst með sínum hætti við þetta viðfangsefni, sambreysking skáldskapar og ritgerðar, þótt varla geti talist að hafi verið meðvitund viðleitni, altént ekki undir fræðiheimum. Markmiðið með skrifunum var alltaf persónubundið, og honum tókst best til þegar hann lét tilfinningarnar ráða hinum formlega frágangi. Ég álit að hann hafi verið sterkastur fyrir þegar hann orti.

"Ég gæti grátið á revíu og hlegið við jarðarför," ritaði Elías Mar í hugleiðingu frá 1944 og var þá tvítugur. – Hann dó árið 2007. Mörg ljóða hans, birt og óbirt, staðfesta þessi orð. Árið 1944 skráði hann í skrifblokkir öll ljóð sín frá fimm ára aldri, sem hann hafði fram til þess varðveitt á lausum blöðum, hann, getur breytinga sem eru litlar, tíma hvenær ort er og tilefnis. Í skrifblokkunum sex eru um 400 ljóð frá unglingsárum hans. Nokkur þessara ljóða eru í bókinni. Önnur zem hér fylgja eru úr náttbók Elíasar, Njólu, em hann gaf þetta heiti því hann skrifaði í hana í bólinu að næturlagi. Elías gaf út fjórar ljóðabækur, auk tveggja bóka með smásögum og fjögurra skáldsagna. Hálfáttræður skrifaði hann um óbirt ljóð sín í náttbókina Njólu:

Kúnstugt væri ... að safna saman í eitt handrit ýmsum þeim yrkingum sem hrotið hafa úr þenna manns fyrr og síðar ... það væri andskotalaust af minni hálfu eftir að ég er dauður ... Flest eru þetta hálfkæringsvísur, paródíur og útúrsnúningar, en sumt líka háalvarlegt." (Bls. 176. Njóla.)

Allt sem eftir Elías liggur ber þess merki að hann hafi hugsað það og að mestu stílfært áður en hann færði það til bókar. Það var hans verklag. Auk þess markmiðs að gefa trúverðuga mynd af manningnum og skáldinu Elíasi Mar áréttu ég það sem verið hefur margra álit, að hann hafi sameinað þversagnir samtíðar sinnar með höfundarskap sínum og lífi.

Það kom mér skemmtilega á óvart að rekast á teikningar hans af nokkrum þjóðkunnum vinum sínum úr skáldahópi meðal handrita hans og prýða þær bókina. Elías var sextán ára þegar hann orti ljóðabálkinn Dauðann á nýjárnsnóttinni, og teiknaði meðfylgjandi mynd. Hvort tveggja ber merki um æsku höfundarins. Hvað sem því líður er því líkast sem ljóðið gefi tóninn að öllu því sem á eftir fylgdi á skáldskaparferlinum. Ljóðið er því valið til birtingar þótt beri aldri höfundarins skýran vott. Hending ein hefur ráðið vali mínu á vísnum og smáljóðum Elíasar með myndum hans af skáldunum.

Reynt hefur verið að fylgja stafsetningu höfundarins eins og kosti er.

Þakkir til þeirra sem lesið hafa eftirritin og höfundarverk mitt á einhverju stigi málsins og veitt mér þarfar ábendingar.

Umsjónarmaður.

# Minningabrot

Elías Mar skrifaði:

Með mig er því þannig háttað að ég er fæddur Reykvíkingur og alinn algerlega upp hér í höfuðborginni. Ég fékk því ekki á unga aldri persónulega reynslu fyrir menningu sveitanna og drakk ekki inn í mig fegurð þeirra og heilnæmi. Uppeldi mitt fór fram að húsabaki, eða á malbikaðri götunni. Leikvangur minn var oft og tíðum baklóð með illum daun frá sorpíláti, geymsluport einhverrar verksmiðju, þar sem ég byggði hús úr stórum kössum, ásamt leiksystkinum mínum, eða ég hélt mig inni, endapótt hásumar væri. Ég lærði ekki að umgangast skepnur. Á heimili mínu var ekki einusinni til köttur, og einu kynni mín af skepnum voru þau, að ég sá horaða og fjörlausu hesta drattast eftir götunum teymandi öskuvagna, eða annað, og svo sá ég kindahópana koma á haustin ofanúr sveitum á leið til blóðvallarins, og ég var oft viðstaddur þegar þær voru skotnar, flegnar og brytjaðar í sundur. Umgengni mín við dýr var semsagt engin, og svo var og er um mörg önnur börn, sem alast upp í kaupstöðum.

Ég var því mjög ungur, þegar ég fór að líta til sveitanna, sem einhverra betri heimkynna, og stundum hvarflaði að mér sú hugsun sem barni, að líklega hlyti að vera gaman að leika sér í sveit, þar sem landrýmið væri nóg. – Þar væri hægt að njóta meiri friðar og fegurðar heldur en á baklóðum og rykugum götunum. Stundum varð löngun mín að lífsleiða, einkum er ég sá jafnaldra mína fara með foreldrum sínum uppí sveit, dvelja þar langan tíma, að því er mér fannst, og koma síðan hressa og káta aftur.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Miði meðal gagna Elíasar á Landsbókasafni.

Elías bjó einn með ömmu sinni í Reykjavík lengst af bernskunnar, við fátækt en mikið ástríki. Fyrsta æviárið átti hann heima ásamt móður sinni og ömmu við Grettisgötu í Reykjavík og síðan annað ár í bakherbergi við Hafnarstræti. Móðir hans lést þegar hann var liðlega eins árs. Þann 15. febrúar 1999 ritaði hann um ömmu sína og fósturu, Guðrúnu frá Hausastöðum á Álftanesi (1863-1942):

Hún hafði lítinn áhuga á flokkapólitík og talaði um "almenning" og "venjulegt fólk" en ekki alþýðu. Hún keypti Moggann ekki vegna þess að hún hefði dálæti á Sjálfstæðisflokknum heldur vegna fréttanna.

Hún bar mikla virðingu fyrir öllum þeim sem sýndu viðleitni til að vinna fyrir sér. Að sama skapi hafði hún takmarkaðar mætur á þeim sem létu aðra púla í þágu sína og sinna. Hún hafði mætur á þeim, sem komust af þrátt fyrir lítil efni, voru eljusamir og nægjusamir, sníktu ekki að óþörfu af opinberu fé. Sjálf reyndi hún að drýgja tekjur sínar með þeirri skemmtan að "spá í spil" fyrir fólk, en varð þó aldrei mjög þekkt spákona í bæjarfélaginu, held ég. Og ekki má gleyma því, að frá fyrstu bernsku man ég eftir henni þrjónandi fingravettlinga, sem hún seldi hafnfirskum sjómönnum; og hún dó frá einum slíkum sjómannaavettling, hann er hér enn á þrjónunum ásamt bandhnyklinum, geymdur niðri í kommóðuskúffu hennar.

Amma hitti ókunnan roskinn mann í kirkjugarðinum, líklega 1926, er hún var ásamt mér að vitja grafar móður minnar. Maður þessi var að vitja grafar konu sinnar, en gekk með ömmu minni að leiði móður minnar og hún sagði honum hvað hin látna hefði heitið. Nokkru síðar var kominn ómálaður en snotur trékross á leiðið með stöfunum E. J. Og engu öðru. Maðurinn hafði ekki munað föðurnafn hinnar látnu. Sjálfur hafði hann sagt til nafns: Jón Hannesson.

Átta eða níu árum síðar höfðum við amma mín verið að vitja grafarinnar og vorum í þann veg, að fara út úr garðinum. Amma mín settist á íbjúgan steiptan vegg til að hvíla sig, en veggur þessi stendur enn, held ég, rétt við norðurinngönguna við Suðurgötu. Þá kemur gamall grannvaxinn maður á gráum fötum og fer að tala við ömmu mína. Kvaðst hann þekkja hana aftur frá því um árið. Og hann kvaðst hafa sett krossinn á leiðið. Nú var hann kominn á elliheimilið og lét mjög illa af vist sinni þar; sagði að þeir sem þar réðu, "vildu helst sálga



öllum gamalmönnum og hafa þau í hákarlaeitu;" hafði þessi orð eftir forstöðumanninum.

Svo leið eitt ár eða tvö. Þá er frá því sagt í blöðum og útvarpi að gamall maður á elliheimilinu sé horfinn. Þetta er að vetri til og veður orðin slæm. Nokkrum dögum síðar var lík hans slætt uppúr Reykjavíkurböfn. Hann hét Jón Hannesson.

Um krossinn er það að segja, að hann var á leiðinu áfram eftir að einnig amma mín var jarðsungen þar. En einhverju sinni er ég var nýkominn frá útlöndum, líklega 1957, tók ég eftir því, að hann var horfinn og hefur ekki sést síðan. Leiðin voru því ómerkt um nær aldarfjórðungs skeið, eða þar til ég lét gera stein þann sem þar er nú, mig minnir 1980. [...]

Á aðfangadagskvöld, líklega 1935, vorum við amma mín við aftansöng í Dómkirkjunni og sátum í okkar hefðbundnu sætum: innst útvið glugga norðanvert, annan glugga frá inngöngudyrunum. Sálmaþók ömmu minnar var orðin mjög lasin á þessum árum, og því höfðum við hana ekki með okkur, enda kunnum við öll jólalögina og textana að mestu. Við hægri hlið mér sat mjög virðuleg frú með barðamikinn hatt og í svartri kápu. Hún var með fjarska fallega svartinnbundna sálmaþók, sem hún fór óumbeðið að lofa mér að syngja uppúr. Framan á bókarkápunni voru gylltir skrautlegir stafir, gotneskrar gerðar, nafn frúarinnar: Valborg Einarsson. Ekki mun ég hafa áttað mig á því þarna, að þetta var eiginkona sjálfs organistans. Og ekki minnst ég þess að hafa séð hana öðru sinni [...]

Á hillu í stofnunni hjá mér liggur útskorinn spónn, sem í eru greyptir stafirnir G.E.M.<sup>2</sup> og ártalið 1935. Spón þennan skar og gaf mér gamall maður sem bjó í suður-kjallaranum á Hverfisgötu 80, líklega haustið 1935. Hann hét Hafliði, en ég vissi aldrei hvers son hann var, né heldur hvaðan hann kom eða (hvað) um hann varð. Hann var listfengur og var að skera út, bæði í tré og bein. Ég kynntist honum þennan stutta tíma sem hann bjó þarna, og ég bauð honum upp í lóðina til ömmu minnar, sýndi honum vinnubókina mína úr barnaskólanum og spilaði fyrir hann á orgelið. Amma mín gaf honum kaffi og pönnukökur (e.t.v. rúsínuklatta). Ég man að hann sagðist hafa leikið líkman við tókuna á

---

<sup>2</sup> Skírnarnafn eigandans var Guðmann Elías.

myndinni "Saga Borgarættarinnar" árið 1919. Fjórum árum síðar sá ég þessa frumstæðu mynd, slitið eintak, svarthvítt, og var að reyna að þekkja Hafliða þar, en tókst ekki. Aftur á móti þóttist ég þekkja Guðrúnu þá mjólkursölu konu í Tjarnargötu, sem kölluð var Gúnka og HKL nefnir í endurminningum sínum. Þó að kvikmyndin væri þögul, var auðséð á tilburðum hennar, að hún dró ekkert af sér við messusönginn. – Af spæninum er annars það að segja, að einhvern tíma brotnaði af honum hluti blaðsins í flutningum (ég hafði troðið honum í þrengsli í bókakassa), og átti ég hann þannig í tvennu lagi í mörg ár. Svo gerðist það í öðrum flutningum, að blaðshlutinn týndist fyrir fullt og allt. Er ég flutti á Sundlaugaveginum lét ég loksins verða af því að fá Svein Ólafsson myndskera til að setja nýtt spónarblað við skaftið og það tókst honum svo snilldarlega, að ekki er unnt að greina nokkur samskeyti. Og svo var hann ódýr við mig að líkara var gjöf en gjaldi [...]

Ég og amma mín vorum á leið upp Freyjugötu og vorum komin á móts við hús Gabriels Benediktssonar. Amma mín var spariklædd, minnir mig, og e.t.v. vorum við að koma úr kirkju. Færðina og veðrið man ég ekki glögg, en líklega hefur verið einhver hálka, en logn. Amma mín hélt á mjólkurflösku í greip vinstri handar. Og þá gerist það, að gamla konan hnýtur á vinstra hnéð og fellur á götuna. Hún bar fyrir sig vinstri höndina, en tókst þó að koma í veg fyrir að flaskan brotnaði. En sjálf handleggsbrotnaði hún rétt ofan við úlnið, og mig minnir að hún hafi haldið enn um flöskuna, er við komum í risibúð okkar á Freyjugötu 10. Amma mín sagði nábylifsólkinu hvað komið hefði fyrir og Magnús húseigandi hringdi í lækni þann, sem var á slysavakt. Það var ungur maður, Kristinn Björnsson að nafni (og átti eftir að verða sóttur þegar ég sjálfur fótbrotnaði 23. júlí þetta sama ár.) Hann bjó nú um þetta og mig minnir hann setti framhandlegginn í gifs; síðan lét hann hafa handlegginn í fatla. Ekki man ég eftir því hve lengi amma mín átti í þessu. Það var furðu fljótt sem hún losnaði úr gífsinu og hætti að nota fatlann, og allan tímann sá hún um eldamennskuna á eldavélinni. Ég fór í sendiferðir, enda kominn á sjötta ár, og ég man að samkvæmt læknisráði var ég látinn kaupa svokallaða plöntufeiti til að núa á handlegginn, einkum til þess að úlniðurinn stirðnaði ekki.

Slys þetta hafði sem betur fer engin eftirköst, og gamla konan jafnaði sig alveg. – Húsverk voru henni erfið meðan á þessu stóð, m.a. gat hún ekki þvegið gólfín. Hún bað mig því að sópa þau með handkústi. Það gerði ég. En ekki líkaði ömmu minni það, er ég sópaði rykinu undir rúmið og kómmóðuna, í stað [þess] að sópa því upp á pappírsblað. En enga áttum við víst fægiskúffuna og kústurinn sjaldan notaður nema til að taka burt verstu útsporin, þegar aurbleyta var úti, áður en skúrað var. En hvað ég man þetta allt vel [...]

Sumarið 1931, daginn eftir sjö ára afmælið mitt, fótbrotnaði ég á hægra fæti, rétt fyrir ofan ökkla. Þetta mun hafa verið á fimmtudag, og við amma mín vorum í heimsókn hjá mæðgum sem bjuggu í kjallara að Hverfisgötu 68, Svanhildi (?) og uppkominni dóttur hennar. Amma mín lét mig hafa aura og bað mig að skreppa niður á Laugaveg til Engilberts Hafberg og kaupa dagblað (Moggann eða Vísi; önnur blöð komu ekki út þá). Ég gerði þetta og ég man að veður var gott og lítil sem engin umferð. Er ég kom með blaðið héldum við heim á leið, að Hverfisgötu 80, en þangað höfðum við flutt um vorið. Amma mín gekk á suðurgangstéttinni, en ég á þeirri nyrðri; ég man ekki hvers vegna. Beint fyrir framan inngönguna að lóð[inni] Hverfisgötu 80 var stór símastaur, eins og þá voru algengir við helstu götur bæjarins. Sem ég hef nú gengið austur fyrir staurinn, ætla ég að hlaupa yfir götuna og stefni beint á yfirbyggt hliðið. En þá tókst ég á loft. Stúlka kom hjólandi á kvenreiðhjóli, úr vesturátt, og svo illa brá mér, að ég spratt upp, rakst á hjólið og féll á gangstéttarbrúnina. Fremra hjólið fór yfir fótlegginn rétt ofan við reimastígvélið og önnur beinþípan brotnaði. Ég ætlaði að rísa á fætur, en löppin bögglaðist undir mér. Furðu marga dreif að.

Ungur maður sem bjó ásamt konu sinni í vesturkjallaraíbúðinni á nr. 80 kom og tók mig í bóndabeygju; bar mig þannig upp í litla húsið á baklóðinni þar sem við amma mín bjuggum. Mig minnir að þessi maður væri hálf danskur og héti Viggó Bjerg (eða Jensen Bjerg), en við þekktum þetta fólk ekki neitt. Hringt var í lækni, líklega frá bílaverkstæði Sveins og Geira í næsta húsi og brátt kom vakthafandi læknir, Kristinn Björnsson ... setti hann fótinn í svokallaðar spelkur, þ.e.a.s. rifinn [var] sundur skókassi, bleyttur og lagður við fótlegginn, en síðan reyrt utan um með svokölluðu gasbindi. Sagt var að ég þyrfti

að liggja í 3 vikur, en þær urðu reyndar fjórar. Mér fannst alltaf vera sól og blíða á meðan ég lá, og kvöldin voru einkar kyrr; fyrir kom, að maður heyrði óminn frá klukkunum í Landakoti kl. 6. Amma mín tók sér þetta áfall mjög nærri og mun þá hafa fundið til verkjar í hjartastað svo að um munaði, þó að hún léti mig ekki verða þess varan; þetta sagði hún mér síðar ...

Allir voru mjög góðir við mig, m.a. Helgi gamli Jósefsson, sem amma mín gaf daglega kaffi, er hann kom inn af verkstæðinu til að fara á klóið. Hann lánaði mér bækur: revíurnar "Haustrigningar" og "Lausar skrifur", sem ég hafði mjög gaman af og lærði suma textana, m.a. "Tóta litla tindilfætt". Einhver lánaði mér "Hans og Grétu" og "Öskubusku", líka "Davíð Copperfield", sem mér fannst of þunglamaleg og gafst upp á. Er ég hafði legið með spelkurnar í þrjár vikur kom Kristinn læknir og hafði með sér annan lækni, Svein Gunnarsson. Þeir komust að raun um að brotið hefði gróið rétt, en létu mig þó liggja í viku í viðbót, mig minnir með nýjar spelkur. Keyptur var göngustafur, sem Helgi smiður sagaði neðan af, svo ég gæti notað hann fyrir hækju. Hversu lengi ég notaðist við hann man ég ekki, líklega mánuð.

Ég minnst þess, að við amma mín fórum á Laugaveg í búðaráp, og komum þá m.a. við hjá Þórði gamla Jónssyni í versluninni Hjalla. Hann var mjög holgóma, karlanginn, og ég man að þegar hann sá okkur varð honum að orði: "Og þarna komið þið – og eruð bæði hollt!" Fyrr en varði fann ég svo, að ég gat sleppt stafnum, en hann var þó geymdur og látinn hanga á orgelhliðinni, rétt við gamla olíulampann. – Ég mun hafa gætt mín betur í umferðinni eftir þetta ...

Á björtu síðdegi, líklega sumarið 1939, keypti ég dagblaðið Vísi, og við amma mín fórum að lesa í blaðinu út við girðinguna umhverfis kálgarðinn. Þá rakst ég á smáfrétt þar sem sagt var frá láti Ólafs Stephensens lækni í Winnipeg. Hann og amma mín höfðu verið mjög nánir vinir á Reykjavíkurlárum beggja, og reyndi hann að fá hana til að fara með sér til Ameríku. Ekkert varð þó úr því. Schierbeck landlæknir sagði henni, að hún myndi ekki þola loftslagið þar ytra. – Ég man vel eftir systur Ólafs, Þórunni, sem var gift Davíð Scheving Thorsteinsson lækni, en lóð þeirra hjóna lá að lóð hússins Grundarstíg 8, þar sem við

amma mín bjuggum þegar ég var barn. Ég hef ekki séð mynd af Ólafi þessum fyrr en nú í bók Guðjóns Friðrikssonar um Einar Ben.

Mikið gerði amma mín rétt að byrja að láta kenna mér á orgelharmonium, þegar ég var aðeins átta ára gamall. Og það var mikið lán, að Jarþrúður gamla Bjarnardóttir frænka okkar, fékk til þess jafn tilvalinn kennara og Þórð Sigtryggsson. Um kennslu hans næstu tvö árin ætti ég, og þyrfti, að skrifa lengra mál en ég get við komið þessa stundina. Það verður að bíða eins og svo margt fleira.

Ég man vel þegar ég sá hann fyrst. Það var í sólskini á sumardegi – ég var þá átta ára – hann gekk í gallosíum í þurrkinum, með dökk sólgleraugu, derhúfu og í ljósum rykfrakka með belti. Mér þótti hann strax nokkuð sérkennilegur og skrýtinn. Hann var mjög fátækur maður, en líka sparsamur. Og það var ódýrara að slíta gallosíum en skóm, en hann var auðvitað í skóm innanundir gallosíunum.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Sett saman úr tilvitnunum í náttbók E, Njólu, og af lausum blöðum á Lbs.

## Bernskan

"Persóna hennar fylgir mér ætíð," skrifaði Elías meðal minnispunkta sinna um ömmu sína. Hann missti móður sína, Elísabetu Benediktsdóttur, 1925. Hún var þá 23 ára gömul og hann að hefja annað æviárið. Eftir það bjó hann með ömmu sinni á nokkrum stöðum í Reykjavík. Amma hans, Guðrún Jónsdóttir, lést þegar hann var 17 ára. Hann hélt áfram að eiga heima í herbergi inn af trésmiðjunni á Hverfisgötu 80, þar sem þau bjuggu saman síðast. Hann var á þeim tíma í Kennaraskólanum, 1942 til vors 1944, en hætti svo og átti þá vetur eftir í náminu. Ástæðan var fjárskortur og að námið við skólann var lengt um ár. Hann tók að stunda launaða vinnu, m.a. á Alþýðublaðinu ('45-'46). Á sumrin var hann í vegavinnu. Sumarið '44 vann hann við skurðavinnu í Kleppsholti fram í ágúst, fór svo að vinna fyrir herinn við Reykjavíkurflugvöll. Á þessu sumri gafst honum tími til að kynna móðurfólki sínu á ferðalagi um Húnavatnssýslu, Ásabyggð og Vatnsdal, með vini sínum og leikfélaga af Hverfisgötunni, Ásgeiri Magnússyni Magnússonar Storms, sem svo var kallaður.

Það var fremur fóstursonurinn en fósturstran sem las minningargreinar í Mogganum, svo áhugasamur sem hann alla tíð var um persónusögu manna. Hann kallaði hana Mömmu með stórum staf til aðgreiningar frá þeirri sem látin var. Langafinn hét Jón Erlendsson og var frá Sveinsstöðum í Húnaþingi, ættin kennd við Grímstungu í Vatnsdal, og skyldleiki við heiðarbóndann Björn Eysteinnsson sem þar bjó og síðan frammi á heiði og fór eigin leiðir svo að orð er enn á gert og lesa má um í ævisögu Björns. Hann og Guðrún voru systkinabörn. Móðir Guðrúnar var Anna Magnúsdóttir

úr Viðey. Hún lést þegar Guðrún var 16 ára gömul. Eftir það bjó Jón faðir Guðrúnar áfram með ráðskonu á Hausastöðum á Álftanesi, en hætti búskap eftir fáein ár. Dóttirin Guðrún fór í vist til Helga Helgasonar í Reykjavík. Helgi var smiður en varð kunnari fyrir tónsmíðar. Í vistinni mætti hún vinnuhörku, sagði hún Elíasi. Eftir ár hjá Helga og fjölskyldu vann hún í þrjú ár hjá frú Þórdísi Thorsteinsson sýslumannsekkju sem rak mötuneyti fyrir skólapilta í Þingholtunum.

Næst var hún gangastúlka á Hótel Íslandi í tvö ár og kynntist þá ýmsum landskunnum mönnum í sjón. Hún lýsti þeim eftirminnilegustu fyrir fóstursyninum og kann að hafa verið honum fyrirmynd að skondnum lýsingum hans á frægum mönnum sem þeir kannast við sem til hans þekktu. Hannes Hafstein kvað hafa ort brag um Guðrúnu.

Hún var svo tvö ár í vist í Keflavík og þar á eftir ár á bænum Bakka í Melasveit. Þar líkaði henni svo illa í vistinni að hún varð afsinna frekari sveitadvöl um ævina og hélt að Elíasi að sveitalíf einkenndist af fáfræði og vinnuhörku, kannski af þessari ástæðu. Hann var alla tíð borgarborn.

Guðrún Jónsdóttir lærði kjólasaum í Reykjavík um 1891. Hún var sumarlangt í vist vestur á fjörðum og kynntist þar mannsefni sínu, Benedikt Þorsteinssyni, móðurafa Elíasar. Þau Benedikt voru um tíma í húsmennsku á bænum Brekku í Mjóafirði og eignuðust þar sitt fyrsta barn, soninn Guðmann Elías 1895, þá 24 ára bæði. Voru svo um tíma búsett í Vogum í Vopnafirði, heimabyggð Benedikts. Þar fæddist þeim dóttirin Elísabet 1901 og leiðir af því að Elías yngri hefði verið sendur til Vopnafjarðar eftir móðurmissinn, ef amma hans, Guðrún, hefði ekki treyst sér til að taka hann að sér en svo fór ekki. Næst fluttu þau Guðrún og Benedikt til Akureyrar. Frá þeim tíma mundi kvenréttindakonan Aðalbjörg Sigurðardóttir fjölskylduna og sagði í við gefið tækifæri í samtali Elías um þessa fjölskyldu hans: "Merkilegt fólk og óvenjulegt." Benedikt stundaði sjómennsku en vann ella daglaunavinnu í landi og drakk ótæpilega.

Hjónabandið var ástlítið og endaði með skilnaði á Akureyrarárunum. Eftir það kvongaðist Benedikt aftur, Jóhönnu Sigurlaugu Símonardóttur (d. 1927), og átti með henni börn. Móðurafi Elíasar dvaldi síðustu árin á elliheimili í Hafnarfirði og var orðinn sjóndapur, hafði þó tekjur af að skera tóbak fyrir efnakarل nokkurn. Benedikt var hærður vel, en skegglaus alla sína tíð.

Eftir skilnaðinn vann Guðrún fyrir börnunum með saumaskap á Akureyri. Auk þess tók hún á þeim árum þátt í að koma upp lystigarði Akureyringa undir stjórn frú Schiöth. Talaði stundum um "garðinn minn" í því sambandi og minntist með hlýju samstarfsins. Guðrún lagði fyrir til að kosta son sinn til náms, Guðmann Elías eldri. Þegar hinn eldri Guðmann hafði aldur til valdi hann nám í rafmagnsfræði í Stavangri í Noregi. Honum entist ekki ævin til að ljúka náminu heldur dó úr spænsku veikinni í Stafangri 1918. Þá þótti Guðrúnu um sinn sem líf hennar hefði glatað tilgangi sínum, unsdóttirin áminnti hana með orðunum: "Ekki gráta mamma, þú hefur þó mig!" Fimm árum síðar var Guðrún orðin fóstura hins yngri Guðmanns Elíasar sem kom henni í sonar stað.

Þær Guðrún og Elísabet fluttu frá Akureyri til Reykjavíkur 1916. Þær bjuggu fyrst á Grettisgötu 27, við fjölmenni í húsinu. Þær eignaðist Elísabet Benediktsdóttir hið eina barn sitt í júlí 1924, eftir stundarkynni með sjómanni. Hún vann á saumastofu það ár. Elías sagði, að hún hefði líklega sýkst af berklum af óhreinni flík sem að henni var borin í vinnunni. Þær mæðgur fluttu næst í Hafnarstræti 8 þar sem Elías fór fyrst að muna eftir sér –

Hann skrifaði í náttbók sína, Njólu:

Það sem ég man úr Hafnarstræti 8, þó varla í "réttri röð": Kíghóstinn: er Þórður Thoroddsen læknir tók stundaklukkuna af veggnum og vakti athygli mína á pendúlnum svo að ég næði andanum í einu versta hóstakastinu. – Þegar menn voru að fara með bátinn úr portinu til að róa honum út í Þerney að sækja þangað hey. – Dularfullu hreyfimyndirnar á efra hluta gluggatjaldsins, en húsgaflinn var víst



notaður sem kvikmyndatjald ljósmyndara og kvikmyndafiktara í verzlun Austurstrætismegin. – Einhver sat með mig við orgelið, og ég var að hamra með litlu hnefunum mínum á hljómborðið. Var það móðir mín helsjúk (sem hún hlýtur að hafa verið orðin)? – Gunna frænka (Bjarnadóttir?) sat við stofuborðið og horfði ásamt mér og ömmu minni á myndirnar sem birtust á gluggatjaldinu. – Er ég reyndi að elta stóra flugu í nánd við vaskinn sem var á milli gluggans og dyranna út í bakgarðinn. Ég náði flugunni að sjálfsögðu ekki, en amma mín tók eftir því, að um leið kallaði ég í sífellu: "Ninna! Ninna!", en það hafði móðir mín haft sem gælunafn eins og Betu-nafnið. – Þegar amma mín fór með mig upp langan og snúinn bakstigann með þvítt í körfu til að rulla hann í gamaldags taurullu. – Þegar ég sá drukkinn mann í fyrsta sinn. Það var roskinn skipstjóri, Guðmundur Guðnason á Bergstaðastræti. Hann hafði verið að sjússa sig hjá Gunnari kaupmanni Gunnarssyni og kom óboðinn inn og settist; var með snúið yfirskegg, harðan hatt sem hann tók ekki ofan. Er hann fór, valdi hann bakdyrnar. Þar í ganginum rak hann olnbogann óvart í olfúvélina sem allur matur var soðinn á. Sem betur fer var slökkt á vélinni þessa stundina, því að hún valt um koll og stór súpupottur skall í gólfíð með því sem í honum var. – Gísólína Pálsdóttir spákona kom oft og var þá farin að búa með Jakobi Guðmundssyni, geðveilum manni, bróður Eggerts Gilfers og Þórarins ... Ég man furðu vel hvað var á veggjunum í þessari stofu í Hafnarstræti 8: á norðurveggnum, fyrir ofan litla dývaninn minn þar sem ég lá í kíghóstanum og með graftarkýlið sem ég fékk undir holhöndina þegar ég var á fyrsta ári, hékk gömul stundaklukka. Á austurveggnum, fyrir ofan rúmið, var stór eftirprentun af svissnesku landslagi: vatn og skógur og há fjöll, og einhver lítil hús nálægt vatnsbakkanum. Á suðurveggnum var glugginn út í bakgarðinn, og í kistu hans stóð stór pottur með óræktarlegri lilju. Milli gluggans og bakdyranna var vaskurinn, (eins og áður er sagt), en fyrir ofan hann hékk stór og mjög þungur spegill og hafði áreiðanlega verið áður notaður sem skipsspegill. – Vesturveggurinn var hátíðlegasti og skrautlegasti veggurinn, enda stóð orgelið við hann. Efst í miðju ofan við hljódfærið var stór mynd í gylltum sporöskjulöguðum ramma af Guðmanni Elíasi Benediktssyni móðurbróður mínum ... fyrir neðan þessa mynd, í dökkum ramma, var flöng ljósmynd frá Siglufirði þar sem sást yfir alla

byggðina, verksmiðjurnar og "annleggið" svokallaða úti á pollinum. – Beggja vegna við þessa mynd héngu sín til hvorrar handar tvær myndir í fremur litlum sporöskjulöguðum römmum gylltum: nær dyrunum fram í forstofuna mynd af móður minni 18 ára í "danskri dragt", nokkuð síðri kápu og með barðahatt; nær bakdyrunum hékk svo í samskonar ramma mynd af mér ársögmlum og akfeitum. Það er eins og mig minni að þar fyrir neðan hafi hangið mynd sú af fyrstu flugköppunum sem til landsins komu og voru að fljúga milli Evrópu og U.S.A. En hvar var þá stóra teikningin hans Samúels Eggertss. af Hallgrími Péturssyni í predikunarstólnum? Hún hlýtur að hafa verið á veggnum fyrir ofan kómmóðuna. Og á kómmóðunni hljóta að hafa staðið: myndin af Guðmanni og gagnfræðaskólalærdurum hans, brjóstmyndin af Benedikt afa mínum og "sparimyndin" af móður minni í upphlut og með silfur-stokkabelti, sitjandi við borð. Þar hefur líka verið eina ljósmyndin sem til var þá af Guðrúnu ömmu minni, tekin á Vopnafirði 1900 þar sem Guðmann Elías stendur við hlið hennar. Þar gekk hún með móður mína, er myndin var tekin. – Í þessari stofu átti sér líka stað fyrsti fundur þeirra Guðrúnar og föður míns, en þeim fundi man ég að sjálfsögðu ekkert eftir, enda nýorðinn ársgamall og hef áreiðanlega sofið, meðan á þeim dramatísku og óbilgjörnu orðaskiptum stóð. Það var eins gott. Þau fóru víst líka fram á lægri nótonum, til frekari þunga hvers orðs ... Hvenær sáu þau næst? Það veit ég ekki, en allavega man ég að hann heimsótti okkur a. m. k einu sinni á Grundarstíg 8, færði mér einhverjar gjafir, stansaði og þáði kaffi. Ég er afskaplega feginn og hrifinn af þeirri heimsókn; man að ég lá á bakinu á gólfinu, spriklaði út öllum öngum, hló og skríkti og spurði föður minn beint út: "Pabbi, ert þú með tilla? Ég er með tilla!" Hann mun hafa svarað eitthvað á þessa leið: "Ojá, það hefur mér nú orðið á að vera með tilla." Amma mín rifjaði oft upp þennan atburð og hafði gaman af.

[...] Nokkrum atvikum man ég ekkert eftir, en var sagt frá síðar: flutningi móður minnar heilsjúkrar á Franska spítalann; henni auðnaðist ekki að komast heim í Hafnarstrætið aftur. – Ég man óljóst eftir Önnu gömlu sem bjó á loftinu og var móðir uppkomins pilts, Valda, sem farinn var að setja upp verslanir með jafnaldra sínum er kallaður var Silli. Þá konu hittum við svo löngu síðar við messu í Dómkirkjunni. –

Ég man afturámóti ekkert eftir örlagaríku jólanóttinni 1925, er skírnavottur minn, Ársæll Gunnarsson (kaupmanns), tók inn eituro á skrifstofu föður síns og var næturlangt að senda frá sér ámatlegar kvalastunur. Það var komið að honum látnum um morguninn, og örlög hans urðu öllum harmdauði. – Ekkert man ég heldur eftir því, þegar búðarborðshleri þungur var næstum búinn að skera af öllu afli á hægri hönd mína í Verslun Jes Ziemsens austast í götunni. Ömmu minni tókst að kippa hendinni á mér frá hleranum á síðustu stundu. Þarna voru örlög mín svo sannarlega ráðin [...]

Þetta var á fögrum degi, líklega 1926.

Roskin peysufatakona fetar haltrandi suður Tjarnargötuna og leiðir lítinn dreng sér á hægri hönd. Hann er á sinni fyrstu veraldarreisu á tveimur jafnfljótum, því hann er enn ekki fullra tveggja ára.

Á vinstri hönd er Tjörnin, spegilslétt, en á þá hægri stendur húsaröð í snotrum skrautgörðum undir tjarnarbrekkunni.

Gamla konan á þó ekki erindi í neitt þeirra, heldur í húsið númer 35, sem stendur Tjarnarmegin og mun sunnar. Þar býr stórkaupmaður og tónskáld ásamt danskættaðri frú, og þangað er gamla konan jafnan velkomin ásamt dóttursyninum unga. Hún vann þar í húsi, áður en hún fékk það hlutverk á efri árum að annast ungabarn, að móður þess látinni.

Við eitt þessara fínu húsa er girðing af því tagi, að mjóar spýtur hafa verið lagðar í kross og mynda óteljandi tigla. Út á milli sumra tiglanna gægjast runnaangar, sem eiga eftir að skarta rifsberjum í fyllingu tímans.

Nú hefur gamla konan og barnið numið staðar við þessa skrautlegu girðingu, því að á móti þeim hafði komið skálmandi gríðarstór maður, grannholda, og tekið þau tali. Hann var gamall góðkunningi og mikill barnavinur.

Hann laut nú niður úr allri sinni hæð, greip ljúflega í litla barnshöndina og sagði á kumpánlega vísu: "Svo hann er bara farinn að spásséra!"

Litli drengurinn var alls óhræddur við þennan gríðarstóra mann og nokkuð hrjúfa rödd hans, því að hann var alltaf öruggur hjá ömmu sinni

góðu. En í sjöttíu ár hefur hann ekki gleymt því, að þarna heyrði hann í fyrsta skipti þetta skrýtna orð – að spásséra.

Húsið Hverfisgata 80, þar sem Elías Mar bjó lengst í bernsku, hefur fyrir löngu verið rífið. Það stóð sunnanvert við Vitatorg, í næsta nágrenni við stórhúsið Bjarnaborg sem nú hefur verið gert upp veglega með fororði um að hentaði að innrétta þar risherbergi fyrir verðandi skáld og álitsgjafanum og leikaranum Flosa Ólafssyni þótti myndi í landsmálapistli í Þjóðviljanum á þeim tíma sem Bjarnaborg var til umræðu vegna lagfæringanna. Húsið Hverfisgata 80 var af sumum kallað "Þorpið" enda íbúarnir á fimmta tug manna þegar mest var. Á þeim tíma sem Guðrún og Elías bjuggu þar var húsið eign Helga Jósepssonar trésmiðs sem reyndist honum vel meðal annars vegna fótbrotsins, en herbergið þar sem drengurinn lá var inn af trésmiðjunni. Helgi, sem var smiður af guðs náð, drýgði tekjur sínar með því að byggja við þessa eign sína eftir þörfum örtvaxandi leigumarkaðar í bænum. "Þorpið" var því hið mesta klamburverk og því fremur sem húsið varð eldra. Kálgarður í brekkunni sunnan við Hverfisgötuna var leikvöllur barna á veturna en bannsvæði á sumrin vegna matjurtanna. Geymsluskúrar stóðu meðfram garðinum í röðum. Einnig kamrar því fátt var um salerni innanhúss. Barnabarn Helga smiðs, Gerður Magnúsdóttir, skrifar um vistarveru þeirra Elíasar og ömmu hans í grein um móðurforeldra sína í Lesbók Morgunblaðsins 25. apríl 1976. Gerður ritar: "Í horninu milli geymslanna og verkstæðisins sá afi ráð til að búa út eina íbúðina enn. Hún var eitt herbergi og eldhús. Ekki var mjög bjart í íbúðinni þeirri en þar ólst upp Elías Mar sem er kunnur rithöfundur. Hann var öll unglingsárin ákaflega fögur og renglulegur. Setti ég það í samband við birtuna í íbúðinni og fannst hann vera eins og jurtt sem vex í skugga en er að reyna að teygja sig í ljósið." – Elías mun oft hafa setið í eldhúsinu hjá þeim hjónum, Ingigerði og Helga, þegið kaffisopa og hlustað á Ingigerði sem var greind kona og gat miðlað fróðleik.

Helgi Jósefsson var stuttvaxinn karl og samanrekinn eftir lýsingu barnabarns hans, Gerðar Magnúsdóttur, dökkur á brún og brá. Þegjandalegur og skappungur, vinnusamur og raungóður. Kona hans, Ingigerður, var andstæða hans um skapgerð og vaxtarlag, hún var beinvaxin og spengileg, létt á fæti. Ekki segir heimildin annað en allt hafi verið með felldu í skiptum þeirra hjónanna þótt ekki hafi flíkað tilfinningum sínum hvort til annars í orði eða athöfn fremur en siðvenja var um hjón á þeirra tíð. Sjálfur lýsir Elías nokkrum íbúum hússins í ljóði 16 ára gamall. Þar segir að kennt hafi margra manngerða, meðal íbúanna verið drykkjumenn og vændiskonur þeir verið yfir 40 þegar mest var. Kona Helga, Ingigerður Jónsdóttir frá Hrafnatóftum, færði Mörsu í Bjarnaborg vatn á hverju kvöldi, sem var varla sjálfbjarga um nauðpurftir. Og Ingigerður gaf flækingsköttum á lóðinni matarafgangna eftir því sem hún gat við komið. Í eldhúsinu hjá henni var rætt á heimspekilega vísu um skáldskap, lífið og tilveruna. Húsfreyjan naut þess sérstaklega að velta fyrir sér uppruna og merkingu orða, hún hafði þráð að læra erlend mál á yngri árum sem þá þótti fjarstæða um konur, segir sama heimild og ég gat um áðan. Kann að vera að hér sé komin fyrirmynd að orðaleikjum Elíasar sem lærði af næsta manni það sem hann var fær um. Fyrir giftunguna var Ingigerður ráðskona á ríkisbúi austur í sveitum og kynntist hinum margfróða Brynjólfi Jónssyni frá Minnanúpi Elías ritaði á fullorðinsárum gamansama grein um augnabliksstund í Árnastofnun í Kaupmannahöfn, var sem snöggvast einn í vinnusalnum, prófessor Jón Helgason í kaffi, og komið í hug vísa, "ógleymanleg og hefur oft bjargað mér frá leiðindum:

Reimar fyrst og Fal ég tel,  
fólkið kvista vígs á mel;  
báðir lista – börðust vel,  
blóðgan hrista dragvendel."

sem hann í greininni segist hafa lært af Ingigerði frá Hrafnóftum. Og hafi sér komið í huga að grípa með sér handrit til áminningar um aðbúnaðinn í anda vísunnar. Ásgeir Magnússon bjó í næsta húsi austan við "Þorpið". Þeir leikfélagar urðu í áratug samferða í Góðtemplarareglunni, frá því um fermingu. Elías orti frá fimm ára aldri og sýndi Ásgeiri einum allra manna bernskuljóð sín eftir að hann fór að geta skrifað þau á blað. Þegar þeim vinum sinnaðist stundum í ólgu bernskuskeiðsins og skrifuðu þá hvor öðrum skammabréf sem kann að hafa reynst Elíasi undirbúningur fyrir bréfaskipti hans og meistara hans Þórðar Sigtryggssonar á árunum 1951-65 sem Elías tók með jafnlyndi, þvílíkur háskakjaftur sem Þórður þó var. Í uppkasti að eftirmælum um Þórð ritaði Elías í júní 1965: "Segja má að hann hafi um árabíl – oft óvitandi – gengið mér í föðurstað, en kaleikur hans var oft beiskur." Og önnur ummæli um Þórð sem hann valdi að birta ekki við sama tækifæri: "Stundum urðum við svo ósammála, að hann kaus að tala ekki við mig árlangt eða lengur." Meira um það síðar í bókinni. Vinátta þeirra Elíasar og Ásgeirs var eins og helst má vænta af tveim strákum sem eiga samleið á þroskaárunum. Og Elías sótti sér fyrirmynd þar sem var faðir Ásgeirs, meðal annars að blaðaútgáfu þó væri á sína vísu. Auk ferðalaga fyrir norðan um bernskuslóðir ættingjanna héldu þeir upp á stofnadag lýðveldisins 1944 á Þingvöllum. Ásgeir ofreyndi sig í prófunum í fimmta bekk Menntaskólans í Reykjavík, skrifar Elías í eftirmælum um hann, og átti við vanheilsu að stríða eftir það, var óheill á geði en lengst af sjálfbjarga, var bókamaður, traustur vinum sínum og minnugur. Hann náði nokkrum árangri í íslenskunámi í Háskólanum þrátt fyrir heilsuleysið.

Sem félagsmaður í stúkunni Verðandi las Elías 15 ára í fyrsta sinn upp smásögu eftir sig opinberlega. Fræðimaðurinn Árna Óla tilheyrði sömu stúku og var viðstaddur upplesturinn, hafði góð orð um. Indriði Einarsson leikritaskáld var líka félagsmaður en var ekki á fundinum. Auk ljóðasmíða samdi Elías sögur frá barnsaldri, fyrst í anda íslenskra þjóðsagna og ævintýra H.C. Andersens, en fór á

unglingsárum að bera fyrir sig félagslegra raunsæi, að sumu leyti fyrir áhrif frá Halldóri Laxness. Með raunsæinu fór hann að ráðgera skáldsögur af sama tagi. Eftir að Guðrún dó 1942 hélt fóstursonurinn áfram að búa á sama stað – við kertaljós á kvöldin samkvæmt lýsingu annars vinar hans, Guðmundar Pálssonar, bekkjarbróður í Kennaraskólanum, hér á eftir. Bréf Elíasar úr vegavinnunni á Holtavörðuheidi til Guðmundar vitnar um óvissu hans og væntingar um framtíðina. Nítján ára sendi hann þessum vini sínum bréf, dagsett 11. júlí '43. Þar segir m.a.:

[...] hvers virði er [...] menntun í hug og starfi, sem er lærð af öðrum, ef sálina vantar frið. Ég sagði í upphafi bréfsins, að ef sálina vantaði hvíld, þyrfti hún tilbreytingu, en ég vil bæta því við að tilbreytingin er ekki nóg, hún getur hæglega snúist upp í flóttu frá hinu starfandi skapandi lífi. Tilbreytingarþrá getur orðið að brjálæði. Svo lygilega sem það kann að láta í eyrum hefur það hvarflað að mér að ganga í klaustur með tímanum. Ekki vegna þess að ég viðurkenni að öllu leyti allt það sem kaþólska kirkjan segir, heldur til þess að fá sálinni hvíld frá glaumnum og geta notið menntunar í næði [...]

Það liggur við að ég sé svolítið bölsýnn og er það þó ekki vegna þess að ég sé farinn að efast um gildi og sigur sósíalismsans í nútíð og framtíð, heldur er ég bölsýnn út í mína eigin framtíð, sem er síst glæsileg á að líta.

Elías gekk ekki í klaustur, eins og menn vita, hvorki fyrir né síðar, en langsetur hans á lestrarsal Landsbókasafns Íslands á árunum um og upp úr tvítugu yfir bókum safnsins þjónuðu sennilega sömu þörf og klausturvist hefði gert. Svo og tónlistarfræði Þórðar þótt kennslan væri óformleg. Samskipti Elíassar við föður sinn, Cæsar Hallbjörnsson Mar voru lítil og yfirborðsleg en gott það sem var. Varla verið samgangur nema á stórhátíðum, að því frátöldu að bróðirinn Sigurður Mar var Elíasi stundum félagsskapur á fullorðinsárum þeirra. Og Elías aðstoðaði föðurbróðurinn, Pál Hallbjörnsson rithöfund, við frágang sagna Páls á fullorðinsárum.

Tilfinningar Elíasar til móður sinnar, sem heita má að hafi verið látin fyrir hans minni, voru honum sem helg vé alla hans lífstíð og eftir því sem mér helst sýndist af kynnum okkar Elíasar þungamiðja allrar annarrar reynslu hans á hvaða sviði sem var þrátt fyrir raunsætt álit hans á slíku tilfinningasambandi öðrum þræði: "Móðurást er e.t.v. hin eina sanna ást. En er ekki móðurástin hámark þess, sem kalla má eigingirni?"<sup>4</sup>

Cæsar, faðir Elíasar, tók sér nafnið "Mar" [sjór] í stað föðurnafnsins sem reynst hafði óþjálta í skiptum við útlendinga í siglingum hans, en hann var samfelt í siglingum erlendis frá getnaði til fæðingar Elíasar og vissi ekki af þessum syni sínum fyrir en að henni afstaðinni. Cæsar Mar var Vestfirðingur; frá Bakka í Tálknafirði og af Arnardalsætt. Hann bjó á Vesturgötu 35b þegar þau Elíasabet hittust í fyrsta og kannski eina skiptið, í nóvember 1923, og hafði verið afskráður þaðan við manntalið í desember það ár. Líklega vegna ásetnings að dvelja lengi erlendis. Fyrsta skáldsaga Elíasar, *Eftir örstuttan leik*, fjallar um ábyrgð sem til er stofnað við barnsgetnað eða hvort hún sé nokkur og má marka af því, sem og mörgu öðru, hve skýr merki þessi upprunasaga, brotthvarf föður hans og lát móður hans, settu á hann, vitund hans og persónuleika.

Eftirfarandi orð Elíasar í Njólu bera með sér að andað hefur köldu frá Guðrúnu Jónsdóttur til föður hans allt frá upphafskynnum þeirra Elíasabetar. Hann ritar um fyrstu heimsókn föður síns til þeirra ömmu hans á heimilið við Hverfisgötu, og er amma hans heimildarmaðurinn:

Hann grét er Guðrún sagði (lágt?): "Þú ert morðinginn að henni. Þú myrtir hana." –

Þau hafa líklega talað lágt, því ég hef líklega sofið. Ég sé fyrir mér dauft rafljós en ágústhúm fyrir utan. Þetta mun hafa verið skömmu eftir að C. kom heim úr hálfis annars árs siglingu á norskum skipum.

---

<sup>4</sup> Hugleiðingabók 1944. Handrit. Lbs.



Minningabók Elíasar um bernsku- og unglingsár hans átti einkum að fjalla um búskapartíð þeirra ömmu hans á Hverfisgötu 80, eða árin frá fæðingu hans fram til þess að amma hans lést. Stundum getur hann þess í Njólu, að fyrir honum vaki að koma á blöð miklu óskrifuðu efni í framhaldi frásagnabrotanna hér að framan, en lætur fylgja að kringumstæður sínar leyfi ekki að meira sé úr þessu efni gert að sinni:

Fékk í kvöld hugmynd að upphafskafla endurminningabókar, sem er nokkurn veginn þannig:

Ég var víst á þriðja árinu, og ég stóð ásamt Mómmu við leiði móður minnar. Þetta var ekki í fyrsta sinn, og Mamma var búin að segja mér að móðir mín væri grafin þarna í moldina, og svæfi þar að eilífu. Má vera að ég væri búinn að gleyma þessu, ef ég hefði ekki heyrt, að á lengdar var verið að syngja, og svo var klukkum líka hringt. Allt var mjög kyrrt og hjart, og söngur og klukkuspil barst langan veg í lognkyrrðinni. Mamma sagði, að nú væri verið að grafa einhvern látinn, einhvern sem væri kominn til Guðs eins og móðir mín.

Þrjár bækur með sjóferðasögum komu út eftir föður Elíasar, Cæsar Mar, skrifaðar af samskonar fræðimannslegu látleysi og einkenndi soninn. Líklega má kalla, að nákvæmniskröfurnar hafi farið út í öfgar hjá þeim yngri. Annars munu þeir ekki hafa verið líkir menn að skaplyndi. Í Njólu segir Elías á einum stað: "Pabbi var afar dularfullur maður í mínum augum, en mér fannst hann alltaf vera sem fjarlægur kunningi; ekki sem faðir. Þó áritaði hann bækurnar sínar til mín sem sonar síns og var alltaf góður við mig í orðum."

Annars staðar segir Elías í náttbókinni; ummælin eru frá því um 2000:

Mikið var faðir minn dulur maður. Ég sé mikið eftir því, að hafa ekki reynt að kynna honum nánar á meðan hann var nokkurn veginn heill heilsu. Ég hefði viljað spyrja hann um kynni hans og móður minnar;

hvernig þau hefðu kynnt, hversu lengi þau hefðu þekkt og hvernig kona hún hefði verið. Ég hefði þá þurft að geta talað við hann eitthvert kvöld þegar Jóhanna stjúpa mín var úti að vinna.

Einu sinni þegar ég var lítill, líklega á 10. ári, skrifaði ég honum bréf og sendi í pósti. Hann bjó þá á Laugavegi 174 og hafði verzlun í sama húsi. Þetta var skammabréf, þar sem ég ásakaði hann um að hafa svikið móður mína og átt beinlínis þátt í dauða hennar, þegar hún fékk bráðaberklana. – Amma mín sagði mér, að hann hefði aldrei svarað bréfum móður minnar. En kannski fékk hann aldrei þessi bréf. Hann fór í siglingar á norsku skipi skömmu eftir að ég kom undir. Og hann kom ekki til landsins fyrir en ég var orðinn ársgamall og móðir mín nýdáiin og grafin ... Skömmu eftir að ég skrifaði honum bréfið forðum dreif ég mig í það að fara inneftir í verzlunina til hans. Hann tók mér afar vel, en var þó mjög alvarlegur og eiginlega vandræðalegur. Sat innan við búðardiskinn, horfði niður í gaupnir sér og sagði eitthvað á þá leið, að máski væri það sér að kenna að móðir mín dó. Ég gat lítið sagt, og líklega hef ég ekki staðið þarna við lengur en í kortér. En hann leysti mig út með ríkulegri sælgætisgjöf í stórum bréfpoka. Þegar ég kom með þetta heim, þótti ömmu minni vænt um þetta, enda hafði bæði bréfið og búðarferðin verið með hennar samþykki. Ég fór oftar inneftir í búðina til pabba, og hann tók alltaf vel á móti mér ... Aldrei hef ég efast um að ég sé rétt fedraður og pabbi gekkst strax við mér, er hann kom til landsins úr sinni löngu utanlandsferð.

# Bernskuást

Áður nefndur bekkjarbróðir Elíasar í Kennaraskólanum, Guðmundur Pálsson, skrifaði um þennan vin sinn skólaritgerð í marsmánuði 1943 – slíkar lýsingar nemenda voru tíðkaðar í skólum landsins fyrr á tíð og höfðu á sér hefðbundið snið. Lýsing Guðmundar er nærfellt sú eina sem til er af Elíasi frá unglingsárunum og er varðveitt meðal gagna þess síðarnefnda og fer hér á eftir nokkuð stytta. Guðmundur skrifaði:

Ég mun nú reyna að lýsa vini mínum, Elíasi Mar, eins sannarlega og vel og mér er unnt. ... Guðmann Elías Mar er 18 ára gamall. Hann var lausaleiksbarn og mun móðir hans nú látin.<sup>5</sup> Hann býr við annan mann í eins herbergis íbúð í bakhýsi innarlega á Hverfisgötu hér í bænum. Sambýlismaður hans er sjómaður og er því sjaldan heima. Í herberginu eru tveir dývanar, borð, koffort, skápur, bókahilla og orgel, sem Guðmann Elías leikur vel á. Á suðurvegg hangir mynd Hallgríms Péturssonar, en í norðurvegg eru dyr og gluggi. Kolaofn er við norðurvegg og 2 stólar á ýmsum stöðum á gólfinu. Yfir herberginu er einhver dularblær, ekki síst á skammdegiskvöldum, þegar það er lýst af kertum. Í þessu herbergi býr Guðmann Elías C. Mar, nemandi í 1. bekk Kennaraskólans. Hann er hár og grannur, rauðhærður og ber öll einkenni hins norræna kyns. Hann er ekki ræðinn, en kann þó allvel þá

---

<sup>5</sup> Hér er átt við ömmu Elíasar, Guðrúnu Jónsdóttur.

samtalslist, að haga orðum sínum eftir andlegri innréttingu manna. Hann hefur glögggt auga fyrir hinu spaugilega, en spaug hans er aldrei nærgöngult eða persónulegt. Einu skemmtanir og samkomur sem hann sækir eru bíó og leikhús. Hann fer 2-5 sinnum á viku í bíó, og situr jafnan í betri sætum og pallsætum. Aðgöngumiðunum heldur hann til haga, og geymir þá undir leðrinu í hatt sínum. Hann hefur aðeins einu sinni séð sömu mynd tvisvar. Það er mynd Walt Disney og Sjostokovitsj, Fantasía. Klæðnaður Elíasar Marar er að engu merkilegur. Aftur á móti er göngulag hans athyglisvert og sérkennilegt. Minnir það á göngu Halldórs Kiljans Laxness. En Elías tekur sýnu stærri spor en Halldór. – Í skólanum skarar Elías fram úr öðrum í teiknun og handavinnu. Kemur snilli hans og hugmyndaauður þar glæsilega í ljós. Elías Mar á miklu færri kunningja en aðrir í 1. bekk Kennaraskólans, að mér undanteknum. – (14/3 Kl. 16.15.)

Fyrir nokkrum árum flutti einn af fyrrverandi máttarstólpum guðspekinga erindi í útvarpið. Því miður man ég mjög lítið af því sem þessi ágæti lærisveinn sagði, enda var ég ungur þegar það var flutt og ennþá óþroskaðri en ég er nú. Ein setning fyrirlesarans festist mér í minni. Hún var á þá leið, að rangt væri að segja að þessi og þessi maður væri góður eða vondur. Hann væri bæði góður og vondur. Í þessu er mikill sannleikur. Í sama manni eru fleiri einstaklingar ólíks eðlis, sem eiga í hatrammri baráttu um sálu mannsins ... "Hver einasti maður sem er endurfæddur hefur hlotnast endurfæðingin ... af því hann reyndist, þrátt fyrir allt, trúr því besta í sjálfum sér."<sup>6</sup> ... Elías Mar á eftir að endurfæðast og gera vopnahlé og friðarsamninga í náinni framtíð. Hann mun þó ekki komast í samfélag heilagra í KFUM.

Ég kynntist fyrst Elíasi Mar nokkrum dögum eftir að skólinn byrjaði í haust. Tókum við tal saman um mannfélagsmál þótt við værum ósammála í verulegum atriðum, varð þetta upphaf kunningsskapar okkar og vináttu, sem stendur með miklum blóma. Höfum við síðan oft hist og talað um "heimspeki", allt frá ómerkasta gróðri jarðarinnar til

---

<sup>6</sup> Ebeneser Ebenesersson. Tímaritið Básúna, bls. 11. Setningin er færð í stílinn en óbreytt um efni. Þ. A.

dýpstu raka tilverunnar. Hafa viðræður okkar verið mér til hinnar mestu hressingar og sálubótar. Mun ég nú freista að lýsa manningu Guðmanni Elíasi Mar og byggja lýsinguna á því sem ég man úr viðræðum okkar. –

Guðmann Elías er enginn vísinda- eða fræðimaður. Hann kann mikinn hluta Passíusálma séra Hallgríms Péturssonar utanað. En eftirlæti Guðmanns Elíasar eru bækur Halldórs Kiljans Laxness. Hefur Guðmann Elías orðið fyrir meiri áhrifum frá honum en nokkrum öðrum anda. Lýsing mín á Elíasi verður stórum hæpnari fyrir þá sök, að ég hef aðeins lesið eina bók Halldórs, Gerska ævintýrið, og þá bók hefur Elías lítt lesið. – Halldór Kiljan Laxness hefur bæði lagt stund á austræn trúarbrögð og Marx-kommúnisma. – Aðstæður, lífskjör, íbúð, og meðfæddir eiginleikar, hafa gert Guðmann Elías að fremur óvenjulegum, leitandi manni, sem vekur hneykslun og sjálfbirging hinna sofandi, sífellt skylduuppfyllandi manna. – Guðmann Elías hneigðist í senn að Marx-sósíalisma, austrænni dulhyggju, kaþólsku og heimslegri nautnasemi. Sterkust þessara stefna er vafalaust hin austræna dulhyggja, en nautnasemi og einkum Marx-sósíalisminn veikari. – Guðmann Elías er sannfærður um, að það sem nefnt er guð sé ekki föst vera sem skapar og stýrir heiminum, heldur allt hið góða og jákvæða, sem með manningu býr. Þessarar hugmyndar ber öllum að leita og vinna fyrir hana og allt mannkynið, hver á sinn hátt. T.d. á Elías Mar að sitja og hugsa og uppfylla þannig skyldu sína við mennina. Ef Elías verður veikur og bíður dauðans, þá ætlar hann að sitja og hugsa með aðstoð einkaritara.

Þótt hann hafi rætt þennan möguleika, má ekki ætla að hann sé haldinn lífhræðslu. Síður en svo. Hann er alveg laus við hinn lamandi ótta við sjúkdóma og dauða, sem dregur stórkostlega úr sálrænni orku sumra annarra leitenda. Hann lifir í þeirri sælu trú, að hann deyi kristilegum ellidauða, laust eftir næstu aldamót. –

G. Elías telur sig eindreginn Marx-sósíalista. Ég tel mjög hæpið að svo sé. Hann dái mjög Marx-kommúnistann H.K.L. sem áður getur og mun sú aðdáun undirrót téðst álits. Elías hryllir við hinni vitfirrtu mannfélagsskipun, þar sem allur þorri manna sóar lífi sínu og fjöri í endalaust strit án nokkurrar gleði og takmarks. Er Elías þeirrar skoðunar að Marx-kommúnistar séu til þess kjörnir að binda enda á

Þessa vitfiringu. Hann hefur mjög takmarkaða þekkingu á Marxtrú og ræðst oft óafvitandi á grundvallarkenningar Marx í samtölum sínum: Stefnuskrá Sósíalístaflokksins, Ríki og bylting eftir Lenín og Lenínismann eftir Stalín. Enga þessara bóka hefur Elías lesið enn. Er það sannfæring mín, að þegar hann fæst til að lesa þessi rit, muni hann sjá Marx-sósíalísmann í "hinu skæra litlausa ljósi sannleikans." Af þessu leiðir endurfæðing, – Halldór Kiljan Laxness leysist sundur eins og vofur þjóðsagnanna. –

Guðmann Elías sést stundum í Kristis konungs kirkju í Landakoti. Ber hann mikla virðingu fyrir kaþólskri trú, og austrænni dulhyggju ... Velur fremur að sitja í hinu veglega musteri, hlusta á söng sem er eins og úr öðrum heimi, en þessum ónæðisama glymheimi, sem vér dveljum nú í, og horfa á fólk sem krýpur, signir sig og talar til hins "góða og jákvæða". Elías hefur í hyggju að ganga í guðspekifélagið, þegar hann hefur aldur til, enda eru trúarbrögð og viska og öfl þau er leynast með mönnum sífældasta umhugsunarefni hans. – Það sem ber að forðast er þunglyndi. Það sem ber að keppa eftir er gleði. Í samræmi við þetta starfar Elías stöðugt að hugsun og ritstörfum. Starfsgleðin er hin æðsta gleði.

Eins og ég hef áður minnst á, hefur Elías glöggt auga fyrir hinu spaugilega. Safnar hann hnyttilegum og skemmtilegum setningum kennara sinna og annarra og færir inn í sérstaka skrifbók sem ég hef séð hjá honum. Má þar glögglega sjá muninn á mönnum, sem skortir algjörlega kímniáfu, t.d. mér, og þeim sem skilur hana í jafn ríkum mæli og Elías Mar. Margar sagnanna í safni þessu eru þannig, að mér finnst þær alls óhæfar til aðhláturs. T.d. þessar: "Er nú Guðmundur bilaður aftur?" (dr. B. J. 1943) – "Rottan syndir bara knálega, ansi knálega." (Jó. Á 1943) –

Elíasi Mar er það ljóst, að hann er andstæð eðli. Hann hefur ekki hugsað sér sigur annars þeirra, heldur einhverskonar málamiðlun á milli þeirra. Hann hefur hvað eftir annað talað um "samræming efnis og anda". Ég hygg að flestir skilji hvað við er átt, og mun ég því ekki hneyksla háttvirta menn í 1. bekk með því að útskýra þessa hugmynd. Það er hugsanlegt að hann nái í þessa bók – þar sem svefninn er að buga mig, verð ég að fara að slá botn í þennan stíl.

Elías Mar telur nirvana æskilegt, en treystist ekki til að öðlast það. Elías Mar telur meðalmanninn auðþekktan frá afburðamanninum á því, að hann telur dýpstu rök tilverunnar vitleysu eina. – Það er trú mín, að Elías Mar verði brátt laus undan oki Halldórs Kiljans Laxness og Marx-kommúnismans. Hann mun verða einn af mestu rithöfundum og guðspekingum þessa lands. Hann mun losa oss við hin hræðilegu félög leitenda hér í bænum: "Septíma (Sálarrannsóknarfélagsgfundur) í kvöld. Forseti flytur erindi. Hljómlist." –?

Ég hef nú við verstu aðstæður reynt að lýsa Guðmanni Elíasi Mar. Lýsingin er öll í molum, og enginn skilur hana nema ég sjálfur ... Ef ég verð ekki viðstaddur, þegar kennarinn útbýttir stúlunum bið ég hann að afhenda Elíasi Mar þessa bók og engum öðrum. (Reykjavík 14/3 kl. 22. 50.)

Elías var alla sína tíð tengdur andlátsstað móður sinnar, Franska spítalanum við Lindargötu, með undarlegum og líklega órjúfanlegum hætti. Hann ritar í náttbókina Njólu:

Áhrif frá upphafi Oliver Twists, er ég sá í sjónvarpinu í fyrrakvöld: Mér verður hugsað til móður minnar þar sem hún lá dauðvona í vesturstofu Franska spítalans og vissi, að hún myndi aldrei sjá litla drenginn sinn frammar. Gömul og hölt móðir hennar hét henni því að sjá um barnið eins lengi og henni entust kraftar til. Hvar í þessari stóru stofu móðir mín lá veit ég ekki, en ekki hefur kolaofninn verið kyntur, því þetta var um hásumar og sól skinið úti. Skyldi stúlkan ekki hafa legið í móki, að mestu, e.t.v. lítið skynjað mun dags og nætur – og e.t.v. sætt sig við það, hvernig komið var. Dauðinn kvað henni vöggulag. Dauðinn sagði lágt, hvíslaði: Komdu með mér. Ég mun endanlega leysa þig frá öllum sorgum þessa jarðlífs. Ég mun ekki svíkja þig ...

Mörgum árum síðar, þá 15 ára, flutti ég í þessari sömu stofu, blaðalaust, ræðu á stofnfundi félags ungra skálda og rithöfunda, og hefur Jón Óskar hrósað þeirri tölu í endurminningum sínum. Aldrei var ég í bekk í þessari stofu, á meðan ég var í Ingimarsskóla, en stundum sótti ég skólaböll og skemmtanir sem þar voru haldnar og las þá upp frumsamið efni ...

Varla hefur móður mína grunað, að spítali þessi ætti eftir að verða skóli – og sonur hennar tala þarna sem upprennandi rithöfundur. En mér þykir vænt um að hús þetta skyldi hafa fengið að standa, en ekki orðið skipulaginu að bráð.

Lindargötuskólinn var að hluta til byggður úr timbri sem til lagðist er veiðafæraskemmur franskra sjómanna sunnanvert við Austurstræti voru rifnar, skólinn var kenndur við þennan uppruna, einnig við götuna þar sem hann stendur enn, og á námstíð Elíasar við skólastjórann, séra Ingimar Jónsson. Námspilturinn Guðmann Elías var skotinn í skólasystur sinni, Jóhönnu Þorgilsdóttur, á námstíma beggja á þessum stað, hann skrifaði skólasysturinni mörg bréf af því tilefni og orti um hana eitt ljóð. En framkoma hans þá og endranær á gelgjuskeiðsárunum reyndist stúlkunni og vinkonum hennar undarleg og fráhrindandi eftir því sem hann skrifar í uppgjörsmálum áratugum síðar, og ekkert meira varð úr. Merkilegt er, að hann virðist, eftir því sem séð verður af Njólu árið 2000, muna í smæstu atriðum þau skipti þegar hann mætti þessari skólasystur sinni á götu eða sá hana tilsýndar þótt ártugir séu liðnir síðan hann sá hana síðast. Í millitíð hafði hann gert upp við þær minningar. Á handskrifuðu blaði frá árinu 1946, þegar hann var 22 ára, segir hann:

Ég er alltaf með hugann hjá þessum mjóa álfakroppi annað slagið. Þetta er svo melodískt allt saman að stappar nærri skáldsögu. Nú er hún byrjuð að vinna í splunkunýrri verslun uppi á Háteigsvegi og dettur mér allt í einu í hug ... eitt lítið kvæði þar um í anda Jónasar og Þórbergs.

Hátt uppi á Háteigsvegi  
(þar hádegissólin skín)  
húkir hún Hanna mín Þorgils  
og hugsar ei lengur til mín.

Enn er hún mjó í mittið



og máluð framan í,  
augun eins og í hrafni.  
Ekki á hún sök á því.

En mikið er meyján fögur  
og málrómur hennar skær.  
Einn bíður ungur maður  
sem aldrei hana fær.

Á páskum árið 2000, rúmri hálfri öld síðar en þetta var ort, frétti sá sem orti fyrir tilviljun frá sameiginlegum bekkjarbróður úr Lindargötuskóla, búsettum vestur á Kyrrahafsströnd, af bernskuástinni þar og verður til að hann rifjar upp kynnin af þessari bekkjarsystur sinni, með sama verklagi og einkennir flest hans skrif. Fyrsta minningin um Jóhönnu er frá því hann var ellefu ára.

Þau skipti er ég sá Jóhönnu Þorgilsdóttur:

1. Líklega sumarið 1935. Hún var að hjóla á Vitatorgi ásamt annarri stelpu (sem ég tók ekkert eftir).
2. Í porti Austurbæjarbarnaskólans um haustið. Hún gekk arm í arm í röð bekkjasystra sinna rétt við norðurtröppurnar; og þær sungu hæsingalæsinga lon-dondon. Ég stóð efst á tröppupallinum og horfði á hana.
3. Í sundhöllinni, sem þá var nýopnuð. Ég ætlaði að fara í sund og staðnæmdist við einn bogann hjá karlaklefunum (þá var ekki gler í bogum þessum og hægt að horfa þaðan útyfir alla laugina). Hún var ásamt fleiri stelpum að kasta sér út af nyrðri bakkanum hvað eftir annað. Ég held að þarna hafi hún tekið eftir því í fyrsta skipti, að ég var að fylgjast með henni.
4. Á Frakkastígnum, milli Hverfisgötu og Laugavegs. Ég var á leið upp götuna austanvert, en önnur stelpa var með henni, Alma nokkur, sem

bjó á Hverfisgötu 68 B og var eitthvað skyld Nonna í Njarðvík. Þarna var einhver bægslagangur í þeim og ég hraðaði mér framhjá (var áreiðanlega að fara í Ljónið til að kaupa seytt rúgbrauð!).

5. Í portinu við húsið á Lindargötu, þar sem hún bjó. Líklega haustið '38. Það var í ljósaskiptunum. Við Ásgeir Magnússon vorum að tala við Benedikt Ólafsson, strák sem bjó á neðri hæðinni í húsinu. Ásgeir var að stríða honum og brá hendinni snöggt í buxnaklauf hans og hún opnaðist. Í því kom J. Þ. þar að ásamt annarri stelpu, utan af götu, og ráku okkur með harðri hendi burt af lóðinni. Og við hlýddum eins og skot; vissum upp á okkur þá skömm að hafa verið að stríða smástrák.

6. Ég var í þriðja bekk í Ingimarsskólanum, og það var komið haust, árið 1941. Ég stóð á tröppunum við mjólkurbúðina í stóra steinhúsinu á Hverfisgötu 59 (?), og J. kom gangandi austur stéttina. Hún var hávaxin og grönn, í grárri kápu, falleg í vexti og hreyfingum. Er ég sá að hún tók eftir mér, hraðaði ég mér inn í búðina.

7. Þetta haust var hún komin í 2. bekk í Ingimarsskólanum. Á kvöldskemmtun þar var ég fenginn til að fara með "frumsamda draugasögu" í myrkri. Í lok sögunnar hringdi ég bjöllu, sem við krakkarnir höfðum komist yfir og hljómaði mjög "draugalega" á réttu augnabliki. J. Þ. sem sat mjög nálægt púltinu þar sem ég sat, saup hveljur og stundi ... Í vesturstofu þessari hafði móðir mín reyndar andast sextán árum áður.

8. Um þetta leyti fór ég að taka upp á því að lauma í kápuvasa hennar bjánalegum orðsendingum, nafnlausum, en þó ekki grófum. Einhvern veginn vissi hún fljótt hvaðan þær voru upprunnar, og Guðmundur H. Gunnlaugsson bekkjarbróðir minn hvatti mig eindregið til að "kynnast stelpunni", því að annars yrði það minn "dauði". Ég lét þó ekki verða meira um sinn, en hætti alveg þessum orðsendingum.

9. Einn daginn, er ég ásamt bekkjarbræðrum mínum, gekk í átt að skólanum, sá ég hvar J. Þ. leit út um einskonar gægjugat á hvítkölluðum glugga kvennaklósettsins. Hún horfði sínum dökku

augum mjög einbeitt á mig, og ég fékk ákafan hjartslátt. Ég minntist ekki á þetta við neinn.

10. Einn daginn er ég var á leiðinni í skólann kom hún út úr húsinu þar sem hún bjó og gekk beint til mín. Annað var varla hægt, því við áttum samleið niður stutta brekkuna að skólahúsinu. Við höfum sjálfsagt heilsast, en ég man ekki stakt orð af því sem okkur fór á milli í þessu eina "samtali" okkar. Það hlýtur að hafa verið harla vandræðalegt af minni hálfu, því ég var svo yfir mig skotinn í henni og minnimáttar gagnvart henni. Þessum orðaskiptum var lokið, og við fórum hvort inn í sína kennslustofu.

11. Næsta endurminning er mjög sár. Ég var á leið ásamt fleirum vestur skólalóðina í frímínútum. J. Þ. kemur ásamt fleiri stelpum fyrir suðvesturhornið á húsinu, og mér heyrir ekki betur en ein stelpa "hvísli" stundarhátt, enda ætlast til að ég heyrði það: "Ó-geðs-legur." Þetta atvik notaði ég nokkrum árum síðar í skáldsöguna "Man ég þig löngum".

12. Eftir að amma dó, í jan-lok 1942, tók ég upp á því, ásamt Ásgeiri Magnússyni, að hringja í J. Þ. síðla kvölds, eins og hver annar bjáni og dóni, en var þó ekki með grófyrdi, heldur vissi lítt eða ekkert hvað ég átti að segja við hana. Þetta gerði ég einum tvisvar eða þrisvar sinnum, og hún skellti víst á mig í öll skiptin. Ekki varð þetta til að bæta fyrir mér. Uppúr þessu var skólavist mín nokkuð slitrótt. Ég tók ekki lokaprófið, heldur inntökupróf í Kennaraskólann þetta vor, 1942, og fór síðan í vegavinnu upp á Holtavörðuheidi, þar sem ég var reyndar í tvö sumur.

13. Ég bjó áfram á Hverfisgötu 80 til vors '46, er ég fór til Danmerkur. En nú var J.Þ. farin að umgangast Ásdísi (?) nokkra Jónsdóttur á Hverfisgötu 64 (?). Stúlka þessi var trúlofuð Höskuldi nokkrum Þórhallssyni, miklu kvennagulli, en þangað komu einnig Bandaríkjamenn, og þóttist ég vita, að J.Þ. umgengist þá daglega. Er ég gekk inn Hverfisgötuna fannst mér ég sjá útundan mér stundum, að þær fylgdust með mér gegnum gluggana.

14. J. Þ. fór nú að starfa í matvöruverslun Halla Þórarins á horninu á Hverfisgötu og Barónsstíg. Þar hafði faðir minn verslað áður, í búð sem hann nefndi "Barónsbúð". Einn daginn herti ég mig upp, gekk inn í búðina og spurði Jóhönnu: "Eigið þið ljósaperur?" Hún neitaði því svo ákveðið, að það var eins og hún segði: "Snáfaðu út!" Ég hrökklaðist út, og gerði ekki aðra tilraun.

15. Vorið 1945 barst mér til eyrna að hún væri farin að vinna í verslun uppi á Háteigsvegi. Mér kom til hugar að taka á mig rögg, fara þangað og bjóða henni í bío, en aldrei lét ég verða af þessu, því ég áleit að það þýddi ekki neitt.

16. Um þessar mundir hafði ég fyrir löngu heyrt, að hún væri í "ástandinu", en aldrei sá ég hana með karlmanni eða í nágrenni við bækistöðvar þeirra. Sendill á Alþýðublaðinu þar sem ég vann (Sigurður?) hafði verið að sendast í "Barónsbúð", og hann bar henni mjög vel söguna. Annars þekkti ég, því miður, ekkert fólk sem þekkti hana eða umgekkst.

17. Á þessum árum sá ég hana sárasjaldan og gerði auðvitað enga tilraun til að tala við hana. Nú var sú tíð löngu liðin, að ég stæði á kvöldin niðri við geymsluna hjá Ingimarsskólanum og mændi upp í kvistgluggann til hennar í von um að henni brygðri fyrir, – sem svo aldrei gerðist. Eitt sinn stóð ég líka sömu erinda á baklóð Sigurjóns gamla, Hverfisgötu-megin, og það var víst verið að baka á heimili bakarans, föður hennar, eftir ilminum að dæma. En ekkert sást til hennar. – Ég man eftir því að sjá hana í eitt einasta skipti á Hressingarskálanum. Ég sat þar í hópi kollega minna, en hún sat á lengdar við borð. Ég man ekki lengur hvort hún var þar ein á ferð eða með annarri konu. En með hermanni var hún ekki; það myndi ég muna.

18. Síðast sá ég hana á gangi á Laugaveginum. Hún var þar ein á ferð og nokkuð alvarleg á svip. Mig minnir það hafi verið haustið '49. Ég stóð neðst á Vegamótastíg, en hún gekk inn Laugavegin, á gangstéttinni norðanvert.

19. Þarna var hún víst orðin búsett í Ameríku og hét frú Bentson (?) að eftirnafni. Ég hef engan getað spurt um hana síðan – fyrr en nú.

Í Njólu 2. 11. '00 segir og nú ber nýrra við:

Nú upp úr miðnætti opnaði ég rauða möppu, sem ég hef ekki opnað síðan á páskunum. Þar í eru geymd afrit af bréfum þeim sem ég sendi systkinunum Herði og Jóhönnu Þorgilsdóttur síðastliðið vor. Og nú brá mér: Þarna var fyrri hreinritaða örkin af bréfinu til Jóhönnu. Getur hugsast, að ég hafi gert þá skyssu að setja ekki fyrri örkina inn í umslagið? Mér er nær að halda það. Ef svo er, þá er þetta afskaplega vandræðalegt. Hvað skyldi konan halda? Að ég sé elliaer afgangi? Já, líklega er ég það. Ég veit ekki hvað til bragðs skal taka. Líklega freistast ég til að hringja aftur í Hörð. Hvernig hann bregst þá við er annar handleggur. Máski yrði hann snakillur – en þá skrifa ég bara Jóhönnu aftur og læt hana fá skýringu. Ef hún verður fyrir vonbrigðum, þá hefur hún orðið það fyrr, hvað mig snertir. Og ef hún endursendir mér allt heila klabbið, þá hef ég þó að minnsta kosti fengið einhver viðbrögð.

Meðal varðveittra gagna Elíasar er stílabók sem hann valdi með einn tilgang fyrir augum, "Bláa bókin". Elías ritar:

Upphaf ritunar bókar þessarar er gjört heima hjá mér á Hverfisgötu 80, Reykjavík; laugardaginn 29. des. 1945. Fyrirkomulag hennar býst ég við að verði svipað og Skáldu, þeirrar er ég reit frá 21. okt. 1944 – 21. okt. 1945. Svo vill til að bók þessi er blá í sniðum. Tvær klámgefnar bækur hafa komið út hér heima undanfarin ár, sem nefndar hafa verið "bláu bækurnar", sökum þess, að þær voru prentaðar á grænbláan pappír. Þessar bækur hefur Kristmann Guðmundsson þýtt, og er frægt. Einnig hafa komið út þrjár bækur í unglingseríu og er ekki hið minnsta klæmin. En þetta er aukaatriði. Aðalatriðið við þessi upphafsorð er að segja frá því (ef bókin skyldi síðar lenda í annarra höndum en mínum) til hvers bók þessi er ritin. Ástæðan er sú, að ég tel afstöðu mína til kvenpersónu einnar það sérstæða meðal minna

hugsana, að ég tel ekki úr vegi að rita niður í bók, hvað helst ég bollalegg, vona, framkvæmi og hefi upplifað varðandi persónu þessa. Stúlka þessi er fædd, eftir því sem ég best veit, þann 29. janúar 1926, í Reykjavík, og heitir Jóhanna Þorgilsdóttir. Hún á heima á Lindargötu 54, og eru foreldrar hennar hjónin Þorgils Guðmundsson bakari og Anna Jónsdóttir.

Það er ekki ætlun mín að skrifa hér í þetta skipti, hversu kunningskapur okkar hefur náð langt fram til þessa, en ég mun að líkindum skrifa það hér inn síðar. Það vil ég taka fram, að við upphaf bókar þessarar set ég mér að segja einungis það, sem ég álít sannleikanum samkvæmt. Aftur á móti segi ég ekkert um það hvort ég skýri frá "öllu", – en mun segja satt, það sem ég á annað borð færi í letur. Það er ekki ætlun mín að sýna bók þessa öðrum en sjálfum mér. En mér er ljóst, að með því að skrifa hana er ég að gefa lýsingu á sjálfum mér eins og ég er innst inni, einkum í ástamálum mínum, – ég er sumsé að "blotta" mig eins og ýmsir vilja kalla það. Hefi ég svo inngangsorð þessi eigi fleiri, en sný mér að sögulegri frásögn, sem upphafst án fyrirfram hugsaðrar byggingarformúlu eða mottós. Nýlega setti ég í póstkassann á horni Laugavegar - Frakkastígs eftirfarandi bréf: "Reykjavík, á annan í jólum 1945. Kæra Hanna! Mig langar til þess að kynna þér. Finndu mig á laugardagskvöldið þ. 29. þ. m. kl. 9 um kvöldið, sunnan við Hljómskálann. Þar mun ég bíða þín, – sama hvernig veður er. Treysti því, að þú komir. Elías Mar." Utanáskriftin var: "Frk. Jóhanna Þorgilsdóttir. Lindargötu 54. Rvk.

Nú er sá 29. runninn upp, og klukkan er tæplega hálfsex að kveldi. Fyrir mér liggur að sjá, hvernig heppnast hefur fyrsta tilraun mín til þess að kynna kvenmanni bréflega, og það með svo einfaldri orðsendingu, – næsta kaldranalegri, – enda er ég í fullkomnum efa um árangurinn. Með tilliti til forsögu kunningskapar okkar, geri ég mér sannarlega ekki glæstar vonir. Og reyndar væri undir öllum kringumstæðum mjög barnalegt að gera slíkt. Því er ég nokkuð hissa á, hversu hlutlaus (ef svo má segja) ég er nú í kvöld og kaldur fyrir atburðanna rás. Ég næstum því hrædist það. Ég tek þessu hálf í hvoru eins og bisnessi, sem ekki velti svo mikið á, – onei.

En þó mun kvöldið í kvöld hafa ósegjanlega mikil áhrif á mig, hvernig sem það kann að enda. – Svo mikið er víst. Kemur hún, eða

kemur hún ekki? Ef hún kemur, verður hún þá ein, eða lætur hún það nægja að ganga framhjá sér til skemmtunar ásamt vinstúlkum sínum til þess að vita, hvort ég hef verið svo barnalegur að bíða hennar á hinum tiltekna stað? Kannski hefur hún ekki fengið bréfið? Kannski hafa foreldrar hennar tekið það til handargagns, – en þó, hugsa ég, ekki. Og ef hún hefur fengið bréfið í hendur, er sá möguleiki næsta útilokaður, að hún hafi gleymt því, – gleymt svo nýstárlegu innihaldi, – og það á þessum árum! Onei. Hún hefur varla gleymt. Kemur hún? Kemur hún ekki?

1. janúar 1946. Þetta er það fyrsta sem ég skrifa á þessu herrans ári og er þá fyrst fá því að segja, að ekki kom hún. Ég fór niðureftir og var kominn þangað ca. 10 mín. fyrir tímann. Veður var lygnt en nokkuð kalt, eilítið frost og heiðskírt. Þar gekk ég um, settist á bekki og á tjarnarbakkann hjá nokkrum enskum flugmönnum, sem ætluðu að fara að renna sér á skautum úti á tjörninni. Margt var þar unglunga, m.a. sýndist mér ein stúlkan líkjast Jóhönnu ískyggilega mikið, og það gerði hún; en ekki var það samt Hanna, þegar nánar varð athugað. Ekki dvaldi ég á staðnum nema til ca 5 mín. yfir níu og gekk þá upp á Alþýðublað og reyndi að gleyma. Um þetta er svo ekki meira að skrifa að svo stöddu. En bókin er ekki búin ennþá.

5. janúar 1946. Satt að segja eru hugsanir mínar um Hönnu þessa dagana harla reikandi, og margt sem glepur þær; sést það best á því, að ég hef skrifað lítið sem ekkert í bók þessa, þótt ný sé. Hönnu hefi ég ekki séð það sem af er þessu ári, enda ekki reynt það. Ég er búinn að ákveða að skrifa henni aftur, – og jafnvel aftur og aftur, hvernig sem gengur. Ég ætla þó ekki að "falla í duftið og biðla til hennar" – heldur einungis að gefa henni tækifæri til þess að kynnast þankagangi mínum svolftið, – því betra er kannske seint en aldrei. Bréf þau, sem ég kem til með að senda henni, mun ég skrifa hér inn og eru það einu sendibréf mín sem ég virði svo mikils að taka í afrit. Stuttu fyrir jól heyrði ég sagt, að Hanna væri hætt að vinna í Barónsbúð, en þar hefir hún unnið undanfarin ár. Ekki vissi ég, hvort ég ætti að taka fregn þessa trúanlega. Nú hefi ég aftur á móti heyrt utan að mér, að hún muni vinna þar

ennþá, blessunin svoddna. – Ég óska henni gleðilegs nýárs í hjarta mínu og gæfu og gengis í framtíðinni.

Í haust sem leið byrjaði ég að skrifa bréf, sem ég ætlaði mér að senda Hönnu, en aldrei varð úr. Bréf þetta hefst á þann veg (í uppkasti): "Loksins, – loksins, eftir meira en þriggja ára kveljandi þögn, skrifa ég þér bréf, til þess að láta þig vita, að það er langt frá því, að ég hafi nokkru sinni gleymt þér. – Miklu fremur get ég sagt, að þú hefur aldrei liðið mér úr minni, – það hefur ekki komið sá dagur, undanfarin ár, að hugur minn hafi ekki meira og minna hvarflað til þín. Þetta er kannski fjarska skrítið, – jafnvel hlægilegt, en svona er það samt. Ég skal viðurkenna, að ég hefi reynt að yfirstíga þessar hugsanir. – Þig getur jafnvel ekki grunað, hversu ég hefi reynt stundum mikið til þess að gleyma þér. En því meira sem ég hefi reynt að láta þig hverfa úr huga mínum, því ljósar hefur mynd þín staðið mér fyrir hugskotssjónum, – já, óteljandi myndir af þér, – óteljandi endurminningar um að hafa séð þig bregða fyrir eitt augnablik, – aðeins eitt augnablik og hverfa síðan. Augnaráð þitt hefur brennt sig inn í sál mína. Ég hefi í engri stúlku séð önnur eins augu; mig brestur orð til að lýsa þeim. Stundum verður því fegursta ekki lýst með orðum. Ég man eftir þér sem barni, jafnvel þá strax vaktir þú athygli mína. Það var fyrst í Ingimarsskólanum, að þú tókst eftir því, að ég horfði á þig. En þá voru liðin mörg ár frá því ég fór fyrst að veita þér eftirtekt, enda þótt þú vissir ekki af því.

Þú hefur fram að þessu verið mér mjög ókunnug. Við höfum samasem aldrei talast við. En það er ekkert eins kveljandi eins og hið ósagða milli manns og konu. Tvær verur, sem ekki skilja hvor aðra eru þær óhamingjusömmustu á jörðinni. Það er skylda þeirra að gera sitt til þess að eyða þeim misskilningi. Við höfum enn ekki kynnst; en einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni, að einmitt þú munir falla mér mjög vel í geð. Ég hefi alltaf verið þeirrar skoðunar og sú skoðun hefur aukist síðustu árin. Ef ég hefi á röngu að standa, – ef þú ert öðru vísi en ég held – þá tel ég mig ógæfusaman mann. Þá hefi ég hugsað skakkt. Þá hefur draumur minn verið blekking. – En það má ekki vera þannig. Við verðum að hittast, Hanna. Við verðum að kynnast. Það má ekki líða lengri tími þannig, að við séum í óvissu hvort um annað. Oft, þegar ég sit einn á skrifstofu minni og allt er orðið hljótt í húsinu,



kemur þú fram í huga mér og allt annað vikur. Þú ert mér sem ráðgáta, sem ég þrái að leysa."

Bréf þetta kláraði ég ekki, og eru nú liðnir ca 3 mánuðir síðan ég reit þetta upphaf. Ástæðan fyrir því að ég hætti (við) að senda það, var sú, að mér líkaði það ekki og, – þótt undarlegt kunni að virðast, – þá trufluðu hin daglegu störf svo mjög erótík mína, að ég missti hálfpartinn áhugann á því að halda áfram með bréfið. Áhuginn vaknaði svo á ný í jólafrí mínu, þegar ég gerði lítið annað en ráða krossgátur og drekka kaffi, varð sá áhugi til þess, að ég skrifaði Hönnu, sem fyrir getur, og hóf ritun þessarar bókar.

27. jan. 1946. Nú hlusta ég á viðkunnanlega músík og er einn. Ég nenni varla að skrifa þessi orð, svo latur er ég. Í dag er "kjördagur lífsins" og ég kaus í morgun kl. um 10 eftir að hafa fengið mér kaffi á Skálanum. Ég skilaði auðu. Það gerði Ásgeir Magn. líka, en við urðum samferða á kjörstað. Síðan fór ég heim og háttaði, hafði vakað alla nóttina til þess að ráðstafa atkvæði mínu, og setið á tali við Ásgeir. Ég fór á fætur kl. hálfsex í kvöld, en nú er klukkan um það bil hálfátta. Ég er einn. Mig vantar Hönnu. Ég þrái að faðma þennan granna líkama að mér, setja hendurnar í dökkt hár hennar, horfa í brúnu augun hennar fast við andlit mitt. Stundum ógnar mér sú hugsun að ég muni aldrei njóta mín til fulls fyrr en ég hefi kynnst henni, – henni, – einmitt –

Jóhanna Þorgilsdóttir bakara svaraði bréfi Elíasar árið 2000 með stuttu bréfi, gagnorðu sem sennilega hefur einkennt hana alla tíð, en vingjarnlegu. Stúlkan hafði gifst vestur um haf og búið þar lengst af ævinnar. Þakkaði hún Elíasi af kurteisi og hlýhug. En gerði ekki meira úr efninu en hún hafði gert á Reykjavíkurlárum sínum.

Síðasta blaðið úr "Bláu bókinni", sem til er vitnað að framan, ber með sér að hafa verið rífið úr henni í bræði, verið vöðlað saman, en verið slétt úr því aftur og það lagt til hliðar til varðveislu.

# Þroskaár

Elías skrifaði eftirfarandi ummæli í Njólu árið 2000, þá hálfátræður:

Ég spyr sjálfan mig: "Er ég alveg hættur að geta skrifað?" Og ég fæ ekkert einhlítt svar, hvorki nei né já. Þess í stað vaknar önnur ósvöruð spurning: "Hef ég nokkurn tíma getað það?"

Í sömu bók áætla Elías margra binda útgáfu á eigin greinaskrifum, skipuðum í tímaröð. Þær eru fleiri bækurnar sem getið er um í Njólu og bornar eru fram væntingar um að verði að veruleika, fullunnum, útgefnum bókum. Áhuginn fyrir vexti og viðgangi Reykjavíkurborgar var hinn sami frá frumbersku fram á síðustu ár, líklega var Sigurður Guðmundsson málari honum fyrirmynd um framsýni í málefnum borgarinnar. Hann ritar á árinu 2000 (Njóla, bls. 137):

Það leitar á mig að yrkja "Ný borgarljóð" um ýmis þau efni sem tilvalin eru. Sumt hefur verið að hvarfla að mér árum saman, t. d. ljóð um grafirnar í Bæjarfógetagarðinum þar sem legsteinarnir eru nú látnir snúa "út og suður" eins og Jón hrak forðum. Og svo eru öll yrkisefnin um nýju hverfin, og um nýju húsin í gömlu hverfunum (ekki alltaf smekklegr), um dópaðan og örvinglaðan æskulýð og líka um þá reykvísku æsku sem er til sannrar fyrirmyndar og "stærsta von líttillar þjóðar" – eins og forðum var komist að orði.

Elías var sískrifandi á bernsku- og unglingsárum sínum, bæði laust mál og bundið, og frá því fyrsta um nauðpurftarfólk og væntingar sínar um bættan hag þess og annarra. Formtilfinning hans

var mikil eins og eftirhermur í ljóðabókum hans vitna um. Stundum er síðasti frágangur ritsmíðar hans um of, ber með sér óöryggi vegna útgáfu á næsta leiti. Um og upp úr tvítugu hreinritaði hann æskuljóð sín, lauslega ágiskað um fjögur hundruð ljóð. Allt er varðveitt, eftir því sem helst er útlit fyrir, hið lélegasta sem hið besta. Sama um útgefnar sögur hans til þessa dags, skáldsögur og smásögur. Skáldsögurnar *Eftir örstuttan leik* og *Man eg þig löngum* skrifaði hann hér um bil samtímis og lagði miklu meira upp úr þeirri síðarnefndu. Hann var um tvítugt þegar hann ritaði í Skáldu, dagbók frá árunum 1944-45, um heimsókn sína til rithöfundarins Kristmanns Guðmundssonar í Hveragerði í vetrarbyrjun 1944 og vísar þá til síðastnefndrar sögu þótt ekki sé með nafni. Elías var á þessum tíma tíður gestur á heimili rithöfundarins í Hveragerði:

[...] að kveldi þess 28. [nóv.] las ég upp fyrir K. G., Hannesi Sigfússyni, Sigurði Gissurarsyni og frúnni [...] tvo fyrstu kaflana úr hinni fyrirhuguðu skáldsögu minni um Halldór Óskar Magnússon. Var gerður allsæmilegur rómur að köflum þessum.

Tæpu ári eftir upplesturinn úr skáldsögunni *Man eg þig löngum* í stofunni hjá Kristmanni í Hveragerði þann 29. sept. 1945 vinnur Elías við sömu skáldsögu ásamt því að hann sinnir ýmsum öðrum verkefnum svo sem ritun skáldsögunnar *Eftir örstuttan leik*. Hann ritar um þá sögu þennan dag:

[...] ég er búinn að fá efni í nýja skáldsögu, sem ég ætla að hripa upp á næstunni og selja Ragnari í Smára eða einhverjum öðrum góðum manni, sem borgar vel. Svo ætla ég að skrifa "Man ég þig löngum", seinna í vetur. Hana ætla ég að vanda mig við.

Hálfum mánuði seinna segir í sömu heimild um hina nýju skáldsögu, *Eftir örstuttan leik*:

Áðan sat ég heima hjá Ingólfi Kristjánssyni frá Hausthúsum. Ég las fyrir hann úr nýju skáldsögunni minni, sem ég byrjaði á 1. þ.m. og hef nú skrifað 42 síður í. Ekki er ég búinn að skíra hana ennþá, enda liggur ekki á. Það hlægilegasta við þessa sögu er það, að við samningu hennar nota ég vinnubrögð, sem ég hef ekki áður reynt, og sem ég hefi andstyggð á. Þau eru þannig, að skrifa þrjár síður þéttletraðar og stórar á hverjum degi, – en hvorki meira né minna. Með þessu móti ætla ég mér að vera búinn að skrifa uppkast skáldsögunnar allrar fyrir nýjrar og jafnvel vinna að henni og ljúka hreinritun þriðjungs hennar fyrir áramótin. Ég vanda mig ekkert við hana, enda er tilbúningur hennar einungis liður í fjárhagsplani. Þegar ég hefi gengið frá henni ætla ég að reyna til við einhvern útgefanda og reyna að fá þrjú þúsund fyrir handritið ... Síðan ætla ég að taka til við "Man eg þig löngum", sem ég geri ráð fyrir að ljúka við í ágúst eða september í fyrsta lagi og senda svo í verðlaunasamkeppni Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins. Ég mun vanda mig ca 10 sinnum meira við þá sögu, – bókstaflega séð.

Þeir sem þekkja til skáldsögunnar *Eftir örstuttan leik* sjá af samanburði að ég-persóna þeirrar skáldsögu er skyld þeirri í bréfum Elíasar til stúlkunnar Jóhönnu frá þessum áramótum samkvæmt því sem að framan greinir. Sé þessi sagan borin saman við *Man eg þig löngum* kemur í ljós að sagan *Eftir örstuttan leik* er vaxin upp úr lýsingu á vináttusambandi tveggja karlmanna í sögunni *Man eg þig löngum*. Sá samdráttur vinanna í *Man eg þig löngum* er kveikjan að sögunni *Eftir örstuttan leik* sem hann ætlaði að leggja minna upp úr og ber með sér að höfundur hafi valið að gefa aukapersónu í *Man eg þig löngum* orðið í nýrri skáldsögu. Sögumaður þeirrar sögu er yfirlætislegur menntaskólapiltur, af efnafólki, sem metur tilfinningar sínar til kvenna lítils hjá aðdáun sinni á klassískum listaverkum, svo sem hinum karlmannlega Pílagrímakór Wagners sem hann helgar upphafskaflann í bókinni. Forleikurinn var alla tíð í miklu uppáhaldi hjá Elíasi. Ætla má af fangamarki sögumanns í *Man eg þig löngum*, H.Ó.M, að kynhneigð persónunnar yrði viðfangsefni þeirrar sögu en af því varð ekki. Í staðinn fór uppjórið fram með skáldsögunni *Eftir*

*örstuttan leik.* Þar með dró úr þörfinni fyrir að skrifa söguna um H.Ó.M. sem höfundurinn hafði ásett sér að ljúka við í Kaupmannahöfn 1946; þegar hann hleypti fyrst heimdraganum. Hann var þá innritaður í Danmarks Lærehöjskole, veturinn 46-47, en sinnti lífsnautnum mestan part. Hann hafði þá sagt sig formlega úr stúkunni Verðandi í Reykjavík með þeim orðum að hann þyrfti að kynnast mannlífinu með fjölbreytilegri hætti en stúkan gæfi kost á. Hann hafði verið vetrarlangt í skóla KFUM. Og annan vetur hafði hann notið leiðsagnar Pastor Boots um kaþólsk fræði á vegum kaþólsku kirkjunnar í Landakoti. Þeir voru tveir félagarnir sem leituðu eftir og nutu fræðslu þess vinsæla, kaþólska klerks meðal borgaranna og Elías orti síðar um kunnuglegt ljóð.

Amma hans hafði veitt honum fyrstu tilsögn í menningarmálum, lagt honum til árpúsunda gamlan tilvistarhjúp sagnaömmunnar. Og Guðrún hafði einnig upplýst hann um nútímann eins og hún hafði getu til. Hann skrifar:

Þegar ég var 8 eða 9 ára og amma mín sá, að krakkar úti voru eitthvað vondir við mig, lét hún mig koma inn, skipta um föt, fá volgt ofan í mig og jafna mig. Síðan settist hún hjá mér, fékk mig til að gleyma hrekkjótum leiksystkinum og fór að lesa með mér dönsku. Það var á slitur af kennslubók eftir Steingrím Thorsteinsson, man ég. Á þennan hátt hóf hún mig upp yfir sárindi augnabliksins og kenndi mér að þekkja sjálfan mig og mannast (12.8.53).

Hann fór ekki að stunda reglubundið skólanám fyrr en hann var orðinn tíu ára gamall. Á sjötta ári var honum ætlað að vera í tímakennslu annan hvern dag um nokkurra vikna skeið en var latur að mæta. Hann varð læs sjö ára. Í Gagnfræðaskóla Reykjavíkur fór hann að láta til sín taka í Bindindisfélagi skólans. Auk hélt hann uppi málflutningi fyrir málfundafélagið Áhuginn sem vera skyldi leynifélag. Á Kennaraskólaárunum í vegavinnunni fyrir norðan bættu hann miklu við þroska senn sem ljóðasmiður. Í vegavinnunni kynntist hann Jóhannesi Kjarval sem á þeim tíma lá við í tjaldi í

nágrenni Fornahvamms og sinnti myndlist sinni. Þeir Elías áttu eftir að kynna betur og jafnvel ná saman sem listamenn. Á þessum tíma braut hann heilann um að taka upp sambúð við kvenmann eins og stundum síðar á ævinni þótt aldrei yrði neitt úr – "til að hafa frekara tóm til að sinna ritstörfum í framtíðinni", segir hann í Skáldu. Hann ritar í þessa uppgjörsbók sína 21 árs gamall 10. sept. 1945, nokkrum mánuðum áður en hann fór til Hafnar:

Ég verð að taka til einhverra andskotans bragða til þess að fá mig til að vera eins og maður. Mér hefur komið til hugar að breyta lifnaðarháttum mínum til muna; en allar þær breytingatillögur, sem mér hafa til hugar komið, miða óbeinlínis að því að gera mig útilokaðri frá mannfélaginu. Það get ég ekki fengið af mér, – og má heldur ekki gera það. Einungis með einu móti væri mér slíks unnt. Það er ef ég þekkti einhverja stúlku, sem með blíðu sinni, persónu og fegurð gæti bætt mér upp að minnsta kosti slitin frá bíónum, kaffihúsunum og þeim fáu listamönnum, sem eftir eru í landinu, af þeim sem ég þekki, – án þess þó að taka of mikinn tíma frá mér. Ef til vill geri ég einhverjar andskotans ráðstafanir til þess að verða mér úti um einhvern kvenlegan kammerat. Ef til vill ekki.

Því er líkast sem hann hafi verið fæddur með þann ásetning að verða rithöfundur. Það var á sömu mánuðum og hann skrifaði bréfin til Hönnu hér að framan sem hann braut heilann um hjúskaparmálin. Í dagbókarfærslum aftan á notuðum dagatalsblöðum frá 1938 segir að hann hafi fyrst komið opinberlega fram á jólatrésskemmtun 27. des. 1938, – var þá 14 ára. Hann las sögu eftir Guðmund Guðmundsson skólaskáld við það tækifæri. Hann var mjög félagslyndur fyrr og síðar. Meðal þeirra félaga sem hann segist tilheyra á unglingsárunum, um tug samkvæmt lista sem hann setti upp, nefnir hann Der Urlaub; die Freie, nafnið ber keim af hugsjónum þjóðernissinna. Hann varð snemma róttækur í pólitík, mjög fyrir áhrif frá skrifum Halldórs Laxness. Á þeim tíma sem hann vann á Alþýðublaðinu, 45-46, var hann sannfærður

kommúnisti. Sama dag og hann velti fyrir sér sambúðarmálunum, þann 20. okt. 1945, skrifar hann í Skáldu um heimspólitíkina:

Ég hræðist stjórnmálaástandið í útlöndum. Ég hræðist það, að togstreita milli tveggja höfuðlífsskoðana geti leitt til þess, að fjöldamörg ágætismannslíf og snillingshæfileikar verði að engu, – eða það sem verra er, – verði notaðir í þágu andskotans.

Ég vil standa réttumegin. Ég reyni það. Ég ætla mér það. Ég er kannski það ógæfusamur að vera uppi á þeim tíma, þegar kommúnisminn er dæmdur til þess að eiga í vök að verjast og menn hans þurfa að eiga í stöðugri varnarbaráttu. Ég stend ef til vill mörgum verr að vígi, sökum þess að ég ætla að verða rithöfundur í því landi, sem kapítalisminn telur höfuðnaudsyn að hafa að eilífu á valdi sínu.

En pólitísk róttækni í venjulegum hversdagsskilningi lá aldrei vel fyrir Elíasi, ekki heldur þegar hann var orðinn kommúnisti og farið var að bjóða honum á alþjóðlegar æskulýðshátíðir erlendis. Í ljóðabók hans frá 1951, *Ljóð á trylltri öld*, er fyrirferðarmestur ljóðabálkur sem minnir helst á leiðsluskrif fornra trúarríta. Það gerir ekkert til þótt guð sé ekki til, sagði hann við undirritaðan einhvern tíma þegar ég spurði hann um trú hans, hvort nokkur væri. Og bætti við: Hann er samt til!

Elías dvaldi í Höfn og nágrennalöndunum fram á haust '47. Á meðan á utanlandsferðinni stóð tók hann að skrifa á dönsku og sænsku og reyndi að koma sér á framfæri í Danmörku og Svíþjóð, en án árangurs. Skrifin þóttu viðvaningsleg um of. Í náttbókinni getur hann þess löngu síðar að sumarið '47 í Höfn og nágrenni hafi verið mjög viðburðaríkt tímabil í lífi sínu og sé eitt sér bókarefni. Hann nafngreinir þar um fjóra tugi íslenskra manna sem hann segir að komi við þá sögu ef skrifuð yrði.

Sumarið 47. Ég var búinn að dveljast erlendis hátt í ár, að langmestu leyti í Kaupmannahöfn. 2. maí kom Hannes Sigfússon frá Noregi og fékk að liggja á aukabedda hjá mér í nokkrar nætur. Steinn Steinarr var

þá nýkominn frá Spáni með fullar hendur fjár, og Hannes fluttist þá á hótelið til hans. Ég hafði um þessar mundir ákveðið að hætta við að skrifa framhaldið af Man eg þig löngum (sem komið hafði til greina að nefna "Menja fögur hrund!"), því ég hafði misst áhuga á söguefninu. Nú var komið sumar, og ætlunin var að fara seint í júlí til Júgóslavíu og taka þátt í sjálfböðavinnu fyrir Tító. – En það fór á annan veg. Í millitíðinni fór ég á rithöfundæþing í Helsinki ásamt Kristni E. Andréssyni og Birni Franzsyni, smitaðist af taugaveiki í ferjunni þaðan til Stokkhólms og tók út veikindin eftir að ég var kominn aftur heim til Köben [...] Fróðlegt væri að rifja upp margt það sem gerðist á því einstæða sumri.

Eftir rithöfundæþingið í Helsinki var siglt með ferju til Stokkhólms. Um þennan afdrifaríka dag, 30. júlí 1947, segir í blaðfrétt, að taugaveikismit hafi borist með mat eða neysluvatni um borð. Margir veiktust og að minnsta kosti einn þátttakenda á þinginu lést, sænsk kona. Áhrif veirunnar á Elías tók ekki að gæta fyrir en nokkrum vikum eftir að til Hafnar kom og mun einkenna veikina. Hann dvaldi þá á hóteli í Höfn og reyndi þegar ýmis húsráð gegn veikindum, vafalaust komin frá ömmu hans, en dugðu ekki. Hann tók út taugaveikina á sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn og var dögum samfleytt með óráði. Fullu nafni hans var Guðmann Elías Cæsarsson Mar, en í legunni sannfærðist hann um að hann væri ekki rithöfundurinn Elías Mar, heldur annar maður með sama nafni. Rithöfundurinn byggir á Sólvallagötu 1 í Reykjavík. Fyrir mistök væri póstur þess manns sendur til sín á sjúkrahúsið og þetta vildi hann leiðrétt, sendi í þeim tilgangi eftirfarandi bréf á Sólvallagötu 1 sem mun hafa verið heimilisfang fólks sem hann þekkti lauslega í bernsku:

Blegdamshospital d. 13. ágúst 1947.

Kæri hr. Elías Mar!



Ég, sem skrifa þessar línur, var með því láni – eða óláni – fæddur að heita Elías Mar. Því nafni var ég kallaður allt þar til fyrir tveim vikum, er ég heyrði um yður, að ég ákvað að skipta um ættarnafn. Þetta gerði ég, – eða gerði tilraun til. En ættarnafnið sem ég valdi mér, er Storms. Hér á spítalanum halda flestir, að ég sé eitthvað ruglaður í kollinum. En tilfellið er, að ég er orðinn þreyttur á því að rífa upp bréf, sem hafa átt að fara til yðar, o. s. frv. Ég hefi nú sett í eina tösku allt það, sem yður viðkemur og einhvernveginn hefur komist í mínar hendur. Þar eru mjög merkilegir hlutir fyrir yður. T.d. passinn yðar, vasabók yðar með 400 d.kr. í, o.fl. Það er nauðsynlegt, að þér sækid þessa tösku sjálfur – og sem allra fyrst. – En það má enginn vita, að hún kom frá spítalanum, því þá yrði innihaldið að skoðast. Þess vegna er nauðsynlegt, að við komum okkur saman um, að maður að nafni Nikulás Helgason hafi komið með hana, – og í henni sé skran frá Egyptalandi. Maðurinn sé um fertugt. Ég hefi orð þessi ekki fleiri, en býst við yður sem fyrst.

Yðar einl.

Elías Storms, afd. 40.

Bréfið fór í flugpóst samdægurs og það var skrifaði, áritaður móttakandi: Hr. forf. Elías Mar. Sólvallagötu 1. Reykjavík. Ísland. Bréfið var endursent á spítalann með blýjantskroti á umslaginu: "Ekki til þar."

Eftir að hann var aftur kominn til sjálfs sín á sjúkrahúsinu kom vinur hans prófessor Jón Helgason að sjúkrabeði hans og bauð honum að gista á heimili sínu í Kaupmannahöfn meðan hann væri að jafna sig enn frekar eftir leguna. Á heimili Jóns kynntist Elías mörgum Íslendingum þetta sumar og um haustið sem hann átti eftir að halda vinfengi við framvegis. Og lét sig síðar dreyma um að skrifa um þau kynni.

Báðar skáldsögurnar, *Man eg þig löngum* og *Eftir örstuttan leik*, bera ljósan vott um leit höfundarins að kynferðislegri sjálfsmynd hvað sem verðleikum þeirra líður að öðru leyti. Leitin hafði hafist miklu fyrr eftir því sem sjá má af eftirlátnum skrifum hans. Til eru

nokkrir upphafskaflar Reykjavíkurskaldsögunnar "Börnin á mölinni" frá 1941, um unglingspiltinn Jón Hansson, nokkrir tugir síðna ritaðir með lokafrágangi og raunsæisniði sem einkennir Sóleyjarsögu frá því áratug síðar. Heimilið er verkamannsfjölskyldu og skólinn sennilega trúverðug lýsing gagnfræðaskólanáms á kreppuárunum. Og svo kemur að því að pilturinn í sögunni sannfærast um sérstakt erindi sitt við heiminn, ekki bara sitt eigið líf heldur allra manna. Hann hyggst bæta þar um og verða skáld í því skyni, flytur að heiman og fer að skrifa skáldskap í leigukompu úti í bæ. Í ljóði vitrast honum bruni Reykjavíkur sem hann kallar borg, minnir á sjáandann Swedensburg og bruna Stokkhólmsborgar, samkvæmt heimildum, en kann að vera frjótt ímyndunarafl höfundar í bland við frásagnir af brunanum mikla í miðbænum 1915. Sagan sem inniheldur ljóðið týnist fljótlega í sólarlagsgöngu skáldsins með dularfullum manni sem verður á vegi hans fyrir tilviljun; þroskaðri manni og sambandið á leiðinni að verða lærisveins og meistara af því tagi sem einkenndi allt hans líf. Tveim áratugum seinna skrifaði Elías í fyrsta sinn sögu um ástarfund tveggja karlmanna, sagan heitir Gestur á nýjárnsnótt og er undanbragðalaus lýsing á ástarfundi sem verið hafði í uppsiglingu frá því á unglingsárunum í skrifum höfundarins. Hann segir enn síðar í Njólu: "Ef vel væri þyrfti ég að skrifa mína eigin kynþroska- og kynlífssögu. En ég þori það varla, enda má segja, að mikið brýnni efni liggi fyrir hjá mér til að skrifa um [...]"

Þörfin fyrir að fræða af blaðamannslegu afdráttarleysi var alltaf mikil hvort heldur sem var um kynferðismál eða önnur málefni þar sem var orða vant svo vit yrði í umræðunni. Njóla 16. 5. 1994:

... í dag eru liðin 65 ár síðan ég fór að gefa út dagblað! Það var að sjálfsgöngu skrifað og aðeins gefið út í einu eintaki. Uppátæki þetta voru bein áhrif frá Jónasar-blaði Storms<sup>7</sup> sem út hafði komið í margföldu upplagi í tilefni af fimmtugsafmæli Jónasar frá Hriflu. Dagblaðaútgáfu

---

<sup>7</sup> Blað Magnúsar Magnússonar sem kenndur var við blað sitt.

Þessari hélt ég áfram í einar tvær vikur, en eftir það kom það út óreglulega, oftast þó í viku hverri og sýndi ég það engum nema vini mínum Ásgeiri Magnússyni. Ekki man ég hvenær ég hætti útkomu Storms með öllu, líklega um haustið, og fór þá að gefa út fleiri blöð og með ýmsum nöfnum ... Árum saman var ég svo "að gefa" út slík skrifuð blöð í einu eintaki, og flest þeirra á ég enn. Þau heita nöfnum eins og Lómur, Sólróði, Lóa (fór í eldinn fyrir "mistök" ömmu minnar), Minning ÁM og Tímaritið sem varð langlífast og kom út skrifað í bók allt til 1940, minnir mig. Og ekki má gleyma mjög sértæku blaði, "Leiklist", sem mig minnir að ég hafi haldið úti hátt á annað ár. Langt er nú síðan ég hef litið í þessi blöð mín, en þau eru nú geymd í neðstu kommóðuskúffunni minni – sömu skúffunni og var mín fyrsta vaggja í suðurkvistherberginu á Grettisgötu 46 forðum.

Ritstíflan sem háði Elíasi upp úr miðjum aldri var einkum afleiðing þess að ekki fyrirfundust í þjóðmenningu okkar stakkar, skornir fyrir samkynhneigða rithöfunda, hvað þá tvíkynhneigða eins og Elías var eftir kynþroskann. Ekki er að sjá að hömlurnar hafi náð til einkalífs hans þótt vafist hafi fyrir honum að finna sig á prenti. Sennilega þurfti harðsnúnari mann en hann til að rjúfa þagnarinnsglið af málefnum opinberlega með rituðu máli á þeim tíma sem hann hafði mesta þörf fyrir að losna undan því innsigli. Hvort sem verið hefði með blaðagreinum eða birtum skáldskap. Að minnsta kosti gerði hann það ekki. Í samfélagslegu ljósi var vandi hans stór, og jafnvel meiri en tvíkynhneigðin ein sér, í þjóðfélagi þar sem menn voru fangelsaðir fyrir "kynvillu" samkvæmt blaðafréttum meðan hann var að leita sér að farvegi fyrir skáldsögur sínar. Í bréfi til danskrar bréfavinkonu og ástkonu á Hafnartímabilinu 46-47 skrifar hann um kynhvöt sína: "Min drift er maaske stor, det er jeg smule stolt af, – og du ved, at en mand, som næsten ikke engang maa se en smuk, kvindeaktig dreng mellem 12 og 16 aar uden at føle sig begejstret í hele sit sexuelle væsen, – ikke kan leve uden intim forbindelse med kvinder ..." Sem lýsir í stystu máli persónuvanda hans.

Elías naut kvenhylli á fullorðinsárum og það var gagnkvæmt. En hvað sem kvenseminni leið beindist ástríða hans einkum að einstaklingum af eigin kyni. Hann kynntist vændisstrákunum á Aðalbrautarstöðinni og Kónsins nýja torgi í Kaupmannahöfn meðan á námsdvöl hans þar stóð. Tveir karlkyns bréfavinir hans um áraraðir á fullorðinsárum hans skrifuðu um hneigðir hans til "chicken-types" og vísuðu með orðinu til unglingspilta. Annar í Oregon í Bandaríkjunum. Hinn í Höfðaborg í Suður-Afríku. Sá í Oregon segir fullum fetum í bréfi til Elíasar að áhugamálið sé ekki raunhæft. Óþroskaður unglingspiltur með vitsmuni fullorðins manns! Slíkur maður fyrirfinnst ekki. Sjálfur tekur bréfritarinn fram að hann kæri sig ekki um karlmenn sem hafi færri bringuhár en hann hafi sjálfur!

## Heimkoman frá London

Elías dvaldi í Finnlandi í júlí 1947, í höfuðborginni Helsinki, vegna rithöfundamótsins sem þar var þá haldið og þá nær dauða en lífi vikurnar á eftir af ástæðu sem frá var greint. Hann dvaldi í sömu borg fyrri hluta árs 1949, að því sinni við undirbúning smásagnasafnsins *Gamalt fólk og nýtt* sem Ragnar í Smára gaf út í des. 1950. Einnig við ritun skáldsögunnar *Vögguvísu*. Hann lauk við fyrstu yfirferð þeirrar sögu á mánuði, hafði gert uppkastið degi fyrr en hann lagði upp í utanlandsferðina. Hann var iðinn við ritstörf í Helsinki '49, auk vinnu við þessar tvær bækur skrifaði hann fræðiritgerð á sænsku, þrjátíu þéttskrifaðar síður, um íslenskar bókmenntir frá því á 14. öld og fram á sína daga. Ritgerðin birtist í þrem hlutum í sænsku blaði, Nya Pressen, 25., 26. og 30. júlí 1949. Hefur líklega notið við samninguna aðstoðar Karls Ísfelds bókmenntamanns sem var með honum í förinni og bjó á sama hóteli.

Vinakynni Elíasar í Helsinki 49 urðu fjölbreytt eins og oft áður og síðar á erlendri grund sem heima. Vinkonan hét Eivör Karlsson. Saman skoðuðu þau borgina og nágrenni og áttu löng samtöl sín í milli fram á nætur sem síðar leiddi af bréfaskipti þeirra í milli sem entust langa tíð. Elías kom til Kaupmannahafnar eftir síðari Finnlandsvölina 29. júlí 1949. Á næstu dögum heilsaði hann upp á prófessor Jón Helgason og frú og rifjaði upp með þeim fyrri kynni. Frá Höfn hélt hann heim með Brúarfossi þann 9. ágúst. Skömmu eftir heimkomuna var hann kominn til Vestmannaeyja og hélt til hjá

Sverri Haraldssyni listmálara og foreldrum. Þeir vinirnir fóru á ball ásamt skáldinu Sigurbirni Sveinssyni og öðrum góðum mönnum, skoðuðu Hundraðmannahelli og hittu Ása í Bæ. Elías lýkur við útvarpsleikrit í Eyjum þrátt fyrir heimsóknir og gleðskap, *Þrír vegir*. Heldur heim 29. sept., eftir vikudvöl í Heimaey. Þann 17. okt. þetta ár lýkur hann við að hreinrita *Vögguvísu*. Hann bauð Birgi Kjaran smásagnasafnið til útgáfu, en Birgir afþakkar. Daginn eftir byrjar hann að semja útvarpsleikrit, *Nóttina*. Þann 16. febrúar á þessu ári hafði hann hlotið styrk frá Menntamálaráði til bókmenntanáms erlendis, og hann hafði allt árið stefnt að því að komast til London til námsins. Þann 9. des. fær hann í pósti formlega heimild frá University College of London til að stunda "frjálst" nám við skólann frá næstu áramótum. Um miðjan des. er hann kominn til Parísar eftir stutta dvöl í London, hittir í borginni félagar af kaffihúsum Reykjavíkur og á með þeim margar gleðistundir í París um jól og áramót. Stundum voru það mest Íslendingar sem að teitinni stóðu en ella nutu menn sín í fjölmenni á veitingahúsum stórborgarinnar. Hann skrifaði smásöguna *Eggjárn* á þessum dögum í París og einnig á ensku smásöguna *Snjódagur* sem hann reyndi að fá birta í ensku tímariti þegar hann kom aftur til London, en það tókst ekki.

Í London leigði hann herbergi í miðborginni og sótti opna fyrirlestra á British Tutorial Institute. Hann naut þess að ganga einn um borgarstrætin í þoku, óttalaus segir hann í blaðagrein. Stundaði söfnin. Hann leitaði að gröf Karls Marx. Og upplifði að leggja mynt í söfnunarbauk í hendi skáldsins T. S. Elliots við messu í kirkju heilags Stefáns í London. Hann sat með íslenskum kunningjum á kaffihúsum og þá var mest rætt um bókmenntir og listir. Heilsa hans var ekki góð fyrstu vikurnar á nýja árinu í London, hann var með þrálátan hósta og alhliða slappleiki hrjáði hann, þar með voru tennurnar að angra og þurfti að fjarlægja nokkrar í áföngum. Hann tók að ástunda líkamsræktarkerfi Charles Atlas. Ritar af því tilefni í dagbók sína 26. feb.: "Finn á mér breytingar til batnaðar andlega og líkamlega sökum reglubundinna leikfimisæfinga og heilbrigðara

lífarnis en áður." Hann hafði sótt um gjaldeyri heim til áframhaldandi dvalar í London á þessu ári en gjaldeyriseftirlitið hafnaði umsókninni 12. febrúar. Þann 11. mars byrjar hann á nýju smásagnasafni, lauk við eina sögu og ákvað að hafa þær tólf. Þann 1. apríl gerði hann drög að skáldsögu sem átti að verða tvö bindi, um ungan íslenskan mann og samtíðarskáld. Hann ritar: "[...] hefi lengi hugsað um þetta efni; nöfn o.þ.u.l. mjög óvíst." Hann skrifaði og þýddi blaðgreinar sem hann sendi heim og birtar voru í blöðum og tímaritum, meðal annarra Hjartaásnum. Hann þýddi 38 síðustu síður skáldsögunnar *Franz rottu* fyrir útgefanda án þess að fram kæmi neinsstaðar að væri hans verk. Þannig var um Elías fyrr og síðar að hann var fenginn til að hlaupa undir bagga með öðrum þýðendum þegar komnir voru í þrot en var svo ekki að neinu getið.

Elías hafði alltaf verið mikið fyrir bíóferðir og í London fór hann títt í Eros News Theatre og önnur kvikmyndahús. Hann las mikið enskar bókmenntir og fræðirit um kynlíf af öllu tagi. Þann 4. júlí veitti menntamálaráð honum ókeypis far heim til Íslands á einhverju Eimskipa og heim kom hann með Gullfossi frá Leath þann 24. júlí. Viku síðar hafði hann orðið sér úti um víxil í Búnaðarbankanum sem Gils Guðmundsson og annar bókmenntaunnandi til skrifuðu upp á fyrir hann. Kunningi hans hafði búið í herbergi hans að Grenimel 22 meðan hann var í burtu og haft full afnot af húsmununum. Nú tók Elías að nýju við herberginu og leigjandinn fann sér annan viðverustað. Um þetta leyti tók hann við handritinu að *Vögguvísu* hjá Ragnari og fór yfir það aftur.

Elías segir um dvölinna í London veturinn 49-50 í viðtali í Lesbók Morgunblaðsins 1958:

Ég eyddi heilum vetri úti í London fyrir átta árum við að hripa upp þriggja þátta leikrit. Um vorið, þegar ætla mætti að ég hefði tekið mig til og hreinritað það, komst ég að þeirri niðurstöðu að betur myndi fara á því að tjá meiningu mína í smásögu. Ég dró saman allt það sem ég hafði áður teyggt upp í leikrit – og útkoman varð miðlungslöng smásaga,

sem ég var stórum ánægðari með en leikritsuppkastið, enda þótt hún sé óbirt enn.

Eftir nærri ársdvöl í London var Elías Mar orðinn nægilega lífsreyndur þetta haust 1950 til að koma út úr skápnum með tónlistarmanninum Sturlu Tryggvasyni.<sup>8</sup> Undir áramótin tóku þeir félagar að leita til gamals kennara Elíasar, hins sextuga Þórðar Sigtryggssonar, um fróðleik í kynlífssökum. Orgelkennarinn kunnir var þekktur meðal samborgaranna fyrir kynþarfir sínar sem eingöngu beindust að karlmönnum, auk þess sem hann ar orðlagður fyrir þekkingu sína á klassískum bókmenntum og það að liggja ekki á skoðunum sínum hvað sem í odda skarst.

Þennan vetur, þegar Elías var hálfþrítugur, fann hann sig kynferðislega og verður þeirri sjálfsmýnd líklega best lýst með beinni tilvitnun í minnisbók hans frá þessum tíma: "Ástin verður að sigra þótt spillt sé!" Hann átti sér frá því fyrir utanlandsdvölinna nána vinkonu, Carlottu, sem hann tók á ný upp félagsskap við eftir heimkomuna frá London, og þau Carlotta og Sturla urðu hinir mestu mátar þótt Elías hefði náin kynni af þeim báðum. Hvorki karlmennska Wagneristans sem þenur sig yfir síður *Eftir örstuttan leik*, né lítilþægni aðalpersónunnar í *Man eg þig löngum* höfðu dugað honum til sjálfsskilnings fram að þessari niðurstöðu að hneigðir hans stóðu til beggja kynja. Bambínó, aðalpersónan í *Vögguvísu*, stendur honum næst að þessu leyti; Elías gat ekki losnað við hann úr huga sér fyrr en hann ímyndaði sér að Bambínó hefði farist með togaranum Júní á Nýfundnalandsmiðum árið 19-!(ath.)

Hann var á kafi í menningarlífinu í Reykjavík veturinn 50-51, stundaði kaffihúsin í miðbænum, Ingólfskaffi, Miðgarð, Hressingarskálann, Adlon, Kaffi Höll, sat þar á spjalli við væntanlega forkólfa listalífsins í landinu og á einkaheimilum daga og nætur. Á næstu mánuðum eftir heimkomu hans frá Englandi

---

<sup>8</sup> Sjá dagbækur Elíasar frá haust- og vetrarmánuðum 1950-51 á handritadeild Landsbókasafns Íslands.



stofnaði hann ásamt nokkrum vinum sínum Hallarklúbbinn, sem kenndi sig við "listamenn og áhugamenn um listir", og urðu ýmsir félagsmannanna með árunum þjóðkunnir fyrir framlag sitt til íslenskra menningarmála. Félagsskapur Elíasar var annars af mörgu tagi. Sumir þeirra vinanna voru einkum bókmenntasinnaðir, aðrir voru tónlistarmenn eins og Sturla sem kom stundum með hnéfiðlu sína í heimsókn til hans, viðkvæm sál sem liðið hafði í bernsku fyrir heimilisaðstæður sínar og táraðist ef hart var að honum gengið. Bernskuvínurinn Ásgeir Magnússon frá árunum á Hverfisgötu 80 hélt órofnu sambandi við Elías en var sendur á Vordingborgarsjúkrahúsið á Fjóni um veturinn vegna sjúkdóms síns, náði síðar nokkrum bata eftir aðgerð hér heima, en aldrei fullum. Seinni hluta árs 1950, mánuðina eftir heimkomuna frá London, var Elías upprennandi rithöfundur með tvær skáldsögur að baki og tvær aðrar bækur á næstu grösum. Vinsamlegar umsagnir blaða og tímarita um hinar fyrri bækur höfðu veitt honum meðbyr. Og umtalið var mest á betri nótunum þegar kom að bókum Elíasar sem Ragnar gaf út í desember 1950.

## Mótið í Berlín

Elías fékk vinnu eftir heimkomuna frá London sumarið 1950, við þýðingastörf og auglýsingasöfnun. Auk þess tók hann að vinna við útgáfu ritsafns Benedikts Gröndals, verkefni sem hann sinnti næstu árin með öðrum verkefnum. Eftir að fór að bera á honum á þeim slóðum í borginni sem nú eru kenndar við 101 var hann fljótlega vinsæll meðal upprennandi og lengra kominna listamanna og menningarfólks af báðum kynjum, einkum fyrir félagakynnin á matsölustöðum í miðbænum. Hann stóð tíðum á tali við einhvern þjóðmálaforkólfinn, svo sem Sigurð Nordal eða Hriflu-Jónas, á gangstétt í gamla bæjarhlutanum og gat teygst úr samtalinu ef veðrið var gott. Þannig endurnýjaði hann eftir heimkomuna kynnin við Karl Strand geðlækni sem búsettur var í London og Elías hafði stundum heimsótt óformlega meðan á dvölinni í borginni stóð. Hann var áberandi meðal fjöldans fyrir það hve hávaxinn hann var, andlitið langt og nefið mikið og bogið. Það þurfti menningarvita á borð við Þórð Sigtryggsson til að finna að félagsskapnum á þessum tíma, en það gerði þessi vinur hans eins og sjá má af bréfum Þórðar til Elíasar og vinafólks hans á þessu tímabili, fyrri hluta árs 1951. Þórður reyndi að aga Elías að hætti forngrískra lærimeistara og undanskildi ekki kynlífið frekar en þeir!

Heita má að Elías hafi gengið í skóla hjá Þórði í kynlífssökum mánuðina eftir áramótin 1951. Hlé varð á samskiptum þeirra tveggja í hálf ár, frá því í maí 1951 þar til 1. okt. sama ár, helst er útlit fyrir, að Elías hafði útskrifað sig sjálfur af kynlífsnámskeiði hjá Þórði um veturinn. Í maí bjó hann sig undir "Ungmennafestival" í

Austur-Berlín í ágúst um sumarið, kom við í Kaupmannahöfn og nýtti sér þa lexíu sem hann hafði lært af Þórði. Hann skrifar í dagbókina í framhaldi af boðinu: "Fæ þá fregn að Menntamálaráð hafi enn einu sinni veitt mér ókeypis far heim með Gullfossi er mér þurfa þykir." Og slær víxil til fararinnar. Í Höfn beið hann samferðarfólksins til Berlínar.

Á þessum tíma hafði Sovét-kommúnisminn mikið aðdráttarafl fyrir æskulýð víðsvegar um Vesturlönd. Og rithöfundar í sömu löndum voru undir miklum þrýstingi að gerast flokksbundnir vinstri sinnar með innhlaup í málöggn af því tagi í heimalandi sínu. Hérlendir höfundar áttu velgengni sína undir því hversu dyggir þeir reyndust hugsjóninni. Berlínarborg hafði á árunum um 1950 enn ekki verið skipt með múr eins og síðar varð, en laut herstjórnarvaldi sigurvegaranna í heimsstyrjöldinni og var skipt milli þeirra í tvo hluta. Vesturveldin réðu þeim hlutanum sem nær þeim lá, hið sovéska hervald réði austurhlutanum með höfuðstöðvar í Moskvu. Borg sem amma Elíasar kallaði alltaf Möskvu í hans eyru og áleit uppsprettu alls ills. Hann fór ekki beina leið á mótið í Austur-Þýskalandi heldur fyrst til London og var kominn þangað 7. júlí. Dvaldi í London til 22. júlí og byrjar þá á bókinni *Ljóð á trylltri öld* sem kom út fyrir áramót þetta ár. Fór svo til Kaupmannahafnar og endurnýjaði þar kunningjakynni uns hann heldur með lestinni til Berlínar ásamt fleiri þátttakendum hins alþjóðlega æskulýðsmóts.

Friðarþingið í Austur-Berlín var hið fjölmennasta í veraldarsögunni fram til þessa segir Elías í grein í Þjóðviljanum þann 9. apríl 1952. Þátttakendurnir skiptu hundruðum þúsunda og voru frá öllum heimsins löndum, segir hann. Og rekur nú hver stóratburðurinn annan. Pólverjar kynna menningu sína með söng og dansi þann 6. ágúst. Daginn eftir er farið í sirkus og daginn þar á eftir siglt um ár og vötn í nágrennabyggðum borgarinnar. Komið er við í ungliðabúðum. Að kvöldi sama dags fer fram ballettsýning fyrir mótsgesti. Kvikmyndalist austantjalds er kynnt næsta dag og þann 10. ágúst er farið á listsýningu í húsi austur-þýska

fjármálaráðuneytisins. Samdægurs horfa íslensku þátttakendurnir á rússneskan ballett og skoða ummerki hinna nýliðnu styrjaldarára. Svo er komið að heimsins lengstu og mestu skrúðgöngu þann 12. ágúst; gengið er um Marx-Engels torg. Þar kom að þátttakendur fengu dag fyrir sig. Farið var á söfn og kráarölt.

Mikilvægi rithöfundarins Elíasar Marar fyrir stjórnendur mótsins umfram ýmsa aðra þátttakendur kom best í ljós þegar líða tók á hátíðina. Þann 15. ágúst er hann í rithöfundapartíi fyrri hluta dagsins og skoðar svo alþjóðlega sýningu. Þann 16. talar hann við forráðamenn Þjóðarútgáfunnar, Verlag der nation, um möguleika á útgáfu úrvals úr bókum hans í gistilandinu. Þann 17. ágúst er morgunpartí skálda og rithöfunda meðal mótsgesta og heimamanna og hann er þátttakandi. Eftir það hlustar hann á suðurameríska rithöfundinn Pablo Neruda flytja ræðu. Svo vill til að Neruda hafði hlotið sömu upphefð og Elías á sömu slóðum, honum verið boðið að velja úr ljóðum sínum til útgáfu í einni bók, en ekki látið við sitja heldur hafði stórskáldið ort heila ljóðabók í þeim alþjóðlega anda sem hæfði tilefninu. Mótshaldið gerir ekki endasleppt við Elías, heldur er honum boðin útgáfa á *Vögguvísu* á þýsku. Þegar aðrir hinna íslensku þátttakenda leggja af stað á ný með lest til Hafnar, svo og flestir þátttakendanna, fer hann á vegum mótshaldaranna í skoðunarferð suður í land ásamt öðrum Íslendingi úr hópnum, hinum þýskumælandi Guðmundi Magnússyni. Og fleiri völdum fulltrúum af Norðurlöndum.

Elías segir í grein í Þjóðviljanum um mótið í Austur-Berlín eftir heimkomuna:

Mönnum var algjörlega sjálfrátt um það, hvernig þeir vörðu tíma sínum og hvar þeir héldu sig, hvort þeir vildu heldur taka þátt í opinberum hátíðarhöldum eða skemmtunum innanhúss, skoða hverskyns sýningar eða gera eitthvað annað; – vaka eða sofa. Einnig var öllum að sjálfsögðu frjálst að fara hvert sem þeir vildu.

Hinum völdu þátttakendum fararinnar um Suður-Þýskaland var að endingu boðið af Rússum, sem þjóð, til veislu á Hótel Adrian í Berlín. "Við komum þangað um fjögurleytið og settumst þegar að snæðingi, en ekki er að orðlengja það að setið var að áti og drykkju til klukkan rúmlega sjö," segir Elías og dái Rússa fyrir hið glæsilega veisluhald í grein sinni.

Í september er hann kominn til Kaupmannahafnar og hittir þar enn kunningjafólk og skemmtir sér með því. Og nú er hann undir það búinn að taka þátt í mannlífi borgarinnar af því tagi sem honum hæfir að sjálfs hans skilningi en hefur veitt sér takmarkaðan aðgang að í fyrri skiptin í borginni. Hann á skemmtistaðinn Fortuna, þar sem samkynhneigðir áttu sér griðland, og þann 2. sept gerist hann félagsmaður í Forbundet av 1948, helsta hommaklúbb borgarinnar og undanfara Samtakanna 78 á Íslandi. Í Forbundet skemmti sér þar 9., 12., 15., 17. og 19. sept. Og kynntist Íslendingum sem sóttu í þetta skjól í Hafnarferðum sínum, svo sem Bjúsa og Halldóri Þormar, greindum hæglætismanni sem hélt vináttu við hann meðan báðum lifðu.

Á siglingunni heim til Íslands með Gullfossi 24.-27. sept. var klefafélaginn prófessor Sigurður Nordal.

# Atvinnumennska

E. M ritar á minnisblað Í Kaupmannahöfn þann 28.4.78:

Nokkru eftir að skáldsaga mín Vögguvísa var útgefin í Berlín, 1958, fóru mér að berast frá Sambandslýðveldis-forleggjurum og tímaritum tilmæli um aðsent efni, einkum smásögur, t.d. vildi [ólæsil.] í Munchen fá heilt smásagnasafn. Það þóttist ég þó ekki hafa á lager þá, sem reyndar var vitleysa, strangt tekið, og hummaði öll tilmælin fram af mér, nema eitt, frá Hamborgartímariti sem nefndi sig "*konkret*" (með litlum staf). Því var það, að smásagan "Narcissus 1960", sem ég hafði skrifað í ágúst það ár, birtist fyrst á prenti á þýsku í 5. hefti 1962. Hvort ég fékk nokkur ritlaun greidd, man ég ekki lengur; mig minnir að umbunin væri sú ein, að mér var sent þetta flennistöra blað í nokkur ár, letrað steinskrift á fremur grófan pappír, myndskreytt í einskonar poppstíl þýskum. Stutt og formleg bréfaskipti urðu milli mín og ritstjórans, NN, af þessu tilefni. Ekki hvarflaði það að mér um þær mundir, fremur en veröldinni yfirleitt, að þáverandi ektakvinna NN ritstjóra ætti eftir að slíta samvistum við þennan mann sinn, taka upp aftur sitt fyrra fjölskyldunafn og gera það nafn heimsfrægt. Hún er nú látin, en hún hét Ulricke Meinhof.

Ekki kæmi mér á óvart þótt ég væri lentur á svartan lista in der Bundesrepublik Deutschlands.

Hann var lengi að borga víxilinn sem hann tók fyrir Berlínarförinni sumarið 1951. Fjárhagurinn var lengst af í þrengsta

lagi á rithöfundarárunum, svo heima sem erlendis, enda borðaði hann ár frá ári flesta daga á veitingahúsum í miðbæ Reykjavíkur, notaði mikið leigubíla og var veitull á áfengi bæði sjálfum sér og öðrum. Þetta ár og hið næsta hélt hann áfram vinnu við að afrita frumrit Benedikts Gröndal og bera saman texta þess mikilvirka höfundar. Sú vinna var tímafrek og illa launuð. Hann sótti um starf á Keflavíkurvelli, en ekkert varð úr. Og um þularstarf við ríkisútvarpið en fékk ekki þrátt fyrir styrka rödd og skýran framburð. Í september 1952 tók hann að lesa prófarkir fyrir Ragnar Jónsson útgefanda í Helgafelli og næstu áratugina las hann prófarkir fyrir Ragnar og aðra útgefendur, ritstjóra og rithöfunda. Í ársbyrjun '53 var hann ráðinn til að skrifa ritdóma í Tímarit Máls og menningar. Og í febrúarbyrjun það ár fór hann að vinna við blaðamennsku á Þjóðviljanum. Meðal annars við hinn vikulega Bæjarpóst sem hann sá um í hálfu ári, en hætti þá. Ritstjórinn Magnús Kjartansson hafði stungið undir stól grein eftir Elías. Um áramótin var hann hættur á Þjóðviljanum. Byrjaði að vinna þar aftur í október 1961 og þá sem prófarkalesari,. Eftir það var hann fastráðinn við blaðið uns það hætti að koma út 1992.

Þrjár skáldsögur eftir hann voru komnar út. Þann 23. mars 1953 lagði hann drög að nýrri skáldsögu sem átti að heita *Sóleyjarsaga*. Ráðgerði jafnframt að skrifa samhliða aðra skáldsögu sem átti að bera með sér minningar hómósexualista og heita "Þeir sem guðirnir elska". Árið áður hafði hann dregið saman landsskrá yfir 40 hómó- og bísexúalista "sem ég veit með vissu að existera í Reykjavík", sumpart upplýsingar frá Þórði. Bókinni vafalítið á fræðilegum nótum. Þann 9. apríl þetta ár var honum boðið á alþjóðlegt þing ungmenna í Búkarest, höfuðborg Rúmeníu, sem fara átti fram í ágúst. Persónuhagirnir voru ekki góðir um þessar mundir. Meðal ýmislegs sem hrjáði hann hafði tönnum hans enn fækkað frá því hann var í Englandi veturinn 1950, þær síðustu voru teknar á þessum síðvetrarmánuðum. Í framhaldi af því fékk hann gervigóma og kunnii "sæmilega" við þá.

Á tíð atvinnumennsku hans sem rithöfundar, sjötta áratugnum, var vinnuálagið mikið. Í blaðagrein sem hann kallaði *Júldaga í Bretlandi* og birtist í Þjóðviljanum 10. jan. 1952 greindi hann frá dvöl sinni í London á árunum 1949-'50 og segir í upphafi:

Undangengnar þrjár vikur hafði ég keppt við að vélrita upp úr tólf þéttskrifuðum stílabókum sjálfsvævisögu Benedikts Gröndals til birtingar í lokabindi ritsafns hans; samtímis þessu hafði ég orðið að lesa prófarkir af bókarþýðingu eftir mig, sem fara þurfti í prent; auk þess neyðst til að hripa upp þýðingar á einum tíu blaðagreinum og smásögum til þess að hafa fyrir mat; að ógleymsdu því, að svo til daglega varð ég að hafa mig allan við í þeirri tilraun minni að gera viðkomandi yfirvöldum skiljanlegt, að óhætt væri að láta mig hafa smávegis lúsarklínu af erlendum gjaldeyri, hvað illa gekk. Sú staðreynd virtist nefnilega ekki hafa hlotið mikinn skilning í röðum íslenskra gjaldeyrisyfirvalda, að ungum íslenskum rithöfundum er ekki síður gagnlegt að sækja heim önnur lönd heldur en t.d. jafnöldrum þeirra í skólum, tafleinvígum, ellegar sportkeppnum.

Á komandi árum héldust kjör hans óbreytt. Samþykktur víxill var fastur liður og framlenging víxilsins þegar kom að skuldadögnum. Hann hlaut að vísu stundum opinber framlög til ritstarfanna en varla meira en sem svaraði víxli sem hann þá hafði framlengt nokkrum sinnum, kannski þó fyrir nokkrum máltíðum á Skálanum að auki. Þýðingavinnan hefur líklega reynst honum drýgst á þessum árum atvinnumenskunnar. Hann hélt þýðingunum áfram um langt árabil. Hann þýddi leikrit fyrir útvarp og leiksvið og skáldsögur fyrir útgefendur, svo sem reyfara eftir Agötu Cristie. Einnig blaðagreinar og sögur fyrir tímaritin Heima er best, Heimilisblaðið, Úrval, Hjartaásinn, Amor, Sök, Sakamál, Afbrot og Séð og lifað. Innlend glæparit voru nýlunda á sjötta áratugnum og nutu mikilla vinsælda í allri bókmenntadramatíkinni. Þau voru keypt af yngra fólkinu heima hjá mér á Fjölnisvegi 20 þegar ég var krakki. Mér er í fersku minni tær framsetning efnisins, einfaldur stíllinn og afdráttarlaust málfarið,



– Þessi slóð Elíasar hefur verið á fárra vitorði. Tímaritið Satt, sem einnig fjallaði um glæpi, var aftur á móti skrifað í þjóðlegum bókmenntastíl og var víða hrósað fyrir það en sömu fundu að hinum ritunum fyrir lágmenningu. Með tímanum fækkaði þýðingum Elíasar fyrir blöð og tímarit en áhuginn meðal rithöfunda og fræðimanna óx, eftir því sem lengra leið, á að hann lesi prófarkir að verkum þeirra. Hann var tilliðanlegur til þess og lagði sig fram við að skýra stílbrensl fyrir höfundinum og annað það sem betur mætti fara, þótt greiðslur væru í lágmarki sem þær oftsinnis voru, og hann léti hafa eftir sér á prenti að honum líkaði ekki að þurfa að ganga svo nærri höfundum, öðrum en sjálfum sér, en teldi ekki eftir sér að lesa prófarkir. Hæfileikinn, að taka á sig ham höfundar, var mikill og þar með innsæið í texta prófarkanna sem hann skynjaði meðan hann þurfti og gleymdi svo strax eftir því sem hann sagði. Þegar kom fram á sjöunda áratuginn var sögð af því sú gamansaga að Laxness hefði gert sendil með próförk að frumsaminni grein skáldsins afturreka og vísað á Elías með þeim orðum að kynni stafsetningu hans betur en hann gerði sjálfur. Próförk í handritasafni Elíasar að *Sálminum um blómið* Þórbergs Þórðarsonar ber þess vitni, að Elías var jafn næmur á stíl meistara Þórbergs á þeirri bók og höfundur sjálfur. Hin seinni ár ævi hans leituðu þjóðþekktir rithöfundar reglulega til hans til að ná frekari fullkomnun í eigin sérvisku, svo sem Thor Vilhjálmsson. Útgefandi Elíasar hafði haldið að honum að frumsemja skáldverk með hvatningum og loforðum um greiðslur sem skiluðu sér á endanum, þótt yrði dráttur á. En samstarfið um frumsmíðagerð varð æ óljósara eftir því sem lengra leið á sjötta áratuginn. Á þeim árum sem Elías skrifaði seinni hluta *Sóleyjarsögu*, '55 til '59, var samvinnuvilji Ragnars við atvinnurithöfundinn orðinn lítið meira en orðaflaumur í jeppanum sem Ragnar var kunnur að og gat borið hann ásamt farþega víðsvegar um bæinn og nágrennabyggðir án þess að ökumaðurinn sýndi þess nein merki í ferðinni að vita hvað hann sagði eða hvert hann væri að fara.

Rithöfundurinn Elías Mar reyndi fyrir sér um atvinnumennsku á árunum frá '46-'60 og hafði þá undirbúið sig með því að hreinrita á árunum á undan öll sín skrif frá upphafi, sem hann hafði varðveitt, og skoðaði við það tækifæri frágang þeirra og tilefni af nákvæmni. Á tímabili atvinnumenskunnar bar hann mörgu við, að því er varðaði einkahagi hans, til að saman næðust endar í fjármálunum. Hann gerði tilraunir til að snúa sólarhringnum við til að auka afköstin, var þá í senn að reyna að stunda ígripavinnu sína, eigin ritstörf og bóhemlíf sem alltaf fylgdi honum frá því um 1950, eftir heimkomuna frá Englandi. Þessi viðsnúningur á vöku og svefni reyndist rithöfundinum ekki affararsæll að eigin álitum. Meðal skólafólks um miðjan sjötta áratuginn var í tísku að nota örvunarlyfið amfetamín fyrir stúdents- og háskólapróf, sama gildi um listamenn sem óttuðust að úthaldið hætti að gagnast þeim frammi fyrir erfiðum verkefnum. Áhættan við notkun slíkra lyfja var að hyggju manna þá minni en nú er talin vera og að því skapi auðvelt að verða sér úti um þau frá lækni. Elías neytti þessa efnis til að halda sér gangandi og var þó atorkan mikil.

Í maí 1953 mætti hann á undirbúningsfund "Festivals fyrir æskulýð og stúdenta" fyrir ferðina til Búkarest í ágúst. Hann hélt til Hafnar og gisti hjá vinafólki sínu, Jóni Helgasyni og frú Þórunni. Samfylgdarfólk hans með lestinni suður á bóginn var Bergssynir tveir, Bjarni og Guðbergur, sem þá var um tvítugt, skáldkonan Ásta Sigurðardóttir, Árni Bergmann, seinna gagnrýnandi við Þjóðviljann, sem þá var 17 ára gamall, þjóðmálaforkólfurinn Bjarni Benediktsson frá Hofteigi, verkfræðineminn Magnús Guðmundsson, skáldkonan Halldóra B. Björnsson og dóttir hennar. Farið var með lest um margar borgir á meginlandinu sem Elías telur upp í vasabók sinni líkt og hann skrifi upp eftir farmiða eða hátalarakerfi við teinaískur, rennihurðaskelli og gjalla rödd lestarþjóns með klippur á lofti. Ferðin suðureftir tók á annan sólarhring og hefur verið bæði krókótt og erfið.

Þegar til höfuðborgar Rúmeníu kom var hafin opunarhátíð Festivalsins við fjölmenni. Elías ritar í grein í Þjóðviljanum 23. sept. þetta haust: "Búkarestmótið var óslitin skemmtun, áhyggjulausir frídagar, þar sem maður var blessunarlega laus við uppþrengjandi stríðstal blaða, útvarps og fólksins á götunni eins og er daglegt brauð manna hérnamegin tjalds." Helst hefði mátt finna að skipulagi mótsins, segir hann, og ber það saman við mótið í Berlín sem hann segir að hafi verið skipulagðara, enda ekki á öðru von þar sem Þjóðverjar stóðu að því, og um leið dramatískara enda borgin Berlín ekki svipur hjá sjón eftir átök heimsstyrjaldaráranna. Á hinn bóginn voru hvergi merki í Rúmeníu um styrjöldina þar sem hann sá til.

Kennaraskólapilturinn Guðbergur Bergsson var níu árum yngri en Elías sem hafði gefið þessum pilti auga áður en að ferðinni kom og langað til að kynnast honum. Nú lét hann verða af því. Eftir heimkomuna voru þeir Guðbergur ástvinir næstu þrjú árin, uns síðarnefndur hélt utan til námsdvalar á Spáni í vetrarbyrjun 1956.

# Hughvörf

Meðal skjala Elíasar frá sjötta áratug síðustu aldar eru heimildir um skipti hans og bókaútgefandans Ragnars Jónssonar og útgáfu hans, Helgafells, sem skýra að nokkru hughvörf á höfundarferli Elíasar eftir 1959, útkomu *Sóleyjarsögu* II það ár. Þrjár aðrar skáldsögur hans höfðu þá komið út á vegum Helgafells, *Eftir örstuttan leik* 1946, *Man eg þig löngum* 1949 og *Vögguvísa* 1950. Fyrri bindi *Sóleyjarsögu* kom út 1954. Á þessum árum var markmið Elíasar að starfa einkum sem atvinnuhöfundur án þess að það kæmi niður á bókmenntalegu gildi skáldverka hans. Á þessum metnaði, atvinnumenskunni, varð viðsnúningur um 1960 þegar hann tók af fullum ásetningi að stunda vinnu við prófarkalestur og þýðingar til að hafa af viðurværi sitt.

Hann bjó í Reykjavík fyrst eftir Hafnardvölinu 45-47. Veturinn 49-50 leitaði hann fyrir sér að komast í bókmenntanámi við University College of London, og þar í borg bjó hann lengst af þennan vetur og sumarið eftir eins og að framan segir. Lítið varð úr skipulögðu skólanámi hans á þeim tíma en þeim mun meira úr margskonar kynnum hans af mönnum og menningu meðan á Lundúnadvölinni stóð. Þegar hann fór til London í það skiptið voru tvær skáldsögur eftir hann komnar út. Sú þriðja, *Vögguvísa*, lá tilbúin hjá Helgafellsútgáfu frá því í nóvember 1949. Þann 14. janúar 1949 var hann búsettur í London og komið að honum að greiða skólagjöld við hinn enska skóla, en hann gat ekki leyst út gjaldeyri til greiðslunnar vegna þess að ekki barst borgun fyrir skáldsöguna frá útgefandanum Ragnari Jónssyni eins og hann hafði reiknað með og taldi sig eiga inni. Öll form voru frágengin milli

hans og skólans en líklega hafði hann ekki hafið námið þegar hér var komið. Starfsmaður Ragnars og útgáfunnar, Vilhjálmur S. Vilhjálmsson, er skráður "guardian", ábyrgðarmaður, á skólaumsóknina. Elías ritaði Ragnari bréf á uppgjörseginum og mæltist kurteislega til þess að hann borgaði sér fyrir *Vögguvísa* sem hann gerði ráð fyrir að kæmi út um haustið þetta ár, 1950. Eftir að hafa beðið eftir svári um tíma ítrekaði Elías bónina um greiðslu í bréfi. Fyrsta sumardag svaraði Ragnar báðum bréfunum í einu með nokkrum þjósti:

Kæri vin, –

Ég var að fá bréf frá þér. Mér skilst að þú sért að minna mig á peninga, þó þú farir reyndar fínt í það vegna þess að þú heldur af fenginni reynslu að ég sé að vanda auralítill. Það er mjög fallett af þér. Það er án efa nokkuð langt þangað til ég hef greitt öllum mönnum það sem ég skulda þeim og því finnst mér, eins og er, varla sitja á mér að vera að bjóða fram fé til þeirra fáu manna, sem ég ekkert skulda, jafnvel þótt þeir hinir sömu séu í senn auralitlir sjálfir og alls góðs maklegir.

Handrit þitt mun vera hjá mér, en ég hef ekkert um það ákveðið hvort ég lifi af að koma því út, eins og ég mun hafa sagt þér ótvírætt. Sú bók verður aldrei talin skemmtileg eða sérlega merk, hins vegar á köflum interessant fyrir skólapilta sem langar til að skrifa.<sup>9</sup> Leiðinlega bókin þín, sem ég illu heilli lét þrykkja fyrir þig og mig í fyrra, eða hvenær það nú var, þar sem drukkið var allt það kaffi, sem innflutt var á samanlögðu öllu skömmtunartímabilinu, hefur ekki fundið náð fyrir augum þeirra sem leggja fram peninga fyrir bækur og reyndi ég þó af veikum mætti og mjög gegn breyzkri samvisku minni að skrökva upp á hana margskonar girnilegum verðleikum.<sup>10</sup> En allt kom fyrir ekki. Elías Mar er ekki maður dagsins enn. Því er nú helvítis ver, Elías minn kær, að nú hef ég í svipinn ekki ráð á því að prenta bækur fyrir mig einan, en strax og sá dagur siglir aftur sunnan yfir höfin, mun ég byrja á því á ný

---

<sup>9</sup> *Vögguvísa*. Helgafell. Rv. 1950.

<sup>10</sup> *Man eg þig löngum*. Helgafell. Rv. 1949.

og þá kemur Þjóðvísan þín á prent, nema þú hafir áður kynnst öðrum útgefanda, sem ekki gefur út bækur til að prakka þeim inná annað fólk, heldur lætur gera þær handa sjálfum sér eins og málverk, sem enginn utan eigandinn fær nokkurntíma augum litið. Ef ég skyldi sjálfur, á undan þér, fréttu af slíkum manni, væri gott að þú segðir mér eða V[ilhjálmi].S.V[ilhjálmsyni]. hvað málverkið á að kosta.

Engin sérstök tíðindi man ég handa þér nema hvað verið er að opna Þjóðleikhúsið og listamannaþing hefst uppúr því. Þinn einlægur.

Elías svaraði bréfi Ragnars 2. maí. Svarið er gild heimild um afstöðu hans sjálfs til skáldsagna sinna þriggja, svo og um skipti hans við útgefandann Ragnar og bókaútgáfu hans. Elías skrifar:

Góði vinur.

Þökk fyrir bréfið.

Þú samlíkir vafasömum bókaútgáfubissnes við málverkakaup, og skáldsöguhandriti mínu líkirðu við málverk. Þetta er ekki ósnjöll samlíking. Einu sinni mun Steinn Steinarr hafa líkt skáldsögum við esk. sendibréf, sem höfundar sendu hverjir öðrum og ekki væri hægt að krefjast, að almenningur skildi nema undir og ofan á. Hvað sem segja má um það, þá er eitt víst: að bókaútgefandi má aldrei gera sér vonir um að græða á skáldsögu eftir ungan höfund, síst af öllu skáldsögu, sem kemur með eitthvað nýtt; og í öðru lagi: það þýðir ekki að bíða eftir því, að Elías Mar verði "maður dagsins" á bókamarkaðinum, af þeirri einföldu ástæðu, að sú bið getur orðið nokkuð löng.

Þú virðist ekki hafa mikla trú á því að saga mín verði talin skemmtileg eða sérlega merk. Ég er annarrar skoðunar. Ég held, að þú hafir ekki lesið sögukornið vel. Að minnsta kosti bendir það ekki á vandaðan lestur að þú skulir geta farið vitlaust með nafnið og kallað hana Þjóðvísu. Nafn sögunnar eins og það er, er það mikið atriði, að ég held það sé vandi að hlaupa fram hjá því við yfirlestur handritsins. Hins vegar skil ég, að þú hafir það mikið að gera, að þú megir ekki vera að því að lesa handrit vandlega, enda er það eina afsökunin sem ég finn fyrir þig.

Úr því ég er farinn að skrifa þetta langt mál á annað borð, finnst mér ekki úr vegi að ég geri svolitla grein fyrir afstöðu minni til fyrri skáldsagna minna. Þú hefur sjálfsagt tapað á þeim báðum, eða a.m.k. vona ég, að svo hafi verið. Sé svo, þá hefi ég ekki tapað síður.

Fyrri sagan, "Eftir örstuttan leik", var þó að miklu leyti skrifuð með það fyrir augum, að væntanlegur útgefandi gæti sett hana á þrykk án þess að eiga á hættu stórkostlegt tap. Þetta var týpískt byrjandaverk, endabótt ýmsum þætti það frumlegt á köflum. Það var mest að þakka því, að ég hafði lesið bækur, sem ekki höfðu verið þýddar á íslensku og íslenzkir lesendur ekki þekktu dauninn af upp úr blaðsíðunum, þar af leiðandi. – Stærsti galli bókarinnar var sá, að hún var aldrei hreinrituð í heild. Ég tel mig hafa sloppið tiltölulega vel, enda þótt ég hinsvegar vandaði mig með suma kaflana, t.d. þann fyrsta og síðasta.

Um seinni söguna "Man eg þig löngum", er það að segja fyrst og fremst, að hún var skrifuð að mestu leyti á undan hinni. Ég gerði uppkast að henni, þegar ég var innan við tvítugt; og það var að miklu leyti uppgjör við unglingsár mín, endabótt ég vitandi vits tæki aðeins einn þátt af sjálfum mér í persónuna Halldór Óskar Magnússon, ef til vill lakasta þáttinn, hinn passíva, ljósvíkingslega og stefnulausa dreng, sem ég sjálfur var allt fram til tvítugs. Sumarið og haustið 1946 vann ég svo að þessum drögum úti í Kaupmannahöfn með það fyrir augum að geta sent hana í verðlaunasamkeppni Menningarsjóðs fyrir áramótin. Þegar ég hafði lokið henni um miðjan desember, fannst mér ég hafa skrifað. Mér fannst ég geta lagzt rólega útaf, án þess að skrifa meir. Ekki vegna þess, að mér þætti sagan svona góð, heldur vegna hins, að ég fann, að ég hafði lagt að baki nauðsynlegan áfanga. Ég vissi, að ég myndi aldrei skrifa sögu framar, sem væri laus við allt samband við heildina, fólkið, tímann. Ég myndi aldrei framar eyða pappír í þankabrot um sjálfan mig, án sambands við fjöldann. Þar af leiðandi markaði sagan tímamót í þroska mínum, tímamót, sem "Eftir örstuttan leik" hafði enga aðstöðu til að marka. "Man eg þig löngum" mun einhvern tíma verða talin merkilegri bók en hún er talin nú. Fólk mun lesa hana út frá öðrum sjónarmiðum en hingað til. Helzti galli hennar er sá, að hún er ívið langdregin. – Þó er hin tilbreytingalitla frásögn, hægi, náaturalistiski stíll o.s.frv. í eðlilegu sambandi við hið tragiska í gerandi

sögunnar, endapótt ég hafi löngum verið andstæður natúralisma í bókmenntum, teoretískt.

Sú stund mun koma, að þér verður ekki legið á hálsi fyrir að hafa gefið hana út, heldur hið gagnstæða. Þú segist hafa "skrökvað upp á hana margskonar girnilegum verðleikum". Má vera, að þú hafir gert það privat. Svo mikið er víst, að þú auglýstir hana ekki frekar en aðrar bækur, sem þú gafst út um svipað leyti, og hlýturðu að minnast þess, ef þú hugsar þig um. Ég tel heldur engan skaða, að hún var ekki auglýst. Persónusögulegt plagg, eins og hún er, þarf ekki að auglýsa.

Svo mörg eru þau orð um þá sögu í bili, og vil ég nú aftur snúa mér að nýjustu sögunni minni, þeirri sem þú hefur í fórum þínum og heitir "Vögguvísa" ---

Það mun hafa verið skömmu eftir að ég kom heim, haustið 1947, eða í nóvember, að mér kom til hugar efni í smásögu, sem átti að gerast í billjardstofu. Sagan átti að gerast á tæpum klukkutíma og varla verða lengri en fjórar eða fimm síður crown. Ég velti efninu fyrir mér lengi og skrifaði ekki staf, meðfram vegna þess, að ég mátti ekki skrifa, sökum nýafstaðinna veikinda. Mig kitlaði í fingurna eftir því að gera sögunni skil; og ídean yfirgaf mig ekki, heldur jókst hvað leið, unz um vorið, að ljóst var, að þetta myndi aldrei verða smásaga, heldur skáldsaga. Snemma um veturinn hafði ég byrjað á því að orðtaka reykvískt talmál, og er sú skrá í fórum mínum nú, fullgerð. Þetta nýstárlega orðasafn, með skýringum á uppruna, notkun og merkingu orðanna, veitti mér mikla hjálp og beinlínis gaf mér ídeur, þegar ég loksins fór að notera hjá mér þau drög, sem urðu uppistaðan í "Vögguvísu". En ekki skrifaði ég söguna fyrr en í sumar sem leið, úti í Helsingfors, og þá voru liðin tvö og hálf ár frá því ég gekk frá "Man eg þig löngum" – og margt búið að ske í þroska mínum, sem ekki er tímabært að ræða um nánar hér.

Nema hvað, með "Vögguvísu" tók ég upp önnur vinnubrögð en ég hafði áður notað, vinnubrögð, sem ég býst við að viðhalda, ef ég skyldi einhverntíma skrifa skáldsögu aftur. Í þeirri sögu geri ég tilraun til að sýna einskonar "þverskurð" af reykvísku lífi. Og það er ekki mér að kenna, ef myndin er eitthvað annað en falleg í sárið. Sum beztu og sönnustu málverk þýska Weimarmálarans Groz þykja ekki beinlínis



fögur. En þau verða lengi talin sannasta myndlist Evrópu frá árunum 1918-1933.

Í "Vögguvísu" geri ég semsagt tilraunir, bæði hvað snertir mál, byggingu, söguefni, jafnvel stíl. Enginn skal fúsari til að viðurkenna en ég, að sumt í bókinni er undir vísvitandi áhrifum frá höfundum, sem ég las árin 1948-49, ekki hvað sízt James Joyce, Ödön von Horváth og Faulkner. Hins vegar leyfi ég mér að vona, að ekki sé hægt að gera heiðarlegri tilraun til að skrifa aktúela skáldsögu en ég hefi þar gert. Má vera, að tilraunin hafi ekki tekizt sem skyldi. Um það er of snemmt að dæma að svo stöddu. Hitt er víst, að stærra spor en liggur milli fyrri skáldsagna minna og þessarar hefur enginn íslenzkur ungur rithöfundur stigið undanfarna áratugi.

Þegar ég skrifa þessar línur kemur mér til hugar, að ef til vill er það skylda mín að skrifa meira um bókmenntir en ég geri. Það er ef til vill ekki þess vert að senda frá sér hvert skáldverkið á fætur öðru fram fyrir almenning og gagnrýnendur, án þess að gera grein fyrir því annað slagið, hvað er að ske í bókmenntaheiminum, þó ekki væri til annars en að sýna fram á, að maður viti, hvað maður er að fara. En margt þarf að gera og mörgu að sinna. Það eru svo mörg verkefni fyrir stafni, að ég gleymi því langoftast, hvað ég er blankur, meira að segja því, að bókaútfendur eru háðir sömu fjárhagslegum erfiðleikum. – – –

Ég held ég hafi ekki fleiri orð um "Vögguvísu" eða sjálfan mig í þetta skiptið. Ég hef fundið mig knúinn til að segja þér það sem ég hefi skrifað hér. Ég hef verið hreinlyndur við þig og sagt þér meiningu mína. Ég tel það skaða, að við höfum ekki getað kynnt meira persónulega. Samband og samvinna milli bókaútfenda og rithöfunda þarf að vera sem bezt og þéna þeim tilgangi einum, að bókmenntir þjóðarinnar dali ekki, heldur vaxi. Til þess þurfa rithöfundar að geta menntast og unnið tiltölulega áhyggjulausir – og bókaútfendurnir að koma til móts við þá eftir ástæðum. Það fylgir því töluverð ábyrgð að vera bókaútfandi á Íslandi. Og þetta segi ég ekki vegna þess að ég haldi, að ég þurfi að segja þér það, heldur vegna hins, að mér er einnig ljós sú ábyrgð sem fylgir því að vera rithöfundur eða ætla að verða það.

– – –

Þú vilt fá að vita, hvað "málverkið" kostar. Gott og vel. Það er bezt ég snúi mér að því að lokum, því upphaflega skrifaði ég þetta bréf til þess að svara þeirri spurningu.

Það er ærið margt sem þarf að taka til greina, þegar skáldsögur eru verðlagðar í handriti, hvort heldur þær eru eftir unga höfunda eða gamla. Og ég ætla mér ekki að telja það upp. Ég hef hugsað málið undanfarna daga, síðan ég fékk bréf þitt, og komizt að þeirri niðurstöðu, að ég geti ekki ætlað minna verð fyrir handritið en 10000 krónur. Sæmilegt verð myndi ég telja fimmtán þúsund.

En sökum þess, að peningarnir eru mér einskis virði móts við hitt, að sagan komi út, þá gef ég þér hér með leyfi til að gefa skáldsöguna út í fyrstu útgáfu, án endurgjalds til mín, þó með því skilyrði, að hún komi á markað ekki síðar en fyrir næstu jól.

Þú heldur kannski, að ég sé að gera að gamni mínu, eða ég sé jafnvel að gera tilraun til að móðga þig. Ef þú móðgast af þessu tilboði, þá fæ ég náttúrlega ekkert við því gert. En tilgangur minn er ekki sá. Ég geri þér þetta tilboð í fullri alvöru, eins og ég hefi skrifað þetta bréf í heild, í trausti þess, að Halldór Laxness hafi haft rétt að mæla, er hann sagði við mig fyrir nokkrum árum, að þú værir sá eini í hópi bókaútfenda á Íslandi, sem væri "talandi við".

Með kærri kveðju.

Þinn einlægur.

Kannski Ragnar hafi viðhaft þann talsmáta sem bréf hans ber með sér vegna þess helst, að hann hafi þekkt sína menn. Þegar Elías skrifaði Ragnari snemma á árinu hafði hann dvalið yfir jól og áramót meðal vina í París og eftir því sem helst er útlit fyrir við lífsins lystisemdir. Í bréfi um þetta leyti til Jóns Óskars þangað frá London kemur fram að hann ráðgerir dvöl á eyjunni Mön sumarið eftir þar sem "kvað vera trópikal veðráttu". Hvað sem um bóhemlífurni yrði sagt frekar er athyglisvert hve ritmennt Elíasar og tilfinningaþroski var til muna minni á Kaupmannahafnarárunum en í London veturinn 1949-'50 sem sjá má af bréfum hans til Jóns Óskars á þessu tímabili. Freistandi er að ætla að sá þroski hafi ekki bara verið fenginn með skólanámi og fyrir þær þælingar sem fylgdu ritun þriggja fyrstu

skáldsagna hans, heldur einnig fyrir það, að Elías kaus að hætta stúkulífinu hálfþrítugur. Á þeim vettvangi hafði hann komist til nokkurra metorða. Hann var æðsti templar í Verðandi 1944 og varaforseti sambands bindindisfélaga 44-45. Þennan síðvetrartíma í London 1950, sem hann beið greiðslna frá Ragnari, mun hann hafa haldið sig mest heima í leiguherbergi sínu, hlustað á sígilda tónlist í útvarpi og lesið bækur eftir því sem hann átti kost á. Meginþráður dvalarinnar var þó, eftir því sem hann síðar sagði, leikrit sem hann hafði í smíðum og endaði með að verða smásaga, óvíst hver.

Þegar seinna bindi *Sóleyjarsögu* kom út var áratugur liðinn frá því Ragnar skrifaði Elíasi framangreint álit sitt á fyrstu skáldsögu hans, *Man eg þig löngum*. Þegar til kom reyndist Elías ósáttur um flest sem útgáfu *Sóleyjarsögu* I-II varðaði sem sjá má af eftirgreindu bréfi hans til Ragnars upp úr áramótum 1960, eftir útkomu allrar sögunnar. Bréfið er svona óstytt:

Minn kæri impresario, Ragnar Jónsson.

Þegar þú tekur þetta bréf úr pósthólfinu og rífur það upp, skaltu ekki hlaupa yfir það á stað og stund, heldur stinga því í vasann og lesa það við hentuga tækifæri – í ró og næði. Það eitt bið ég þig um.

Hér er ekki um að ræða neitt skammabréf, a.m.k. ekki í venjulegri merkingu þess orðs, meðfram vegna þess að skammir hrína ekki á þér fremur en vatn á gæs, eftir því sem þú hefur sjálfur sagt, – og svo langar mig heldur ekkert til að skamma þig. Hins vegar langar mig til að benda þér á fáeinar staðreyndir og spyrja þig nokkurra spurninga. – Ef þú hefðir verið viðlátinn í morgun, á þeim tíma sem þú varst búinn að segja mér að koma, myndi ég að sjálfsögðu ekki þurfa að senda þér póstleiðis það sem ég vildi hafa við þig sagt. En sökum þess að ómak mitt í bæinn varð árangurslaust, gríp ég til þess arna.

Mér telst svo til, að á sl. ári hafi Helgafellsútgáfan greitt mér samtals kr. 6404.80 fyrir prófarkalestur. Mig langar að vita hvort ég þarf að telja þetta fram til skatts.

Nú sem stendur áttu hjá mér 750.00. Ég vildi geta unnið eitthvað upp í þær sem fyrst – og meira til. Fjárhagsástand mitt er nú þannig að

Það hefur sennilega aldrei verra verið. Og jafnvel þótt ég fengi eitthvert verkefni eins og skot, myndi ég helst þurfa að fá greiðsluna fyrirfram. Nú er jafnvel svo illa komið, að ég hef samasem ekkert að gera og á ekki von á neinu. Við skulum í bili sleppa því að heilsa mín er tekin að bila og starfsþrek mitt um leið (ég vík að því síðar); nóg væri það slæmt út af fyrir sig, að sjá ekki fram á neina útkomuleið aðra en þá – að slá peninga út úr mönnum, sem maður á ekkert hjá.

Ég hef ekki minnstu hugmynd um, hver raunveruleg afstaða þín er til mín, hvort heldur sem rithöfundar eða manns. Ég veit ekki hvort afskiptaleysi þitt og [ólæsil.] stafar af því, að þú hefur í svo mörgu öðru merkilegra að snúast en sinna mér, ellegar af beinni andúð, litlu álitu á mér, kæruleysi, áhugaleysi eða svo afskaplegri vangetu, að þú teljir þig ekkert geta fyrir mig gert – jafnvel ekki komið til fundar við mig, þegar þú sjálfur hefur boðað mig. Menn afsaka sig oft með gleymsku, ekki sízt menn sem hafa mörgu að sinna. En það er einmitt mjög intressant fyrirbæri hverju menn "gleyma". – Mér þykir leiðinlegt að þurfa að víkja að þessu, en ég geri það til þess þú vitir enn betur, hvílík ráðgáta þú ert mér. Með hliðsjón af þessu hef ég ekki minnstu hugmynd um, hvað þú ætlast fyrir með mig – hvort það er yfirleitt nokkuð –, eða hvers þú býzt við af mér. Mér þykir sennilegt, að þú teljir mig a.m.k. hæfan til að lesa prófarkir. En ég veit ekki, eins og stendur, hvort þú kærir þig einu sinni um þau viðskipti. – Sömmuleiðis geri ég ráð fyrir, að þú teljir mig geta þýtt úr öðrum málum og á sæmilega íslenzku; en ég hef ekki í háa herrans tíð orðið þess var, að þér dytti í hug slík aukageta mér til handa; og erum við þó enn ekki komnir að því sem beinlínis að mér snýr sem skapandi höfundu. En nú er að víkja örlítið að þeirri hlið málsins. Fyrir um það bil ári hafðirðu við orð, að þú vildir mjög gjarnan gefa út næstu skáldsögu mína ("Blessaður þú lætur mig fá næstu skáldsögu!" eins og þú komst að orði um leið og þú hleyptir mér út úr jeppanum.) Ég svaraði víst mjög fáu, sem von var, því mér kom þetta nokkuð á óvart. Í fyrsta lagi hafði ég sjálfur ekki hugmynd um, hver eða hvernig sú skáldsaga kynni að verða; í öðru lagi fannst mér hæpið af þér sem útgefanda að samasem gefa í skyn, að þú myndir gefa hana út, hvernig sem hún yrði. En látum þetta þó vera. Síðan hefurðu gefið út annað bindið af Sóleyjarsögu. Að því kem ég hér á eftir. Það er

interessant efni út af fyrir sig. Eins og af þessu má sjá, hef ég anzi litla hugmynd um það, hvort þú kærir þig yfirleitt um nokkurt handrit frá mér. Má vera, að svo sé, en ég hreinlega veit það ekki.

Ég hef enn ekki byrjað að vinna að nýrri skáldsögu, frá því ég lauk við Sóleyjarsögu fyrir rúmum tveimur árum, bæði vegna þess að ég hef ekki átt þess kost sökum brauðstrits að upphefja slíkt stórvirki, og vegna hins, að ég hef ekki dottið niður á neitt söguefni sem ég hef orðið nógu ánægður með. Hins vegar er ég að nafninu til að undirbúa safn smásagna minna frá s.l. tíu árum. – Hvort ég ætti að sýna þér það handrit? Það hef ég ekki hugmynd um. Læt ég þetta nægja um þessi atriði.

Þá eru það fáeinar spurningar varðandi Sóleyjarsögu.

Í fyrsta lagi: Hvað á ég að segja við menn sem spyrja: Hvers vegna gefur Ragnar Sóleyjarsögu út á þann hátt, að engu er líkara en hann skammist sín fyrir hana? Eða: Hvers vegna auglýsir Ragnar ekki Sóleyjarsögu?

Í öðru lagi: Hvaða skýringu á ég að gefa mönnum eins og t.d. Sigurði Nordal, próf. Jóni Helgasyni? Ég hafði lofað þeim, að ég skyldi senda þeim áritað eintak af þeirri útgáfu bókarinnar sem kæmi út í einu bindi (hina útgáfuna er maður auðvitað ekki þekktur fyrir að gefa.) Á ég að segja þeim, að allt strandi á prentsmiðju og bókbandi, eins og ég hef reynt að segja við flesta aðra hingað til? Eða á ég ekki láta heyrast frá mér bofs?

Í þriðja lagi: Getur hugsazt, að hin algjöra þögn um Sóleyjarsögu í blöðum og tímaritum stafi að einhverju leyti af því, að forlagið hafi ekki sent hana slíkum aðilum til umsagnar? Eða er bókin svona hræðilega slæm, óaktúel, að menn séu að gera mér "vinargreiða" með því að þegja um hana? Hvert er þitt svar?

Í fjórða lagi: Getur allt þetta framanskráða stafað af því, að ekkert hafi verið fyrir bókina gert; hún hafi ekki verið gefin sómasamlega út, lítið sem ekkert verið auglýst og alls ekki send neinum gagnrýnanda fremur en hún hefði verið þrykkt upp á grín?

Við skulum alveg sleppa þeirri vinnu, sem á bak við hana liggur, því sú vinna er mér í senn ánægja og skóli og beinlínis lífsfylling meðan á henni stóð. Sömuleiðis vil ég taka það fram, að peningaupphæðin fyrir handritið var mér aukaatriði sem slík; ég var ekki óánægður með prísinn og hefði aldrei orðið, hversu lágur sem hann hefði verið. En hitt viðurkenni ég, að ég hef ekki verið allskostar ánægður með frammistöðu þína að öðru leyti sem útgefanda hennar. Þess vegna hef ég stundum átt bággt með að svara spurningunum hér að framan, bæði í einrúmi og í viðurvist annarra.

Rithöfundur getur undir ýmsum kringumstæðum orðið ótrúlega varnarlaus. Ekki fyrst og fremst gagnvart beinum andstæðingum, sem veitast að honum í ræðu eða riti og ganga hreint til verks. Þeim er tækifæri til að svara, ef höfundurinn getur eða nennir. Varnalausastur er hann þegar hann verður fyrir algjörri þögn; kæruleysi, afskiptaleysi, ómótíveruðum svikum. Mætti ég þá heldur fyrir mitt leyti biðja um rjúkandi skammir, þrívát eða opinberlega. Menn sem koma fram við mann, eins og sleipir álar í myrkri – það eru ekki menn, sem maður veit hvar maður hefur. Þar er alveg sama, hvort um er að ræða gagnrýnendur, bókaútgefendur, kollega eða aðra. Og þetta segi ég þér með fullri virðingu fyrir álnum sem skepnu.

Fremst í þessu bréfi viðhafði ég orðið impresario. Það var ekki út í bláinn gert. Útgefandi er höfundinum það sem impresario er hljómlistarmanni eða leikara. Í rauninni er hvorki mitt né þitt að dæma um það, hvort viðeigandi er, að ég ávarpi þig með þessu orði.

Áður en þessu tilskrifti lýkur, ætla ég að víkja að atriði, sem ég hef áður minnst lítillaga á hér að framan. Það er heilsa mín.

Þegar ég segi þér, að hún er einatt miður góð, þá er það ekki gert til að vekja hjá þér meðaunkun, heldur er um að ræða eitt af því sem ég nefni í upphafi bréfsins til staðreynda.

Í þau fimmtán ár sem ég hef haft í mig og á með ritstörfum allskonar, hef ég neyðzt til að verja drjúgum skerf af tíma og starfsorku í vinnu, sem allt í senn hefur verið mér til ama og leiðinda (að ég ekki segi til skammar), líkamlegs sem andlegs niðurdreps og beinlínis unnin út af neyð. Ég er kannski ekki duglegri en gengur og gerist; en ég held ég sé heldur ekki latari en hver annar. Árangurinn af starfi mínu er þó

ekki meiri en sá, fyrir mig þrívát, að iðulega þarf ég enn að taka fegins hendi hverskonar óinteressant dútli, – aðeins ef ég hef von um að geta með því móti átt fyrir næstu máltíð. Það fáa, sem maður kann að hafa leyst sémilega af hendi sem rithöfundur, er svipað ónefndum hlut sem maður hefur losað sig við í einrúmi og er fyrir löngu kominn út í haf, via klóakið. – Og maður fær jafnvel ekki tækifæri til að endurtaka verknaðinn, þó mann langi til og finni þörf fyrir.

Samt er ég enn það "borgaralega" þenkjandi, að ég vil helst geta unnið fyrir mér sjálfur, – og helst unnið án þess að hafa á tilfinningunni, að ég sé fyrst og fremst að "vinna fyrir mér". Ég vona, að þú skiljir, við hvað ég á. Ég gæti að sjálfsögðu selt það litla sem ég á, húsgögnin mín, bækurnar, grammófónsplöturnar, já jafnvel ritvélinu og pennann, leigt mér súðarherbergi og hrópað framan í hvern mann: Nú fyrst er ég orðinn skáld! – En þetta hef ég þó ekki hugsað mér að gera.

Ég hef hugsað mér að bíða átekta enn um sinn. Á meðan heilsa mín frekast leyfir mun ég reyna að standa mig. Úthald mitt og vinnugleði er að vísu hvergi nærri móts við það sem áður var; þó er ég maður á bezta aldri. En ég veit, að þetta getur lagast, – ef. Ég er nokkuð misjafn, hvað þetta snertir; stundum líður mér ágætlega dögum saman. Samt er ég ekki stærri bógur en það, að lífsorka mín dalar, ef ég hef t.d. ekki fengið að éta í tvo sólarhringa eða á ekki fyrir húsaleigu.

Samkvæmt eðli mínu og uppeldi, er mér ógjarn að hugsa illt um aðra menn. Það má jafnvel telja mér til heimsku, hversu seint ég trúi því, að menn séu raunverulega á móti mér. – Og ef ég kemst að raun um, að þeir eru virkilega á móti mér, þá þykir mér það – þrátt fyrir allt – margfalt skár en hitt: að þeir ignoreri mig.

Þetta síðasta er í rauninni það helzta sem ég vil segja með þessu bréfi.

Líklega hefur boð Ragnars 1960, að gefa út sögu Elíasar um frænda Ragnars, Þórð Sigtryggsson, í tilefni af sjötugsafmæli Þórðar, verið leið útgefandans til að jafna að málin milli þeirra Elíasar þegar hér var komið. Ritið *Saman lagt spott og speki* kom út þetta ár í 150 eintökum. Það inniheldur smásögu sem ber öll einkenni viðtals á

seinni árum í sunnudagsútgáfu einhvers dagblaðanna, en olli að líkindum því að Elías lét verða af að rita ævisögu Þórðar á næstu árum eftir karlinum á síðustu æviárum hans.

Því hefur verið trúað að viðtökur seinna bindis *Sóleyjarsögu* Elíasar, eða þó öllu heldur tómlætið sem einkennt hefur það mál allt, útgáfu sem annað, hafi verið helsta ástæða þess að hann hætti að senda frá sér skáldsögur, lét duga smærri útgáfuverk frá því hann var um fertugt, smásagnasafn og tvær ljóðabækur, auk ljóðaúrvals eftir afmælikveðjuna til Þórðar. Af eftirfarandi nótu Elíasar verður séð að hann reyndi sjálfur að lýsa hinum óræðu eftirmálum þeirrar miklu vinnu sem farið hafði í ritun *Sóleyjarsögu*, þess stríðs sem hann hafði átt í við sjálfan sig og aðra vegna útgáfu bókarinnar allrar. Meðal óbirtra gagna Elíasar er handskrifað blað með eftirfarandi ummælum hans sem lögð eru í munn dæmigerðs gagnrýnanda á íslensku blaði. Ummælin sýna vel í hug höfundar sem lokið hefur erfiðasta verkefni lífs síns og bíður þess að vera látinn njóta sannmælis. Hann skrifar fyrir munn gagnrýnanda sem hefur allt á hornum sér vegna *Sóleyjarsögu*: "Aðfaranótt 29.3.60:

Hvar er stíllinn? Engin nán kynni höfundar af efninu. Oflángt bil milli binda. Aukaatriði, sem ekki skipta máli. Ekki aðeins stílleysi, heldur einnig næsta ótrúleg grunnskyggni á lögmál skáldsögunnar. Ekki von til þess, að yngri kynslóðin nenni að lesa svona langt mál. Engin afsökun fyrir höfundinn, að aðrir hafi ekki tekið sambærilegt efni fyrir (sbr. ritdóm hans um Brekkukotsannál).<sup>11</sup> Engin furða, þótt þagað sé: þar til kemur það sem höfundur hefur gott gert áður – og auk þess miskunnsemi. Hlutur útgefanda skiljanlegur. Vita má E. M., að ekki er nóg að taka fyrir mikið efni – heldur [ber] að skila því listrænt.

Ekki er þar önnur eins teknik og hjá HKL.

Ekki er þar önnur eins dirfska og hreinlyndi og hjá Þórbergi.

Ekki er þar önnur eins mannþekking og hjá H. St.

---

<sup>11</sup> Elías hafði skrifað gagnrýni um B. og lýst því áliti sínu með henni að H.K.L. væri genginn í hamra.



Ekki er þar önnur eins samvíska ( og nostur) og hjá Ól. Jóh. Sig.  
Ekki er þar önnur eins kunnátta á alla kanta eins og hjá Sig. Nordal.  
Ekki er þar önnur eins frumleikagáfa og hjá Samuel Beckett.  
Þetta virðist höfund Sóleyjarsögu vanta, því miður.

Elías bætir við tilgreinda lýsingu:

Ég hafði ekki fundið skyldu hjá mér til að skrifa um Sóleyjarsögu.

Annar ímyndaður gagnrýnandi tekur nú við samkvæmt hugleiðingu Elíasar þetta kvöld og er þessi meðmæltur sögunni:

Hvers vegna er þagað um söguna? Einhver heiðarlegasta tilraun, sem nokkur Íslendingur hefur gert nokkru sinni til að lýsa aktúelum hlutum, –samtíð, fortíð og jafnvel framtíð. Stíll höf. fellur algerlega að efni og tilgangi: ekkert orð óþarft, engin lánngloka til að koma annarlegum hlutum að, engar brellur. Stíllinn lágreistur, rétt eins og persónurnar og tímabilið og efnið. Kynning höfundar að því leyti sterk, að útígegn sést, að hann hefur aldrei verið háður neinu því, sem hann fjallar um. Bilið milli binda e.t.v. slæmt, en fjarska skiljanlegt. Aukaatriðin svokölluðu: einatt vísvitandi tilraun (viðbragð) höf. byggð á því hægindi skáldsögu, að hún er ekki smásaga og þarfnast þarafleiðandi ekki sömu hnitmiðunar og smásagan eða ljóðið. – [?] höf. er vísvitandi andsvar gagnvart almennum lesanda – (ef höf. hefði farið út í langdregnari stíl, hefði sagan orðið 7-8 bindi!) Lögmál skáldsögu eru höf. kunn að því leyti, að þau eru fleiri en þau er samþykkt eru af þeim sem yfirleitt velta ekki þeim lögmálum fyrir sér. Galli, að höf. skuli ekki skilja, að ýngra fólk nennir ekki að lesa svona langt mál. Annars hefur enginn höf. tekið til meðferðar jafn aktuelt efni og E. M. í þessari sögu undanfarin (ég gefst upp) ár. Mikill óþarfi að hlífa rithöfundi vegna þess, að hann kann að hafa gert eitthvað gott endurfyrir löngu – það er dónaskapur. Það er dónaskapur að halda, að höf. eins og E. M. ætlist til þess, að honum sé hlíft. Hvaða höf. í dag tekur fyrir annað eins efni og E.M.? Enginn.

Hvort tveggja umfjöllunin er ósanngjörn og vitnar helst um síngirni gagnrýnanda á íslenska vísu, að álitum umsjónarmanns. Hvers vegna hætti rithöfundurinn Elías Mar að mestu öðrum höfundarstörfum en tækifærisskrifum og gerðist fastráðinn á Þjóðviljanum um og upp úr 1960? Af því segir Matthías Kristiansen ljóðskáld í Lesbók Morgunblaðsins með sínum hætti (28.10.2006):

Þá minntist ég þess tíma þegar ég hafði ungur maður sumarvinnu nokkur ár á drykkjumannahælinu á Akurhóli við Gunnarsholt (eða Alkóhóli eins og sumir kölluðu staðinn). Ég bjó á bókasafninu niðri í kjallara og datt meðal annars í það að lesa **Sóleyjarsögu** eftir Elías. Einhver vistmannanna sá hvað ég var með í höndunum, hló við og sagði: „En veistu hvers vegna Elías hætti að skrifa?“ Nei, það vissi ég ekki og þá kom svarið: „Það gerðist þegar læknar hættu að geta ávísað á amfetamín í apótekinu!”

# Ad nauseam

## **Þakkir til móður minnar**

Ég flyt þakkir til móður minnar.  
Ungu stúlkunnar sem  
berklarnir hrifu frá mér ársögmlum.  
Ég er þakklátur henni fyrir  
allt hvað hún gerði  
á meðan hún hafði krafta til,  
fyrir sérhvert ástríkt viðvik,  
sérhvern koss og kitlu,  
sérhvert tár sem hún felldi  
í senn af gleði og sorg.

Þakklátastur henni er ég þó fyrir það  
að hún lét ekki kála mér í móðurkviði.

E.M.

Elías trúði á ástina af ásetningi alla ævi sína, kannski upphaflega helst fyrir það hve mjög honum var í mun að ekki slitnaði í milli hans og móður hans þrátt fyrir að hún hafði dáið fyrir hans minni eða því sem næst. Þessar tilfinningar voru honum helgar þrátt fyrir lokaorð ljóðsins að ofan. Hann stóð föstum rótum í kristinni menningarhefð alla tíð hvað sem um brokkgengt lífveri hans yrði sagt, sjálfsleit hans og tíðaranda sem hann þjónaði að minnsta kosti í

orði að hætti vinstri sinna í köldu stríði. Meðan hann var barn og fram á unglingsárin sótti hann kirkju reglulega með ömmu sinni, auk fræðslunnar um kristileg málefni sem hann naut vetrarlangt hjá KFUM og annan vetur hjá þeim kaþólska pastor Boots.

Elías bjó yfir miklum viljastyrk og jafnvægu andríki og konur urðu ásthrifnar af honum, jafnvel ástfangnar, af þessu tilefni ef ekki öðrum. En tilfinningar hans til kvenna náðu, eftir því sem helst er útlit fyrir, sjaldnast að jafnast á við þeirra, urðu honum lítið umfram vináttuböndin, þrátt fyrir á stundum innilegar óskir hans um annað meira. Kannski var það glíman gamla við goðsögn sem lætur sér ekki minna duga en manninn allan. Goðsögnina kunnu um mömmu sem skilur allt!

Í ágústmánuði 1955 dvaldi Elías norður í Þingeyjarsýslu í boði kunningjafólks síns í einni af fáum ferðum sínum um sveitir landsins um ævina. Hann bjó þá á bæ í nágrenni Húsavíkur í hálfan mánuð. Meðan á dvölinni stóð hóf hann að hreinrita seinni hluta *Sólexjarsögu* "fyrir alvöru". En gekk einnig að heyskap með heimafólkinu eftir því sem hann hafði kunnáttu og heilsu til. Hann er peningalaus og við það að missa húsnæði í Reykjavík. Heilsufarið er bágborið, er með þrálátan hósta. Á síðustu vikum höfðu orðið árekstrar milli hans og ástvinarins Bergs, en hóstinn undanfarið stafar ekki af neinskonar taugaveiklun vegna ófriðar í milli þeirra vinanna, en öllu heldur af langvarandi vinnuálagi og ólífnaði sjálfs hans svo árum skipti, sumbli með félögunum næstum hvert kvöld, næturvökum og göngum í misjöfnu veðri milli matsölu- og kaffistaða miðbæjarins til þess að nærast í félagsskap listamanna og annars kynnisfólks. Hann bjó alltaf einn. Þess er að minnast, að sambúð óskyldra karlmannna var litin öðrum augum á sjötta áratugnum en nú er gert, hvað þá samkynhneigðra karlmannna. Ekki er að sjá að hommum yrðu þolaðir slíkir lífnaðarhættir hafi á það reynt. Í staðinn voru samskipti slíkra sérþarfamanna langsetur í matsöluhúsum og þess utan tímabundið samlíf í leigukompum undir

tortryggnistilliti eigenda uns upp úr sauð og leigjandanum var vísað á götuna fyrir sukk og annan ólifnað að næturlagi.

Svo var Elías kominn í bæinn á ný 22. ágúst 1955, austan úr Bárðardal. Hann ritar í dagbók sína um þann dag: "Áfengi ("A") um kvöldið og næstu nótt ásamt Sturlu og Bergi: Við Bergur skömmumst mjög svo Sturla heyrir; ég er feginn að ég fékk einu sinni tækifæri til að láta dómbæran mann heyra hvernig B. talar í tortrygnisköstum sínum. S. var mjög undrandi. Og sagði fátt."

Sá yngri hafði víst fram til þess að þeir kynntust vinirnir tveir, haft lítil skilyrði í fásinninu í heimabyggð sinni, Grindavík, til að finna sjálfan sig, svo sérstæður sem hann var að vitsmunum og öðru atgervi, hvað sem öllu tali um kynlíf líður. Eftir förina á alþjóðþingið í Bukarest kom Bergur inn í sambandið sem hlédrægur, dulur, lúmskur, slóttugur unglingur sem hafði eftir því sem útlit er fyrir lært það helst af mannlegum samskiptum "að enginn skilur annan". Hefur sennilega vænt sér leiðsagnar af félagsskapnum við Elías um hvernig hægt væri að lifa við slíkt öryggisleysi en mætt ómögulegum kröfum þess eldri um vanburði og yfirburði í senn eins og sama ungmennis. Þverstæða sem hinn ameríski bréfavinur í Oregon áminnti Elías um löngu síðar í bréfi að væri óraunhæf ósk, ungur maður með fullþroskað andlegt atgervi væri ekki til og gæti ekki verið til. Þennan draum sinn sá Elías þó rætast í ástvininum Bergi á þeim árum sem allt lék í lyndi þeirra í milli; en utan og ofan við hversdagsveru annars fólks. Svo varð þroskaþörf þess yngri fyrirferðarmeiri, hún tók að þrýsta æ fastar á upphafna rómantík hins eldri manns uns sá yngri braust út úr búrinu eftir mikil umbrot.<sup>12</sup>

Elías var nær þrítugu og samtímis sambandinu við Berg á höttunum eftir öðrum sér yngri mönnum. Nóg var mannavalið. Bergur var liðlega tvítugur, Dagur 17 ára, Alfreð Flóki 16, Leifur 17, Emil 17, Sturla um tvítugt þegar Elías kynnti þá fyrir Þórði einn og

---

<sup>12</sup> Sjá ljóðaflokkinn Quinquannium, Fimmæru, eftir Elías Mar -.

einn í senn. Guðbergur kann að hafa tekið eftir gljáandi skóhlífum í forstofunni hjá Þórði, fátækra stolti síns tíma, í kynnisferð þeirra Elíasar til hans í bakhúsið Freyjugötu 9A, vörn gegn lekum skóm. Persónan Tómas Jónsson hinnar þekktustu meðal skáldsagna Guðbergs, er skóhlífamaður og vafalítið til kominn fyrir áhrif frá Þórði ævisögunnar að viðbættu því álitu að sé fífl eins og segir í ljóðaflokk Elíasar Fimmæru um Berg að hann álitu um Þórð eftir einu heimsókn þeirra félagasaman til Þórðar.

Nokkru eftir að Dagur Sigurðarson var kynntur fyrir Elíasi kom hann á glugga Elíasar að næturlagi í ársbyrjun 1955, krafðist inngöngu en fékk ekki. "En fallegur er hann!" skrifar Elías í dagbókina. Í júní sama sumar var svo komið þeirra í milli, að Dagur gisti hjá Elíasi 5 nætur í röð. Mánuði síðar segir á sama stað: "Gef Degi fyrstu 2 amfetamíntöflurnar sem hann neytir. Í tilraunaskyni. Ég er hræddur um eftirköst." Nokkrum dögum síðar segir í dagbókinni fyrir árið um Dag og föður hans Sigurð: "Tala lengi við Sig. Thor. um son hans. Sig. þekkir hann miklu minna en ég!"

Þórður gegndi kennarahlutverki fyrir Elías og lagsbræður hans. Þann 22. okt. 1955 er Þórður staddur heima hjá honum um nótt ásamt vinunum Dessa og Sturlu. Þórður var mikið snyrtimenni og drakk ekki áfengi svo orð sé um hafandi en það gerðu hinir þrír. Hann lagði sig fram um að gera samband sitt við Elías að sambandi meistara og lærisveins, að forngrískum skilningi, og beitti Elías harðýðgi í því skyni sem sjá má af hinum varðveittu bréfum Þórðar til Elíasar sem um verður fjallað síðar í þessari bók um þroskaferil rithöfundarins Elíasar Marar. Elías fór eins að á þessum árum í sambandi sínu við Berg. Í anda fyrirmyndarinnar löðrungaði hann Berg margsinnis á fyllerí heima hjá sér þann 11. nóv. Að viðstöddum Degi, Sturlu o. fl. "... en allt jafnast," ritar hann. Sama dag er Elíasi boðið að búa 3 vikur í Svíþjóð í rithöfundabústað í nágrenni Stokkhólms. Ísleifur nokkur Högnason<sup>13</sup> biður hann að

---

<sup>13</sup> Þingmaður kommúnista, einn af þremur fyrstu, kom frá Vestmanneyjum.

sækja í sömu ferð friðarþing í höfuðborginni í sinn stað ásamt Halldóri Kiljan Laxness. Elías tók að sér þingsetuna. Áður en að henni kom voru hommabarárnir í Stokkhólmi þræddir með útlægum Íslendingum.

Hálft ári síðar, í júní 1956, voru Bergsbræður, stundum tveir og stundum þrír, á skemmtirispú með Elíasi og fleirum heima hjá honum í Garðastræti 7 og víðar um bæinn, samfleytt nokkra daga og nætur uns upp úr sauð. Sá yngsti félaganna þriggja, Vilhjálmur, og Bergur eltu Elías heim að næturlagi, köstuðu mól í gluggann hjá honum og voru í "sálsjúku ástandi". Hurfu frá, en Vilhjámur kom aftur um sexleytið um morguninn og braut hurð. Elías komst í spjarirnar áður en meira var gert, snaraðist út um herbergisgluggann og kom niður standandi. Hann hljóp að svo komnu ofan í Pósthússtræti þar sem lögreglustöð bæjarins var þá, gaf þar "sanna skýrslu" en kærði ekki.

Elías stundaði vinnu sína að næturlagi næstu sólarhringa á skrifstofu Helgafells við Veghúsastíg með leyfi Ragnars en svaf á daginn heima í Garðastræti. Eftir viku náðu þeir vinirnir saman á ný næturlangt í hópi kunningja. Og síðan að degi til á Hótel Skjaldbreið þar sem þeir ræddu "hið vafasama framhald vináttunnar". Á þjóri ásamt Degi mánuði síðar verða þeir "enn einu sinni ósáttir um nóttina, eftir að Dagur er farinn." Bergur segir, samkvæmt sömu heimild, að hann og Vilhjálmur muni áreiðanlega drepa Elías "í framtíðinni". Hann kveðst hafa haft vont af því að kynnast honum og fleira í þeim dúr. Elías reynir að sefa Berg en þeir skilja "mjög þurrlega kl. 17 1/2." Vilhjálmur kemur á ný í bæinn heimanað frá sér í Grindavík og Elías "óttast enn einu sinni um líf sitt". Þegar hér er komið á Vilhjálmur yfir höfði sér kærú vegna líkamsárásar þrem vikum áður.

Þann 16. ágúst þetta ár afhendir Bergur Elíasi bréf í þrjúkaffinu á Laugavegi 11 "sem jafngildir uppsagnarbréfi, skammabréf, um leið og hann fer." Elías kveðst ekki vita af hverju. Þremur dögum síðar kom Bergur í heimsókn í eftirmiðdaginn "og vill auðsjáanlega láta

eins og ekkert hafi gerst!" Elías er afundinn og fáorður meðan á dvölinni stóð. "Kvefið afleitt; kannski dregur úr mótstöðuafli mínu, að ég á enga peninga fyrir mat og enginn getur – eða vill – látið mig fá þá fyrir en á morgun. Háttá fárveikur kl. 21."

Næst verður vinurinn Sturla Tryggvason vitni að rífrildinu milli þeirra tveggja, sem getið var að framan. Svo er Elías kominn norður í Þingeyjarsýslu í boði kunningjafólks síns. Eftir komuna í bæinn á ný hefur Ragnar Jónsson á orði við hann að borga honum fyrir *Sóleyjarsögu* I-II sömu fjárupphæð og hann hafi greitt Indriða G. Þorsteinssyni fyrir skáldsöguna *79 af stöðinni*, miklu fyrirferðarminni bók.

Á þessu tímabili vann Bergur í fyrirtækinu Vefaranum og hefur líklega þótt lífið vera að ganga sér úr greipum. Þann 14.4.1956 sker hann sig á vinstri handlegg í herbergi sínu í Reykjavík og var fluttur á bráðamóttöku í Heilsuverndarstöðinni við Barónstíg. Og eftir það aftur heim í leiguherbergi sitt í Reykjavík og er þá í "kóma". Elías sat yfir honum um nóttina og veit ekki hvort meiðslin voru til komin fyrir ásetning eða ekki.

Sumarið og haustið '56 ríkti ýmist blossandi ófriður milli þeirra félaganna, eða friður meðal kunningja við aðstæður sem dagbókarhöfundur auðkennir með "A" og merkir "áfengi haft um hönd", í félagahópi heima hjá Elíasi eða einhverjum öðrum hinna sömu manna og oftast á þessu tímabili.

Þegar komið var undir vetur þetta ár hélt Bergur af stað með Gullfossi áleiðis til Spánar. Þann 16. okt. Vitni ber að hann hafi í ferðinni "m.a. reynt að skera sig á púls hægri handar – og brenna föt sín sjálfs. Heimildamaður Guðni Þorsteinsson," samkvæmt Elíasi Mar og dagbók hans.

Fáránleikinn var síður en svo einstaklingsbundinn á þessum árum, hann setti svip á alla þjóðmálaumræðu innlendis sem erlendis, hann markaði sér alla bókmenntaviðleitni brautryðjenda á því sviði. Elías, sem eftir sat, hafði um um tvítugt gert rækilega úttekt á bernskuskrifum sínum, ljóðum og sögum, hann hafði hreinskrifað



hvort tveggja ásamt athugasemdum í blokkir og bjóst á sama tíma til að skrifa bernskusögu sína en ekkert varð úr. Sama verkefni vafðist fyrir honum alla ævi. Hann hafði vænt sér höfundarframa erlendis á árunum '46 til '51 eða þar um bil, dvaldi í Danmörku og síðar í Englandi í því skyni að afla sér slíks frama en lítið varð úr þeirri viðleitni. Hann reyndist afkastamikill á skeiði atvinnumennskunar á 6. áratugnum í heimalandi sínu en náði ekki að afla sér þeirra vinsælda sem þurftu til að festast í sessi sem rithöfundur. Hann átti í erfiðleikum í einkalífinu fyrr og síðar. Síðast en ekki síst náði kennari hans Þórður Sigtryggsson á honum taki eftir brotthvarf Bergs sem Þórður sleppti ekki eftir það meðan báðir lifðu. Á sjötta áratugnum batt Þórður Elías með ritun ævisögunnar tilfinningaböndum sem síst gátu talist gæfuleg manni með sjálfstæðan höfundarmetnað.

## Lífið er lotterí

Við strákar úr Þingholtunum vorum að flækjast í miðbæ Reykjavíkur á árunum 1954- '55, tólf- þrettán ára gamlir, og ég sem nú efni í sögu Elíasar Marar rithöfundar til útgáfu, steig innfyrir dyr á Adlon í Aðalstræti, Langa bar, sem snöggvast. Opnað hafði verið út í vorhlýindin, og ég var kominn í gættina áður en mig varði. Mér dimmdi fyrir augum. Svo sýndust mér göng opnast inn í myrkrið. Vofulegir menn sátu eða héngu við borð meðfram viðarklæddum veggjum í reykjarkófi, hreyfingarlitlir, líkt og í vatni, gráir og guggnir, jakkafötin svört, þvæld, hárið úfið og skyrtukragarnir trosnaðir í brotinu. Kaffisteggur í loftinu í bland við svitalykt og þef frá áfengisblandi. Ég hörfaði þegar aftur út í sólskinið með þessa táknmynd örvæntingar greipta í huga minn fyrir lífstíð. Við strákar áttum líka leið um Týsgötuna framhjá kommastaðnum Þórsgötu 1 þar sem við vissum að menn ræddu hugsjónir, sínar og annarra, yfir endalausri kaffidrykkju. Ég heyrði þetta um hugsjónirnar í tengslum við staðinn hjá gamla fólkinu heima hjá mér á Fjölnisvegi, og það voru vondar hugsjónir, að sögn þess. Tilvísunin var á pólitík sem mér fannst á þessum árum hvítleið og særandi eins og hlustarverkur, sama úr hvaða átt hún kom. Við strákar staðnæmdumst sem snöggvast við stórhýsið Þórsgötu 1. Nokkrir menn að koma og fara þarna á horninu, sumir reikulir í spori, leituðu fálmennt að frakkaermum án þess að slíta samræðum sín í milli. Sterklega vaxinn maður í jakkafötum, með svartan hárlubba, breiðleitur og krítarfölur í framan, andlitið án skapgerðareinkenna, hann stígur fram líkt og í þungum draumi, fálmar ráðleysislega í áttina til mín og segir örvæntingarfullt: "Ætlar þú að kaupa

myndirnar mínar þegar þú ert orðinn stór?" Ég set þennan mann í samband við Þorstein Þorsteinsson myndlistarmann, vin Elíasar um árabíl. Hann endaði líf sitt á Ási í Hveragerði. Þá félagu tvo snjóaði inni hjá Krúsa í Svartagili í Þingvallasveit nokkra miðsvetrardaga 1953 og gáfust upp á að bíða betra veðurs, ösluðu snjóinn vestur yfir heiðina með viðkomu í Gjúfrasteini þar sem frú Auður tók á móti þeim með kaffi, húsbóndinn fjarri, líklega að ritstörfum á suðlægari breiddargráðu. Eins og flesta aðra daga hafði Elías það af að hlusta á klassíska músik dagana hjá Krúsa sem hafði orð á sér fyrir allt frekar en áhuga á tónlistarklassík. Var það útvarpið?

Ég mundi eftir þessu augnabliki, myndlistarmanninum framan við húsið Þórsgötu 1 forðum, ég var í heimsókn hjá Elíasi, einni af mörgum, og spurði um þennan nafna minn. Elías rifjaði upp gönguna yfir heiðina með vini sínum. Var hann hommi? spurði ég. Hann var bí – sagði Elías.

Vinna við prófarkalestur og bóhemlíf tóku nokkurn veginn að jöfnu til sín krafta Elíasar eftir að hann gerðist fastráðinn á Þjóðviljanum 1960. Hann safnaði frímerkjum alla ævina, sér til afslöppunar. Stundum varði hann degi í að raða frímerkjunum og sinnti þá víst ekki öðru. Mikil og fjölbreytt bréfaskipti hans við vínafólk erlendis juku á safnið og samlandar hans í hérlendum vínahópi vissu hvað kom honum best þegar þeir hittu hann næst eftir dvöl erlendis, pakki með merkjum frá dvalarlandinu var vel þeginn. Hann hafði einnig gaman af orðagátum. Hann réði krossgátur og myndagátur og hann fékk stundum verðlaun fyrir. Hann tók þátt í vísnagetraunum, ef einhverjar var að hafa. Seinni hluta ævinnar lét hann sér oftast duga grallaraskap í samskiptum og skrifum, af því tagi sem viðtöl við hann í blöðum og útvarpi báru með sér.

Elías sagði mér margar sögur af fólki í stofu sinni við Birkimel sem á vegi hans hafði orðið um ævina. Með töluðu máli brá hann upp svipmyndum af þessu fólki. Ég sat á móti honum við símaborðið og stofugluggann, svaladyr á hægri hönd, og hann

mæltist til þess að ég skrifaði um það. Hann talaði hægt og af virðuleika eins og hans var háttur, dró þegar í land ef ég hafði fyrirvara á, að saman gengi um áhugann. Um suma þessara manna, eins og þá Þórð Sigtryggsson, Harald Hamar og Ásmund frá Skúfstöðum, leitaði ég mér upplýsinga á Landsbókasafninu í framhaldi af samtölum okkar. Ég skrifaði greinar um tvo þá fyrstnefndu. Ásmund kynnti Elías fyrir mér með bréfasafni sem hann hafði keypt á uppboði. Heima í Hveragerði leitaði ég til Indriða G. um upplýsingar, rithöfundurinn Þjóðkenni, sem þar bjó á þessum tíma, var einn margra sem þekktu til Ásmundar í lifanda lífi og kunni af honum sögur. Svo missti ég áhugann þegar ég sá af bréfunum, að maðurinn hafði verið hliðhollur nasistum á árunum fyrir stríð; ekki að hann væri neitt ómerkilegri í mínum augum fyrir það heldur hitt, að ég treysti mér ekki til að gera heillega frásögn úr svo úreltri sannfæringu. Ég lét ljósrita leikrit Haraldar Hamars Thorsteinssonar "Santa Sanna" sem varðveitt er á Landsbókasafninu og var fram að því aðeins til í einu eintaki. Jafnvel að enginn hafi lesið á undan mér, að undanteknum höfundinum sjálfum. Viðmælandi minn í stofunni á Birkimel fékk leikritið lánað og þótti mikið til um þótt sé ekki gott; það þótti honum ekki frekar en mér.

Elíasi varð ekki meira úr ásetningnum að skrifa sjálfsuppgjör, en nokkur minningabrot. Þau í þessari bók eru flest sótt í náttbókina Njólu. Elías bjó á Birkimel 6A áratuginn sem ég þekkti hann, þann síðasta sem hann lifði, íbúðin var sú fyrsta sem hann eignaðist. Honum reiknaðist svo til að hann yrði 102 ára þegar hann lyki greiðslunum vegna kaupanna og hann bauð mér og fleira fólki til veislu þann dag af því tilefni. Hann var orðinn lélegur til gangs. Ég sá hann aðeins einu sinni utandyra. Tilefnið var, að hann þurfti að fara að "lotta", sem hann gerði vikulega. Þátttaka hans í lottóinu var reglubundin, eftir að það kom til, eins og flest annað í lífi hans. Og að þessu sinni mátti vinkona hans, útvarpsskonan Andrea Jónsdóttir, ekki vera að því að aka honum í Melasjoppuna þar sem hann var vanur að kaupa lottómiðana. Ég tók að mér að koma honum í milli.

Uppábúinn fyrir ferðina, í rúðóttum herragarðsjakka, brúnleitum, dálítið velktum, með silfurbúinn staf í hendi, riðandi á mjóum fuglsleggjunum minnti hann mig þessa stundina á heldri mann úr breskri sjónvarpsmynd, – eftir að halla tók undan fæti fyrir bresku aðalsstéttinni. Fyrst nú vottaði fyrir falsettu í málhreimnum í samskiptum okkar og fas hans í þessari stuttu ökuferð um Melahverfið vísaði einnig til hneigða fyrir á árum hins hálfáttraða manns. Hvað sem þeim leið einkenndi samtöl okkar þessa stund og endranær kurteislegt viðmót, aðalsmannslegt fas hans og sjálfsvirðing, jafnvel að segja megi sjálfspótti. Einkalíf hans var ekki til umræðu okkar í milli þótt því brigði stundum fyrir; varla heldur annarra manna.

Á árunum sem ég þekkti hann bar hann sig vel þrátt fyrir aldurinn, lítil efni og stundum bága heilsu, – það var helst að fjármálin mæddu hann svo naum sem þau stundum voru. Fyrstu búsetuárin á Birkimelnum fór hann gangandi í góðviðri yfir í kirkjugarðinn handan Hringbrautarinnar þar sem móðir hans og amma eru grafnar. Hann fylgdi þeim vana alla ævina, meðan hann gat, að heimsækja reglubundið leiði þessara tveggja kvenna sem hann hafði sterkastar taugar til. Í garðinum dokaði hann við leiði þjóðkunnra merkismanna sem hann kunni deili á mörgum. Seinna lét hann sér nægja að ganga kringum Melablokkina, heimkynni sín, þegar þörfin fyrir útiveru varð megn, sólar naut og heilsan leyfði, og hann var orðinn ófær um lengri gönguferðir. Það virtist ekki há honum að ráði, að komast ekki undir bert loft. Að minni reynslu var því líkast sem hann þrifist best við skilyrði sem fæstum er gefið að una við til lengdar, molluhita, geymsluloft, tóbaksreyk.

Á árunum sem ég þekkti hann átti hann fleiri skrafvini en mig af báðum kynjum og reyndar alltaf fyrir á fullorðinsárunum. Boða þurfti komu sína með góðum fyrirvara, helst upp á mínútu, að reynslu minni. Andrúmsloftið inni í íbúðinni bar keim af háalofiti sem ekki hefur verið opnað vikum saman. Kaktusarnir í stofuglugganum til suðurs, að garðinum, voru fyrirferðarmiklir og framandi og því líkast

sem þeir grétu nikótíni eftir áralanga samveru við reykingamanninn. Taumar af því sama voru í hornunum undir stofuloftinu svo mjög hafði einbúinn svælt í íbúðinni á þeim árum sem hann hafði búið þar – og þrif verið lítils metin af honum. Sama um sjónvarpsskjáinn. En vei þeim gesti sem strokið hefði formálalaust af glerinu! Líklega hefði honum verið vísað á dyr. Sjálfur var heimamaður sóttur vikulega í bað út á Granda á árunum sem ég þekkti hann og vantaði það eitt upp á eftirlætið þar, að hann mátti ekki reykja innanhúss á baðstaðnum. Hástéttarlegt viðmót átti vel við hann í þessu sem öðru. Hann lét færa sér tilbúinn mat einu sinni á dag, borðaði afganginn á kvöldin. Frekari þjónustu vildi hann ekki þiggja heima við; alls enga kerlingu frá borginni með tuskur á lofti um hillur og glugga. Þeir báru sömu merki um reykingar og annað í stofunni. Kerlingu með nefið niðri í hverri hirslu? Aldeilis ekki!

Baðherbergið, hreinlætistækin, voru ólýsanleg. Ekkert fyrir mínum sjónum heima hjá honum virtist bíta á þennan kunningja minn af því sem flestir telja ögra heilsu sinni. Umhyggja hans fyrir eigin líkama var annað mál. Líka reglusemin við frágang eigna hans innanhúss. Hver hlutur átti sér sinn stað í íbúðinni og talaði til hans eigin máli. Regluverkið á þeim stað vísaði á þörf fyrir að lifa eigin lífi þótt ætti sér ekki samsvörun við líf langflestra meðborgara hans eða annarra manna sem finna sig í skilyrðislausri nærveru við fleiri eða færri menn. Á efri árum leiddist honum varla nokkurn tíma þótt hann væri einn, eftir orðum hans. Þann áratug sem ég þekkti hann hafði hann alltaf yfrið nóg að iðja þótt enginn segði honum beinlínis fyrir um verkefni utan prófarkalesturs sem hann tók stundum að sér, og svo mætti heita, að hann kæmist ekki út úr húsi svo dögum skipti. Hann hafði síst beyg af myrkri, hvað þá að skammdegið þyngdi lund hans. Þessi mjóslegni hávaxni maður með fuglsbein fremur en manns eins og hann sjálfur orðaði það, afturdreginn hnakka, andlitið frammjótt og oftast á svipinn eins og hann væri að rýna í eitthvað sem aðrir ekki sáu. Svartar buxurnar hólkuðust um fæturna sem hann sveiflaði öðrum yfir hinn í ljósbrúna stólnum með plastáklæðinu.

Lyfti undir lærið með annarri hendi þar sem hann sat við stofugluggann, veifaði með hinni gylltu munnstykki með sígarettu og fingrum sem virtust skapaðir til að ná langt í orgelleik. Í bókahillunni á bakvið hann voru bækurnar sem meistari hans í orgelleik og fleiru, Þórður Sigtryggsson, hafði gefið honum um og uppúr áramótum 1951, gylltar á kjölinn og virðulegar og lutu að hástéttasiðum og fyrri tíða fræðum um beðmál fjarlæggra þjóða. Hann benti framfyrir sig á þriðja hægindastólinn á stofugólfinu: Varaðu þig að setjast ekki í þennan stól, þetta er stóllinn hennar Málfríðar! Já, og krosssaumurinn hennar er á púðunum í stólnum. Og svo gretti hann sig glettnislega með tilvísun á, að þessi vinkona hans, skáldkonan Málfríður Einarsdóttir, hefði síst verið allra manna, og líklega mesta meinhorn. Var ég búinn að vara þig við því?

Í heimsóknum mínum sátum við hvor sínum megin við símaborðið og standlampann við gluggann, á borðinu svart símtól með skífu sem fyrir kom að rauf samtal okkar með grimmilegu murri, gersamlega úr takti við það tónaflóð sem þá var farið að flæða frá símtækjum flestra landsmanna innanhúss og utan, – ef hann hafði ekki tekið tækið úr sambandi fyrir áhuga á umræðuefninu. Þurfti þá að fylgja máli sínu eftir með léttri og lýsandi gamansögu af náunganum sem helst kom við sögu, ekki með tölum eða ættfærslum eins og algengt er, en stundum með tilvísun á heimildamenn. Við innvegginn framundan honum í stólnum var sjónvarpsskjárin og að baki hans bókahillur frá stofuglugganum að bleikri kommóðu sem hafði fylgt honum frá því hann fæddist – neðsta skúffan verið vagga hans. Til hliðar við mig var orgelið og svalahurðin. Handan við stofugluggann og garðinn er önnur húsblokk og Melatorgið. Mér sýndist gluggarnir alltaf vera lokaðir, jafnvel í mestu sumarhitum, sem áréttaði að heimamaðurinn þyrfti sérstaklega á því að halda að framleiða eigið loftslag til að geta haldið heilsu, hitasvækju eins og í gróðurhúsi, eftir því sem helst var útlit fyrir, svo og reyk- og rykmettuðu lofti með vægum fúkkakeim frá gólfteppi og bókum. Þær höfðu að

líkindum staðið óræstar í þéttskipuðum hillunum frá því hann flutti inn. Bækur líka frá gólfi til lofts við vegginn milli ganghurðarinnar og opinnar rennihurðar inn í svefnherbergið þar sem stóð lítið skrifborð af einfaldri gerð og tvíbreitt, óumbúið rúmið.

Innanhúss lifði hann í eigin tíma. Hann var morgunsvæfur, þoldi illa að vera ónáðaður fyrir klukkan eitt á daginn. Eftir að hann fór á fætur hlustaði hann á fréttir útvarpsins nokkurn veginn á klukkutíma fresti daglangt og þá komst enginn upp með að ónáða hann. Allra verst var honum við ónæði frá síma eða útidyrum ef hann var að hlusta á sígilda tónlist sem hann gerði daglega í klukkutíma hið minnsta. Sú stund var honum svo mikilvæg að hann tók símann úr sambandi áður en að henni kom. Lengst af ævinnar nóteraði hann hverju sinni í dagbók sína hvaða tónverk hann hefði hlustað á þann daginn, þótt plássið væri lítið fyrir færslu dagsins, lét fylgja tónfræðilegar upplýsingar, ópus, moll og hvað það heitir.

Margar bókanna í stofuhillunum voru áritaðar gjafir frá höfundunum enda voru margir hinna kunnari samtíðarhöfunda málvinir Elíasar einhvern tíma á lífsleiðinni. Minnið minnti á drekann í þjóðsögunni um Grendel sem ég hef mikið dálæti á, Grendel, drekanum og sögunni. Af samtölum við Elías var svo að heyra sem hann myndi allt sem hann hafði séð, heyrt og lesið, að minnsta kosti það sem að menningu laut, og gæti brugðið upp fyrir hugarsjónum sínum; hefði meira að segja rósemd geðsins til að yfirvega umhugsunarefnið hverju sinni af kostgæfni, hvert atriði fyrir sig, þótt ekki væri annað fyrir sjónum viðmælandans en merkin um innlifunina í mjóleitri ásjónunni undir litlausum hárlýjum sem oftast stóðu upp í loftið.

Hann var strax í bernsku sannfærður um að nafn hans yrði skráð meðal helstu vildarvina íslenskrar menningar þegar fram liðu stundir. Hann vildi að það yrði gert af fullri nákvæmni. Af því tilefni varðveitti hann eigin skjöl af smámunasemi allt frá bernskuárunum og bjó skipulega í hendur eftirkomenda. Ég hef lesið af þessum pappírurum höfundarferilinn frá fyrstu árum ævi hans til þess síðasta,



ekki ævisöguna, heldur sérkenni hans í lifanda lífi eins og þau koma mér fyrir sjónir af þeim lestri öllum, auk hinnar beinu viðkyrningar. Ég reyni að segja þá sögu sem mest með orðum hans sjálfs eftir því sem mér hafa reynst þau tiltæk. Heima í íbúðinni á Melunum sýndist mér hann ná lengst í að vera það sem honum var helst áskapað. Eftirlátin skjölin vitna um að verið hafi honum veruleiki úr orðum þar sem persóna hans naut sín til fulls. Auk þess að sækja mér efni í þessi gögn hef ég við frágang bókarinnar notast við upptökur af samtölum okkar Elíasar snemma á árinu 1999 sem gerðar voru að tillögu hans. –

Fyrstu tvö árin, '98-'99, sem ég heimsótti þennan kunningja minn á Birkimel stóðu kaktusarnir frá vinkonunni Málfríði Einarsdóttur í leirpottum í gluggakistunni við hlið mér, stórir og greinóttir eins og snákatungur. Og svo fyrirferðarmiklir voru þeir, að þeir uxu hver inn á annan. Stærstu greinarnar voru á þeim tíma farnar að slúta framyfir kistubrúnina og báru með sér að vera á leið inn í stofuna. Þessi gróður hafði fylgt Elíasi frá árinu 1967. Þann 18. júlí það ár skrifaði hann í dagbók þess árs: "Málfríður heimsækir mig um hádegið og gefur mér 17 litla afleggjara af kaktusum, og á ég þá 22. Ég kaupi mér nýtt blómaker og gróðurmold, og við plöntum þessu í kerid. – Nú, rúmum þrjátíu árum síðar, voru kaktusarnir farnir að seilast eftir púðunum hennar Málfríðar með krosssaumnum, þessum lásnum gegn martröðum frá fyrstu æviárunum eftir því sem hún segir í minningabók.

Fyrir tilmæli eigandans flutti ég hina ofvöxnu kaktusa með mér heim í Hveragerði eftir eina heimsóknina á Birkimel. Ég hafði kynnt sambýliskonuna fyrir honum í þeirri ferð og hann beðið hana blessaða að losa sig við þessa óheimslegu fyrirferð fyrir fullt og allt. Hún haft orð á því í heimsókninni hve vel þeir þrifust. Hann svarað að þeir ættu best heima í gróðursældinni í Hveragerði. Þegar til kom reyndist það ekki vera. Innan árs voru þeir allir dauðir. Kannski af nikotínskortum eftir árin öll í stofunni á Birkimel.

# Meistarinn

Erótískt samband meistara og lærisveins á fyrstu kynþroskaárum var algengt einkenni fornmenninga, og jafnvel fremur þeirra þjóða sem þróaðastar hafa verið álitnar á sviði lista, bókmennta, heimspeki og trúarbragða, eins og Grikkja, Rómverja, Japana. Ástæða er til að reikna með ítarlegri þekkingu Þórðar Sigtryggssonar á slíkum fornum siðvenjum og fullvíst er um virðingu hans fyrir þeim. Hvort tveggja skýrir að nokkru samband hans við lærisvein sinn, Elías Mar, sem og annað sér mun yngra fólk af eigin kyni. Það sem heimspekingarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það.

Þórður Sigtryggsson var vel lesinn í klassískum fræðum, ekki bara heimsbókmenntunum samkvæmt Goethe, heldur líka fræðiritum sem ekki lágu í alfaraleið eins og ritsafninu sem hann gaf Elíasi um áramótin 1950, *Eastern love*, og prýddi hilluna á bak við hann á samtalsstundum okkar í stofunni heima hjá Elíasi á Birkimel. Ætla má að siðvenjur grískumælandi þjóða, svo sem Krítverja á 6. öld fyrir Krist, hafi verið efni einhvers þeirra fyrirlestra sem mælskumaðurinn Þórður hélt yfir þeim Sturlu og Elíasi veturinn 1950-51. Í dagbók sinni vísar Elíasar títt til ummæla Þórðar á þessu tímabili með orðunum "merkileg" og "stórfróðleg". Seinna fór Elías til Krítar einn síns liðs og var þá orðinn sæmilega sáttur við að þarfir hans mörkuðu honum sérleið meðal þorra manna og myndu alla tíð gera. (Sjá eftir hann "Kvæði ort á Krít."). Á þessari Miðjarðarhafseyju náði sveinaást, paeterasty, hinnar grísku fornmenningar lengst eftir því sem segir í heimildum. Hún var einkum ástunduð meðal grískumælandi Evrópubúa til forna.

Mikilsmetnir Forn-Grikkir, svo sem Sókrates, höfðu hana í metum enda vafamálið það eitt að gæti í versta falli leitt til vændis og nauðungar, að álitu hinna sömu. Hinn gríski ástsveinn, *eromenos*, stundarinnar gat orðið hinn flekaði vændissveinn, *kinaidos*, morgundagsins. Sá sem selur sig í stað þess að eiga frjálssar unaðstundir með meistara sínum.

Sjálfur Platon taldi sveinaást stuðla að framgangi lýðræðis hvar sem það væri ástundað og hann var henni hlyntur; hún ynni gegn harðstjórn og feðraveldi forneskjunnar. Rökin voru þau að sambandið milli meistarans, *erastes*, og lærisveinsins, *eromenos*, væri sterkara en böndin milli þegnsins og harðstjórans. Svo og milli karls og konu. Heimspekingurinn Apeneus hefur eftir sagnfræðingnum Hieronymusi í einu rita sinna, að sveinaást væri mikils metin vegna þess að samkynhneigðir nemendur hafi á sögulegri tíð hrundið mörgum harðstjóranum með náinni samvinnu sín í milli og nefnir hann dæmi. Og leiddi af því framgang lýðræðis og borgarmenningar. Aristoteles hélt því hins vegar fram að hinir krítversku löggjafar, sem mælt höfðu mest með sveinaástum, hefðu gert það til að draga úr líkum á offjölgun íbúanna á eyjunni Krít.

Fræðikonan Marta Nussbaum skilgreinir hinn fullkomna ástsvein, *erômeno* með eftirfarandi hætti, og er engu líkara en tilvísunin sé á kvikmynd Viscontis *Dauði í Feneyjum*:

Fagur og án áberandi eigin þarfa. Hann er sér vitandi um aðdráttarafli sitt en er allur með hugann við sjálfan sig í samböndum sínum við þá sem að honum laðast. Hann brosir blítt til þess ásthrifna; hann lætur í það skína, að hann meti nokkurs aðdáun, vináttu, og elskusemi aðdáandans. Niðurlútur og undanlátssamur lætur hann elskhuganum eftir að gæla af ástúð við kynfæri sín og andlit ... En allt eins líklegt er, að inni fyrir ríki stolt og fullvissa um eigið ágæti. Þrátt fyrir mikilvægi hans fyrir annan mann er hann sjálfum sér nógur. Hann endurgeldur ekki forvitnina heldur tregðast við ágengninni, sjálfstæðið er líkast því

sem goðkynja, og verðleikarnir eru styttnar fremur en lifandi manneskju eða nokkurs annars sem fyrir sjónir ber.<sup>14</sup>

Hinn æskilegu aldursmörk sveinsins í sambandinu voru af Forn-Grikkjum álitin vera milli 12 og 18 ára, en meðal Japana 11 og 19 ára. Hin eldri aldursmörk slíks ástarsamband unglings við sér mun eldri mann voru samkvæmt nútímaniðurstöðum nokkru rýmri. Miðað var við að sá yngri hefði ekki ná fullum andlegum þroska og gat þess vegna verið um tvítugt. Eins og gildir um stúlkur í nútímanum eru lagamörk sveinaástar á sama tíma miðuð við, að pilturinn hafi náð þeim þroska, að hann geti talist sjálfráður ákvarðana sinna í kynferðislegum efnum. Sé það ekki álitid vera, er talið að um misbeitingu sé að ræða.

Hin forngríska siðvenja um kynferðislegt samband meistara og lærisveins miðaðist við giftingaraldur stúlkna sem meðal Grikkja, sem flestra annarra þjóða fyrr á tímum, voru oft miklu yngri en eiginmaðurinn þegar þær gengu í hjúskap. Ólíkt því sem gildi um stúlkur voru drengirnir sjálfráðir um félagsskapinn við ástmanninn og hann varð að vinna hylli drengsins. Samkomulag ástmanns við föðurinn einan dugði ekki. Með slíku sambandi við áhrifamann styrkti fjölskylda píltsins stöðu sína innan hins borgaralega samfélags. Það var jafnvel sumra manna álit, að mikilvægt væri fyrir mann að hafa átt á unglingsárum sínum marga eldri aðdáendur af eigin kyni sem hann hefði á einhverju stigi málsins verið í erótísku sambandi við. Dæmigert meðal Grikkja var, að afloknu kynlífssambandi unglings við sér eldri mann – og hinn yngri maður kominn í hjónaband –, að þá héldust nán tengsl milli þessara tveggja manna ævilangt. Um þá slíkra elskenda af sama kyni sem héldu áfram að lifa saman kynlífi eftir að sá yngri var kominn á fullorðinsár fóru Grikkir mildum orðum; orðtakið var: "Þú getur lyft bolanum ef þú hefur lagt kálfinn."

---

<sup>14</sup> *The Fragility of Goodness*. Cambridge University Press 1986. Bls. 188.

Meistari Elíasar, Þórður, lifði í samræmi við þessi fornu ákvæði, sem nú hefur verið lýst. Hann notaði jafnvel grísk nöfn um ástsveina sína sem sjá má af bréfum hans og ævisögu (Ganimedes). Hann sló um sig meðal listafólks í Unuhúsi og á öðrum stöðum með yfirlýsingum um ástarsambönd sín við ólögráða unglínga og börn, allt niður í nýu ára aldur; og ekki að sjá að hafi nokkurn tíma haft eftirfylgjur fyrir hann eða aðra sem til þekktu.<sup>15</sup>

---

<sup>15</sup> Sjá *Ævisöguna* í handriti á Lbs. Og minningabók Lenu og Árna Bergmanns *Blátt og rautt*.

# Organistinn

Þórður Sigtryggsson var fæddur árið 1890 í litlu timburhúsi á horninu á Aðalstræti og Tjarnargötu sem löngu er horfið, svokölluðu Guðjónsenshúsi. Þar bjó tónsnillingur einn áður en Þórður fæddist sem flutti burt um það leyti sem hann kom í heiminn og trúði Þórður því að tengsl væru milli tónlistargáfu sinnar sem var mikil, að álitu fremstu manna, og veru tónsnillingsins í húsinu. Hann varð málkunnugur mörgum landsþekktum gáfumönnum fyrir lifnaðarhætti sína og þekkingu á bókmenntum og þó einkum á tónlist. Elías Mar skrifaði ævisögu hans eftir honum sjálfum á árunum 1960-'65. Titillinn er "Mennt er máttur" og undirtitil „Tilraunir með dramb og hroka“, og er víst réttnefni að flestra álitu sem til þekkja.

Ævisaga Þórðar var reyndar ekki ætluð lýðnum, aðeins útvöldum, að sögn hans, enda gerði hann upp á milli atvinnurithöfunda og einkarithöfunda sem hann hafði miklu meiri mætur á og taldi sig heyra til. Hún hefur gengið vélrituð manna í milli frá því hún var skrifuð í fáeinum eintökum og með miklum fyrirvörum. Samkvæmt orðum Sigfúsar Daðason ljóðskálds og útgefanda, tilvitnuðum í dagbók Elíasar, er ævisagan merkileg heimild en telur að hún eigi ekki erindi við nema um hundrað manns í fyrirsjáanlegri framtíð. Oftast var frásögnin sem Elías ritaði eftir Þórði mælt af munni fram, en stundum af rituðum nótum sem Þórður hafði útbúið af gefnu tilefni. Hann bjó á heilsuhælinu Reykjalundi síðustu níu æviárin, vann fyrir vistinni og fór í bæinn í heimsóknir til Elíasar, drakk hjá honum rjómakaffi og rakti fyrir honum sögu sína. Undir það síðasta í samstarfinu var Þórður kominn á sjúkrahús

og þar dó hann daginn eftir að hann lauk við síðasta kaflann, sagði Elías og hefði verið eftir honum. Elías las jafnharðan upp fyrir Þórð hverja setningu sem hann skrifaði af tali hans, til að fullrar nákvæmni væri gætt. Þórður var orðinn feitur og makráður síðustu árin af velsæld á Reykjalundi, og í bæjarferðum af rjómakaffi og kökum, en hafði verið nettvaxinn um ævina, smágerður fríðleiksmaður þegar hann var upp á sitt besta. Þegar Þórður var spurður um endurtekningar sem einkenna ævisöguna, hvað eigi að þýða, svaraði hann að gegndu sama hlutverki og stef í tónlist.

Í sögunni *Saman lagt spott og speki* segir af samtali tveggja manna, ungs blaðamanns og eldri manns í kirkjugarðinum við Suðurgötu. Sá eldri er grófur í tali eins og Þórðar var vanda. Sögumaður segist vera að hitta hann í fyrsta skipti:

Við þriðju gröfina hafði maðurinn tekið gleði sína á ný. Hann hló inni sig og viðhafði eina af sínum dularfullu þögnum með brosi á kampinn, áður en hann spurði: Þér vitið náttúrulega ekki hvaða merkispersóna hvílir hér? Það er ekki von. Hélt svo áfram:

Um miðja nítjándu öld var hún tyrknesk prinsessa, hvorki meira né minna. En henni varð það á, blessaðri stúlkunni, að láta gelding fullnægja sér — manúelt, og þessvegna var hún dæmd til að fæðast næst sem bóndadóttir vestur við Breiðafjörð. En svo vel stóð hún sig í lífinu, blessunin, að hún dó í þeirri von að verða að belju í næstu tilveru. Standi hún sig vel í þeirri tignarstöðu, hreppir hún þá mestu himnaríkissælu sem dulspekingar heimsins þekkja, en það er að verða hæna úti á Seltjarnarnesi ... Og það merkilega var, að hún átti aðeins tvær hænur — en sjö hana. Aðspurð, hvers vegna hún héldi svo marga hana handa aðeins tveim henum, svaraði hún því til, að hún gæti ekki hugsað sér að láta blessaðar hænurnar sínar líða sömu djöfullegu kvalirnar og hún sjálf hafði orðið að líða um dagana! Blessuð sé minning hennar, ahahaha!

Þrátt fyrir stóryrði í vinahópi var Þórður dagfarsprúður maður og gat reynst hvers manns hugljúfi ef hann vildi svo við hafa. Hann og hinn þjóðkenni Erlendur Guðmundsson í Unuhúsi voru leikfélagar í

bernsku. Feður beggja voru lyfsalar og kunningjar, og hélst vináttan óbreytt á fullorðinsárum þeirra. Þórður átti af þeim sökum flestum mönnum lengra tímabil sem heimagangur í Unuhúsi við Garðastræti, heimili Erlendar alla tíð. Eins og kunnugt er var Unuhús gríðarstaður fátæks listafólks og annarra manna sem tilheyrðu jaðarmenningu þess tíma. Stundum var Þórður gestur þeirra Halldórs Laxness og Auðar í Gljúfrasteini. Hann gegndi hlutverki meðal íslensks listafólks, þekkts og óþekkts, enda átti hann varla sinn líka meðal Íslendinga síns tíma fyrir sjálfstæði í skoðunum og yfirsýn á sígild menningarverðmæti, einkum þó sígilda tónlist, eftir því sem vitnisburðir greina frá í ræðu og riti.

Auk þess sem organistann í Atómstöð Laxness einkenna taktar vinar hans Erlendar Guðmundssonar í Unuhúsi og alkunna er, svipar þessari sögupersónu til Þórðar Sigtryggssonar að sögn beggja, Laxness og Þórðar sjálfs. Laxness mildaði lýsinguna eftir dauða Erlendar sem lauk ævi sinni á þeim tíma sem Laxness skrifaði Atómstöðina (Peter Hallberg). Á þeim tíma sem Laxness skrifaði minningabækur sínar fjórar á áttunda áratugnum var hann með ævisöguna að láni og krotaði í hana athugasemdir með blýanti. Hann segir gamansögur frá kynnum þeirra Þórðar Sigtryggssonar í minningabókunum en ritar í *Grikklandsárinu*: „Um Þórð er þar skemst frá að segja, að ég hef ekki náð að safna hugrekki sem til þarf að semja bók í minningu hans.“<sup>16</sup> Laxness ritaði eftir lestur ævisögunnar þessi boð til Elíasar sem hafði sent Laxness eintakið samkvæmt beiðni hans: „Ég var að lesa þrautleiðinlega bók þegar mér barst sendingin. Ég þakka þér fyrir að hafa bjargað geðheilsu minni!“

Þórður ritaði í bréfi til Halldórs Laxness í tilefni af sextugsafmæli skáldsins 23. apríl 1962, eftirfarandi þakkarorð: „Ég er þér sérstaklega þakklátur fyrir það sem þú hefur skrifað um mig og vin minn Kristján Helgason. Í Atómstöðinni gerir þú svo fínt grín að

---

<sup>16</sup> *Grikklandsárið*. Rv. 1980. Bls. 124.



mér, að ég get hlegið að því til æviloka.“ Kristján var einn lærisveina Þórðar á yngri árum sínum.

Margt manna, sem orðið hefur nafnkunnugt með þjóðinni, lagði lag sitt við Þórð einhvern tíma á ævinni. Málfríðar Einarsdóttur skáldkona var vinkona hans allt frá barnæsku, og varð stundum saupsátt við hann sökum kynlífstals hans. Í eftirmælum um þennan vin sinn í júní 1965 segir hún Þórði til lofs og dregur ekki úr lýsingunni fremur en aðrir sem fjölluðu um hann í rituðu máli: „Honum tókst það sem fáum gefst, að handsama það sem hann sjálfur kallaði „hið eilífa í þessu lífi“ — gera sér lykil að veröldum í veröld þessari, lokuðum okkur heimskingjunum, svo varlegast mundi fyrir okkur að tala sem minnst um það ...“

Árni Bergmann, vinur Þórðar frá unglingsárum sínum til æviloka Þórðar, segir um hann í eftirmælum í Þjóðviljanum þann 30. júní 1965: „Þórður Sigtryggsson var eini maðurinn sem við þekktum sem þorði að vera hann sjálfur.“

Þórður virðist hafa fangað upprunann, rótbundnar mótstæður mannlífs og menningar, með sterkri stúltilfinningu sinni og því haft mikið aðdráttarafl fyrir listafólk sem fremur tekst á við þversagnir í daglegri iðju sinni en annað fólk.

Foreldrar Þórðar voru Hugborg Bjarnadóttir og Sigtryggur Sigurðsson lyfsölusveinn. Þórður lærði bókbandsiðn hjá Arinbirni Sveinbjörnssyni. Hann stundaði framhaldsnám í þeirri iðju í Kaupmannahöfn, þar sem hann dvaldi við námið í tæpt ár. Fékk þá berkla, eða hitt að honum hafi hrakað hafi hann verið búinn að fá þá áður. Hann var eftir það vistmaður á Skodsborgarsjúkrahúsi í nokkra mánuði. Hélt svo heim til Íslands eftir erfiða vist í Danmörku sökum fátæktar og sjúkdómslegunnar.

Eftir endasleppt bókbandsnám hafði Þórður viðurværi sitt af orgelkennslu í heimahúsum það sem eftir var ævinnar. Einnig sagði hann börnum til við almennt skólanám á heimilum þeirra. Hann lærði að þekkja nótur hjá Jónasi Helgasyni, og síðar byggði hann ofan á þá þekkingu sjálfur sér til viðurværis og gamans. Þórður var

einn þriggja bræðra. Hann bjó með móður sinni uns hún dó 1929, þegar Þórður var um fertugt. Eftir það bjó hann einn og lengst í einu herbergi á Freyjugötu 9A, í bakhúsi sem var í eigu Hjálpræðishersins. Þórður var reglumaður og stofa hans bar vott um snyrtimennsku, bækur margar og allar með hlífðarkápum sem hann útbjó sjálfur, enda sagði hann bókalestur einkamál manna.

Um stærilætið vitnar smáatvik daglegs lífs hans. Sagt er um prófessor Sigurð Nordal, nágranna Þórðar, að hann einu sinni sem oftast verið á gangi á Freyjugötunni og að þessu sinni með kunningja sínum hinum þjóðþekktu Jónasi Jónassyni frá Hriflu og hafi þeir þá mætt Þórði á göngunni. Sigurður tók upp hjá sér að kynna þá Þórð og Jónas. Segir sagan, að eftir það hafi Þórður aldrei yrt orði á Sigurð þótt tilefni gæfist til, slík lítilvirðing þótti honum sér gerð með því að kynna hann fyrir Jónasi.

Í eftirmælum um Þórð í Þjóðviljanum 5. júlí 1965 segir Elías Mar um hann:

... sá hæfileiki Þórðar að hefja hversdagsleika upp úr láγκúru og tilgangsleysi var eitt helzt sérkenni hans. Hér á ég einkum við það á hvern hátt hann umgekkst hvaðeina, hversu sérhvert viðvik í daglegu lífi var í senn frábærlega eðlilegt honum og fallega af hendi leyst. Hann kastaði aldrei höndum til neins; fór aldrei illa með nokkurn hlut, sama hversu auvirðilegur hluturinn var. Reglusemin og fegurðarþráin birtust í smæstu atriðum í umhverfi hans.

Í sömu grein segir Elías um Þórð að hann hafi haft

til að bera það sem kalla mætti geníala skaphöfn með kostum hennar og göllum: óspilltan upprunaleika, barnslega einlægni, hemjulaust stolt, tilgerðarlausu auðmýkt, umburðarlyndi og miskunnarleysi í senn, hugmyndaauðgi en þó um leið vissa þröngsýni, óskylda hlutlægni. Einkenni slíks sálarlífs er þó öðru fremur, að það er aldrei hálfvolgt. Eina stund kann það að búa yfir takmarkalausum góðleik, en eins er víst að aðra stund er tjáning þess grundvölluð á andstæðu alls góðleika,

— en sönn og án bilbugs í hvorutveggja. Við sem ekki erum séné, stöndum einatt ráðþrota og spyrjandi frammi fyrir slíkum mönnum.

Elías segir ennfremur í greininni:

Þórður varð sjálfmenntaður maður í beztu merkingu orðsins, læs á a.m.k. fjórar tungur auk skandinavísku málanna, vel að sér í klassískri menningu evrópskri, átti stórmerkt safn erlendra bóka, sumar hverjar aldagamlar útgáfur og rarítet á heimsmaelikvarða.

Flestum stundum einkenndi framkoma Þórðar ýkjufull stílfágun í skiptum hans við annað fólk en unni þó hömluleysi náttúruaflanna og tillitsleysi þeirra við mannfólkið. Hann dýrkaði náttúruna í mynd siðlausrar og miskunnarlausrar höfuðskepnu eftir ævisögunni að dæma. Hann fór í gönguferður um óbyggð svæði í nágrenni Reykjavíkur svo sem á Álftanesi þar sem Elías fylgdi honum í gönguferð 15. ágúst 1939, samkvæmt dagbókinni, þá nýorðinn 15 ára. Til er sendibréf frá Halldóri Laxness þar sem vísað er til samræðna hans og Þórðar á gönguferð þeirra um Mosfellsheiðina, í nágrenni Gljúfrasteins, heimilis skáldsins. Í bréfinu þakkar Laxness göngufélaganum fyrir gagnrýni sem hann hafi lagt sér til.

Samkvæmt ævisögunni vorkenndi Þórður nóbelsskáldinu fyrir annríki og taldi sig hafa verið betur settan í lífinu. Að minnsta kosti á seinni árum þeirra. Nóbelsskáld verður að gefa mannkyninu dýrustu perlu sína, segir þar, fremur en eiga þær einn með sjálfum sér. Og örlæti var ekki æskilegur lífsmáti, að mati Þórðar, þótt gjafmildi hæfði við valin tækifæri. Svo vitnað sé beint:

Viðhorf bókmenntalega siðaðs manns og einkarithöfundar er og verður alltaf óskiljanlegt almenningi og almenningsrithöfundum. Einkarithöfundurinn þekkir engar hömlur, er engum háður. Almenningsrithöfundurinn verður að sitja og standa eins og almenningur heimtar. Það er varla hægt að segja að hann eigi eina

einustu frjálssa stund. Þetta gildir sérstaklega um Halldór Laxness. Það er nú meira hundalífið sem sá maður lifir.<sup>17</sup>

Menningin leggur jafnan þyngstar byrðar á þá sem mesta hæfileika hafa, var álit Þórðar. Yfirburðir einstakra manna eru hættulegir fjöldanum enda líklegir til að leiða manngrúann fyrir björg fyrr en hann hefur náð að vita af sér. Fyrir þessa sannfæringu sína um yfirburðagreind og slæmar afleiðingar hennar duldi Þórður upplag sitt meðal manna hversdagslega. Meðal sálufélaga sinna var hann hins vegar opinskárri. Vinirnir voru einkum fólk, sem í áratugi sótti gestabod þeirra Erlendar og móður hans Unu og frægt er og ræmt í bókum. Í sambandi við skipti þeirra Þórðar og Laxness er vert að vísa almennt til þess álits Laxness á yngri árum hans að meðferð þjóðar á afburðarmönnum sínum skeri úr um lífvænleika þeirra sömu þjóðar.

Þórður bjó um tíma við Garðastræti, í næsta nágrenni við Unuhús. Vitni urðu að eftirfarandi orðaskiptum hans og Þórbergs Þórðarsonar. Svo bar til að Þórður var að flytja úr vistarveru sinni í þeim svifum sem Þórberg bar þar að í einni ferðum sínum af mörgum í Unuhús, og stóðu húsmunir Þórðar úti á stétt meðan hann beið flutnings, þeirra á meðal rúm hans. Þórbergur kom auga á rúmið og lýsti yfir við Þórð með sínum einkennandi þjósti: „Þórður! Ég verð að fá að háttá hjá þér einhverja nóttina til að kynnast svona mannlífi eins og þínu!“ Sá sem til var talað bandaði frá sér hendi eins og hans var háttur og svaraði höstugur: „Ekki mín týpa! Ekki mín týpa!“

Í félagahópi talaði Þórður mikið um menningarmál og þá var viðmótið heimsmannslegt, málhreimurinn sefandi og á hann var hlustað þótt hann færi ekki með löndum í yfirlýsingum né efnisvali.

---

<sup>17</sup> Ekkí verður vísað hér til blaðsíðutals í ævisögu Þórðar Sigtryggssonar heldur almennt til gagna hans á Lbs. Í þessari bók er stuðst við þá gerð ævisögunnar sem ber með sér að vera ítarlegust, þá sem Elías lánaði Laxness og er nú varðveitt á safninu.

Ásjónan geislaði af skapgerðarstyrk, gáfum og ögrandi viðmóti sem dró að sér athygli nærstaddra og vakti spurn. Hann hafði útlitið með sér eftir orðum Málfríðar sem sagði í bók sinni *Samastaður í tilverunni*, að svo virtist sem vandað hefði verið sérstaklega til höfuðlagsins.

Og hann fór eigin leiðir. Dæmi eru staðfest um hversu langt hann gekk í að ná tókum á karlmönnum sem hann girntist. Í Unuhúsi hreifst hann af Ragnari Jónssyni, síðar bókaútgefanda, á námsárum Ragnars í Verslunarskólanum, sem um þær mundir stundaði gestabod þeirra mæðginanna Erlendar og Unu eins og fleiri efnismenn með áhuga á menningarmálum. Þórður reyndi að tæla Ragnar í boðunum í Unuhúsi, en með engum árangri og kannski ekki von um annan eins varðhund þjóðlegrar menningar og Ragnar átti eftir að reynast. Svo kvongaðist Ragnar gegn vilja Þórðar sem af því tilefni tók að senda hinni nýbökuðu eiginkonu hans upplogin rósbréf um kynferðislegt samband sitt og Ragnars. Þórður gerði samskonar atlögur að æru fleiri manna af sama tilefni.

Lítills ávænings var að vænta í lífinu ef því væri lifað hógsamlega, var sannfæring Þórðar, samkvæmt orðum hans, enda lífið ekki á mannlegum nótum í raun og sannleika þrátt fyrir skjól sem klassískar mentir gátu veitt um tíma. Skepnuna í manningum ber því að virða þrátt fyrir listir og makindi borgaralegs lífs. Samkvæmt yfirlýsingu Þórðar seint og snemma voru nautnir tilgangurinn með lífinu, allra helst kynferðislegar nautnir. Ein af hetjum hans var hinn alræmdi kvennamaður Casanova, þótt Þórður ásældist ekki konur kynferðislega. Hvað sem því leið lá honum að jafnaði betra orð til kvenna en karla, og margan kaffibollann þáði hann í eldhúsinu hjá vinkonum sínum sem voru margar og furðu viljugar að trúa honum fyrir börnum sínum, þar með talin Guðrún Jónsdóttir, amma Elíasar. Þórður átti ástsvein í Keflavík sem hann lagði elsku við frá tíu ára aldri, samkvæmt ævisögunni. Drengurinn bjó með einstæðri móður sinni, einni af vinkonum Þórðar sem hann heimsótti og gerði sér til þess ferðir til Keflavíkur. Á þeim tíma kynntist Keflvíkingurinn Árni

Bergmann honum. Þeir tveir gengu saman um götur bæjarins eftir því sem segir í minningabók hans og Lenu, konu hans, *Blátt og rautt*:

Eins og nærri má geta var það mikilvæg reynsla fyrir ungling á þeim aldri, sem vill helst einfalda alla hluti sér til hægari verka, að kynnast jafn sjaldgæfum og margbrotnum manni og Þórði Sigtryggssyni. Það gerði lítið til þótt helmingurinn af viðhorfum hans væru mér framandi. Hitt skipti mestu, að í návist hans þandist heimurinn út með glæsilegu litaflóði og heillandi braki og brestum. Unglingurinn gat hvílt sig á leiðinlegri naflaskoðun.<sup>18</sup>

Það var vissulega hægt að stytta sér leið um listasöguna í návist Þórðar sem dró ekki af sér í fyrirlestrum sínum í þessum gönguferðum þeirra Árna sem hefur eftir þessum leiðsögumanni sínum:

Óskar Wilde ... var aumingi sem endaði í skítinum fyrir neðan krossinn. Kvenhatur Strindbergs var sjúkt og leiðinlegt. Tónlist Wagners var úrelt móðursýki, hafði þó yfir sér sjúka töfra. Tónlist Richards Strauss var úreltur bjánaskapur. Það eina sem gat réttlætt auma tilveru Jóhannesar Brahms var að hann hafði ef til vill staðið í kynferðissambandi við hundinn sinn. Rilke skáld var ómerkilegasti geldingurinn í bókmenntunum og Hermann Hesse var svo langt niðri að helst mátti líkja honum við íslenska guðspekinga. Þetta hyski var nú eitthvað annað en þeir dásemdarmenn, sem Þórður Sigtryggsson þekkti og kunni að umgangast — Goethe og Mozart, Baudelaire og Beethoven, Chopin og Anatole France, Stefan George og Marcel Proust. ... Án Beethovens hefði ég ekki lifað af erfðasta tímabil ævi minnar, sagði hann. Ef tónlist Mozarts væri skrifuð með orðum mundi lögreglan grípa í taumana.<sup>19</sup>

---

<sup>18</sup> *Blátt og rautt*, Rvk. 1986, bls. 237.

<sup>19</sup> Sama, bls. 231.

Ummæli organistans í Atómstöð Laxness um þá "Sjúbert, Bithófen, Bach og Mósart", eru í sama dúr og yfirlýsingar Þórðar um stórmennin sem Árni hefur eftir honum. Um miðja síðustu öld lifðu íslenskir listamenn við einangrun og andþrengsli innan um mikilmenni sögunnar og var stundarléttir af nærveru þessa mælskumanns sem sveiflaði sleggjunni á báðar hliðar. Og Þórður hafði mikinn metnað fyrir hönd þeirra listamannsefna sem hann áleit efnilega, þótt honum lægi stundum ónotaleg orð til listamannsefna á hans tíð. Árni ritar í nefndri bók sinni og konu hans, Lenu: „Þórður var hollur og tryggur vinum sínum, körlum sem konum. Ýmsum ástmönnum sínum var hann blátt áfram stoð og stytta.“ Um einn þessara ástmanna segir Þórður samkvæmt Árna. Gagnvart honum „hefi ég meiri skyldur en gagnvart nokkrum öðrum manni. Ég er nefnilega eini maðurinn í heiminum sem þekki hann og skil til fulls.“

Á þeim tíma sem Árni Bergmann ritaði minningabókina hafði honum lærst mikið um Þórð frá þeim tíma þegar hann gekk með honum um Keflavíkurbæ. Árni skrifar:

... hann gat líka verið hinn grimmasti ef honum fannst að menn væru að nota sig eða snúa við sér bakinu. Hann hefndi sín á einum efnispilti, sem hafði talað ógætlega um samband þeirra, með því að senda honum feiknamikið plötusafn að gjöf með svofelldri athugasemd: „Ég ætlast ekki til þess að menn hátti hjá mér fyrir ekki neitt“. Og breiddi svo söguna út um allan bæ. Enn verri voru þau dæmi, þegar frekjan og óhemjuskapurinn, erótómanían, fengu hann til hinna háskalegustu tilrauna. Ekki barasta tilrauna með „dramb og hroka“ eins og þegar hann sendi frá sér niðursallandi lýsingar á nafngreindum skáldum og menntamönnum, heldur blátt áfram til þess að leika sér með líf og dauða. Þetta gerðist einkum þegar hann var yngri og fann hjá sér hvöt til að styggja konur frá vinum sínum. Þá gat hann fundið upp á þeim fjanda að skrifa kærustum þeirra bréf, þar sem hann lýsti því nákvæmlega hve vel og lengi hann hefði mannsefna þeirra notið, og má nærri geta að þá gat verið stutt í mikla harma. Ég veit dæmi þess að í

slíku bréfi hafði Þórður gefið í skyn hómósexúelt samband, sem aldrei hafði átt sér stað — þá ætlaði hann að útrýma fyrirfram konunni úr lífi ungs manns, sem hann hafði girnd á.<sup>20</sup>

Samkvæmt rómantískri hugsun þarf séné ekki að hlíta sömu reglum og aðrir menn, og Þórður hefur líklega tileinkað sér þá niðurstöðu snemma á ævinni. Frændi hans, Ragnar Jónsson útgefandi, gerði það reyndar líka og þjónaði svo lund sinni, þótt ekki væri á sömu stigum og Þórður. Menntaklíkan, sem afbar Þórð Sigtryggsson í sínum hóp og var að miklu leyti á framfæri Ragnars trúði á yfirburði sína með líkum hætti, þótt fæstum verði ætlað að verið hafi af viðlíku gegndarleysi og Þórðar. Enda skildi organistinn milli sín og íslensku menningareltunnar eins og ummæli hans í ævisögunni bera með sér: „Rithöfundar okkar, skáld, menntamenn og listamenn eru svo langt niðri, að það er útilokað að þeir geti endað annars staðar en í guðspekinni eða hjálpræðisher Helga Péturss.“ Og um íslenska rithöfundastétt:

Mikið fyrirlít ég þessa rithöfundaræfla, sem af eintómri hræðslu við að vera álitnir brjálaðir aldrei þora að skrifa orð af viti. Ég get ekki hugsað mér skemmtilegra grín en að vera álitinn brjálaður, enda hef ég lifað á því í rúma hálfu öld, og að álitni Erlendar Guðmundssonar lifað fullkonnara lúxuslífi en nokkur milljónari. ... Það eru engin takmörk fyrir því, hve impónerað fólk getur orðið af brjálseminni. Maður með fullu valdi yfir brjálseminni er næstum því almáttugur. Aftur á móti er það verra, ef brjálsemin nær fullu valdi yfir mönnum.

Um efnishyggju sína segir Þórður í ævisögunni: „Ég mun vera fyrsti — og sennilega einnig síðasti — Íslendingurinn sem ekki er sálarfábjáni, en veit að allt þetta sem menn kalla sál og sálarlíf er ekkert annað en líkamlegar hreyfingar og hræringar. En ég þekki

---

<sup>20</sup> Sama, bls. 235.



líka betur en nokkur annar maður hinn ótakmarkaða mátt holdsins sem mannvélin er búin til úr.“ Og í framhaldi af þessum ummælum:

Ég læt náttúruna og eðlishvatirnar ráða. Ég er áreiðanlega einn af mestu nautnamönnum veraldarinnar, ef ekki sá mesti. En ég tek nautnina hættulegu, drambið, fram yfir allar aðrar nautnir. Ég veit vel að dramb er falli næst, en því dýpra sem ég fell — því hærra hoppa ég upp á eftir.

Um tilvistarkjör mannfólksins segir hann í ævisögunni með hjálp Elíasar:

... mest af öllu dáist ég að úthaldi mannsins í baráttu hans við hörð, grimm og miskunnarlaus örlög. — Þegar ég segi, að örlögin reynist okkur vel, ef við tökum þeim vel, þá er það aðeins mín persónuleg reynsla, sem einungis hefur gildi fyrir mig einan. Ég ætla ekki að fara að prédika kenningu þessa — eða aðrar — fyrir fólki. Barátta mín fyrir tilverunni hefur aldrei verið annað en fagur leikur. Mér finnst hún hafa verið óslitin röð af glæpum. Þó er ég harðánægður með árangur þeirrar baráttu. Ég hef komizt þúsund sinnum lengra en mig nokkurn tíma hafði órað fyrir. Ég iðrast ekki glæpanna, því án þeirra hefði ég gefizt upp og orðið að ræfli og aumingja. Í þessari hörðu og grimmu baráttu hef ég alltaf látið náttúruna ráða, en hún er hafin uppyfir það, sem menn kalla gott og illt. Ég er náttúrubarn. Ég elska náttúruna, fegurð hennar, yndi og blíðu, en tigna hana í ógnum hennar og skelfingum. Mikið finnst mér það fólk heimskt og takmarkað, sem ekki getur hrifizt af dramatískum atburðum. Ég fyrirlít þessar mannskepnur, sem vilja að lífið sé eintóm sætsúpa. Í baráttu minni fyrir tilverunni hef ég sýnt frekju og ófyrirleitni, sem tæplega á sinn líka. En með frekjunni hef ég sigrað.

Sami segir ennfremur um sjálfan sig og hlutskipti sitt í lífinu:

Ég hlýt að vera forhertur glæpamaður, því ég held áfram að njóta lífsins, þrátt fyrir allt það illa, sem ég hef framið um dagana. Einu sinni tók ég upp á að semja lista yfir það sem ég er. Ég var búinn að skrifa

upp fjórtán tegundir af glæpum, allskonar illmennsku og skítmennsku, þegar ég missti allan áhuga fyrir þessu og fleygði listanum.

Þórður var hreint ekki allur þar sem hann var séður. Vitnisburðir um hann frá fyrri árum lýsa ólíkum manni þeim orðháki sem tilvitnanirnar að framan bera með sér. Reyndar segir hann í ævisögunni að óframfærni hafi háð sér mjög í bernsku. Segist á þeim tíma ævinnar hafa verið væskill og rola og tiltekur dæmi um roluháttinn. Vinkona hans frá tíu ára aldri, Málfríður Einarsdóttir, virðist hafa þekkt Þórð og skilið betur en flestir samferðarmenn hans. Hún var áratug yngri en hann og var sumarlangt samvistum við hann á heimabæ sínum Þingnesi í Borgarfirði á bernskuárunum. Þórður var þar vinnumaður. Í minningabók sinni *Samastaður í tilverunni* ritar hún:

Þórður var um sumartíma í Þingnesi og kundi ekki að slá með orfi og ljá, maður hneigður til mennta. Aldrei vissi ég nokkurn mann yrða á Þórð, líkt var og hann væri álitinn pestsjúkur, eða haldinn af illum anda. Mér sýndist hann fremur laglegur, og ólíkur í fasi og háttum, máli og ugglaustr hugsun og hjartalagi, jötunhetjunum fjórum sem slógu kýrfóður á dag og bundu 193 kapla hver, enda þótti þeim ekki mikið til hans koma. Hetjur þessar heyrði ég einu sinni, sem fyrr segir, þrátta í hinu stóra eldhúsi í Þingnesi um Darwinskenningu. Sátu þeir á hnöllum eða bekkjarkornum vondum, og annar eða báðir með hatt. Svo mikil varð ákefðin og svo stífar meiningarnar, að hattur annars, eða beggja, fór að hallast, og því meir sem þrætan harðnaði, eins og meiningarnar væru í þá flognar. Því miður náðist ekki þrætan á segulband. Gaman væri að eiga hana, en ekki var kenning þessi fastari í sessi þá en svo að menn gátu verið að þrátta um hana á vondum sætum í gamaldags eldhúsi undir höllum hatti. Sá sem hattinn bar hallastan, sá af tilviljun auglýsingu í blaði og hljóðaði um það að nú skyldi sýna Hinn guðdómlega sjónleik Dantes „Helvíti“, eða Hina guðdómlegu kómedíu. Þetta þótti sláttumanninum mikla ófært orðalag; að kalla helvítissjónleik guðdómlegan, og býsnaðist yfir því. Svo skýrar voru hugmyndir hans um hið yfirskilvitlega, hið metafysiska, hið

transcendentala. Ég botnaði ekki í neinu. En veslings mjói maðurinn, sem var hræddur við kríur, og þóttist góður að geta sargað af munnfylli lambs yfir daginn, hann kunnir á þessu allt önnur skil. Hve margar útgáfur hann eignaðist af La divina commedia Dantes, veit ég ekki, en á frummálinu voru þær víst flestar. Ekki veit ég heldur hve oft hann las þessar bækur, né hvað honum varð úr lestrinum, aldrei veit neinn maður neitt og allrasíst ég.<sup>10</sup> <sup>21</sup>

Um komu sína í Þingnes þetta sumar ritaði Þórður í bréfi til Málfríðar mörgum árum síðar. Tilvitnun hans er í ævisögu hans:

Kæra Fríða!

Það er aldrei hægt að hitta þig. Að gamni mínu sendi ég þér fáeinar línur úr bók, sem aldrei kemur út:

" ... Frá Stafholti fór ég að Melkoti og fékk konunglegar viðtökur hjá hjónunum Halldóru og Elíasi. Þar gisti ég eina nótt, en daginn eftir ferjaði Elías mig yfir Hvítá. Þá var ég kominn að takmarki ferðarinnar: að Þingnesi. Þótt ég kæmi þangað sem mjög óvelkominn gestur, tók blessað fólkid vel á móti mér, og þar dvaldi ég nokkrar vikur í bezta yfirlæti. Það var dekrað við mig eins og ég væri prins. Ég er þakklátur fyrir að hafa kynnst þessu alþekkta dugnaðarfólki. En óvelkominn var ég vegna þess, að ég var nýkominn af berklahæli, og þá voru allir dauðhræddir við berkla. Þarna á bænum var tíu ára gamall telpukrakki, sem átti eftir að verða ritfærasta kona Íslands og ágæt vinkona mín, Málfríður Einarsdóttir ...

... Nóttina milli 14. og 15. apríl 1912 var ég staddur úti á Atlantshafi í leit að gæfunni, eins og þessar fimmtán hundruð og þrjár mannverur, sem þessa sömu nótt drukknuðu í þessu sama hafi ..."<sup>22</sup>

Þórði batnaði að fullu berklaveikin á fullorðinsárum. Málfríður átti eftir að kynnst honum betur eftir langt hlé. Nítján ára bjó hún í

<sup>21</sup> *Samastaður í tilverunni*. Rvk. 1977, bls. 232.

<sup>22</sup> Úr fórum Erlendar Guðmundssonar í Unuhúsi, á Landsbókasafni.

risinu við Skólavörðustíg hjá Þórði og móður hans, Hugborgu, og var á þeim tíma við nám í Kennaraskóla Íslands við Laufásveg. Það var 1918 og Þórður um þrítugt, hafði fengið spænsku veikina eins og margir aðrir bæjarbúar á þessu ári og var rúmliggjandi. Fölur og óaðgengilegur, málasení og gríðarvel lesinn, eftir lýsingu Málfríðar. Aðbúnaðurinn var ekki góður í risinu hjá þeim Hugborgu, ekkert eldhús, heldur sauð hún matinn á gamaldags olíuvél (þríkveikju) á ganginum, ekkert baðherbergi, klósett úti í móum. Um heilsufar Þórðar meðan á vist Málfríðar stóð hjá þeim Hugborgu og honum ritar hún:

Þegar ég sá hann – ekki í fyrsta sinn – heldur í fyrsta sinn frá því fyrir mörgum árum, var hann kalkhvítur í andliti af sjúkleika, og áleit ég að af sumum líffærum hans væri ekki nema bútar eða partar eftir, en af öðrum ekki neitt. Hendur hafði hann bæklaðar af liðagigt, einkum var litli fingur hægri handar illa farinn. Hann líktist manni sem hefur komist í dauðann, enda hafði hann komist í dauðann, en sloppið með undursamlegu móti –fyrir mátt andans, að því er hann sjálfur sagði, eða hvernig sem hann kann að hafa orðað það. Af tali hans mátti ráða að hann væri alinn upp í Brekkukoti, eða þar í grennd. Af orðaforða móðurmálsins kunni hann samt fátt af því sem góðum sveitamanni er tiltækt og tamt, en því betur virtist mér hann vera að sér í hinum göfugu erlendu tungum, flestum þeim sem talaðar eru í Vestur-Evrópu, nema ef vera skyldi portúgölsku. Í þeim sem hætt var að tala fyrir þúsund árum og lengur, held ég hann ekki hafa kunnað nema hrafl. En söm var ást hans á grísku og latínu fyrir því. Af skólagöngu hafði hann ekki annað en fimmta bekk barnaskólans, enda kunni hann ekki að deila með einskonartölum fyrr en þrítugur, að Guðrún Jónsdóttir, kennari, kenndi honum það. Það sagði mér sagnarandi minn, eða sú óskeikula víska, sem guð hefur lagt oss konum í brjóst: Í þessum manni verður þú aldrei skotin. Hvað kom til? Þetta var sérlega nettur og fríður maður, þrátt fyrir sjúkleik og bæklun, og höfuðið eins og guð hefði af þeim hagleik, sem svo frægur er, tekið sig til og sorfið það og sorfið og sorfið af ýtrustu vandvirkni, uns ekki var hægt að gera betur, bæði að framan og aftan, og einnig farið nærfærnum höndum um andlitið, sem

var einkar smáfellt, og við þetta höfuð hafði maðurinn allan vöxt góðan og viðfelldinn, og hefði mátt betur sjá það ef hann hefði verið heill heilsu. Augu mun hann hafa haft grá, en þó skömm sé frá að segja man ég ekki háralitinn, nema hvað hárið varð hvítt með aldrinum og skipti hann því jafnan í miðju. Hárið var alla tíð vandlega snurfunsað ...<sup>23</sup>

Málfríður ritar í sömu bók um bata Þórðar af Spænsku veikinni:

Upp úr þessum veikindum varð breyting á lífi Þórðar eftir að hann komst til heilsu á ný. Hann sem áður hafði verið slík mannafæla, ekki mönnum sinnandi marga stund, en gekk á svig við kunningja til þess að þurfa ekki að heilsa þeim, hann varð nú eðlilega mannblendinn, og hann sem áður hafði legið á spítölum í nevrasteni [svo], eða taugabilun á háu stigi, varð nú kátur og státinn lífsnautnamaður. Ætíð hélt hann því fram að tónlistin hefði bjargað lífi sínu. En um hana var hann fróðari flestum tónlistarfræðingum.<sup>24</sup>

Halldór Laxness miklar fyrir sér tónlistarþekkingu Þórðar í *Grikklandsárinu* eins og Málfríður fyrir sitt leyti í bók sinni. Segir Laxness að tónlistarfróðir menn hafi staðið gáttaðir frammi fyrir þeirri ofurgnægð þekkingar á tónlistinni, drottningu allra lista, sem þessi maður bjó yfir, með orðalagi Laxness. Þórði hafi verið það leikur að njóta tónlistar af nótum, og það hafi Erlendur í Unuhúsi einnig getað.

Á fullorðinsárum ummyndast líf flestra manna í félagslega þágu og flytur okkur sjálfum úr því óhjákvæmilega boðskap um firringu, missi og söknuð, ekki síður en um fyllingu og nautn. Við hvort tveggja verða flestir menn að una. Þórður Sigtryggsson var hins vegar þvermóðskufyllri en flestir menn og hugarsjónir hans skyggjari en gengur og gerist. Uppreisn hans varð því öfgafyllri þegar hann náði fullri heilsu um þrítugt, - með aukni sjálfstrausti. Eftir það fór hann hamförum í lífsnautn sinni í þeirri trú að sér væru

<sup>23</sup> *Samastaður í tilverunni*. Bls. 231-232.

<sup>24</sup> Sama. Bls. 233-234.

allir vegir færir, orðinn heill heilsu eftir að hafa legið banalegu tvisvar. Á þeim tíma sem Spænska veikin gekk í bænum dóu 35 manns úr henni. En fleiri læknuðust.

# Uppistand

Í tveimur bréfum til skjólstæðings síns Kristjáns Helgasonar í Keflavík, rituðum með löngu millibili, getur Þórður um varanlegan heilsufarsvanda sinn og er ástæða til að vitna til þeirra ummæla ef vera kynni að gæti leitt til frekari skilnings á Þórði og athöfnum hans. Í bréfi til Kristjáns þann 14. nóv. 1940 segist hann hafa þjáðst af höfuðverkjum í 26 ár. "Höfuðkvalir dag og nótt," segir þar. Seinna bréfið til sama manns þar sem minnst er á samskonar heilsufarsvanda er ritað í Reykjavík tólf árum síðar, 25. jan. 1952, og er svona:

Kæri vinur.

Jeg er þér mjög þakklátur fyrir þitt ágæta brjef.

Mjer þykir afleitt að þú skulir vera veikur.

Jeg geng líka með meinsemd í heilanum. Í gær var jeg svo slæmur, að jeg sá tvöfalt, en það er ekki vel gott, þegar það á að heita að menn sjeu ódruknir.

Mar verður enn að líða fyrir orðin, sem hann talaði um miðjan desember 1950: "Jeg veit vel, að það fá ljelegri menn en jeg að koma til þín." [...]

Tilvitnuð orð vísa til þess hversu umhugað Elíasi var að halda sambandi Þórð, einkum þegar mikið mæddi á honum eins og í desember 1950, á þeim dögum þegar tvær bækur eftir hann komu út hjá Helgafellsútgáfunni. Og þess hve sérsinna Þórður var í þeim efnum. Einnig er vert að gefa stríðninni gaum; hún er af verra taginu, ber með sér gallharðan ásetning, þráhyggjukennda hugsun að láta þann sem fyrir verður ekki sæta jöfnuði, heldur í besta falli

umhyggju og því aðeins að náist full tök á viðfangsefninu, þeim manni sem fyrir verður. Það var í desember árið 1950, eða litlu fyrr, sem Elías tók að leita til Þórðar með vin sinn Sturlu frá því í september. Um þessi áramót gaf Þórður Elíasi ritsafnið *Eastern love*, auk fleiri bóka sem studdu að þeirri speki sem hann hélt að þeim vinum, Sturlu og Elíasi, það sem eftir lifði vetrar. Þegar hann skrifaði skjólstæðingnum Kristjáni tilvitnað bréf ári síðar hafði Þórður staðið í þráhyggjukenntri glímu við Elías um sjálfstæði hans og persónu. Rétt er að taka fram, að Þórður drakk varla áfengi svo á honum sæist. Í nóvember 1950 skrifar hann og hefur þá þegar fengið augastað á þáverandi ástvini Elíasar:

Kæri Elías.

Bestu þakkir fyrir hinar ágætu heimsóknir þínar 25. og 26. nóvember

Þú ert svo geðugur og elskulegur ungur maður, að jeg efast um að þú eigir nokkurn þinn líka hjer á landi.

Jeg hefi oft harmað að ekki skuli hafa tekist betri vinátta með okkur. En það er þín sök, en ekki mín. Þú þekkir ekki þinn vitjunartíma.

Mjer hefir skilist að þig langi til að sjá skrá mína yfir fræga homosexualista. Jeg er að hugsa um að láta þig fá afrit af henni, en í smáskömmtum.

Þú skalt fá fimm nöfn í hvert skifti sem þú heimsækir mig og Sturla Tryggvason er í fylgd með þjer.

Kæri E.

Jeg skal þiggja einhverja af bókum þínum, þegar jeg er búinn að faðma þig þúsund sinnum með fullum árangri.

Það er ekki nema sjálfsagt að maður geri eitthvað fyrir menn, þegar maður er búinn að hafa góð afnot af þeim.

Þinn einlægur.

Þórður skrifaði Sturlu sem gaf Elíasi bréfið við fyrsta tækifæri. Það er svona:



Kæri Sturla!

Á skammri stund skipast veður í lofti. Hin ágæta stemmning, sem ríkt hefir yfir samverustundum okkar þriggja, er nú rokin út í veður og vind og kemur aldrei aftur, eingöngu fyrir ungæðislegt hugsunarleysi Elíasar.

Jeg geri ráð fyrir að þessar bækur sem hann framleiðir sjeu ekki ljelegri en almennt gerist um rit unglunga hjer á landi.

En er nokkur sanngirnir í, að ætlast til að jeg, sem svo að segja frá barnsaldri, hefi notið þess besta og fullkomnasta, sem til er í listum og bókmenntum, fari nú á gamalsaldri að eyða tíma í að lesa bækur óþroskaðra og lítt menntaðra unglunga?

Elías veit vel, að hann hefir engan rjett til að þekkja mig eða umgangast. En jeg hefi leyft honum að koma til mín, ef hann hafi þig meðferðis. En nú get jeg ekki lengur sætt mig við, að þú sjert notaður þannig, til þess ert þú allt of góður.

Ef þig langar til að heimsækja mig (sem jeg reyndar álít óhugsanlegt, því jeg hefi ekki upp á neitt að bjóða) verður þú eftirleiðis að gera það einn og af frjálsum vilja, en ekki til að þóknast Elíasi.

Þú ert svo óvenjulegur ungur maður, svo þroskaður og vel menntaður áheyrandi að góðri tónlist, að það væri óbætanlegt tjón fyrir mig að missa af viðkyrningu þinni.

Hins vegar nýt jeg þess bæði vel og lengi að hafa fengið að vera með þjer 2-3 kvöldstundir. En jeg er svo mikill nautnamaður, svo eigingjarn og viðkvæmur, að jeg vil heldur draga mig í hlje á viðeigandi tíma en eiga á hættu að styggja þig, eiga á hættu að þú ýtir mjer frá þjer.

Við Elías eigum enga samleið og höfum aldrei átt. En hann er geðugur piltur og jeg samgleðst honum yfir að fá að njóta vináttu þinnar. Jeg get meira að segja fyrirgefið honum þá smekkleysu að bjóða mjer bók sem hann sjálfur hefur samið, og jafnvel ætlast til að jeg lesi hana.

En jeg vil ekki eiga á hættu að slíkt endurtaki sig, og álít því heppilegast að slíta öllu sambandi við hann.

Jeg ætla að gamni mínu að láta þig heyra einu bókmenntagagnrýnina sem jeg hef samið á ævi minni. Hún hljóðar þannig: Herra N.N. er svo ljelegur maður, svo ljelega menntaður og í svo ljelegum

fjelagsskap að það er útilokað að hann geti samið annað en ljelegar bækur.

Við verðum að fresta þessu ráðgerða Debussy-kvöldi um óákveðinn tíma.

Viltu gera svo vel að tilkynna Elíasi það, eða sýna honum þetta brjef.

Með þakklæti og bestu óskum.

Reykjavík 23. des. 1950.

Kæri E.!

Um leið og jeg óska þjer gleðilegra jóla, bið jeg þig að þiggja hjálagðar bækur eftir höfund vísunnar sem jeg gaf þjer um daginn. Þær eru verðlaun fyrir framúrskarandi dugnað þinn, viljaprek, reglusemi og óteljandi góða eiginleika og mannkosti.

Til allrar hamingju ertu ekki alfullkominn, því þá værir þú – eins og allar þessháttar verur – svo leiðinlegur að það væri ekki hægt að umgangast þig.

Jeg þarf ekki að taka fram hve hamingjusamur jeg væri ef jeg gæti eignast þessar tvær nýju bækur þínar, helst með áritun frá þjer.

Þinn einlægur.

Reykjavík, 1. jan. 1951.

Kæri E.

Um leið og jeg óska þjer gleðilegs nýjárs – með þakklæti fyrir liðnu árin – bið jeg þig að þiggja hjálagðar bækur sem lítinn þakklætisvott fyrir dýrðarnóttina og lítilsháttar bætur fyrir margskonar órjett, sem jeg á undanförunum árum hefi sýnt þjer.

Þinn einlægur.

31. jan. 1951.

Kæri vinur!

Ef þú lítur inn til mín á morgun þætti mjer vænt um að þú kæmir ekki síðar en kl. 4, eða milli 2 og 4.

Við verðum að skipuleggja þessar samverustundir okkar. Jeg læt mjer ekki nægja venjulegan fábjánakunningssskap, þar sem menn hittast af

tilviljun eða með höppum og glöppum. Þú ert mesti skipuleggingameistari sem jeg þekki, svo þú getur varla haft á móti þessu.

Jeg get ekki látið mjer nægja minna en þrjá fundi vikulega, t.d. mánudag og miðvikudag einn klukkutíma í einu, en föstudag eða laugardag allt kvöldið og eftirfarandi nótt.

Ef þjer finnst þú ekki hafa tíma til þess – en menn hafa alltaf tíma til alls sem þeir vilja – þá nær það ekki lengra. Við skiljum þá formlega í bróðerni, og jeg held áfram að horfa daglega á þessar þrjár myndir af besta og fullkomnasta sexualsambandi sem jeg hefi kynnst.

Ef einhver á eftir að slá þig út, en það finnst mjer algerlega óhugsanlegt, verð jeg ef til vill að taka þær niður.

Það er fyrirgefánlegt, þó maður á þínum aldri sje idealisti og haldi að fólk vanti ekki nema 1% til að verða alfullkomið. En jeg er hræddur um að þú hafir fullmikið álit á íslenskum rithöfundum og listamönnum. Jeg hefi þekkt þá miklu lengur en þú. Þeir eru fábjár og analfabetar, sem flestir gætu vel átt heima í Hjálpræðishernum eða Sálarrannsóknarfjelaginu. Það hefir líka með rjettu verið sagt um þessi grey, að jafnvel þótt þau skárstu af þeim væru hundrað sinnum skárri en þau eru, mætu þau þakka fyrir ef maður, hundrað sinnum ljelegri en jeg er, vildi nota þau til að víkka á þeim rassgatið.

Þú verður að athuga, að við lifum á Íslandi árið 1951, en ekki á Englandi á Victoríu-tímabilinu. Þess vegna er engin ástæða til að vera hræddur við allt og alla.

Jeg vil taka fram, að næsta mánuðinn verð jeg að miklu leyti í sexualbindindi, svo þú þarft ekki að óttast ægilegar misþyrmingar frá minni hálfu.

Jeg hlakka til að sjá þig á morgun og ræða framtíðina við þig. Með ástarkveðju.

Mánuði seinna frá sama manni til Elíasar:

2. mars 1951.

Kæri vinur!

Jeg er undrandi yfir, að á einni viku skuli jeg í tvær nætur árangurslaust hafa orðið að bíða eftir þjer.

Ertu svo háður þessum aragrúa af fábjanum og öðru verra, sem þú umgengst – en virðist þó hafa takmarkalausa fyrirleitningu á – að þú eigir enga frjálsa stund á nóttu eða degi? Sje svo, er engin von að þú getir eytt í mig fáum klukkustundum í viku, hvað þá heilli nóttu.

Úr því svo er komið, er betra að við slítum sambandi okkar, enda getur þú með bestu samvisku dregið þig í hlje, svo mikið ertu búinn að gera fyrir mig, en jeg hins vegar ánægður og þakklátur.

Það er svo margt í fari mínu, sem þú við nánari kynni alls ekki gætir sætt þig við. Jeg er t.d. svæsinn nautnamaður á allt öðru sviði en því erotiska.

Reyndu nú að koma til mín í dag, t.d. milli 4 og 6, því eftir þann tíma má búast við að þú verðir svo umsetinn að þú ekki getir sloppið, svo að við getum talað um þetta í næði og gengið rólega frá vináttuslitunum. Jeg er mjög spenntur eftir að vita hvernig mjer tekst að lifa þau af.<sup>25</sup> Það verður einn af stórkostlegustu atburðum ævi minnar.

Með áframhaldandi sambandi okkar máttu búast við stöðugt vaxandi kröfum frá minni hálfu, kröfum sem myndu eitra fyrir þjer alla lífsgleði. Jeg gæti t.d. farið fram á að samband okkar yrði opinbert. Jeg er orðinn leiður á þessu bjánalega pukri, enda er það að verða óframkvæmdanlegt fyrir þig. En jeg held að þú sjert allt of háður fábjanum til þess að slíkt geti komið til greina. Það væri miklu heppilegra fyrir þig að giftast einhverjum kvenmanni, svo að skrállinn geti ekki fundið höggstað á þjer. Annars áttu ekki vott af áhuga fyrir konu, en ert jafn hreinn homosexulisti og jeg, og af nákvæmlega sömu biologiskum ástæðum. Að þú á pubertetárunum fórst að hafa einhver afskipti af konum, stafar eingöngu af því, að á þeim árum varstu svo langt niðri, að þú þekktir og umgekkst ekki annað en skólaskríl og þekktir og vissir ekki meira en hann.

Sjeu það örlög þín, að losna ekki við mig, verður þú að reyna að taka þeim með karlmennsku.

Hlakka til að sjá þig í dag!

---

<sup>25</sup> Það er óráðin gáta hvernig sum bréfin bárust svo skjótt milli þeirra Elíasar og Þórðar að tilmæli eins og þessi gætu hafa haft nokkra merkingu. Öll hin varðveittu bréf Þórðar eru handskrifuð og í frumriti.

Rétt er að taka fram að Þórður drakk ekki áfengi svo orð séu á gerandi. Sjá má af bréfunum þennan vetur 50-51, að markmið hans er að ná fullum tökum á tilfinningalífi Elíasar. Hann hamaðist sérstaklega gegn vinum hans af veitingahúsum miðbæjarins og kannski hafði hann nokkuð fyrir sér í þeim sökum, en ekki að síður er ljós að hann er með aðfinnslunum og þrálátu níði gegn persónu Elíasar er mrkmiðið það helst, að brjótast inn í persónuhelgi hans og einkalíf berlega í því skyni að gera hann sér meðfærilegri. Efast hefur verið um sannleiksgildi bréfanna, að minnsta kosti fullyrðingar Þórðar um kynferðissamband, og er það á færi lesandans að meta það af þeim gögnum sem hér verða borin fram. Þórður lét sér ekki nægja senda ámæli um Elías til vinarins Sturlu heldur skrifaði hann vinkonunni Charlottu í sama dúr:

Kæra Charlotta!

Þjer eruð allt of töfrandi og yndisleg stúlka, til þess að jeg geti lengur sætt mig við, að þjer sjeuð blekkar á ýmsan hátt.

Mjer finnst að þjer eigið heimtingu á að vita, að jeg hefi frá því um áramót staðið í innilegu ástarsambandi við Elías, bæði á nóttu og degi, ýmist heima hjá honum, en þó oftast heima hjá mjer.

Jeg get ekki betur sjeð, en að Elías sje jafn ákveðinn homosexualisti og jeg er og hefi ætíð verið. Hann talar aldrei af hrifningu um kvenfólk, en sífellt um karlmenn og sjerstaklega um fallega stráka.

Þetta bjánalega gauf hans við kvenfólk, stafar ekki af öðru en hræðslu hans við þennan ógeðslega skríl sem hann á fyrir vini.

Eins og þjer hljótið að vita, eru þessir vinir hans illþýði og mannlegur óþverri, sem stendur fyrir neðan öll menntunar- og menningar-lágmörk. Sturla er auðvitað undantekinn. Nú hefi jeg gefið honum kost á að velja, hvort hann vilji eftirleiðis umgangast þessa vini sína eða mig.

Jeg á ekki til orð yfir það, hve óviðjafnanlega töfrandi, góður og yndislegur maður Elías er. Jeg er ekki í neinum vafa um, að hann sje fullkonnasti elskhugi veraldarinnar, eða þannig hefir hann reynst mjer.

Jeg get líka með góðri samvisku sagt, að jeg er og hefi verið stórhreifinn af honum. Jeg hefi oft óskað þess, að hann ætti eftir að sýna mjer einhverja stórkostlega móðgun, svo að jeg gæti á móti sýnt honum, að jeg gæti

fyrirgefið honum allt. Og viti menn, þetta skeði miklu fyrr og miklu betur en jeg hafði getað gert mjer hugmynd um.

Fimmtudaginn 15. mars er jeg á gangi í miðbænum og mæti Elíasi. Hann býður mjer að koma heim til sín um kvöldið, um 9. Jeg þigg það með gleði og hlakka mjög til að hitta hann. Þegar jeg kem á ákveðnum tíma, er myrkur hjá honum, en jeg var ekki í vafa um að hann væri heima. Eftir 1-2 tíma er ljósið kveikt og mjer hleypt inn. Þá hafði hann verið að drekka og skemmta sjer kynferðislega með ágætismanni, svo það gladdi mig mjög og jeg fann ekki til afbrýðisemi. Elías ákveður að jeg verði hjá honum um nóttina. Þeir fara á Skálann, en jeg háttu og slekk ljósið, svo að enginn óviðkomandi geri tilraun til að koma. Jeg halla mjer útaf og bíð með mikilli tilhlökkun eftir besta elskhuga heimsins.

Eftir tólf kemur Elías, opnar hurðina og segir: Jeg er með kvenmann með mjer. Jeg taldi víst, að það væruð þjer, en svo var þó ekki. Það var Ásta Sigurðardóttir, en fyrir þrem dögum hafði Elías lýst henni sem ógeðlegri kvensnift og þekktustu skækju Reykjavíkur.

Til þess að slá sjer upp í augum skrílsins á Skálanum, hafði hann boðið þessari frægu dömu að koma heim til sín og háttu hjá sjer, en hafði alveg gleymt elskhuga sínum, sem beið hans heima. Elías hefir afsakað þetta með því að hann hafi verið drukkinn. Hafði þjer nokkurn tíma heyrt um svo ljóta og ógeðslega framkomu við elskandi unnusta? En jeg tók þessu vel, og þegar hjúin voru háttuð sagði jeg þeim skemmtilega sögu. En nóttin leið án þess að hann gæti veitt gyðjunni fullnægingu á annan hátt en að reka einn fingur tvisvar inn í ónefndan stað. Hvenær ætlar Elías að hætta þessu fábjánalega gaufi sínu við kvenfólk, sem ekki er til annars en að slá ryki í augu heimskasta skrílsins, sem hann er skíthræddur við.

Eins og geta má nærri, var gyðjan óánægð yfir ekki betri árangri á heilli nóttu, en hann lofaði að bæta henni það upp síðar.

Eftir að gyðjan var farin, var jeg tvisvar með Elíasi ...

Daginn eftir frá Þórði til Elíasar:

18. 3. 1951.

Elsku Elías.

Jeg sjálfur þekki vel mannlegan veikleika, er háður honum og fer ekki dult með það, eins og þú hlýtur að vita.

Það er því rangt af mjer, að vera að saka þig um vöntun á karlmennsku og hugrekki gagnvart heimsku og hleypidómum almennings.

Jeg hefi alltaf haft miklu betri aðstöðu en þú, til að bjóða þjóðfjelaginu byrginn og sýna almenningsálitinu fyrirlitningu.

Maður er meira og minna háður lýgi og hræsni. Það er ósanngjarnt að heimta að þú, ungur og óharðnaður, getir sagt þjóðfjelaginu stríð á hendur.

Það er ekki von að þú, vinsæll maður, viðurkenndur rithöfundur, gæddur óteljandi góðum og fögrum eiginleikum, getir sætt þig við að verða útundan í eðlilegu, hetrosuelli ástarlífi. Þess vegna verður þú í lengstu lög að reyna að telja sjálfum þjer og öðrum trú um að þú hafir kynferðislega nautn af kvenfólki. Þetta er ósköp mannlegt, og óviðeigandi af mjer að vera að sýna þjer fyrirlitningu af þeim sökum.

Ást mín á þjer er eingöngu kynferðislegs eðlis, en kynferðisástin er eingingjörnust allra hvata. Hún vill annaðhvort allt eða ekkert.

Reyndar get jeg með góðri samvisku sagt, að jeg hefi ekki heimtað að þú eyddir öllum þínum tíma í mig, því síður að jeg hafi lagt bann á samband þitt við aðra en mig einan.

En samband, sem eingöngu er kynferðislegt, getur ekki heppnast vel til lengdar. Er því ekki betra að við reynum að skilja, áður en ástin kulnar út?

Þú mátt ekki halda, að skilnaður við þig verði sársaukalaus fyrir mig. En hvað er það hjá þeim hörmungum að vaxandi illdeilur eitri líf okkar beggja?

Eins og jeg hefi oft sagt þjer, get jeg ekki, eftir fullkomið kynferðissamband, gert mjer að góðu venjulegan fábjánakunningssskap, eins og þann sem þú átt í við vini þína. Eftir að kynferðissambandi okkar er slitið, þekkjumst við ekki, sjáum ekki hvor annan, þó að við mætumst á götu, því þá er ekkert til lengur sem getur tengt okkur saman. Ekki einu sinni tónlistin, því þar er jeg ástríðumaður, en þú þekkir ekkert hvað ástríða er. En jeg skal viðurkenna að þú átt einhvern vott af forvitni eftir að kynnast tónlist, en það er bæði undrunarvert og virðingarvert hjá manni í þinni stjett.

Annars er óþarfi að orðlengja meira um þetta mál.

Næst þegar við tölumst við, skulum við athuga hvort nokkur skilyrði finnist fyrir áframhaldandi sambandi okkar, en finnist þau ekki, er allt búið okkar á milli.

Með innilegu þakklæti fyrir allar ástarstundirnar.

P.S.

Ef þjer finnst, að jeg hafi leikið þig illa, læt jeg þig vita, að sumir af fyrirrennurum þínum hafa orðið að þola miklu meira, en þrátt fyrir það verið þakklátir fyrir að hafa kynnst mjer, og sýnt mjer tryggð og vináttu um áratugi.

Jeg vona að þú hafi fengið að lesa brjefið, sem jeg skrifaði Charlottu í gær. Þar gastu lesið hreinan sannleikann, þó að mig máske skorti gáfur og krafta til að skilja hann og þola. Nú færðu að lesa afrit af brjefinu sem jeg skrifaði Ástu Sigurðardóttur.

Kæra Ásta.

Bestu þakkir fyrir heimsóknina á Grenimel 32 þann 16. þ.m.

Strax eftir að þú varst farin, reið jeg Elíasi tvisvar sinnum, en hann mjer einu sinni. Í öll skiptin náðist góður árangur. Þannig tókst mjer, karlinum á sjötugsaldri, svo að segja á svipstundu að veita honum þann unað, sem ung og vel vaxin stúlka gat ekki veitt honum á heilli nóttu. Það hefir mikið að segja, hvort manni er eðlilegt eða óeðlilegt að gera það sem maður er að fást við.

Elías er hundrað prósent homosexualisti, eins og jeg. Það er aðeins til að strá ryki í augu þessara ógeðslegu fábjárna, sem hann á fyrir vini, að hann er við og við að gaufa við kvenfólk.

Jeg vona samt að næst þegar þið verðið saman, takist honum einhvern veginn að bjarga hinum ímyndaða karlmannsheiðri sínum.

Með bestu óskum.

Elsku Elías!

Þú heldur víst, að jeg hafi í gær komið á Skálann eingöngu til að storka þjer. Það voru óviðráðanleg atvik, sem leiddu mig þangað.

Hafi jeg sagt eitthvað, sem særði þig, þá var það gert í hugsunarleysi. Sannleikurinn er sá, að margsinnis, bæði á nóttu og degi, kasta jeg mjer í huganum, grátandi í faðm þinn.

Heldurðu að jeg geti á svipstundu gleymt, að þú ert í mínum augum, fegursti, besti og yndislegasti elskhugi heimsins?



Það eru óviðráðanleg og rjettlát örlög, sem stjórna athöfnum mínum í þinn garð, athöfnum sem þjer eru alveg óskiljanlegar. Jeg veit, að nú og eftirleidis álitur þú sjálfan djöfulinn meinlausan viðvaning í samanburði við mig.

Sennilega hefir þú alveg rjett fyrir þjer.

Með innilegu þakklæti fyrir hinar óviðjafnalegu ástarstundir.  
Þinn einlægur.

# Heift

Þórður hélt áfram árásum á lærisvein sinn, Elías. Hann skilaði árituðum eintökum bókana tveggja frá því í desember en sneri svo við blaðinu og greinir frá tilefninu að sér hafi snúist hugir um þær:

Viltu gera svo vel að láta mig fá aftur bækurnar, sem jeg kom með til þín síðastliðinn sunnudag. Það er ekki af kynferðislegum ástæðum, að mig langar til að fá þær aftur heldur af aðdáun á ungum, fátækum einstæðingspilti, sem hefir náð þangað sem þú hefir náð.

Elías svarar af þeirri nákvæmni sem honum var ein laginn og virðingu fyrir meistara sínum sem aldrei hvikaði á hverju sem gekk :

Reykjavík, á langafriðdag 1951 (23.3.)  
Þórður Sigtryggsson.

Enda þótt ég reyndi hið gagnstæða, myndi mér aldrei takast annað en vera á vissan hátt fremur hlýtt til þín. Til þess hefurðu gefið mér of mikið, – bæði í þeim hlutum sem metnir verða til fjár, og eins í þeirri lífsreynslu, sem hvorki er lögð á vogarskál né hægt að losna undan, hvað sem maður vildi til vinna.

Ég veit, að þú hefur hafizt að í hugsunarleysi. En jafnvel þótt svo hefði ekki verið, myndi ég hafa afsakað þig. Að líkindum muntu þó aðeins hafa eitt til marks um, að hér mæli ég af sannfæringu. Það er: að þú munt aldrei heyra hnjóðsyrði um þig eftir mér.

Varðandi bækurnar:

Þegar ég tók við þeim, komst hvorki móðgun né reiði að í huga mér. Og svo sem engin fögnuður heldur. Mér þótti ekki nema eðlilegt, að þú vildir losa þig við þessar minjar um mig. Það fyrsta sem mér datt í hug, var það,

að ég myndi geta selt þær. Ég lét því ekki bíða boðanna, heldur skar úr þeim saurbloðin, sem áletranirnar voru á, og reif þau.

Maður á ekki að leika sér að því að slá á þá hönd, sem rétt er fram til sátta. Mig langar heldur ekki til þess. Mér þykir vænt um, að þú vilt þiggja bækurnar aftur. Og spursmál er, hvort þú átt þær ekki, þrátt fyrir allt. Hitt er annað mál, að ég geri ráð fyrir að þú skiljir mig, er ég segi, að ég er ekki beinlínis í skapi til að árita þær að nýju fyrst um sinn. Áritun, sem gerð væri fyrir siðasakir, væri ekki annað en dónaskapur í þinn garð, – dónaskapur, sem þú ættir ekki skilið.

Með þakklæti og ósk um ágæta líðan.

Næsta dag frá Þórði til Elíasar:

Reykjavík 24.3. 1951

Elsku Elías.

Jeg er þjer innilega þakklátur fyrir hið ágæta brjef þitt, dagsett í gær.

Þetta sem þú gerðir við bækurnar var hið eina rjetta.

Jeg get ekki með orðum lýst, hvað mjer ljettir við að þessum mesta misskilningi veraldarinnar, frá þinni hálfu – jeg á við aðdáun þína á mjer – skuli vera lokið.

Jeg get heldur ekki með orðum lýst, hve sæll og hamingjusamur jeg er, að eiga við hlið mjer mynd af einum fegursta, yndislegasta og ljúfasta manni jarðarinnar.

Með innilegu þakklæti fyrir yndislegar samverustundir.

Þinn elskandi (sign)

Kort frá Þórði til Elíasar þessa daga:

Kæri vin!

Að Sturlu undanteknum lít jeg á vini þína sem mannlegan óþverra, sem sjerhver siðaður nútímamaður hlýtur að skammast sín fyrir að vita af að sje til, hvað þá umgangast. Ef þú sættir þig við þessa skoðun mína og að jeg haldi henni á lofti, hvar sem er og hvenær sem er, máttu koma til mín 28. mars, annars ekki. Jeg er karlmaður, en þú hefur hvorki gáfur nje krafta til að átta þig á því. Þinn einlægur vinur.

Bréf frá Þórði tíu dögum síðar:

30.3.1951.

Elsku Elías!

Það er best að láta bækurnar eiga sig. Hinar fyrri áritanir – jeg minnst þeirra með gleði og þakklæti – voru gerðar af fullkomnu þekkingarleysi á mjer, eins og reynslan hefir sýnt þjer.

Það væri að vísu fróðlegt, að sjá nýjar áritanir, gerðar af fullri hreinskilni, en þess gerist ekki þörf. Brjef þitt, dagsett á langafriðadag, sýnir mjer greinilega, hvernig þjer er innanbrjóstis til mín. Jeg er stórhreifinn af því, sjerstaklega af tveimur fyrstu línunum, sem jeg efast um að eigi sinn líka í heimsbókmenntunum.

Þú getur tæplega skilið, hvílík nautn og sæla það er fyrir mig, að hinn óviðjafnanlega töfrandi, yndislegi og ljúfi Elías Mar skuli vera neyddur til að muna eftir mjer, jafnt á nóttu sem degi.

Örlögin höguðu því þannig, að í gærkveldi fjekk jeg í tvær klukkustundir að horfa á þig og hinar ljúfu líknarhendur þínar.

Jeg hefi komið þannig fram við þig, að jeg vildi helst geta komist hjá því, að verða á vegi þínum, en þar verða atvikin að ráða.

Besta lausnin, fyrir þig, á þessu sambandi okkar, er þessi: að þú lítir á mig sem brjáláðan mann, leiðinlega brjáláðan mann, sem af einhverri bjánalegri tilviljun hefur orðið á vegi þínum.

Jeg væri vel ánægður með þá lausn.

Með bestu óskum.

Þinn elskandi (sign)

Elsku Elías.

Enginn maður í öllum heiminum skilur eins vel og jeg, hvað þú ert búinn að líða, síðan þú komst af barnsaldri.

Enginn veit eins vel og jeg, hvílík hetja þú ert, að vera ekki fyrir löngu orðinn að drykkjuræfli, eða það sem verra er, að hjónabandsræfli.

Jeg þekki fegurð þína og töfra betur en nokkur annar maður. En jeg veit líka, að þú ert ekki alfullkominn. Það er útilokað að sjómannssonur frá Akranesi geti átt meðfæddar tilhneigingar til æðri menntunar og menningar. Það er heldur ekki nema í erlendum stórborgum, að menn geta lifað sjálfstæðu listrænu, bókmenntalegu og kynferðislegu lúxuslífi.

Það er engin von, að þú getir skilið ástalíf mitt. Íslensk skáld þekkja ekki ástina, hafa heldur ekkert við hana að gera. Þau hafa sinn gvöð, sitt brennivín og sína Tyrkjuguddu og það nægir þeim.

Stöðu þinnar vegna, vina þinna og kollega vegna, verður þú að giftast kvenmanni og lifa venjulegu lífi.

Jeg vona, að mjer verði aldrei á að líta niður á þig, þó að þú eigir eftir að lenda í því algengasta og ljelegasta.

Jeg lít heldur ekki niður á þig, þó að þú hafir beðið ósigur í sambandinu við mig. Jeg hefi aldrei ætlast til, að þú hafir krafta og úthald til að kynnast mjer, því síður að þú hefðir þörf fyrir það. Mjer þykir leitt, að þú skulir liggja særður og vonsvikinn eftir sambandið við mig, en það er þinni takmörkuðu þekkingu að kenna. Þú ert ekki fær um að finna neitt gott eða fagurt í fari mínu, eitthvað sem gæti vegið á móti því sem miður fer.

Jeg skil við þig gagntekinn af gleði og fögnuði yfir að hafa 24 sinnum notið hinnar óviðjafnanlegu blíðu þinnar. Auk þess hefi jeg, í sambandi mínu við þig, eignast fagran dýrgrip, myndina af okkur, þar sem hin látlausa fegurð þín birtist í allri sinni dýrð.

Jeg hefi stillt upp mynd af þjer hjá öðrum kynferðissamböndum mínum, við hliðina á Guðmundi fagra og á móti hinum óviðjafnanlega Halldóri.

Svo að þú ekki eigir á hættu, að fá óorð á þig, hefi jeg stillt upp annarri mynd af þjer, þar sem þú hefir kvenmann við hlið þjer.

Hinn ágæti, einstaki og óviðjafnanlegi vinur okkar, Sturla Tryggvason, sýndi mjer þann mikla heiður, að heimsækja mig aðfaranótt 12. þ.m. og dvelja hjá mjer góða stund, okkur báðum til gleði.

Þá var jeg nýbúinn að stilla upp myndinni af þjer og dömumni. Þegar Sturla sá myndina, rak hann upp svo hvellan hlátur, að það má mikið vera, ef hann hefir ekki heyrst alla leið til Þingvalla. Hláturinn var svo hjartanlegur, að jeg gerði enga tilraun til að þagga hann niður, þótt jeg hins vegar mætti búast við að allir í húsinu vöknuðu.

Jeg hafði nokkru áður spurt Sturlu um þig. Hann sagðist þá ekki vita hvor okkar (þú eða jeg) væri vitlausari. En eftir að hafa sjeð myndina, varð hann að viðurkenna, að jeg væri sá skemmtilega vitlausasti maður, sem hann hefði kynnst.

Myndin er af þjer og Ástu Sigurðardóttur. Tvær myndir límdar saman á eitt spjald.

Þegar jeg fyrst stillti mynd þessari upp, var aðeins um tilraun að ræða. Jeg vildi kynnast, hvernig hún verkaði á mig. Og nú skal jeg segja þjer frá hinum dásamlega árangri af tilraun þessari. Jeg er orðinn þess fullviss, að Ásta eigi miklu meiri rjett en jeg, til að komast á mynd við hlið þjer.

Hún hefir ekkert illt gert þjer, en jeg hefi gert þjer svo mikið illt, að þú getur aldrei gleymt því eða fyrirgefið mjer. Jeg hefi sýnt þjer mikið ranglæti. Það er bæði sjálfsagt og viturt af þjer, að sýna varkárni í kynferðissökum. Jeg er sjálfur svo skíthráddur við margt, að það situr illa á mjer að vera að bera þjer á brýn hugleysi.

Ásta heimtar ekki mikið af þjer, í mesta lagi eina nótt vikulega. En jeg heimta tvær og auk þess tvo tíma tvisvar að degi til.

Ásta er ekki að skifta sjer af hverja þú átt fyrir vini og hvaða staði þú sækir, en jeg er fullur af drambi, hroka, fyrirlitningu og illgirmi gagnvart vinum þínum og þeim stöðum, sem þú daglega sækir.

Ásta gerir engar kröfur til þín um menntun eða menningu, svo þú þarft ekkert erfiði að leggja á þig hennar vegna, en jeg er stöðugt með þjánalegar kröfur til þín í þeim efnum.

Þú mundir aldrei gleyma Ástu, ef þú ættir von á henni ákveðið kvöld, en mjer gleymdir þú tvisvar sinnum sama kvöldið (þann 15. mars) en hafðir þó nokkrum stundum áður boðið mjer að koma til þín.

Ekki svo að skilja, að jeg heimti að menn sjeu alltaf uppteknir af mjer og muni eftir mjer á hverri stundu. Þar er jeg kaldari en þig grunar. Jeg er nefnilega enginn Jesú, sem þarf að betla skrílinn um ást og aðdáun. Jeg veit varla af þeim manni, sem mjer ekki þætti skömm að eiga fyrir aðdáanda.

En jeg kann ekki við, að menn sjeu að flagga með hrifningu og aðdáun á því, sem þeim stendur alveg á sama um.

Mjer þykir vænt um þessa mynd af ykkur Ástu. Hún sýnir mjer og sannar, hve ljelegur og ómerkilegur elskhugi jeg er.

Jeg hefi myndina ekki uppi við nema að nóttu til. En sje þjer áhugamál, að jeg hafi hana uppi við að degi til, fyrir allra augum, skal jeg gera það.

Jeg lít ekki niður á Ástu. Hún hvorki skammast sín fyrir kynferðislífið nje fer í felur með það, og það finnst mjer virðingarvert. Jeg er bæði þjer og forsjóninni þakklátur fyrir að hún skyldi verða á vegi okkar.

Það getur verið, að þú saknir mín að einhverju leyti, en að mörgu leyti hlýtur þú að vera guðsfeinn að hafa losnað við mig. Jeg sakna þín að

mörgu leyti, en er þó ekki illa staddur. Þú hefir nefnilega gefið mjer og skilið eftir hjá mjer svo mikið af fegurð, yndi og blíðu, að jeg á ótæmandi auðæfi til æviloka.

Með innilegu þakklæti fyrir samveruna.

Þinn elskandi.

Elsku Elías.

Hjermeð sendi jeg þjer hina umræddu mynd. Núorðið hefi jeg ekkert við hana að gera, hún er búin að gera sitt mikla gagn. Enginn annar en Sturla hefir sjeð hana.

Ónefndur maður, fríður og mjög geðugur, sem jeg í 25 ár (frá því hann var 15 ára) hefi verið hrifinn af, var með mjer í nótt í fyrsta og sennilega eina skiftið. "Þetta geri jeg fyrir engan annan en þig," sagði hann. Samt hefi jeg hann grunaðan, hann er ógiftur, og ekki var um mótspyrnu að ræða, öðru nær.

Hann þekkti þig strax, þegar hann sá mynd þína (við hlið Guðmundar)

....

Þarna sjerðu hvílík áhætta það er fyrir þig, að vera "uppstilltur" hjá mjer. Nú sje jeg líka, hvílíkt óbætanlegt tjón það er fyrir mig, að eiga þig ekki lengur fyrir vin, þegar maður hefir frá einhverju skemmtilegu að segja.

Með bestu óskum.

Þinn elskandi.

# Strákar

Þegar komið var fram í apríl 1951 fór óundirritaður miði frá Elíasi til Þórðar sem þekkti skriftina og miðinn fór í skapið á honum. Á hann hafði Elías skrifað: "Fyrir utan Nýja bíó eru myndir af þremur fermingardrengjum. Efsta myndin er af drengnum á Ásvallagötu 18."

Þórður skildi sendinguna á sinn hátt og skrifaði Elíasi þann 27. mánaðarins:

Jeg er háttvirtum nafnlausum sendanda þakklátur fyrir mikilsverðar og vel þegnar upplýsingar og stórhrifinn af þeirri hugkvæmni, háttvísi og smekkvísi, sem birtist í þessari stuttu tilkynningu og öllum frágangi hennar.

Nú hefir Austurstræti, þetta ógeðslegasta götuvatnið veraldarinnar, fengið einhvern tilverurjett í mínum augum. Það er ekki ofsögum sagt af fegurð drengsins.

Nú hefi jeg líka athugað rakarann vel og vandlega hann er fallegasta bullu-týpa sem jeg hefi sjð hjer á landi. Það væri mikið gefandi fyrir að hafa hann hjá sjer heila nótt.

Á öðrum degi eftir sumardaginn fyrsta, heimsótti jeg foreldra G. Var að forvitnast um, hvort nokkuð hefði síast út frá piltinum um samveru okkar fyrsta sumardag. En allt var í fínasta lagi og mjer tekið ágætlega. G. bauð mjer einum með sjer á ónefndan stað, og þar ljek þessi yndislegi drengur í heila klukkustund fyrir mig prelúdíur eftir J.S.Bach. Eftir því sem rökkrið fjell á, varð yndislegra og yndislegra að vera í návist hans.

Sumir hafa gaman af að skrifa fallegar og skemmtilegar sögur. Aðrir hafa meira gaman af að lifa þær.

Í gærkvöldi, um kl. 10, þegar jeg fór í strætó upp Hverfisgötu, var jeg svo hamingjusamur að fá að sjá háttvirtan, þar sem hann, ásamt sinni



útvöldu, stóð fyrir utan Bókabúð (ólæsil. orð). Jeg skal viðurkenna, að jeg fann til, en náði mjer fljótt aftur, því mjer er ekki illa við stúlkuna, öðru nær. Jeg hefi jafnvel óskað eftir, að fá að kynnast henni betur, og að við í sameiningu gætum notið þess besta, sem við þekkjum, t.d. sinn hálf tímann hvort, fram eftir nóttu, en síðan sofið með hann á milli okkar, en að morgni dags sinn stundarfjórðunginn hvort, til hádegis.

Jeg hef hvorki vanmetið nje vanþakkað þá óviðjafnanlegu blíðu, sem jeg hefi fengið að njóta hjá háttvirtum. En jeg er svo mikill nautnamaður, svo æstur ástríðumaður, að það er útilokað að hann geti lengur fullnægt hinum erotísku og menningarlegu kröfum mínum. Þessar síðarnefndu kröfur gerir maður ekki til almennings, en háttvirtur kemst ekki hjá, að maður geri þær til hans, jafnvel þótt hann sje bara ættaður ofan af Akranesi.

Háttvirtur er ungur maður, sem á ótal leiðir fram undan sjer. Það væri fullkominn bjánaskapur fyrir hann, að fara að binda sig við mann á mínum aldri. Sem betur fer er hin fyrri (ímyndaða) aðdáun hans á mjer komin svo nálægt frostmarki, að hann hlýtur að geta litið á þetta allt með köldu augnaráði.

Jeg hefi hreina og góða samvisku gagnvart háttvirtum, og nýt um ókominn tíma hinnar miklu reynslu, sem jeg hefi haft af sambandi mínu við hann og alls þess góða og fagra sem hann hefir veitt mjer ...

Fáeinum dögum síðar frá sama til Elíasar:

Reykjavík 1. maí 1951

Kæri Elías!

Það var annars meira lánið fyrir þig, að fá að kynnast Sturlu Tryggvasyni. Hann er beinlínis afsökun á tilveru þinni. Ef þú ekki ættir hann fyrir vin, hlyti maður að skammast sín fyrir að vita af, að þú værir til.

Svo hræðilega ljelegir eru hinir vinir þínir.

Þinn einlægur.

Þrátt fyrir ámælin öll reyndist Elías jafn bljúgur og alltaf þegar Þórður átti í hlut, en öðrum var hann sem annar maður; hafði frammi það eitt í orði sem verki og hann taldi best þjóna skapríki sínu og sjálfstæði. Daginn eftir frá honum til Þórðar:

Reykjavík 2. maí 1951.

Kæri vinur!

Hafi jeg einhverntíma gert eitthvað á hluta þinn, móðgað þig með hlutdrægni minni og sýnt þjer lítilsvirðingu með því að reyna að hjálpa þjer til að gleyma mjer, bið jeg þig afsökunar. Hafi jeg ekki verið nógu þakklátur, hlýðinn eða þolinmóður, bið jeg þig sömuleiðis að fyrirgefa mjer það. Mig hefur aldrei langað til að gera þjer eitt eða annað, sem væri móti þínu skapi eða óhagkvæmt fyrir þig. Enda hefur þú fram til þessa ekki átt slíkt skilið, og átt það vonandi ekki eftir. Þú virðist hafa tekið það illa upp fyrir mjer, að jeg sendi þjer nafnlausu tilkynningu. Þegar jeg fer að athuga það nánar, er ekki nema von, að þú skyldir móðgast. Það er ekki kurteisi að senda nafnlaus brjef að fyrra bragði. En tilgangur minn er ekki sá að gera þjer gramt í geði. Þótt þú haldir það kannski, að jeg sje eitthvað reiður út í þig, þá ristir sú reiði ekki dýpra en svo, að mjer fannst það skylda mín að senda þjer tilkynninguna og það var ekki á neinn hátt með illum huga gert. JEg gerði ráð fyrir því, að þú myndir í mesta lagi brosa af því að hún var nafnlaus, og jafnframt skilja, að jeg var þjer ekki hið minnsta sár. Það eru ekki til þau orð, sem geta haft áhrif á sjálfsálit mitt, hvorki til þess að auka það nje minnka. Mjer þykir leiðinlegt, þegar menn hafa vanálit á mjer eða ofurást. Hvorttveggja er oftast á misskilningi byggt; en jeg fæ ekki við slíku gert. Sjálfur hef jeg aldrei ást eða hatur á fólki. En jeg get verið því þakklátur, ef það hefur sýnt mjer einhverntíma eitthvað gott. Og því gleymi jeg ekki, jafnvel þótt þær sömu persónur breyti um afstöðu gagnvart mjer. Í mínum augum er hver einasta lífvera mikils virði, hvort sem hún misskilur mig eða reynir að sýna mjer óvirðingu. Og hennar vegna sjálfrar þykir mjer vænt um hana, sýni hún mjer eitthvað gott. Og þá gleymi jeg því aldrei.

Kæri Þórður! Afstöðu minni til þín fær ekkert breytt, a.m.k. ekki til lengdar. Jeg vona, að jeg þurfi ekki að taka það fram, að þú ert ætíð velkominn heim til mín, ef þig langar til. En hinu getur hvorki þú nje jeg gert að, ef jeg er á einhvern hátt öðru vísi en æskilegt er. Þá er best að skella skuldinni á guð.

Þinn einl. (sign.)

Frá Þórði til Elíasar þrem dögum seinna:

7. 5. 1951

Kæri vinur!

Nú er ekki lengur um það að villast, að við sjálfir ráðum ekkert við þetta. Örlögin kasta okkur til og frá, eins og þeim þóknast, og jeg beygi mig undir vilja þeirra, jeg meira að segja elska þau, eins og trúaður maður elskar guð sinn.

Jeg get ekki með orðum lýst hvað jeg er þjer innilega þakklátur fyrir brjef þitt dags. 2. maí, en sem jeg fjekk ekki í hendur fyrr en síðdegis í dag.

Í öllum þessum ósköpum, sem yfir þig hafa gengið frá minni hálfu hefi jeg aldrei hvikað frá þeirri sannfæringu minni, að þú sjert besti og fullkonnasti elskhugi, sem hugsast geti.

Allt þetta ljóta og illa, sem jeg hefi sagt þjer og skrifað, stafar af (sennilega sjúklegri) óbeit minni á umhverfi þínu. Þú hlýtur að vera hættur að taka mark á því, sem jeg segi eða skrifa. En jeg hefi samt þá föstu trú, að þú fyrr eða síðar sannfærist um, að aðdáun mín á þjer er engin uppgerð.

Mjer þykir sárt, ef þú sjerð eftir að hafa eytt í mig svo miklu af ást þinni og vináttu. En jeg fullvissa þig um, að menn verða aldrei fátækir fyrir þá sök, að hafa gefið öðrum það besta og fegursta sem þeir eiga, jafnvel þótt þiggjandinn sje þess algerlega óverðugur.

Nú fyrst er jeg sorgbitinn og niðursleginn, en beygi mig samt þakklátur undir vilja örlaganna. Þinn einlægur.

## Afbryðisemi

Þórður var 34 árum eldri en Elías. Með hliðsjón af því að þeir höfðu þekkt frá því hann var átta ára gamall var ekki furða þótt hann talaði til þessa lærisveins síns í föðurlegum tón jafnframt þeirri hegðun sem telja verður að hafi einkennt hann, hinni kynferðislegu, svo árátukennd sem sú hegðun reyndist. Kynferðisleg afskipti Þórðar af Elíasi, jafnframt hinni erótísku leiðsögn kennarans, eru staðfest af gögnum sem eftir Þórð liggja. Verst áttu hann með að þola Elíasari langsetur hans á veitingahúsum miðbæjarins:

Kæri Elías!

Það segir sig sjálft, að jeg verð að hafa góða og gilda ástæðu fyrir skilnaði mínum við svo góðan, geðugan, fagran og yndislegan mann sem þig.

Ástæðan er þessi: Þú ert í svo hræðilega ljelegum fjelagsskap og sækir svo ógeðslega staði, að jeg sje mjer ekki fært að umgangast þig. Þú hvorki veist nje skilur, að menn hafa alltaf með sjer eitthvað af andrúmslofti þeirra staða sem þeir stöðugt dvelja á.

Það er fyrirgef়anlegt að þú komir á Skálann einu sinni á dag til að seðja hungur þitt. En að þú sækir þangað af ástríðu oft á dag og sitjir þar á hverju kvöldi, langt fram yfir lokunartíma, er alveg ófyrirgef়anlegt. Þegar þú loks kemst heim sofnar þú sæll og glaður innan um tómar og skítugar brennivínsflöskur. Þær virðast vera eini lúxusinn sem þú hefir nautn af að hafa umhverfis þig. Allt sem heitir bókmenntaleg eða listræn menning er þjer óeðlilegt og fjandsamlegt. Jeg tek ekki hátíðlega þótt þú fyrir siða sakir getir þint þig til að hlusta

á síðaða tónlist einn klukkutíma í viku. Að sjá þig umkringdan af bókmenntum og listum, er í raun og veru mesta grín heimsins.

Sem sönnun þess, hve miklar mætur jeg hefi á þjer sem fyrirverandi sexualsambandi hefi jeg uppi við mynd af þjer í flokki annarra ágættra manna, sem jeg hefi verið svo hamingjusamur að fá að kynnast kynferðislega. Þar eru t.d. myndir af manningnum í hrauninu og af N. T.

Sá síðarnefndi er ekki eins fróður og þú, mjög langt frá Chopin-prófil, en hann á ljúfa og kurteisa framkomu, fer vel í rúmi, á stórt stykki, og jeg efast um að nokkur annar karlmaður kyssi eins vel og hann.

En hann vantar menntunina þína og er drykkfelldur, svo jeg tel víst að þú lítir niður á hann.

Ekki lít jeg niður á þig, þótt þú sjert vínhneigður, því jeg veit að þú getur ekki að því gert. Þú ert kominn út af þannig gerðu fólki, að jeg efast um að þú getir lifað öðru nautnalífi en rónarnir í Hafnarstræti. Samt ertu að mörgu leyti ólíkur þeim. Þú t.d. vilt vinna fyrir þjer og borga skuldir þínar.

Þú skalt samt vara þig á að líta niður á ofdrykkjumenn. Það getur hent þig sjálfan að lenda í því með miður heppilegum afleiðingum.

Jeg efast um að nokkur maður í heimi tali eins ógætlega um menn og málefni og jeg geri. Samt get jeg ekki stillt mig um að minna þig á, að þú talaðir bæði heimskulega og ógætlega þegar við, síðastliðinn vetur, vorum staddir fyrir utan Skólavörðustíg 19. Þú sagðir: "Jeg veit vel, að það fá ljelegri menn en jeg að koma til þín." Þú varaðir þig ekki á, að fjarlægir menn geta haft betri heyrn en þig grunar.

Síðastliðinn vetur skrifaði jeg þjer álit mitt á kollegum þínum (fábjár, analfabetar etc) og þú sagðist vera mjer sammála. Síðan hefi jeg (eins og þú veist) komist að raun um að þessi grey sjeu að minnsta kosti hundrað sinnum ljelegri en þar er gert ráð fyrir. Nú veistu sjálfur, að þig vantar gáfur, krafta og karlmennsku til að geta haldið áfram kynferðissambandi við mig. Hvernig ættir þú, ungur íslenskur rithöfundur, að geta áttað þig á manni, sem getur talað um eitthvað annað en brennivín og skækjur? [...]

Í maí þetta vor, 1951, skrifar Þórður Elíasi gagnort bréf sem vitnar um sinnaskipti:

Kæri vinur!

Nú er jeg gagnetekinn af einni hugsun, sem jeg reyni að framkvæma eins fljótt og jeg get: Að kaupa og lesa vel bækur mannsins, sem er svo mikill og sterkur, að hann virðist geta þolað allt.

Nú er ekki lengur eingöngu um kynferðislega aðdáun mína að ræða.

Með bestu óskum.

Þinn einlægur (sign).

Engin bréf bárust frá Þórði þar til 22. okt. Þá ritar Þórður af gefnu tilefni og er enn við sama heygardshornið:

Kæri, Elías!

Þú óskaðir eftir að fá brjef frá mjer. Hjer færðu ósk þína uppfyllta.

Mjer dettur ekki í hug að efast um að sú sjert – eins og þú nýlega varst að miklast af – kominn út af menntamönnum alla leið frá Adam sáluga. En jeg efast um, að á meðal forfeðra þinna finnist einn einasti menntaður maður.

Þessi grey hafa sennilega verið algengustu fábjárnar, sem lögðu trúnað á jómfuráfæðingu, upprisu, himnaför, og þessar truntur sem þú átt fyrir móður og móðurömmu.

Þjer er náttúrlega ekki kunnugt um – jeg veit satt að segja ekki hvort þjer er kunnugt um nokkurn skapaðan hlut, enda ertu í svo ljelegum fjelagsskap, að þú þarft ekkert að vita, þekkja eða skilja – Jeg veit ekki hvort þjer er kunnugt um, að menn hafa rjett til að fyrirlíta látið fólk vegna mjög ljelegra afkomenda þess.

Þú ert að miklast af, að þú viljir kynnast allskonar fólk, en þú hefir aldrei haft tilhneigingu til að kynnast öðru en því allra ljelegasta, enda hefir þú ekki ráð á öðru, nema þennan stutta tíma, sem jeg sýndi þjer þann heiður að nota þig kynferðislega.

En þú hefir, asninn þinn – nú verð jeg að biðja alla ferfætta asna fyrirgefningar – enga hugmynd um, að í bókmenntum og listum má finna milljónir af bráðlifandi fólk. En þú hangir ár eftir ár yfir dauðum skepnum á ljelegustu knæpum Reykjavíkur, en þú ert ekki fær um að innblása lífi í eina einustu þeirra ...

Vorið eftir skrifar hann:

Reykjavík 25. maí 1952.

[...] Pilturinn sem þú færðir mjer um daginn, er ekki ólaglegur og jafnvel frekar gáfulegur en hitt. En hann vantar sexappeal. Ungur maður, sem reykir pípu, verkar kynferðislega fráhrindandi á mig. Hann er sennilega kominn út af svipuðu fólki og þú, svo það er algerlega útilokað að hann geti átt vott af tilhneigingu til æðri menntunar eða menningar. Hann er auðvitað sama fíflíð og þú varst á hans aldri, svo þú ættir að veita honum samskonar uppeldi og þú hefur fengið.

Fyrst af öllu skaltu láta hann ganga í stúku, eina fjelagsskapinn sem þú hefur orðið hrifinn af. Síðan skaltu koma honum í samband við Magnús Storm, því til hans sóttir þú alla þína menntun. Síðast en ekki síst, skaltu koma honum í kynni við sjálfan Hallgrím Pjetursson vorra tíma, trúarskáldið mikla, Sigfús Elíasson. Hann samsvarar nákvæmlega Áslaugu í Baðhúsinu, en hún var eina konan sem þú hefur orðið hrifin af. Emil er góður skólanemandi. En maður, sem lætur sjer nægja skólamenntun, er ekki mikils virði í mínum augum. Eftir nokkur ár er hann orðinn banalasti banalitetet og endar sennilega sem læknisbyttu, eða eitthvað þessháttar, sem enginn síðaður maður getur lagt sig niður við að þekkja.

Jeg get ekki hugsað mjer aumara og vesælla menningar-fyrirbrigði en íslenskan menntamann. Það er álitíð mesta hneyksli í menningarsögu 20. aldarinnar – mesta óvirðing sem síðuðum manni hefur verið sýnd á 20. öldinni – þegar Páll Ísólffson kynnti fyrir mjer einn af kennurunum við Háskóla Íslands, einhvern hinummegin-fábjána af líku tagi og Haraldur Níelsson var.

Nú á dögum verður maður að heimta af menntamönnum, að þeir sjeu eitthvað ósköp lítið skárri en Vísi-Gísli, Brynjólfur Sveinsson og fjósakerlingar 19. aldarinnar. Hjer á landi er nóg til af ósnertum drengjum og ferskum unglingum svo mjer er alveg óskiljanlegt hvers vegna þú ert að draga til mín útlifaðan ungling, sem eignast árlega einn eða fleiri krakka og er orðinn gulur og skorpinn af tóbaksreykingum.

Hafi mjer, í brjefum mínum til þín og annarra, einhvern tíma orðið það á, að tala um þig með lítilsvirðingu, þá erum við nú, eftir að þú hefur framið þessa ógeðslegu smekkleysu og sýnt mjer þessa miklu óvirðingu, algerlega kvittir.

Jeg hef kynnst þjer og töfrum þínum betur en nokkur annar maður. En þú verður að fara að skilja, að þú átt ekki lengur rjett til að heimsækja mig og umgangast mig.  
Með þakklæti og bestu óskum.



# Einkaritarinn

Afmæliskveðja Þórðar til vinkonu sinnar, Jarþrúðar Jónsdóttur, frænku Elíasar, staðfestir demoníska tvöfeldni Þórðar fyrir þeim sem betur þekkjá:

Reykjavík 15. apríl 1956.

Kæra Jarþrúður!

Hjartanlega óska jeg þjer til hamingju á 84. afmælisdegi þínum.

Lengi hafði jeg hlakkað til að heimsækja þig á þessum merkisdegi og njóta hinnar alkunnu gestrisni þinnar, sem jeg um áratugi hef verið svo hamingjusamur að kynnast betur en flestir aðrir.

Maðurinn þenkir, en Guð ræður, og jeg beygi mig í auðmýkt undir hans náðarvilja.

Jeg bið þinn góða og guðhrædda frænda, Elías Mar, að færa þjer línur þessar. Jeg veit að þú tekur vel á móti honum, og vona að hann verði eins heppinn og jeg hef oft verið, að hitta hjá þjer sannkristna menn, sem fara með Guðs heilaga orð, og að hann megi höndum taka hjá þeim Dýrð Dýrðarinnar, eins og oft hefur hent mig.

Svo kveð jeg þig í Jesú blessaða nafni og bið engla Guðs að vaka yfir þjer um tíma og eilífð.

Þinn einlægur.

Í ársbyrjun 1957 hafði margt andstreymið mætt Elíasi frá því hann fór út í atvinnumenskuna sem rithöfundur áratug áður eða þar um bil, mótlæti í útgáfumálunum, fjárkröggur sem ekki varð sjeð fyrir endann á, og vinurinn Bergur var sestur að í fjarlæggu landi. Það kom

í hlut Þórðar að kenna honum að sættast á niðurlægingu sína og afbrigði. Eftirfarandi bréf Elíasar sýnir að honum hafði tekist vel til:

Reykjavík, aðfaranótt 17 okt. 1957.

Kæri vinur!

Ég þakka þér mjög vel þitt ágæta bréf, sem lýsir mikilli hugsunarsemi og tryggð í minn garð. Satt að segja varð ég smeykur, þegar ég sá það, – því ég átti í rauninni skilið að fá skammabréf. Þegar þú komst sl. laugardag voru viðtökur af minni hálfu nefnilega engar, og á því ætti ég að biðja þig afsökunar. Hins vegar var ég mjög lasinn þá, eins og þú sást; sú er ástæðan. Ég vona, að mér gefist tækifæri til að reyna að bæta fyrir það síðar.

Heilsa mín er nú miklu betri, þótt ég sé ekki alveg jafn góður. Ég fæ hjartslátt, stöku sinnum, og er óvenju lystarlaus. Aftur á móti veit ég, að mér muni batna. Hafðu því engar áhyggjur af mér fyrst um sinn. Og eins og ég sagði um daginn: hafðu engar áhyggjur af því, að þú truflir mig þótt þú komir á hvaða tíma sem er. Það er aðeins eitt sem mér leiðist varðandi heimsóknir þínar: að ég get aldrei tekið nógu vel á móti þér. –

---

Ég hef svo sem engar fréttir að segja þér. En ekki get ég að því gert, þótt hugur minn hvarfli á þessari stundu suður til Barcelona. Þar er klukkan nú á þriðja tímanum, og Guðbergur Bergsson, sem varð 25 ára í gær, er sjálfsagt að halda upp á afmælið með nýja elskhuganum. Ég óska þeim báðum alls góðs, en samt er í mér einhver tregi, sem ég ræð ekki við. Bergur hefur reynst einhver stærsta blekking lífs míns. En hann er líka mjög falleg blekking – og heldur áfram að vera það, endapótt augu manns hafi opnast fyrir löngu. Það er furðulegt, hvað maður getur átt bággt með að setta sig við sannleikann í hlutunum. Manni tekst það yfirleitt aldrei til fulls – fyrir en maður hefur fundið nýja blekkingu.

Kærar kveðjur. (sign)

4. jan. 1958.

Kæri Elías!

Gleðilegt nýtt ár, þökk fyrir liðnu árin og innilegt þakklæti fyrir alúð þína, vandvirkni og samvirkusemi í einkaritarastarfinu.

Því miður gat jeg ekki heimsótt þig aftur þegar jeg kom frá Keflavík

...

Ekki veit jeg hvort jeg get komið því við, að líta inn til þín síðari hluta dagsins á morgun, 5. jan, en jeg vona fastlega að geta komið að morgni þess 12.

Frá árunum 57-65 dvaldi Þórður á Reykjalandi og vann fyrir dvöl sinni þar. Þann 8.3.1958 býður Elías honum á fagnað í Rithöfundafélagi Íslands, sem haldinn var á Hlégarði, í nágrenni við Reykjaland. Elías var þá stjórnarmaður félagsins. Þórður svarar:

Kæri vinur!

Fyrst og fremst þakka jeg þjer þína ágætu og vel heppnuðu heimsókn sunnudaginn 2. mars. Hún stóð bara allt of stutt.

Þá þakka jeg þjer engu síður brjef þitt 4. mars og hið mjög svo heiðrandi boð, sem jeg mjer til mikilla leiðinda ekki gat þegið.

Þarna hefur fullkomin vanþekking á högum mínum hent þig, en hvernig ætti annað að vera mögulegt?

En jeg hef bara gaman af þeirri vanþekkingu og er vongóður um að hún haldist um alla tíma.

En mikið er það fagurt og aðdánarlegt, að vita höfunda Gerplu og Vögguvísu vera svo lítilláta að taka þátt í veislu með andlegum erfingjum Guðmundar sáluga Friðjónssonar og öðrum þessháttar. Þetta eru svo hreinræktaðir fábjárar, að það er ekki einu sinni hægt að segja smáfyndni, hvað þá eitt orð af viti í nærveru þeirra.

Vonandi að þú hafir fengið símskeyti mitt 6. mars?

Hlakka til að sjá þig.

Þinn vinur.

Þórður óttast að missa Elías úr einkaritarastarfinu:

23. apríl 1958.

Elsku drengurinn minn!

Gleðilegt sumar, þökk fyrir veturinn og innilegt þakklæti fyrir þitt ágæta brjef, dagsett aðfaranótt 14. apríl. Jeg er upp með mjer að eiga slíka gersemi. Allur frágangur brjefsins ber vott um trúðmennsku og snyrtimennsku brjefritarans.

Þrátt fyrir Hinar miklu fjarlægðir ertu miklu skyldari mjer, en þú sjálfur hefur hugmynd um. En eins og jeg oft hef sagt, getur enginn að því gert hvað hann á fyrir skyldfólk, svo þú skalt ekki taka það nærri þjer.

Mjer finnst tilveran afar fróðleg, jafnt í mótlæti sem meðlæti, svo það er fróðlegt fyrir mig að mæta því mikla mótlæti, að missa besta einkaritara veraldarinnar.

...

Jeg fullvissa þig um, að jeg kann vel að meta allt þitt mikla dekur við mig, og mun til æviloka minnast þess með gleði og þakklæti.

Elías svaraði Þórði strax með bréfi og er lítillátur eins og Þórður haði innrætt honum þegar hér var komið:

Reykjavík, á fyrsta sumardegi 1958.

Kæri vinur!

Um leið og ég tek undir sumarkveðju þína, þakka ég þér í heild það elskulega bréf, sem þú skrifaðir mér á afmælisdegi Cervantes, Shakespeares og Halldórs Laxness. – Ég er bréfi þínu alltof sammála til að hafa mörg orð þar um. Aðeins vil ég leiðrétta einn misskilning. Ef þú átt við mig, þar sem þú talar um "besta einkaritara veraldarinnar", þá veit ég ekki til þess, að þú hafir misst þann einkaritara. Hafi eitthvað gefið tilefni til slíkrar grunsemdar í fyrra bréfi mínu, þá eru það mistök af minni hálfu, sem ég biðst afsökunar á. – Slíkt privilegium sem það að fá að vera einkaritari eins sérstæðasta skribents Íslendinga fyrr og síðar er meira virði en svo, að ég kasti því frá mér ótilneyddur.

Bréf mitt til þín er fyrst og fremst stílfæing; að vísu mjög djörf (eins og hún hlaut að vera – í anda meistarans). En þeim mun fegnari er ég, að þú kunnir að taka stílfæingunni með viðeigandi umburðarlyndi.

Hvort sem þér líkar betur eða verr, mun afstaða mín til þín ekki breytast héðan af. Þeim mönnum sem maður einusinni hefur fengið ást á, þótt ekki sé hún fyrst og fremst erótísk, getur maður ekki gleymt. Og maður getur

ekki útilokað þá úr hugarheimi sínum eða velt þeim úr þeim sessi, sem þeir eiga heimtingu á að skipa. Annað mál er það, – að ef þú vildir losna við mig, sem einkaritara, get ég ekkert sagt. Þitt er valið. Ég vona, að ég myndi taka því með viðeigandi stillingu.

Þórður svarar.

30. 4. 1958.

Kæri vinur!

Innilegt þakklæti fyrir þitt ágæta brjef, dags. sumardaginn fyrsta.

Það gleður mig að mega halda áfram hinu þýðingarmikla sambandi mínu við þig.

Jeg fer sjaldan til Reykjavíkur, svo þig þarf ekki að undra þótt það dragist eitthvað að heimsækja þig.

...

Nýlega kom hingað í heimsókn feitlaginn ungur maður, með svo heimskulegt útlit, að jeg taldi víst að hann væri læknissonur eða eitthvað þessháttar. En þetta var þá frægasti blaðamaður Íslands, Agnar Bogason.

Kærar kveðjur.

Þórður skrifar Elíasi í tilefni af útgáfu ritsins *Saman lagt spott og speki*, þessa samvinnuverkefnis þeirra Elísar:

14.1.1959.

Kæri vinur.

Innilegt þakklæti fyrir þitt stutta, en vingjarnlega brjef, dags. 6. jan., og skjóta afgreiðslu allra mála.

JÉg hef margoft harmað það, að annar eins ágætismaður og þú ert skuli vera neyddur til að þekkja mig og umgangast. Jeg dáí mjög úthald þitt og stillingu.

Örlögin verða ekki umflúin, en ef við tókum þeim vel, reynast þau okkur vel. Það lítur út fyrir, að þinn mikli þjáningabróðir, Ragnar Jónsson, hafi sætt sig við hin grimmu örlög, en hve lengi?

Kær kveðja.

Þinn vinur.

Ætla má að samvinna þeirra Elíasar og Þórðar hafi tekið á sig mynd við frágang afmælisritsins 1960 en hugmyndin að ritun ævisögunnar var miklu eldri og komin frá Elíasi. Þann 6. sept. 1962 telur Þórður ástæðu til að hrósa honum fyrir vinnuna við ævisöguna sem sá síðarnefndi hefur líklega lesið upp úr fyrir hann:

Kæri vinur!

Jeg er orðlaus af undrun eftir þennan bókmenntalega stórviðburð, sem jeg varð aðnjótandi hjá þjer í gær.

Engin orð fá tjáð þjer þakklæti mitt.

En jeg er sólginn í að fá aftur og aftur að lesa hvert einasta orð í þessu meistaraverki þínu.

Hlakka til að sjá þig.

Þinn vinur.

Frá Elíasi:

Rvk. 30.7.1964.

Kæri vinur!

Loksins sendi ég þér fáeinar línur og svo síðasta kaflann. Mikið er ég þér þakklátur fyrir alla fyrirhöfn þína mín vegna, ekki síst er þú komst í bæinn á afmælinu mínu og færðir mér stórhöfðinglega gjöf. Ég skammast mín næstum fyrir að taka við henni, því ég á hana ekki skilið. Samt get ég glatt þig með að segja þér, að peningarnir áttu sinn þátt í að bjarga víxlinum, sem ég varð að borga í fyrradag. Ragnar hefur engu svarað bréfum mínum. Hann lét ekki einusinni svo lítið að þiggja að koma heim til mín þ. 22., en ég lét liggja fyrir honum skilaboð í tæka tíð. Þetta er þó maður sem ég á hjá um 18 þúsund krónur. Ekki veit ég, hvort ég get komið á sunnudaginn, en ég kem ef ég mögulega get.

Kveð þig svo, með þakklæti fyrir allar þínar gjafir, fyrr og síðar. Þinn (sign).

Þórður andaðist á Landakotsspítala í júnílok 1965 og hafði þá farið mikið aftur, var andlega skýr en átti orðið örðugt með tal síðustu

vikurnar og verið ófær um gang. Yfirlýsing hann frá sjúkrahúsvistinni, krotuð með blýjanti á hvítan umbúðapappír, ber með sér að vera andlátsorð hans og gerði Elías hana að lokaorðum ævisögunnar. Yfirlýsing Þórðar ber yfirskriftina *Finale* og er svona:

Þegar hinn fagri og töfrandi N. N. var tíu ára gamall sendi hann mjer svohljóðandi brjef:

Þórður!

Þjer þykir vænna um Chopin en mig!

Þegar hann var tólf ára gamall talaði hann í afbrýðisemiskasti um að drepa einn af nemendum mínum, jafnaldra sinn.

Íslenskir drengir eru farnir að skilja mannlegt tilfinningalíf.

Með þessum skilaboðum lauk meistari Þórður Sigtryggsson hérvist sinni.

Því má bæta við að í bréf Sigurðar, bróður Þórðar, búsettum í Hellerup í Danmörku, frá 5.4.1938 til Erlendar Guðmundssonar í Unuhúsi sem varðveitt er meðal gagna þess síðarnefnda á Landsbóksafni, kemur fram, að Þórður naut styrkjar frá þessum bróður sínum að minnsta kosti um nokkurra ára bil. Í bréfinu segir Sigurður um Þórð: "Hann er eiginlega alveg heilsulaus maður - hefur megna taugaveiknun - og ætti því eftir almennum lögum rjett til hjálpar." Erindið við Erlend er að biðja hann að hafa milligöngu um að Þórður fái vinnu á bókasafni, og býður Sigurður á móti veglega bókaþöf úr eigum sínum, bækurnar um menningarsögu og annan almennan fróðleik, alls um 200 bindi. Í bréfinu til Erlends, bernskuvinar Þórðar, segir ennfremur: "Eins og þú veist hefur Þórður hingað til lifað af einhverri kennslu og af góðra manna hjálp. Frá mér hefur hann aðallega fengið hjálp um sumarmánuðina, meðan lítið er um atvinnu af því tagi." Ekki fer sögum af því hvort Þórður vann nokkurn tíma á bókasafni, og er heldur ólíklegt.

# Dagbókin

Þann 20. nóvember 1970 heimsótti vinkonan Málfríður Einarsdóttir Elías Mar kl. 20 - 21 eftir því sem hann skrifar í dagbók sína fyrir árið og fær honum "til geymslu kassa frá Þórði Sigtryggssyni sem hún hafði tekið að sér að varðveita nokkrum dögum fyrir lát Þórðar." Kassinn er í vörslu Landsbókasafnsins með sama frágangi og þegar hann kom í fóru Elíasar þennan dag fyrir fjórtíu árum og inniheldur meðal annarra persónulegra gagna Þórðar, úrklippusafn úr blöðum og "skammhár" elskhuga Þórðar í límdum umslögum fyrir nafnspjöld. [orðið er úr dagbók Elíasar]. Umslögin eru um tuttugu talsins og öll merkt með fangamarki og dagsetningu. Það sem tilheyrir Elíasi ber merkinguna 23.1.51 og ber með sér að hann hefur opnað það og ekki séð ástæðu til að fjarlægja það úr safninu. Á rauðan lokkinn slær enn gullinni bliku! Þórður lærði þetta háttalag af Casanova, kvennagullinu, sem hann mat mikils þótt væri gagnkynhneigður.

Þetta var ekki í fyrsta skiptið sem Elías tók við munum frá Þórði frá búskap hans í bakhúsinu Freyjugötu 9A. Í dagbókarfærslu 22. apríl 1969, fjórum árum eftir lát Þórðar, segir hann og er að koma úr mat hjá Málfríði (baunir!): "... fór heim með 4 bunka af bréfum til og frá Þórði Sigtryggssyni sem enn er óvíst hvernig verður ráðstafað til geymslu í framtíðinni." Þann 6. feb. 1971, tæpum sex árum eftir lát Þórðar, ritar Elías í dagbók sína: "Opna um kvöldið bréfapakka P.S. er ég hef geymt lengi; les í bréfunum langt fram á nótt, en þau



eru aðallega til Kristjáns Helgasonar frá Þórði o.fl."<sup>26</sup> Kristján var á unglingsárum sínum einn legunauta Þórðar og vinur á fullorðinsárum. Hann lést á miðjum aldri vegna óreglu. Bréf Kristjáns og Þórðar hvors til annars innihalda rætnar og ómaklegar fullyrðingar beggja um Elías og það kann að hafa dregið úr áhuga hans á að gefa út ævisöguna sem inniheldur mikið af samskonar ámæli um íslenska góðborgara á hans tíð, lifandi og látna. Þessum gögnum Þórðar ráðstafaði Elías til Landsbókasafnsins. Hann gerðist fráhrerfur útgáfu ævisögunnar þegar áhrif Þórðar á hann tóku að dvína. lét duga að lána útvöldum handrit til aflestrar. Þann 21. feb. 1981 skrifaði hann um vin sinn Sigfús Daðason sem þá rak bókaútgáfuna Ljóðhús:

Sigfús Daðason hringir og vill fá minningar Þórðar Sigtryggssonar til útgáfu. Ég er mjög mótfallinn því vegna níðs og ósanninda um fólk, lífs og liðið, í því riti.

Viku seinna, 28. febrúar 1981, skrifar Elías í dagbók ársins:

Einar Laxness skilar ævisögu Þórðar Sigtryggssonar. Við erum sammála um það, að verkið sé ekki birtingarhæft.

Kann að vera að hugur hans til útgáfu Ævisögunnar hafi enn breyst á seinustu æviárum hans. Um dagbækur Elíasar er það að segja að þær færði hann frá því hann var á fjórtánda ári og fram yfir áramót 2007, en hann lést þá um vorið. Þær eru skráðar í vasabækur af venjulegri gerð frá og með árinu 1938, uns hann á síðasta áratug aldarinnar fór að nota innbundnar árbækur, ein síða fyrir hvern dag en þrjú dagar á síðu í hinum minni. Hinar eldri vasabækur einkenna persónulegar tákn málsmerkingar hans sem hann kom sér upp fyrir endurtekningar og til að drýgja plássið. Þær fyrstu innihalda mest færslur um afmæli

---

<sup>26</sup> Eiginkona Kristjáns var vinkona Þórðar og komu bréfunum til hans eftir lát Kristjáns.

þekktra persóna og óþekktra. Flest árin, ef ekki öll, er aftast listi yfir lesnar bækur á árinu og annað sem reglubundið getur talist. Eyðsla er skráð í krónum og aurum. Stundum getur hann þess, þótt ekki séu komin áramót, hver fjárhagsstaðan er upp á eyri. Í lok árs fylgir ýtarlegur listi yfir innkaup það árið. Elías hefði staðið sig með sóma sem bókhaldari við fyrirtæki. Auk þess sem ljóst er af dagbókunum að tónlistarheimurinn hefði staðið opinn fyrir honum, ef hann hefði fylgt eftir orgelnáminu hjá Þórði, sem kenndi fóstrunni um að svo fór ekki, heldur var Elías settur í skóla hjá KFUM!

Þrátt fyrir smæðina er það ekki fyrr en á síðustu æviárunum sem skriftin fer að óskýrast sökum óstyrkleika handarinnar á pennanum. Hann fer ekki útfyrir rammann í bókinni sem hverjum degi er markaður. Formið ræður fráganginum í sextíu ár! Jafnvel þegar besti vinur hans ferst í húsburna við Fálkagötu, Ásgeir Magnússon, 1975, þá hefur hann ekki fleiri orð um en venja hans er þegar hann getur dauðsfalla sér kunnugra manna. Kunningjakynnin voru mikil gegnum árin og fyrstu persónulegu kynnin alltaf skráð: "Kynnist þar" – og síðan fullt nafn. Væri þörf fyrir hugleiðingu get ég mér til að hún hafi verið rituð annars staðar eða látið duga að ræða efnið í einhverju hinna löngu samtala sem hann átti við vini sína um árin, stundum næturlangt.

Hann tók strax á unglingsárunum að koma sér upp eigin merkjakerfi yfir endurtekningar daglegs lífs síns við ritun dagbókanna. Hann samdi lista yfir táknið 1941, þau voru þá 62. Listinn fygir á lausum blöðum bók þess árs. Hann virðist frá upphafi kynþroskans hafa lifað fjölbreyttu kynlífi með sjálfum sér og hefur þrennskonar tákni um frá upphafi unglingsáranna. Eftir Lundúnadvölinu 49-50 tekur hann að nota valin merki yfir samfarir sínar, hin alþjóðlegu yfir karlkyn og kvenkyn. Skrásetningin er jafn nákvæm og önnur sem einkennir dagbókarfærslur hans. Hann bætir við hverja skráningu frekari auðkennum með eigin táknmáli. Eftir að þeir Sturla hafa notið fræðslu Þórðar skrifar hann aðfaranótt 20. janúar 1951 á heimili sínu, Grenimel 32, þá 26 ára að aldri og vísar

með B til bréfaskrifta sem alltaf voru mikil, stundum allt upp í tíu bréf á dag:

Merkið E féll niður á árinu, sökum fullkomnara forms í vasabókinni. Við bættist merkið B, og auk þess var frá og með 12. nóv. haldin skrá yfir x og y<sup>27</sup>, þar sem í svigum er það, sem viðkomandi aðila varðar, passívan eða aktívan; enn er engin tala utan sviganna; væri svo, myndi hún varða mig. Rómverska talan er númer viðkomandi persónu, eftir að skrásetning þessi hófst.

Tilvísunin er á samfarir og kynferði þess sem á í hlut. Elías var eftir útlitinu fremur passívir í kynlífinu þrátt fyrir allt. Hann tekur fram að hann muni geyma lykil að númerum legunauta sinna annars staðar, ef til vill á lausu blaði í bókinni. Slíkt blað hefur ekki komið fram, en auðvelt er að lesa í málið samkvæmt hinum tilvitnuðu upplýsingum og því sem sagt er í dagbókarfærslunum, svo nákvæmar sem þær bera með sér að vera. Karlkynsmerkið vísar á tímabilinu 50-51 til þriggja manna, Sturlu (I), Þórðar (II) og þess þriðja sem ástæðulaust er að nafngreina hér. Konan er ein lengst af vetrar uns Ásta bættist við. Tuttugu árum síðar eru legunautarnir af eigin kynferði orðnir á fjórða tuginn.

Yfirlitið fyrir árið 1950 í lok dagbókarinnar er í engu frábrugðið um frágang öðrum í árslok fyrr og síðar. Það vitnar um lifnaðarhætti þessa sérstæða manns á þeim tímamótum sem urðu eftir Lundúnadvölinu 49-50. Þennan vetur sem hann endurnýjar kynnin af Þórði með vininum Sturlu. Á árinu 1950 hafði Elías áfengi um hönd (A) 69 [sinnum] samkvæmt listanum í lok dagbókarinnar. Hann fór þrisvar í kirkju á því ári. Skrifaði 85 sendibréf. Fór 104 [x] í bíó. 8 [x] í leikhús. Þýðingar hans á sögum og greinum voru átján á árinu. Hann sat 14 fundi. Fróaði sér 296x. Skrifaði 8 greinar og "2-3" smásögur. Hafði tvisvar samfarir við karlmann sem báðir reyndust

---

[<sup>27</sup>Athugasemd til útgefandans: Hér eiga að vera hin alþjóðlegu merki yfir karlkyn og kvenkyn.]

passívur og einu sinni aktívan. Og 19 [x] við kvenmann, hverju sinni passíva, enga aktíva. Til marks um frammistöðuna setur hann tölustafi ásamt "p" innan sviga á eftir kyntákninu, t.d. (p. 3) sem mun þá líklega merkja mikið passívitet. Skrái hann "p1 (p1)" á hann við – segir hann – að báðir þátttakendur hafi verið með daufara móti. Hann notar fleiri orð um samkynhneigðar kynnautnir en gagnkynhneigðar, svo sem orðin intimacy, petting, og lýsinguna petting in the nude, eða seminude. Lang algengust er lýsingin "ante portes".

Eftir því sem hann fullyrti við umsjónarmann þegar ég spurði hafði hann aldrei endaparmssamfarir. Hvað annað? spurði ég. Svarið var: Tveir karlmenn geta gert svo margt annað hvor fyrir annan! Sjá má af annarri heimild að hann var lítið gefinn fyrir að fullkomna samfarir við konu.

Orðin cunnilingus og pederasti koma fyrir á eftir kyntákni karla sem merkir mun yngri þátttakandi en skrásetjarinn. Þá er hann kominn til Kaupmannahafnar þegar hann notar þetta orð og hefur á kráarölti sagt móður Sturlu, sem þar bjó og var þá í myndlistarnámi, af kynferðissambandi þeirra vinanna. "Hún grét en lét svo huggast."

Aldrei bregst honum nákvæmnin við dagbókarhaldið, jafnvel ekki þegar merkið sýnir að hann hefur lagt nótt við dag við skemmtun og vinnu, t.d. við þýðingar, sem hann táknar með V og skrifar tímann sem hann vann upp á korter (t.d. V 3 1/4).

Það eru engar ýkjur þegar Elías segir í ljóði "geymdina" vera höfuðskepnu í lífi sínu.

Nokkur almenn orð um Sveinaástir. (Enska: Pederasty. Gríska: Paiderastés. Paid = sveinn. Erastés = elskhugi.) Merkingin er samkynhneigt samband tveggja karlmannna á ólíkum aldri og hefur víðast hvar og lengst af notið þöguls samþykkis ef fylgt hefur hjúskaparaldri, þó með fyrirvörum um ólíkan þroska. Á óvart kemur hve lágur giftingaraldur hefur verið fyrir á tíð og er víða enn. Á 13. öld var hann 12 ár fyrir stúlkur í Englandi. Gretin nokkur setti

regluna um hjúskap í Evrópu miðalda 12 - 14 ár og eftir reglu hans var víðast farið í Evrópu fram á miðja 19. öld. Hjúskaparmörkin í Frakklandi á tíð Napoleons voru 11 ára (1791), en voru hækkuð fyrir stúlkur í 13 ára 1863 þar í landi. Í Portúgal, á Spáni, í Danmörku og Sviss voru aldursmörkin 10-12 ára og hækkuð í 13-16 ára eftir miðja 19. öld. Í Bandaríkjunum voru mörkin hækkuð á 19. öld í 16-18 ára fyrir áhrif kvennabaráttunnar þar í landi. Á Íslandi voru aldursmörkin miðuð við 14 ára aldur fram til 2007, voru þá hækkuð í 15 ár. Á Ítalíu eru þau enn 14 ár. Á Spáni og í flestum spænskumælandi ríkjum eru mörkin 13 ár, og séu ekki brögð höfð í frammi þá 12 ár. Í fáeinum spænskumælandi löndum eru þau lægri enn þann dag í dag. Í Þýskalandi eru þau 14 ár. Í Svíþjóð 15 ár. Í Noregi og Finnlandi 16 ár. Írlandi 17 ár. Bretlandi nú 16 ár.

Íslenska þjóðfélagið er enn í dag hvort tveggja í senn, ætta- og feðraveldi, hvað sem líður stjórnarskrárákvæðum um lýðræði og jöfnuð. Erfðavenjur lénsveldis, ætta- og feðraveldis, eru enn fyrirferðarmiklar þegar úrskurðað er í kynferðisbrotamálum. Framangreind lagamörk miða við slíkar fornar siðvenjur um samskipti kynjanna og að ekki sé farið út fyrir þær svo að miklu muni. Sama um nágrannþjóðirnar, hvað þá hinar sem fjær eru. Það liggur í hlutarins eðli að miklum aldursmun fylgir mikill munur á vitsmunum og þroska. Sé um slíkan mun að ræða eru því gerðar sérstakar kröfur um samskiptin. Fyrr á tímum gátu foreldrar ráðstafað afkvæmum sínum í hjúskap þótt aðeins væru fárra ára gömul, en væri ekki um milligöngu fullorðins fólks að ræða var því fylgt eftir að ekki væri stofnað til sambandsins með tálðrægni þess fullorðna við sér mun yngri manneskju ef löglegt átti að heita. Í nútímanum gildir sama siðaregla. Sumstaðar, t.d. í Kanada, er ekki að fundið ef báðir eru á líkum aldri þótt séu undir lögdri. Aldursmörkin eru því hærri sem ábyrgðin annars hvors er meiri vegna aldurs annars, stéttar og stöðu, sé t.d. um kennara og nemanda að ræða.

Af tveimur "Passíusálmum" eftir Elías frá árinu 1960 sem tileinkaðir eru Þórði Sigtryggssyni og ekki verða birtir í þessari bók verður séð, að Elías átti á fullorðinsárum í stríði við hið kristilega siðferði, jafnvel að segja megi hina kristilegu heimsmynd, vegna sérþarfa sinna og vina hans, enda álitamálið bundið hagsmunum hans sjálfs, hvernig sá guð yrði réttlættur með mannlegu móti sem skapað hafi manneskjur sem geta ekki annað en brotið gegn siðareglum manna og jafnvel hins guðlega almættisins sjálfs vegna sérþarfa sem engin leið virðist vera að koma sér undan. Ósvífni Þórðar var honum og mörgum öðrum hommum á tíð Þórðar mikill stuðningur frammi fyrir svo þungbæru áhorfsmáli, svo samviskusamur maður sem Elías var.

Hins vegar er á það að líta, að trúarbrögð teljast því þróaðri sem þau eru betur hæf til að rúma hverskonar mannlega breytni og beina henni á hinn besta veg. Væntanlega hefur það verið ásetningur Elíasar með því að varðveita þau gögn sem ég hef nýtt mér við frágang þessarar bókar, að stuðla að þvílíkum framförum með þeim hætti sem stóð honum næst, rituðu máli, þrátt fyrir þau takmörk sem hann bjó við með þarfir sínar í þjóðfélagi okkar og reyndust honum óviðráðanleg ef marka má af því að hann skrifaði aldrei bókina um hommaskap sem hann þó getur nokkrum sinnum í dagbók að hann hafi einsett sér að gera, en tókst á við þversögnina milli þarfa sinna og hins almenna siðferðis með sínum hætti, einn og í samfélagi við aðra. Ástæða er til að vísa að lokum til ljóðaflokksins "Quinqannium", sem hér fer á eftir, um samband þeirra Bergs, sem er sumra álit, sem til þekka, hið besta skáldskaparkyns sem skáldið Elías Mar skildi eftir sig.

## Á mörkum sagna og fræða



## Minningagreinar

### Prófessor Jón Helgason

Það tel ég sé ekki vinnandi vegur að ætla sér að gera Jóni Helgasyni verðug skil í stuttri blaðagrein. En við andlát hans þykir mér þó ekki illa við eiga að ég minnst hans að nokkru, þótt ekki væri nema í þakklætisskyni. Á tímabili reyndist hann mér betur en enginn, óvandbundinn maðurinn.

Þegar ég hitti hann fyrst að máli, í Árnasafni skömmu eftir stríðslok, hafði ég það í veginesti af Fróni að hann ætti það til að vera nokkuð viðskotaillur við ókunnuga, jafnvel draga menn sundur og saman í háði og þá einkum ef þeir hefðu orð á sér fyrir að þykjast vera skáld; auk þess væri honum að sjálfsögðu ekki alltof vel við það að vera ónáðaður við fræðistörf sín. Ég lét þó slag standa; taldi mér trú um að ég ætti við hann dulítið erindi annað en að fá að berja augum margumrædd og dýrmæt handrit. Skemmst er frá því að segja, að þegar við kvöddumst hafði hann ekki aðeins leyft mér að sjá ólíkar gerðir frægra safngripa, heldur einnig leyst úr því erindi mínu að fá inngengt í bókmenntatíma við einhvern Kaupmannahafnarháskóla, þótt ekki hefði ég neina pappíra upp á próf eða lærdóm yfirleitt. En það skal tekið fram, að ég talaði ekki við hann á reykvísku; ég lét t.d. ógert að biðja hann um að redda mér.

Hvað hafði ég vitað um þennan mann? Lítið annað en það, að hann var í fámennu liði beztu fræðimanna íslenzkra; og svo skáld. Ég minnst þess frá bernsku minni að ljóð hans höfðu nokkuð skyndilega og nánast fyrirvaralaust birzt þjóðinni, sem



einhverskonar opinberun; ekki vegna ýkjamikils frumleika í formi eða efnistöfum, heldur einmitt vegna þess hvað þau sýndu mikla lífsseiglu í fornum stofni – jafnvel þau ljóð sem fjölluðu um forgengileika alls, kannski einkum þau.

Frá þeim vetri sem í hönd fór eru mér minnstæðir upplestrar Jóns í mannfagnaði Stúdentafélagsins, sem jafnan var haldinn með vissu millibili; þá las hann úr ýmsum perlum íslenskra bókmennta og frá ýmsum tímum. Hann var ógleymanlega skýr í framsögn, lestrarlag hans sérstakt, en þó með þeim hætti að manni fannst að varla yrði betur með texta farið og að einmitt þannig ætti að lesa. Allt varð ofur skiljanlegt, eins þótt um væri að ræða forna texta og framandlega, og hvortheldur voru í heiðríkjustíl fornsagna eða uppskrúfuðu orðavali kanselísins; ljóð úr Eddu eða einföld staka. Hann kom öllu til skila á þann hátt að áheyrandanum fannst hann skilja allt, þykja vænt um það allt; líka þegar hann tók upp á því til tilbreytingar að fara með leirburð. Hann var einhver bezt lesari sem ég hef heyrt um mína daga.

Hér er vert að geta þess, að þegar þarna var komið sögu hafði Jón verið lífið og sálin í félasskap Hafnarnámsmanna um langt árabíl, ekki hvað sízt í einangrun hernámsáranna. Heimili hans var þá mörgum stúdentinum sem hans annað heimili. Ýmsir af þeim, sem hvað bezt hefðu getað greint frá því tímabili, eru nú horfnir til feðra sinna, sumir fyrir aldur fram.

Í borginni við sundið hafa íslensk örlög oft verið ráðin; það er óhætt um það. Litlu munaði að mín væru það einnig. Í snöggrri ferð á rithöfundahring í Finnlandi, miðsumars 1947, smitaðist ég af taugaveiki, ásamt fleirum er það þing sóttu, og lá milli heims og helju í nokkrar vikur, eftir að heim til Hafnar kom. Þá var það sem Jón Helgason stóð við rúmstokkinn minn einn morguninn, er ég átti skammt í það að útskrifast, og bauð mér að dveljast á heimili sínu á meðan ég væri að jafna mig eftir spítalavistina. Ég átti sízt von á þessu og hélt fyrst í stað að ég væri aftur kominn með óráð. Er þó skemmst frá því að segja að ég þáði að sjálfsögðu þetta ágæta boð og

undi á heimili þeirra hjóna í góðu yfirlæti langt fram eftir hausti. Ég þarf varla að taka það fram, að ekki var ætlast til neinnar greiðslu. Það sem meira var: Rétt áður en ég fór að búa mig undir heimferðina til Íslands kom Jón að máli við mig og gaf mér í skyn á mjög látlausan og nærfærinn hátt, að ef ég væri skuldugur einhversstaðar eða þyrfti annarra hluta vegna á peningum að halda, þá væri hann reiðubúinn að bjarga því við. Aðstæður mínar voru þó sem betur fer þannig – og það var m.a. honum og konu hans að þakka – að ég þyrfti ekki á neinni fjárhagshjálpi að halda. En þetta vinarbragð Jóns og Þórunnar, sem og öll elskulegheit þeirra hjóna í minn garð síðar, er nokkuð einstæð reynsla í lífi mínu. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð þar um. En samfara ævinlegu þakklæti mínu til þeirra er mér í huga nokkur undrun, því að mér finnst ennþá að ég hafi ekki átt þessa hugulsemi skilið.

Viðkyrning mín við Jón Helgason var mest og samfelldust á fyrstu tíu árunum eftir stríð, þeim árum sem ég var oftlegur gestur á heimili hans, því heita mátti að ég væri þá með annan fótinn í Kaupmannahöfn. Í flauturslegri samantekt eins og þessari væri sennilega bezt að setja endapunkt þegar hér er komið, vegna þess að ég hef þegar sagt allt það sem máli skiptir um kynni mín af honum. Hitt er annað, að gjarnan má bregða upp örfáum svipmyndum til frekari fyllingar, rétt eins og maður sé að skrifa minningarorð um sjálfan sig; og kannski er maður einmitt að því.

Sumarið '49 dvaldist ég í Helsinki og skrifaði litla skáldsögu þar sem ég gerði þann óvinafagnað að frama reykvískt slangurmál og aðra úrkynjun. Mér kom ekki til hugar að leyfa Jóni að sjá það handrit, þótt ég dveldist með það á heimili hans á leiðinni til Íslands aftur. Það stafaði af tillitssemi við sjálfan mig og hann, að ég hélt; ég gat jafnvel ímyndað mér, að eftir að önnur eins hörmung kæmi á prent myndu þau hjón á Kærstrupvej 33 ekki bjóða mig velkominn, nema þá af vorkunnsemi og fyrir gustukasakir. En þeim mun hissari varð ég, er þau sögðu mér síðar, að þau hefðu byrjað að lesa söguna eitt kvöldið – og ekki hætt fyrr en skammt lifði nætur og Jón hafði

lesið hana alla upphátt. Mér hefur aldrei þótt eins vænt um neina viðurkenningu sem rithöfundur, líklega vegna þess hversu mjög hún kom mér á óvænt. Ég spyr enn: Hvar var nú sá málfræðilegi íhaldsmaður Jón Helgason? Hafði hann gaman af því að íslenzkur rithöfundur falsaði guðs steðja – eða var hann innst inni svona miklu frjálslyndari en öll smámunasemi hans gaf til kynna?

Þetta leiðir hugann að því, þegar Þórunn sagði við mig, að hún vissi hvers vegna ég, Reykvíkingurinn, talaði og skrifaði ekki verra mál en ég gerði; hún taldi það vera vegna þess, að ég hefði alizt upp hjá ömmu minni. Ég gerði hvorki að játa né neita. Má vera, að hún hafi haft rétt fyrir sér. Hitt er annað, að ég stillti mig um að segja henni þann sannleika, að með fullri virðingu fyrir ömmu minni, þá talaði hún nokkuð dönskuskotið; orð eins og fortó, kokkhús, bísлаг, gammósíur, paraply og drossía voru henni eðlileg, svo ekki sé minnst á frönskuslettuna adú. Við þetta ólst ég upp. En ég ólst líka upp við klassískt íslenskt mál – úr munni sömu konu.

Sjaldan var það, að við Jón sætum tveir saman á tali, og kom það m.a. til af því, að ég var í senn ungur að árum og enginn lærdómsmaður. Einhverju sinni sátum við þó tveir, svo ég minnst, og ræddum eitthvað um íslenskar bókmenntir 19. og 20. aldar. Líklega væri ég búinn að gleyma þessu atviki, ef ég hefði ekki slyszt til, eða eigum við að segja freistazt til, að segja honum þau ummæli sem ég hafði þá nýlega heyrt höfð eftir Sigurði Nordal, – að bezta kvæði sem Íslendingur hefði ort á 19. öld væri erfiljóðin um Odd Hjaltalín eftir Bjarna Thorarensen, en það bezta á þeirri 20. væri ljóðið "Í Árnasafni" eftir Jón Helgason. Þegar hann heyrði þetta, varð hann nokkuð heimóttalegur á svip, lyfti brúnum og tautaði í barm sér svo lágt að varla heyrðist: "Sá held ég hafi vit á því!"

Fyrir kom, að ég leit inn til hans á safnið, einkum þá til að láta hann vita af mér í bænnum þegar ég var í Höfn á leið heim eða að heiman. Einhverju sinni leit ég inn sem oftast, og þá var hann í óvenjulegu skapi. Það var eins og hann væri ekki með sjálfum sér.

Hann sagði að búið væri að finna upp maskínu (notaði þó ekki þetta orð) sem auðveldaði mjög allan lestur á handritum; það væri rannsóknarlögreglan í Kaupmannahöfn sem hefði yfir að ráða þeim töfragrip, sem gerði stækkunargler óþarft, og ekki aðeins það, heldur væri hægt að lesa greinilega áður ólesanlega staði í bókfelli sem liti út eins og auðn eða sorti. Hann greip handrit úr hillu og brá undir kvartslampa og sýndi mér. Ótrúlegt en satt: Stafirnir virtust lyftast upp af fletinum bláir eða svartir á ljósum grunni, þar sem ekkert hafði virzt annað en tóm, séð með berum augum. Ég sá Jón Helgason aldrei jafn barnslega glaðan og á þessari stundu.

Málfríður Einrsdóttir kallaði hann Síðasta Íslendinginn. Þar vona ég að sú gáfaða kona hafi haft rangt fyrir sér. En líklega var hann sá nítjándualdarmaðurinn sem lifði lengst. Og margt af því sem hann gerði mun lifa sjálfan hann um ófyrirsáanlega framtíð.

Það skiptir öllu máli.

## Málfríður Einarsdóttir

Það mun hafa verið haustið 1951, á heimili Jóns Helgasonar í Kaupmannahöfn, sem ég var kynntur fyrir Málfríði Einarsdóttur. Hún sat þar í stofu föll og fá, nýbúin að liggja eina banaleguna af mörgum sem hún þá þegar átti að baki. Einkum voru það berklar sem veittust að henni, en ekki var hún dauð enn; átti reyndar eftir að lifa í rúm þrjátíu ár. Jón presentéraði hana sem "strammaskáld", án frekari úskýringar, og hún leit sem snöggvast upp úr hannyrðum sínum, hallaði undir flatt og gjóaði augum feimnislega á doktor Hans Kuhn, eða hvað hann nú hét, sem sat sprenglærður gegnt henni en skildi ekki orð.<sup>28</sup> Ég vissi ekki fyrr en áratugum síðar, að sjálf hafði hún valið Jóni Helgasyni nafngift nokkra, og það án allrar gráglettni, af aðdáun á manninum og skáldinu, en máski jafnframt með nokkurri sársaukatilfinningu vegna menningarástands eigin þjóðar. Hún kallaði hann Síðasta Íslendinginn.

Að sjálfsögðu vissi ég hver hún var. Hún hafði stöku sinnum birt ljóð og annað lesmál á prenti, að vísu mestmegnis þýðingar, og var á þessum tíma þekkt af nafninu Fríða Einars. Systir hennar var skáldkonan Sigríður Einars. Auk þess áttum við sameiginlegan vin. Þann margfróða organista Þórð Sigtryggsson, bróður Sigurðar lektors í Höfn; en um þau tvö, Þórð og Málfríði, dugir vart minna að

---

<sup>28</sup> Bók M. Samastaður í tilverunni, bls. 30: "En ætli þessi hrelling, fóbíurnar svörtu, sem ég þarf að festa sjónir á til að sauma þær í stramma áður en lífi mínu lýkur, ætli þær hafi ekki sótt að mér í myrkrinu ... þarna á bænum þar sem kviknað var nýtt mannlíf sem ég held að öllum hafi staðið á sama um (en önnur nýslokkuð sem öllum þótti mikil eftirsjá að."

segja en að þau hafi verið plátónskir ástvinir frá barnæsku og langt útfyrir gröf og dauða. Þegar hann var allur kastaði hún skynsemistrú um stund og varð nánast spíritisti í vikur ef ekki mánuði; skáldkona ein kvaðst sjá Þórð sitja við stofuborð hjá sér nótt eftir nótt og þamba ósýnilegt kaffi; jafnvel Mademoiselle Sigríður Einars hafði séð hann standa glottandi hjá fótagafla kistu sinnar við eigin jarðarför. Dásamlegt.

Uppúr þessu kynntist ég Málfríði betur hér heima og var oftlegur gestur hjá henni. Þá átti hún það til að hringja og bjóða mér í saltkjöt og baunir, einkum ef ekki var Sprengidagur. Þegar Reykvíkingar höfðu komið sér upp sjónvarpsstöð eignaðist hún fljótlega eitthvert stærsta og vandaðast sjónvarpstæki í heimi. Við sátum stundum framan við þennan imbakassa eftir baunaþamb, en það var segin saga: gagnvart þessu fullkomna tæki sjónarspilsins sat Málfríður jafnan með lokuð augu; spurði þó stöku sinnum hvað væri á skjánum, en vildi helst tala um Dante og Poe.

Gegnum tíðina lærðum við nokkuð hvort á annað, jafn gerólík og við vorum á svotil hvað sviði sem var. Stundum var í okkur gagnkvæmur ertnisgalsi undir yfirskyni djúprar alvöru. Einhverju sinni hafði ég orð á því með útspekúleruðum virðuleik, að svo vel byggjum við Íslendingar í bókmenntalegu tilliti, að líklega væru hér ekki færri en tíu eða tuttugu skáld og rithöfundar sem ættu það skilið að fá Nóbelsverðlaun. Hún leit á mig andartak eins og hún hefði ekki séð mig fyrr; síðan dálítið til hliðar, og tautaði af sannfæringu: Þau fóru þangað sem þau áttu að fara. – En ég var ánægður. Mér hafði tekizt að ganga fram af henni.

Hún hló aldrei. En ef mann langaði til að sjá hana brosa í sæld, þannig að í augun kæmi meyarlegur glampi af skálki, þá þurfti ekki annað en að hnjóða í kirkju og kristindóm. Ég gerði þetta stundum, þótt skömm sé frá að segja. Einkum ef maður gat um leið komið að nafni ástvinarins mikla, Þórðar Sigtryggssonar, þá varð hún tvítug af ánægju.

Oft var ég hissa á því, að hún skyldi nenna að þekkja mig. Má vera það hafi í og með verið vegna þess, að ég vélritaði sumt af því sem hún hafði um áratugi krotað á lausa snepla, þannig að á endanum komst þetta í bókarform. Hún var mér þakklát fyrir það og vildi gefa mér í staðinn óendanlegt magn af baunum. En næsta heiftarleg andúð hennar á guðshugtakinu var óneitanlega sprottin af sömu rót og sú þolinmæði og þrjózka sem hafði fleytt henni gegnum margar banalegur í áranna rárs; þrjózka og þolinmæði í bland, þetta sem fáum er gefið öðrum en konum, þessu sigrandi kyni að eilífu.

Ég nefndi áðan að við hefðum vísvitandi strítt hvort öðru. En meira kemur til. Samtöl okkar gátu stundum orðið óforhugsuð eins og milli geimvera af ólíkum hnöttum. Gaman væri nú, að þau hefðu varðveizt á segulböndum. Ég get ekki stillt mig um að nefna dæmi.

Einhverju sinni þegar ég kom til hennar í baunirnar, þá talaði hún venju fremur margt um síhækkandi verðlag á landbúnaðarafurðum. Ekki var ég ósammála því sem hún sagði, það var nú eitthvað annað. Á meðan hún hrærði í ketinu og baunasoðinu (sem aldrei á að gera) spurði hún mig hvort satt væri að ríkisstjórnin væri í þann veg að hækka verð á kartöflum. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að allar ríkisstjórnir eru vondar, einkum á meðan þær sitja, en geta skánað þónokkuð eftir því sem lengra líður frá því þær veltust úr sessi. Ég ætlaði í fullri kurteisi að svara spurningunni, en þá leit Málfríður á mig skörpum augum upp úr mallinu og sagði ívið hvasst: Skyldi ekki Baudelaire hafa verið eitthvert mesta skáld sem uppi hefur verið?

Það þyrmdi yfir mig; en ég svaraði þessu eins samvizkusamlega og ég gat: Ég hef ekki heyrt að kartöflurnar séu að hækka.

Á heilögu ári kirkjunnar gerði Málfríður loks reisu, til Rómar, hálfri öld síðar en hún ætlaði sér. Tók Mömmugöggu í fylgd, og báðar komar langleiðina í átrætt. Hápunktur sérhverrar Rómargöngu er viðkoma í því húsi Guðs sem kennt er við heilagan Pétur. Þangað fóru líka þær stöllur. En sem þær koma í anddyrið gerist það, að Mammagagga spanar inn í kirkjugeiminn, en Málfríður nemur staðar.

Rétt við inngönguna sá hún marmaralíkneskju nokkra: dáyndisfögur kona situr með andaðan son sinn, fullvaxinn karlmann myrtan af íhaldinu. Sú mynd heitir Pieta á þarlendu máli. Þessi mæðgin voru, þráttfyrir allt guðleysi Málfríðar, gamlir kunningjar hennar, já, vinir. Og frammifyrir þeim var hámarki Rómargöngu hennar náð; inni í sjálfum kirkjugeimnum gat ekki verið neitt stórfenglegra en þetta, neitt sem væri þess virði að berja það augum. Hún fór ekki lengra. Þegar Mammagagga kom fram aftur, eftir klukkustund eða svo og hélt hún hefði týnt samferðakonunni, hafði Málfríður við orð að kominn væri tími til að undirbúa heimferðina til Íslands.

Áratugalöng barátta við skæðustu sjúkdóma markaði hana í útliti og manni fannst það eitt af kraftaverkunum eilífu hvað þessi rýri líkama gat hlýðnast þeim anda sem ekki treysti á annað líf og sætti sig fullkomlega við það að detta út í ekki neitt að lokum. Aldin að árum varð hún æ líkari barni: Rýrar axlir, veik rödd, ekki alltof virkar þær hendur sem verið höfðu snjallar við hannyrðir, einnig sífækkandi hárin á höfðinu, og að lokum töpuð sjón. En minnið og ályktunarhæfnin, það var óbrigðult. Þegar sú þróun var komin allnokkuð áleiðis gerðist það í lífi þessarar gömlu konu, að prentuð var hennar fyrsta bók "... hve ríkilát æskuvon rýrnar af því / að rætist í ellinni fyrst" orti Stephan G. En Málfríður reyndi að láta sem ekkert væri, að minnsta kosti framan í almenningi. Sökum þess að hún gat átt von á heimsókn jafn miskunnarlausra manna og blaðaljósmyndara lét hún það verða sitt fyrsta verk eftir útkomu bókarinnar að kaupa sér hárkollu. Þannig kynntist þjóðin henni seint og um síðir. Núna var hún ekki lengur Fríða Einars, heldur hin eina og sanna Málfríður. Og af því að hún brosti á sumum þessara mynda, þá héldu margir að hún væri ódauðleg. Meira að segja ég stóð mig að þeirri blekkingu.

Þegar ég hitti hana síðast, rétt viku áður en hún dó, var hún hress að vanda. En þá sagði hún mér undarlega frétt. Hún sagði að stundum þegar hún ætlaði að fara að sofa, þá hyrfi sér blindan ef hún liti í bók; hún gæti jafnvel séð smæsta letur eins og í Fjölvís. Í hinzta



skipti leit hún til mín blindum augunum og sagði lágt: "Heldurðu að þetta geti verið galdur?" – Ég kunni ekkert svar annað en þjóðsöguna um Johan Sebastian Bach, sem sagður er hafa haft fullkomna sjón, blindur maðurinn, á banadægri sínu.

Að morgni 84. afmælisdags síns var hún lögð inn á spítala sökum óvæntrar uppkomu einhvers sem kallað var vírus á fræðimáli. Slíkt var ekkert nýtt fyrir henni. En í þetta sinn brá svo við, að hún átti ekki afturkvæmt. Á þriðja degi reis hún upp, þessi sem raunverulega var hún sjálf, og yfirgaf loksins fyrir fullt og allt sitt brestótta ker.

Þar með var horfin til feðra sinna og formæðra einhver sérstæðasta listakona sem Ísland hefur alið.

Og nú er eftir að sjá, hvort heimur stendur. Einnig hitt, hvort nokkur von muni vera í þeirri skemmtilegu hugljómun sem tengir möguleika mannsandans við ga-heim.<sup>29</sup>

---

<sup>29</sup> Ekki-heimur sem við tekur í framhaldslífinu skv. nánari útlistingu skáldkonunnar.

# Sigfús Daðason

(24. desember  
1996)

Í ungdæmi mínu kom fyrir að ég heyrði gamalt fólk segja sem svo, að þessum eða hinum hefðu hlotnast "farsælar gáfur". Slíkt orðalag var haft um menn til aðgreiningar frá þeim urmul Íslendinga sem þráttfyrir leiftrandi gáfur, drjúgan lærdóm, göfugan ættboga og veraldarauð að auki, fóru í hundana eða varð aldrei neitt uppifast. Við þeim ósköpum stundi þjóðin og staðhæfði, að sitt hvað væri gæfa og gjörvuleiki. Svo var forlagatrúin heldur aldrei langt undan. Ég kann varla að nefna betra dæmi um mann með farsælar gáfur en einmitt Sigfús Daðason. Strax á unglingsárunum sýndi hann afburða námsgáfur, og skáldskapargáfa hans var þá þegar augljós. En hvorug þessara gáfna er þó ein og sér neitt garantí fyrir farsæld, og heldur ekki sameinaðar. Erfitt er að segja hvað gerir gæfumuninn, en Sigfús reyndist gæddur gáfu þolinmæðinnar og þrautseigjunnar, vissrar hagsýni og æðruleysis, sem ásamt sjálfsgagnrýni og sjálfsaga gerði hann að vissu leyti nokkuð fullorðinn fyrir aldur fram. Hann var óvenju þroskaður unglingsur, yfirbragðið stundum hátíðlegt, honum lá lágt rómur, og hann virtist þá þegar hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að orð geta verið dýr.

Samt varð Sigfús brátt mikill þátttakandi í kaffihúsálfi höfuðstaðarins og gaf sér drjúgan tíma til mannfunda; hann var afspyrnu góður hlustandi og varð vinsæll í sínum vinahóp. Það var eins og hann hefði alltaf ótakmarkaðan tíma; las mikið, en hvenær hann las vissi enginn. Fjárhagur hans var þröngur, og hann átti ekki alltaf öruggt húsaskjól, en hann heyrðist aldrei barma sér og því

síður bera einhverja harma á torg. Honum var ekki lagið að sjá sjálfan sig eða aðra í tákni tragedíunnar. Það var frekar að hann sæi gjörvalla heimsbyggðina í því ljósi; einkum þó síðar.

Um eigin skáldskap var hann á þessum árum fremur fámáll og birti harla lítið. Þegar hann gaf út sína fyrstu bók, haustið 1951, má sjá á heiti hennar að honum fannst hann ekki hafa ort neitt sem prenthæft væri fyrr en um og upp úr 1947. Um svipað leyti og sú bók kom út hélt hann til náms í Frakklandi og dvaldist þar í nær áratug.

Það var mikil gæfa Sigfúsar, að á unglingsárum sínum komst hann í kynni við Kristín magister Andrésón og Þóru Vigfúsdóttur, konu hans. Þau hjónin voru honum mjög innanhandar öll námsár hans ytra. Og ég fullyrði, að allur námsferill Sigfúsar og störf hans hjá Máli og menningu eftir heimkomuna var það sem veitti þeim hjónum meiri gleði en flest annað. Menningarframlag Kristíns og Þóru hefur enn ekki verið metið sem vert væri og reyndar alls ekki skoðað í réttu ljósi enn þann dag í dag, en sá dagur mun koma. Þjóðin stendur í þakkarskuldbandi við þau bæði.

Hér verður ekki rakinn í smáatriðum starfsferill Sigfúsar, en í árána rás afrekaði hann miklu og var þó enginn auglýsingamaður um afköst sín. Vandaðar þýðingar hans úr frönsku, ritsmíðar hans um samtímabókmenntir, ljóð hans, bæði frumort og þýdd, útgáfustörf hans hjá Máli og menningu og síðar hjá hans eigin forlagi, Ljóðhúsum, að óleymdum kennslustörfum við Háskólann, þetta allt var meðal þess bezta sem fram var lagt á sviði íslenzkrar menningar um áratugi.

Ekki þarf að taka sérstaklega fram hvíllkar mætur Sigfús hafði á bókmenntum. En ég get ekki stillt mig um að geta þess, að hann auðsýndi einnig sjálfum bókunum mikla ást og virðingu, einkum ef þær voru vel úr garði gerðar. Það var ánægjulegt að sjá hann handfjalla nýútkomna og vel útgefna bók. Ég gleymi því seint, hve lotningarfullur hann var þegar hann handlék fyrstu bók Málfríðar Einarsdóttur og hafði sýnt þá dirfsku að hleypta þessum óþekkta en

sérstæða höfundur af stökkunum, án þess að hafa nokkra vissu fyrir því að sú útgáfa gerði í blóðið sitt. En, sem betur fer, það heppnaðist allt vel, og bæði hlutu verðskuldaða viðurkenningu fyrir tiltækið.

Við upprifjun ótölulegra atvika frá meira en fimm áratuga kynnum getur verið erfitt að nema staðar, en í stuttri minningargrein eiga langlokur ekki heima. Sjálfur var Sigfús enginn málrófsmaður og vafamál hvort hann hafði innilegri ímugust á ritræpu eða munnræpu. Hann brást oft við hvorutveggja með algjörri þögn. En stundum þegar fram af honum gekk við ómerk orð og vanhugsað geip, átti hann til að slá fram nokkrum vel völdum orðum á belgísku. Sljákkaði þá í flestum.

Á unglingsárum sínum átti Sigfús við þráláta vanheilsu að stríða. Fyrsta erindi hans til höfuðstaðarins var það að leggjast á Landakotsspítala vegna blóðkreppusóttar. Hann virtist líkamlega ekki mikill bóguur, en átti þó til ótrúlega seiglu og fékk yfirleitt ekki kvef þegar aðrir urðu sér úti um þann demókratíska sjúkdóm; kvefaðist svo kannski uppá eigin spýtur og hafði engin orð þar um. En þegar hann svo, um svipað leyti og hann lauk stúdentsprófinu, varð að leggjast á Vífilsstaði sökum berklasmits, þá fór ekki hjá því, að ýmsum brygði. Þá var enn ekki sá tími kominn að berklarnir hefðu verið sigraðir í landinu, og margt var það efnisfólkið, bæði skáldin og aðrir, sem höfðu orðið þeim vágasti að bráð. En einnig hér var það, sem ég hygg að andlegur styrkur Sigfúsar hafi átt meginþáttinn í því, að þessa erfiðleika yfirvann hann. Það var seiglan. Það var æðruleysið. Og líklega einhver innbyggð og mjög svo heilbrigð trú á sjálft lífið.

En nú er hann horfinn okkur, og heldur þó áfram að mæla til okkar hljóðum orðum úr verkum sínum.

## Sturla Tryggvason

Í konserthléi í Þjóðleikhúsinu var ég kynntur fyrir Sturlu Tryggvasyni, og það var ungt og upprennandi tónskáld sem það gerði, Leifur Þórarinsson. Þetta var haustið 1950. Reyndar hafði ég tekið eftir honum áður, á kaffihúsinu Miðgarði við Óðinstorg, oft nefnt Kommakaffi. Þar sat hann stundum með Angantý Guðmundssyni bókbindara, syni Guðmundar skólaskálds. Einhver sagði mér hverra manna hann væri og að hann legði stund á nám í bókbandi og fiðluleik. Þetta var fallegur og sviphreinn piltur, og þó var eins og mikil alvara væri í svip hans. Ég man ekki eftir því að hafa séð þá Angantý hlæja. Og þeir sátu alltaf einir.

En Sturla sótti einnig Hressingarskálann í Austurstræti, og þar varð ég fljótt málkunnugur honum eftir að búið var að kynna okkur hátíðlega í Þjóðleikhúsinu. Mér féll strax vel við hann, og áhugamál okkar voru svipuð, stjórnmalaskoðanir okkar þær sömu. Kalda stríðið var farið að setja mark sitt á okkur einsog flesta aðra.

Um þessar mundir klúkti steinbær við sunnanvert Óðinstorg og gengið inn frá Óðinsgötunni. Þar var Sturla til húsa í skjóli Elínborgar föðursystur sinnar, og þangað bauð hann mér heim í hlýlega vistarveru, sem skreytt var myndum eftir Tryggva. Elínborg Magnúsdóttir var saumakona, en vann jafnframt í fataafgreiðslu Þjóðleikhússins. Sturla hafði við orð, að þetta hefði hún komizt næst leiklistinni, en hana hefði langað til að verða leikkona þegar hún var ung.

Þetta haust átti ég heima vestast á Grenimel; hafði engan síma, og gestir áttu það til að koma fyrirvaralaust. Eitt kvöld í slagveðurs rigningu hringir dyrabjallan, og þar er Sturla kominn; hafði ekki heimsótt mig fyrr. Hann hélt á fiðlukassanum og kvaðst kominn til að spila á fiðluna, en ég léki undir á orgelið mitt. Ég tók að sjálfsgöðu vel í það, og mig minnir við höfum spilað uppúr Íslensku söngvasafni sem kallað var Fjárlögin, því það voru myndir af búfé utan á kápunni. Ekki endurtókum við slíka konserta, en áttum síðar eftir að hlusta mikið á göfuga tónlist af upptrekkum ferðagrammófón.

Hæfileikar Sturlu voru bundnir við músíkina eina. Kveðskap og myndlist lét hann eiga sig, og voru þær listgreinar þó nærtækar foreldrum hans. En á tónlistarsviðinu naut hann sín. Dr. Páll Ísólfsson viðhafði þau ummæli við móður hans, að hann hefði svo fullkomna tónheyrn að fágætt væri.

Að vissu leyti má segja að Sturla hafi verið maður skapfastur. Þegar ég kynntist honum virtist hann að vísu nokkuð áhrifagjarn og bjóst ekki við illu af neinum. Hann vildi öðrum vel og var hjálpfús þeim sem bágt áttu, eftir því sem efni hans leyfðu. En skapfesta hans gat einnig komið fram í þrjúzku, sem stundum gat farið í taugarnar á manni, en átti þó eftir að bjarga lífi hans.

Ekki eru allir viðhlæjendur vinir. Einn var sá, sem Sturla virtist hafa ómælda ánægju af fyrst í stað, en átti eftir að breytast í skæðasta óvin hans, sem hann átti í baráttu við um áratuga skeið. Það var Bakkus.

Baráttu Sturlu við Bakkus virtist lengi vel harla vonlaus, og sífellt seig á ógæfuhlið. Við vinir hans studdum hann ekki sem skyldi. Það verður að segjast eins og er. En fimmtugur að aldri hlaut hann að hlíta þeim skilmálum sem honum voru settir: að fara í áfengismedferð eða missa vinnuna ella. Hann valdi fyrri kostinn, og nú kom í ljós að hann gat virkjað þrjúzkuna sér til góðs. Eftir miðjan desember 1980 kom ekki víndropi innfyrr hans varir, og nokkrum

árum síðar hætti hann líka að reykja. Þá lá við, að mér þætti hann orðinn einum um of heilagur.

En reglusemin og sigurinn á Bakkusi báru líka góðan árangur, og við tóku beztu árin í lífi hans. Hann eignaðist íbúð, lærði á bíl og ferðaðist víðsvegar um landið. Jafnframt tók hann upp sambúð með fornvini sínum, Ásgeiri Beinteinssyni píanóleikara, og stóð sú sambúð unz Ásgeir lézt, langt fyrir aldur fram, vorið 1992.

Í utanlandsferðir fór Sturla nokkrum sinnum, fyrst á friðar- og æskulýðsmót í Moskvu sumarið 1957 og sigldi þaðan heim frá Murmansk. Þá dvaldist hann um nokkurra vikna skeið í Kaupmannahöfn síðsumars 1961. Til New York fór hann sumarið 1992 og til Lundúna ári síðar. Aldrei kom honum þó til hugar að setjast að erlendis. Hann unni Íslandi og öllu sem íslenzkt var; var þjóðernissinni í orðsins beztu merkingu.

Mörg voru þau kvöldin sem við Sturla vörðum í það að hlusta á tónlist, og stundum var þá kíkt í glas, einkum ef Ásgeir var með. En þau voru líka mörg kvöldin sem við létum tónlistina eiga sig að mestu, en lásum ljóð hvor fyrir annan. Þá var Ásgeir yfirleitt hvergi nærri, því hann hafði lítinn áhuga á ljóðum. Smekkur Sturlu á kveðskap var nokkuð gamaldags, eftirlætisskald hans flest frá nítjándu öldinni. Auk Jónasar voru það einkum Bólu-Hjálmar og Grímur Thomsen. Lengi verður mér minnisstæð nýjárónóttin 1954. Ég heimsótti Sturlu í herbergi hans við Drápuhlíð, og fyrr en varði var ég farinn að lesa Búa rímur Andriðssonar eftir Grím. Það varð langur lestur og svo áhrifamikill kveðskapurinn, að ég varð hvað eftir annað að gefa staðar við lesturinn, því ég vatnaði músum og mátti ekki mæla. Einhvernveginn tókst mér þó að ljúka þessu af. Og orðin hans Gríms "hurfu út í himinblámann" eins og Gröndal orðaði það í Heljarslóðarorrustu.

Af skáldum tuttugustu aldar fannst mér hann hafa einkum mætur á þeim frændum sínum Stefáni frá Hvítadal og Steini Steinarr, og af yngri skáldum frænku sinni Nínu Björk Árnadóttur. En ekki má gleyma því, að hann mat Tómas Guðmundsson einnig mikils, ekki

aðeins sem skáld, heldur líka sem mann. Hann hafði kynnst Tómasi barn að aldri og dvalizt um skeið á heimili hans um það leyti sem foreldrar hans voru að slíta samvistir. Þá var það einn dag, að skáldið strauk piltungnum um ljósan kollinn og sagði blíðlega: "Þú ert fallegur drengur." Það voru ekki margir sem töluðu svo hlýtt til hans um þær mundir, og þessum orðum skáldsins gleymdi Sturla aldrei.

Geta má þess, að árið 1993 kostaði Sturla útgáfu á svonefndum "Ésúrímum", sem faðir hans orti í bríarí og á kenderíum einhverntíma á kreppuárunum og lauk aldrei við. Rímur þessar voru útgefnar í 60 eintökum til gjafa, og Sturla gaf mér nr. 22.

Svo var það sem ósköpin dundu yfir, haustið 1997.

Sturla var á ferð einn í bíl sínum, á leið upp í Mosfellsbæ til að heimsækja Þórdísi systur sína. Þetta var í ljósaskiptunum, færðin góð, en líklega hálkublettir á veginum. Og er nú ekki að orðlengja það, að bíllinn fór í hálfhring og Sturla missti stjórn á honum. Ekki vildi betur til en svo, að annar bíll kom á eftir á mikilli ferð og hratt bíl Sturlu fram af vegbrúninni þar sem hann lá skorðaður. Það þurfti liðsmenn með klippur til að ná Sturlu meðvitundarlausum úr flakinu.

Næsta árið dvaldist hann á Reykjalundi og svo um skeið á endurhæfingardeild, en komst aldrei til fullrar heilsu aftur. Honum var ekki óhætt að aka bíl, og það sem verra var: hann gat ekki búið einn lengur og séð um sig sjálfur. Hann var stöðugt að falla í yfirlið, fyrirvaralaust, og gat þá enga björg sér veitt. Honum var þá komið fyrir í kjallaraherbergi á Minni-Grund þar sem hann naut góðrar aðhlynningar. Langtímaminnið hafði hann aftur fengið, en skammtímaminnið var mjög stopult. En nú var það lífsseiglan og kannski líka þrjúzkan sem kom honum enn til hjálpar. Hann tók nú að æfa sig af kappi á lágfiðluna, tók þátt í Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, sem æfði í kjallara Neskirkju undir stjórn Ingvars Jónassonar og hélt konserta öðru hverju. Þetta veitti Sturlu ómælda ánægju, og hann ól þá von í brjósti að geta komizt til fullrar heilsu aftur. Svo átti þó ekki eftir að fara. Við eitt yfirliðið lenti hann illa á



einhverri hvassri brún og rifbrotnaði. Hann var fluttur á sjúkradeild gömlu Grundar og átti ekki afturkvæmt þaðan.

Eftir að þangað kom virtist hann missa áhuga á flestu og minni hans fór hrakandi. Þegar lausnin kom var hún mikil náðargjöf. Stundaglas hans var runnið út.

Á sólbjörtum morgni fimmtudaginn 12. júní var útför hans gerð frá Fossvogskapellu að viðstöddu fjölmenni. Hópur strokhljóðfæraleikara lék fagurt verk, kór söng og leikið var á orgel. Séra Jón Bjarman flutti líkræðuna. Sá sem þetta ritar og hefur heyrt margar líkræður um dagana minnst þess ekki að hafa heyrt áhrifameiri ræðu. Séra Jón byggði hana á leitinni að hinum eina sanna tóni, þeim tóni sem kemur frá hjartanu og nær að enduróma í öðrum mannlegum hjörtum.

## Þórður Sigtryggsson

Ég vissi ekki hver þessi maður var sem gekk upp með kálgarðinum og að húsinu þar sem ég bjó. Þetta var á heitum og sólríkum sumardegum 1932. Tvennu tók ég eftir: þessi miðaldra maður bar sólgleraugu, og þrátt fyrir hita og þurrk gekk hann í skóhlífum. Ég var átta ára. Eftir litla stund var kallað á mig inn, og ég var sýndur manningnum. Ákveðið var að hann skyldi gera tilaun til að kenna mér á hljómborð lítills stofuorgels sem móðir mín hafði látið eftir sig. Næstu tvö ár var svo þessi maður heimiliskennari minn, bæði í þeirri list að ná valdi á hljómborði og svo í öðru því námi sem þótti skyldugt að kenna börnum. Þessi ár hlífðu mér við raunum barnaskólavistar um sinn. En lítt grunaði mig –, átta ára gamlan drenginn, að þarna kæmi inn í líf mitt sá maður sem ætti eftir að kenna mér meira en nokkur einn hefur gert um dagana að fósturu minni undanskilinni.

— — —

Þórður Sigtryggsson var fæddur 25. ágúst 1890. Foreldrar hans voru hjónin Hugborg Bjarnadóttir og Sigtryggur Sigurðsson lyfjafræðingur. Hann var fæddur og uppalinn í Guðjónsenshúsi við Tjarnargötu í Reykjavík; í þeim grunni telja margir að staðið hafi bær Ingólfs. Leikbróðir hans í bernsku var sonur annars manns í apótekinu, Erlendur Guðmundsson, síðar kunnur af húsi Unu móður sinnar. Æskuumhverfi þessa drengja má lesa um í Brekkukotsannál; tíminn var sá, að engum datt í hug stríð sem næði lengra en til næsta smákóns. Hann lærði að þekkja nótur hjá Jónasi Helgasyni, og síðar byggði hann ofan á þá þekkingu sjálfur. Hann lærði líka bókbandsíðn, um skeið hjá Arinbirni Sveinbjörnssyni, og síðar í Kaupmannahöfn. Þar var hann um nokkurra ára bil ásamt Sigurði

bróður sínum, sem síðar varð lektor og settist að ytra. Þegar heim kom, lagði hann ekki stund á bókband nema lítið eitt, heldur snéri sér að kennslu. Hann bjó með móður sinni og kenndi á orgel. Eftir að móðir hans dó, 1929, hafði hann ofan af fyrir sér með orgelkennslunni. Og ef þessi fábreyttu atriði segðu allt um manninn, væri mikill óþarfi að skrifa um hann minningargrein.

Vinátta Erlendar og Þórðar hélzt á meðan báðir lifðu, og af sjálfu leiðir að Þórður var um langt árabíl tíður gestur í Unuhúsi. Ég ímynda mér ekki, að af öllum þeim sem þangað komu hafi margir verið litríkari karakterar en hann. En varla hefur hann í þeim hópi alltaf sagt það eitt, sem féll mönnum ljúflegast í eyra; fremur myndi hann hafa sótt eftir því að prófa þolrifin í viðstöddum, því hann átti hvorttveggja til: fádæma ljúfmennsku og siðfágum, en á hinn bóginn einnig þá dæmafáu dirfsku, hreinskilni og gáska að jaðrað gat við stráksskap. Aldrei yrði með sanni sagt um Þórð að hann hafi skort demón, að hann hefði verið skaplaus eða sneyddur fantasíu og sérstöðu í viðhorfum. Stundum þegar ég hef reynt að gera mér grein fyrir persónuleika hans hefur niðurstaðan einna helst orðið sú, að hann hafi átt til að bera það sem kalla mætti geníala skaphöfn með kostum hennar og göllum: óspilltan uppruna, barnslega einlægni, hemjulaust stolt, tilgerðarlausu auðmýkt, umburðarlyndi og miskunnarleysi í senn, hugmyndaauðgi en þó um leið vissa þröngsýni óskylda hlutlægni. Einkenni slíks sálarlífs er þó öðru fremur, að það er aldrei hálfvolgt. Eina stund kann það að búa yfir takmarkalausum góðleik, en eins er víst að aðra stund er tjáning þess grundvölluð á andstæðu alls góðleika, en sönn og án bilbugs í hvorutveggja. Við sem ekki erum séni, stöndum einatt ráðþrota og spyrjandi frammifyrir slíkum mönnum.

Þórður varð ekki þjóðkunnur um dagana, og ég held hann hafi aldrei langað til að verða það. Hitt er annað mál, að áhrif óþekktis manns í samfélaginu, manns sem enginn tekur eftir á götu nema þeir fáu sem þekkja hann, þau geta verið býsna drjúg. Ég leyfi mér að fullyrða, að Þórði hafi tekizt að hafa meiri og heillavænlegri áhrif á

vettvangi menningar um áratugi en enn hefur verið skráð í annála, þó ég efi ekki að sú stund komi að það verði gert. Þeir menn eru vissulega til, sem eiga honum það að þakka öðrum fremur að þeir fetuðu fyrstu skrefin á braut listarinnar, ef ekki sem listamenn sjálfir, þá sem listunnendur, og eru nú jafnvel framámenn listar og menningar með þjóðinni.

Þeir sem ungir kynntust Þórði hlutu að taka afstöðu til hans, með eða móti. Og þeir af þeim, sem ekki létu hrjúfa þætti hans æra úr eyrum sér hljóminn frá þýðu strengjunum, komust að því fyrr eða síðar hvílík feikn var hægt að læra af þessum manni, hversu áhrif hans voru varanleg og stór, án þess fundið væri alltaf fyrir þeim í snarheitum. Hann gat borið heiti kennarans betur en flestir menn sem ég hef kynnt, því ef maður hafði vit á var stöðugt hægt að nema af honum ekki aðeins á hljómborð lítils stofuorgels, heldur miklu fremur á hljómborðið í annarri og svo miklu víðari merkingu. Stundum gat námið verið fólgið í því að taka hann sér til fyrirmyndar, en það getur alveg eins verið fólgið í hinu að forðast að líkja eftir honum, forðast að tileinka sér skoðanir hans. Enginn ungur maður sem umgekkst Þórð náði, gat komizt hjá því að meistarinn hrærði upp í honum og rumskaði við honum; til að komast hjá slíku hefði viðkomandi þurft að vera rola af guðsnáð.

Ég vona að mér leyfist að nefna hér dæmi um innlegg Þórðar í íslenskar bókmenntir, innlegg sem hann að vísu átti engan þátt í sjálfur nema með því einu að vera til.

Ef menn fletta upp í 2.-3. hefti Tímarits Máls og menningar frá árinu 1953, er þar að finna greinargerð eftir Peter Hallberg um tilorðningu Atómstöðvarinnar. Greinarhöfundur leiðir rök að því, að í fyrstu gerð sögunnar hafi ein aðalpersónan – organistinn – verið allmjög öðru vísi í sniðum en í þeirri endanlegu mynd sem almenningur þekkir. Á því tímabili sem Laxness var að skrifa söguna, féll frá Erlendur í Unuhúsi. Ekki fer á milli mála, að organisti frumgerðarinnar er Þórður Sigtryggsson, góðvinur höfundarins frá fornu fari. Og þrátt fyrir þá umbreytingu sem

organistinn hlýtur í sköpun sögunnar – nær því að líkjast Erlendi Guðmundssyni – blandast engum hugur, sem bókina les og þekkti Þórð Sigtryggsson, að í persónu organistans er margthvað snilldarleg lýsing einmitt á honum. Og eftir á að hyggja: hvernig hefði mikill rithöfundur átt að geta þekkt mann eins og Þórð Sigtryggsson, án þess að finna löngun til að fást við þann efnivið sem hann var?

Ég hef hér að framan rætt nokkuð um óbein áhrif Þórðar, en ekki skyldi of lítið gert úr beinu starfi hans og athöfnum um dagana. Þessi maður var enginn iðjuleysingi, fjarri fór því. Það liggur eftir hann mikið dagsverk þar sem var kennsla hans um áratuga skeið. Hann var sívinnandi. Síðustu níu árin, eftir að borgarbúar hættu með öllu að leggja sig niður við að læra á stofuorgel, dvaldist hann að Reykjalundi og vann þar dag hvern fyrir upphaldi sínu, í rauninni miklu lengur en heilsa hans leyfði. Hann var alla ævi fremur veikbyggður, fékk berkla innan við tvítugt og var talinn af; honum sagðist svo frá að lífslöngunin ein hefði bjargað sér yfir þann örðuga hjalla. Jafnframt starfi sínu viðaði hann að sér á langri ævi miklum fróðleik, varð sjálfmenntaður maður í beztu merkingu orðsins, læs á a.m.k. fjórar tungur auk skandinavísku málanna, vel að sér í klassískri menningu evrópskri, átti stórmerkilegt safn erlendra bóka, sumar hverjar aldagamlar útgáfur og rarítet á heimsmælikvarða. Ég get varla hugsað mér að slíkum manni hafi nokkurn tíma leiðst. Bækurnar hans, hljómplötusafnið hans, listaverkamyndirnar sem hann átti, ferðir hans út í náttúruna, að ógleymdu starfi hans, – það væri ónóg að segja að þetta hafi verið honum áhugamál; þetta var líf hans. Maður hlýtur að undrast það, hvernig þessi lágtaunaði orgelkennari gat veitt sér þann munað að lifa mennignarlífi í jafn ríkum mæli og honum var unnt. En skýringin er kannski of einföld til þess menn trúu henni á því herrans ári 1965: hann var reglusamur og sparneytinn. Þegar ég átta ára gamall drengur sá hann fyrst, skildi ég það ekki hvers vegna hann gekk í skóhlífum í þurrki. Það var ekki fyrr en mörgum árum seinna að ég komst til skilnings á því, að á kreppuárunum var dýrt að láta sóla skó, enn dýrara að kaupa nýja

skó; skór þurftu helzt að endast í áratug, og skóhlífar báru nafn með rentu. Það var líka dýrt að kaupa sér í soðið, og yfirleitt dýrt að halda við líftórunni. En það var eitt, sem aldrei varð of dýrt: að eignast sönn menningarverðmæti. Listnautn var aldrei keypt of dýru verði; hún var í rauninni lífið sem var þess virði að lifa því.

Það vildi svo til daginn sem hann lézt, þ. 30. fyrra mánaðar, að ég rakst á setningu sem olli því að mér varð sterklega hugsað til hans; ég hafði þá enn ekki frétt hann væri látinn. Setningin var þessi: "Fullkomnun felst ekki í því að gera einhverja frábæra hluti, heldur hinu að gera hversdagslega hluti frábærilega vel."

Einmitt sá hæfileiki Þórðar að hefja hverdagsleika upp úr láγκúru tilgangsleysis, var eitt helzta sérkenni hans. Hér á ég einkum við það á hvern hátt hann umgekkst hvaðeina, hversu sérhvert viðvik í daglegu lífi var í senn frábærlega eðlilegt honum og fallega af hendi leyst. Hann kastaði aldrei höndum til neins; fór aldrei illa með nokkurn hlut, sama hversu auvirðilegur hluturinn var. Reglusemin og fegurðarþráin birtust í smæstu atriðum í umhverfi hans. Herbergi hans var eins og hann sjálfur; það má vera að maður hafi saknað dálítillrar óreiðu, en hún var bara óhugsandi. Þegar ég heimsótti hann sjúkan að Reykjalundi nokkrum vikum áður en hann dó, sagði hann með sjálffrónísku brosi, að hann stæði í vorhreingerningum – með hvíldum. Hann var varla lengur fær um að hreyfa sig, en fylgdi þó fötum og reyndi til hins síðasta að hlú að því sem í kringum hann var. Þó má honum hafa verið ljóst, að hann var senn að kveðja.

Það er sælt að fá að eldast á þann hátt sem Þórði Sigtryggssyni auðnaðist. Fornt máltæki, sem oft hefur verið misþyrmt, hljóðar á þá leið að þeir sem guðirnir elska deyi ungir – hversu gamlir sem þeir verði. Þórður dó ungur í þeirri góðu merkingu orðsins. Líkami hans var orðinn hrör, og það var reyndar ekki furða. En andlegum kröftum hélt hann fram í andlátinu. Minni hans var óskert með öllu; það er ekki langt síðan ég fékk að reyna að þar stóð ég honum ekki snúning. Gáski hans var samur við sig, þótt hann ætti stundum erfitt um mál síðustu vikunnar. Það sem gefið hafði lífi hans gildi meðan

hann var hress og heill, hélt áfram að gera það; þar var ekki um að ræða neinn ellisljóleik eða áhugaskort.

Nokkrum dögum áður en hann dó vitjaði ég hans á Landakotsspítala, og hann ræddi við mig um Árna Beintein Gíslason tónskáld, ungan menntamann sem lézt skömmu fyrir aldamót. Þórður hafði aldrei kynnt honum, en metið hann framar öðrum íslenskum efnismönnum sem hurfu fyrir aldur fram. Hann lét mig taka af náttborði sínu úrklippu úr blaði frá þeim tíma og lesa; það voru minningarorð um Árna Beintein eftir Ólaf Davíðsson. Eftir lesturinn gaf hann mér úrklippuna.

Þær bækur og hljómplötur eru ótaldar sem Þórður Sigtryggsson gaf mér um dagana, en þetta var síðasta gjöf hans til mín og á vissan hátt sú fegursta. Ég sá hann ekki lífs aftur.

Ég hygg, að Þórður Sigtryggsson hafi komið mjög nálægt því á margan hátt að mega kallast taóisti. Samt minnst ég þess ekki að hafa heyrt hann nefna á nafn Bókina um Veginn. Freistandi er að efast um, að hann hafi nokkru sinni lesið hana. Og þó. Ef ekki, mætti það vera sönnun þess hve langt menn geta náð án Bókar.

Aftur á móti finnast skrifleg fyrirmæli hans um það, hvaða ritverk hann vildi láta fylgja sér í kistuna að lokum. Það var Gerpla. Hana mat hann mest allra bóka Halldórs Laxness.

Ég veit ekki hvort það var tilviljun eða samkvæmt hinzta vilja Þórðar, að þegar til kom lá bréfspjald í um það bil miðju bindi, nánar tiltekið milli bls. 264 og 265; þar opnaðist bókin. Og þannig hvolfdi ég henni á brjóst hans látnum.

# Ásgeir Magnússon

Við andlát vinar míns Ásgeirs Magnússonar stend ég frammi fyrir þeim vanda sem ég hafði aldrei ráð fyrir gert um dagana: að hafa ástæðu til að minnst hans látins. Af nógu er þó að taka frá nærfellt hálfum fimmta áratug óslitinna kynna; vandinn er sá að greina í sem styztu máli frá staðreyndum án þess að láta undan þeirri freistni að rekja langa sögu, jafnvel margar og margvíslegar, sem fyllt gætu bækur; sögur jafnt gleði og sorgar og alls þar á milli svo sem tilefni væri þó til. Við fráfall hans er sem enginn endir vilji verða á þeim straumi minninga sem flæðir fram, allt frá fyrstu samskiptum okkar sem drengja innan við barnaskólaaldur, en á því bernskuskeiði höguðu atvikin því svo til að við urðum nágrannar; það lá aðeins gróskumikill kálgarður milli húsanna, bannsvæði á sumrin, leikvangur á vetrum.

Við vorum þegar á bernsku- og æskuárum ólíkir um margt, og segi ég það sízt sjálfum mér til hróss. Hann var öllu félagslyndari en ég og hefur að líkindum verið gæddur því sem nútímasálfræðingar nefna aðhverfa hugsun fremur en sundurhverfa, þar sem þessu var víst gagnstætt farið með mig. Hann var sömuleiðis betri námsmaður í skóla en ég, framtakssamari út á við, á flestan hátt betur í stakk búinn að mér sjálfum fannst, og beinlínis til foringja fallinn. En aldrei olli þetta vinslitum, miklu fremur að það drægi okkur nær hvor öðrum, endabótt vissulega kastaðist í kekki stöku sinnum. Ekki minnst ég þess, að við höfum nokkru sinni slegizt alvarlega á þessum hamagangsárum bernskubrekanna, en hitt man ég glöggt, að við tókum nokkuð snemma upp á því að skrifa hvor öðrum mergjuð



skammabréf í fullri alvöru og afhentum þau hátíðlega og án milligöngu pósthjónustunnar; töluðumst þá ekki við í nokkra daga, jafnvel vikur; svo lagaðist allt. Þannig leið bernskan og æskuárin fyrstu. Og í mætu ljóði er svo komizt að orði, að endurminningin merli æ í mánasilfri hvað sem var; minnst ég þess þá um leið, að það var einmitt Ásgeir sem fyrstur vakti athygli mína á því ljóði.

Atvikin höguðu því svo, að við urðum aldrei skólabræður. En strax á unglingsárum áttum við langt og gott samstarf í fleiru en einu félagi. Og á ég þá ekki aðeins við þá félagahópa sem við stofnuðum til að eigin frumkvæði með öðrum strákum úr hverfinu, sumpart upp á grín, heldur einkum innan Góðtemplarareglunnar, þar sem við störfuðum af alvöru og áhuga í nærfellt áratug; töldum það jafnan gæfu okkar að hafa verið fríir frá slagtogi við Bakkus á unglingsárunum og kunnum vel að meta kynnin við þann félagslega aga sem Reglan veitti okkur á sinni tíð, þótt leiðir skildu við þau samtök síðar.

Um árabíl, eitthvað frá tíu ára aldri og vel fram á fermingarár, áttum við það sameiginlega tómstund að gefa út blöð. Það voru að vísu aðeins skrifuð blöð og útgáfan ekki viðameiri en svo, að upplagið samanstóð af einu eintaki, sem við létum hvor annan lesa, en sýndum engum öðrum fremur en við værum að drýgja glæp. En í tómstundi þessu, sem óefað var undir áhrifum þess, að faðir Ásgeirs var ritstjóri, brauzt fram viss löngun til sköpunar og að sínu leyti vottur af þjóðmálaáhuga, þó svo að höfuð-fyrirmyndin væri skopblaðið Spegillinn, sem að okkar dómi var þá snjallastur allra blaða, líklega rétt ályktað.

Og þá er ekki úr vegi að ég minnst þess, að einmitt á sömu árum var ég tekinn að basla við yrkingar og skrifdútl. Það fór að sjálfsögðu mjög leynt. Enginn fékk að hnýsast í þann heim – nema Ásgeir Magnússon. Ég var fljótur að finna, að athyglisgáfa hans, ágætur smekkur og um leið miskunnarlaus hreinskilni, það voru vissulega eðliskostir sem gerðu gagnrýni hans eftirsóknarverða – og á þessum árum var mér hrós frá Ásgeiri mikils virði, því ég vissi að

Það var falslaust. Hinu er ekki að leyna, að fyrir kom að mig gat sviðið undan gagnrýni hans, þeim mun fremur sem hún var ósjaldan blandin marksæknu og gegnumnístandi háði, sem ég stóð einatt berskjaldaður gegn án þess að geta galdið fyrir mig svo teljandi væri. En oft hefur mér orðið hugsað til þess síðar, hversu sú hlífðarlausá kritík og stríðni Ásgeir gerði mér í rauninni gott – og kom á réttum tíma. Hún var mér skóli, að ég held, sem gerði mig upp á lífstíð brynjaðri en ella hefði orðið gegn hverskyns hvatskeytislegum ummælum svo í ræðu sem riti, og þótt ekki væri fyrir annað má ég vera honum þakklátur; mér finnst jafnvel að ég hafi aldrei fengið neina kritík síðar meir, hvorki vonða né góða, sem nokkurt mark sé takandi á. Við nánari yfirvegun, þegar ég hafði jafnað mig eftir umsögn hans hverju sinni, reyndist afstaða hans og álit líka hafa geysimikið til síns máls. Og ekki má heldur gleyma því, að jafnan hvatti hann mig dyggilega til áframhaldandi ritstarfa, ekki aðeins á þessum bernsku- og unglingsárum, heldur alla stund. Löngu eftir að ég var farinn að láta almenning sjá í bókarformi það sem ég var að klóra, þá var Ásgeir mér jafnan innanhandar um einarða gagnrýni bona fide; og þekkingaratriðin sem ég hef sótt til hans um dagana eru ófá, reyndar fleiri og fjölbreyttari en ég get gert sjálfum mér eða öðrum grein fyrir. Þar hjálpaði m.a. til hið ágæta minni hans. Ef ég legði einhverju sinni fyrir mig þá leiðu þraut að reyna að skrifa sjálfsævisögu, þá er ekki efamál að ég myndi finna sárgrætilega fyrir því, að Ásgeir er ekki lengur nærri.

Unglingsár okkar, ár afdrifaríkrar mótunar, voru ár síðari heimsstyrjaldarinnar. Skin og skúrir skiptust á í fréttum af þeim hildarleik, og framan af ríkti mikil óvissa um endalokin. En eftir því sem á leið, og þegar sýnt þótti að sá aðilinn myndi sigra sem Ísland var hans bandamaður, þá tók að gæta æ meiri bjartsýni, kannski einmitt hjá þeim sem ungir voru. Velgengni hafði vaxið í landinu, en einnig margt gildismat riðlæzt og endaskipti orðið á ýmsum hlutum, ekki alltaf á betri veg.

Við unga fólkið horfðum þó fram á við með nokkurri vongleði. Á stofndegri lýðveldisins stóðum við Ásgeir á Þingvöllum og fögnuðum tímamótaatburðinum í hellidembunni ef engu minni þjóðhollustu en aðrir. Það sumar og sumarið næsta gerðum við einnig ferð saman norður í land á fund frændfólks og sameiginlegra kunninga, klifum fjöll, dvöldumst á fögrum stöðum, bárum lítinn kvíðboga fyrir morgundeginum, held ég; og mér finnst nú sem sólin hafi skinið dag hvern. Samt – þá þegar var líkt því sem annað veifið kvæði við einhver dapurlegur undirtónn í hljómkviðu dægranna, svo innávið sem útávið, þótt friður hefði verið saminn í okkar heimshluta þá um vorið: Á friðsælu kvöldi erum við staddir á heimili Brynleifs Tobíassonar á Akureyri, og þá hljómar sú frétt í útvarpi að yfir japanskri borg hafi verið sprengd öflugri og áhrifameiri vítisvél en áður hafi þekkt í sögunni. Heimurinn hafði stigið inn á kjarnorkuöldina og gat aldrei orðið samur eftir. Á haustdægum þessa sama árs tóku að heyrast raddir um ásælni eftir áframhaldandi herstöðvum á Íslandi til níutíu og nú ára. Næstu ár þróuðust svo hagsmuna- og hugsjónaástök sigurvegaranna upp í það lamandi heimsástand sem nefnt hefur verið kalt stríð og skrumskældi framtíðardrauma margra þeirra sem bláeygastir höfðu verið í bjartsýni sinni við stríðslok. Sú saga verður ekki rakin nú.

Þegar hér var komið, mátti verða þess vart á stundum, að Ásgeir gekk ekki með öllu heill til skógar, endaþótt fæstir og jafnvel enginn gerði sér að fullu grein fyrir því, um hversu alvarlegan sjúkleik var að ræða. Hann hafði við fimmtubekkjarpóf ofreynt sig; svo samvizkusamur og skyldurækinn sem hann var og gæddur heilbrigðum metnaði, þá hafði hann lokið prófunum það vor þrátt fyrir háan sóthhita, og þessa beið hann ekki bætur. Afleiðingarnar komu reyndar ekki strax í ljós, og um nokkurra ára skeið sat hann í íslenzkudeild háskólans; en læknaþer utanlands og innan gátu ekki veitt honum neina varanlega bót og ekki næga til þess að hann treysti sér til að keppa að prófi. En hversu svo sem sjúkdómsáfall Ásgeirs kann að hafa verið alvarlegt strax í upphafi, þá er hitt

jafnframt vissa mín, að ekki hafi sjúkdómurinn einn valdið því hver þróun hans varð. Svo tilfinninganæmur sem hann var og rómantískur í bland, þá urðu ytri aðstæður ýmsar til þess fremur að letja hann en hvetja, og kem ég þá aftur að því sem ýjað var að hér að framan: Heimsástandinu mátti líkja við nornaketil, og innanlands hafði grundvallast það stríðsgróða- og samkeppnisþjóðfélag þar sem sá mórall varð ofan á að mata krókinn, jafnvel með hvaða ráðum sem það væri gert. Þá varð margur af aurum api, og er enn. Það þufti ekki að koma til vanheilsa svo að margur maðurinn gæfist upp á einn eða annan hátt, þótt heilbrigður ætti að kallast, jafnvel svipti sig lífinu, eða það sem lakara var: seldi sál sína. Við upprifjun allra þeirra dapurlegu staðreynda er mér það efst í huga hversu Ásgeir, þrátt fyrir vanheilsu sína, stóð sig vel í sinni raun og komst óskemmdur gegnum hana, á vissan hátt heilli og með hreinni skjöld en ýmsir þeir sem betur hefur vegnað á þjóðfélagslega vísu. Um þetta get ég vel borið, því ég leyfi mér að segja að ég þekkti hann manna bezt og vinátta okkar rofnaði aldrei, þótt stundum liðu ár og dagar milli þess sem við sáumst, kannski staddir sinn í hvoru landi.

Ásgeir var af náttúrunnar hendi svo vel gerður maður, að jafnvel aðgangsharður sjúkdómur fékk engu breytt um það sem varðar manngildi. Það bezta í honum átti upphaf sitt í því, hvað hann var runninn af góðri rót, í báðar ættir kominn af þryðisgreindu fólki. Í gegnum þrengstu erfiðleika skein alltaf í þennan tæra, heilbrigða og upprunalega neista rökhyggju. Hann var með afbrigðum góður mannþekkjari, og gæti ég nefnt mörg dæmi þess hversu árin hafa staðfest ýmis ummæli hans um menn og málefni, endaþótt ég væri honum kannski ósammála á þeirri stund sem hann lét þau falla. Í viðskiptum reyndist hann ætíð heiðarlegur, og loforð hans stóðu sem stafur á bók. Þegar allt kemur til alls hygg ég þó, að það sem ég mat mest í fari hans sé það trygglyndi sem hann var gæddur í ríkum mæli og ekki kom aðeins fram við fáa en góða vini, heldur einnig þá dauða hluti sem stóðu honum hjarta næst, líka þá hluti sem miskunnarleysi tímans var búið að afmá – gömlu húsin, gömlu

slóðirnar; að ekki sé minnzt á gamla fólkið sem horfið var en sett hafði litríkan svip á bernsku okkar beggja. Trygglyndi Ásgeirs var að sjálfsgöðu mikill hvati þess hve raungóður hann var og hjálpsamur, eftir því sem hann fékk við komið. Ég minnst þessa og vil leggja nokkra áherzlu á það, því ég naut þess eðliskostar hans iðulega, oftar en ætla mætti af hendi þess manns sem varla hafði fjárráð til að auka sér bók í safn sitt. Enn var eitt sem sízt skyldi liggja í þagnargildi: Hann vildi alltaf launa fyrir sig. Hann var minnugur og gat ógjarna gleymt mótgjörðum, en hann mundi svo sannarlega velgjörðir líka og lét þær ekki ólaunaðar; í þessum efnum var hann alla stund gæddur ríku stolti, og það var honum þvert um geð að fara bórnarveg.

Sjúkdómur Ásgeirs kom fram í því m.a., að hann átti óhægt um langvarandi einbeitingu og kenndi fljótt andlegrar þreytu. Þetta kom í veg fyrir, að hann gæti um langt árabil tekið að sér nokkurt fast starf. En áhugamál sín átti hann og sinnti þeim í hlédrægri einveru sinni. Þrátt fyrir knöpp húsakynni safnaði hann bókum, aðallega fræðiritum gömlum, tímaritum og ýmsu smáprenti, átti ýmis rarítet af því tagi; og hann las drjúgt. Á ytra borði var hann einatt hrjúfur í framgöngu, gerði sér upp látalæti, byggði sér hlátraheim af ekki ósvipaðri ástæðu og Oddur forðum, og leyfði ógjarnan hverjum sem var að komst of nálægt sér. Hann var mjög sjálfstæður að eðlisfari, laus við að vera áhrifagjarn, kærði sig takmarkað um umgengi við aðra mörg hin síðari árin og var líka fyrir bragðið aldrei uppáþrengjandi. En þeim mun trúrrí félagskap fann hann hjá þeim þöglu vinum sem voru bækurnar hans. Hjá þeim átti hann athvarf, unz yfir lauk.

Jónas Hallgrímsson nefnir dauðann "hið dimma fet". Þetta hefur nú Ásgeir vinur minn stigið. Við mennirnir skynjum skammt og ættum að hafa sem fæst orð um dauðann. En það bannar mannsbarninu enginn að ala von – um eitthvað fagurt, eitthvað bjart, handan við hið dimma fet.

Ásgeir var fæddur í Reykjavík 24. nóvember 1923, sonur hjónanna Sigríðar Helgadóttur og Magnúsar Magnússonar ritstjóra. Hann lauk gagnfræðaprófi 1939, og stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1943. – Ásgeir lézt af völdum eldsvoða á heimili sínu að Fálkagötu 27, að morgni 28. nóv. 1975. Útför hans var gerð frá Fossvogskirkju þ. 5. desember að viðstöddu fjölmenni.

## Hannes Sigfússon

Í bók nokkurri sem út kom árið 1941 gaf að lesa eftirfarandi:

Það er hvort tveggja, að lítið hefir verið að því gert að yrkja á íslensku það, sem kallað hefir verið "óbundin ljóð", eða frjáls ljóð, eins og ég vildi heldur kalla það, og að margir Íslendingar kunna illa að meta þess konar skáldskap. Að minnsta kosti finnst þeim sumum, að orðið "ljóð" eigi ekki sem best við í þessu sambandi, og mun fyrst og fremst valda, að þeir hafa frá barnæsku vanizt hinu sérkennilega íslenska ljóðaformi, "ríminu". Ljóð og rím er því í vitund þeirra að miklu leyti eitt og hið sama. Að sjálfsögðu er hér um misskilning að ræða. Skáldskapur er ekki neitt ákveðið form, og andi ljóðsins, ljóðúðin, getur mætavel birzt í órímuðu máli og meira að segja notið sín þar betur en í hinu þrönga stakki rímsins.

Í þessum tón hafði varla áður verið ritað opinberlega á því herrans ári 1941. Hver leyfði sér að skrifa svona? Var það einhver byltingarsinninn og óvinur fornra dyggða? Steinn Steinarr máski? Nei, ekki aldeilis. Þetta var guðspekingurinn og húmanistinn Gretar Fells, sem lét svo um mælt í formála að bók sinni "Söng lífsins". Þá bók kaus hann að nefna ljóðabók, því að undirtitill hennar var "frjáls ljóð", en ýmsum þótti þó, að fremur væri um að ræða ljóðrænar prósaugleiðingar grundvallaðar á austurlenzkri dulspeki. Og enginn reis upp til andmæla því sem menn töldu meinlausa sérvizku.

Hálfur áratugur leið, áður en út kom önnur bók, harla órímuð og án stuðla, en með undirtitilinn "ljóð"; það var "Þorpið" hans Jóns úr Vör. Þá brá mörgum í brún, því að hann hafði þó áður sýnt, að hann kunni bæði að ríma og stuðla betur en sjálfur páfinn. Ósköp var að vita þegar slíkir hæfileikamenn nenntu ekki lengur að yrkja rétt. Sannleikurinn var þó sá, að allt frá því snemma á öldinni höfðu ýmis löngu viðurkennd skáld gert tilraunir með form og innihald ljóða; má þar nefna Jóhann Sigurjónsson, Halldór Laxness, Jón Thoroddsen yngri, Jóhann Jónsson og Stein Steinarr. Heyrst hafði og, að sjálft þjóðskáldið Einar Ben. hefði fyrir aldamótin þýtt ljóð Walts Whitmans án þess að binda þau í stuðla og rím; en þetta fór lágt og var talið til bernskubreka.

Svo var loks upp runnin stund Hannesar Sigfússonar. Það gerðist árið 1949, er hann sendi frá sér sína fyrstu bók, "Dymbilvöku", en uppistandið út af henni líktist helzt sprengingu. Það var líka um svipað leyti, sem ertnispúkinn kom upp í Steini Steinarr og hann lét hafa eftir sér í Lífi og list hina margívitnuðu setningu: "Nú er hið hefðbundna ljóðform loksins dautt" og meinti ekkert með því annað en að stríða vissum menningarpostulum og pólitíkusum. Sjálfur orti hann ýmist í gömlum eða nýjum formum alla sína tíð.

En þegar hér var komið sögu, hafði líka ýmislegt gerzt. Þeim hafði fjölgað, sem birt höfðu "frjáls ljóð" á stangli í tímaritum og jafnvel dagblöðum og nú var líka búið að gefa slíkum yrkingum

nafn, þær voru kallaðar atómskáldskapur og höfundarnir atómskáld eftir sögupersónu í nýjasta róman Laxness.

Af útgáfu "Dymbilvöku" er það annars að segja, að hún varð höfundur sínum síður en svo þrautalaus. Enginn sómakær forleggjari, hvortheldur hann var kenndur við menningu eða margarín, vildi gefa kverið út. Hannes varð sjálfur að bera fjárhagslegt tapið af uppátækinu með tilhjálp fátækrar og brjóstgóðrar ekkju, móður sinnar. Þó seldust víst sjö eintök.

En frægur og umtalaður var Hannes nú loksins orðinn. Haldinn var umræðufundur í Sjálfstæðishúsinu, á vegum stúdenta minnir mig, þar sem skiptzt var harkalega á skoðunum. Þar flutti Steinn athyglisverða ræðu, sem hefur víst glatazt með öllu, því hann talaði blaðalaust og engum datt í hug að spandera nýjustu tækninni, segulbandinu, á rifrildi um ljóð.

En hvað var svona skelfilegt við "Dymbilvöku"? Hún var þó ekki meira "atóm" en það, að víða studdist skáldið við höfuðstafinn fræga og lét orð sín falla í stuðla. Það fannst þó sumum ekki nóg. Þeim fannst þeir ekki fá botn í innihaldið; kannski vantaði einhvern söguþráð í ljóðin ...

Nú er ég að hugsa um að hverfa aftur í tímatalið, eða til þess merka árs 1939. Það var árið sem þeir Adolf og Josef skiptu með sér Póllandi og lýst var yfir styrjöld sem enginn hér á landi varð var við fyrsta hálfu árið eða svo. Enn ríkti kreppa og kyrrstaða á Íslandi.

Þetta ár kom Hannes Sigfússon frá Noregi eftir veturlanga dvöl hjá systur sinni þar ytra, og hafði lagt stund á refarækt. Hann hafði árið áður orðið svo frægur að fá að lesa í útvarp frumsamda sögu, þá aðeins 16 ára gamall, og hafði svo ungum manni ekki fyrr verið hleypt nálægt hljóðnema í ríki Helga Hjörvars.

Hannes var semsagt mjög forframaður, sigldur og lífsreyndur, er fundum okkar bar fyrst saman sumarið '39, ég aðeins fimmtán ára sveinstauli en hann tveim árum eldri; það munar um hvert misserið á því stórskrýtna æviskeiði. Tildrög þess að við Hannes kynntumst voru þau, að vinur minn, Ásgeir Magnússon, Magnússonar ritstjóra



Storms, vildi endilega að við stofnuðum ungskáldafélag, hvorki meira né minna. Hann þekkti Hannes frá nábyli þeirra við Norðurstíg í bernsku. Og er nú ekki að orðlengja það, að til var Hannes í slíkt ævintýri og varð strax okkar duglegastur við að stækka hópinn. Hann beinlínis "uppgötvaði" skáld og rithöfunda ef honum sýndist svo. Einna frægasta dæmið var það, er hann elti uppi grandalausán utanbæjarpilt inn á Bæjarbókasafn af því honum fannst hann hafa svo skáldlega höku, og tilkynnti honum umbúðalaust að hann væri hér með boðaður á fund í félagi ungra rithöfunda. Pilturinn lét til leiðast, og hefur ort bæði ljóð og prósa með ágætum árangri allar götur síðan.

Ekki stundaði Hannes refaræktunina nema part úr vetri í Borgarfirðinum, heldur sneri sér að sölumennsku og skáldskap jöfnum höndum; og svo var það einhverntíma á árinu 1940, að nafnlaust félag áhugamanna um bókmenntir og skáldskap var stofnað í vesturstofunni í Ingimarsskólanum. Við Ásgeir fengum hana lánaða fyrir ekki neitt.

Í bili man ég nöfn nokkurra þátttakenda: Andrés Kristjánsson, Arnfríður Jónatansdóttir, Dósóþeus Tímóteusson, Egill Bjarnason, Guðjón Halldórsson bankamaður, Helgi Sæmundsson, Jenna Jensdóttir, Jóhannes Steinsson, Jón Dan, Jón Helgason blaðamaður, Jón Óskar, Jón úr Vör, Leifur Haraldsson, Valdimar Jóhannsson, auk okkar Hannesar og Ásgeirs; líklega gleymi ég þó einhverjum. Síðar áttu eftir að bætast við þeir Geir Kristjánsson, Sigfús Daðason og Stefán Hörður. Gestir fengum við líka utan af landi, t.d. þá Óskar Aðalstein og Ása í Bæ. Félagsskapur þessi kom alloft saman á blessunarlega formlausa fundi og dafnaði vel allt til stríðsloka, því við vorum svo félagslega þroskaðir að við kusum aldrei neina stjórn, það ættu fleiri félög að gera.

Á þessu skeiði ævinnar ætlaði Hannes sér að leggja stund á samsetningu stórra skáldsagna og las feiknin öll af slíkum doðröntum, var fastur viðskiptavinur Bæjarbókasafnsins, því að kreppuárin leyfðu ekki mikil bókakaup, og aldrei lét Hannes glepjast

af skjótfengnum gróða eftir að hersetan áféll. Í og með greip hann í það að yrkja ljóð, sem ýmsum fannst mörg hver ágæt. En sjálfum þótti honum þau slæm og hafði yfirleitt takmarkaðan áhuga á ljóðum. Það átti þó eftir að breytast þegar hann fór að umgangast Stein.

Og ekki verður manni hugsað til þroskaferils Hannesar á þessum árum, án þess einmitt að nefna Stein. Hannes kynntist honum nokkuð snemma, enda voru báðir tíðir gestir á Hressingarskálanum. Svo sterkur persónuleiki sem Steinn var, er ekki ólíklegt að Hannes hafi fundið í honum vissa föðurímynd, því að Hannes hafði misst föður sinn ungur, þá fjörgamlan mann. Nema hvað, ýmsum fannst Hannes draga mjög dóm af Steini og tileinka sér ekki aðeins viðhorf hans heldur og orðfæri og jafnvel málróm. Ég tók nú ekki eftir því neitt sérstaklega, en hitt fór ekki á milli mála að Steinn hafði mjög þroskavænleg áhrif á hann og marga aðra hvað snerti viðhorf og smekk á bókmenntasviði.

Hér er ekki úr vegi að láta fljóta með í lokin frásögu eina, sem styður nokkuð þá staðhæfingu að Hannes hafi verið allmjög undir áhrifum Steins á tímabili.

Þannig var mál með vexti, að Hannes var stundum að fá furðulegustu ídeur sem ekki voru endilega skáldskapar eðlis, heldur upphugsáðar sem bisnis. Þá var hann að bollaleggja hvernig skáld gætu sem fyrirhafnarminnst haft ofan af fyrir sér og þeim mun betur helgað tíma sinn skáldskapnum. Nú fékk hann þá hugmynd, mig minnir snemma árs '45, að leita til allra helztu skálda og rithöfunda landsins og fá þá til að leggja fram ókeypis efni í heljarmikla bók, hvers arði væri síðan dreift til ungra og fátækra rithöfunda. Og hann réðst ekki á garðinn þar sem hann var lægstur, heldur labbaði sig rakteitt út á Vesturgötu 28, efstu hæð, til fundar við Halldór Laxness. Ekki varð samtali þeirra víst ýkja langt, en eftir það dofnaði heldur yfir bjartsýni Hannesar varðandi þetta snilldarlega plan; stórskáldin voru víst búin að semja um réttinn á útgáfu afurða sinna fyrirfram og réðu ekki allskostar yfir þeim.

En ekki leið á löngu unz þau tíðindi bárust frá þarnassi Unuhúss, að Halldór hefði látið þar svo um mælt, að Hannes Sigfússon myndi vera "fjálgur Steins Steinarrs", og hefur það nafnorð líklega ekki verið notað í annan tíma, enda fyrirfinnst það ekki í orðasafni Háskólans. Nú er komið að leiðarlokum og meira en nóg skrifað að sinni. Hannes Sigfússon reyndist mér í nærfellt sex áratugi einhver beztu vinur sem ég hef eignast, og þeir eru nú fáir á lífi sem ég hef þekkt lengur. Í huga mínum býr í senn eftirsjá og þakklæti.

Honum auðnaðist ekki að skrifa langar skáldsögur, en mörg ljóða hans eru með því bezta sem ort hefur verið á íslenzku í áratugi. Hann var vaxandi fram undir það hinzta. –

# Reykjavíkurbættir

## 1.

Aðalstræti er mjög sérkennileg gata. Hún hefur lítið sem ekkert skipt um svip síðan um aldamót, og samt er þetta ein helzta – og elzta – gata í höfuðborginni. Þarna stóð "vagga" kaupstaðarins. Þarna voru reist hús innréttinganna, fyrsti vísirinn að hálfðönsku verzlunarþorpi og iðnaðar. Standi maður við suðurenda þess að nóttu til, þegar öll umferð er hljóðnuð og jafnvel engin bifreið sjáanleg, og líti norður eftir, getur maður vel ímyndað sér, að maður sé horfinn fimmtíu ár aftur í tímann. Svo til hvert hús er nátengt sögu bæjarins, jafnvel þjóðarinnar allrar, því að þar lifðu áður fyrr – og dóu – ýmsir synir hennar. Upp í huga manns koma myndir frá þessum stað, ýmist teknar myndir eða málaðar og teiknaðar eftir ágizkun og lýsingum; myndin af fyrstu innréttingahúsunum; myndin frá því um 1860 þar sem snortur timburhús hafa komið í stað moldarkofanna fyrstu; ljósmyndin frá jarðarför Jóns Sigurðssonar árið 1880; eða þá myndin af goskarlinum, Jóni smala, að sækja vatnið í prentsmiðjupóstinn. Því lengur sem maður blaðar í sögu Reykjavíkur frá fyrstu áratugum hennar, þeim mun nátengdari verða manni þau hús, sem hér standa enn í dag og bíða þess hlutskiptis að verða rifin – látin víkja fyrir skrauthöllum framtíðarinnar. Ég er hreykinn af því að muna eftir Sturluhúsinu gamla, sem var jafnað við jörð fyrir tuttugu árum og hafði þá staðizt tímans tönn í heila öld og sjö árum betur. Það gleður mig sömuleiðis, að enn skuli vera við lýði undirforstjóraíbúðin frá dögum innréttinganna – að vísu í allmjög breyttri mynd – húsið sem tók við því veglega hlutverki að verða biskupssetur, eftir að

Skálholtstaður hafði verið sviptur fornri hefð; lítið helluþakshús sem hefur a.m.k. sjö sinnum skipt um nafn, eftir því hvaða hlutverki það hefur gegnt. Það er nú elzta húsið í höfuðborginni: Undirforstjórahusið, Petraeusarhús, Biskupstofan, Jenshús, Hús maddömu Kristjönu Jónassen; Jóhannessenshús og Verzlun Silla og Valda. Allt sama húsið. Eða þá stórbyggingin fyrir norðan það, "Fjalakötturinn", upprunalega nefnt Hákonsenshús, á meðan það var ekki nema helmingur að fyrirferð á við það sem það er nú. Það var í því húsi, sem skáldið Sigurður Breiðfjörð lifði hina síðustu gleðisnaðu ævidaga sína uppi í súðarherbergiskytru, í norðurendanum, krampaveikur, hungraður og misskilinn af flestum. Í stofu þar undir dvaldist Jónas Hallgrímsson síðustu vikunnar, sem hann var "heima". Nú er þar vinsælasta kaffistofa bæjarins. Og varla er til svo fátækt skáld, að það eigi ekki fyrir molakaffi, enda eru liðin meira en hundrað ár, síðan hin unga höfuðborg gerði þá skyssu að láta höfund Númerímna svelta til bana uppi á hanabjálkanum. Og flest hefur víst batnað síðan þá. Maður þarf ekki að fara lengra en að suðurenda þessa merkilega strætis til þess að sannfærast enn betur um þá gleðilegu staðreynd. Ef maður hinkrar við fyrir framan Uppsalahornið og lofar huganum að fara svo sem sjötú og fimm til áttatíu ár aftur í tímann, er maður staddur fyrir framan lágkúrulegt tímurbús, kennt við Davíð nokkurn Helgason verzlunarmann, sem lét reisa það á grunni Ullarstofunnar gömlu kringum 1830. Í þessu hálfrar aldar gamla koti er til húsa maður að nafni Sigurður Guðmundsson. Hann er listamaður, listamaður á blómlegasta skeiði ævinnar, tæplega fertugur að aldri, hefur fyrstur allra landa sinna brotízt til náms í myndlist erlendis, komist í snertingu við framandi listir, menningu og tækni, ann þjóð sinni öðrum fremur, þráir að mega fórna henni ævistarfi sínu, – en skortir fé til þess að hafa nóg að borða, nóg tæki til að vinna með og sæmilega aðhlyningu. Þessi grannvaxni, álúti maður með háa ennið og skörpu augun, sem við sjáum þegar við göngum inn í hreysið, hann er sömuleiðis sneyddur hæfileika að geta sameinað kæruleysið og ábyrgðartilfinninguna á

heppilegan hátt, kært sig kollóttan um það, þótt hann sé hunzaður, en haldið áfram að skapa sífellt meiri listaverk, hvað sem líður hungri, einmanakennd og skilningsskorti annarra. En þessir tvíþættu hæfileikar eru jafn nauðsynlegir og þeir eru sjaldgæfir meðal hinnar þúsund ára gömlu byggðar. Sigurður Guðmundsson í Davíðshúsi er farinn maður, slitinn um aldur fram, ógæfusamur, kaldlyndur og oftast nær blár á fingrunum. Samt er hann alltaf að teikna. Nú er hann að gera uppdrátt að skipulagi höfuðborgarinnar eins og honum kemur það fyrir sjónir á næsta skáldlegu augnabliki, eins og hann vill að það geti orðið í framtíðinni, – framtíðinni, þegar farið verður að reisa hús fyrir þjóðminjasafnið, sem hann lagði drög að fyrstur manna, bæjarbúar færir um að veita sér þann munað að drekka hreint vatn, komnir íþróttavellir í Laugardalnum og búið að stofna fullkomið leikhús eins og hann sá í Kaupmannahöfn. En hvernig fór fyrir þessum manni, sem við sjáum hér brot úr andartaki? Ef við rifjum upp örfáar línur úr sendibréfi einu, sem skrifað var snemma í september 1874, um þær mundir sem hátíð þeirri var lokið, er Sigurður vann heilsjúkur við að undirbúa, rekum við augun í eftirfarandi: "Málaraauminginn er að deyja – úr bjúg og tæringu. – Ég sat í Davíðshúsi yfir honum í gærkvöldi, og gerði "skeifur", þegar ég gekk út. Hann lá í hundafletinu í einum bólgustokk, ískaldur undir tuskum og aleinn – og banvænn! Alltaf að tala um, að ekkert gengi með framför landsins." Þessi orð skrifaði Matthías Jochumsson kollega sínum Jóni Bjarnasyni í Winnipeg. Þrem dögum síðar var Sigurður Guðmundsson dáinn. Fyrir enda götunnar, sunnanvert, stóð undarlegt hús. Efri hæðin var spítali, neðri hæðin skemmtistaður bæjarbúa, kallaður "Gildaskálinn." Sigurði var komið fyrir uppi á loftinu meðan hann var að sálast. Í stofunni fyrir neðan héngu leiktjöld, sem hann hafði gert; veggirnir voru skreyttir af honum. Og skrautið hélt áfram að vera skraut lengi vel, enda þótt málaraauminginn væri dáinn. Það er nú svo. En standi maður í þessum hugleiðingum á Uppsalahorni tuttugustu aldarinnar og vilji þegar til lengdar lætur hugsa um eitthvað annað og skemmtilegra en

örlög þeirra nafna, Sigurðar Guðmundssonar og Breiðfjörðs, þá er ofur auðvelt að ganga að næsta verzlunarglugga, sem er ljósum prýddur þessa þöglu vetrarnótt, og virða fyrir sér það sem þar er til sýnis. Á fornum grunni Davíðshúss stendur semsagt bókaverzlunin Helgafell og í glugga hennar er komið fyrir stórum bókum með úrvalsmyndum af málverkum helztu listmálara okkar. Í hópi Kjarvals, Jóns Stefánssonar og Ásgríms er einnig Sigurður Guðmundsson. Meðal mynda af annarra manna listaverkum er safnið af myndunum hans, – brautryðjandans, hugsjónamannsins sem dó úr tæringu og bjúg. Loksins veit þjóðin, að hann var til. En hvað er þetta? Ég ætlaði mér að skoða húsin við strætið en ekki þylja ævisögur. Ég hefi leiðzt frá upphaflegu erindi mínu ... Að minnsta kosti fjögur stór timburhús við þessa götu snúa stöfnunum fram, en það er óvenjulegt fyrirbæri í húsagerðarlist á Íslandi. Hvers vegna er ég ekki heldur að virða fyrir mér þessi skemmtilegu hús en rifja upp leiðinlega sögu ... Austanvert við strætið er forn grafreitir forfeðra okkar, sem nú byggjum þennan höfuðstað. Grafreitirinn hefur árum saman verið skrautgarður, opinn almenningi, og þar spretta hinar fegurstu rósir á sumrin. En á vetrarnóttum hefði ég hins vegar gert ráð fyrir, að enginn gisti hann nema nakin tré og beinagrindurnar djúpt í sverðinum, – ef ég hefði ekki rekið augun í ungan mann, sem lá þar ofan á hvítum snjó. Hann reis upp, þegar ég gekk að honum, og minna mátti sjá en það, að hann var drukkinn. En hvað sagði hann svo? Sagði hann ekki eitthvað? Jú, hann sagði, eins hátt og hann gat: "Mér leiðist! Þetta er alltsaman vitlaust!" Og fyrr en ég veit er ég aftur farinn að rifja upp hin döpru örlög – ekki samt örlög misskilinna listamanna ( því þeir hafa margir hverjir fengið sína viðurkenningu þótt seint væri), nei, heldur örlög ofur venjulegs ungs manns, sem, þrátt fyrir allar framfarir og hugsjónir tuttugustu aldarinnar, hrópaði út í nóttina: "Mér leiðist! Þetta er alltsaman vitlaust!" – án þess að gömlu húsin við Aðalstræti létu sér hið minnsta bregða við þau orð.

## 2.

Það er af, sem áður var, er Íslendingar voru svo dansklundaðir, að jafnvel fyrirmyndirnar að bínefnunum þurfti að sækja til drottinþjóðarinnar við Eyrarsund. Þegar ég fyrir skemmstu spígsporaði um Lækjargötu, hina fyrstu heimsborgartröð í Reykjavík, kom mér það einmitt til hugar, sem ég hafði lesið einhversstaðar endur fyrir löngu, að fyrir um það bil heilli öld var gatan bínefnd – eftir danskri fyrirmynd – og kölluð Heilagsandastræti. Tilefni þeirrar nafngiftar var það, að á þeim árum stóðu aðeins tvö hús við götuna, hús sjálfs biskupsins, Helga Thordarsens, og hús dómkirkjuprestsins, séra Ásmundar Jónssonar. Þetta var á þeim tíma, þegar siðmenning höfuðborgarinnar var enn á því stigi, að algengt var að uppnefna fólk og reyndar hvað sem var, draga dár að sérvitrum gamalmennum og vera viðstaddur kirkjubrúðkaup með samskonar hugarfari og maður horfir á bíó. En nú er öldin önnur, – jafnvel þótt sagan endurtaki sig stundum á nokkuð skemmtilegan hátt. Það vill nefnilega svo til, að í dag búa við Lækjargötu bæði dómkirkjuprestur og biskup. En engum finnst ástæða til að veita því sérstaka athygli lengur. Borgin hefur nefnilega vaxið. Þorpið, sem einu sinni hæddist að litlu götunni meðfram læknum, nefndi hana "stræti" og kenndi hana við heilagan anda, þetta litla þorp hefur vaxið upp í það að verða borg, eignast sín stræti og garða, og meðal annars lagt breiðasta veg landsins að dyrum þeirra, sem boða okkur að feta hinn þrönga veg. Svona breytist allt. En úr því að ég er farinn að minnst á "stræti", get ég varla varizt brosi, er ég minnst fyrstu "strætanna" í höfuðborg okkar. Þau báru nefnilega ekki ýkjamikinn "stræta"svip; miklu fremur voru þau vottur um stefnuleysi og vöntun á smekk. Enda er orðið komið úr erlendum málum upprunalega, einungis fyrir hégómaskap einhverra hálfðanskra eða aldanskra "borgara" í gömlu Reykjavík. Að vísu sést þetta orð í íslenskum skáldskap á 17. öld:



"Háa steinstrætið heimsins sleipt" kemur fyrir í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar, – og má vera, að hann hafi innleitt orðið í málið. En það er fyrir utan þetta umræðuefni. Sú eina gata í Reykjavík, sem lengi vel bar strætisheiti, var Aðalstræti, enda ber nafnið sjálfst með sér orsök þess. Um þær mundir, sem gatan meðfram sjónum tók að byggjast, var hún aldrei nefnd annað en Strandgata, og hélzt það nafn fram til aldamótanna síðustu, enda þótt síðan hafi hún verið nefnd Hafnarstræti. Sama máli gegnir um troðninginn, sem myndaðist fyrir sunnan Strandgötu og nú heitir Austurstræti. Það var framan af aldrei kallað annað en Langa stétt. Þessi nöfn eru nú öllum gleymd, nema örfáum gamalmönnum, sem minnst þess með brosi, þegar bæjarstjórn Reykjavíkur lét leggja forarræsi eftir endilöngu Austurstrætinu og öllum þótti kostnaðurinn og brúlið við slíka framkvæmd svo óheyrilegt, að minna mátti ekki gagn gera en kalla það "Gullrennuna". En um þær mundir er strætisheitið farið að ryðja sér til rúms. Þegar fyrsti bankinn á Íslandi var opnaður í nýju steinhúsi við Bakarabrekkuna, þar sem nú er til húsa Bókaverzlun Sig. Kristjánssonar, þótti ekki hlýða, að brekkan drægi nafn sitt lengur af Bernhöftsbakaríinu gamla, heldur varð að skíra hana Bankastræti. Sama máli gegndi um Kirkjubrú, götutroðning, sem lá milli dómkirkjunnar og gamla grafreitsins. Hann var gerður að Kirkjustræti. Síðan komu til skjalanna nýjar götur fyrir austan Lækinn, uppi í holtinu þar: Ingólfsstræti, Þingholtsstræti; enda þótt enn megi telja á fingrum annarrar handar þau ár, sem liðin eru síðan slóðir þessar voru malbikaðar og steinlagðar, sem ætla mætti þó, að væri frumskilyrði þess, að þær nefndust stræti. Annars er lítið um það í söguheimildum um Reykjavík, að götur hafi skipt um nafn. Nýjasta dæmi þess mun vera það, er Hringbraut, frá Skúlagötu og að Landspítalanum, var umskírð og eiginlega skipt niður í tvær götur, Snorrabraut og Þorfinnsgötu. Úr heimildum frá fyrri tíð man ég ekki í svipinn eftir fleiri en tveimur nafnabreytingum. Sú fyrri er Suðurgata. Hún hét áður Kirkjugarðsstígur eða bara Líkhússtígur. Það var á þeim árum

Þegar hún var lítið annað en tengiliður þorpsbúa við "helgra guðs barna legstaði"; og þótti reimt þar í myrkri. Síðari nafnbreytingin, sem rifjast upp fyrir mér, er Vesturgötunafnið. Sú gata hét lengi vel Hlíðarhúsastígur, eftir torfbæjasamstæðu einni, er nefndist Hlíðarhús og stóð þar sem nú er Ægisgata neðanverð. Vesturgata var einnig kölluð Læknisgata, sökum þess, að í túninu suðvestur af götunni lét Jón Thorsteinsson landlæknir reisa sér hús. Það hús stendur enn, Doktorshús, og heyrir til Ránargötu, ef ég man rétt. Annars er ekki fráleitt að ljúka þessum Reykjavíkurbætti, sem að mestu hefur verið helgaður gatnanöfnum, með því sem Benedikt Gröndal segir um þá hluti í Þórðar sögu Geirmundssonar, þar sem Alamala og Þórður eru að virða fyrir sér Reykjavík nítjándu aldar. Þar er þetta skráð: "Þórður gat þess til, að villugjarnt mundi vera þar sem væru svo margar götur, en Alamala kvað bæjarstjórnina hafa ráðið bót á því, með því að setja nöfn á allar götur, enn þótt flest nöfnin væri óheppileg og ljót, "hérna er nú Kolasund," sagð' ann, "og vita menn eigi hvort kallað muni vera svo af steinkolum eða sandkolum; þarna er Póststofustræti, en ef pósthöfnin verður einhverntíma annars staðar, þá verður þar ekkert Póststofustræti; svo er Veltusund, og skilja engir það nafn nema sprenglærðir sagnfræðingar: þá er Vesturgata, hún er svo löng að hún nær heimsenda á milli, en Framnes-stígur er alls ekki í bænum, og svo er um fleiri götur, að enginn botnar í þeim og enginn veit hvernig á þeim stendur, en þó mun bæjarstjórnin eitthvað hafa haft fyrir sér í þessu efni ..."

### 3.

Það er varla vafi lengur, að Örfirisey verður óaðskiljanlegur hluti Reykjavíkurhafnar í framtíðinni, að þar verður engin sólbaðsströnd ellegar skemmtigarður, eins og sumir virðast hafa gert sér vonir um, heldur verksmiðjuaðsetur, geymsla og bólverk, enda ekkert eðlilegra. Ég er ekki skáldlegar þenkjandi en svo að mér þykir

byggingin stóra á austanverðri eyinni miklu gleðilegri vottur um framfarir og tímabæran hugsunarhátt heldur en malarsléttan, sem var þar áður. Menn sakna sólarlagsins. Ég skil það ekki; vegna þess að ég fæ ekki séð, að kvöldsólin hafi nokkurs misst, þótt hún hverfi bakvið mannvirki. Og ef menn vilja horfa á sólarlagið, án þess að "skyggj sé á það", er ekkert eins auðvelt og það að ganga út á nes, eða bara vestur að Selbúðum, enda verða þar án efa skemmtigöngubrautir þeirrar Reykjavíkur, sem enn er í sköpun. Sennilega má hrósa happi yfir því, að Örfirisey var þarna, einmitt vegna hafnarinnar og einskis annars. Öðru máli getur gegnt um Engey. Vinur minn sat hjá mér heila nótt, og við ræddum um það m.a., hvað hægt væri að gera við eyjarnar stóru, Engey og Viðey, þessa vinalegu hólma, sem virðast frá náttúrunnar hendi einskonar brjóstvörn höfuðborgarinnar gegn hættum að utan, en taka við manni eins og útbreiddur faðmur, þegar maður kemur heim að, kannski eftir langa dvöl. Í Engey er bújörð, og svo hefur verið um aldir. Þar standa tvö þokkaleg timburhús, auk þeirra hafa til skamms tíma verið nokkrir ryðbraggar í fjörunni. Ég hef heyrt útlendinga láta í ljós undrun sína yfir því, að Íslendingar skuli auglýsa hinn menningarrýra bárujárnsstíl sinn við sjálfa innsiglinguna til höfuðborgarinnar á svo áberandi hátt. Engey ætti nefnilega að vera búin að skipta um svip fyrir löngu. Og enda þótt því verði ekki neitað, að það er vandi fyrir Reykvíkinga að reisa þau hús og mannvirki, sem eiga kannske um aldur og ævi að bera í Esjuna og blasa við hverjum sem siglir inn – og einnig úr landi, ekki má gleyma því, – þá er tími til kominn að hefjast handa. Hvað Viðey snertir, kemur ekki annað til greina. Þar eru tvær gamlar byggingar fyrir, sem frá mínu sjónarmiði séð væri helgispjöll að láta hverfa. Ég á náttúrlega við kirkjuna og Viðeyjarstofu. Engar byggingar, sem sjást frá Reykjavík, eru jafn hlýlegar og þó virðulegar sem þessi hvítmáluðu hús, endabótt stíll þeirra sé danskur og kirkjan turnlaus; ekki einu sinni Bessastaðir, því þeir sjást ekki nema á skuggahliðina. Og færi svo, að ég ætti eftir að sjá hróflað við þessum húsum, myndi

mér þykja sem öll Reykjavík hefði sett ofan. Það kom til mála að gera staðinn að forsetabústað á sinni tíð, að vísu ekki húsanna vegna fyrst og fremst, heldur vegna hins, sem er öllu meira um vert, en það er sögufrægð eyjarinnar. Frá fornum tíma hafa ýmist verið þar klaustur, menntasetur, prentsmiðja eða bústaður æðstu embættismanna. Sá maður, sem með réttu hefur verið nefndur "faðir Reykjavíkur", Skúli Magnússon landfógeti, sat þennan stað um árabíl. Þótt ekki væri nema hans vegna, ætti Reykjavíkurbær að fara varlega í það að afmá þær fáu minjar, sem þar eru. Hins vegar finnst mér, að Viðey sé allra hluta vegna hinn ákjósanlegasti staður fyrir þá stofnun, sem höfuðborgina, og reyndar landið allt, vantar, en þar á ég við byggðasafn. Þegar ég kem fram með þessa skoðun hér hef ég einkum í huga safn eitt slíkrar tegundar, sem komið hefur verið fyrir á ey nokkurri utan við Helsingfors, svonefndri Fölisö (Seurasaari). Þar gefur að líta gömul hús, húsmuni, verkfæri, klæðnað o.þ.h., eiginlega flest sem þjóðminjasöfn hafa að bjóða og auk þess margt fleira. Að slíku safni yrði íslenzkri æsku mikill menningar og þekkingarauki. Fornminjavörðum, söguprófessorum og arkitektum væri treystandi til að gera þar úr garði myndarlegt safn, samboðið staðnum og sögu þjóðarinnar. Ég held, að þetta gæti orðið meira virði en fjölmargar kennslustundir innan skólaveggja. Og eitt er víst, að það yrði ekki kostnaðarsamara fyrirtæki en sú aðferð að láta staðinn grotna niður. Það er gott og blessað að kynna nútíma Ísland fyrir erlendum mönnum, en það er hvorki heiðarlegt né æskilegt að þegja um það hvernig húsakostur þjóðarinnar var til forna, hvernig lifnaðarhættir hennar, starfsaðferðir og kjör tóku stakkaskiptum gegnum aldirnar. Ef einhver heldur, að ég sé búinn að gleyma því, að við erum að eignast hús undir þjóðminjasafnið, þá er slíkt misskilningur. Verndun og hagnýting Viðeyjar er jafn brýnt úrlausnarefni fyrir því, og ég fæ ekki í fljótu bragði komið auga á ákjósanlegri lausn en þessa. Ég hef að vísu heyrt, að skipulagsnefnd geri ráð fyrir þungaiðnaði og hafnarmannvirkjum inni í Sundunum og í nánasta umhverfi Viðeyjar. Slíkt gæti verið skaði, ef haggað

væri við sjálfri eygni; annars ekki. Um hana gegnir sama máli og gamlar söguríkar byggingar í hjarta stórborganna. Þær eru hvorki né verða neinir blettir á umhverfinu. Utan um þær safnast stórhýsin, en þær halda áfram að vera það eina, sem gefur staðnum varanlegt gildi. Og hvers vegna ætti það að vera svo fjarskylt Íslendingum að varðveita eina litla ey í svipuðum tilgangi?

#### 4.

Haustið 1947 tók ég til að skrifa hjá mér í glósubók nýyrði og önnur sérstæð fyrirbæri í reykvísku talmáli. Tilgangurinn með því var upphaflega sá að notfæra mér slíkt orðasafn við ritun smásögu einnar, er átti að gerast í billjardstofu í Reykjavík og fjalla um veðmál. Ekkert varð úr því, að ég skrifaði söguna þann vetur, en þegar ég tók til við hana hálfu öðru ári síðar, varð úr henni skáldsagan "Vögguvísa". Í þeirri sögu leitaðist ég við að túlka hugsunarhátt þeirra reykvísku unglunga, sem þar eiga hlut að máli, með þeirra eigin orðavali. Og þó fer því fjarri, að allt sé tínt þar til af þeim hortittum, orðaskiptum og málfræðilegu rangfærslum, sem heyra má í talsmáta Reykvíkinga og lesa í dagblöðum þeirra. Ég þurfti ekki nema á helmingnum að halda, og mun þó ýmsum sem les bókina þykja nóg. Að vísu hvarflaði það að mér oftar en einu sinni meðan hún var í smíðum, hvort afleiðing slíks uppátækis myndi ekki verða öfug við ætlunina; hvort sú aðferð að bókfesta ambögur og slangurmál yrði ekki einmitt til þess að festa það í meðvitund lesenda. Eftir nokkra umhugsun sá ég mér þó ekki fært að skrifa söguna án þess málfæris, sem persónunum var eðlilegast, og tók þann kost að rita nýyrðin eftir framburði. Mikill hluti þessara nýyrða er kominn úr ensku eða amerísku og hefur blandast tungunni gegnum kvikmyndir og setuliðsviðskipti. Önnur eru hvorki tökuorð né tilbúin; að baki þeim liggur varla nokkur hugsun, heldur eru þau grátbrosleg fóstur sljóvgaðrar hugsunar og vanþekkingar á gildi

málsins. Á ég þar við orð eins og "asskabla" (afskaplega), "javvel" (jafnvel) og "aur" (eyrir), auk aragrúa af rangbeygingunum og misnotkunum. Í "Vögguvísu" koma hvergi fyrir orðin "felga", "gír", "húdd" og "koppur" (öll úr slangurmáli bílstjóra), svo dæmi séu nefnd. Enda átti sagan aldrei að verða neitt orðasafn, þótt sumum hafi þótt ívið mikil "fræðimennska" að baki hennar. En úr því að ég er á annað borð farinn að geta um slangurmál bílstjóra, er ekki hægt að neita því, að innan fleiri stétta tíðkast samsvarandi orðaforði, misjafnlega heppilegur og til kominn. Það væri ekki vanþörf á því, að íslenzkumenn okkar tækju sig til og mynduðu orð í staðinn fyrir orð eins og "tippur", "stóker", "fræsari" og "helikopter", svo dæmi séu nefnd. Og þó eru öll tökuorð, úr hvaða skrælingjamáli sem þau eru og hversu ljót sem þau kunna að þykja, vitameinlaus í samanburði við þá meinsemd að hætta að beygja og nota orð málsins réttilega. Látum vera, þótt enginn nenni því að búa til íslenzk orð yfir nýja hluti og hugtök, sem þjóðin tileinkar sér, aðeins ef útlenzku orðin fá íslenzkar beygingarendingar og eru rituð samkvæmt íslenzkum rithætti að svo miklu leyti sem kostur er. En þegar jafnvel íslenzkum orðum er misþyrmt, unglingar farnir að segja "bráu" í staðinn fyrir "brugðu", og "mér hlakkar" fyrir "ég hlakka", þá er skörin farin að færast upp í bekkinn. Algengt er að heyra unga sem gamla segja setningar eins og þessar: "Mér vantar þetta", "Þér svimar", "Ég þori því ekki", "Við komustum" o.s.frv., að ógleymdum fleirtölubeygingum eins og "læknirar" og "kíkírar", – sem oft má sjá í greinum og auglýsingum dagblaðanna. Hvenær fara menn að segja "hesturar" og "dagurar"? Ef einhver furðar sig á því, að ég skuli taka upp umræðu um þetta í Reykavíkurbættinum, eins og allur þorri landsmanna sé ekki jafnsekur, þá er því til að svara, að málþróunin og málsköpunin hlýtur að eiga sér stað hér, einmitt hér í fjölmenninu og hvergi annars staðar. Héðan koma flestar bækur og svo til öll blöð og tímarit. Hér eru skólarnir sem veita helzta námið. Héðan kemur það, hvort heldur það er gott eða vont. Og það er vont og ekki til eftirbreytni, að reykvísk dagblöð skulu hafa í þjónustu

sinni menn, sem annaðhvort kunna ekki að nota y og z eða vilja það ekki, að ég nú ekki tali um þann rugling sem það veldur, að til skuli vera blöð, er ekki hafa þá stafsetningu, sem börnum er kennd, heldur blaðamannastafsetninguna gömlu, sem bannað er að nota við próf í skólum landsins. Öll dagblöð Reykjavíkur eru meira og minna sek í því að spilla málsmekk almennings, halda við málfræðilegum afturgöngum úr dönsku og stuðla að takmörkun og misnotkun þess orðaforða, sem fjöldinn hefur yfir að ráða. Það ættu að vera til lög, sem skipuðu blaðamannaefnum að gangast undir próf, áður en þeir fá að skrifa í blöð. Sama máli gengur um setjara, þýðendur bóka og tímaritsgreina, auk allra annarra, sem áhrif hafa á máltilfinningu þjóðarinnar. "En hafi mitt fólk tapað sinni æru, hvað dugir mér þá sultutau?" spurði Arnæus forðum. Eins getum við sagt um það eina, sem við eigum – tunguna. Hvers virði ætli bókmenntir okkar, ættjörð og saga yrðu, ef við glötuðum því, sem er tákn þessa alls? Það er mikill ábyrgðarhluti og í senn skemmtilegt og glæst viðfangsefni að rita og mæla á íslenzku. En íslenzkan er í hættu. Einangrunin hjálpar ekki lengur til að varðveita hana. Erlent lestrarefni, viðskipti við útlönd og aðdáun þess, sem nýtt er, leiða hugann frá gömlum arfi, fornri hefð. Þó þarf þetta ekki svo að vera. Hvers vegna ættum við að vera neyddir til að eyðileggja óbætanleg verðmæti, þótt við eignumst önnur nýrri? Þeim sem ala upp börn og veita yngstu kynslóðinni almenna lágmarksfræðslu, ber skylda til að vernda tunguna, og ekki aðeins vernda hana, heldur opna fyrir æskunni þá fjársjóði, sem mál vort og saga geyma og liggja mjög í þagnargildi. Það er ekki rétt leið að skrifa barnabækur með léttasta og svipminnsta málfari, sem til er, eins og tízka virðist vera. Slíkt er ekki kennsla. Slíkt er kærulaus leti, misskilningur á því hlutverki að auðga þekkingu og efla dómgreind barnsins, og síðast en ekki sízt vottur um menntunarskort. Fari svo, að uppvaxandi Reykvíkingar alist ekki upp við annað lestrarefni næstu áratuginna en stafrófskverið, þýddar hasarsögur og skemmtitímarit, auk málsþilltra dagblaða, verður höfuðborgin að nokkrum áratugum liðnum byggð

mállausum skrífl, talandi á einhvers konar blendingi amerísku og nútíðarreykvísku, fyrir utan einstöku íhaldssama og hlægilega sérvitringa, sem ekki hafa sokkið með í fenið, heldur reynt að varðveita íslenskt mál. Mig langar að varpa þessari spurningu fram: Hvað veldur því, að ekki er fyrir löngu búið að gefa út barnaskólaútgáfu af Íslendingasögunum og öðrum fornritum með nútímastafsetningu, svo að yngsta kynslóðin geti lesið þær bækur þrautalaust? Ég held, að ég hafi ekki verið latari við bóklestur en gerist og gengur, þegar ég var krakki, en það viðurkenni ég, og með nokkru stolti, að Íslendingasögurnar með gömlu stafsetningunni vöktu hjá mér slíka andúð á fornþókmenntum, að ég las þær ekki fyrir en ég var kominn yfir fermingu og þíndi mig þá til að lesa þær, svo ég stæði ekki uppi eins og viðundur. Óteljandi eru þeir jafnaldrar mínir, sem hafa svipaða reynslu og ég í þessu efni og hafa viðurkennt hana fyrir mér. Dásamlegustu þókmenntir og þekking á tungutaki forfeðra okkar varð mörgum hverjum lokaður heimur og er enn. Í stað þess höfum við fengið daglegan lesmálsskammt af framleiðslu óskólagenginna blaðamanna og smekklausra þýðenda, auk skerfs af andlegri spekt fégráðugra kvikmyndaokrara og tungumjúkra hermanna. Reykvíkingur dagsins í dag er barn rótlausrar styrjaldar og vonbrigðaríkra eftirstríðstíma. Á slíku berangri er næðingssamt. Sjálfstæði heilla þjóða getur týnzt. En um einn hlut ættum við allir að geta sameinast, án stjórnmalalegs ágreinings, – þann – að varðveita málið. Og þar hvílir mikil ábyrgð á herðum hvers Reykvíkings.

## 5.

Mér eru minnisstæð haustkvöldin í Reykjavík frá því ég var barn, þessi lygnu, friðsælu kvöld, er ég sat með stöllu minni niður í flæðarmálinu framundan sláturshúsunum, og við tylltum okkur tæpt fram á þangivaxna klettabrún til að horfa á sólarlagið, þögul og



hátfðleg eins og við messu. Kannski héldum við hvort utan um annað; ég man það ekki; en ef svo hefur verið, mun hvorugt okkar hafa lagt neina dýpri merkingu í það og varla vitað af því; svo sagði ég henni sögur. Mikið þótti henni gaman, þegar ég sagði henni sem ævintýralegastar sögur, og mikið þótti *mér* gaman, þegar ég vissi, að henni var skemmt. Ég vildi mikið gefa fyrir að hafa nú á valdi mínu þann einfalda frásagnarhátt, þá barnslegu frásagnargleði – og jafn þakklátan hlustanda. Hún spurði mig um allt, sem henni gat til hugar komið að spyrja um; og ekki bar sú ráðgáta á góma, sem ég gat ekki leyst úr. Ég leit fjarrænum augum inn í roðann í vestrinu og taldi sjálfum mér trú um, að ég væri bæði gáfaður og góður; og mér leið óendanlega vel. Þessi augnablik voru fljót að líða. En þau fylgja mér ævilangt. Ég vona að ég verði aldrei svo gamall né fjarri uppruna mínum, að þau hverfi mér. Þau eru dýrmæt eign, og ég flý stundum á náðir þeirra, þegar mér leiðist. Það var þá, sem ég lærði að meta fegurð Esjunnar. Ég hef ekki ennþá séð fegurra fjall en Esju, þegar hún skiptir litum við sólarlag á haustkvöldi. Ég hef ekki ennþá séð lygnari sjó en roðagullinn flóann. Litlir bátar gáruðu flötinn. Hógværir fuglar blökuðu vængjunum. Það var kvöld. Svo þegar ég hafði lokið sögu, stalla mín spurt mig einhvers og öllum ráðgátum verið svarað, þá sátum við þögul; hvorugt mælti orð langa stund. "Kannski fæ ég að heimsækja hana mömmu á morgun," sagði svo stalla mín. "En hvað það verður gaman," sagði ég. Hún átti mömmu á Vífilsstöðum; og þótt ég vorkenndi henni það, að mamma hennar lá á Vífilsstöðum, fannst mér hún þó öllu ríkari en ég, því ég átti nefnilega enga mömmu. Og bara það að fá að fara til Vífilsstaða, hlaut að vera fjarska skemmtileg tilbreyting. "Er gaman á Vífilsstöðum?" spurði ég. "Já, voða gaman," sagði stalla mín, en hún sagði það fremur lágt, svo að ég innti hana ekkert nánar eftir því. Börn finna oft, hvenær þau eiga ekki að spyrja, þótt fullorðna fólkið sé annarrar skoðunar. Annars sagði ég henni það, kannski í því skyni að hugga hana eða beinlínis til að finna samúð hennar, að *mín* mamma, hún væri dáin, og að ég myndi ekkert eftir henni, hún hefði

dáið í stóra, gula húsinu þarna uppfrá, það hétí Franski spítalinn. Og þá komu tár fram í augu stöllu minnar. "Áttu enga mömmu?" sagði hún ofur lágt, "alls enga mömmu? og horfði torkennilegum augum niður í þarann. Við héldumst í hendur lengi, svo lengi, að þegar ég rankaði við mér, hafði fallið að, og kletturinn sem við sátum á, hann var umflotinn. "Nei, Gunna!" hrópaði ég, "líttu á!" En þegar hún varð þess áskynja, að sjórinn var allstaðar umhverfis, varð hún hrædd og setti upp skeifu. – "Gunna?" sagði ég þá, "þú ætlar þó ekki að fara að gráta, þegar ég er hjá þér?" – "Nei," sagði hún með ekka í röddinni, "en hvernig eigum við að komast í land?" – Eins og það sé nokkur vandi, Gunna mín," ansaði ég örlítið drýgindalega, "ég ber þig bara í land." Hún saug upp í nefið, en ég brá mér úr skónum og sokkunum. "Haltu á þessu svo veð ég með þig á bakinu," sagði ég. Hún var hrædd. "En, Guðmann, ef þú dettur með mig í sjóinn?" – Þessu ansaði ég ekki. Ósköp fannst mér kjánalegt af henni að láta svona. Átti ég að þurfa að beita hana valdi til að ná henni með mér á þurrt? Ég talaði um fyrir henni og taldi í hana kjark, sýndi henni fram á, að ekki væri hægt að húka á klettinum öllu lengur, því að bráðum kæmi sjórinn og færði hann í kaf. Og þá varð stalla mín svo hrædd að hún skreið grátandi upp á bakið á mér, en ég óð með hana slysalaut í land. Aftur var allt orðið dásamlegt í tilverunni við sjóinn. Vætan á hvarmi stöllu minnar glóði fagurskær við hinstu geislum dagstjörnunnar. Uppi á nætufestingunni til austurs kviknuðu örsmá ljós. "Er þá ekki allt í lagi, Gunna mín?" spurði ég, "erum við kannski ekki komin?" – Jú, heyrði ég hana segja. Svo brosti hún, sló frá sér höndunum og tók á rás upp að litla kofanum á stakkstæðinu, þar sem Oddur af Skaganum hélt til ásamt hundi. "Gunna! Ekki fara á undan mér!" kallaði ég á eftir henni og bisaði við að komast í sokka og skó. "Bíddu, Gunna!" En hún hljóp; og þegar ég stökk uppeftir, vissi ég ekkert, hvert hún hafði farið, þangað til allt í einu, að ég heyrði kallað *hó*. Ég nam staðar og reyndi að átta mig á hljóðinu þegar í stað. En þá sá ég líka, hvar glókollurinn hennar gægðist fram við skúr, þar sem verið er að sviða svið; og ég þangað.

Já, hér var verið að sviða svið. Hér var allt annar heimur heldur en niður við sjóinn. Hér birtist ekki veröld þess ævintýris, þar sem söngur fugls er hin eina tónlist. Hér ríkti þrumandi rödd, rödd aflsins, sem stiginn var af þrekvaxinni rauðhærðri konu, er hélt á glóandi töng með sviðahaus á endanum. En einnig hér var veröld ævintýris. Ég og stalla mín fengum gefins eins mörg hrútshorn og við gátum með okkur tekið. Mikla og óttablandna virðingu bar ég fyrir þeirri konu sem var drottning í þessu ríki. Hún var kölluð Odda. Og hvað sem karlarnir í hinum skúrunum kepptust við að sviða, nótt og dag, þá var sagt svo, að Odda væri langduglegust; enginn sveið eins marga kindarhausa og hún. Ég sá að stalla mín leit á hana með opinn munninn, og ég veit, að hún hugsaði alveg það sama og ég: Þarna var engin venjuleg kona. Þetta var ævintýrakona. Við stóðum drjúga stund fyrir innan skúrðyrnar og horfðum á neistana rjúka upp um þakið, svitann perlast á heitu enni þeirrar, sem stóð við aflinn – og svörtum kindarhausunum fjölga úti í horninu. Þangað til allt í einu, að mér heyrðist nafn mitt kallað í fjarska. Kannski var það ekki annað en hugarburður, en mér fannst eitthvað kippast við í brjósti mér. Skyldi fóstra mín vera orðin hrædd um mig? Ég greip um hönd stöllu minnar og leiddi hana með mér upp á Vitatorg. Það var komið myrkur. Skyldum við fá bágð fyrir að hafa verið of lengi úti? Gunna átti stjúpu. Ég átti fóstru, sem aldrei blakaði við mér, hversu óþægur sem ég var. Hún varð aðeins sár. Og mér þótti leiðinlegt að særa hana. Hins vegar er fagurt haustkvöld og draumheimur æskunnar eitt og hið sama. Ferskur svali kvöldsins. Ókennileg angan, sem kitlar nasirnar og vekur mann. Þreyta – óþekkt hugtak. Vissan um bernskuleiki morgundagsins – auðlegð, sem hinn fullorðni glatar. Það er sælt að láta eftir þeirri freistingu að vera úti þangað til kallað er á mann í háttinn, já, jafnvel svolítið lengur. En stalla mín er áhyggjufull á svip. Og ég fæ skýringuna, þegar hún segir: "Guðmann. Ég verð að fara inn. Ef ég fer ekki inn núna, fæ ég kannski ekki að fara hitt á morgun." Þá man ég eftir því, sem hún hafði sagt mér. Og við kveðjumst. Tvö reykvísk börn á

kreppuárunum fyrir stríð. Hún fer niður í kjallarann undir stóra húsinu. Ég fer inn í trésmiðjuna á baklóðinni, þar sem ég og fóstur mín erum til húsa. Þar tekur við heimur annars draums.

Khöfn 7. sept.

## 6.

Þess er vert að minnast, sem vel er, ekki síður en hins, sem miður þykir fara. Einhver gleðilegasti votturinn um bættan smekk og aukinn menningaráhuga Reykvíkinga, er trjáræktin umhverfis húsin. Ég held að ekki sé of djúpt tekið í árinna, þótt fullyrt sé, að undanfarinn áratug hafi skilningur bæjarbúa aukizt til muna á gildi og nauðsyn ræktunar umhverfis hús og á víðavangi. Þekkingu á meðferð jurta og trjáa hefur einnig fleygt fram. Hávaxin tré í görðum, sem áður fyrr stóðu í stað árum saman, bera þessu vitni. Má vera, að þetta sé öðru fremur að þakka örfáum mönnum, sem vakið hafa almennan áhuga og kunnáttu; ég veit það ekki. Hitt skiptir mestu, að þessu miðar í framfaraátt, enda þótt benda megi á ýmis dæmi hins gagnstæða. Svo til heil hverfi eru ennþá trjálaus að mestu, einkum nýju hverfin þar sem varla er farið að leggja götur, og er slíkt afsakanlegt. Sömuleiðis hefur bærinn ekki eignazt nokkurn almenningstrjágarð eða vísi að honum, sem kallazt geti því nafni. Þetta stafar eflaust af samtakaleysi og vöntun á vilja til framkvæmda; síður af fátækt. Í nánasta umhverfi bæjarins eru þó tilvaldir staðir til þess að fegra og umskapa á smekklegan og markvissan hátt. Einhver verður að hefjast handa; einhverntíma að gera fyrstu drögin. Mér koma til hugar staðir sem Öskjuhlíð, Laugadalur, Háskólahverfið, Fossvogur, Vatnsendaland. En þegar á það er litið, hversu ört bærinn hefur vaxið á tiltölulega fáum árum, er vart við öðru að búast en ýmislegt vanti og standi til bóta. Við samanburð á Reykjavík og erlendum borgum verður manni á að minnast þess, hversu á vantar að umgengni almennings hér standist jöfnuð. Ég á ekki við daglega framkomu fólks. Það er efni í annan

og stærri kapítula. Ekki á ég heldur beinlínis við þrifnað bæjarbúa. Reykjavíkingar mega heita sémilega þrifnir, að ég held. Hins vegar erum við, Íslendingar yfirleitt, sárgrætilega hirðulausir, hirðulausir í umgengni og meðferð hluta, hvort heldur þeir eru í almenningseigu eða ekki, hirðulausir og sneyddir virðingu fyrir ýmsu því, sem hver menningarþjóð telur skyldu sína að meta. Gleggstu dæmi um þetta er skemmdarnáttúran. Og hún birtist ekki á einu sviði fremur en öðru, og er ekki hótí algengari meðal barna en fullorðinna, þótt slæmt sé að þurfa að segja það. Ég hef séð fullorðna menn, ódrukkna, sliga niður ruslakörfur utan á ljósastaurum höfuðborgarinnar, fleygja logandi eldspýtum inn í póstkassa, brjóta brunaboða sér til skemmtunar og mölva tómar appelsínflöskur á bekkjum, sem ætlaðir eru fólki til að sitja á í Hljómskálagarðinum. Til skamms tíma þurfti að launa menn til að gæta þess, að almenningur gengi ekki örna sinna við þau fáu minnimerki, sem í bænum eru. Og þannig mætti lengi telja. En ætla má, að þess konar fari að komast úr tízku hvað úr hverju, rétt eins og það komst úr tízku að ganga úti á miðri götu, en á því einkenni þekktust Íslendingar lengi vel hvar sem þeir fóru á meðal erlendra þjóða: Menning vex með bættum kjörum, nýjum tækjum og rýmri sjóndeildarhring – eða ætti a.m.k. að gera það. Og finnst einhverjum, að hér gæti svartsýni eða vanmats á fjöldanum, þá er það ekki svo, heldur finnst mér, að eftir engu sé að bíða, þegar um er að ræða að hefjast handa um eitthvað eða lagfæra vankanta. Fjölmargt mætti nefna sem dæmi um jákvæða þróun og góða viðleitni. Ég nefndi trjáræktina áðan. Ekki má heldur gleyma því hversu smekk manna hefur farið fram varðandi mannvirki og byggingar, sem reistar eru. Hér eiga húsameistarar vitanlega sínar þakkir skildar; og þó ekki þeir einir. Teljandi eru þau hús í bænum, sem standa ómáluð árum saman og ryðfalla. Slíkt var algengara áður. Hér hafa á undanförunum áratugum verið reistar glæsilegustu byggingar, sem við gætum verið hreykin af – og erum. Skipulag bæjarins færir í rétta átt, þótt hægt gangi með miðbæinn, enda er betra að "flýta sér hægt" í því efni heldur en að rasa um ráð fram. Nú

er mikið um það talað, hvað gera skuli við umhverfi Tjarnarinnar. Menn eru ekki á eitt sáttir, og það er ekki von. Einu sinni voru þær raddir uppi, sem vildu láta þurrka Tjörnina upp og reisa þar hús. Sem betur fer varð ekki úr slíkum spjöllum. Og skyldi nokkur maður verða óánægður með það, að Tjörnin var varðveitt? Tæplega kemur til mála að þurrka hana upp héðan af. En það er mikill vandi að ákveða, hvernig umhverfi hennar skuli notað. Þar verður að taka til greina, hvernig menn hugsa skipulag til alls miðbæjarins í framtíðinni, hvort meðfram Tjarnarbakkanum eigi vera umferðaræðar eða rólegar götur, hvort suður með henni rísi opinberar byggingar eða litlu íbúðarhúsin látin standa kyrr. Varðandi suðurendann, sem svo mikið er talað um í sambandi við Hallveigarstaði og hótélbyggingu, þá er ég þeirrar skoðunar, að á jafn áberandi stað í bænum megi ekki rísa hús, sem mikill ágreiningur sé um útlits þess vegna, hvort heldur um hótél er að ræða eða einhverja aðra stórbyggingu. Það skiptir engu máli, hver stendur fyrir framkvæmdum, hvort það eru konur eða menn, félög eða einstaklingar. Því að ekkert liggur á að reisa hús á þessari lóð. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að staðurinn væri heppilegastur fyrir gistihús, einkum fyrir ferðamannahótel og jafnframt almennan skemmtistað, fyrsta flokks. Ég hafði hugsað mér útlit byggingarinnar þannig, að jafna mætti við fullkornustu og glæsilegustu hús þeirrar tegundar erlendis – og ekki bæri að setja það fyrir sig, hvort heldur innlendir eða erlendir húsameistarar réðu fyrirkomulagi hennar og svip. Hitt skipti meiru, að ekki væri reist af grunni nýtt íshús eða geymsla, eins og prýtt hefur staðinn undanfarna áratugi. En nú er sem sagt verið að taka ákvörðunina. Og þar með er stigið eitt stærsta sporið, hvað útlit Reykjavíkur snertir um ófyrirsjáanlega langan tíma. Ég veit, að almenningur mun fylgjast með þessu af áhuga; og spurning er, hvort ekki ætti að veita fleiri einstaklingum en nú er, úrskurðarrétt um það, hvernig útlit höfuðborgarinnar verður í ýmsum atriðum. Mér finnst, að almenningur eigi heimtingu á því að fá að hafna tillögu um opinbera byggingu, sé hún ljót, ég tala ekki um, ef

það á að reisa hana í hjarta bæjarins. Þeim mönnum er því mikið traust sýnt, sem í þessum atriðum velja og hafna.

## 7.

Einhvers staðar hefur Þórbergur Þórðarson vakið athygli á því, hversu lærdómsríkt og skemmtilegt það sé að "lesa hús". Það þarf ekki mig til að viðurkenna réttmæti þeirra orða; en sé svo, að einhverjum muni óljós merking þeirra, þá er hún sú, að með því er átt við skoðun og mat á ýmsum minjum og verksummerkjum eftir fyrri byggjendur og gesti húsa, einkum gamalla húsa, plús upprifjun á sögu þeirra og þess fólks, sem við hana hefur komið. Eitt er það hús í miðbænum sem á sér mjög óvenjulega sögu, og ekki einungis sérstæða hér á landi heldur þótt víðar væri leitað, það er Stjórnarráðshúsið við Lækjartorg. Vel má vera, að ekki þýddi mikið að "lesa" það hús. Ég gerið ráð fyrir því, að þar sé hvorki að finna krot á veggjunum, leynihólf eða dularfullar ristur í innviðum eftir gengnar kynslóðir; en þó getur svo verið, enda þótt ég viti það ekki, því ég hef ekki kynnt húsina neitt sem heitið getur, sízt innan frá. En fáum okkar sem löbbum fram hjá því daglega, kemur víst til hugar sú staðreynd (því kannski hafa fæst okkar heyrt hana nefnda), að hér er um að ræða gamalt tugthús, dýflissu, sem gæti frá anzi mörgu sagt, ef það fengi mál. Líti maður í Sögu Reykjavíkur, fær maður upplýsingar um feril þess í stórum dráttum; og þar fyrst þetta um tildrög byggingarinnar og forsögu: " ... "Í sambandi við umbætur á verklegum framförum landsins var það, að tugthús var sett á Arnarhóli að konugs boði með opnu bréfi 20. marz 1759. Var það gert til "det almindelige Beste", og til þess að geta haft glæpamenn í öruggari og nákvæmari gæzlu en áður. Sakafallseyri þeim, er tilfalla átti konungi, var varið til byggingarinnar, og ennfremur var lítill skattur lagður á öll jarðarafgjöld, hver sem jarðirnar átti, og síðan voru tekjur Arnarhóls lagðar til þess. Tugthúsið var eins og kunnugt

er byggt úr steini, stendur enn og er nú Stjórnarráðshúsið. Það mun hafa verið fullbúið um 1765, að svo miklu leyti sem það varð nokkurn tíma fullgert. Það kostaði 7-800 rdl. Og var 44 ál. á lengd og 16 ál. á breidd. Því er lýst þannig, að önnur lengjan hafi verið ætluð fyrir fangelsi, 4 herbergi handa 4 mönnum, alls því fangelsi fyrir 16 fanga. Svo margir, segir heimildin, að hafi aldrei verið í 27 ár frá því það var byggt. Í miðju húsinu voru vinnuherbergi fyrir spunakonur o.fl. Svefnherbergi handa 26 manns og þar í stór kakalofn, allir gluggar eru með járnstöngum og einungis einn inngangur í herbergin úr forstofu, og fyrir henni hurð með lás. Enginn getur komizt út, ef aðaldyranna er gætt, og járnstengurnar verða ekki brotnar eða losaðar nema eftirlitsmaður verði þess var, og getur húsið í alla staði talizt öruggt fangelsi." ... "Að tugthúsið var byggt á Arnarhóli, segir sama heimild, kom fyrst og fremst af því, að þangað var alltaf hægt að fá ull frá stofnunum í Reykjavík, og hægt að vinna úr henni gegn vægri borgun, og þar næst af því, að jörðin liggur svo vel við sjó, að alltaf er hægt að fá fisk handa föngunum." ... Lengi var tugthús þetta eina húsið, sem stóð fyrir austan lækinn, og voru því fangarnir þar hinir fyrstu "austurbæingar" höfuðstaðarins. Um aðbúnað þeirra og lifnað er þetta sagt: ... "Fangarnir í tugthúsinu voru ekki kvaldir með setu í einhýsi, eða yfir höfuð með varðhaldi. Þeir voru meira úti en inni; þeim var komið fyrir til vinnu hjá góðum bændum í nágrenninu; þeir voru hásetar á bátum þeirra o.s.frv., og jafnvel hjá sjálfum stiftamtmaninum unnu fangarnir. Þannig var Arnes Pálsson lengi hjá stiftamtmaninum Thodal á Bessastöðum. Þeir unnu bæði að kirkju- og skólabyggingu, og ef þeir höfðu enga sérstaka vinnu fyrir aðra, unnu þeir fyrir tugthúsið við garðhleðslu og grjótupptekt. Steingarðurinn mikli, sem lá niður með öllu Bankastræti, er vafalaust byggður af föngunum. Þetta var beint í samræmi við stofnskrá tugthússins. Innvinna var líka fyrirskipuð, einkum ullarvinna og tóskapur. Fangarnir höfðu því allmikið frelsi í húsinu; þó máttu þeir ekki fara út úr því leyfislaust. En því var litlu skeytt; þeir gengu um eins og frjálsir menn oftast,



stundum tók þó yfirstjórnin rögg á sig og brýndi fyrir fangaverði að hafa góðar gætur á, að fangarnir ekki færu út í leyfisleysi. Þetta athafnafrelsi fanganna hafði ýmsar afleiðingar í för með sér. Stundum áttu fangarnir barn saman, og mjög oft kom það fyrir, að þeir löbbuðu sig burtu, er þeir voru úti, eða beint brutust út í ýmsum tilgangi, og kom það þá í ljós, að hvorki voru hurðir né járnstengur svo sterkar, að þær gætu haldið þeim. Þannig var einn fanganna einu sinni rétt eftir nýár að taka gróf handa öðrum fanga, undir umsjón Arnesar, og hvarf svo alveg og var lengi laus, áður en hann náðist aftur. Oft kom það fyrir, að fangarnir brutust út að næturþeli og fóru í krambúð, brutust þar inn og stálu. ... " Þeir fangar, sem struku voru látnir hafa sérstakan búning eftir það; það voru hvítar ermar á treyjunni. Og einn fanganna, Hannes Grímsson að nafni, er þótti sérlega víðsjárverður, fékk þar að auki festa bjöllu á höfuðið (hvernig er ekki sagt), svo að hann væri því þekkjanlegri, ef hann skyldi strjúka" ... Ekki er til efs, að merkastur og frægastur allra fanga í tugthúsi þessu var Arnes Pálsson, sem áður er minnst á, en hann var sá sami sem fylgdi þeim Eyvindi og Höllu upp í óbyggðirnar. Í bréfabók stiftamtmannsins segir, að hann hafi verið "den største af alla Forbrydere i det isl. Tugthus". Hann var margfaldur þjófur, en mun þó hafa fengið tífalt þyngri dóm en tilefni var til, því að ýmislegt er vitað honum til málsbóta. Hann var dæmdur til að "kagstrýkjast, brennimerkjast á enni og erfiða í því íslenska tugthúsi í járnum sína lífstíð." En sem betur fer hefur mannaumingjanum verið þyrmt, því svo mikið er víst, að hann endaði vist sína þar sem dyravörður tugthússins, sökum góðrar framkomu og án þess hann þyrfti að vinna nokkuð annað, – jafnvel gegn þóknun. Eftir tuttugu og fimm ára vist í þessu hvíta húsi sótti Arnes um lausn. Árið eftir veitti konungur honum lausnina, og lifði þessi nafnkunni fangi seinustu ár sín sem niðursetningur í Engey, unz hann dó þar rúmlega hálfmíráður árið 1805. " ... Hann átti 3 börn laungetin, meðan hann var fangi ..." En ekki gekk allt jafn slysalaust til með frumbyggja þessarar virðulegu byggingar og tilfellið var með

Arnes. Fyrir kom að föngum var misþyrmt í "Múrnum", eins og húsið var þá kallað (sbr. "Steinninn", en svo var fangelsið við Skólavörðustíg nefnt, af því það var úr hlöðnum steini – ekki múrað). Og með bréfi dagsettu 4. nóv. 1813 skýrði Castenskjöld stiptamtmaður tugthússtjórnarinnar frá því, að hann treysti sér ekki til að undirhalda fangana lengur og hefði sleppt þeim öllum lausum þann dag 18 að tölu. Voru þeir þá sendir hver á sína sveit, og lauk þar með fyrsta þættinum í sögu þessarar merku byggingar. Með konungsbréfi 3. maí 1816 var tugthúsið þó fyrst lagt niður formlega – "indtil videre", en varð samt til langframa; og verður varla farið að skjóta mönnum þar inn héðan af, þótt þeir komist í tusk við lögin. Svo var gefið út kancellibréf 22. apríl 1819 og ákveðið að gera róttækar breytingar á húsinu og dubba það upp í bústað fyrir stiftamtmanninn. Þjuggu allir stiftamtmenn og landshöfðingjar í tugthúsi þessu allt fram til 1904, er Íslendingar fengu meðferð innanlandsmála í eigin hendur, en þá var húsinu breytt í skrifstofur fyrir stjórnarráðið. Oft hafa farið fram á því breytingar meiri og minni síðan, og kemst Klemens Jónsson svo að orði í Reykjavíkursögu sinni (1929), að það muni "vafalaust standa lengi enn, þótt það sé allsendis óhæft til þess, og oss eiginlega til mikillar minnkunar að hafa þar aðalskrifstofur landsins" ... Um minnkunina má náttúrliga deila, og langt er síðan húsið sprengdi utan af sér þær stofnanir, sem því var síðast ætlað að hýsa. Því það er nú einu sinni svona, að enda þótt hvíta húsið við lækinn væri á barndómsárum sínum lítið eftirsótt vistarvera, og sízt til upphefðar fyrir nokkurn mann að vera boðin þar gisting, hefur svo farið, eftir því sem árin hafa færzt yfir það, að menn hafa fremur óskað að fá þar sess um lengri eða skemmri tíma en vera reknir þaðan út. Það hafa því fá hús í bænum staðið sig jafnágætlega í umróti tímans og átt annarri eins virðingu að fagna á elliárunum og þessi ríslága bygging. Við ættum að hugsa okkur um tvisvar, áður en við látum rífa hana, hversu svo sem framtíðarskipulag bæjarins kann að krefjast.

## 8.

Það kann að láta í eyrum eins og öfugmæli, en sannleikurinn er sá, að lítill bær eins og Reykjavík hefur fjölmörg þægindi umfram stórborgina einungis vegna þess að allt er tiltölulega smátt og auðvelt viðfangs. Þegar ég skrifa þennan þátt, hef ég dvalist nokkrar vikur í stærstu borg veraldar, Lundúnum, þar sem fjarlægðir eru svo miklar, að það tekur mann kannski klukkutíma að komast til kunningja síns, enda þótt maður fari stytstu leið með hraðskreiðri neðanjarðarbraut. Löng þykir mörgum leiðin úr Hlíðunum niður að Lækjartorgi. En hvað er það í samanburði við þá ófreskju að fyrirferð, sem stórborgin er? Það er að vísu mikill munur, hversu flutningartæki öll eru betri og öruggari hér en heima. Og við samanburð á Reykjavík og hverri annarri erlendri menningarborg sem er, hlýtur maður að komast að þeirri niðurstöðu, að íslenska höfuðborgin eigi enn margt ólært og vanti fjölmargt, sem hægt sé að gera að veruleika heima, hvað svo sem fámenni líður. Varðandi fólksflutninga innanbæjar dettur mér t.d. eitt í hug. Ég hef hvergi séð í nokkurri erlendri borg, að almenningsvagnar, strætisvagnar og sporvagnar, hefðu meginaðsetur sitt og dvalarstað í miðbænum, eins og er síður strætisvagnanna heima. Það er skoðun flestra þeirra, sem eitthvað fást við skipulag og samgöngumál bæja, að ekki sé heppilegt, að fjöldi stórra og viðamikilla farartækja staldri við í hjarta bæjarins og við gatnamót um lengri eða skemmri tíma, heldur nemi aðeins staðar meðan verið er að hleypa farþegunum út og inn. Bæði sporvagnar og strætisvagnar í öllum borgum og bæjum sem ég þekki til hafa aðalstoppstöðvar í úthverfunum, þar sem þeir eru ekki til trafala umferðinni milli áætlunarferða, – en ekki á öðrum stöðum, sízt í miðbæ. Hvernig væri nú að koma slíku í kring heima? Eða hvað ætti að vera því til fyrirstöðu? – Svo eru það leigubílarirnir. Í Reykjavík virðist engum hafa dottið í hug að koma upp sérstakri bílastöð, sem leigi bíla með hentugum útbúnaði fyrir flutning á töskum og slíku, auk fólksflutninga. Þess í stað eru menn að burðast

með allskonar skran í rándýrum fyrsta flokks lúxusbifreiðum, sem ekki eru í rauninni ætlaðar til annars en fara í þeim í leikhúsið eða smá ferðalög á steinsteyptum þjóðvegum. Við flytjum inn kynstur af glansandi tízkubifreiðum og jöskum þeim út á stuttum tíma með keyrslu á lélegum vegum innanbæjar sem utan, flutningi á ótrúlegasta varningi og spýjandi mannfólki. Mér er þetta nokkuð vel kunnugt, því ég var einusinni afgreiðslumaður á bifreiðastöð og geri ekki ráð fyrir, að þetta hafi breytt mikið, enda þótt tíu ár séu liðin síðan. Ég man eftir manni, sem kom með löðrandi síldartunnu og vildi fá bíl undir hana – og setja hana inní bílinn; honum var ekki nóg að koma henni fyrir aftur í "skottinu". Og svo hefði hún kannski ekki rúmast þar, því að fólksflutningsbifreiðar eru nú einusinni ekki til þess gerðar að gegna hlutverki vörubíla. Meginþorrinn af leigubifreiðum, sem ég hef sezt upp í heima í Reykjavík, hefur í rauninni ekki verið boðlegur sökum illrar hirðu. Og ég hef heyrt útlendinga hafa orð á þessu og undrast það, hvort sem sú "undrun" hefur nú ætíð verið einlæg; því hverju geta þeir búizt við af fólki, sem lifað hefur einangrað og gjörsneytt allri tækni fram til síðustu áratuga? En nú er bezt ég vendi mínu kvæði í kross og snúi mér að öðru. Mig langar til að gefa einhverjum framkvæmdasömum manni – eða mönnum – ofurlitla hugmynd, sem skaut upp í kollinn á mér, þegar ég gekk eftir einni götunni hér að nóttu til, ekki alls fyrir löngu. Hugmyndin er þessi: Það þarf að koma upp "self-service"-veitingastað heima. Eins og nafnið bendir til, þá er fyrirkomulag slíkra staða þannig, að fólkið afgreiðir sig sjálft, tekur það sem það æskir frá sérstökum langborðum og borgar fyrir sig um leið og það fer inn í salinn þar sem það sezt að snæðingi. Þetta fyrirkomulag er einkar hentugt á þeim tímum dags, þegar mikið er að gera á veitingahúsunum og gerðar eru meiri kröfur til þjónustufólks en jafnvel er sanngjarnt. Eins er þetta fyrirkomulag til mikils hagræðis fyrir þá, sem eru að flýta sér og ekki hafa tíma eða þolinmæði til að bíða eftir annarskonar afgreiðslu. Svo má bæta því við, að höfuðborg okkar vantar tilfinnanlega eitt gott og vistlegt veitingahús sem

einungis er opið á nóttunni og eftir að aðrir staðir hafa lokað. Slíkt er vel framkvæmanlegt, enda þótt gera megi ráð fyrir því, að drukkið fólk vildi ásækja staðinn fyrsta kastið. Hvers vegna ekki að gera tilraunina? Ég held, að staðurinn myndi bera sig. Og lofum honum að vera undir lögreglueftirliti, það gerir ekkert til; það er alltaf gaman að sjá meinlausa og vel klædda lögregluþjóna. Eitt er víst, að það er nauðsyn á slíkum stað. Ýmsir stunda vinnu sína að næturlagi meira eða minna, eru á ferð heim eða að heiman á þeim tíma, þegar hvergi er hægt að fá volgan sopa ofaní sig í allri höfuðborginni, hvað sem í boði er. Við erum ekki menningarþjóð ef við getum ekki haldið opnu einu veitingahúsi handa nátthrófnum, án þess að það verði rónaknæpa eða eitthvað enn þá verra. Svo er það að lokum eitt, sem mér finnst ósanngjarnt, að Reykjavík sé án öllu lengur, en það er fréttabíó (News Theatre). Hér er jafnvel umhugsunarefni fyrir þá sem eru að safna fé í eitthvert góðgerðar- eða menningarfyrtækið. – Fréttabíó myndi áreiðanlega bera sig heima – og það er ekki vanþörf á því. Í höfuðborg þar sem ekki er til neinn almennur lestrarsalur fyrir utan landsbókasafnið og hvergi er hægt að doka við, ef maður þarf að bíða eftir tímanum, nema helzt á rándýrum veitingastöðum, er sannarlega ekki fráleitt að koma upp slíku bíói. Fyrir þá, sem eru með öllu ókunnugir því, hverskonar fyrirtæki er hér um að ræða er skýringin í fáum orðum þessi: Fréttabíó, eða smámyndabíó, er oftast lítil og ódýr kvikmyndahús, sem einungis sýna stuttar filmur, jöfnum höndum nýjustu fréttamyndirnar og aðrar stuttar myndir svo sem teiknimyndir, fræðslumyndir og skemmtifilmur. Hvert prógram varir að jafnaði klukkutíma, en sýning er hins vegar stanzlaus frá því bíóið opnar á daginn, þar til það hættir að kvöldinu, og getur hver sem vill setið eins lengi eða stutt og hann lystir. Með góðri stjórn og samvinnu við erlend fyrirtæki mætti sjá svo um, að við hefðum jafnan nýjustu fréttamyndirnar, enda þótt við séum tiltölulega fjarri umheiminum. En fjarlægðir eru reyndar ekki til neinnar hindrunar lengur.

## 9.

Enda þótt Aðalstræti verði talið elzta gata bæjarins, mun Austurstræti þó vera fyrsta umferðaræðin, sem gerð var af mannahöndum í þessum höfuðstað. Mannvirkið fólst aðallega í því, að gerð var skolpenna eftir endilangri götunni sunnanvert og kostuð af almannafé. Svo átti að heita, að meðfram rennunni lægi gangstétt. Fyrir bragðið var gatan nefnd "Langa stétt" eða "Lange Fortov". Og mörgum fannst til um kostnaðinn. Síðan er líka liðið hátt á aðra öld, og flest breytt. Þegar ég tók eftir því á dögumum, að verið var að múrhúða gamla timburhúsið á suðvesturhorninu, þar sem er The English Bookshop, rifjaðist upp fyrir mér, að einmitt á þeim stað mun elzta húsið við þá götu hafa staðið. Ég fór að gá í heimildir og komst að raun um, að á þessum grunni stóð fyrst íbúðarhús Trampe greifa (guð blessi hans sál), lítið og óvandað timburhús, sem um nokkurt skeið var aðsetur yfirréttarins, þ.e. frá 1807-1809. Síðan þá var þar svo til heimilis spekingurinn Björn Gunnlaugsson, þá yfirkennari við latínuskólann, og bjó þar í þrjátíu ár, unz hann lézt 1876. Einnig eftir hans dag ritstjóri Þjóðólfs, guðfræðingur að nafni Matthías Jochumsson. En laust fyrir 1890 var þetta litla hús rífið, og Magnús Benjamínsson úrsmiður reisti í félagi við annan mann það hús, sem enn stendur og verið er þessa daga að færa í nýtizku búning. Gamla Ísafoldarprentsmiðjan, sem er næsta hús fyrir austan, mun vera um það bil sextíu og fimm ára gamalt hús; og það myndi ekki þykja neinn býsna aldur á einu húsi í erlendri borg, en sannleikurinn er þó sá, að það er með elztu húsum í miðbænum. Hús það, sem áður stóð á sama grunni, var svokallað Skraddarahús eða Stólpahús. Það var reist árið 1825 af skraddaranum Klement Lint Þóroddssyni, er hafði farið utan til náms í skraddaraiðn og kallaðist upp frá því Thoroddsen. Þaðan er sú ætt komin. En svo ég haldi mér við efnið, þá skiptir mjög um svip í Austurstræti strax þegar komið er austurfyrir gömlu Ísafold. Þá taka við stór steinhús á báðar hliðar,

svo að engu er líkara en þarna hafi bæði skipulagsnefnd og fjármálavald, tekið höndum saman um að láta smákofana víkja. Þar sjást óneitanlega engin bárujárnshús lengur á stórum kafla, – en það kemur ekki til af góðu. Ef ekki hefði orðið stórfelldur eldsvoði í höfuðstaðnum árið 1915, stórbruni, sem eyðilagði ein fimmtán hús og kostaði mannslíf, myndum við að öllum líkindum hafa þarna ennþá sams konar bárujárnskassa og enn eru við strætið vestanvert – og reyndar víðast hvar í miðbænum. En sá er hins vegar galli á endurbyggingu borga og bæja, að með slíku móti fara að sjálfsgöðu forgörðum ýmsar minjar, sem einatt er erfitt að varðveita, þótt þess virði séu. Nú held ég, að á þessum kafla miðbæjarins hafi aldrei staðið nein bygging, sem ekki hafi mátt hverfa sökum sögulegs verðmætis. Einu sinni voru þar fyrirferðarmiklar geymslur, svört timburhús, sem fransmenn höfðu reist og notuðu fyrir birgðarskemmur flandrara. Þær voru síðar rifnar og timbrið notað í franska spítalann við Lindargötu. Þegar bruninn mikli varð, 1915, stóð þar þriggja hæða bárujárnshótel, kennt við höfuðborgina; og austan við Pósthússtrætishornið hús það, sem kallað var Syndikatið – en allt hvarf þetta á einni nóttu. Nei, það er ekki mikið um fornar minjar á þessu svæði. Þeim mun kynlegra þótti mér því, þegar kunningi minn einn, sem gekk með mér austureftir strætinu eitt kvöld, benti niður fyrir sig á gangstéttina þar sem stórir bókstafir voru letraðir og spurði: "Hvað er þetta?" Og það sem hann benti á, það nálgadist nefnilega að vera sögulegar minjar, merkilegt nokk. Yfir þvera gangstéttina stendur letrað orðið VÍFILL, og síðan liggur breið ör, sem bendir inn í húsið við hliðina. Líklega vita fæstir, hvers vegna þetta orð er greipt þarna á almannafæri, en svo vel vildi til, að ég gat svarað spurningunni. Fyrir tæpum tveim áratugum var um skeið veitingahús á hæðinni fyrir ofan verzlun Ragnars H. Blöndals. Þetta veitingahús hét Vífill; og ef ég man rétt, þótti það eitthvert glæsilegasta veitingahúsið í borginni meðan það var við lýði. Nafn þess bendir manni ennþá inn í húsið, – minjar liðins tíma. Öllu merkilegra fyrirbæri er þó veggskreytingin á húsi því sem Jón

Þorláksson reisti á sinni tíð og stendur á Pósthússtrætishorninu. Efst á stafni þeirrar byggingar er nefnileg lágmynd, greypt í vegginn og mun vera einasta veggskreyting utanhúss á nokkurri byggingu á Íslandi. Nú skyldi maður ætla að Reykvíkingar bentu til dæmis útlendum ferðamönnum á þessa mynd sem einskonar fenomen; því að sennilega væri hægt að gera Reykjavík heimsfræga fyrir það, að þessari einu byggingu af öllum á landinu skuli hafa hlotnast sá heiður að vera snert af listamannshöndum. En svo nærtæka auglýsingaraðferð á sérkennum íslenzkrar menningar höfum við fram til þessa ekki kunnað að nota. Það sem meira er: svo til enginn Reykvíkingur virðist hafa tekið eftir myndinni. Ég skal alveg láta liggja milli hluta, hvort myndin er góð eða eitthvað annað, en hitt skal ég viðurkenna, að enda þótt ég telji mig ekki ókunnugri þeirri borg þar sem ég hef alið aldur í tuttugu og sjö ár, en gerist og gengur um aðra bæjarbúa, þá vissi ég ekki eftir hvern þessi mynd var – eða hvers vegna henni hafði verið kúldrað einmitt þarna, þar sem enginn tekur eftir henni (nema ef vera kynni nokkrir skrifstofumenn hjá bænum). Ég tók mig því til og reyndi að fá vitneskju um uppruna listaverksins. Það gekk ekki vel að fá svar. Enginn í byggingunni vissi um höfundinn. Ýmsir gamlir og nýir Reykvíkingar, sem ég hittí, höfðu aldrei tekið eftir því, að þarna væri mynd. Og ég var búinn að spyrja álitlegan hóp af myndlistarmönnum, áður en mér var sagt það, að hún væri eftir Guðmund frá Miðdal. Það er ekki mér að kenna, ef ég gef hér rangar upplýsingar um uppruna hennar. En hún mætti vera frægari en hún er, – því hún er að sínu leyti unique. Svo er það önnur mynd, eða öllu heldur partur af mynd, sem um leið kemur mér í hug. Þeirri mynd verður að líkindum aldrei sýnd nein ræktarsemi, enda gegnir þar öðru máli, því hún er skemmd. Ég á hér við veggmálverk eftir Jóhannes Kjarval. Standi maður á tröppunum við Sjálfstæðishúsið og líti á vesturvegg þess hússins þar sem er verzlun Ragnars Blöndals, sér maður leifar af freskómálverki eftir Kjarval neðst á veggnum til hægri. Mynd þessa gerði listamaðurinn fyrir ca 18 árum, og það sem enn sést, er aðeins tæpur fjórðungur



hinnar upprunalegu myndar. Mér er ekki vel minnisstætt, hvað á þessu málverki var, en ennþá má sjá, að það hafa verið einhverjar fígúrir. Sennilega hefur listamaðurinn ekki gert ráð fyrir, að það myndi varðveitast á slíkum stað og ekki valið litina með tilliti til þess, að það þyldi heimskautaveðráttu. Enda er myndin senn búin að vera. En húsið, sem ég rétt minntist á, Sjálfstæðishúsið svokallaða, það á sína sögu. Einungis elztu borgarar þessa bæjar minnast þess, að forðum tíð var hús þetta menntasetur. Þar var kvennaskólinn um þrjátíu ára skeið, og húsið upprunalega reist undir þá stofnun. Áður stóð þar lítil kofi, sem Hannes nokkur Johnsen hafði látið smíða sér einhvern tíma kringum 1835, og í þeim húsakynnum höfðu Melsteðshjónin, Páll og Thora, stofnsett kvennaskólann og starfrækt fyrstu árin. Fyrir þann sem les sögu bæjarins og notfærir sér jöfnum höndum kynni sín af staðnum og því fólki, sem "setti svip" sinn á samtíðina, líða hjá skyndimyndir af horfinni byggð, gengnum kynslóðum, fyrndum málefnum, gleymdum tíma. Það er árið 1881: Austurvöllur er ógirtur blettur, óræktarlegur og með stórum pollum, þegar rignir. Umhverfis hann eru lítil timburhús á þrjá vegu, en til suðurs dómkirkjan og nýreist stórbygging – alþingishúsið. Vestanvert eru kvennaskólinn, nyrst; næst fyrir sunnan hann tveggja hæða íbúðarhús skáldsins Steingríms Thorsteinssonar, og syðst apótekið, reist árið 1833 af þáverandi lyfsala höfuðstaðarins Oddi Thorarensen. Verið er að laga til götuna vestur í Aðalstrætið, og hún er fyrst um sinn nefnd Kirkjubrú. Í gamla kirkjugarðinum, sem til skamms tíma hefur verið notaður sem grafreitir, liggur gamall maður, með gráan hökutopp, og plantar skrautblómum. Hann hefur fengið leyfi til að ryðja öllum legsteinum og grafarummerkjum burtu, og ætlun hans er að gera reitinn að skrudgarði. Þessi maður er danskrar ættar, Schierbeck að nafni, og er landlæknir yfir Íslandi. Eftir nokkur ár hefur honum tekist þetta. Hálf öld líður, áður en nokkur annar garður í Reykjavík kemst í hálfkvist við þetta frístundaverk læknisins. Reykvíkingar höfðu víst lengst af öðru að sinna en að rækta skrautblóm. En hér í miðbæ höfuðstaðarins það

herrans ár 1951 er þessi blettur einhver hinn hlýlegasti sem völ er á, hvað svo sem um hann kann að verða í framtíðinni. Nú er hann opinn fyrir öllum. Og frekar hefur hann rýrnað en vaxið hin síðari ár, því miður. Gróðurinn hefur gisnað, trén hafa orðið fyrir ásælni miður viturra ungmenna, sem langar að apa Tarzan. En ekki eru ummerki hins upprunalega kirkjugarðs þó horfin með öllu. Gangi maður inn á baklód Landssímans, má sjá þrjár stálplötur múraðar inn í vegg. Þar undir eru grafir einhverra ágætra borgara hins hálf-danska höfuðstaðar nítjándu aldarinnar. Við lesum nöfnin, en við vitum ekki meir; og okkur langar tæplega til að vita mikið meir um þetta fólk, enda þótt lesa megji, að frúin hafi burt kallað "ved at skienke sin 2den Datter Livet.". Eftir þær upplýsingar göngum við út í Aðalstræti, þangað sem nútíminn hrópar til okkar, þrátt fyrir nokkuð sérkennilega kyrrstöðu þeirrar götu, hvað breytingar snertir á mannvirkjum, Og þá erum við aftur stödd á þeim stað, þar sem við vorum við upphaf hins fyrsta af þessum Reykjavíkurbáttum. Það á kannski ekki beinlínis illa við, því að sennilega er þetta hinn síðasti í þessum flokki skyndimynda og hugleiðinga um efni, sem raunverulega er ótæmandi og hægt væri að fjalla um út frá ólíkustu sjónarmiðum. Í Aðalstræti dagsins í dag verður manni að minnast þess öðru fremur, að á næsta ári eru liðnar tvær aldir frá því Skúli Magnússon landfógeti setti á stofn "innréttingarnar", sem urðu upphaf þess að Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi. Það má því segja, að gatan eigi 200 ára afmæli á næsta ári. Um það skal ekki rætt hér, hvern sess elzta og á ýmsan hátt merkasta gata bæjarins eigi eða muni skipa í framtíðarskipulagi höfuðstaðarins. En síðustu orð í Reykjavíkurbáttum mínum skulu hinsvegar vera þau að mótmæla harðlega þeirri leiðinda-aðför, er nú stendur til að gera með byggingu þess stórhýsis sem verið er að grafa fyrir norðan til í götunni. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja það, en það er í senn skammsýni og fávizkuflan að ætla að reisa óbrotgjarnt stórhýsi á þessum slóðum, áður en búið er til fulls að ákveða heildarskipulag miðbæjarins. Maður getur ekki komist hjá því að gruna þá menn um

græsku, sem leyfa slíkt. Enginn skilji orð mín svo, að ég sé mótfallinn endurbyggingu miðbæjarins – eða mér gangi til persónuleg eða pólitísk óvild í garð þeirra, sem þarna eiga hlut að máli. Það er síður en svo. Ég veit sömuleiðis, að flestum muni finnast of seint að snúa við, þegar verk sé hafið. En slíkt er misskilningur. Mitt síðasta orð er: Í hamingjunnar bænum, eyðileggið ekki þá möguleika, sem Reykjavík á, þið, sem skapið höfuðborg framtíðarinnar. Minnizt tveggja alda afmælis hinnar gömlu, virðulegu götu og innréttinga Skúla landfógeta með öðru en því.

## Litið til Landakots

Um þessar mundir er liðin hálf öld síðan rómversk kaþólskir á Íslandi stóðu að smíði lítillar snoturrar kirkju á Landakotshæð í Reykjavík, steinsteypukirkju í einskonar burstabæjarstíl sem við tók af trékapellu neðar í túninu, en hún var þá dregin af grunni, komið fyrir vesturundir Hofsvallagötu og gerð að æfingastöð fyrir kroppatemjara. Nýja kirkjan þótti flestum geysistór, enda var hún það á íslenskan mælikvarða; þá höfðu fá salarkynni á landinu jafnmikinn gólflöt, ef nokkur, nema ef vera kynni fiskgeymsluhús. Hitt er svo annað, að aldrei var lokið við hana til fulls. Aðgætnir menn og kunnáttusamir þóttust greina sprungur í turnmúrnum, þannig að óráðlegt væri að reisa ofan á hann spíru þá sem fyrirhugað hafði verið að teygði sig nokkuð svo til himins, og var þá látið gott heita þó svo að turninn endaði snubbótt. Meinfýsnir náungar höfðu og við orð, að ekki væri skaðinn skeður; sjálf Notre Dame í Parísarborg hefði engar spírir á sínum höfuðturnum og þætti þó eitt tilkomumesta hús í kristnum dómi; það væri ekki leiðum að líkjast. Um varkárni þeirra manna sem ekki vildu tildra spíru á turninn má bæta því við, að daginn eftir sjálfa kirkjuvígluna kom sá snarpasti jarðskjálftakippur sem orðið hefur hér um slóðir á þessari öld, og þótti þá mörgum Almættið hafa talað.

Hagmæltur piltur austan úr sveitum með geysisterka póetíska æð settist að hér í Reykjavík og tók að yrkja svo vellukkað rím um reykvísk mótív að innbyggjarar staðarins fengu vart orði upp komið í þakklátri aðdáun sinni, en þeir sem ekki urðu bókstaflega klumsa gáfu honum að launum viðurkenningarheitið Borgarskáld; skáld sem borið gæti það nafn höfðu Íslendingar ekki augum barið um margra alda skeið, eða frá því að hvarf til feðra sinna Egill á Borg

Skallagrímsson, svo að kannski var mál til komið. Hvað um það, þá komst piltur svo að orði í ljóði einu um Vesturbæinn: "Þar gnæfir hin gotneska kirkja ..."

Það er nú svo. Höfuðeinkenni Landakotskirkju er steinsteypt burstaröð þar sem inn á milli burstanna rísa steinsteyptar eftirlíkingar stuðlabergsdranga, og samskonar eftirlíkingar steindranga eru á köntum turnsins upp úr. Húsameistarinn, Guðjón Samúelsson, var um þessar mundir farinn að gera djarfar tilraunir í leit að einhverju sem kallast gæti "íslenskur byggingastíll", og virtist honum þá hin gamalkunna burst torfbæjanna hvað hugþekkt, sbr. t.d. elzta hluta Laugarvatnsskóla. En hvað Landakotskirkju viðvæk, þá leysti hann vandamálið með gluggana á þann hátt, að inn á milli stuðlabergsdranganna slengdi hann gotneskum oddbogum með tilheyrandi hringum og marglitum glerjum, ergó: bastardur af Klúku og Köln. Innanvert varð kirkjan aftur miklu samræmdari, þar réði oddboginn einn, í hæfilegu látleysi þó, og miðað við smæð kirkjunnar. Þeim sem höfðu umgengizt erlendis listaverk í hleðslu gotneskra bygginga fannst að vísu hálf-kyndugt að virða fyrir sér þessar einsteinungslegu súlur og vildu helst finna þessu guðshúsi flest til foráttu. En ætli hinir hafi þó ekki verið fleiri sem fannst það tilkomumikið og beinlínis ægifagurt, einkum innanvert. Ekki líður undirrituðum úr minni þegar hann sem lítill drengur stóð þar á gólfi og leit sólargeislana flæða inn um marglita glugga og brotna á marmara og silfri og gulli og reykelsi og myrru, en allt var þrungið svo kosmískri þögn að skóhljóð jafngilti helgispjöllum ...

Í gömlum dagblöðum gefur að lesa frásagnir af þeim viðburði sem það var, að svo veglegt hús var af grunni risið í nafni hins forna siðar:

Sunnudaginn 21. júlí kom van Rossum kardínáli hingað til lands og var erindi hans að vígja hina nýju kirkju í Landakoti, og einnig að vígja prefect Marteín Meulenberg til biskups. Kardínállinn kom með Drottning Alexanderine kl. 5 um morguninn. Hafði þá safnast saman múgur og

margmenni á bryggjunni, en Meulenberg var þangað kominn í fullum skróða til að taka á móti hinum tigna gesti og fylgdarliði hans. Síðan var haldið í bílnum upp að Landakoti og biðu þar 12 kórdrengir í skróða, og báru þeir helgifána og dýrgripi kirkjunnar, og ennfremur 13 smámeysjar, hvítklæddar með blómsveiga um höfuð. Gekk ein þeirra móti kardínála og færði honum blómvönd ... Kl. 5 e.h. á mánudag hófst vígsla Landakotskirkju og var hún vígð að utan með margbrotnum helgisiðum. Kardínállinn gekk tvívegis rangsælis og einu sinni réttisælis unhverfis kirkjuna og stökkti á hana vígðu vatni. Var síðan gengið inn í kirkjuna, og markaði kardínáli kross á þröskuldinn með bagli sínum; síðan hófst vígsla kirkjunnar að innan, og vígði kardínáli m.a. altarið með mikilli viðhöfn. Kl. 8 1/2 árdegis á þriðjudag var svo vígslunni haldið áfram að viðstöddum mörgum boðsgestum. Þar voru allir ráðherrarnir, sendimenn erlendra ríkja og helztu embættismenn bæjarins. Gekk kardínáli til hinnar gömlu kirkju og var þar haldin stutt guðspjónusta, en að því búnu voru helgir dómar úr gömlu kirkjunni fluttir í nýju kirkjuna. Bar Meulenberg prefect þá, og var gengið með þá einn hring í skróðfylkingu kringum nýju kirkjuna. Síðan var gengið inn í kirkjuna og hófst þá margbrotin helgiathöfn. Er hin gamla kirkja þar með lögð niður og helgi hennar flutt til nýju kirkjunnar.

Síðastliðinn sunnudag varð mér reikað í dumbungsveðri upp á Landakotshæð. Að undanfögnu hafa orðið þónokkur blaðskrif um jarðrask og fyrirhugaða mannvirkjagerð sem þar á sér stað, og það sem við augum blasti kom mér því ekki á óvart: túnið gamla þar sem hann bróðir Ferdinand sló og rakaði af taóískri natni forðum tíð, það er nú eitt moldarflag og djúpir húsgrunnar að myndast við Hávallagötu. Prestar og biskup eru að láta byggja yfir sig, loksins, eftir að hafa hírt í þröngum og lekum tímurbhjalli um áratugi. En nú bregður svo við að ekki eru allir á eitt sáttir um það hvort þarna megi byggja. Finnst sumum að verið sé að skyggja á kirkjuna, taka af eina græna blettinn í Vesturbænum og þar fram eftir götunum. Á þriðja þúsund manns hafa rokið til og skrifað undir bænaskjal til borgarstjórnarinnar að hlífa nú sér og guðs grænni náttúru við þessari hroðalegu umhverfismengun. Jú, satt er það að túnið er allt sundurflakandi þessa stundina, m.a. vegna þess að grafa varð skurð

alla leið yfir í Hólavallagötu svo að íbúar væntanlegs prestseturs geti sturtað niður hjá sér með tilætluðum árangri. Eftir að allt það jarðrask hefur verið jafnað að nýju mun þó aftur gróa gras upp af þeim sverði – svo lengi sem blikkbeljunni verður ekki beitt á það. Og að byggingaframkvæmdum loknum munu menn komast að raun um það, að húsin sem rísa að kirkjubaki, Hávallagötumegin, munu á engan hátt skyggja á guðshúsið né heldur taka af túninu neitt sem nemur. Hitt er mála sannast, að umgengni borgarbúa við þennan "eina græna blett" þessa bæjarhluta hefur ekki hingað til verið til neinnar sérstakrar fyrirmyndar. Sú árátta að fara ekki eftir hellulögðum göngustígum hefur orðið yfirsterkari allri umhverfisvernd hjá mörgum hverjum, með þeim afleiðingum að ógrónar "fjárslóðir" hafa grópazt í túnið þvers og kruss; kannski það séu þessir kurteisu sauðir, sem einkum hafa skrifað sig á bænarskjalið, ég veit það ekki. En að einu leyti er ég þó sammála þeim sem hægt vilja fara í breytingar á þessum slóðum: að ófært er að leyfa byggingar Hólavallagötumegin, enda veit ég ekki til þess að þær séu fyrirhugaðar. Bílastæði Túngötumegin væru sömuleiðis mjög óæskileg, en spursmál hvort ekki mætti koma þeim fyrir vestan við götuna, ef svo færi, að gamla prestsetrið og kroppatemjarakirkjan yrðu rifin ellegar flutt burt.

Mér verður reikað áfram vestur Hávallagötu, framhjá húsi Jónasar frá Hriflu, Hamragörðum, sem öfundsjúkir og meinyrtir andstæðingar hans vildu kalla Leiti á sinni tíð (og hús Vilhjálms Þórs þá Ofanleiti), og svo er ég staddur framanvið spítalabygginguna, sem nú loksins er fullgerð og ber vott um mikið og smekklegt framtak, eljusemi og fórnarlund fjölda reglusystra um áratuga skeið. Ég virði fyrir mér bygginguna, því ég hef ekki farið þarna um fótgangandi í fjöldamörg ár. Það er eitthvað sem mér finnst vanta á forhlið vesturhluta hússins. Nú átta ég mig: það er búið að múra upp í þar sem áður voru dyr, og kominn gluggi. Yfir dyrunum stóð í gamla daga **St. Jóseps spítali**. Það letur er horfið og

ekkert komið í staðinn, búið að skipta um eigendur, húsið ekki kennt við Jósep smið lengur, ekki neinn, ekki einu sinni Sigurjón smið; það er ósköp að vita. Og marmaralíkneskið sem stóð á stalli yfir dyrunum, það er að sjálfsögðu horfið líka; ég vissi reyndar aldrei hvort það var af Jósep eða Jesú, líklega þó þeim fyrrnefnda. Í staðinn er búið að klessa á ýmsar rúður spítalans klippimyndum af frelsara allra nútíma-ungbarna heimsins: Barbapapa, sem er almáttugur, eins og allir frelsarar eiga að vera, og hefur það t.d. framyfir Jesú að geta breytt lögun sinni að vild, enda fremur í ætt við kúluna en krossinn. Þá rifjast og upp fyrir mér, að á sinni tíð var í spítala þessum bænakaþella nunnanna og var talin eitthvert fegursta kirkjuinni hér á landi – en hún kvað ekki vera til lengur; búið að fjarlægja inventarið og breyta salnum í kaffistofu með diskómúsík, máski kanaglymskrattakvörn, sem nú á dögum er furðulegt sambland af orsök og lækningu taugaveiklunar. Svona sigrar blessaður hávaðinn þögnina; sumir kalla það lífsmerki.

Og þá er ég staddur fyrir framan gamla prestsetrið; ég sé ekki betur en það sé nýbúið að mála það, svo að kannski verður ekki hróflað við því fyrst um sinn.

Undarlegt með þetta hús. Mér finnst það harla óviðkomandi sjálfum mér, og þó á ég þaðan endurminningar, gamlar og góðar. Meira en hálfur fjórði áratugur er reyndar liðinn síðan ég gekk hingað ásamt skólabróður mínum í hver-tíma til pastor Boots. Við tókum okkur til, kannski fyrir áhrif Vefarans mikla frá Kasmír, sem maður gleypți í sig á þessum árum eins og fleira, og settumst að fótiskör þessa litla og hógværa prests til að nema kaþólsk fræði. Veturlangt hurfum við þarna inn úr skarkala hernuminnar borgar og sundurflakandi í hitaveituskurðum og nutum þess að koma inn í kyrrðina og hlýjuna til að heyra margra alda og næstum óumbreytanleg viðhorf kaþólskunnar til lífs og dauða, eilífðar og líðandi stundar – því að kaþólskan er alltumspannandi eins og marxisminn og annað það sem álitur sig eiga svör við öllu.



Sem betur fer byggðust kvertímarnir hjá Boots ekki upp á því, hversu góðir nemendur við værum; utanaðlærdómurinn var enginn, nema ef vera skyldi upprifjun á trúarjátningu og boðorðum, auk faðirvors. Hann fór í gengum kaflana og útskýrði, svaraði sömuleiðis af mikilli kostgæfni, samvizkusemi og prestlegri kunnáttu hverju því sem við spurðum hann um, og alltaf var rammkaþólskt grundvallarsjónarmið hinn óumbreytanlegi og fasti punktur, upphaf og endir alls sem bar á góma. Við vorum engir þrætumenn, heldur þrúðir áheyrndur, og þess vegna held ég við höfum ekki verið neitt sérlega slæmir nemendur. Um vorið, þegar okkur stóð til boða ferming – lúterska skírnin minnir mig að hafi átt að gilda – þá kvaðst ég ekki vera reiðubúinn samvizku minnar vegna – að sinni. Pastor Boots tók því að einstakri ljúfmennsku og sagðist meta það mikils að ég skyldi ekki vilja gerast hræsnari: bauð mig velkominn hvenær sem væri; faðmur kirkjunnar stæði mér ætíð opinn. Hinsvegar lét skólabróðir minn fermast, svo nokkuð fékk blessaður maðurinn fyrir snúð sinn.

Af sjálfu leiðir, að andrúmsloft þessara kennslustunda var þrungið alvöru, og ég minnst þess ekki að nokkru sinni væri slegið út í léttara hjal. Í eitt skiptið minnst ég þess þó að hafa séð pastor Boots iða af kæti, eða réttara sagt af barnslegri tilhlökkun. Þegar við komum til hans eitt síðdegið í ljósaskiptunum, eins og venjulega, neri hann hendur sínar og brosti eins og feiminn drengur, þó ekki alveg laus við glettni, og bað okkur mikillega að lofa sér að eiga frí í dag. Ekkert var sjálfsagðara –, og okkur kom ekki til hugar að fara fram á skýringu, en hún kom óumbeðið: "Ég er nebnilega að fara á Ratskonú Baggabrædra", sagði hann, en Ráðsskona Bakkabrædra var skopleikur sem sýndur var um þær mundir. Í Hafnarfirði minnir mig. Í næsta tíma kvaðst hann hafa skemmt sér fjarska vel á ráðskonunni, og það væri ekki synd að fara í leikhús einu sinni á ári og hlæja; aftur á móti væri mikil synd að gleyma að biðja Guð að fyrirgefa sér.

En syndin er lævís og lipur, og það mætti æra óstöðugan að telja upp allt það sem reiknast til syndar sanntrúuðum kaþólskum manni, ef hann vill teljast hólpin sál. En við það að fletta gamla kverinu mínu rifjast sitthvað upp. Eitt af því fáa sem kaþólikkar og kommúnistar eru máski sammála um, hverjir frá sínu sjónarhorni, er að finna á bls. 85. Þar stendur: "Meðal leynifjelaga þeirra, sem kirkjan hefur bannað, eru Frímúrarar, Oddfellows, og Good-Templars. Varstu því að gjörast meðlimur í nokkru slíku fjelagi, því að þá ertu ekki lengur kaþólskur, og getur ekki, meðan þú ert meðlimur slíks félags, fengið hin heilögu sakramenti á dauðastund þinni, né heldur getur þú eftir dauðann fengið kirkjulega greftrun ..." Þetta leizt mér nú rétt svona og svona á, því ég var sjálfur starfandi í gútemplarastúku á þessum árum. –

Sömuleiðis tók pastorinn okkur vara fyrir að lesa vondar bækur, að sjálfsögðu. Við leiddum talið að Halldóri Kiljan. Hann vildi meina að Kiljan væri bráðvelgefinn maður en skrifaði ekki góðar bækur. Mér heyrðist hann segja "ógurlegur höfundur", en þegar ég hváði: "óguðlegur höfundur". Sérstaklega mæltist hann til þess, að við læsum ekki eina af bókum þessa höfundar, Alþýðubókina. Ég þarf varla að taka það fram, að ég fór strax upp á Landsbókasafn daginn eftir og las hana spjaldanna á milli, sumt margsinnis.

Síðast frétti ég það af pastor Boots þar sem ég var staddur í millilandaflugvél í fyrravor, að hann sæti nú í hárrí elli suður í Hollandi, og til viðbótar að það hefði glatt hans gamla hjarta fyrir rúmu ári eða svo að fá sent lítið ljóðakver eftir mig – þar sem birt er gamalt kvæði um hann sjálfan. Hann hafði víst haldið, að allir á hinu fjarlægga Íslandi væru búnir að gleyma sér. En því fer auðvitað fjarri. Þeir eru enn margir sem muna séra Gerhard Boots og kunna að meta starf hans hér, m.a. þær ágætu tungumálakennslubækur sem hann samdi. Hann var hámenntaður maður og vel lesinn; það má mikið vera, ef hann hefur sloppið við það um ævina að opna eins og eina synduga bók.

Áður en ég hvarf af þessum slóðum á göngu minni sl. sunnudag leit ég að sjálfsögðu inn í kirkjuna. Hún stendur alltaf öllum opin, tákn náðarfaðmsins. En í tímans rás hafa orðið nokkrar breytingar á þessari kirkju, sem orka kunna tvímælis og ekki verða raktar hér, því að þetta sundurlausa mál er þegar orðið miklu lengra en því var ætlað, og bezt að nema staðar að sinni.

Þann dag sem þessi grein kemur fyrir almenningssjónir eru liðin fimmtíu ár frá vígsludegi Dómkirkju Krists konungs, eins og hún heitir réttu nafni. Ekkert man ég frá þeim degi, og þó var það sá merkisdagur í mínu eigin lífi, að ég var búinn að afplána réttan hálfan áratug af minni jarðvist; hinsvegar man ég mætavel eftir jarðskjálftanum daginn eftir, líklega þeim fyrsta sem ég lifði, einkum óttasvipnum á fólki og viðbrögðum þess.

En þó svo að mánudaginn 22. júlí 1929 stæði Rómarkirkja mjög í sviðsljósi hér á suðvesturhorni landsins, þá sá Almættið jafnframt fyrir því, að Lúter fengi sitt – og jafnvel heiðindómurinn. Hjónum norður í Skagafirði fæddist sonur, sem var vatni ausinn og látinn heita eftir hinum hvíta ás. Í fylling tímans gerðist sveinninn prestur. Og nú hefur góðkunningi minn séra Baldur Vilhelmsson setið Vatnsfjarðarprestakall með sóma og sann um áratugi, og ekki nema viðeigandi að ég sendi honum heillakveðju í tilefni dagsins svona í framhjáleiðinni. (18/7 1949)

# Lundúnapistlar

## 1. Fyrsti maídagur í London

(Júlí 1950)

Sólarlítinn mollulegan dag snemma í maí var ég á reiki um svonefndan Highgate Woods, einskonar park, ekki alllangt þaðan sem ég bjó. Eftir tilgangslaust flakk, ýmist fótgangandi eða í vögnum, hafnaði ég loks hjá kaþólskri kirkju, kenndri við sankti Jósef, gekk þar inn og hvíldist, því að kaþólskar kirkjur sem eru öllum opnar alla daga, eru einhverjir líknsömustu hvíldarstaðir, sem fyrirfinnast í borgum, og taka öllum veitingahúsum fram hvað snertir næði. En sem ég sat þarna innarlega í hliðarskipi kirkjunnar, virti fyrir mér skrautið og hugleiddi það, að maðurinn sem kirkjan var helguð og kennd við hafði á sinni tíð verið fátækur trésmiður í Gyðingalandi, komst ég ekki hjá því að minnst þess, sem ég hafði lesið endur fyrir löngu í einhverjum ferðapésa, að í kirkjugarði einum örskammt þaðan sem ég var staddur, lá grafinn Karl Marx.

Enda þótt ég væri búinn að dveljast marga mánuði í borginni og farinn að telja mig heimagang á mörgum þeim stöðum, sem ferðamenn koma til að skoða, sló þeirri hugsun niður í kollinn á mér, að eiginlega væri skylda mín að koma að þessari gröf einmitt nú. Ég var ekki annað en ferðamaður, hver vissi nema ég yfirtæfi borgina fyrir en síðar og kæmi jafnvel aldrei aftur. Ég fór því út úr kirkjunni, lítið kristnari en þegar ég gekk inn, nema síður væri. Og gegnum lystigarð, kenndan við Waterlow (hvað sem það nú er), komst ég eftir litla fyrirhöfn í Highgate Cemetery, gekk inn í skrifstofu kirkjugarðsvarðarins og bar upp erindið.

Hann vísaði mér út í garðinn, ómakaði sig þó ekki á því að fylgja mér lengra en rétt út fyrir dyrnar, benti þaðan yfir legstaðina og

sagði mér til vegar – á enska vísu. En það að segja manni til vegar á enska vísu er fjarska undarlegt grín. Manni er sagt að fara þetta mörgum sinnum til hægri og svo og svo mörgum sinnum til vinstri – allt sagt í einni bendu – unz leiðsögnin endar, undantekningarlaust, á þessum orðum. "You cannot miss it". Alltaf er maður guðsfeGINN að vera laus við að hlusta á þuluna, og hefur oft að henni lokinni lítið gleggri hugmynd um það en áður, hvert maður skuli halda.

Kirkjugarðsvörðurinn vísaði mér semsagt út í garðinn á enska vísu, og ég þakkaði honum fyrir, er ég hafði heyrt hann segja kannott missitt, þá tóku nýjar spurningar við, og alltaf miðaði mér nær markinu.

Kirkjugarður þessi er ekki ýkja stór. Aftur á móti er ég óvanur að leita að gröfum. Ég spurði því eina þrjá eða fjóra verkamenn til vegar, áður en ég komst að hliðinu. Það sem vakti nokkra furðu hjá mér fyrst í stað var það, að ég þurfti aldrei að nefna nafn mannsins, sem ég var að leita að. Strax og ég var búinn að segja fyrstu orðin, botnuðu þeir setninguna. Karl Marx, oh, yes, – síðan kom enska leiðsögnin. Að sjálfsögðu var Marx þekktasti maðurinn, sem hvíldi í þessum garði, enda virtist enginn í vafa um það, hvers ég, útlendingurinn, væri að leita. Verkamenn á þessum stað eru orðnir vanir því, að sé spurt eftir Karli Marx.

Svo var ég staddur við gröf hans.

Já, ekki er gröf þessa mikla brautryðjanda ýkjamerkileg að sjá. Mér liggur við að segja, að flest leiði í garðinum taki þessu fram, hvað snertir frágang og umbúnað, enda átti sá, sem þar liggur, aldrei neinn höfuðstól um dagana. Hinsvegar má segja, að síðasti hvílustaður látinna manna sé ekki neitt atriði, heldur séu afleiðingar verka þeirra það sem máli skipti. Og kannski hefur mér aldrei verið ljósara en þessa stuttu stund sem ég dvaldist við gröf Marx, hversu afdrifarík getur verið starfsævi eins fátæks manns, sem mikinn part ævinnar var útlendingur og fórnaði menntun sinni og gáfum til þess að fylgja fram rökréttri hugsun – sem braut í bága við sjálft þjóðskipulagið. Það var nýlegur krans á leiðinu, að líkindum settur á

það 1. maí, ofinn úr rauðum laufum og með rauðum borða. Á borðanum var gullið letur, en ólæsilegt mér, því það var letur araba eða einhverskonar skyldra þjóða.

Þar stóð ég skamma stund. Síðan gekk ég brott og fór með neðanjarðarbrautinni til Marble Arch.

Þetta var nánar tiltekið 4. maí. Sá dagur var á þann hátt merkur, að sextíu ár voru liðin frá því farið var í fyrstu maíkröfugönguna. Sextíu ár. Margt getur gerzt á svo löngum tíma, og margt hefur gerzt. Kjör og stéttvísi vinnandi fólks nú og fyrir sextíu árum er ekki sambærilegt. Sú eining, sem maíkröfugöngurnar hafa skapað, verður ekki dregin í efa. Á þeim stað, sem ég var nú staddur, Marble Arch, sást fyrsta maíkröfugangan, sem sögur fara af. Það var á björtum sunnudegi 1890. Í fylkingarbrjósti gekk Elenora, dóttir Karls Marx, og maður hennar, Edward Aveling, sem var lífið og sálin í réttindasamtökum verkamanna í East End. Fylkingargangan nam staðar í Hyde Park, ekki færri en 200.000 manns, þeirra á meðal Fredrich Engels. – Síðar varð þessi siður að alþjóðlegri hefð í samtökum stríðandi alþýðu.

Sá sem les þessar línur heldur e.t. v., að nú ætli ég að fara að lýsa hátíðahöldunum, sem farið hafa fram við Marble Arch þennan merkilega dag í ár. En það er ekki svo. Að vísu er alþýðuflokksstjórn í Bretlandi, stjórn, sem eflaust má segja um ýmsa ágæta hluti, m.a. það, að hún hefði aldrei komizt til valda, ef aldrei hefðu átt sér stað maíkröfur og verið stofnsett verkalýðsfélög. En kaldhæðin eru örlögin, að einmitt þessi ágæta alþýðustjórn hefur talið samboðið sér – já, meira að segja bráðnaðsynlegt – að banna maíkröfugöngur undanfarin tvö ár. Ég minnst þess ekki að hafa heyrt eða séð neitt um þennan sextíu ára gamla viðburð, sem Bretar mega með réttu vera hreyknir af, utan hvað kommúnistablaðið "Daily Worker" minntist hans tilhlýðilega.

Eins og ég hafði staðið einn við gröf Karls Marx nokkrum stundarfjórðungum fyrr, reikaði ég nú einn yfir að Speakers Corner, þessum heimsfræga stað, þar sem ræðumönnum gefst tækifæri til að

standa uppá á kassa og tala um hvað sem þeir vilja, hvenær sem þeir vilja og hversu lengi sem þeir vilja.

Þar var fátt fólk fyrir. Aðeins einn maður var að halda ræðu. Maður með blárutt andlit og skemmdar tennur. Um hvað talaði maðurinn? – Winston Churchill, hversu nauðsynlegt væri, að hann yrði forsætisráðherra – ef spádómar biblíunnar ættu að geta rætt! Hvergi var minnt á það sem gerðist á þessum sömu slóðum 4. maí 1890. Einu sinni minntist maðurinn á Sovétríkin, sagði að þau væru "vonda dýrið", sem talað væri um í Heilagri ritningu og þyrfti að drepa.

Þegar ég lýk þessari ritsmíð um 4. maí s.l., geisar styrjöld í Kóreu. Þetta eru óttablandnir dagar, dagar óvissu og vonleysis. Öll alþýða, allra landa, þráir frið, en óttast jafnframt, að vopnaátökin, sem hafin eru, muni e.t.v ná innan skammst tíma yfir hnöttinn allan. Hlusti maður á ræðumennina við Speakers Corner þessa dagana, tekur maður eftir því, að biblíutalið hefur sjatnað, en hin líðandi stund hrópar til hvers og eins. Aftur og aftur krefjast atburðirnir, að menn taki afstöðu. Lundúnabúar hugsa með hryllingi til styrjaldarinnar. Hvað verður um okkur í hildarleik stríðsbrjálæðisins? Hvað þarf margar sprengjur eða sýklabombur til þess að breyta þessu iðandi mannhafi í viðurstyggilega líkhrúgu? Hvað væri jafnvel Belsen eða Buchenwald móts við slíka ógnun? Og hvað er jafn meinlaus ráðstöfun og bann við hátíðahöldum í tilefni maídagans samanborið við hitt – að dýrka morðtöl og bindast fóstbræðralagi við starfandi atomsprengruframleiðendur? Margir, sem fram til þessa hafa sofið, vakna nú af dvalanum við vandan draum, svipast um, krefjast svars við tímabærum spurningum. Ályktanir manna eru misjafnar. En eitt er víst. Friðardúfan og flugvélin sem flytur kjarnorkusprengruna – þær geta aldrei átt samleið.

## 2. Kirkjan og knæpan

Skiljanlega er margt af því merkasta í sögu Breta tengt kirkjunni og trúarbrögðunum að meira og minna leyti, enda eru ýmsar af helztu byggingum í London, þeim sem ferðamönnum er bent á að skoða, kirkjur, sumar heimsfrægar eins og t.d. Saint Paul's Cathedral og Westminster Abbey. Fyrstu dagana sem ég dvaldí á þessum stað, fór mikið af tíma mínum í að skoða þessi hús. Þau eru beinlínis þáttur í sögunni, og það er ekki hægt að ganga um þau án þess að hafa það á tilfinningunni, að hér hafi í rauninni eitthvað mikið gerzt, endaðótt ekki verði heldur hjá því komizt, á hinn bóginn, að finna til þeirrar nauðsynjar, að eitthað ennþá merkilegra, mannúðlegra og fegurra eigi eftir og þurfi að gerast bæði innan og utan þessara glæstu veggja, ef allt á ekki að verða að morandi kirkjugarði rómatískra endurminninga og stöðununar. Það er í senn þægilegt, háleitt og þó dálítið óviðkunnalegt að reika undir oddbogahvelfingum Westminster Abbey, þar sem varla er hægt að þverfóta án þess að fótumtroða legstaði jafn ágætra manna og Ísaks Newtons, Handels, Dickens og Tómasar Hardy (hvers hjarta var reyndar grafið í Dorset). Endaðótt slík mannvirki geti virzt talandi tákn um varanleik, hefð og fastheldni, sem getur skapað vissa tegund af öryggiskennd, þá eru þau bústaðir dauðans. Hér liggur dautt konungafólk, dauð skáld, dauðir stjórnálamenn. Og hvergi verður maður jafn vantrúaður á upprisu holdsins og eilíft líf eins og á slíkum stöðum. Hróarskeldu-dómkirkjan í Danmörku er helzta dæmi þessa á Norðurlöndum, enda var það þar sem Matthías Jochumsson orti kvæðið sem hefst þannig "Gefið loft, gefið loft, gefið lífsanda loft!"

Það er mikið vafamál, hvort hægt er að tala um nokkra sérstaka höfunda meðal kirkjubygginga lútherskunnar fremur en hægt er að tala um nokkurt sérstakt sameiningartákn hennar annað en misjafnlega útþynntan bókstaf, – og svo náttúrlega "guð". En ef nokkur kirkja stendur nærri því að vera það, er það St. Paulskirkjan, því hún er stærsta guðshús sem lútherstrúarmenn hafa reist. Síðastliðið þriðjudagskvöld var allur þessi víði geymur fullur af



fólki; það hefur skipt mörgum þúsundum. Messías, frægasta verk Handels, það tónverk, sem oftast er flutt í Englandi af öllum tónverkum, var uppfært þarna af fimmhundrað manna kór og stórrí hljómsveit. Betur er varla hægt að nota lútherska kirkju heldur en túlka í henni verk Handels, Bachs og annarra snillinga, sem lútherskan hefir fóstrað – ef hægt er að segja, að list þessara snillinga sé í rauninni háð nokkrum sérstökum trúarbrögðum frekar en t.d. byggingarstíll eða ljóð. Það bezta í allri list, öllum trúarbrögðum, öllum stjórnmalastefnum, það er öðru fremur hið mannúðlega. Í því mannúðlega mætast allar listir og stefnur að meira og minna leyti – það bezta í þeim. Einhver göfugasti og dýrmætasti hæfileiki mannsins er sá að kunna og hafa þörf fyrir að dást að einhverju. Ekkert glæðir þann hæfileika, þá gáfu, betur en hljómlist. Messías, lofsöngur sá sem Handel samdi eftir langvarandi þrengingar og stöðnun, er meðal glæsilegustu verka sem helguð hafa verið mannum sem kallaður var til að deyja fyrir fjöldann, eitthvert hið barnalegasta og einlægasta þeirrar tegundar í tjáningu sinni, enda háleitara og fullkomnara öllum messum, öllum prédikunum og stagli um gildi bókstafs. Á stytta þeirri af Handel, eftir Roubillac, sem stendur í Westminster Abbey fyrir ofan þann stað þar sem jarðneskar leifar tónskáldsins hvíla undir gólfhellunum, stendur letrað á handritsörk í höndum hans þessi orð úr Messíasi: " I know that my Redeemer liveth." Hin eilífa ósk hins undirokaða eftir því, að einhver leysi hann undan okinu, hjálpi honum til þroska, frelsi hann.

Á sunnudaginn var gekk kirkjurækni mín jafnvel svo langt, að ég fór eldsnemma á fætur til þess að geta verið viðstaddur hámessu í St. Stefánskirkjunni, sem er um það bil þriggja kortéra járnbrautarferð, innanbæjar, þaðan sem ég bý. Ástæðan fyrir því, að ég tók upp á þessu, var þó ekki guðhræðslan fyrst og fremst heldur sá algengi ljóður ferðamannsins að vilja sjá merka og sjaldgæfa hluti. Sá hlutur, sem þarna var að sjá, er þar nefnilega ekki hversdagslega og heldur ekki nema um messuna á sunnudögum.

Ég var búinn að koma að gröfum fjölmargra nafnkunnra Breta frá ýmsum öldum, reyna að lifa mig inn í fortíðina eftir beztu getu, og fannst því ekki nema sanngjörn og heppileg tilbreyting í því að fá tækifæri til að sjá einhvern frægasta listamann brezku þjóðarinnar núlifandi, en svo var mér sagt, að hann mundi vera meðhjálpari í þessari kirkju. Það er Nóbelsverðlaunaskáldið Thomas Sterns Eliot.

Þesskonar fregn getur látið næsta ótrúlega í eyrum okkar sem komum frá trúleysinu á Íslandi. Við myndum vart geta ímyndað okkur það heima að skáld ynni sér það til sálhjálpar um helgar að skryða klerka. En meðal Breta þætti slíkt síður en svo frásagnarvert. Þeim stykki ekki bros. Í hinu ofursvipdaufa, innantóma og tilgangslausa kaffihúsalífi Reykjavíkur, sem vart á sér nokkurn sjarma, aukinheldur tradísjón, þætti sjálfsagt hjákátlegt, ef sú frétt spyrðist einn góðan veðurdag, að eitthvert skáldið leyfði sér að eiga trúarlegt áhugamál. Meðal stórþjóðanna er hinsvegar sá öfginn algengari, að skáldin (einkum þó þau smærri) sjái enga aðra leið fyrir mannkynið út úr ógöngum þessa heims eða annars en trú og aftur trú. Þess vegna bið ég lesandann að láta sér ekki bregða þótt ég fullyrði, að lengi hafi ekki önnur eins trúaralda gengið yfir þorra listamanna og skálda, t.d á Bretlandseyjum, sem einmitt nú, og það ekki aðeins í röð smærri spámana, heldur og hinna, sem meir eru metnir. Thomas Eliot, Graham Greene og Ewelyn Waugh# eru einna þekktastir í hópi kirkjulega sinnaðra höfunda brezkra, er taka jafnvel yrkisefni úr Biblíunni. Tveir hinir síðarnefndu eru kaþólskir, og enginn léti sér bregða, þótt Eliot bættist í hóp þeirra. Ég ætla mér ekki að draga neinar álykanir af þessu. Sízt myndi mér detta í huga að halda því fram að þetta gefi í skyn nokkra almenna trúar"vakningu". Hins vegar bendir það á nokkrar efasemdir um gildi þeirra leiða, sem fjöldinn fer, og þó kannske öllu fremur á þreytu, lífsleiða, svartsýni, óbeint vantraust á þeim sem stjórna ríkinu.

En svo vík ég aftur að Eliot.

Messan í St. Stefánskirkju hófst stundvíslega klukkan ellefu og nokkru fyrir messubyrjun gekk hann inn, meðalmaður á hæð,

klæddur dökkbláum þykkum vetrarfrakka með spæl að aftan, nokkuð mikið farinn að hærast, hvass á brún, niðurlútur, kraup fyrir Jesúmyndinni þegar hann kom inn og tók sér síðan sæti á þriðja fremsta bekk. Ég fylgdist vel með honum, því ég sat á yzta bekknum, en Eliot nokkuð til hliðar við mig með hendur í vösunum, kuldalegur og djúphugsandi.

Kirkjan fylltist og messan var geysiáþekk kaþólskri messu; einnig klæðnaður presta og kórdrengja bar svip þess sem tíðkast innan móðurkirkjunnar. Milli mín og Eliots settist spikfeitur yfirstéttarbreiti, vel klæddur, virðulegur og nokkuð við aldur. Ekki alllangt frá stóð hempuklæddur ungur maður, forsöngvari safnaðarins, og sló nokkrar nótur við upphaf hvers sálms á lítið píanó við bekkendann. Annars var söngur kórdrengjanna og prestanna það hátíðlegasta við þessa guðsþjónustu, sem þó gaf lítið eftir formföstustu messum kaþólskra að hátíðleika og siðum.

Lítið man ég úr ræðu prestsins, en það man ég, að þegar líða tók að postulegri kveðju heyrði ég undarlegt skjáfur ekki langt frá mér, líkt sem nokkur sixpenny hryndu niður á kirkjugólfið úr vasa feita mannsins, og datt mér ekki annað í hug en maðurinn væri að taka upp talnabandið sitt. Þó var það ekki svo. Þegar ég leit við var hann að reyna að grípa með hvítum sællegum fingrum sínum um örsmáar lakkrískúlur í pínulítilli dós, en það var eins og kúlurnar vildu heldur hlýða þyndarlögmálinu en gotteríslöngun eigandans; kannski vegna þess það var verið að messa.

Ég þóttist nú farinn að sjá, að eitthvað hlyti að vera bogið við þá sögu, að Eliot væri meðhjálpari í kirkjunni, því ekki gat ég betur séð en hann sæti hæverskur og hreyfingarlaus á hörðum kirkjubekknunum, hvað sem leið íklæðningu presta og þessháttar. Ég var hættur að taka eftir honum, beið þess eins að messan færi að enda, því ég þurfti að hitta kunningja minn sem bjó í hóteli þar skammt frá, áður en hann færi í matinn. En þá veit ég ekki fyrri til en einhver stendur til hliðar við mig og bíður þess að ég líti upp. Ég leit upp og er þar

kominn T.S. Eliot með heklaða skjóðu. Hann stendur þarna og horfir á mig, grafalvarlegur eins og hann haldi á sjálfu sakramentinu, en ég gríp þegar í stað niður í vasa mína og legg fáeina koparhlunka í skjóðuna. Síðan gengur maðurinn burt. Þetta var starfi hans í kirkjunni. Og senn var messan á enda.

Að kvöldi þessa sama dags var ég staddur á gjörólíkum stað í öðrum bæjarhluta, öðru helzta listamanna- og rónahverfi Lundúna, er nefnist Chelsea. Soho, sem er talið standa næst Montparnasse í París að bóheimskum dásemdum, er öllu stærra og "mikilfenglegra" listamannahverfi en Chelsea, einnig nær helztu byggingum og samgönguæðum. En þetta kvöld höguðu örlögin því þannig til, að ég leit inn í nokkra skemmistaði og krár Chelsea-hverfisins, beinlínis í þeim tilgangi að sjá með augum ferðamannsins.

Þessar knæpur þeirra eru hver annarri líkar, sumar að vísu gamlar og eiga sér "sögu", aðrar tiltölulega nýjar. Hér er ekki um að ræða kaffihús eða knæpur í sama skilningi og þekkist á Íslandi, heldur bjórstofur og víndrykkju, reyndar mun skikkanlegri flestar en t.d. Hótel Borg í Reykjavík er nokkru fyrir lokunartímann. Að því leyti sem þessar knæpur eru frjálslugar, þá er það á allt annan hátt en heima. Þarna er selt vín, allar tegundir, – sem ekki virðist þorandi í íslenzku samfélagi að undanteknum tveim "virðulegum" veitingahúsum í Reykjavík. Þarna stendur upp feitur kvenmaður og labbar upp á hljómsveitarpallinn mitt úr hópi gestanna og fer að syngja – af því hana langar til að syngja og er ekkert hrædd við það, að heil höfuðborg tali um hana í marga daga á eftir vegna uppátækisins. Sem sagt: það er frelsi hins tortryggislausla andrúmslofts heimsborgarinnar, – sem einnig felur í sér þá geysilegu hættu að einstaklingurinn glatist í hópnum. Það er erfitt að gera grein fyrir því í fáum orðum, hvaða tilfinning greip mig, þegar ég gekk um þessa staði, gleðikrárnar, þar sem síðhærðir, skeggjaðir, "listamenn" tróna í fjöldanum. En ef ég ætti að tjá það í sem allra fæstum orðum til þess að gera ekki oflangt sendibréf öllu lengra en orðið er, mundi ég vilja segja: Þrátt fyrir allt frelsið, – þrátt fyrir sjarma

listamannahverfisins, vínveitingar knæpunnar, samanlagða fegurð ýmissa hispurslausra brezkra stúlkna, – þá er það ekki hér sem lífið gerist. Lífið gerist aldrei á þeim stöðum þar sem maðurinn flýr til að gleyma – og glata sjálfum sér, tíma sínum, öllu. Það er jafnvel meira líf innan um rykfallnar marmarahellurnar í Westminster Abbey heldur en í svælu og reyk þeirra skemmtistaða, sem fjöldinn gerir sér að góðu vegna þess hann þekkir ekki aðra betri. Og skáld, sem safnar aurum undir messu gerir tvímælalaust þarfara verk en hitt sem kastar þeim í feitan knæpuhaldara, – ekki hvað sízt ef messusamskotin gerðu það að verkum, að þúsundir manna gætu hlustað á "Messías" í Pálskirkjunni eitthvert kvöldið fyrir ekki neitt.

### 3. Einn þáttur úr Lundúnaveldi

(London 1950)

Sú von hefur rættzt, að hvítglóandi torg dagsins sveipaðist bláum slæðum ævintýrisins. Undir bláum himni verða steinhellurnar kaldar líkt og ofnplötur sem einu sinni voru rauðkyntar verða bláar og kaldar, þegar glóðin er kulnuð og enginn eldur meir. En hvernig verða andlit fólksins? Spyr þú, andlit hálf í skugga, hálf í ljósi, hvernig verða þau? Við því eru eins mörg svör og andlitin eru mörg. Tíu milljón svör, ef þú vilt. En þú átt vitanlega við svipina, sem birtast eftir að dagsljósið er horfið og aldrei sjást á torginu meðan það glóir í sólarhitanum. Þú átt við þá. Þig langar til að sjá þá. Hér eru þeir. Láttu þér ekki bregða. Í andliti þeirra er nefnilega þjáning og tortíming, sekt og skömm, vonleysi og tortryggni. Það eru gagnsæ andlit. Og meira viltu vita. Þú vilt vita, af hverju þessi andlit eru einmitt svona, af hverju þessi brosleitu og þó gleðivana augu stara á þig um leið og þau forðast þig. Á ég að svara því? Ég kemst í vanda. Ég veit ekki, hvort þú trúir mér. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þú skiljir mig, þótt ég haldi fyrir þig langa ræðu, hlæi í eyru þín á sama hátt og þessir æpandi barkar, sýni þér inn í alla þá heima, sem augu þeirra geta tjáð með snöggu bliku, ég gerði ekki ráð fyrir því, að

Þú tryðir mér, skildir mig. Þú vilt kom á söfnin að degi til, þegar hitinn er mestur og forsælan innan við raka veggji eru komumanninum líkn. Þú vilt geta sagt, að þú hafir skoðað British Museum, Saint Paul's og Westminster Abbey. Á heimleiðinni skrifaðu svo langa ferðapistla og birtir myndir af gömlum húsum, sem þú hefur heimsótt að degi til. Og samt hefurðu ekki hina minnstu hugmynd um Lundúnaborg, vegna þess að þú hefur aldrei lagt það á þig að ganga úti að nóttu til, segja um stund skilið við betri fötin þín og tekið á þig mynd fátæklings, aldrei kynnt lífi þjófsins, svartamarkaðsbraskarans, kynhverfingsins, eiturlyfjaneytandans, skækjunnar, fjárhættuspilarans eða betlarans. Heimsborgin er ekki glæsileg bygging, konungafólk eða trjágarður. Heimsborgin er hið blágula, tærða andlit næturinnar, andlitið sem aldrei lítur sólina, andlit þess sem byggir undirheima. Þau sjást innan um þúsundirnar á götunum, án þess þú takir sérstaklega eftir þeim. Það er ekki fyrr en Piccadilly og Soho hafa tæmst af þessum sljóa og skilningslausa múg, sem gengur þar um mestan hluta sólarhringsins, að þau andlit verða eftir. Og bak við reykskýið á kránni glotta þau og talast við – á máli sem þú ekki skilur, því þar hafa flest venjuleg orð aðra og dýpri merkingu en þér hefur auðnast að vita, og aðeins ein synd til. Ein synd spyr þú. Svar: Það er sú synd að vera ekki þögull um hluti sem fólk ekki skilur, þögull um fyrirætlanir hins þrönga samheldna hóps, hvort sem þær eru innbrot, svartamarkaðsbrask eða mansal, þögull um óttann, sé honum fyrir að fara. Í þeim hópi er þögnin höfuðdyggð, skilningur og þekking á mannlegu eðli nauðsynlegur hæfileiki, ásamt afleiðingum þessa alls, sem er frjálsslyndi og víðsýni þess sem ekki dæmir. Ef ég bendi á þessi andlit og segi svo þú heyrir. – Mannlegra, betra og jafnvel saklausara fólk en þessu fólk hefi ég aldrei kynnt, þá hróparðu upp með sálhjálparrótta í röddinni. Almáttugur, skelfing er að heyra, hvað maðurinn er spilltur! Og mér þykir leiðinlegt, þín vegna, að þú skulir hafa samúð með mér. Það er óþarfi að hafa samúð með þeim sem skilur. Því að skilji hann, þá er honum borgið, kæri hann sig um

það. Sjái hann gegnum allan svindilinn, eigi hann til að bera þetta nauðsynlega sambland af kæruleysi og ábyrgðartilfinningu, þá er veröldin hans. Líttu í þessi andlit. Það eru andlit einfeltninnar og hins margbrotna, hins sæla og hins þjáða, þess sem er einn og hins sem á vini. En það er ekki andlit dómarans. Og maður kemur til okkar og talar um Indian hay eða Texas tea. Marihuana! Hvísla ég í eyra þér til þess að gefa þér skýringu. En þú skilur ekki einusinni, hvað marihuana er, því að þú hefur aldrei neytt eiturfjafa. Þú veist ekki fyrr en ég segi þér það, að þetta eru sígarettur, eiturfjaf, sem maður reykir eins og ópíum. Miss Emma? spyr hann þá. Það skilur þú ekki heldur. Ég lét þig vita, að það sé heiti á morfíni, en þú ypptir öxlum gáttaður. Hvað á það að þýða að nefna þetta öðrum nöfnum en venjulegum? spyr þú. Og ég er að því kominn að gefast upp við að svara. Að lokum hefur afstaða mín til þín breytt á þann veg, að ég fer að gera meinlaust grín að þér og spyr þig, hvort þú viljir ekki koma á pansy-ball. En óðara sé ég eftir að hafa spurt þig þannig, því þegar allt kemur til alls, get ég enganvegin krafizt þess af þér, að þú vitir neitt. Þú hváir við spurningu minni, en ég flýti mér að svara og segist ekki hafa sagt neitt. Piccadilly og Soho, að ógleymdum þeim hverfum sem þéttbýlust eru, hafa löngum verið heimkynni þeirra sem teljast til "the underworld". Sá sem aldrei hefur gist þann heim, aldrei viljað kynnast honum, skilja hann og forsendur hans, hann hefur ekki séð heimsborgina. Í skrautlegum salarkynnum gleymist betlarinn. Í leikhúsum gleymist hinn tragikómíski sjónleikur, sem á sér stað nokkrum metrum fyrir utan leikhúsveggina. Í frásögninni af glæsileik Lundúna er hvergi getið um ástina, sem ekki þorir að nefna nafn sitt, orsökina fyrir því að andlit næturinnar eru blá og gul, tilefnið til þess, að unga stúlkan fyrirfór sér í Thames, auðmanninn sem stjórnar hópi auðnúlítilla glæpamanna. Í skýrslum lögreglunnar er sumt af þessu geymt. En ekki allt.

#### 4. From The Underworld

Þegar ég byrja þessar línur, er aðfaranótt þ. 8. júní, kl. um eitt. Ég er nýkominn heim eftir tveggja stunda veru í Piccadilly-hverfinu. Ég hefi lagt í vana minn undanfarið, fremur venju, að fara þangað niðureftir – eða eitthvað niður í miðbæinn um 10 leytið á kvöldin og vera á rangli um þessa lærdómsríku staði þangað til síðasta lestin á Northern-line leggur af stað frá Leichester Square. Þarna er margt skrítið fólk að sjá – eins og víðar í borgum – og er langt síðan ég hætti að kalla allt ömmu mína í þeim sökum. Ég hefi kynnst "the underworld" í a.m.k. 5 stórborgum að meira og minna leyti. Þessi smáatvik sem ég skráset hér í upphafinu eru því á minn mælikvarða nauðaómerkileg. En skeð getur, að þau leiði til einhvers meira – og þess vegna hripa ég þessa dagbók niður mér (og lögreglunni?) til skemmtunar.

Ég sæki mikið kaffihús Lyons á Piccadilly, salinn á the ground floor, en þar er selv-service og því bæði ódýrt og fljótt að fá í sig. Ég kem þar ætíð einn – eða svo að segja – og þá upp úr hálf-ellefu, til að drekka kvöldkaffið. Þó brá ég út af vananum í gær og borðaði þar hádegisverð ásamt nokkrum löndum mínum. Hversu undarlegt var ekki að koma þangað um hádegi! Það var eins og allt annar staður! Fólk (lunch), þjónar í svörtu og hvítu, dagsbirta í fremri salnum! – Á kvöldin er öðruvísi umhofs þar. Þetta er að vísu mjög skikkanlegt veitingahús, hvort heldur er að kvöldi eða degi til. En undir miðnætti safnast þangað lýður, sem á yfirborðinu getur virst venjulegir og heiðvirðir borgarar. En í augum manns, sem er jafnvel heima í þeim hlutum og ég, er ljóst, að þetta samsafn er að miklu leyti tilheyrandi "the underworld." Skækjur, svartamarkaðsbraskarar, kynvillingar, eiturlyfjaneytendur, fjárhættuspilarar, alfonsar o.s.frv. Ég læt sem minnst á því bera, að ég veiti þessu fólki athygli, en það interessar mig mikið út frá psykologisku og sósíölsku sjónarmiði. Fjölmörgum týpum hef ég ekki komist hjá að fylgjast með, þekkja í sjón og skilja hvaða "flokk" tilheyra. Ætla ég ekki að rekja það hér að sinni, heldur snúa mér að dagbókarlegri atriðum.



Í gærkvöldi, rúmlega 12, stóð ég í Glasshouse Street, nærri Piccadilly. Framhjá mér gekk maður, sem ég hef oft veitt athygli, og staðnæmdist rétt til hliðar við mig, aftanvert. Hann sagði: "Got a spare cigarette?"

"No, I am sorry," svaraði ég.

"French?" spurði hann og var mjög lipur á manninn.

"No. Swedish," ansaði ég og var einnig lipur.

"Oh, Swedish?" sagði hann og hélt áfram að vera galant. "Where from?"

"Stockholm," svaraði ég. "Have you been in Sweden?"

"No. I've never been there, but I know fellows from Sweden," sagði hann.

"I wonder what the time is," sagði ég – því ég kærði mig ekki um að tala öllu lengur við manninn.

"Oh, it is five past twelve," svaraði hann og bentu um leið þangað sem klukka var hinummegin við húshorn ekki langt frá. Og ég gekk burtu, án þess að kveðja formlega. En maðurinn brosti, merkilega góðmannlegu brosi af jafn dökkum manni yfirlitum.

Ég hefi lengi haft hann grunaðan um að vera alfons eða homosexual. Hann er ca 32 ára, meðalmaður á hæð, dökkhærður, nefið dálítið bogið, augun glampanði. Hann er fremur brosleitur, er hann talar, og gefur sig oft að hórunum og þeim mönnum, sem ég er viss um, að eru invert. Klæðnaður hans er jafnan brúnar, einlitar buxur, bláleit skyrta, amerískur, brúnköflóttur jakki, sniðlaus, með smáum köflum. Hann stendur oft þannig, að hann hallar sér upp að húsvegg með jakkann fráhnepptan. Ég tók fljótlega eftir því, að áberandi er hversu maðurinn hefur stór genitalia. Göngulag hans er ekki beinlínis pervert, en það er laust við að vera karlmannlegt. Í kvöld sá ég hann ekki.

Í kvöld varð ég hinsvegar fyrir því, að annar maður vék sér að mér. Ég var á gangi austur Coventry Street og ætlaði að fara yfir Rupert Street, er maður á aldur við mig, fremur dökkur á hár og rauður í andliti, ekki illmannlegur, vék sér að mér og sagði eitthvað,

sem mér heyrðist vera beiðni um eld. Ég hálf-stansaði og gaf í skyn, að ég hefði ekki eld. En hann hóaði í mig, kurteislega þó, og fékk mig til að tala við sig. Hann spurði mig einhverra spurninga fyrst, er ég skildi hvorki upp né niður í, því hann talaði mjög líkt cockney. Ég baðst þegar í stað afsökunar á því, að ég skildi hann ekki, sagðist ekki vera enskur – spurði, hvort hann gæti ekki talað skýrar. Þá brá svo við, að hann fór að tala all-skiljanlegt mál. Hann spurði mig einnig, hvort ég væri franskur, sagðist hafa fundið það, er ég talaði fyrst og hvernig ég gestikuleraði. Nei, ég sagðist vera sænskur. "Really?" kváði hann og spurði, hvað ég hefði lengi verið hér, hvort ég kynni betur við mig hér eða í Svíþjóð o.s.frv. – Ég rabbaði við hann ca 5 mínútur. Hann spurði mig heiti, og ég kvaðst heita Mar; ekki tók ég fram hvort það væri fornafn eða eftirnafn. Hann kvaðst heita Michel og bauð mér adressu sína, tók upp veski (þar var m.a. andlitsmynd af ljóshærðri stúlku), grúskaði í því; en ekkert varð af því, að hann gæfi mér adressuna. Hann spurði mig –, hvað ég gerði, og ég sagðist vera journalist. Hann kvaðst vera götuljósmyndari, en myndavél sín væri biluð, hann hefði orðið að senda linsuna í viðgerð eitthvað langt burtu eða panta nýjan varahlut (ég hlustaði ekki með verulegri athygli, enda skeptiskur), og bað mig um að gefa sér ca tvö pens. Ég kvaðst ekki eiga nema half-penny, – sem ég laug – og hann varð að gera sér að góðu að fara bónleiður af mínum fundi. En þar með var samtalið þó ekki búíð. Eitthvað það fyrsta, sem hann spurði mig um, var það, hvort ég sækti nokkurn sérstakan klúbb, spilaði billjard, snóker, o.þ.h. Ég kvað nei við því, en sagðist gjarna vilja kynnast klúbbum eitthvað. Hann bauðst til þess að fara með mig í klúbb, en ég afþakkaði, því það var orðið framorðið og ég ekki undir það búinn. Hann nefndi klúbb nærri Marble Arch, sem vinur sinn væri meðlimur í. Hann vildi endilega fara með mig þangað, ef ekki nú, þá síðar. Og það varð að samkomulagi milli okkar, að ég hitti hann fyrir framan Pavillon-bíóið við Piccadilly á föstudagskvöldið kemur kl. 9. Hann lagði fyrst til, að við hittumst þar kl. 7, en ég sagði, að það væri heldur snemmt fyrir mig. Ég er hissa á því, hvað

mikinn áhuga þessi maður virtist hafa fyrir mér, og er spenntur að vita, til hvers þetta leiðir. Ég er við öllu búinn – eins því, að þetta sé ofur "bragðlaus" leikur – í öllum merkingum þess orðs. Ég hugsa samt, að ég komi á tilsettum tíma, enda þótt ég sé önnur kafinn í leikritinu mínu þessa dagana. – Hann kvaðst oft hafa tekið eftir mér á gangi um Piccadilly að kvöldi og um miðnættið, en svo merkilegt sem það er, og þó ekki ýkja – merkilegt – þá hef ég aldrei veitt honum hina minnstu athygli.

Hann kemur mér fyrir sjónir sem dálítið nervös persóna, ekki beinlínis slæmur strákur – en getur þó náttúrulega verið stórglæpamaður –. Hann sagðist vera írskur að ætt, en hafa verið í London mestalla ævina. Hann var klæddur dökkbláum fötum með röndum; berhöfðaður með feiti í sveipugu hárinu. Hann var æðasprunginn í framan, en virtist ekki vera drykkjutýpa; og alveg ædru var hann. Ég hugsa, að hann sé iðjuleysingi, e.t.v. þjófur eða spilafífl; líklega ekki invert; e.t.v. alfons. Annars verð ég að láta frekari skrif um hann bíða, þangað til eitthvað meira hefur gerst.

*Átta dögum síðar skrifar E. á sama blað:*

Það hefur dregist, að skrifa meira í þennan dagbókarþátt. Þegar ég hugsa mig um finn ég, að það er skylda mín að halda honum ekki áfram – að svo stöddu. Enda myndi hann taka of langan tíma frá öðrum störfum mínum, ef ég skrifaði hann svo nákvæmlega sem þyrfti.

## 5. Júlídagur í Bretlandi 1951

Ég var maður þreyttur, bæði á líkama og sál, þegar ég um mánaðamótin júní-júlí tók mér ferð með ms Heklu til Glasgow. Undangengnar þrjár vikur hafði ég keppzt við að vélrita upp úr tólf þéttskrifuðum stílabókum sjálfsævisögu Benedikts Gröndals til birtingar í lokabindi ritsafns hans; samtímis þessu hafði ég orðið að

lesa prófarkir af bókarþýðingu eftir mig, sem fara þurfti í prent; auk þess neyðst til að hripa upp þýðingar á einum tíu blaðagreinum og smásögum til þess að hafa fyrir mat; að ógleymdu því, að svo til daglega varð ég að hafa mig allan við í þeirri tilraun minni að gera viðkomandi yfirvöldum skiljanlegt, að óhætt væri að láta mig hafa smávegis lúsarklínu af erlendum gjaldeyri, hvað illa gekk. Sú staðreynd virtist nefnilega ekki hafa hlotið mikinn skilning í röðum íslenskra gjaldeyrisyfirvalda, að ungum íslenskum rithöfundum er ekki síður gagnlegt að sækja heim önnur lönd heldur en t.d. jafnöldrum þeirra í skólum, tafleinvígum, ellegar sportkeppnum. (Hvað skyldu annars margir rithöfundar hafa efni og aðstöðu til að fara fram á gjaldeyri? Það skyldi þó ekki vera að skranvöruinnflytjendur séu fleiri?) Hvað sem því líður, á tókst mér að leiða þessa mjög svo hæpnu baráttu til sigurs: – að vísu var það á síðasta augnabliki – því að öllum jafni er starf rithöfundar á Íslandi þeim annmarka háð, að öldungis er undir hælinn lagt, hvort t.d. nokkur greiðsla fæst fyrir það sem hann vinnur – svo ég tali ekki um hitt, **hvenær** sú greiðsla kemur. – Eftir tvísýnt kapphlaup við tímann og eftir hlutfallslega erfitt rex og málavafstur, tókst mér að ná þeirri skipsferð sem ég hafði ætlað. Og láí mér hver sem vill, að fyrsta hugsun mín um borð var sú, að nú reyndi ég öllu fremur að veita mér þann munað að hvílast – sofa, borða og hvílast, í mesta lagi glugga í bók.

Flestum sem eitthvað hafa ferðast – og þá einkum erlendis – mun þó koma saman um það, að raunverulega sé hvíldar sízt að leita á ferðalögum. Með tilliti til þess hversu einatt ferðamönnum er gert óhægt um vik með allskonar tortryggni, svo sem á tollgæzlustöðum og skrifstofum, má segja, að til þess að leggja upp í langferð þurfi maður eiginlega að hafa hvílt vel fyrirfram og vera vel við því búinn, að mæta dónum. Sama er að segja um þá, sem veita sér þann munað, að vera sjóveikir milli landa, og liggja fyrir í kojum sínum. Þeir mega vera eitthvað meira en lítið hættulegir, ellegar leggja af þeim því stækari pest, ef þeir eiga að geta gert sér vonir um að vera í

fríði næturlangt fyrir daunillum þjórum og öðrum háværum lýð, sem treður sér inn á svefnklefa fólks eftir að rekið hefur verið út úr salarkynnum ofanþilja.

Ég hvíldist að vísu ágætlega á þessari tveggja sólarhringa siglingu til Skotlands. En því miður fór ég ekki með öllu varhluta af drykkjusiðum fúllyndra manna sem að þjóðlegum hætti voru alls ókátir, þótt svo ætti að heita að þeir væri að skemmta sér.

Ósköp þótti mér Glasgow leiðinlegur bær. Ég var líka óheppinn með veður. Til áréttingar gráum og þungum svip staðarins féll sífellt steypiregn þá fáu klukkutíma, sem ég var þar um kyrrt. Ég tók því fyrstu daglest til London, þótt mér sé fremur ógeðfellt að ferðast með járnbrautum að degi til nema í neyð. Enda stóð þá heima strokkur og mjaltir, að eftir því sem fjær dró hinum skozka hafnarbæ glaðnaði til, og fyrr en ég vissi var ég á ferð um eitthvert fegursta hérað Bretlands, Vatnahéraðið, þar sem óvart kom upp í huga mér skrýtin vísa sem ég lærði í bernsku og er einhvernveginn á þessa lund:

England grær með grösug fjöll,  
góð uppsprettu vatna föll,  
kostulega byggðar brúr  
og blómlegastan kirkna múr;  
þar má stúlkur fríðar fá  
og féleg reyfi sauðum á.

Svo þegar skyggja tók og fjöllin, vötnin og skógarnir hurfu inn í móðu, sneri ég mér frá glugganum og tók upp bók, sem ég hafði gripið til í einni prentsmiðjunni áður en ég fór. Það var "Fólkið í landinu" [eftir Jónas Árnason]. Og niðursokkinn í lestur á kvennafari Péturs Hoffmanns rumska ég loks við það, að lestin rennur inn á King Cross stöðina í London.

Í vasa mínum fann ég samanbrotið kort, sem einhver hafði gaukað að mér um leið og ég steig á land, sennilega passaskoðarinn. Á því stóð "Welcome to Britain" og þar að auki nokkrar upplýsingar handa ókunnugum ferðamönnum, m.a. um það, að á Englandi sé ennþá skömmun á kjöti, smjöri, eggjum, sykri, ostum, sælgæti og fleiru. Þetta kannaðist ég reyndar við, því ég hafði verið þarna áður. En hitt kom mér nokkuð á óvart, að skammturinn hafði beinlínis verið minnkaður á flestum þessum vörutegundum frá því árið á undan og ekkert útlit fyrir að úr yrði bætt í náinni framtíð.

Strax fyrsta kvöldið á Piccadilly tók ég eftir muninum á viðhorfum fólksins og afstöðu miðað við það sem verið hafði, þegar ég var hér síðast –, ellefu mánuðum áður. En þá, í júlílok 1950, hafði Kóreustyrjöldin aðeins staðið yfir um eins mánaðar skeið, og allt leit út fyrir að fara í bál og brand í veröldinni. Mér eru minnisstæð kvöldin fyrstu vikunnar sem Kóreustríðið stóð yfir, Á helztu götum stórborgarinnar, þar sem glaumurinn og skartið ríkir að öllum jafni, mátti sjá glögg merki þess, að eitthvað hörmulegt hafi gerzt, ófriðarbliku dregið á loft – og enn þá hörmulegri tíðindi líkleg og væntanleg á hverri stundi. Þá var jafn sennilegt, að kjarnorkusprengrinn eyddi þessu marglita mannhafi og húsakraðaki fyrirvaralaust hvenær sem var, rétt eins og hitt að komið yrði í veg fyrir frekari útpenslu stríðsins að sinni. Já, ástandið í alþjóðamálum var vissulega öllu ískyggilegra hinar döpru sumarvikur 1950 en það var nú, og þess mátti sjá glöggan mun. Endaðótt Bretar þyrftu að herða ólina meira nú en nokkru sinni síðan síðustu heimsstyrjöld lauk, var þó kvíði alls þorra manna tvímælalaust minni; það var eins og fólk væri farið að treysta því, að valdhafarnir færu ekki að etja til kjarnorkustríðs, endaðótt þeir væru að stæla kraftana og prófa þolrifin á saklausum og fjarlægum Austurasíuþjóðum. Eins var sem lyftist brúnninn á mönnum – fremur en hitt – þegar friðarhátíðina í Austur-Þýskalandi bar eitthvað á góma. Enda fóru þúsundir ungra manna og kvenna á það mót (komust þangað að vísu við illan leik,

sökum mótsþyrnu vestur-þýskra yfirvalda), og mun ég víkja að því síðar í þessum greinaflokki.

Höfuðstaður Bretaveldis er á margan hátt einna líkastur kotbæ. Að sumu leyti er þetta næsta blessunarvert og til fyrirmyndar, en að öðru leyti bölvæð og hlýtur að valda útlendingum furðu – jafnvel þótt komi norðan frá heimskauti. Oft er talað um glæpalýð stórborga og hversu mikil hætta sé samfara því að vera á ferli um götur þar að næturlagi – já, jafnvel að degi til – einkum einsamall. Þetta er þó varla eins slæmt og menn halda. Ég hef farið allra minna ferða um Lundúnaborg á öllum tímum sólarhrings – og um "hættulegustu" hverfin án þess að verða fyrir hinu minnsta hnjaski. Og það sem meira er: dularfullir náungar með ekta morðinga- og þjófsaugu eins og í amerískri horrormynd hafa gefið mér sígarettu, ef þeir hafa séð, að mig vantaði hana. – Ég tel fullvíst, að Kaupmannahöfn, tíu sinnum fámennari, sé jafn mörgum sinnum hættulegri en London. Þar er alltítt, að menn séu rændir, barðir niður, drepnir; svo maður tali nú ekki um smávægilegri og mannlegri afbrot eins og nauðgun á einni og einni konu, svo að segja daglegt smjattefni blaðanna. Að þessu leyti er höfuðborgin brezka lítið annað en sögusögn, miðað við það, sem af hefur verið látið. Enda er þar góð lögregla, – og þegar ég segi "góð", þá á ég við það að hún tekur hlutum með skynsamlegri stillingu og festu, jafnframt því sem hún er viðbúin að leysa skyndilega úr vandanum, og óefað þjálfaðasta leynilögregla heims.

Hinar neikvæðu hliðar Lundúnaborgar – frá sjónarmiði ferðamannsins – eru svo þær, að þar er skemmtanalífið öllu þvingaðra en ætla mætti í jafn stórum stað. Þar er öllum veitingahúsum lokað klukkan ellefu á kvöldin. Aðeins einn staður í allri heimsborginni er opinn handa þeim, sem nauðsynlega þurfa að fá eitthvað ofan í sig (Lyon-House, Strand), en ein eða tvær smákrár í breiðgötunni Fleet Street opna um sexleytið á morgnana til þess að blaðasalar og prentsmiðjufólk í nágrenninu geti fengið sér volgt ofan í sig um vaktaskiptin. Ekki er hægt að kaupa sígarettur í London eftir

lokunartíma á kvöldin, hvað sem liggur á, nema á svörtum markaði ellegar í dýrustu næturklúbbum. Og um það leyti sem ferðamannastraumurinn er hvað mestur er vitanlega illmögulegt að fá inni nema á lúxushótelum. Ég varð t.d. að gera mér að góðu að búa á lúxushóтели fyrstu dagana þar í sumar. Enda var ferðamannaákomun óvenju mikil vegna "festivalsins":

En miklu var London hreinni og fegurri nú en í fyrra. Það stafaði af því, að í tilefni "hátíðarársins" brezka hafði hver einasta stórbygging verið endurbætt hið ytra og meira og minna smekklestum smágörðum komið fyrir í rústunum eftir styrjöldina, hús máluð og hverskyns mislitum skreytingum og rafljósum komið fyrir á almannafæri.

Þrátt fyrir allt var ekki laust við, að mér leiddist fyrstu dagana þar í sumar. Ég lokaði mig inni í hótélherberginu mínu og las vísindatímarit upp á 2000 blaðsíður, psykopatiska skræðu, ameríska. Veður var mollulegt á daginn, hvort heldur sást til sólar eða ekki. Nóttin var hins vegar svöl og fersk eins og við Skúlagötuna í Reykjavík.

En hvað var um að vera?

Í Tate-Gallery komst ég fyrir tilviljun á mjög merkilega höggmyndasýningu. Það var sýning á verkum enska listamannsins Henrys Moores, sem talinn er einhver snjallasti myndlistarmaður núlifandi í heiminum. Það var yfirlitssýning í þremur stórum söllum og að því leyti hagkvæm fyrir almenning, að reynt var að gera grein fyrir þróun og breytingum ýmissa helztu listaverka Moores, allt frá því hann hripaði þau fyrst upp á blað og þangað til þau fengu endanlega mynd sína, einatt mörgum árum síðar. Ekkert er eins lærdómsríkt og einmitt það að eiga kost á að fylgjast með sköpun vel unnins listaverks. Þar gildir einu á hvaða sviði það er.

Annars má segja, að listalíf og skemmtana hafi verið frekar dauft um þetta leyti, enda hásumar. Hvergi voru t.d. konsertar þann tíma sem ég var þar, nema heldur ómerkilegir léttmetishljómleikar milli 5



og 7 í Festival-konserthöllinni, og það ekki einusinni daglega. Sama máli gegndi um kvikmyndahúsin. Ég fór aðeins einu sinni í bíó og sá þá mjög góða ítalska mynd, sem hét "Vendetta", að vísu sakamálamynd, en listræn á allan hátt eins og vænta mátti.

Skemmtilega sýningu sá ég einnig, sem haldin var á vegum dagblaðsins "Daily Graphic". Hún var haldin í tilefni af 60 ára afmæli blaðs þessa og var yfirlitssýning á helztu fréttamyndum, sem birzt höfðu í blaðinu frá upphafi. Það var ekki aðeins að þar mætti á skömmum tíma rifja upp öll merkustu atriði í heimsveldissögu Bretlandarinnar áratugi, heldur var þetta jöfnun höndum saga heimsins í myndum – þ.e.a.s. þennan tíma, sem hið ágæta blað hefur gert sitt til að skrifa hana. Og ekki var Íslandi gleymt. Þar var geysistöf mynd frá alþingishátíðinni 1930. Tryggvi Þórhallsson í ræðustól í Almannagjá og stækkun ljósmyndarinnar svo prýðisvel gerð að vel mátti þekkja fjölmörg andlit þingmanna og annarra sem nærstaddir voru. Einhvern veginn er það þannig, að minna þarf til en þetta, svo að maður í senn undrist og finni til barnalegrar ánægju, þegar maður verður þess var, að munað er eftir landinu manns í erlendum stað og einkum þegar það kemur manni á óvart. Enda fór svo fyrir mér, að ég skoðaði þessa alþingishátíðarmynd miklu vandlegar en nokkra aðra mynd á sýningunni þótt ég væri henni á hinn bóginn kunnugastur.

Tímunum saman gat ég dvalizt á suðurbakka Thames, þar sem var aðalsýningarsvæði Bretlandshátíðarinnar miklu. Þar hafði rúmu ári áður verið hreinsað til í heilu hverfi gamalla vörugemyshúsa og rústa og reist af grunni mikilfenglegt sýningarsvæði með glæsilegum byggingum og breiðum brautum. Um þessa einstöku sýningu þyrfti helzt að skrifa langt mál, ef lýsa ætti henni svo í lagi væri. En þess er ekki kostur hér. Þó var hún það langmerkilegasta, sem ég sá í Bretlandi og átti líka að vera dæmi um þekkingu, tækni og menningu brezku þjóðarinnar og nýlendna hennar. Þarf því varla að orðlengja það, að þarna gaf að líta flest það sem fyrir augun ber á

heimsýningum – og fjölmargt umfram það, sem maður hefur í rauninni látið sér til hugar koma.

Fyrir hundrað árum var haldin samskonar sýning í Lundúnum, og var þá opnuð hin svonefnda Kristalshöll sem brann til ösku fyrir ca 15 árum. Um þá höll var sagt, að hún væri furðusmíð í húsagerðarlist og innihaldið eftir því. Hún var svotil öll úr gleri.

En hafi Kristalshöllin vakið furðu á því herrans ári 1851, þá hefur arftaki hennar á okkar tímum ekki síður vakið furðu. Sú bygging nefnist Dome of Discovery og inniheldur yfirlit og sýnishorn af þekkingu nútímamannsins á öllum sviðum vísinda og véltækni, allt frá heimskautarannsóknum til kjarnorkubeizlunar. Þessi furðulega bygging var ekki einungis sérstök hvað innihald snerti, heldur og um útlit og samsetningu. Hún var að lögun eins og tvær undirskálar; önnur hvolfdi yfir hinni, og náði sú langt útyfir. Gólfflöturinn neðst var því tiltölulega lítill, en að innan var byggingin í þrem hæðum, þ.e.a.s. þrennslags svalir með allmörgum stigum, útskotum og öðru slíku, sem ógjörningur er að lýsa. Í fáum orðum sagt: önnur eins bygging hefur aldrei verið reist og verður sennilega ekki reist í bráð. Það hlýtur að vera óhentugt, að sækja fyrirmyndir að húsum til undirskála eða bolla, en óneitanlega getur verið gaman að því til tilbreytingar.

Aðeins eitt hús af öllum húsum og mannvirkjum sýningarsvæðis þessa á að standa að henni lokinni. Það er hljómleikahöllin mikla, sem kennd er við Bretlandshátíðina. Öll hin húsin eru sennileg jöfn jörðu þegar þetta er ritað. Um hljómleikahöllina er það að segja, að hún mun vera sú fullkonnasta sem byggð hefur verið fram til þessa og auk þess einhver sú stærsta. Annars verður því ekki neitað, að hún stingur allmjög í stúf við aðra byggingarlist Lundúna, þannig að ýmislegt má breytast í þeim stað, áður en hún fellur inn í umhverfi sitt. Hún er í senn fábrotin hið ytra og þó ekki laus við þírumpár. En hið innra er hún óumdeilanlega fögur og þykir hafa tekizt mjög vel, hvað hljóð snertir.

Það erfiðasta við byggingu þessa húss var að útiloka utanaðkomandi hávaða. Svo meinlega vildi til, að örfáa metra frá húsveggnum fer hávær járnbrautarlest mörgum sinnum á dag með eimpípublæstri og skrölti. En svo ágætlega hefur tekizt með einangrun í húsinu, að ekki heyrst, þótt skotið sé af fallbyssu úti, ef allar hurðir og dyr eru lokaðar.

Því miður gafst mér ekki kostur á að vera við konsert í þessari myndarlegu höll. Ég var ekki þar á réttum tíma árs til þess að það mætti verða. Festival Britain, þessi ágæta hugmynd og uppátæki jafnaðarmannastjórnarinnar hefur án efa haft mikil áhrif og á ýmsan hátt borið góðan árangur. Fjárhagslega mun hún hafa borgað sig þrátt fyrir hinn óhemjumikla kostnað við undirbúning og framsetningu, endaþótt ágóðinn hafi ekki orðið mikill beinlínis. Aðsókn útlendinga varð t.d. öllu minni en Bretar höfðu gert sér vonir um. Ég hitti mann að máli í Glasgow, og sýninguna bar á góma. Hann varð alvarlegur og bjóst við tapi sökum lítillar aðsóknar ferðamanna frá útlöndum. En það mun eitthvað hafa rætt úr þessu þegar leið á sumarið, og ekki verið um beint tap að ræða að lokum.

Uppeldislegt gildi slíkrar sýningar er tvímælalaust mjög mikið. Ég leyfi mér að fullyrða að nákvæm skoðun alls þess, sem þarna gaf að líta, (en slíkt mundi taka daga og vikur) sé á við margra mánaða nám á skólabekk og umfram allt miklu lífrænni og auðveldari lærdómsaðferð. Það er of seint að hugsa um það nú, en ekki hefði verið illa við eigandi að íslenskir námsmenn úr ýmsum og ólíkum greinum hefði beinlínis verið hvattir til að komast á sýningu þessa og fengið leiðsögumenn til þess að geta skoðað hana vandlega í nokkrar vikur.

Ég hef hér aðeins minnst á Dome of Discovery og hljómlistahöllina. En þó þær væru helstu byggingarnar, þá voru þær ekki nema brot af þessari samanþjöppuðu heimsmynd, sem ógjörningur er að lýsa til hlítar eða gera grein fyrir, nema að hafa séð hana og lifað.

Það er ekki nema eðlilegt að sú þjóð, sem heldur sýningu á tækni sinni og menningu og opnar öllum heiminum aðgang að henni í auglýsingaskyni dragi fjöður yfir það sem miður fer og sé ekki opinskátt gagnrýnin á sjálfa sig. Slíkt er ekki nema mannlegt. Enda má ýmislegt læra og mörgu kynnst um hagi og háttu brezkrar alþýðu utan þess ramma sem þessari glæsilegu sýningu var settur. Ekki ber að neita, að fremur hefur líf fjöldans farlægzt eymdina og skánað. En ekki munar það ýkjamiklu frá því, sem áður var. Ennþá er stéttaskiptingin brezka í góðu gengi. Það er ekkert lát á viðnámsþrótti íhaldsins. Og í Lundúnaborg eru enn til svipsnauð, óholl og mannskemmandi hverfi, sem eiga að heita mannabústaðir. Sumt í eynd alþýðunnar er óhjákvæmilegar afleiðingar stríðsins, einkum húsnæðisvandinn. En sumt er ekki stríðinu að kenna, svo sem lág laun, a.m.k. ekki beinlínis, heldur alröngu þjóðskipulagi, sem sex ára jafnaðarmannastjórn tókst ekki að lagfæra nema að litlu leyti.

## 6. Síðustu dagarnir í London

Það voru sannarlega engin gleðitíðindi, sem lesa mátti í blöðunum daginn eftir að þáverandi fjármálaráðherra Breta, Hugh Gaitskel, flutti yfirlitsræðu sína í fulltrúdeildinni um ástandið í fjármálum landins. Boðskapurinn í ræðu hans var nokkurnveginn þessi. "Brezka þjóðin sér fram á vöntun á stáli, kolum, gulli og dollurum. Verðlag á fæðutegundum, eldsneyti, ljósmeti, fatnaði og ýmsum heimilisnaúðsynjum mun fara hækkandi. Við verðum að minnka við okkur kaup á flestu því, sem við notum í daglegu lífi. Halda verður launum í sama horfinu.

Þetta var í júlílok, og sumstaðar mátti heyra raddir um það, að ekki væri ólíklegt, að kosningar færu fram í haust. Nú hafa þær orðið, og niðurstöður þeirra hafa leitt í ljós, að engar stórfelldar breytingar höfðu orðið á fylgishlutföllum stærstu flokkanna.

Ástæðan fyrir þingmeirihluta íhaldsins er nefnilega sú, að kosningafyrirkomulag hins brezka lýðræðis er í ýmsum atriðum ærið kyndugt, og ætla ég mér ekki að fara nánar út í það hér. Hlutturinn liggur í augum uppi. Og nú er eftir að sjá, hvort hægrímönnum tekst betur hið miður öfundsverða verk að stjórna hnignandi nýlenduveli og of þéttbýlu heimalandi þess.

En svo ég víki aftur að frásögninni. – Ég tók einkum eftir því, hversu verð á fatnaði hafði hækkað frá árinu áður. Föt, sem haustið 1949 kostuðu ca 20 pund, voru nú komin upp í 35-40 – að minnsta kosti. Matur á veitingahúsum hafði að sjálfsögðu hækkað í sama hlutfalli. Og flest annað, sem kaupa þurfti.

Ferðamanni hættir til að leggja leið sína svo til einvörðungu um fremur þokkalegar götur helztu hverfanna, jafnvel glysgötturnar, þar sem helzt gefur að líta þrúðbúið fólk, en tötralyður, atvinnuleysingjar og annað fólk "lægrí stétta" á síður erindi. Fyrir bragðið getur manningum algerlega yfirsézt sú staðreynd, að þúsundir, já milljónir manna eiga við að búa sárgrætilegustu eynd og niðurlægingu. Ein er þó stétt manna, sem ekki fyrirfinnst aðeins í skuggahverfum og hliðargötum, heldur ryðst fram hvar sem hana lystir, en það eru betlarar.

Betlarar eru aumlegustu mannfyrirbæri, sem sem ég hef séð. Og þau eru ljótasta og afkáralegasta tegund skyni gæddra vera, sem auðvaldinu og fáfræðinni hefur á öllum tímum tekist að framleiða. Betlarar eru á öllum aldri – og af báðum kynjum, endaþótt karlmenn virðist í yfirgnæfandi meirihluta. Kvenfólk, sem í aðstöðu karlmanna myndi kannske hafa lagt fyrir sig betl opinberlega tekur oft og tíðum þann kost að standa heldur á götuhornum í augljósum tilgangi, þar sem hið blessunarlega "einstaklingsframtak" má sín einhvers með hjálp og tilliti# þurfandi manna. Og þar er fegurð miklu oftar aukaatriði en óreyndan sveitamann grunar.

Fjölmargir betlarar eru niðurbrotnir og örkumla menn frá vígstöðvum einhverrar styrjaldarinnar, menn sem atvinnurekendur

hafa alls enga þörf fyrir og ekki geta stundað neina vinnu sjálfstætt; einatt misheppnaðir listamenn, landaflækingar eða afdankaðir tugthúslimir. Þeir sem fá leyfi til að selja blöð á götunum, mega hrósa happi. Þeir eru "æðri stétt". En hitt er svo flestum ókunnugt, að jafnvel betlarar hafa sín samtök, sín lög og fyrirmæli – sennilega óskráð. Þeir koma sér saman um staðina, þar sem þeir betla; sérhver hefur ákveðið umráðasvæði, annaðhvort lengur eða skemur. Í kvöld stendur A. með skemmda fiðlu fyrir utan London Pavillino, en B. "syngur" fyrir ríka fólkið, sem bíður í röðum eftir að komast inn á Warner.? Annað kvöld skiptast þeir á. O.s.frv. Sama máli gegnir um vændiskonur. Þær hafa flestar sérstök umráðasvæði, sem stallsystur þeirra virða með því að koma þar ekki nærri, utan nauðsyn beri til. Ófríðar, rosknar og fátækar vændiskonur, sem ekki geta verið þekktar fyrir að láta sjá sig í nánd við Piccadilly Circus hirst hinsvegar í myrkum skuggagötum, hafnarhverfum og krám, þar sem þær þurfa að ganga með opinn rakhníf í töskunni til að geta varizt jafnfátækum karlmönnum, sem ekki hafa efni á að borga þeim neitt en eru skapaðir með samskonar tilfinningar í blóðinu og aðrir karlmenn – og reyna að beita afli.

Ef þessar konur létu sjá sig í "fínum" götum, myndu æðri stéttar hórur hlæja þær dauðar – þær, sem enn eru á góðu aldursskeiði og eru ekki dottnar út úr rullunni í gleðisölum og fyrsta flokks hótélherbergjum.

Ég geri mér ferð inn í House of Commons til þess að skoða hin nýju húsakynni deildarinnar, er kom mér fyrir sjónir sem virðingarverð tilraun til að nota sem bezt gamaldags og óhentugt fyrirkomulag þinghallarinnar, sem er annars köld og óvistleg bygging í gotneskum stíl frá Tudortímabilinu. Það er erfitt fyrir Breta að leggja niður byggingu eins og Palace of Westminster, því að um aldir hafa minningar tengst við þessa húsasamstæðu eða brot af henni. Þó ber nauðsyn til þess fyrr eða síðar, því að húsið er ekki hentugt, enda þótt all sé "í stíl".

Ég var óheppinn með umræður. Á bekkjunum sátu sárafáir þingmenn og voru flestir í móki. Liðið var að miðnætti. Umræður snerust um fjárhaginn – einna helst. Svartklæddir íhaldsmenn með hvíta fibba deildu á gráklædda jafnaðarmenn með mislita flibba, er sátu, að því er virtist fyrir einhverja slysi, stjórnarmegin í þessu fornlega húsi kyrrstöðu og nýlendupólitíkur, þar sem deildarforsetinn hefur spennur í skónum og grátt parruk niður á herðar. Fátt var um Íslendinga á Harrington-kránni um þessar mundir, en þar er helzi samkomustaður þeirra landa sem í London dveljast, einkum námsmanna og ferðafólks. Krá þessi er á engan hátt merkileg – bezt að segja það strax, svo að enginn haldi, að hér sé um að ræða einhvern sögufrægan stað eða glæsilegan. Það eina sem krá þessi hefur sér til ágætis er það, að einstöku landar leggja þangað leið sína um helgar, einkum ef þeim leiðist og þeim finnst þeir hafa ekkert annað betra við tímann að gera.

Það voru því áhöld um, hvor staðurinn var daufari og óþægilegri, House of Commons – eða Harringtonkráin í Kensington.

---

#### 7. London 5. október 1968

Sá sem hefur haft árlöng kynni af Lundúnaborg skömmu eftir stríð og heldur hingað nú að meira en átján árum liðnum hlýtur fyrst í stað að undrast breytinguna jafnt á borginni og sjálfum sér. Horfnar eru að mestu þessar gapandi rústir stríðsins með kræklugróðri, en upp risnar glerhallir með dingaling utan og innan, allt frá kjallara til keilu. Sá sem bjóst við að geta áttað sig á þessu og hinu húsi, stendur eins og hver annar afglapi á torgum og má þakka fyrir að geta stuðst við kortabók. Samt varir þetta í rauninni aðeins fyrsta daginn, þegar maður kemur hálfvegis sljór úr lestinni frá Oxenholme (skriflega sænskt nafn á norðurenskum smábæ), því að þrátt fyrir allt er London söm við sig.

Ástand fólksins hefur ekki síður tekið breytingum, þetta er miklu betur klætt fólk en var, betur á sig komið, glaðlegra yfirleitt. En einnig að öðru leyti hefur heildarsýnin breyzt til muna; a.m.k. í þeim hverfum sem ég hef dvalizt í hingað til er ólíkt meira um fólk af öðrum kynþáttum en áður var. Á fjölmennustu stöðum, svo innanhúss sem á götum úti, getur manni fundist leitun að Engending. Reyndar heyrir manni víðast hvar töluð enska, en þetta er ekki alltént enskt fólk sem maður sér: Dökkum kynþætti hefur fjölgað til muna, sömuleiðis Indverjum og Suðurausturasúbúum. Fyrir því liggja ástæður, sem óþarfi er að rekja í þessu greinarbroti, eða kunnar þeim sem vita vilja.

Nú skyldu sumir ætla, að til dæmis negrar séu upp til hópa fátæklingar sem ekki eiga bót fyrir skóinn sinn. Svo er þó ekki. Meginþorri negranna er að vísu láglaunafólk, umferðarþjónar hverskonar, o.s.frv. og hér má einnig sjá ríkulega klædda negra og negratúrista sem í engu virðist skorta. Hér í lobbýinu, má sjá að drjúgur hluti gestanna eru blökkumenn.

Vart getur talist til fréttu að stærsta borg heims sé mikil gleðiborg. Í stuttu máli sagt: Þú getur fengið hér hvaða gleði sem þú vilt, ef þú átt peninga, nema kannski þá að steypa Betu drottningu. Og mætti þó jafn vel það takast, ef þú hefur rétt sambönd og ert nógu mikill personality. Sem sagt: Ef þig langar til að svekkja gesti þína, þá geturðu keypt t.d. risastóra kónguló, sem alltíeinu skríður undan borði á meðan þið hlustið á Delíus. Sömuleiðis barmafullt koníaksstaup, sem timbraður vinur þinn réttir sig eftir sárþjáður og ber að vörum – en það kemur ekkert úr staupinu, hvernig sem því er hallað og sopið er á. Þetta er fjarska gaman, og ég er ákveðinn að verða mér úti um svona staup.

Í fljótu bragði virðist mér sem helztu bíóin í miðborginni séu með fremur óinteressant myndir. Þegar tíminn er naumur vill maður gleypa það sem gleypst verður, án þess þó að standa svo á blístri að allt renni í graut. En fljótlega má sjá, að mikill hluti kvikmynda



þeirra, sem auglýstar eru af hvað mestu offorsi, skírskota til þín neðanþindar. Ég er lítill bíósetumaður, og þó er ég búinn að sá tvær myndir í þessari veraldarreisu. En það verð ég að segja að myndin sem ég sá í Glasgow hér á dögunum um þúsund daga Önnu Bolyn var stórum betri en obbinn af þeim myndum sem auglýstar eru hér í centrum; það var ljómandi mynd: Richard Burton brosti í skegg, og Anna Boleyn (sem ég man ekki hvað heitir í verunni) sýndi einn bezta kvenleik í allri merkingu þess orðs sem ég get hugsað mér. En sem sagt, hér er mest gert til að kitla þig meðanþindar. Ég á enn eftir að ákveða, hvernig ég nota tímann sem eftir er, og að hve miklu leyti ég ætla að láta kítla mig. Hér er t.d. stórfengleg uppfærsla á "Hárinu" fræga. Ég spyr: Á ég að fara og sjá "Hárið" eða á ég að bíða eftir því í uppfærslu Leikfélagx Kópavox? Kannski ætti ég að fara eftir kalvínskri ráðleggingu Mánudagsblaðsins og sjá það alls ekki.

Ekki man ég á stundinni hvað sú ágæta kona heitir í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sem er slík rauðsokka, að henni finnst konur öldungis geta komizt af án karlmanna, en ætli hún myndi ekki á lærðra manna máli vera kölluð extrímisti – oflangtgengla? Sem betur fer situr hún þó ekki ein uppi í veröldinni, því að þær eru í milljónavís, sem hugsa þannig, og ekki bara sökum lesningar eða heimspekilegra þanka, heldur af tilfinningu.

Oft er talað um sambærilega extrímista af karlkyninu, en í karlmannahjóðfélagi einsog því brezka þykir ekki í frásögur færandi þótt slíkir hafi sín eigin samtök, sem reyndar hafa aldrei kallað sig samtök, heldur einfaldlega klúbba. Í klúbbum af brezkri gerð þykir ekki hlýða að hleypa kvenpersónu innfyrr dyr, og þó eru þessir kallar ekki meiri extrímistar en svo, að þeir eru flestir blessunarlega giftir (ég meina: kvæntir) og eru upp til hópa alls engir extrímistar í afstöðu sinni gegn konum, heldur reiðubúnir af líkama og sál til að fórna þeim öllu.

Nú ætla ég alls ekki að fara inná vettvang míns ágæta vinar Páls Heiðars og uppfræða landa mína um brezka klúbba. Hinsvegar má

gjarnan færa á íslenska bók, að til er a.m.k. einn brezkur kvennaklúbbur (Gateways Club, 2340 Kings Road, Chelsea), þar sem stöllurnar eru slíkir extrémistar að karlþjóð er alls ekki hleypt innfyrrir dyr. – Bravó! hugsaði ég þegar ég heyrði þetta, en sagði ekki neitt. Þarna ætti hún að vera komin sú bandaríska, sem heldur því fram að konur geti allt án karlmannna; líka fæðst.

## Myndir á fyrstu síðu

Þegar ég kom út úr Kennaraskólanum, tók ég eftir manni, sem stóð á horninu skammt frá dyrunum og veifaði hatti sínum eins og í kveðjuskyni í áttina til Gróðrarstöðvarinnar. – skyldi hann vera að heilsa trjánum, – eða kveðja þau? datt mér í hug, því ég sá engan þarna nærri.

Svo ætlaði ég að ganga mína leið.

En þá kallaði hann til mín: heyrðu þér, – getið þér sagt mér hvað klukkan er?

Nei, – jú, hún er nú líklega um þrjú, stamaði ég vandræðalega, eins og ég þættist ekki þess verður að svara manningnum.

Um þrjú já, heyrði ég hann segja. Svo kallaði hann: heyrðu og ég gekk til hans.

Þá tók ég eftir því, að hann var fjarska kumpánlegur að sjá, rétt eins og ég vil að allir menn séu. Og hann þúaði mig, rétt eins og ég vil að allir menn geri.

Veiztu nokkuð, hvernig er með áætlunarferðir þeirra flugvélanna? spurði hann.

Nei, ég er nú alveg ókunnugur því, sagði ég.

Skyldu þær ekki leggja snemma af stað?

Ég veit bara ekkert um það. Það er reynandi að hringa á skrifstofu flugfélagsins, sagði ég og tók eftir því að maðurinn var rangeygur og illa til fara.

Flugfélagsins? spurði hann. Ætli flugfélögin hafi nokkurt útibú hér?

Hvað meinið þér?

Það finnst mér ótrúlegt, hélt hann áfram og fannst víst ekki þess vert að gefa nánari skýringu á undrun sinni. En sagði svo:

Þeir hafa hér ekkert nema herflugvélar. En það má þá reyna að komast með þeim.

Auðvitað var mér farið að finnast hann nokkuð undarlegur. Og ég leyfði mér að spyrja hann, hvort hann ætlaði sér að fá far með þeim og brosti. Þá leit hann snögglega á mig, brosandí út undir eyru og af auðsjáanlegri ánægju og hló við:

Já, sannarlega, þú ert ekki svo vitlaus! Komdu og seztu hérna og spjallaðu við mig.

Svo tók hann í hönd mína og leiddi mig yfir að veggnum hjá Gróðrarstöðinni og við settumst á hann.

Síðan sagði hann um leið og hann setti hægri fótinn upp á vinstra hnéð:

Ég skal segja þér, að eiginlega þarf ég að skreppa til London strax í fyrramálið.

Þó ekki í dag? spurði ég kankvís.

Hann varð hugsí og ræskti sig. Svaraði síðan:

Eiginlega hefur maður ekkert að gera við að vera of bráðlátur. Ég hefi verið að hugsa um þetta í hálfan mánuð. Ég get svo sem beðið til morguns úr því sem komið er.

Hvaða erindi áttu til Lundúna? spurði ég.

Til Lundúna? Sagðist ég ætla til Lundúna? Fyrirgefðu ég segi svona stundum, þótt ég sko, það er svona, þegar maður hefur margt að hugsa. Nei. Ég ætla til London, vinur minn.

Mér fannst þetta lélegur brandari og spurði aftur:

Hvaða erindi áttu þangað?

Hann gaf ekkert hljóð frá sér um stund, var alvarlegur á svip en blés síðan mæðinni og svaraði:

Guð minn almáttugur? Ef ég ætti ekkert erindi héðan af veggnum, sem ég sit á, myndi ég bíða hér til dauðadags, – og án þess að vita eftir hverju ég biði.

Svojá. – Ertu á flóttu? spurði ég og varð hugsað til sálfræðinnar.

Flóttu? Nei, það held ég ekki. Ég get ekki álitid þann mann á flóttu, sem hefur jafnmiklu að sinna og ég hefi. En það er bara þetta, eins og ég veit að þú skilur, að maður getur ekki alltaf lifað í sama umhverfinu. Ég er maður sem er. – Ég er lifandi vera á jörðinni. – Ég starfa. – Og hananú! Svo er það búið mál.

Hann talaði af sannfæringu og var sá skemmtilegasti. Það var einhver öryggisblær yfir honum. Hann virtist forðast allar óþarfa hreyfingar og leit ýmist framan í mig, þegar hann talaði, eða studdi hönd undir kinn og horfði á Kennaraskólann.

Hefurðu verið erlendis? spurði ég til þess að samtalið félli ekki niður.

Það eru nú tugir ára síðan, sagði hann.

En mér virtist maðurinn vera um þrítugt og spurði, hvort hann hefði kannské verið þar, þegar hann var barn.

O – lítið var nú um það, svaraði hann. Ég get ekki sagt að ég hafi komið þangað fyrir en ég var um fermingu.

En eftir það? – –

Já, yfirleitt dvalist erlendis, – nema þegar ég hefi þurft að sjá landið mitt. Ég elska þetta land, – þessa litlu eyju, – þetta blessaða land.

Það geri ég líka, sagði ég og ætlaði að fara að skella uppúr. – En sessunautur minn var fjarska alvarlegur og sagði eftir nokkra þögn:

Ég minnst þess, að einu sinni, þegar ég var staddur í einni af nátthöllum Mið-Evrópu, nýkominn frá Ítalíu og ætlaði til New York við næsta tækifæri, þá fannst mér endilega ég þurfa að sjá hól, sem stóð fyrir utan bæinn minn heima á Íslandi. Hann kom upp í huga mér hvað eftir annað þar sem ég dansaði á spegilgólfinu við eina af fínustu dömum sem ég annars hefi nokkurn tíma kynnst. Ég skifti um dömu, ég gekk með henni út í skóginum, ég hélt áfram að

skemmta mér og mig minnir helzt, að ég hafi skift um skemmtistað til þess að geta dreift huga mínum frá bæjarhólnum heima, – en mér tókst það bara ekki, hvað sem ég reyndi. Ég veit ekki hvort þú trúir mér, enda skiftir það mig litlu máli, en ég lagði af stað norður á bóginn daginn eftir án þess að hafa sofið nokkkuð að ráði. Og til Íslands var ég kominn innan fárra daga.

Og sástu hólinn? spurði ég.

Nota bene, vinur minn, svaraði sessunaturinn, – mig langaði ekki til þess að sjá hann, þegar hingað var komið. Ég skrapp austur fyrir fjall og dvaldi í Fljótshlíðinni dálítinn tíma. Svo man ég bara ekki, hvað tók við.

Leiðinlegt, sagði ég.

Leiðinlegt? Já, vissulega, ha, hvað meinarðu? Ertu að gera grín að mér? Heldurðu að ég sé vitlaus eða fífl? Ha?

Hann hélt áfram að vera kurteisinn sjálf, þótt hann spyrði svona, og leit út fyrir að vera harðánægður með sjálfan sig og hinar góðu endurminningar.

Nei, sagði ég, – mér kemur ekki til hugar að halda að þú sért vitlaus. Vinur minn! – Ég vona bara að þú nái í far með flugvél til London, – – úr því þú ætlar ekki til Lundúna, bætti ég við.

Svo stóð ég upp, og hann stóð upp líka.

Já, ég ætla að reyna hvað ég get. Maður kemst þá ef í illt fer með togara. – Og hann brosti að þessari fyndni sinni.

Ertu þá að hugsa um að fara til þeirra þarna á flugvellið? spurði ég.

Jú, eiginlega er bezt að ég geri það. – Það er annars sótblettur á nefinu á þér. Og vertu nú sæll og hafðu það gott.

Sömuleiðis, svaraði ég og tók í framrétta hönd hans.

Síðan fór hann upp Barónstíginn og þá tók ég eftir því, að hann var dálítið haltur á vinstra fæti.

Þegar hann var kominn í hvarf, tók ég spegil upp úr vestisvasanum.

# Hvergerzka ævintýrið

Lýsing á staðnum með meiru

Umvafið lágum fjöllum, grónum hraunum og þoku liggur Hveragerði, snorturt þorp, jafnvel meira en snorturt, með sínum fallegu byggingum, ýmist litlum eða stórum, sælt og hlýlegt, rétt eins og það forðist sléttuna og úthafið til suðurs, hjúfri sig upp að fjallakrikanum, grónum hraununum og vefji um sig þokunni, svo að sléttan og úthafið komi síður auga á það.

Svona hefur þessi staður haldið áfram að vaxa, frá því fyrsta, að nokkrir menn gerðu þarna sumarhús og engum datt enn í hug að gera sér þar vetrarhús. En sú kom tíð, að menn fóru einnig að gera sér þarna vetrarhús og allskonar önnur hús, allt upp í kirkju, hótél og tugthús, svo að ekki sé gleymt að minnast á gróðurhús. Þau eru enn fegurst allra húsa á þeim stað, þrátt fyrir allt.

Og þótt í fyrstunni væru þarna engar götur, svo heitið geti, aðeins gulir vegslóðar milli heitra pytta, þá eru nú fyrir löngu komnir fyrsta flokks bílvegir á staðinn, einnig nokkrir vegir, sem aðeins eru handa fótgangendum, en aðrir fyrir hjólríðendur og þetta vitum við öll. Svona hefur þorpið breyzt síðan í dentíð.

Uppi á hæðunum austanvert við ána, sem í gamla daga hét Varmá, þar rís hótelið, sem svo mikið kemur við þessa sögu, og þar sem við höfum lifað margar ánægjustundir, flest okkar. Þar gnæfir það yfir alla byggðina, svo að jafnvel Kvennaskólinn, Barnaskólinn

og Skáldaskólinn verða að engu í samanburði. Og ekki er gamla þinghúsið orðið merkilegt á að sjá nú orðið (þar sem við Hannes þjuggum þegar við vorum ungir), og þannig er það með öll hin gömlu húsin. Samt hvílir einhver virðuleiki yfir öllum þessum elztu byggingum og litlu húsum, og kem ég nánar að því síðar í þessu ævintýri.

Þeir hafa gert fjarska mikið veður út af tilveru Grýtu, jafnvel miklu meira veður heldur en er á almannavitorði, og þess vegna get ég ekki látið hjá líða að minnst á það. Einhver ætlaði víst að fá einkaleyfi til þess að selja aðgang að gosinu, en það var ekki leyft. Annar gat komið því til leiðar, að gjafmildir útlendingar leggja aur í gjafasjóði, og hafa bauk á staðnum. Og þarna eru veitingar svo að segja allan sólarhringinn, að minnsta kosti á sumrin, og yfir glösum ljúffengra drykkja leggja þeir útlenzku óspart í gjafabaukana, sem kvenréttindakonur, skátar og annað fyrirmyndarfólk gengur með á milli borðanna. Og rétt eins og í gamla daga skvettir Grýta úr sér á tveggja tíma fresti, líkt og gosbrunnur á miðju afmörkuðu svæði, en umhverfis svæðið er horft á þetta náttúrufyrirbrigði, sem þjóðin hefur aldrei þurft að kosta túskilding upp á, og sagt: – Auðvitað fer geysimikil sápa í svona sport, en mikið er nú gaman að þessu samt.

Einhver spurði, hvar vélarhúsið væri, þar sem gosið væri sett í gang, og er það gamall brandari.

Umhverfis hverina er sægur af heilsuverndarstöðvum, og hefur fjöldi manns læknazt fyrir kraft gufu, leirs og trúar, en sumir ekki læknazt, eins og gengur. Þarna liggur fólkið, uppíloft, á hlið og á grúfu, ýmist á þægilegum beddum eða í jarðveginum og hefur það ágætt. Þarna eru sundlaugar, bæði inni og úti. Tvær eru í sambandi við hótelið, og hefur það sundlaugarnar fram yfir nýja hótelið, sem þeir reistu skammt frá flugvellinum og enga sundlaug hafði. Einnig er þarna svo mikið af sólbaðsskýlum, að enginn maður myndi trúa því, hversu mörg þau eru, þótt ég nefndi töluna hér. Þó er mér prýðisvel kunnugt um það, og væri mér það ekki, hefði saga þessi kannski aldrei orðið til.



Nú spyrjið þig auðvitað, hvort ég sé búinn að gleyma rigningunni, sem svo mikið er af á þessum stað. Því svara ég öldungis neitandi. Henni hefi ég ekki gleymt. Þar rignir stöðugt, eða svo að segja stöðugt, enda eru sólbaðsskýlin örsjaldan notuð, þótt mörg séu og fullkomin. Það er nú svo.

Hótelið máluðu þeir skjannahvít. En hvítan var ekki lengi að verða sölug, þegar regnvatnið fór að leka niður af upsunum og eftir veggjunum, svo að gulbrúnar rákir mynduðust á þá endilanga eins og grýlukerti. Þess vegna er hótelið ekki alveg eins fallett og það gæti verið ella; og fallett þó.

Rigningin er semsé mikið vandmál fyrir Hvergerðinga, og í Tívolí þorpsins standa tveir menn og ræða saman.

Annar segir:

– Ojájá, – seiseijá.

Og hinn svarar:

Þú heldur það já.

– Já, ég held það. – Ojá.

Lítill þögn.

– Já.

– Annars er það nú svo, að maður venst þessari rigningu alls ekki svo bölvánlega.

– Þetta kemur svosem upp í vana.

– Ojá.

–Og segja mætti, að ekki héldist þerririnn lengi núna. Það er útlit fyrir rigningu, – líttu bara suður yfir.

– Ojá.

– Og geri ekki rigningu núna, þá er ég ekki veðurglökkur maður.

–Já.

–Nú annars má maður alltaf vita það, að haldist þerrir deginum lengur, þá rignir fjandinn hafi það ekki fyrr en hinn daginn.

–Það mætti segja mér.

– Því að ef ekki vætir, nú þá hlýtur sama veðrið að haldast þangað til hann bleytir sig. (Lítill þögn.) Ojájá, – seiseijá.

- Og hinn svarar:  
– Þú heldur það já.  
– Já, ég held það. – Ojá.

### Viggó sest þarna að

Rigningin kom. Varla höfðu mennirnir kveðið upp spádóma sína, þegar fyrstu regndroparnir eftir tveggja daga hlé smullu niður í lausan jarðveginn og allar götur flóðu í regnvatninu eins og fyrri daginn. Hótelgestir og sjúklingar komu sér undir þak, stólar og beddar, ásamt ýmsu öðru lauslegu, voru teknir inn, svo að þeir eyðilegðust ekki í rigningunni. Fólkið talaði ekki lengur um veðrið, því að nú hafði veðrið komið í sitt venjulega horf. Fólk tók upp spil og spilaði póker og lönguvitleysu. Ýmsir ráðgerðu að fara á ball í stóra salnum um kvöldið. Það átti að hefjast klukkan 10. Allt lék í lyndi.

Það var um sjö leytið að regnið kom. Og um sama leyti mátti sjá rútubílana að sunnan birtast eins og víur uppi á Kambabruninni. Ennþá hefur ekki verið lögð járnbraut yfir heiðina, og er það meiri smáin.

Með þessari rútu kom Viggó.

Viggó hafði áður komið á þennan stað en aldrei í svo merkilegum og áhrifaríkum tilgangi sem nú. Hann hafði endur fyrir löngu átt kunningja í þessu plássi voru þeir farnir þaðan um þennan tíma, annar meira að segja dauður. Og nú kom Viggó þangað og hafði ekki komið þangað lengi.

Á stöðinni við torgið reis hann úr sæti sínu, steig út úr bifreiðinni í kjölfar giktveikra piparmeyja með stráhatta og eitthvert fleira fólk kom svo í kjölfar hans.

Hú – ha – þetta var nú meiri rigningin!

Nokkrir unglingar stóðu á tröppum hússins og reyktu sígarettur, sem þeir höfðu í lófunum. Þeir horfðu á fólkið sem kom sér út úr

bílunum og sumir heilsuðu sumum. Viggó fékk tösku sína og poka úr höndum bílstjórans. Bílstjórinn henti þessu hálfvegis í hann, en Viggó var reyndar sama um það.

"Sæll og bless," sagði hann við strák á tröppunum og lagði mikla áherzlu á bless. Strákurinn tók ekki undir, en horfði vel á hann sínum gagnrýnisaugum, litlum og aftur luktum.

"Vertu bless!" mælti Viggó, þegar hann sá, að stráksi vildi ekki taka upp samræður.

Og ekki tók stráksi heldur undir það, en brosti framan í annan strák.

Svo gekk Viggó inn.

Inni sátu menn á bekkjum, konur líka. Þetta fólk var víst að bíða eftir því, að stytti upp áður en það færi í þau hús í plássinu, sem það ætlaði sér að heimsækja. En rigningin vildi ekki hætta. Það var eitthvað annað. Hún jókst í sífellu, svo að enginn myndi trúa því, þótt ég færi að gefa einhverja lýsingu á því hér.

Viggó tók sér einnig sæti. Hann lagði tösku sína og poka frá sér rétt hjá sæti sínu og leit á fólkið umhverfis. Einhver leit á hann og Viggó var að hugsa að segja eitthvað við manninn, að minnsta kosti "Sæll og bless!" en hætti við það því að maðurinn snéri sér að feitri konu með geysimikinn farangur.

Kona þessi virtist ekki vera í fylgd með neinum. Hún talaði geysihátt, eins og hún þyrfti að fræða alla viðstadda á því, sem henni lá á hjarta. Sumir tóku líka vel eftir því sem hún sagði. Hún var að tala um málalag fyrir og nú, dulræn fyrirbrigði og skáld, sem henni fannst klámskáld, og Viggó tók eftir þessu öllu, og fann að það var harla gott. Hann sá, að þarna var á ferðinni ein af þessum konum, sem eru gáfaðri en flestir karlmenn geta orðið. Og hann fylltist lotningu.

Nú birtist hár unglíngur í dyrunum og sagði að hægt væri að fá bifreiðar handa þeim sem komast þyrftu á leiðarenda. Allir þustu fram að dyrunum. Allir fengu víst bíla, en Viggó hreyfði sig þó hvergi, heldur sat kyrr og hugsaði ráð sitt.

Þarna var hann nú niðurkominn og átti ekkert víst. Hvergi hafði hann ennþá reynt að fá inni, enda nýkominn til staðarins, og engan þekkti hann víst í plássinu. Hvað mikið sem hann reyndi að hugsa, rann ekkert huggunarljós upp fyrir honum. Svona leið nokkur stund.

Svo er það allt í einu, að gamall karl stendur á miðju gólfinu.

"Sæll og bless!" flýtir Viggó sér að segja, áður en gamli karlinn hefur sagt orð.

"Sæll, ertu aðkomandi hér?"

"Jáá, ég er það. – Það held ég nú. Viggó heiti ég. Viggó Hvergerz. – Frá og með deginum í dag heiti ég Viggó Hvergerz. – – –"

Karlinum fannst þetta ærið skrýttinn fugl, sem var alveg ástæðulaust, því að Viggó er ekkert skrýtnari en aðrir menn.

"Ekki ertu nú skírður þetta?" spurði sá gamli, sem var tortrygginn út í nafnið. Við lá að honum fundist sá aðkomni vera að hæða sig og plássið með því að kenna sig við það. Enginn hefði áður tekið upp á slíku.

Viggó varð svolítið fár við þessa athugasemd, en þó alls ekki reiður eða móðgaður, því að slíkt er honum ekki eiginlegt. Svo anzaði hann:

Neinei, það er aðeins frá og með deginum í dag, að ég heiti þessu nafni. Annars er ég Jónsson."

Þetta sagði hann svo látlaust og eitthvað svo sannfærandi, að gamla karlinum fannst ekkert sjálfsagðara en það, að maðurinn hétí þessu nafni. Og hann settist á bekkinn hjá Viggó.

"Ertu Reykvíkingur?"

"Jáá. Það held ég nú."

"Þú ert þó ekki skáld? – Sama athugula augnaráðið.

"Neinei. Ekki er ég það. Ég er þýðari. Ég þýði."

"Aldeilis. Það er svo sem atvinna eins og hvað annað. – Jæja, svo að þú þýðir. Er ekki anzi vel borgað fyrir svoleiðis?"

Viggó sagði, að það væri anzi vel borgað fyrir svoleiðis, og var spurður, hvað hann fengist við að þýða.

"Allt sem fyrir kemur. Það held ég nú."

Svipur gamla mannsins var nú orðinn næsta lotningarfullur og hann kunni ekki við að horfa beint framan í gestinn lengur, heldur leit niður fyrir fætur sér.

"Það er svona að vera útfarinn í tungumálunum," sagði hann svo.

Viggó ræskti sig. Svo reis hann upp af bekknum.

"Jæja. – Vertu bless," sagði hann og ætlaði að fara. Honum fannst nefnilega þreytandi að tala við karlinn lengur. En karlinn vildi ekki að hann færi nærri strax, og Viggó setti föggur sínar aftur á gólfíð.

"Hvert ferðu?" spurði sá gamli.

Við þessa spurningu þagnaði Viggó um stund, og sagði svo eins og satt var, að hann ætti raunverulega hvergi inni. "Það held ég nú."

"Á – jæja? Svo að þú kannast ekki við neinn? – – Ég var líka sízt að skilja í því, hvers vegna þú sazt hérna, góði minn, eftir að allir voru farnir í bílana – –"

"Maður þarf nú svona að hvíla sig." – – –" anzaði Viggó og það fannst gamla mannum ekkert athugasvert, ekki einu sinni svaravert.

Og Viggó settist á nú við hlið gamla mannsins.

Vinnur þú hérna í plássinu?"

"Ojá. Ég fæst við að hafa eftirlit hérna á stöðinni," anzaði karlinn. "Hér þekkjá mig allir. Það er auðheyrt, að þú ert ekki oftlegur gestur hér, að hafa mig aldrei heyrt nefndan."

"Kannski hef ég heyrt þig nefndan," sagði Viggó og brosti. "Hvað heitirðu?"

Og er nú ekki framar að því að spyrja, að þarna kynntist Viggó karlinum nánar, og sá gamli býður þeim aðkomna að gista hús sitt, aðeins ef hann vilji vera svo lítillátur. Því datt Viggó ekki í hug að neita, sem ekki var heldur furða eins og illa stóð á fyrir honum. Ganga þeir nú að húsi í úthverfi plássins og kring um húsið var alls ekki svo lítill garður. Þarna fóru þeir inn, og kerling hellti mjólk ofan í gestinn og gesturinn sagðist ætla að fara að þýða úr frönsku.

Gömlu hjónin horfðu hvort framan í annað og fannst ekki viðeigandi að svara þessu svo mikið sem með jái. Svo lærðan mann höfðu þau ekki séð lengi.

— — —

Eftir þetta var honum sagt, að hann mætti fá herbergi í kjallaranum, að minnsta kosti vera þar fyrsta kastið. Og þau gætu svo vel talað um leiguna seinna. Kerlingin bætti því við, að þetta væri einhver merkilegasta stofa í plássinu, því að fá væru þau húsin, sem hefðu kjallara.

Nú er ekki að orðlengja það, að nýjasti íbúinn, fátækur og sjálfsagt gagnmenntaður í tungumálum, lét fallast í djúpan hægindastól. Og hann sagði við sjálfan sig: "Svei mér þá, þetta er bara alveg eins og ævintýri. Það held ég nú."

Og lítil efrivörin virtist alveg hverfa upp undir nefið, þegar hann brosti svo mikið ánægður yfir þessu öllu saman. "Það held ég nú."

Auðvitað streymdi regnið niður eftir gluggunum.

### En rigningin stóð ekki lengi

Og daginn eftir stekkur þýðarinn með sitt þýða bros út úr þessu nýja húsi. Hann mætir strákling á götunni, hann er að henda appelsínuberki út á hjólreiðabrautina. Og hann segir:

"Sæll og bless."

Og strákurinn segir:

Sveiattan! Éttu skít!

Og þýðarinn segir:

"Vertu bless!"

Svo heldur hann áfram göngunni.

Það var síður en svo ástæðulaust að taka sér göngu á þessum degi. Hótelgestir og sjúklingar voru búnir að draga bedda sína og hægindastóla út úr húsum á ný. Það var nefnilega komið gott veður. Það hafði ekki einu sinni rignt í hálfan sólarhring. Og regnvatnið

gufaði upp og gufan blandaðist hverareyknum og sólin skein á þetta allt saman og þetta var henni að þakka.

Viggó svipaðist um þar sem hann gekk eftir götunum, tók hvað eftir annað beygjur fyrir húshorn og afskaplega margir gláptu á hann. Ekki hafði hann nennt að sitja inni við þýðingar, heldur fundist sjálfsagt að ganga út í sólskinið og kæra sig kollóttan þótt reisendur og veikt fólk í dýrum klæðum fengi þá tilbreytingu fyrir augað að sjá honum bregða fyrir. Hann gekk eftir skógargötunni, sem lá um vesturbakka árinna; og handan frá blöstu gluggar og sólbaðskýli hótelsins. Þaðan heyrðist alls konar músik; og úr fleiri áttum heyrðist músik. Einmitt á slíkum stöðum gerast ævintýrin og það vissi sá, sem þarna gekk, næsta mikið einmana og ráðlaus, þrátt fyrir gott veður, gott húsnæði og næði, – aðeins ef honum hefði þóknast að nenna að vinna. Nú hafði hann einsett sér að þýða stóra bók eftir André Malraux og jafnvel aðra miklu stærri eftir Dante, sem heitir Divina Comedia, þá síðari úr dönsku. Og ekki var loku fyrir það skotið, að hann afrekaði miklu meira ef hvað eina gengi samkvæmt áætlun.

Og hver var svo hans áætlun? Eitthvað hafði hann skrifað á miða, samanber það sem hér verður nefnt síðar, og við mánaskin einnar fegurstu vornætur þessa árs hafði hann rétt þrjá fingur upp í loftið og svarið þess dýran eið, að nú skyldi hann verða að landsins mesta þýðara, og eftir það hafði hann skrifað upp á blað eina mikla áætlun sem ekki skyldi aðeins framkvæmd út í yztu æsar, heldur einnig framkvæmd á nýjum stað, nýju umhverfi, meðal nýrra húsa, þar byggji nýtt fólk. Að minnsta kosti tvö heimsfræg verk á ári þýdd á íslenska tungu – af hinum afburðasnjalla þýðara Viggó Hvergerz. Þegar í stað sá hann fyrir sér, hversu yndislega þetta bráðsnjalla nafn leit út á pappírnum. Aldrei hafði nokkrum manni dottið jafn snjallt ættarnafn í hug. (Hvernig átti hann að kalla sig Viggó Jónsson framan í alþjóð?) Og þetta nafn hafði hann tekið upp í gær. Og fyrsti maðurinn, sem heyrði þetta nafn, hafði enga hugmynd um það, hversu frægt það myndi verða, þekkti heldur ekki manninn sem það

bar. Allt var þetta ævintýrinu líkt. Og músikin frá hótelinu yfirgnæfði alla aðra músik á þessum guðdómlega júnídegi. Þýðarann langaði til þess að umvefja hvern einasta mann í þessu guðdómlega þorpi og rétta margar appelsínur að hverjum einasta götustrák, hvort sem hann svo sendi honum tóninn að launum eða ekki, – hvort sem hann henti berkinum á reiðhjólbrautina eða ekki. Svona var Viggó yndisleg sál, og er enn í dag.

Þegar hann gekk framhjá Grýtu, vildi svo til, að hún var að hefja gos og gaus í hærra lagi. Fólkið sem hafði fyrir stafni að glápa á þetta, skellihló og velti vöngum og talaði og hljóp umhverfis og þarna voru krakkar, sem voru miklu spakari heldur en eldra fólkið. Viggó nam staðar. Gosið stóð yfir í tíu mínútur. Þá var skemmtunin búin í það sinnið. Fólkið varð kyrrt á ný. Þeir settust, sem höfðu risið á fætur. Auraglamrið í söfnunarbaukunum heyrðist á ný. Nýjasti íbúi staðarins gekk á brott.

Í svonefndu Reykjarkoti er sel menntaskólanemenda. Þar eru nokkur hús í stíl skandinavískra sveitabæja og svissneskra skíðaskála með gróðurhúsum í kring. Þangað hugðist Viggó labba í rólegheitum og góða veðrinu. Þangað er nýbúið að leggja breiðan gönguveg, sem ég er ekki viss um, að þið hafið öll heyrt getið um. Þann veg gekk hann. Og á miðjum þessum vegi gekk hann fram á sautján ára gamla stúlku, sem var að laga sokkabandið sitt í viðurvist tveggja manna, sem ekki voru mikið yfir tvítugt. Þeir brostu framan í stúlkuna og voru fyndnir. En þegar Viggó kemur þar að, skeður það merkilega, að stúlkan gengur að honum, þá nýbúin að laga sokkabandið, grípur um handlegg hans og segir lágt og yndislega: "Má ég ekki verða þér samferða hérna uppeftir, þessir strákar eru alltaf að elta mig. Ég hefði ekki stundlegan frið fyrir þeim. Ó, þeir eru svo agalegir!"

Ef þið þekktuð Viggó jafn vel og ég þekki hann, mynduð þið ekki efast um, að hann tók þessum orðum stúlkunnar líkt og hún hefði boðið í dýrlega veizlu og áfram gengu þau í áttina að menntaskólaselinu, en þangað var stúlkan að fara. Strákarnir urðu



vitanlega meira en lítið hissa. Hvernig gat það átt sér stað, að hún Gúgú vildi taka svona sveitalubba upp á arminn? – Ha? – Hvað var hér eiginlega á ferð? Þeir trúðu varla sínum eigin augum.

Þetta var í fyrsta skipti að ung stúlka hafði slegizt í fylgd með Viggó án þess að hann væri áður búinn að segja við hana að minnsta kosti "Sæl og bless." Nú hafði slíks ekki þurft með. Og yfir þessu öllu var hann ekki svo lítið hissa. Hann gjóaði augunum á fylgdarmeyjuna og honum fannst hún falleg.

"Viggó heiti ég," sagði hann.

"Ha?" sagði stúlkan og leit nú í fyrsta skipti almennilega framan í vin okkar.

"Viggó," sagði hann

"Já," anzaði hún og leit við til þess að vita, hvort strákarirnir væru enn á hælum hennar. En svo var ekki. Þeir höfðu gefizt upp á leiknum eða ekki viljað sýna sigurvegaranum neina óvirðingu.

"Hvert ert þú að fara?" spurði sigurvegarinn.

"Ég? Ég er að fara hérna upp í hlíðina."

"Bara upp í hlíðina?"

"Ég ætla að sjá hana frú Ólínu Klaussen. Hún kom í gær og er að mála."

"Hver er það? spurði Viggó nánar.

"Ó, hefurðu aldrei heyrt hana nefnda? Hún er alltaf hér annað slagið. Hún er úr Reykjavík. Hvaðan ert þú annars?"

Viggó kvaðst vera úr Reykjavík og auðsjáanlega fannst stúlkunni það ekki trúlegt, því að hún virti klæðnað hans miklu betur fyrir sér heldur en nokkru sinni fyrr.

"Það hefur þó aldrei verið sú sama og ég hlustaði á í gær?" sagði Viggó við sjálfan sig.

"Hlustaðir á í gær?" hváði stúlkan.

"Já, það var einhver stórgáfuð kona að tala á bílstöðinni í gær, þegar ég kom með rútunni."

Fylgdarmeyjan skellihló. Þetta var sérstaklega fyndið. Aldrei hafði nokkrum karlmanni dottið í hug að segja hana Ólínu stórgáfaða. "Veiztu, að hún er sjúklingur?" spurði stúlkan.

"Æ, er hún það?" spurði Viggó.

"Hún er veik í heilanum. Það hélt ég að allir vissu."

Það hafði Viggó ekki vitað fyrr, og einsog honum er lagið fylltist hann ríkrí meðaumkun með listakonunni.

"Og getur hún samt málað?" spurði Viggó með lotningu fyrir göfgi þess, er hefði list á valdi sínu.

"Hver hefur sagt að hún sé nokkur málari? Pabbi segir, að hún kunni ekkert að mála. Allir segja, að hún kunni ekkert að mála. Í Reykjavík er hver einasti listmálari orðinn dauðleiður á henni, því að hún eltir þá uppi og heimtar að þeir gefi út einhverjar yfirlýsingar um, að hún sé svo mikill málari!"

Stúlkan hló að þessum seinustu orðum sínum, en einhverra hluta vegna gat Viggó ekki stokkið bros. Hann sagði aðeins já. Og stúlkan hélt áfram að vera skemmtileg.

"Hvað er að henni í heilanum?" spurði þýðarinn alvörugefinn.

"Hahahahaha! – Ég má ekki segja það," anzaði stúlkan.

Það fannst Viggó skrítið. "Máttu ekki segja það?!"

"Það má ekki hafa svoleiðis eftir mér. Pabbi yrði svo reiður."

Enda þótt Viggó sé mikið barn sjálfur, fannst honum þessi framkoma stúlkunnar svo barnaleg, að hann hló við og sagðist ekkert skilja í svona heiðarleik. "Ég þykist sjá að hún sé eitthvað geðbiluð, konugreyið, og ef svo er, því þá ekki að segja það? Eða sést það ekki á henni þar að auki í allri framkomu hennar?"

Fylgdarmeyjan andvarpaði, leit þó glaðlega framan í vin okkar og sagði eftir nokkra stund.

"Þú mátt aldrei segja það, að ég hafi haft orð á þessu. Ég hugsa, að það sé allt saman ósatt. Hún er líklega ekkert veik í heilanum. Ég hugsa bara, að hún sé alls ekkert veik. Ha?"

Þetta fannst Viggó hálf í hvoru snubbóttur endir á frásögninni af listakonunni og hálf í hvoru góður endir líka, því að hann hafði

þegar fengið svo mikið álit á henni og virðingu í bland, að hann gat varla hugsað til þess, að hún gengi með sjúkdóm á versta stað. Og með þessu var útrætt um listakonuna að sinni.

Viggó talaði um að hann hefði ekki komið þarna í langan tíma og stúlkan anzað því mjög litlu. Svo kvaðst hún eiga að fara með einhver skilaboð til listakonunnar. Og Viggó fann hvöt hjá sér til að tjá henni, að hann væri þarna uppfrá í mestu erindisleysu og spurði hvort hann mætti verða henni samferða þangað sem frúin væri að mála.

"Þú ert auðvitað að spóka þig í góða veðrinu," sagði stúlkan.

"Já. Það held ég nú," anzaði Viggó, en fannst þó á augabragði sem stúlkan væri að hæða sig og varð hvumsa.

"Af hverju ertu í svona ljótum fötum?" spurði stúlkan svo hreint út.

Þetta fannst Viggó merkileg hreinskilni. Og með sama var honum öll móðgun úr huga, – það var ekki hægt að vera móðgaður við svona stúlku, – og hann sagði:

"Finnst þér ég vera í fjarska ljótum fötum?"

"Þú ert listamaður," sagði stúlkan. "Enginn leyfir sér að koma á svona sumarskemmtistað í svona ljótum fötum, nema þeir sem eru listamenn."

Þetta fannst Viggó bara skemmtilegt. Og hann gat engu orði upp komið.

Stúlkunni fannst heldur ekkert leiðinlegt, þótt hann segði fátt, og svo voru þau komin yfir brúna, vesturfyrir Reykjar?kot og alllangt upp í hlíðina, og nokkuð vestarlega sat frúin yfir list sinni og sást langt áleiðis. "Þarna er hún," sagði stúlkan.

"Það held ég nú."

Svo gengu þau til frúarinnar. Og skammt þar frá stóð útvarpstæki á lítilli þúfu og úr því heyrðust skrikkjóttir tónar og hlátrar. En stúlkan sagði: "Sælar, frú Klaussen. Þetta er –"

Sæl og bless! Sagði Viggó áður en stúlkunni ynnist tími til að kynna hann til fulls. Listakonan rak upp stór augu. Svo brosti hún mikinn og skein í stórar tennurnar, er hún sagði:

"Sælir, ungi maður! – Mér þykir þú ekki vera ein á ferð, væna mín, að hafa svona bráðmyndarlegan kavalér upp á arminn! – – – Hvað heitir hann?"

Viggó Hvergerz heiti ég! – Viggó Hvergerz! – Þér eruð önnur manneskjan, sem veit af þessu nafni. Ég tók það upp í gær. Ég kom hingað nefnilega gær!"

"Yndislegt!"

Frúin sem áður hafði setið á kjaftastól, reis nú á fætur og hafði engri list að sinna lengur. Hún var í ljósbláum sloppi með uppbrettum ermum. Og á standi gaf að líta ófullgert málverk. Þýðarinn var ekki lengi að reka augun í listaverkið.

"Málverk," sagði hann, "þér eruð að mála."

"Ojá," sagði konan. "Nú er ég að mála það þegar Hekla gaus síðast. Það var sautjánhundrað áttatíu og sjö. –"

Þau aðkomnu virtu listverkið fyrir sér skamma stund, en listakonan virti áhorfendurnar fyrir sér á meðan, svo að lítið bar á. Viggó sagði:

"En finnst yður ekki, – ég meina: Finnst yður ekki betra að vera einhversstaðar nærri Heklu sjálfri á meðan þér eruð að teikna svona mynd?"

"Hahahahaha, það er ekki nauðsynlegt, elskan mín! – Líttu bara á reykina úr hverunum þarna útfrá. Hvað þarf maður að fara langt til þess að sjá reyk? Ekki svo ýkjalangt. Og Heklu veit maður svosem það mikið um, að manni er ljóst, hvernig hún hefur litið út."

---

# Úr skúffum og skápum

(1978)

Fyrstu árin eftir að ég kynntist Málfríði Einarsdóttur hittumst við sárasjaldan og þá ætíð fyrir tilviljun. Við höfðum verið kynnt hjá sameiginlegu vinafólki erlendis; það mun hafa verið stutt eftir 1950, og hún var þá nýstigin af sjúkrabeði, réttara sagt: upprisin frá dauðum. Mann gat varla grunað það þá, að þessi veiklulega og fátalaða kona, komin á sextugsaldur, ætti eftir að lifa í rúma þrjá áratugi og leysa af hendi megnið af ævistarfi sínu.

Í fyrsta skipti sem ég kom á heimili hennar, var það í fylgd gamals æskuvinar hennar, Þórðar Sigtryggssonar orgelkennara. Hún bjó þá uppi á rishæð í Pósthúsinu gamla, og það voru brattir og harðir stigar og mjög undarleg lykt í húsinu.

Á þessum árum hafði hún lítið birt eftir sig annað en fáeinar ljóðapýðingar og stöku smákvæði, auk örfárra tækifærisgreina í dagblöðum. Það hafði hún sumt birt undir höfundarnafninu Fríða Einars, og var þá stundum ruglað saman við aðra borgfirsku frú í höfuðstaðnum, sem kenndi á píanó og hét líka Fríða Einars, eða Einarsson.

Svo mun það hafa verið seint um haustið 1965, sama árið og hann Þórður hennar dó, að hún kom að máli við mig þar sem ég sat að störfum mínum á Þjóðviljanum. Hún var þá búin að taka að sér pýðingu á framhaldssögu í blaðið, bókina "Beyond All Pity" eftir Carolina Maria de Jesus, sem fjallaði um eymdarlíf þeirra fátækustu í brasilískum borgum, favelufólkið, og var látin heita "Í favelunni þar sem ólíft er". Erindi Málfríðar við mig var að fá mig til að þýða sex eða sjö smáljóð sem voru á dreif í frásögninni og ekki höfundargreind því þau voru alþýðuljóð, götuvísur eða dansstef, blandin miklum trega. Ég tók þetta að mér. Og það var ekki fyrir en ég skilaði henni pýðingunni sem mér hugkvæmdist að spyrja hana,

Því í ósköpunum hún hefði ekki þýtt þetta sjálf. Hún brosti við og svaraði fáu. En hún gaf mér í skyn, að þetta væri ósköp ómerkilegur kveðskapur, sem enginn vissi höfund að; það væri ekki eins og þau væru eftir eitthvert þekkt nafn úr heimsbókmenntunum. Það var mikið rétt hjá henni. Þetta var ekki eftir Dante. En þetta var þó rödd fólks sem á ævi sinni, langri eða stuttri, kynntist jarðnesku inferno af eigin raun og fékk ekki úr því losast.

Einhverntíma ekki löngu eftir þetta hafði hún orð á því við mig, að sér gengi illa að fá inni hjá útvarpinu með það sem hún hefði boðið því. Þeir væru eiginlega búnir að loka á sig og bæru því við, að hún væri ekki fullboðlegur upplesari og dýrt að fá háttprisaða leikara til að lesa. Ég kvað skyldi reyna að fara með eitthvað eftir hana í útvarpið. Og það æxlaðist svo, að á næstu árum las ég þar eftir hana nokkrar ljóðapýðingar, úr ýmsum tungumálum, og eftir fræg nöfn, m.a. eina sonnettu eftir sjálfan Michelangelo, man ég, en fá – ef þá nokkurt – ljóð eftir hana sjálfa. Sömu leiðis las ég pýðingu hennar á stuttri skáldsögu eftir Dostojevsky, Brúðurinni ungu, sem voru ekki nema sex lestrar, ef ég man rétt. Að ógleymdum smáþætti, frumsömdum, endurminningum um fyrstu kynni hennar af fyrrnefndum Þórði Sigtryggssyni, sem hafði komið sem kaupamaður á heimili hennar þegar hún var smástelpa, en hann var þá berklaveikur unglíngur. Þau kynni telst mér að hafi verið nokkuð örlagarík fyrir Málfríði, því að eftir að Þórður var farinn til Reykjavíkur var Fríða litla látin háttá ofan í rúmið hans án þess að skipt væri um rúmfatnað; síðar vildi hún meina, að þá hafi hún fengið berklana. Um þetta leyti mun ég oftast en einu sinni hafa verið búinn að nefna það við hana, að hún skyldi reyna að koma einhverju á framfæri eftir sjálfa sig, því að hún hlyti að eiga eitthvað óbirt í handraðanum. En ég man að ekkert kom út úr því, og hún vildi helst eyða slíku tali, gaf jafnvel í skyn að hún væri búin að eyðileggja það litla sem hún hefði párað, enda hefði farið fé betra; það vildi þetta víst enginn hvort eð væri. Leið nú og beið. Þá gerðist það, einhverntíma snemma á áttunda áratugnum, að hún hringdi til mín

sem oftar og býður mér heim til sín í mat; sagðist þá hafa fundið oní skúffu eitthvert gamalt hrafnspark sem ég mætti svosem líta á ef ég kærði mig um.

Ég kem því ekki lengur fyrir mig um hvað þetta lesmál fjallaði sem hún sýndi mér þarna fyrst af öllu; nema að endurminningar voru það. En þetta voru ósköp fá blöð, kannski tíu skrifblokkar-arkir, handskrifaðar, gulnaðar og með hundseyru. En mig minnir að textinn hafi þó verið í samhengi. Þórður Sigtryggsson hafði haldið því fram, að Málfríður Einarsdóttir væri ritfærasta kona á Íslandi, hvorki meira né minna. Og ég þarf varla að áréttta það, að mér lék forvitni á að sjá sem mest eftir hana – því meira sem ég sá fleira af blöðum sem hún fann. Næstu vikurnar var hún nefnilega að rekast á til viðbótar fleiri eða færri blöð í senn, ýmist í skúffum eða skápum, kössum eða kirnum, og þetta sýndi hún mér víst flest. Mánuðir liðu, og annað slagið var hún alltaf að rekast á eitthvað af þessu tagi – í geymslu niðri í kjallara eða í ferðatöskum uppi á háalofti, skildist mér. Sumt fannst innan í aflögðum þýðingarhandritum; annað kom úr láni utan úr bæ og hafði máski verið þar árum saman. Einatt var það púsluspil að finna út hvaða síður voru í framhaldi, því þær voru sjaldnast númeraðar; og oft vantaði fullkomlega heilu blöðin inn í þessa Skáldu – og þá var ekki annað að gera fyrir hana en að taka til við að leita í sálarkirnunni. Enda brá nú svo við, að hún tók að bæta inní, breyta, endursemjja; sumt, ekki allt.

Þegar hér var komið sögu, hafði ég fengið það mikinn áhuga á þeim textum sem hún hafði sýnt mér, að ég bað hana leyfis að fá að fara með eitthvað af þessu heim með mér og vélrita það. Hún hafði reyndar vélritað eitthvað af þessu sjálf, og allar nýjar viðbætur samdi hún á ritvél. En hún virtist fremur áhugalítill að ganga frá einhverju heildar handriti, og svo var ritvélin hennar ekki alltaf þæg við hana. Ritvél þessi átti það sameiginlegt með ritvélinni í Árnasafni forðum, að hún var komin úr búi Snorra Sturlusonar í Reykholti, og hafði ekki verið skipt um borða í henni í nokkrar aldir. Nú fékk Málfríður

til liðs við sig lagtækan kunnáttumann, sem tók að sér þá vandasömu aðgerð að setja nýjan borða í þessa fornu vél.

Sem sagt: Ég var tekinn að vélrita handrit Málfríðar. En þá er rétt að taka það strax fram, að svo smáir og sundurleitir voru flestir þeir þættir sem um var að ræða, að ekki var gerlegt að ganga hér frá einhverju handriti með áframhaldandi blaðsíðutali. Ég númeraði síðurnar, en þær urðu sjaldnast fleiri en fimm í röð; oftast tvær eða þrjár, stundum ekki nema hálf. Þetta gat bent til þess, að höfundurinn hefði ekki haft mikið úthald við skriftirnar; en hér er hvorki staður né stund til að fara nánar út í skilgreiningu á höfundarskap Málfríðar, það munu aðrir gera.

Ég hafði frá fyrstu tíð hugsað mér að bera þetta pródúkt undir einhvern sem hefði gott vit á og gæti jafnvel komið einhverju af því á þrykk, að sjálfsögðu í fullu samráði við Málfríði sjálfa. Þegar ég minntist á það, hló hún við og sagði fátt; gaf enn í skyn að enginn vildi sjá það sem hún skrifaði en ég mætti svo sem reyna.

Hér get ég gert langa sögu stutta, því að framhaldið vita víst flestir. Allt frá því fyrsta hafði mér helst komið til hugar Sigfús Daðason; hann væri manna best fær um að meta þetta verk – og myndi jafnframt hafa til að bera næga dirfsku og dug til að koma þessu á framfæri. Það reyndist svo. Betri útgefanda hefði Málfríður varla getað fengið. Og mér þykir rétt að geta þess hér, að niðurskipan efnis í öllum bókum Málfríðar er verk Sigfúsar Daðasonar fyrst og fremst, en að sjálfsögðu í samráði við hana á meðan hennar naut við. Sjálfri var henni ósýnt um slíkt skipulag, og mér liggur við að segja, að hún hafi haft furðu takmarkaðan áhuga á því. A.m.k fannst mér það, þegar ég orðaði slíkt við hana, áður en Sigfús kom til.

Svo ég reki hlutdeild mína frekar, þá er kannski rétt að taka það fram, að ég vélritaði alla fyrstu bók hennar og las af henni prófarkir<sup>30</sup>; einnig vélritaði ég meginþorrann af annarri bókinni, en

---

<sup>30</sup> Samastaður í tilverunni



mun ekki hafa lesið af henni prófarkir<sup>31</sup>. En nú var Málfríður svo sannarlega í góðum höndum. Og ekki leið á löngu áður en út kom myndarleg bók, hennar fyrsta, haustið sem hún varð 78 ára – eða ári eldri en Roncalli kardínáli hafði verið, þegar hann varð Jóhannes páfi XXIII.

Næstu árin var ég alltaf að vélrita fyrir hana annað slagið. Og í öllum hennar bókum finnst mér eitthvað sem ég hafi vélritað; en það má m.a. stafa af því, að sumt af efninu sem ég vélritaði fyrst hafi verið geymt til síðari bóka. Þetta skiptir minnst máli. En tvö síðustu árin sem hún lifði fór ég að koma aftur við sögu. Þá var sjón hennar tekin mjög að daprast, og síðasta árið sem hún lifði var hún svotil alveg blind. En hún hélt áfram að skrifa, handskrifa. Og það sem hún skrifaði í myrkrinu, var merkilega skýrt – ekki aðeins í hugsun, heldur líka í stafagerð, nema stundum. Þá reyndist ég geta öðrum betur lesið úr rithönd hennar. Á tímabili fékk ég þá hugmynd að hún læsi inná segulband, í einrúmi og næði. En hún gat ekki lært á slíkt galdratæki í myrkri blindu sinnar, og ekkert varð úr því. Sömuleiðis gerði ég eina tilraun til að láta hana lesa beint í pennann hjá mér. En út úr því komu aðeins tveir stuttir draumar, sem birtust í síðustu bók hennar (hingaðtil), og hún vildi ekki endurtaka slíka tilraun.

Síðasta árið sem hún lifði tók hún upp á því að dagsetja allt sem hún skrifaði, og það hefði hún svo sannarlega mátt gera fyrr, því að erfitt er að segja til um það nú, nákvæmlega, hver er aldur sumra og jafnvel flestra þáttanna sem eftir hana liggja. En ég tel, að megiþorrinn af verki hennar sé saminn á áttunda áratugnum.

Ég hef verið spurður að því, og beinlínis beðinn um að fjalla um það, hvernig persóna Málfríður hafi verið. Því er fljótsvarað, að ég treysti mér ekki til að verða við þeirri bön, nema þá að mjög litlu leyti, einfaldlega vegna þess að hún verður ekki afgreidd í fáum orðum, síst af manni sem þekkti hana aðeins sem gamla konu og umgekkst hana aldrei að staðaldri. En þó hlýt ég að segja, að hún var

---

<sup>31</sup> Úr sálarkirnunni

ekki venjuleg – nema í útliti og framkomu á almannafæri. Þetta var ofur hæglát og háttprúð kona, látlaus í klæðaburði og snyrtileg, og fjarri henni að segja óforhugsuð orð. En menn tóku jafnan eftir því sem hún sagði, kannski einmitt vegna þess að það óð aldrei á henni; fremur var að hún þætti segja einum of fátt, og stundum úr samhengi við það sem aðrir voru að blaðra.

Orðfæð hennar var oft misskilin, tekin fyrir áhugaskort á öðrum, jafnvel dónaskap. En þótt ég viti ósköp vel, að hún gat haft vissa nautn af glettni og því að stinga upp í bjána, þá held ég að sinnuleysi hennar hafi oftast en ekki stafað af hinu, að hugur hennar gat verið bundinn við allt annað en það sem fólk var að ræða í kringum hana. Kannski var hún þá að hugsa um Dante eða Baudelaire; Nicolson eða Klee.

Mig minnir endilega, að þegar við vorum kynnt, og við tókumst í hendur, þá hafi hún aðeins sagt Já. Eða: Jæja. Og ég má kannski þakka fyrir að hún sagði ekki Nei.

Sömuleiðis gat verið mjög stutt í kveðjum hjá henni, ef maður átti við hana símtal. Þá þótti gott ef hún sagði, stundum fyrirvaralaust: Vertu sæll. En oft lagði hún á án þess að viðhafa nokkra kveðju; ekki vegna þess að hún vildi móðga mann, eða væri móðguð sjálf, heldur einfaldlega af því að það var með öllu óþarft að viðhafa málalengingar þegar búið var að segja það sem segja þarf. Hún var lærð kona, hún Málfríður, en hún varð aldrei svo lærð að hún kynni hina stuttu, ný-íslensku kveðju: Bæ. Yfirleitt var henni ekki tamt að nota það orð nema t.d. í sambandi við Þorstein Björnsson úr Bæ. Og ef hún hefði stamað eða tafað, eins og nú þykir svo fínt í fjölmiðlum, þá hefði hún líklega nefnt hann Þorstein úr bæ-Bæ.

Nýlega var mér greint frá smá atviki, sem kann að gefa vissa hugmynd um, hvað hún gat átt til, en hlýtur þó að vera nokkuð sérstætt:

Einhverju sinni sem oftast fór hún að heimsækja vinafólk sitt og frændfólk hér í borginni; hafði jafnvel verið sérlega boðin, af

einhverju tilefni. Þegar þangað kom, voru fleiri gestir fyrir; en það var að sjálfsögðu tekið mjög vel á móti henni, og hún settist.

En varla hafði hún setið nema svona í fimm eða tíu mínútur, þegar hún heyrðist tauta við sjálfa sig, þó það hátt að vel mátti greina: "Mér leiðist. Ég er farin."

Reis úr sæti sínu, hóglát og hljóð, og gekk til dyra.

## Á Þjóðviljanum

Haustið 1961 átti ég eitthvert erindi við Sigurð Guðmundsson ritstjóra Þjóðviljans og þá vildi svo til að hann var að leita að blaðamanni og spurði mig hvort ég væri ekki til í slaginn. Ég hafði verið blaðamaður í hálf tannað ár hjá Alþýðublaðinu þegar ég var um tvítugt en hafði ekki hugsað mér að fást frekar við það starf. Ég sagði honum að ég héldi að þess konar vinna ætti ekki við mig; aftur á móti kvaðst ég gjarnan getað hugsað mér að lesa prófarkir. Hann sagði, að það hefði enginn sérstakur prófarkalesari verið við blaðið, heldur hefðu blaðamennirnir skipt því á milli sín. Það getur hinsvegar verið að við förum að ráða prófarkalesara, sagði Sigurður svo. Ég þarf að athuga það mál og við látum þig þá vita.

Ég hugsaði sem svo að líklega yrði ekkert úr þessu frekar. En einn daginn hringir Magnús Kjartansson ritstjóri til mín og segir: Elías, eigum við ekki að prófa þetta? Viltu ekki bara koma og sjá til hvernig þér finnst? Og þannig atvikaðist það að 1. október 1961 las ég mínar fyrstu prófarkir á Þjóðviljanum.

Fyrsta áratuginn eða svo, var ég einn starfandi við lesturinn. Vinnutíminn var þannig að ég vann frá kl. eitt eftir hádegi til sjö. Blaðið var minna og ég komst vel yfir þetta. Á kvöldvakt blaðamanna las ég síðan það sem þurfti að lesa eftir klukkan sjö, aðallega fréttasíðurnar. Á þessum árum var líka unnið á laugardögum og var blaðið yfirleitt fyrr búið þá en á virkum dögum. Þá kom sunnudagsblaðið út á sunnudögum. Það var ekki fyrr en

löngu síðar að farið var að gefa sunnudagsblaðið út með laugardagsblaðinu.

Blýprentunin var enn við lýði þegar ég byrjaði og allar myndir voru í svokölluðum klisjum. Það var lesin spaltapróförk af því sem sett var, afþrykkt beint af blýinu. Prófarkirnar gátu verið ansi óhreinar og maður varð oft skítugur um hendurnar og skyrturnar vildu verða óhreinar af prentsvertu. Borðin urðu einnig skítug. Þetta breyttist síðar þegar flutt var í Blaðaprent og nýja tæknin tók við. Það var 1972 sem við fluttum í Blaðaprent, en í ársbyrjun sama ár hafði prófarkalesurum verið fjölgað og var þá Andrea Jónsdóttir ráðin að blaðinu. Blaðið hafði verið stækkað og þegar við vorum orðin tvö fórum við að vinna á vöktum.

Mér þótti það til að byrja með frekar leiðinlegt og bindandi að hafa ekki frí á kvöldin og morgnana einsog áður. Vaktirnar voru nú þannig að aðra vikuna vann ég frá kl. 10 á morgnana til 5 síðdegis en hina vikuna frá 5 þar til blaðið var tilbúið, og þannig hefur það haldist síðan. Nú kann ég þessu hinsvegar mjög vel; finnst það góð tilbreyting.

Ég hef verið til húsa á þrem stöðum við starf mitt á blaðinu, fyrst á Skólavörðustígnum, síðan í Blaðaprenti og að lokum hér í húsi Þjóðviljans við Síðumúla. Þegar ég kom fyrst í húsið við Skólavörðustíg var það svotil óbreytt frá því að það hafði verið notað sem íbúðarhús. Þá var prentsmiðjan í kjallaranum, umbrotið þar og líka á annarri hæð og blaðamennirnir á efri hæðunum; en í risinu var íbúð. Seinna var húsinu gjörbreytt. Risið gert að ritstjórnarskrifstofum og allt gert geysilega flott; prófarkalesararnir fengu sérstakt herbergi.

Húsið var eins og áður segir, gamalt íbúðarhús, byggt líklega í fyrri heimsstyrjöldinni. Lengi bjó þarna útlendur maður, klæðskeri sem hét Rydelsborg, danskur að ég hygg. Hann var heldrimannaklæðskeri og mikilsvirtur. Við andlát hans keypti Þjóðviljinn húsið og breytti því lítið sem ekkert.

Þegar ég var byrjaður á Þjóðviljanum, búinn að vera þar um viku tíma, þá varð ég var við einn af gestum hússins á nokkuð sérkennilegan hátt. Það var mjög algengt að menn litu við í heimsókn. Margar skemmtilegar persónur. Ég var staddur einn niðri í prentsmiðjunni eitt kvöldið, eftir að allir voru farnir í mat. Það háttaði þannig til að úr prentsmiðjunni og upp á hæðina fyrir ofan var hringstigi úr járn og ekki hægt að komast niður í prentsmiðjuna annarsstaðar. Þar sem ég stend nú þarna og rýni í blýsatsinn og sný baki í hringstigann, þá heyrir ég að gengið er niður stigann, ekki mjög hvatlega, og einsog þar færi feitur maður. Ég lét þetta eiga sig – þar til fótatakið hættir neðst í stiganum. Þá sný ég mér við, og þá er enginn í stiganum. Ég glápi á tóman stigann. Það voru engar dyr nálægt, og það hafði ekki verið gengið upp stigann aftur.

Ég bar þetta undir aðra starfsmenn og segi þeim að ég hafi orðið fyrir nokkuð einkennilegri reynslu. Þá var sagt við mig: Þetta er ekkert skrítið. Það er draugur í húsinu. Hann Rydelsborg gengur aftur.

Það var einkennandi fyrir Rydelsborg, að hann glettist við fólk. Ég held að hann hafi aldrei sést – en hann átti það til að taka hluti og flytja þá til í húsinu. Hann gat t.d. tekið handrit og farið með það á skrifstofu, á allt annarri hæð. Hann átti til að taka bækur og setja þær á allt annan stað en þær áttu að vera. Það var reyndar nokkuð algengt á þessum árum að menn komu utan af götu og hirtu bækur eða jafnvel ritvélar og skiluðu þeim aldrei aftur. En Rydelsborg var hinsvegar ekki þjófóttur. Hann flutti bara hlut úr stað; í mesta lagi að hann léti blýant falla á gólfið.

Til marks um það að þarna var draugur á ferð, þá var eitt herbergi í húsinu yfirleitt lokað og voru geymdar þar blýklisjur. Þær voru í kössum og einn kassi, sem stóð úti í horni var níðþungur. En hann var stundum kominn út á mitt gólf eða jafnvel fram að dyrum, þegar herbergið var opnað að morgni.

Annað dæmi um prakkaraskapinn í Rydelsborg voru þær skráveifur sem hann átti til að veita Sigurði ritstjóra. Sigurður var

afbragðs maður. Hann bragðaði hvorki vín né reykti nokkrusinni. Það kom þó fyrir að það fundust tómar brennivínsflöskur á morgnana í ruslakörfunni hans. Við vorum allir sammála um að það væri Rydelsborg og enginn annar sem laumaði flöskunum í körfuna. Elín gamla sem skúraði gólfina, afskaplega grandvör og hógvær og samviskusöm eldri kona, hristi höfuðið og sagði: Ja, mikil er nú mæðan í heiminum, – skyldi hann Sigurður vera farinn að smakka það á laun ...

Sennilega hefur Rydelsborg verið uppsigað við þessa kommúnista sem voru sestir að í húsinu hans.

Þegar við fluttum í Blaðaprent, prófarkalesararnir, slitnaði sambandið eiginlega alveg við ritstjórnina, og allan þann tíma sem ég vann í Blaðaprenti, sem voru líklega 10-11 ár, þá var sambandið við það fólk sem maður starfaði með í rauninni fjarskiptasamband. Það var mjög skrítið.

Þarna kom ég inn á nýja tækni. Offsettprentunin hafði það í för með sér að prófarkalesturinn varð öðru vísi. Það minnti meira á vinnu á ljósmyndastofu. Allt var mjög hreint og fínt og sjálft starfið að miklu leyti nostur og klippingar, skurður á bréfsneplum, sem út af fyrir sig var lærdómsríkt. Það púsluspil hefur þó lagst af aftur með tækniþróuninni og bættri tölvuvæðingu.

Aðstaða mín hefur verið að smálagast. Á meðan verið var að taka húsið á Skólavörðustíg í gegn var maður á sífelldu flakki. Stærsta breytingin var auðvitað þegar farið var úr blýi yfir í offsett. Þetta hefur því alltsaman verið að breytast til batnaðar. Þó varð að vissu leyti afturför þegar við fluttum í Blaðaprent hvað það snerti að ónæðið var svo mikið. Fyrir utan klíðinn í ritvélunum var Keflavíkurstöðin kannski í gangi í einu horni, ríkisútvarpið í öðru og segulband á fullu hjá setningarstelpunum. Þetta var skrítið samkrull af hávaða og erfitt fyrir prófarkalesara að einbeita sér að því sem þurfti að gera. Það skildi það enginn að prófarkalesarar þurfa helst að hafa þögn. Þó setjari eða skósmiður eða aðrir sem vinna handverk hafi gaman af að hlusta á útvarp með iðju sinni þá á það ekki við um

þá sem vinna að samburði og þurfa að einbeita sér að ólíku efni og meðferð þess eins og prófarkalesarar þurfa. Þetta hefur breyst aftur til batnaðar og er mun meira næði hér í hinu nýja húsnæði Þjóðviljans en var í Blaðaprenti.

Textinn sem lesinn er fer innum annað eyrað og út um hitt, sem betur fer. Það er afskaplega fátt sem ég hugsa um eftir á. Athyglisverðar greinar les ég síðan betur daginn eftir. Yfirleitt les ég bara textann út frá réttitunarsjónarmiði og málfars. Það er eitt gott við prófarkalesturinn: að þá fer maður ekki með áhyggjurnar heim með sér. Hann truflar ekki bókalestur þegar heim er komið. Og ekki rithöfundinn heldur. Aftur á móti er ég hræddur um að það fari illa saman að vera rithöfundur og blaðamaður. Það var m.a. þess vegna sem ég vildi alls ekki fara út í blaðamennsku þótt það væri nefnt við mig oft en einu sinni. Eftir að ég fór að starfa hér. Ég held það sé spillandi fyrir textahöfund að fást við að setja saman fréttatexta. Það ætti að minnsta kosti ekki við mig.

Ég hef stundum verið spurður að því hvort það sé ekki leiðinlegt að þurfa að lesa svona margbreytilegan texta. Ég man þegar Sverrir Kristjánsson kom einu sinni til mín og ég var annaðhvort að lesa íþróttir eða aflafréttir. Hann segir þá: – Þarftu nú líka að lesa þetta? Ojá, segi ég, ég þarf að lesa allt sem kemur í blaðinu. – Ég er nú svo aldeilis hissa, segir hann, er þetta líka lagt á þig, Elías. – Já, og þetta er ekki með því versta, segi ég, því síldarfréttir og íþróttir eru nokkuð hlutlausar fréttir og svo sem ágætar, nema hvað mér finnst frekar leiðinlegt að bera saman tölur. – Blessaður góði dreyptu á þessu hvítvíni, sagði hann, þér veitir ekkert af því.

Sverrir keypti alltaf Salem hvítvín frá Ísrael og staldraði iðulega við hjá mér í hálf tíma eða svo á leiðinni upp til Ásmundar Sigurjónssonar, sem var í erlendu fréttunum. Hann hvíldi sig hjá mér á miðhæðinni því hann var svo gigtveikur.

Sverrir var með skemmtilegri mönnum sem ég hef kynnst. Mjög lifandi maður og fjölfróður. Kunni vel að segja frá og hafði áhuga á öllu milli himins og jarðar. Var 19. aldar maður mikill. Hann gat



talað um allan andskotann, var vel að sér í persónusögu og samhenginu í menningunni. Hann var danskmenntaður, fylgdist afar vel með því sem var að gerast. Persónuþekking hans spannaði yfir nokkrar kynslóðir og sagnfræði- og bókmenntaþekking yfir margar aldir. Það var sérstaklega gaman að ræða við hann og heyra hann tala.

Algengt var, að menn utan af götu litu inn á ritstjórninni þegar við vorum á Skólavörðustígnum. Þá litu þeir inn til að koma með fréttir eða fylgjast með fréttum og settust þá á kaffistofuna og fengu sér kaffi og með því, oft eitthvað annað en kökur eða brauð ... Ég hygg að það sé ekki eins mikið um það nú, enda blaðið ekki lengur til húsa í miðbænum.

Blöðunum hefur farið aftur. Ekki ýkja mikið, en þróunin er í þá átt. Það nægir engan veginn að handrita- og prófarkalestur á blöðunum eigi að bæta úr málfari og vitleysum hjá öðrum. Stefnan á að vera sú, að Blaðamannafélagið komi upp blaðamannaskóla sem kenni mönnum ekki aðeins hvernig á að afla fréttu heldur einnig hvernig á að skrifa skammlaust mál þannig að þeim sé það eðlilegt. Þetta þarf helst að vera í því formi, að til þess að menn geti orðið blaðamenn þurfi þeir að standast visst próf í íslensku, rétt eins og menn þurfa að hafa bréf upp á það að kunna að reka nagla áður en þeir fá að smíða fyrir borgun. Það á ekki að sýna neina miskunn í þessu. Það hefur verið þannig að próflausir menn hafa getað orðið blaðamenn, gengið jafnvel beint frá rakarastólum og sest í ritstjórástól. Ég þekki dæmi þess að rakari gerðist ritstjóri. Hann kom til setjaranna og sagðist því miður ekki vera alltof klár í stafsetningu, bað þá að hjálpa sér og spurði: Hvort eru eitt eða tvö emm í orðinu nefnd?

# Dýrkun karlmennskunnar

(Júlí 1952)

Erfitt getur verið fyrir okkur Vesturlandabúa að koma til fulls auga á þá staðreynd, hversu menning okkar er á einhliða hátt sniðin eftir hinum maskúlína hugsunarhætti svo í smáu sem stóru; óbilgjörnu og heimskulegu viðhorfi hins "karlmannlega". Þetta hlýtur þó að verða okkur ljóst jöfnum höndum og við kynnumst viðhorfi og hugsunarhætti annarra menningarsvæða heims, jafnt í fortíð sem nútíð.

Sérhver hugsandi Vesturlandabúi – og þá ekki hvað sízt sá sem á eftir að mynda sér fasta lífsskoðun – hlýtur að nema staðar einmitt nú, þegar svo er komið, að þriðja heimsstyrjöldin virðist ekki aðeins möguleg, heldur beinlínis óumflýjanleg, og varpa fram þessari spurningu: Hvað veldur svo óhugnanlegri öfugþróun? Hverskonar vitfiringarstefnur og dauðaöfl þröngva hinum siðmenntaða heimi til endurtekinna sjálfsmorðsathafna og hermdarverka?

Við þessu er að sjálfsgöðu mörg svör svo og margt sem þarf að taka til greina. Í bók sinni "Markmið og leiðir", sem rituð er fyrir síðari heimsstyrjöldina, bendir Aldous Huxley á fjölmargar orsakir slíks, þeirra á meðal: óheilbrigðan þjóðarmetnað stórveldis; kynþáttahatur; öfund yfir landsvæðum í eigu annarra ríkja; trúarofstæki (þar meðtalið stjórnmálatrúarofstæki); sigurfrægðarlöngun einstakra ráðamanna eða hernaðarleiðtoga; misjafnlega réttlátar kröfur um aukið olnbogarúm vaxandi ríkis; þörf

auðvaldsins fyrir markaði; og síðast en ekki sízt: skipulagða stríðsæsingu sjálfra hergagnaframleiðendanna, ýmist í nafni "ættjarðarástar" eða með því herópi, að nú þurfi að berjast duglega "til þess að binda enda á öll stríð".

Orsakanna til stríðsæsinga og þeirrar rangsnúnu hugmyndar, að hægt sé og jafnvel bráðnaðsynlegt(!) að leysa milliríkjadeilur og hugsjónaátök með fjöldamorðum, er þó öðru fremur að leita í einhliða og taumlausri dýrkun á mættinum, hinu karlmannlega, mér liggur við að segja þröngsýna trausti á skynsemisathöfnum á kostnað tilfinningalífsins – og er mér þó ljóst, að orðalag sem þetta gefur tilefni til misskilnings án frekari skýringa. Í stuttri blaðagrein verð ég því að hætta á, að mál mitt skýri sig sjálft.

En hvaðan er svo þessi taumlaus karlmennskuátrúnaður sprottinn, þessi að því er virðist rótgróna dýrkun máttarins og virðing fyrir hinu sterka? Svo ótrúlegt sem það kann í fljótu bragði að virðast, þá ber kristin kirkja, a.m.k. síðan hún kom til sögunnar, að mestu leyti ábyrgð á þessu. Og menn skyldi sízt ætla, að hinna neikvæðu áhrifa þessa andlega stórveldis, sem kirkjan lengi var, sé hætt að gæta, þótt messusókn sé slægri nú en áður og páfínn í Róm talinn núll. Því fer fjarri. Að sama skapi er athyglisvert, að flest þau lönd, sem á undanförunum áratugum hafa steipt heiminum í styrjaldir og eru líklegust til að gera það enn, það eru ekki umráðasvæði kaþólskunnar – sem margir deila þó á fyrir met í afturhaldi og hverskyns ósóma öðrum – heldur einmitt þau stórveldi, sem hlotið hafa blessun lútersku og kalvínsku með tilheyrandi afbrigði materíalisma.

Kristnin ein á því hvorki upphaf né alla sök á því, hvernig komið er, enda þótt sök hennar sé mikil og skerfur hennar til heimsmenningarinnar smár? Sök kirkjunnar er einkum fólgin í því, að hún hefur alltaf verið baráttutæki og skálkaskjól afturhalds og stöðnunar, í eðli sínu svarinn óvinur upplýsingar og frjálsyndis. Annað mál er svo, hvað áunnizt hefur þrátt fyrir hana; sumt af því jafngildir kraftaverki. Hún bjó til grýlu sektarmeðvitundar og

sjálfsótta manna á flestum sviðum tilfinningalífs þeirra. Hún aðskildi "líkama" og "sál" í þeim tilgangi og með þeirri kröfu, að hið síðara skyldi "ráða yfir" hinu fyrra. Hún framleiddi "stríðsmunk" miðaldanna, þann óhugnanlega persónugerving, sem enn í dag er ídeal vestræns þjóðfélags, enda þótt við gerum okkur tæpast grein fyrir því sökum breyttra aðstæða.

Athugum því örlítið nánar, hvernig þetta hefur orðið.

## 2.

Hin mikla goðsögn miðaldanna var pílgrímsförin – ferð um jarðríki myrkurs og ófullkomunar til himneskra bústaða, þar sem allar óskir vorar fengjust uppfylltar og á allt annan hátt en menn gat órað fyrir.

Skipulagður meinlætaliðnaður til þess að öðlast þetta fyrirheit, verður að skoðast sem einkennandi fyrir sálarlíf karlmannsins. Uptök slíkrar hugsjónar hefði aldrei getað orðið til hjá konu – enda þótt meinlætaliðnaðurinn hrífi einnig til sín kvenkynið og stofnuð væru nunnuklaustur. Það breytir engu um eðli málsins. Það er fyrst og fremst karlmannlegt sálareinkenni að vilja og þola að leggja á sig meiri og minni óþægindi og þrekraunir til þess að ná fjarlægu markmiði. Hermaðurinn á orrustuvellinum, landnámsmaður nýfundinnar heimsálfu eða kaupmaður á ferð með lest sína – allir höfðu þeir brýna þörf fyrir þennan karlmannlega þátt sálarlífsins.

Svo komu miðaldirnir með þá fornkrístnu staðhæfingu varðandi ástalíf, að kynhvötin ætti ekki rétt á sér nema innan hjónabands og þá til þess eins að viðhalda ættstofninum guði til dýrðar. Bein gleði af ástalífinu varð synd. Það var synd að elska – nema þá óhlutkenndan guð. Sá maður var beztur, sem gat a.m.k.látið líta svo út sem hann væri náttúrulaus. Með þessum meinlætahugsunarhætti sameinuðum pílgrímshugsjón og fornri evrópskri yfirgangslöngun tókst að búa til manntegund hins "skírlífa stríðsmanns". Krossferðariddarinn varð áþreifanlegasti líkamningur þessarar

hugsjónar; munki og hermanni slengt saman í eina og sömu persónu, báðir þættirnir upprunnir af hreinræktuðu karlmannseðli.

Einmitt í þessum stríðsmunki svörtustu miðalda liggur frjóanginn að þeim manni, sem er ídeal vestræns hugsunarháttar enn í dag – frjóangi hins nýjasta og hættulegasta í tækniheiminum; þess er svo hæglega getur snúið hverju vopni og þekkingu í höndum okkar. Svo bætist annað við: Siðgæðishugmyndir alls þorrans, hið ídeala, hvar í landi sem er, breytist aldrei snögglega, jafnvel ekki þótt framtíð ríkja, menningar og heils kynþáttar geti verið í hættu sökum rangsnúins lífsviðhorfs. Það er ekki til rótgrónara afturhald en alþýða manna – ekki sökum þess hún sé í eðli sínu "slæm", heldur vegna fáfræði, ófrjálslýndis og skammsýni, sem kirkjan hefur gert mest til að ala á.

### 3.

Munurinn á hugsunarhætti miðaldamannsins og nútímamannsins er e.t.v. öðru fremur sá, að hinn síðarnefndi hefur ennþá lausari og óöruggari andlegan grundvöll en sá fyrri; fer ennþá villari vegar. Hér á ég við allan þorra manna, en ekki hin fáu prósent, sem gera tilraun til að taka afstöðu. Nútímamaðurinn er á vissan hátt fátækari en miðaldamaðurinn, því að efnishyggjan, a.m.k. eins og hún kemur í ljós í hinum kapítalíska heimi, fullnægir honum ekki, heldur er honum á ýmsan hátt andstæð. Hann er reikull í ráði. Hann forðast að hugsa. Hann veit í rauninni ekki, hvort betra er friður eða stríð, og lætur gjarna fara svo sem örfáum valdamönnum þóknast, gengur á úrslitaaugnablikinu til fylgis við þann aðilann, sem tilviljunin hefur skipað honum að fylgja, þ.e. föðurlandið, ættjörðina, eða hvaða ágætisnafni, sem menn kjósa að nefna það.

Hverju berst hann svo fyrir? Á miðöldum hét það "himnavist eftir dauðann", nú heitir það "lýðræði". Allir berjast nú fyrir lýðræði, eða því sem þeir halda að sé lýðræði. Það væri ósvinna að gruna nokkurn

óbreyttan hermann um græsku í því efni, hvaða stríðsaðila, sem hann þjónar. Hann hlýtur að trúa á sinn "lýðræðislega" málstað eða a.m.k. reyna það í lengstu lög.

En það þarf engan veginn yfirlýsta heimsstyrjöld til að komast að raun um, hversu rótgróin og afdrifarík þröngsýn dýrkunin á hinu maskúlína er, í víðtækastri merkingu, og á sennilega eftir að verða um langt skeið. Hin maskúlína, miðaldalega baráttulöngun og samkeppnisafstaða blasir enn við hvarvetna í menningu okkar, sennilega glegggra en nokkrusinni fyrr. Hún gegnsýrir vestrænan hugsunarhátt fullkomlega. Segja má, að skefjaleysi og kaldrifjud framkvæmd af rótum þessa sálarástands náí hápunkti sínum í fyrirbærum slíkum sem nazismanum þýzka og auðvaldssinnaðri verzlunarsíðfræði Bandaríkjanna. Tillitsleysi og hagnýting hverskonar ógnana er og samfara keppnishugsunarhættinum, sem í eðli sínu er fjandsamlegur öllu lífi og jafnvægi. Sú staðreynd að svipað hefur átt sér stað meðal annarra menningarsvæða á öðrum menningartímabilum, réttlætir það engan veginn. Vera má, að þannig hafi þetta jafnframt orðið sökum meira og minna óviðráðanlegra atvika – það sé ekki allt rangri mannshugsjón að kenna; en það haggar ekki þeirri staðreynd, að vestræn menning einkennist öðru fremur af baráttu allra gegn öllum. Og verði nokkuð þeirri menningu að falli, þá er það þetta. Hægðarleikur er svo að gefa þessu ástandi glæsileg nöfn, eins og t.d. "fullkomið lýðræði", "viðskiptafrelsi" o.s.frv. En það eitt breytir ekki ástandi hlutanna, né heldur þeirri þróun sem framtíð leiðir í ljós – hver svo sem hún verður.

#### 4.

Svo sannarlega hefur þessi dýrkeypta andlega og efnislega spenna og úþensla vestrænnar menningar fært Evrópu og Norður-Ameríku yfirráð yfir heiminum, enda þótt nú geti brugðizt til beggja vona um

afrif þeirra valda og hvað við tekur. Hvergi hefur samkeppnis- og yfirráðahugsunarháttur vesturlandasiðfræðinnar komið betur í ljós en í nýlendu eftirsókninni. Og hvergi hefur hin maskúlína einþykkja og stífni notið sín betur en einmitt þar. Þegar aðrar menningar hafa unnið landsvæði, hefur svo til alltaf myndast gagnkvæmt menningarlegt áhrifasamband milli hinna sigruðu og sigurvegaranna. Hvíti maðurinn – Homo Occidentalis – hefur hvarvetna sýnt þrjósku og innilega örugga trú á eigin ágætum. Þar hefur ekki verið að ræða um gagnkvæm áhrif, nema að mjög litlu leyti – sízt af öllu hvað trúarbrögðin snerti; til þess þótti hvíta manningun sín eigin trúarbrögð svo langt fyrir ofan öll önnur. Fordómalausum og sæmilega lesnum manni hlýtur þó að liggja í augum uppi, að kristnin með sínu maskúlína og ómannúðlega viðhorfi, sé síður en svo æðri eða virðingarverðari átrúnaður en það göfugasta í speki Austurlanda, svo aðeins eitt dæmi sé nefnt. – Það sem Vesturlandabúinn sótti í musteri hinna undirokuðu þjóða var sjaldnast annað en ránsfengur til handa söfnunum í ættlandi hans; hið andlega innihald hlutanna var látið eiga sig. Og hinn smánarlegi yfirgangur hvíta mannsins um heim allan, þessi stærsti blettur á sögu tæknimenningarinnar, hlaut að viðgangast svo lengi sem Vesturlandabúar réðu einir yfir þekkingunni og getunni.

Nú er þetta að breytast, hvort sem okkur líkar betur eða ver.

Og fari svo, að hinar áður undirokuðu þjóðir láti vera að beita okkur beinum refsiaðgerðum, heldur sjái aumur á hinum kristna véltækniheimi, þá er það ekki okkur að þakka, heldur því einu, að forn siðfræði hinna ókristnu menningarsvæða heimspeki og lífsviðhorf þeirra sem við höfum þótt of góðir til að læra af, er færari um að gegna hlutverki sigurvegarans en við. Vandamálin og átökin milli "austurs" og "vesturs" mega gjarnan skoðast í þessu ljósi. Spurningin um það, hvaðan og af hverju stríðshætta vorra tíma sé, fær ef til vill eitthvert svar, séu þeir hlutir hafðir í huga.

## Mín tíunda legiön

Ég er einn af þeim fáu mönnum hér á jörð, sem eru algjörlega réttisýnir. Þess vegna hefi ég innra með mér allmikið álit á sjálfum mér, enda þótt það komi mér ekki svo oft að haldi sem skyldi, þar eð ég er ekki laus við minnimáttarkennd og feimni á mannamótum. Það er því ekki vegna þess, að ég viti mig standa á röngu máli eða hafa aðhafst eitthvað það er ég megi blygðast mín fyrir. Nei. Heldur stafar þetta, að ég hygg, af því, að foreldrar mínir báðir, einkum faðir minn, voru þannig.

En ég hefi fundið hinn eina sannleika.

Ég er viss í því, sem ég held fram, því skoðun mín, trú mín, allt það, sem ég get sannað, hefur kostað mig allt mitt líf.

Um ágæti trúarbragða hefi ég sannfærst fyrir löngu síðan, – og um fánýti þeirra einnig. Ég er minn eigin guð, og þó er í raun og veru allt guðdómlegt í mínum augum nema ég sjálfur. Ég hefi lesið feiknin öll, ekki einungis þær tegundir bóka, sem ég get kannske sagt að falli mér bezt í geð, heldur einnig þær, sem eru mér og minni skoðun óskyldar að öllu leyti. Ég hefi alhliða menntun og, – það sem meira er um vert, ég hefi kunnað að hagnýta mér hina alhliða menntun mína, og hefi borið gæfu til þess, að vera þeim gáfum gæddur af náttúrunnar hendi, að skilja með hægu móti eitt og annað, án mikilla heilabrota eða margþættra hjálparmeðala, og ég hefi



þroskað með mér þann hæfileika að skynja og skilja rétt, sem og aðra ágæta hæfileika.

Ég tel mig gæfusaman mann. En gæfa mín er ekki fólgin í miklum auðæfum, né frægð, og þá ekki í vinum eða kunningjum, því þá á ég fáa. Nei. Gæfa mín er næstum eingöngu fólgin í því, að mér hefur tekizt að vera öðrum leiðarljós. Mér hefur tekizt að vekja aðra menn til umhugsunar um hin óskeikulustu málefni og hugtök. Ég hefi miðlað öðrum af alhliða þekkingu minni og reynslu og árangri langrar og djúprar íhugunar um hin æðstu sannindi. Og það, að vera meistari, – það, að finna að maður hefur til brunns að bera veitandi gáfur ekki síður en viðtakandi, einmitt það veldur manni sannrar gleði, styrkir mann hið innra, eflir manns eigin persónuleika og hvetur mann til áframhaldandi starfs.

Heilsuleysi mitt, sem eingöngu hefur verið líkamlegt, tel ég ekki ógæfu, sízt af öllu þá tegund ógæfu, sem stafar af eigin tilverknaði eða getur kallazt sjálfskaparvíti.

Hver hefir lifað reglusamara lífi en ég? Enginn. Ég hef ekki bragðað sykur frá því ég las um skaðsemi þá sem af sykurnautn leiðir. Ég hefi ekki drukkið kaffi, te, áfengi, né neina drykki sem hafa lamandi áhrif á mannlíkamann. Ég hefi aldrei á ævi minni reykt tóbak og forðast jafnan tóbaksreyk eftir því sem mér er mögulegt.

Sömuleiðis vil ég taka eitt fram, sem er reyndar aðalatriði frásagnar minnar, og það er, að ég hefi um langan tíma reynt að þroska persónu mína, gjöra mig sjálfstæðan á sem flestum sviðum og með ýmsu móti. Nú hefur mér tekizt þetta að mjög miklu leyti; nema – ég er ennþá ekki laus við vanmáttarkennd og feimni í umgengni við aðra menn. Og mér væri ómögulegt að koma fram opinberlega.

Það sem mér leiðist einna mest, og veldur mér sívaxandi áhyggjum er það, að vanmáttarkennd mín virðist helst vaxa með aldrinum. Hún virðist vaxa í hlutfalli við það, hversu vel mér tekst

að þroska hjá mér þann eiginleika að vera sjálfum mér nógur að öllu leyti og verða þar með sem sjálfstæðastur persónuleiki.

Ég er ekki neinum manni háður, – því síður konu, – þetta er árangur eigin þroska. Ég þoli einveru, jafnvel margra daga samfleytt, án þess að finna til minnstu leiðinda eða vandræða með það, hvað ég á að gera við tímann.

Þegar ég var yngri, kom það oft fyrir, að ég undraðist sjálfan mig. Ég hræddist hina óafvitandi tilhneigingu mína til þess að vera einn og óháður, og ég fann á miður heppilegan hátt, að ég var ekki eins og fólk er flest. En sú kennd hvarf mjög með aldrinum. Ég hætti að hræðast sjálfan mig. Hræðast?! – Hví skyldi ég hræðast mig sjálfan?

Ástæðulaust!

Ég sagði áðan, að ég ætti fáa vini eða kunningja. Þetta er rétt að mestu leyti. En þó get ég ekki varizt þeirri hugsun, að þeir, sem ég hefi orðið til gæfu, með mínum eigin gáfum og predikunum, – þeir, sem ég hefi haft þau áhrif á, að líf þeirra hefir breyzt, – þeir séu vinir mínir. Ég hefi haft tækifæri til að kynnast mönnum á öllum aldri og með ýmsar skoðanir og lífsreynslu. Og ég hefi valdið straumhvörfum í lífi þeirra. Mér hefur tekist, að hafa róttæk áhrif á þá, ekki einungis á einn hátt, heldur að öllu, eða að langflestu leyti. Ég nefndi þá nemendur mína. Ég leyfi mér, að nefna mig meistara þeirra. Og oft hefi ég fundið þakklæti streyma frá þeim, bæði í orði og verki. Ég hefi fundið það, að þeir kunnu að meta mig. Ég hefi elskað þá.

En voru þeir þá ekki vinir mínir?

Nei.

Ég trúði þeim aldrei fyrir neinu um mig sjálfan. – –

Ég hefi algjörlega yfirstigið þann vanþroska, að þurfa að trúa öðrum fyrir áhugamálum mínum eða tilfinningum. Og það, að ég hefi útbreitt kenningu mína og skoðanir er ekki vegna þess, að ég vildi gjörast frægur, eða geti ekki haft hana fyrir mig einan, heldur vegna þess að ég sá, til hve mikils gagns hún gat komið fyrir aðra menn, – það var bróðurtilfinning mín og réttlætiskennd, sem réði.

Margan góðan nemanda hefi ég átt. En jafnvel þeir beztu hafa verið sundurleitir í ýmsum skoðunum. Þroska þeirra og ágæti met ég eftir því, hversu nálægt þeir hafa komizt aðaltakmarki mannlægs lífs, sem í mínum augum er þetta: algjört sjálfstæði persónuleikans.

Það eru skiftar skoðanir um leiðir til þeirra hluta. Ég hefi alla ævi, frá því ég fór að hugsa eitthvað að ráði, verið að athuga leiðirnar að þessu markmiði. Og ég hefi komizt að raun um, að þær eru margar, – fjölmargar. Ég hefi vitanlega kynnt mér allar áður þekktar leiðir, en auk þess hefi ég komið auga á alveg nýjar leiðir, sem sumum gætu virzt brjálaðs manns æði, en eru nauðsynlegar til eflingar sjálfstæðum persónuleika. Ég vil, til dæmis, nefna þá leið, að klifra upp á þak á háu húsi, mestmegnis með því móti að fikra sig eftir rörinu frá þakrennuni, helst vera berstrípaður, og gera þetta að degi til. Eða er þetta ekki ráð til þess, að standast almenningsálitið?

Bezti nemandi minn, frá því fyrsta, er óefað Stefán rukkari Pétursson. Hann verður tvítugur í næstu viku. Ég hefi oft sagt: "Ef allir unglingar væru eins og hann, þá væri mannkyninu borgið."

Hann hefur þó eigi lesið svo mjög mikið, að hann skari framúr fjölmörgum öðrum á því sviði, heldur hefur hann öðrum fremur gert hinar merkilegustu og virðingarverðustu tilraunir í því skyni, að verða sjálfstæður. Enda hefir árangurinn orðið eftir því. Undir minni handleiðslu, og mestmegnis fyrir mitt tilstilli, hefur hann verið sá unglingur, sem hver og einn gæti tekið sér til fyrirmyndar.

Þangað til nýlega, – ég á bággt með að koma orðum að því, sem ég vil segja frá.

Nýlega varð ég fyrir áfalli.

Ég vil byrja á, að segja frá því, að ég er nýkominn á fætur eftir hálfmánaðar rúmlegu. Inflúensa gengur í bænum og heltekur fjölda manns, en hún nær ekki tökum á mér. Yfirleitt verð ég aldrei veikur af umferðarpestum. Veikindi þau, sem hafa fylgt mér um margra ára skeið eru annars eðlis en umferðarsjúkdómar.

En undanfarinn hálfan mánuð hefi ég þó verið rúmfastur, oftastnær með hita, á tímabili með óráði og hugðu læknar mér naumast líf. Nú er ég orðinn sæmilegur aftur, mestmegnis fyrir einbeitingu hugans að ákveðnum hugtökum; nokkurnveginn hress, löngu áður en flestir ímynduðu sér að ég risi á fætur.

En hvað olli öllum þessum krankleika?

Þetta: Ég varð fyrir vonbrigðum.

Hefði niðurstaða hugsana minna, eftir að ég varð fyrir vonbrigðunum og þangað til ég fór í rúmið með hita og óráði, – (hefðu niðurstöður hugsana minna orðið þær?), að ég sjálfur hefði verið óréttssýnn og að mér hefði fatast í röksemdafærslu minni, þá hefði ég orðið brjáláður; ef til vill framið sjálfsmorð. Því hvað gæti verið hræðilegra en það, að komast að því að hafa hugsað rangt?

En sem betur fór, var málið ekki svo alvarlegt. Ég hafði ekki tekið ranga ályktun, endaðótt ég yrði fyrir vonbrigðum.

Ég efast um það, að ég gæti orðið fyrir meiri vonbrigðum en ég varð. Ég efst um það, að nokkur maður gæti tekið slíkum vonbrigðum með ekki verri afleiðingum en ég.

Áðan minntist ég á Stefán rukkara Pétursson. Ég sagði hann vera minn bezta nemandi, sem ég hingað til hef haft. Og þessu get ég ekki neitað, endaðótt ég hafi reynt að leiða rök fyrir öðru viðhorfi, annarri skoðun, með sjálfum mér.

En hann er ekki nemandi minn lengur.

Ekki er þó því að heilsa, að hann sé fullkominn orðinn, og þurfi mín eigi við, – síður en svo, – en hann vill ekki vera nemandi minn lengur. Það hefur hann sýnt með breyttni sinni.

Aumingja Stefán!

Hann sem var í mestu álitum hjá mér af þeim, sem heyra speki mína. Hann, sem kunnir allt til þessa, að meta mig og virða manna bezta. Hann, sem var mín "tíunda legión"!

Það hafði ég stundum nefnt hann í gamni, – og jafnvel í alvöru. Nú er hann mér horfinn.

Ef til vill er ég vondufufur um of, ef til vill – – – hví segi ég ef til vill? – er ég í efa – Nei. Vissulega ekki. Ég er aldrei í efa um jafnaugljós atriði og þetta er. Hann er fallinn maður, – glataður maður. Ég segi hér í fáum orðum það, sem fyrir hefur komið. En ég á bágð með að skýra frá því, sem ég þarf að segja frá, sökum þess, að ég er í feikna ójafnvægi, – ég ræð naumast við tilfinningar mínar.

Þá er fyrst að segja frá því, að fyrir rúmum tveim vikum var ég að kveldi til samkvæmt venju á leið vestur í bæ. Þangað fer ég alltaf um níuleytið á hverju kvöldi og geng vestur í fjöruna við Selbúðirnar, því aldan syngur þar öðru vísi en nokkursstaðar annarsstaðar, þar sem ég hefi hlustað á söng hennar. Ég var sem sagt á leið þangað vestureftir og var kominn að horni Hafnarstrætis og Vesturgötu. Fyrir Ingólfsapótekið kemur þá mín "tíunda legión" á mjög mikilli ferð og tókum við jafnfljótt eftir hvor öðrum.

Ég nam staðar. Og hann nam staðar.

Ég bauð honum gott kvöld og rétti honum hendina rösklega og vingjarnlega að vanda. Og hann rétti mér hönd sína – – hægt en nokkuð ákveðið, – – og leit á mig um leið því augnaráði, sem ég bjóst sízt við af honum.

(7.12. '43. Hreinskrift '44)

## In dulci jubilo

Við skulum byrja þessa frásögu með því að hverfa aftur til aðfangadagskvölds jóla árið 1929. Þá var drengurinn aðeins fimm ára snáði og hún amma hans tekur hann með sér til aftansöngs í Reykjavíkur-dómkirkju. Í fljótu bragði skyldi maður ætla, að meira en fjórum áratugum síðar þætti slíkt naumast frásagnarvert eða þess umkomið, að varðveitast á bók. Enda er það mála sannast, að í endurminningu þess manns sem eitt sinn var þessi drengur, lifir ekkert frá þessari jólamessu utan eitt einasta sálmalag, sem hann minnst ekki að hafa heyrt fyrr en þá. Hann kannast þá þegar við lög eins og Heims um ból, Í Betlehem er barn oss fætt, Í dag er glatt, og meira að segja Ó hve dýrðlegt er að sjá; gat jafnvel farið með eitthvað af textum þessara sálma. En þarna heyrði barnið nýtt lag, sem hann hafði ekki áður heyrt og vissi ekki hvað hét. Og það sem gerði þetta hvað eftirminnilegast var það, að þegar barnið spurði ömmu sína á heimleiðinni hvað nýja lagið hét, þá gat jafnvel ekki hún með alla sína þekkingu á guðsorði gefið honum neitt svar. Hún sagði eitthvað á þá leið: Það er enginn nýr sálmur, væni minn. Þar með var það útrætt, alltént í bili.

Að líkindum hefur verið stjörnuþjart þessa nótt. En borgarbarn á sjötta ári virðir ógjarnan fyrir sér himininn og stjörnuþjartina, sjóndeildarhringur þess er jarðbundnari en svo. Hins ber að minnast, sem frekar styður líkindin um heiðskíra næturhvelvingu þetta sinn, að frostbirta var mikil og ökklaþjúpur snjór; kristallar hans sindruðu í stillilogni, og þeirra dýrð var á sinn hátt stjörnuþjart.

Gamla konan haltraði með sveinstaulann sér við hönd heim á leið, upp Bókhöðustíg; og það var mikil kyrrð á Reykjavíkurgötum þessara ára, næstum enginn á ferli, sízt á kvöldi eins og þessu.

Mér er svo voða kalt á tánum amma mín, segir pilturinn.  
Rólegur, gæzkan, svarar hún. Við erum bráðum komin heim.  
Andartaki síðar segir drengurinn: Amma ...

Hvað, væni minn? spyr hún.  
Víst var sungið nýtt lag í kirkjunni.

Jæja, góði, segir amman.

En af hverju viltu þá ekki segja mér hvað það hét? sífrar snáðinn.

Amma hans gegnir þessu relli fáu sem engu. En þar sem þau eru nú komin í brekkuna ofanverða og eiga eftir skamman spöl frá Miðstræti, vekur gamla konan athygli drengsins á húsinu til hægri; þó ekki húsinu öllu, heldur kjallaradyrunum og samt ekki dyrunum fyrst og fremst, heldur lyklinum sem stóð í skránni. Þetta virðist vera gluggalaus og dimmur kjallari, en fyrir honum voru engu að síður mikilfenglegar dyr, rauðmálaðar, og til frekari áherzlu enn mikilfenglegri lykill, sá sem að þeim gekk, stór og fagurgljáandi, úr eir – jafnvel skíragulli.

Veiztu hver á heima *þarna*? Sagði gamla konan við drenginn.

Það vissi drengurinn ekki og hafði máski takmarkaðan áhuga á því vegna kuldans á fótunum.

Þarna býr, sagði amma hans, þarna býr hún Grýla. Og Grýla, hún tekur börn sem eru óþæg og fer með þau í kjallarann og aflæsir með stóra lyklinum ... En, bætti gamla konan við, hún tekur ekki *þig*; ég sé um, að hún taki ekki þig, því þú ert stilltur og vænn – eða ertu það ekki?

Innan stundar voru þau amman og drengurinn komin upp í litla kvistherbergið á Grundarstíg átta, þar sem bæði var notaleg hlýja frá kolaofni, og gervijólatré með alvöru kertum, og eitthvað heitt í svanginn og bragðgott í munninn, og friður, líka guðsorð, einskonar áframhald messu; jól.

Amma ... sagði drengurinn.

Já hvað, væni minn? sagði hún og kveikti ljósin á jólatrénu; það stóð á borði, og jólalöber undir.

Amma, var hún Grýla líka í kirkjunni?

En sú spurning, tautar gamla konan við sjálfa sig og þetta var ekki ætlað sem svar.

Var hún Grýla kannski komin heim á undan okkur?

Spurðu ekki svona kjánalega, Lilli minn, segir amman.

En af hverju var lykillinn í skránni? spyr barnið.

Gamla konan svarar ekki.

Þetta var mjög fagurt jólakvöld, þeim mun fegurra sem lengra leið að árafjölda. Núna var gleymdur kuldinn í leiðinni upp Bókhlöðustíg. En það var samt ekki fyrr en mörgum árum síðar, að drengurinn gerði sér þess ljósa grein, að fegurð þessarar árstíðar var ekki eingöngu fólgin í því sem augað sá eða eyrun heyrðu, heldur fyrst og fremst í því sem stendur hverju barni næst: tilfinningunni fyrir öryggi og vissunni um væntumþykju einhvers. Það hvorttveggja átti eftir að verða þessum dreng mjög dýrmætt síðar.

Þekkir þú Grýlu afskaplega vel, amma? Hélt barnið áfram að rella.

Við skulum ekki tala um Grýlu á jólunum gæzkurinn, ekki meira, sagði gamla konan í senn ákveðin og mild. En ég vildi ég gæti sagt þér hvað lagið hét sem þú varst að spyrja um. Ég man það núna, það var sunginn sálmur sem ekki er oft sunginn, en ég bara kann hann ekki, og ekki lagið heldur.

Þá var barið laust að dyrum og inn komu hin börnin á loftinu; þetta urðu mjög gleðileg jól.

Það má teljast einskonar nauðsynlegur millikafli þessarar frásögu, þegar ömmudrengurinn var orðinn helmingi eldri, kominn á ellefta ár. Þá hafði gamla konan kostað handa honum um meira en tveggja ára skeið einkakennara, svo hann gæti lært að spila á litla stofuorgelið, sem hún móðir hans hafði látið eftir sig þegar hún dó frá honum árgömlum.

Hér í sögunni var svo komið, að barnið þurfti ekki lengur að leita til ömmu sinnar gömlu um neina vitneskju varðandi sálmalög, né heldur annað sem viðkom músík; og hann var þónokkuð mikill með



sig, þá þegar, vegna allar þeirrar þekkingar sem honum fannst hann búa yfir í þeim efnum. Nú vissi hann að sjálfsögðu mætavel hvað lagið hét, þetta lag, sem sungið var í kirkjunni forðum á aðfangadag jóla, og hann vissi ekki aðeins hvað það hét: hann gat spilað það líka, og það var með léttari lögum sem hann réði við á hljómborðinu. Það hét "Sjá himins opnast hlið", var númer 79 í sálmabókinni hennar ömmu hans, en bar eitthvert útlenzk nafn í nótnabókum. Laglína þessi var líka eilítið öðruvísi í söngvasafni Bjarna Þorsteinssonar en hún var í kóralbók Sigfúsar og síðar Páls. Þessi einfalda tónsmíð var með aðeins einu *b*-i, og hvað var það mótsvið "Heims um ból" eins og sá sálmur var raddfærður í orgelskólanum hans – með fimm *b*-um? En einnig þá þraut var krakkinn nú tekinn að glíma við, endaðótt langt væri þangað til að þeirri æfingu kæmi samkvæmt fyrirsögn kennara hans, sem tók vitaskuld allt í réttari röð.

En hvað sem leið öllum freistandi tilraunum og níðþungum æfingum, þá var það mála sannast, að einfaldleiki slíkur sem sálmalagsins sem hann hafði fyrst heyrt í kirkjunni forðum, stóð að mörgu leyti hjarta hans nær en sitthvað annað í tónlist, þegar á þessum bernskuárum hans. Það var ekki texti sálmsins sem slíkur; hann gaumgæfði ekki þannig hluti fyrr en mörgum árum síðar, heldur var það eitthvað allt annað: lagið eitt og sjálft. Útlenzki lagaborðinn? lagboðinn var meira að segja fráhrindandi í augum barnsins. Honum var það nánast undrunarefni á þessum tíma, að lagið skyldi bera útlenzk nafn: In dulci júbilo. Hvað merktu þessi orð? Honum kom ekki til hugar að spyrja neinn, því þetta skipti ekki svo ýkjamiklu máli.

---

Hverfum nú fram til ársins 1949. Tveir áratugir eru liðnir frá því aðfangadagskvöldið forðum í Reykjavíkur-dómkirkju, já, næstum upp á dag, því nú er Þorláksmessukvöld; og þó er heilögum Þorláki varla sungin messa hér á þessum stóra stað þar sem pilturinn dvelst,

Því að þetta er Parísarborg. Og ekki mun hann fara með ömmu sinni gömlu í kirkju framar; hún hefur nú um mörg ár hvílt undir torfunni sinni norður á eyju yzt á höfum. Það er mikið vafamál, að hann stigi yfirleitt fæti inn fyrir kirkjudyr á þessum jólum, fremur en endranær, þó svo það komi fyrir að hann leiti stöku sinnum á vit hátíðleika kaþólskrar messugerðar, og þá einna helst á fæðingarhátíð Jesú Krists. En hann hefur ekki uppi neina sérstaka ráðagerð um það.

Veðráttan í þessari suðlægu borg er mild og hlý, þótt um hávetur sé, og lítil hættu er á því, að neinum verði hér kalt á tánum. Það ýrir hlýju regni, og úðinn sveipar ljósadýrð heimstrætanna þeim gangsæja hjúpi sem þekkjanlegur er af víðfrægum málverkum. Fólkið verður sem annarlegar ævintýraverur, ekki hvað sízt í augum þess sem er útlendingur og kannast hér ekki við nokkurn mann; og enginn þekkir hann. Í sumum ævintýrum gildir það að tala sem fæst; ávarpa helst engan, kunna að forðast leyndar hættur í ókunnum stað, ef vel á að fara að lokum. Var pilturinn máski að hugsa um þetta, á Þorláksmessu, í Parísarborg? Það man hann ekki lengur; en hins minnst hann, að hann fann fyrir einhverjum óskilgreindum kulda, þrátt fyrir suðrænan andblæ. Ljósadýrð, heit augnaráð, þýða óma tungutaksins og glaðværð innadyra sem utan. Þessi ónotatilfinning gerði sín ekki vart skyndilega, heldur læddist að honum, smaug inn í hverja taug hans, hægt, varla merkjanleg í fyrstu, en jókst smám saman án þess hann fengi rönd við reist, og án þess hann vissi af hverju hún stafaði. Því að ekki hafði hann nokkra minnstu ástæðu til að óttast neitt, kvíða neinu sérstöku, kvarta undan nokkrum sköpuðum hlut. Hann var að vísu öllu og öllum ókunnugur hér og gat hvenær sem var tapað áttum og villst tímum saman. En hann var öldungis kærulaus um það, þótt svo kynni að fara, slíkt hafði iðulega komið fyrir hann í erlendum borgum, og honum fannst ekki nema gaman að því. Hann var ungur og hraustur, og ekki var hann öryggislaus sökum fjárskorts. Þessi kuldi, svo óskilgreinanlegur sem hann var, hlaut að eiga upptök sín innra með honum sjálfum, í einhverju tómi, einhvers konar andlegum sljóleika og aumingjaskap,

sem hann gæti engum um kennt nema sjálfum sér, í hæsta lagi guði almáttugum. Enda væri skynsamlegast að vinna bug á þessari kennd, hefjast handa um eitthvað, fara í leikhús, á hljómleika, í bíó eða jafnvel á ball. En hann gerði samt ekkert af þessu.

Hann var staddur á stjörnutorginu umhverfis Sigurbogann, og það skiptir hann litlu máli í hvaða átt hann fer. Það er varla, að hann velji neina sérstaka götu, en tilviljun ræður því, að hann reikar án markmiðs úteftir einu strætinu þar sem umferðin er hvað minnst, vandrar síðan inn í hliðargötu, þaðan inn í aðra hliðargötu þar sem umferð er varla nokkur og ekkert sérstakt til að horfa á, og kannski má segja að hann sé á flóttu; samt gerir hann sér ekki grein fyrir því, að hann sé að flýja neitt sérstakt, nema ef vera kynni umferðarysinn. Ef nokkuð er, þá mætti ætla að hann langi beinlínis til þess að verða vegvilltur í þessum framandi stað. Þær verða margar göturnar sem hann gengur þannig í rólegheitum, án þess að gefa nokkru því gaum sem hann getur rifjað upp mörgum árum síðar þótt hann reyni.

Þess var áður getið, að hann hafði ekki uppi neina ráðagerð um það að fara í guðshús í tilefni hátíðarinnar í höndfarandi, en því fór það einmitt svo, að á vandri sínu um öngstrætin vissi hann ekki fyrri til en hann var sestur á grjótharðan kirkjubekk, og þess minnst hann enn, hversu velþegin sú hvíld var.

Þetta var fremur lítil kirkja, óaðlaðandi í smekkleysi skreytingar sinnar og að líkindum ómerk með öllu í sögunni. Hún féll inn í húsasamstæðuna og lifði varla sjálfstæðu lífi sem bygging. Ef hún átti sér eitthvert nafn, þá var þess áreiðanlega hvergi að leita í bæklingum eða á kortum fyrir túrista, því síður í pálþykkum listaverkabókum. En engu að síður bjó hún yfir nokkru því, sem ferðamaður þessi þarfnaðist þá stundina: sæti til hvíldar, þótt hart væri, kyrrð fjarri öllum skarkala stórborgarinnar, og síðast en ekki síst: því kostulega tímaleysi sem kirkjur einar búa yfir, einkum þegar þær standa tómar eða svo gott sem. Þær er bæði fortíð og nútíð, og er þó jafn rétt að segja: hvorki né.

Pilturinn var ekki einn í kirkjunni. Fyrir voru örfáar hræður knjáfallandi hér og hvar í bekkjaröðum, langflest konur. Þær komu inn með pinkla sína og ílöng franskbrauð óumvafin, krupu við bekksenda, krupu aftur á harða bænabríkina, signdu sig og ... svo vissi guð einn framhaldið. Stöku kirkjugestur tók kerti við innnganginn kveikti á því og skorðaði í stjaka frammi við hliðaraltari. Varla heyrðist hljóð, nema ef bænabrík marraði við steingólfíð þegar einhver reis úr sæti. Það jók aðeins á kyrrðina í þessu húsi guðs, og er nú bezt að segja það í sem stytstu máli, að hvað úr hverju hvarf piltinum sá hríslingur óskiljanlegs kulda, sem hann hafði áður fundið fyrir. Honum leið mætavel. Og samt fór því fjarri, að hann fylltist nokkru því sem mætti kalla trúarlega kennd, því síður tilbeiðslu. Það hvarflaði ekki að honum að fara að dæmi annarra kirkjugesta og falla á kné á harða bænabrík. Hann sat kyrr þar sem hann kominn, og honum varð undarlega sama um allt, þægilega sama. Það skiptir allt svo fjarska litlu máli á stað þar sem mannsbarnið skynjar eilífðina, líka sjálft umhverfið.

Ekki vissi pilturinn ljóslega hversu lengi hann hafði dvalizt þarna inni – því síður minnst hann þess um hvað hann var að hugsa – þegar hann skynjar allt í einu lagan hvin ofanvert við sig og aftan til, líkt sem hása rödd sem gerir tilraun til að mæla orð. Þetta var upphaf á orgeltóni. Kantor þessa opna húss guðs handa fuglum var auðheyrilega að æfa sig undir hátíðina, og þó má vera að það hafi alls ekki verið kantorinn, heldur einhver allt annar, enda má það einu gilda. Hins vegar var einfalt lagið sem leikið var ofur kunnuglegt. Og það var piltinum síður en svo nýtt lag lengur, fremur en það var nýtt innan kirkjuveggjanna yfirleitt, því að þetta var lagið við undarlega sálminn sem ortur var endur fyrir löngu á samblandi latínu, þýzku og jafnvel hollenzku, og enginn lærdómsmaður vissi fyrir víst hver ort hafði: In dulci jubilo ... Lag sem raunar þurfti engan texta, en var af sjálfu sér og á sinn átt ei síður tilkomumikið en kantötur eða óratóriur, ekki hvað síst í þeirri gerð Johanns Sebastians Bachs sem það var hér spilað, sem sálmaforleikur.

Flutningur þess var reyndar fjarri því að vera fullkominn og ekki voru orgeltónarnir nema miðlungi fagrir ef hlustað var grannt með gagnrýnu eyra á einn og einn hljóð. En það er svo undarlegt með þetta lag – einkum þegar það er alls ekki sungið, heldur aðeins spilað, nægilega hægt, eins og hjarðljóð, og ekki hrópað upp með neinu sigurstranglegu offorsi – að þá má spila það afskaplega illa til þess að það glati með öllu áhrifum sínum, hæð og dýpt, þeim styrk og því gildi, sem einfaldleikinn einn býr yfir, einlægnin og lotningin frammi fyrir allri sköpun. – Grýla, hún má vera allstaðar umhverfis, hún fær varla mikið mein gert. Kuldi á tám og höndum fær því síður mein gert. Jafnvel sá kuldi sem kann að hríslast um þig innra á stundum, fyrirvaralaust og þegar þig sízt grunar, þá má ætla að hann víki fyrir þessum ljúfa óáleita fögnuði. In dulci jubilo ... Alpha es et O, Alpa es et O ... stendur í textanum. En það skiptir litlu máli lengur hvað stendur í þessum fornlega og skrýtna texta, né heldur nokkrum öðrum textum.

Og hér er komið að lokum þessarar frásögu, án þess þó, að þetta sé nokkurt lokaatriði. Því það verður aldrei saman sett nein endanleg lýsing, því síður hástemmd hugleiðing um það, sem er eilíft og ofar öllum lýsingarorðum og speki, en veitir – ekki aðeins nokkra daga dimmasta mánaðar ársins, heldur árið um kring – þau jól hjartanu, sem eiga að inntaki í senn barnslega lotningu og hvað innilegastan fögnuð.

(Rv, des. 1971)

## Saga um jólatré

Aðalstræti og Vesturgata mætast fyrir horni Ingólfs-Apóteks. Þar mætti ég Stefáni kaupmanni á Þorláksmessukvöld í fyrra. En hvað mér hafði dottið í hug, að ég myndi hitta einhvern kunningja minn hinum megin við hornið, – og en hvað það hafði rætt vel! – þarna kom hann í gula frakkanum sínum, rauðnefjaður og á skóhlífum, því það var krapí á götum. En ég átti engar skóhlífar, vegna þess hve ónýtur ég hef verið í að afla mér peninga um ævina og aldrei unnið mér inn fyrir skóhlífum.

"Ja – komdu nú sæll!" sagði ég.

"O – sæll veri 'ann! Sefán rétti mér volga hönd sína innan úr skinnfóðruðum hanzkanum. Ég tók í hana með kuldadofinni hendi minni, sem var hanzkalaus vegna þess ég hafði aldrei unnið fyrir hönzku um ævina.

"Nokkuð nýtt?" spurði kaupmaðurinn og horfði meira á umhverfið en mig. Ég gaf lítið út á það og tautaði einhverja meiningarleysu. En hann svaraði einnig tómri meiningarleysu; og þannig gengum við suður eftir Aðalstræti. Svo segi ég:

"Finnst þér ekki alltaf einhver sérkennileg lykt um jólin, Stefán?" Hann veitti spurningunni enga eftirtekt.

"Finnst þér ekki eitthvað öðruvísi lyktin á jólnum, heldur en endranær?" spurði ég aftur, hærra en fyrr. Hann vaknaði af dvala, hló við og svaraði:

"Lykt? – Hvað meinarðu eiginlega? – Ég finn enga lykt."

"Nei, — ég meina nú svona yfirleitt," sagði ég. "Mér finnst til dæmis önnur lykt núna heldur en fyrir viku síðan."

"Lykt af hverju?" spurði Stefán og horfði svo tortrygginn á mig, að ég var farinn að finna til alvarlegrar minnimáttarkenndar. Hann var auðsjáanlega farinn að halda mig eitthvað ruglaðan.

"Ég skal segja þér, hvernig í þessu liggur, Stefán," sagði ég. "Svoleiðis er, að þegar maður gengur framhjá versluninum fyrir jólin, dagana sem ávextirnir fást, þá angar alltaf fyrir vitum manns lyktin af þeim, þessari munaðarvöru, sem aldrei fæst, nema kannski rétt fyrir jólin. Og ég held, að þessi guðdómlega angan, ef ég má tala svo skáldlega, – ég held hún berist einhvern veginn svo vel í frostinu. Andrúmsloftið mettast af henni og bandast saman við ilm af nýbrenndu jólakaffi, súkkulaði og öðrum drykkjum. Ég kalla þetta jólalykt. – Skilurðu mig, Stefán?"

"Ojá, – ég skil nú hvað þú átt við," svaraði kaupmaðurinn og var orðinn alvarlegur. En ekki vantar mann svo sem þessa ávexti. Það væri betra, að maður hefði svolítið minna af þeim, en vantaði ekki eitthvað annað."

Ég svaraði þessu engu, því ég vissi ekki hverju ég ætti að svara. Og við urðum báðir krakkalegir í framan. Svo stóðum við á Uppsala-horninu.

Lítu á þessa bölvuðu spíru!" sagði hann með fyrirlitningu, horfði á jólatréð, sem stóð fyrir framan Herkatalann, og setti í brúnir.

Ég leit á tréð hvar það stóð, hátt og ljósum prýtt, rauðum, gulum og grænum. Það var snjór á greinum þess, og einhver hafði hengt loðhúfu á neðstu greinina.

"Þetta er nú anzi myndarleg hrísla," sagði ég.

Svo gengum við áfram.

Ofarlega í Túngötunni sagði Stefán:

"Trúirðu því, að ég hef aldrei á ævi minni gengið kringum jólatré?"

Ég sagðist enga ástæðu hafa til þess að rengja hann um það, enda þótt mér fyndist það nokkuð kynlegt, – hann hefði þó alltént einhvern tíma verið barn eins og aðrir, og leikið sér ásamt börnum.

"Hefurðu aldrei jólatré heima hjá þér?" spurði ég.

"Nei. Ég – – krakkarnir mínir verða að reyna að skemmta sér við eitthvað annað á þessum blessuðum jólum, heldur en hoppa í kringum fánýt grenitré. Svo fást nú víst engin jólatré núna – –

Seinna hélt hann áfram:

Það er eiginlega dálítil saga af því, – eða öllu heldur ástæða fyrir því, að ég hef ýmugust á jólatrjám.

Það er ekki vegna eldhættu; það skaltu ekki halda. Og söguna get ég sat þér, ef þú kærir þig um –"

Ég játti því.

En það er svo sem ekki merkileg saga. Nauða ómerkileg, – nema fyrir mig. Ég er búinn að stúdera sjálfan mig það vel, að ég skil nokkurn veginn mitt eigin sálarlíf, hvert einstakt smáatriði. Og ég get rakið ýmislegt í fari mínu til afdrifaríkra atvika í bernsku minni.

Ég mun hafa verið frekar næmur unglingur allt fram á tvítugsaldur, og ég var fjarska mikið mömmubarn. Mamma var fátæk og vann baki brotnu. Það er gömul saga um ekkjur, sem verða að vinna fyrir börnum sínum. Og hún kom okkur báðum vel til manns, systkinunum, – kenndi okkur að vinna og nota tímann. "Morgunstund gefur gull í mund," sagði hún oft. – Já, – ég var mikið næmur, næstum því veiklaður. – Börnin sem ég lék mér með, hrekkjuðu hrekktu mig oft að gamni sínu, án þess ég ætti það skilið. Þau réðust kannski öll á mig í einu, af því ég var veiklaður og ragur, og slógu mig. Og ég klagði óðara fyrir mömmu. En svo gat ég líka hrifizt af einhverju ómerkilegu smáatriði og komizt í gott skap af mesta lítilræði. Einn sykurmoli gat dugað til þess ég hætti að gráta, þótt ég væri orðinn tíu ára eða meira.

Nú, – ég ætlaði víst að segja þér söguna. Það er nauða ómerkileg saga, nema fyrir mig. Eiginlega ætlaði ég ekki að segja hana neinum manni; hún er mér sízt til hróss. Hún er engum til hróss. En hún sýnir, hvað ég var viðkvæmur.

Svoleiðis var, að einu sinni á jólum ég hef líklega verið ellefu eða tólf ára – þá stóð ég ásamt leikbróður mínum úti í garðinum kringum hús föður hans. – Það var ríkur karl og mikill með sig. –



það var á annan eða þriðja og við vorum báðir í sparifötunum okkar. Það var snjór úti, sem hægt var að hnoða úr eða byggja, en mamma hafði harðbannað mér að fara í snjókast eða leika mér í snjónum, því ég var í skástu flíkunum. Og það var ekki svo oft sem maður kom í þær. Þessi spariföt mín voru nú ekki upp á marga fiska. Það voru matrósaföt, gömul og heldur lítil, – að minnsta kosti buxurnar. Það hafði verið sett ný ermi á blússuna, og efnið í þessari nýju ermi var miklu dekkra og fallegra heldur en í blússunni og í buxunum, enda þótt það ætti að heita í sama lit. En ég var fjarska montinn í þessu. Það þarf ekki sveitadreng til þess að hann sé montinn í sparifötunum sínum. Fátækur drengur í kaupstað getur líka orðið upp með sér í því bezta sem hann á til þess að fara í. –

Já, – þarna stóðum við fyrir utan húsið hans, og það var komið kvöld. Við höfðum hitzt á götunni og talast við, en ekki farið í neina leiki. Ég vil taka það fram, að fötin hans voru miklu fínni en mín, enda þótt það sé auðskilið mál, að svo hafi verið. Hann var þó ekkert montinn, að því er mér fannst, heldur miklu fremur hissa á því, hvað ég var fínn, – því venjulega gekk ég ekki sem bezt til reika. Ég held hann hafi samglaðzt mér yfir því að ég var í sparifötunum.

En svo var það, að ég kom auga á stjörnuna – –."

"Hvaða stjörnu?"

"Stjörnuna á jólatrénu í stofunni hjá honum. Ég sá hana gægjast upp fyrir gluggahengið, sem aðeins var fyrir neðri rúðunni. – Og ég man, hvað mér varð starsýnt á hana. Fimmarma, stór stjarna, logagyllt. Ég vissi ekki í fyrstu á hverju þessi stjarna væri, – hélt jafnvel, að hún hængi í loftinu. En þegar ég spurði hann að því, sagði hann mér, að hún væri á toppnum á jólatrénu sínu. "Það hlýtur að vera fallegt jólatré," sagði ég. Hann dró ekki úr því og var fjarska hreykinn. "Það stendur á miðju gólfi," sagði hann. "Á miðju gólfi – og nær svona átt?" spurði ég og var tortrygginn. "Já, það er stærra en pabbi", sagði hann. En ég trúði honum ekki og við vorum næstum því farnir að rífast út af þessu. Þá sagði hann: "Ef þú trúir mér ekki get ég bara sýnt þér það." Hann sagði mér, að ég gæti komið seinna

um kvöldið, þegar hinir krakkarnir kæmu, – þá yrði kveikt á kertunum og borðað sælgæti, sem væri í pokunum. Ég þarf ekki að lýsa því fyrir þér, hvernig mér varð innanbrjósts. Ég steinhætti að þræta fyrir stærðina á trénu. Sjálfsagt var það fjarska stórt, stærra heldur en hann sagði, – líklega næði það alveg upp í loft. Þetta hlaut að vera skemmtilegt. Krakkarnir áttu að koma. – Reyndar ekki við fátæku krakkarnir, – nema ég, – nú var ég boðinn, – einn úr hópi fjölda stráka, sem ekki voru nógu fínir til þess að heimsækja þennan ríka unglíng, og það á sjálfum jólnunum. Ég þakkaði honum fjarska vel fyrir boðið og varð næstum því feiminn. En hélt alltaf, að ég væri svo lítilfjörlegur eitthvað, að enginn tæki eftir mér og ég var harðánægður með það hlutskipti. Svo skildumst við og ég fór heim. Það var ákveðið, að ég kæmi heim til hans á tíunda tímanum og gerði boð fyrir hann.

Svo leið og beið. Ég var með öndina í hálsinum allan tímann af eintómri eftirvæntingu. Gaman, – gaman. – Hvað amaði að? Ekkert í öllum heiminum. Mamma varð ekki lítið hissa, þegar ég sagði henni af þessu. Hún skipaði mér að þvo mér um hendur, og andlit, og hún lét mig skipta um sokka, því hún bjóst við því, að ég yrði látinn fara úr skónum til þess að ég sporaði ekki gólfin í húsinu.

Svo varð klukkan níu og ég lagði af stað í boðið. Ég man, að rétt áður en ég ætlaði að þrýsta á dyrabjölluna fannst mér sem ég þyrfti að sjá stjörnuna utan úr garðinum einu sinni enn, gegnum gluggann. Það var eitthvað svo gaman að sjá efsta toppinn á stóru jólatré, – gyllta stjörnu, og eiga það í vændum að vera kominn inn í stofuna, – fast að sjálfu jólatrénu, innan lítillar stundar. Og ég stökk niður tröppurnar aftur og staðnæmdist neðan undir stofuglugganum og horfði á stjörnuna örlitla stund. – Hún var miklu fallegrí heldur en hún hafði verið nokkrum tímum áður, er ég sá hana fyrst. En nú átti ég í vændum að sjá jólatréð allt, – ganga í kringum það ásamt hinum krökkunum og fullorðna fólkinu og borða sælgæti úr fallegum pappírspokum, sem héngu víðsvegar á greinunum.

Ég var léttur á mér, þegar ég hljóp upp húströppurnar og þrýsti á dyrabjölluna. Ég man, að ég stóð þráðbeinn og viðbúinn að taka ofan, þegar komið væri til dyra. En ég þurfti ekki á því að halda, því að kunningi minn kom sjálfur til dyranna og allt í einu var ég staddur í fínasta húsinu, sem ég þá hafði komið inn í. Kunningi minn lét mig fara á undan sér að stofudyrnunum. Síðan gekk hann framfyrir mig og opnaði stofuhurðina mjög hratt. –

Ég man hvað ég roðnaði við öll þessi ósköp: jólatréð, eins og það leit nú út, – því það kom alveg heim við það, sem hann hafði sagt mér: en ekki tók ég síður eftir þeim, sem inni voru. Þarna var samankomið margt fullorðið fólk og krakkar. Sum andlitin kannaðist ég við, – önnur voru mér algerlega framandi.

En mikil reiðinnar ósköp glápti fólkið! Ég veit þú getur ekki ímyndað þér hvernig mér varð innanbrjósts. Þú hefur aldrei verið eins fátækur og ég var í bernsku og aldrei eins minnimáttar og viðkvæmur. Þess vegna geturðu ekki sett þig í spor mín. En hvað um það, – þarna stóð ég eins og viðundur á þröskuldinum og bauð víst ekki einu sinni gott kvöld. Einhversstaðar heyrði ég pískur og lágt samtal. Einhver í hópnum var víst að tala um mig. Og allir gláptu á mig.

Þetta stóð ekki lengi. – Foreldrar dengsins komu fram að dyrunum. Hann var með lonniéttur, en hún var feit. Þau litu á okkur strákana til skiptis, – hvaða dreng var hann að koma með óboðinn inn í stofu á sjálfum jólunum? Ég man ekki nákvæmlega hvað þeim varð að orði, nema ég man, að frúin tók hönd sonarins í lófa sinn, rétt eins og hún væri að vernda hann, og vék sér að mér. –

Jólatréð, – fólkið, – kunningi minn, – og faðir hans, sem stóð þarna við hlið mína, – þetta vék allt úr huga mínum fyrir augnaráði þessarar feitu konu. Svo bað hún mig að fara, – ég væri ekki boðinn, – þetta væri misskilningur hjá drengnum, – hann væri krakki og ekkert að marka, hvað krakkar væru að segja, – ég gæti, kannski, komið einhvern tíma seinna.

Hún horfði bæði framan í mig og á fötin mín, og fötin mín urðu þess skyndilega óverð að kallast spariföt, og ég skammaðist mín niður fyrir allar hellur. Hér stóð ég, fatalaus og vitlaus, var búinn að láta hafa mig fyrir fífl, – eða ef ekki það, þá hafði ég sjálfur gert mig að fífli. Og ég fór, – án þess að kveðja, – hljóp við fót, – heim."

---

Hér tók Stefán kaupmaður sér málhvöld og leit á mig því augnaráði, sem ég hélt hann ætti ekki til. Það var alvarlegt án sorgar, – kalt eins og jólasnjór.

"Það er einmitt," sagði ég út í bláinn.

"Ég ætla ekki að segja, hvernig mér leið lengi á eftir. – Það skiptir ekki máli, – nema þessu, eins og ég hef sagt þér, – jólatré minna mig alltaf á gleðisnauda, niðurlægjandi bernsku mína."

Svo varð nokkur þögn og við gengum aftur niður í miðbæinn. Ég var í þann veginn að hefja máls á vörukaupum fólksins fyrir blessuð jólin, þegar hann sagði:

"En nú hef ég sannarlega vaxið upp úr þessu, skal ég segja þér. Ég hef lært að vinna, sigra, standa sjálfstætt. – Ég hef stokkað spilin og gefið að nýju. Hver er það sem ekki vill vera í sporum mínum nú, eiga það, sem ég á, – ha? Ef hægt er að rísa gegn þeim öflum, sem kremja hjarta manns í bernsku, þá hef ég gert það."

Rödd hans var hlakkandi og lág.

(Hverag. í nív. 44.)

## Inni, sem eigi er með höndum gjört

Utanað berast margvíslegir hljómar, breytilegir á ýmsum tímum sólarhrings, og ég skynja þá varla. Stundum legg ég við hlustir til að sundurgreina þá; það er einkum ef mér hefur skyndilega fundizt komin þögn. En það er aldrei algjör þögn. Ég skynja jafnan eitthvað af því sem skáld hafa nefnt Hjartslátt lífsins. Væmið, drepleiðinlegt og yfirmáta úrelt hugtak, sem búið er fyrir löngu að gatslíta eins og flestu öðru. Ég skammast mín fyrir að muna það og geta ekki sjálfur fundið einhverja betri og réttari líkingu. Engu að síður legg ég eyrun við; stundum. En það er aldrei algjör þögn. Jafnvel í kyrrðinni um nætur fæ ég ekki umflúið þetta, og ég veit ekki hvað þögn er. Sökum þess veit ég heldur ekki hver viðbrögð mín yrðu ef ég greindi ekki lengur nokkurt hljóð. En grunur minn er sá, að ég mundi verða skefldur. Kannski myndi ég fyrst í stað óttast það að hafa misst heyrnina – og þá um leið glatað hæfileikanum til að heyra það sem ég umfram allt vil geta heyrt. Ekkert væri þó auðveldara en að ganga úr skugga um hvort svo væri: Ég þyrfti ekki annað en að leggja hlustir við eigin andardrætti. Og segjum ég heyri hann; að ég héldi heyrn – en að utan bærisk ekkert hljóð, ég væri umlukinn veldi djúprar órofinnar og miskunnarlausrar þagnar. Ég yrði hræddur. Þessa stundina spyr ég sjálfan mig: Hvers vegna. Kannski veit ég svarið.

Það kom til mín maður um nótt og sagði: Þú skalt ekki ljá eyra við tali þeirra, því þeir eru spilltir menn. Hverjir? sagði ég. Þeir allir,

sagði hann og benti á kilina í bókaskápnum mínum; síðan á útvarpstækið. En þú sjálfur? spurði ég og brosti. Ert þú sjálfur óspilltur maður? Nei, svaraði hann. Ég er engu betri en þeir. Ég er jafnvel verri en þeir. Núorðið. Ætli það sé ekki ofmikið sagt, mælti ég. Þú ert þó að reyna að frelsa mig frá þeim. Já; af eintómri eigingirni, sagði maðurinn. Ég vil láta þig hlusta á mig einan. Og þess vegna vel ég nóttina til að tala við þig; þá er helzt eirðin. Ég vil ná valdi yfir þér, láta þig trúá mér einum – dýrka mig einan. Þú gengur anzi hreint til verks, svaraði ég þá umbúðalaust. Þú veist ekkert ennþá, sagði hann. Þú veizt ekki nema það sem þér finnst hreinskilni sé hið gagnstæða; það sem þér finnst liggja nakið og umbúðalaust sé í rauninni margumvafið, forgyllt eða hulið annarlegri grímu; og órafjarri þér, þó svo það virðist svo nálægt að þú þurfir ekki annað en rétta fram höndina til að grípa. Þú ert mikill blekkingameistari, sagði ég. Jæja? sagði maðurinn og yppti öxlum. Nei, ég er annars ekki svo viss, svaraði ég. Síðan lá ég kyrr í rúmi mínu og beið þess í umkomulausri auðmýkt að gesturinn héldi áfram að tala. En hann þagði. Hann stóð upp, gekk um gólf, leit til mín illskulega í hvert sinn sem hann sneri sér við. Og þó var illskan í augum hans ekki af því tagi sem skýtur manni skelk í bringu, heldur var hún allt annarrar ættar. Ég var ekki smeykur hið minnsta. Enda kvaddi maðurinn og fór, án þess að blaka við mér nema í orðum. En áður heldur en hann færi gekk hann nokkra kílómetra um stofugólfið, nam loks staðar þegar komið var framundir morgun, benti á brjóst sér með vísifingri og fór að tala. Þá var sérhver illskuvottur burt horfinn úr dökkum augum hans; og röddin var lág og þýð, nánast klökk, er hann benti með vísifingri sér í hjartstað og mælti: Hér – hér er inni, skilurðu. Og það inni er eigi með höndum gjört. Ég svaraði honum ekki, heldur hélt áfram að stara á hann og hlusta eftir orðum hans. Inni sem eigi er með höndum gjört, endurtók hann. Skilurðu það? Ég jánkaði því. Hann hélt áfram: Hefurðu þá einhverntíma lesið orðin í fyrsta versí fimmta kafla annars bréfs Páls til Korintumanna? Ég kinkaði kalli. Hann hélt

áfram: Þar er ýjað að húsi á himnum, en hvar er það hús og hvar sá himinn? Ég deplaði augum. Hér, sagði maðurinn og benti sér enn í hjartastað. Ég sagði aha, sem átti að þýða já. Þá brauzt aftur fram illskuglampinn í dökku augun. Hann renndi þeim upp um bókahillurnar og sagði lágt og með beiskju: Þeir! Þeir leyfa sér að brjótast inn í þau vé sem þeir sjálfir hafa ekki reist og myndu aldrei geta reist: ættu ekki að dirfast að koma nálægt. Þú talar eins og þú sért afturgenginn, sagði ég ókurteis; máski ertu fyrralífsspámaður eða annarrar-stjörnu hrís og sverð í mannsmynd til að refsa jarðarbúum; mér til dæmis. Hann tók aftur að stika um gólf, nú löturhægt, og sinni í engu orðum mínum; mér var svosem sama um það. Svo baðaði hann út hendi þangað sem útvarpstækið stóð á lága borðinu og hái dagblaðastaflinn til hliðar við það, og hélt enn áfram: Þessir menn, já þeir allir; ég vara þig við þeim! Vegna þess þeir ljúga? sagði ég í lágum spurnartón. Já. En ekki einungis vegna þess. Ill er lygin og áreiðanlega komin frá Hinum vonða. En verri er sannleikurinn. Nei, bittinú, sagði ég, hvað segirðu maður! Já, svaraði hann lágt og einblíndi á mig hvar ég lá. Því að sannleikurinn gerir mann hræddan! Gerir mann hræddan eins og þögnin; hin algera þögn, ómælanleg og tillitslaus. Því að eitt get ég sagt þér: Vænst af öllu því sem stendur í bókum þeirra og þú heyrir úr tækinu þínu þykir þér um lygina; þegar allt kemur til alls þykir þér vænst um hana. Henni trúirðu, því hún er miskunnarsöm og fær þig ekki til að hugsa óþægilega um sjálfan þig – eins og Sannleikurinn og Þögnin, sem er skelfilegust alls, einkum bæði í senn. Það er vandlifað í heiminum, svaraði ég og sneri mér upp í horn. Maðurinn sagði ekkert við þessu, og skömmu síðar var hann farinn.

Eftir þetta hefur mér fundizt sem hræðsla gripi mig, ef ég yrði fyrir þeim ósköpum að umhverfis mig ríkti algjör þögn. Ég er ekki stærri bógur en það. Utan að berast margvíslegir hljómar, breytilegir á ýmsum tímum sólarhrings, og ég heyri þá varla. En þeir berast, engu að síður. Einnig um nætur, þegar ég dunda við frímerkin mín og allir

aðrir virðast hafa tekið á sig náðir; ég hef þá hvorki stillt á útvarp né fón og enginn verður til að vekja hljóð. Samt er aldrei þögn. Sem betur fer. En þá er það stundum, að ég tek viðbragð; fyrirvaralaust. Ég rétti mig í sæti mínu og finn fyrir hjartslætti, ósköp óskáldlegum, lít út um gluggann, einkum núna eftir að nótt er orðin svo til björt, og legg við hlustir, Þeir berast mér að eyrum þessir margbreytilegu ómar, raddir kliður eða hvað það nú er sem vitringar hafa gefið nafn og kennt við líf og hjartslátt. Um stund get ég jafnvel hætt við næturiðju mína og tekið til við að sundurgreina þessi hljóð mér til afþreyingar. Þetta er flest í nokkurri fjarlægð: bifreið líður um mannlaus stræti eins og feimin stúlka sem veit upp á sig skömm; skip þeytir lúður út á flóanum; í logni heyrist gjálp öldunnar við fjöruborðið alla leið hingað heim; í regni kliður dropanna af upsum hússins, einkar laðandi sónn; í golu þyturinn í trjákrónunum. Ég heyri. Ég heyri og vil heyra. Ég veit ekki hvernig þögnin er. Ég veit aðeins að ég hræðist hana, skelfist hana; forðast hana. Mig grunar hún sé systir sannleika og dauða.

(Rvk, sumarið 1958)



## Einn dagur hjá Steindóri

Það var heitur júnídagur sumarið 1941. Ég stika niður Hverfisgötu og sé að klukkan á Lækjartorgi er á mínútnni tvö. (Skyldi Dómkirkjuklukkan ekki vera 5 mínútur yfir?) – Ég er á leið til vinnustaðarins, en hann er Bifreiðastöð Steindórs. Hlutverk mitt er að standa þar innanborðs og færa dagbók stöðvarinnar og ansa í síma; sömuleiðis að afgreiða þá sem koma á stöðina og þurfa bíl, – og svo – síðast, en ekki síst, – að sækja kaffi og mat handa blessuðum húsbóndanum, ef hann gjörist svangur.

Von bráðar er ég kominn niður eftir. Þá vantar klukkuna hjá Steindóri tíu mínútur í tvö, svo að allt er í lagi. Ég reynist þá stundvís maður eftir allt, – og tek þegar til starfa.

Síminn hringir í ákafa. Reyndar er ekki um einn síma að ræða, heldur eru þeir þrír, og auk þess einn innanhússími, og í honum geta komið ansi vandasamar og ákveðnar spurningar, sem krefjast svars í hveli.

En sleppum því.

Í þetta sinn svara ég í einhvern símann og það er þá þéttkenndur samborgari, sem biður um bíl, því ekki treystir hann sér til þess að labba gegnum bæinn í sólskininu svona á sig kominn. Auðvitað lét ég manninn fá bíl samstundist, – því kannski var þetta einn af okkar bestu "kúnum" (viðskiptavinur). Síðan sný ég mér að bókinni. Því verk mitt er ekki fyrst og fremst að svara símanum, heldur að færa inn í dagbókina. Í hana er bókuð hver einasta ferð, sem farin er af stöðinni, hvort heldur er samkvæmt pöntun í símanum (þá er bókaður staðurinn, sem bíllinn fór á), eða bíllinn fer af stöðinni með einhvern viðskiptavin (og þá er bara skrifuð skammstöfunin

("Afst."). Auk þess er bókað númer bílsins, klukkan hvað hann fór, og – þegar hann kemur úr túrnum, – hvað mikið bílstjórinn tók fyrir ómakið. Og þá er að hafa eftirlit með því, að bílstjórinn hafi tekið mátulega mikið, samkvæmt gjaldskránni, og færa inn klukkan hvað hann kom á stöðina aftur. Færslurnar geta orðið þó nokkuð margar eftir einn annríkan dag, þegar fólkið þarf mikið að ferðast.

Síminn hringir enn.

"E – halló! Er það hjá Steindóri? Já – ehem, – er hægt að fá bíl, sem getur tekið eina saltkjötstunnu, – bara eina, sko. – Hún er ekkert stór –"

Þessháttar spurning er ekki óvenjuleg. En við erum vanir því, að svara þesskonar spurningum neitandi. Ef til vill vísum við á vörubílastöðina. Ef til vill er samtalinu slitið, áður en maður fær tækifæri til að vera svo vingjarnlegur.

Fyrir framan Ingólfs Apótek stendur álitlegur hópur af negrum í nærskornum sjóliðafatnaði með hvít pottlok á hausnum. Ósjálfrátt er þessháttar mönnum veitt eftirtekt, þegar þeir sjást á Íslandi.

"Líklega er þetta úrvalslíðið, sem á að vernda okkur", hugsum við og lítum virðingaraugum til hinna blökku náunga. En þeim virðist vera sama um augnaráð fólksins á Íslandi. – Þeir standa með hendurnar í vösunum og æpa og hlæja (það er víst þeirra tungumál) og það gljái á svarta og hrukkótta húð þeirra í norrænum sumarhitnum.

Svo koma tveir þeirra gangandi í áttina til bifreiðastöðvarinnar. – Fleiri fylgja þeim eftir. – Og þegar þeir fyrstu eru komnir á þröskuldinn, er allur hópurinn kominn í kjölfar þeirra.

Fyrirliðarnir koma að afgreiðsluborðinu með samskonar svip og þeir væru að spyrja eftir einhverri vefnaðarvöru, og spyrja:

"Can we get some girls?"

Við neitum því mjög ákveðið, án nokkurs hroka þó. – Því við Íslendingar erum vanir því, að vera frekar almennilegir við gesti okkar.

"No girls," segja aumingja mennirnir alveg grallaralausir, og snúa sér því næst til félaga sinna, sem bíða fyrir utan, og segja þeim árangurinn.

"No girls?" Kveður við í háværum negrunum og þeir líta hver á annan. Svo horfa þeir til okkar tortryggnum augum. Þeir halda að við tímum ekki að láta þeim stúlkurnar í té, þótt við hefðum nóg af þeim á lager, – bara af því að þeir eru svartir. En við erum mjög sannfærandi á svip og hristum höfuðið, og þetta verður til þess, að hópurinn hverfur á brott, letilegur og ótrúlega hljóður.

Líklega hefur þetta verið miður jákvæð landkynning af okkar hálfu, eftir sjónarmiði þeirra blökku.

En það eru fleiri en svartir menn sem spyrja eftir "girls". Fyrstu dagana eftir að nýja setuliðið stígur hér á land, eru fyrirspurnir eftir "girls" jafnt frá hvítum sem svörtum mönnum. Jafnt í símanum sem við afgreiðsluborðið. –

En sleppum því.

Nú kemur atriði, sem allt annað viku fyrir, kannski næsta hálf tímann: Húsbóndann langar í kaffi.

Hann sendir þau boð niður, að reynandi sé að senda þann langa út á Hótel Vík og fá kaffi. "Hann má ráða, hvað hann tekur með því."

Ég fer þegar af stað.

Klukkan er að verða hálf-fjögur, svo að von er nú að blessaður húsbóndinn sé orðinn þurr í kverkunum. Ég minnst þess að í einu ágætu kvæði stendur: "Lofið dagsins þreyttu barni að sofa", og mér finnst í augnablikinu miklu réttara, að staðið hefði: "Lofið dagsins þreyttu barni að eta." En ég er að skrifa um vinnudag minn, en ekki húsbóndans, og skal því ekki nánar út í hann farið.

Ég geng nú inn í eldhúsið í Hótel Vík og kveð upp úr með erindið. En erindi mitt er daglegur viðburður, svo að það útaf fyrir sig er ekkert merkilegt. (Aftur á móti getur verið fróðlegt að kynnst hótelum eldhúsdýramegin). En eftir 10 mínútna bið geng ég, glaður í bragði, með kaffibollann upp á skrifstofu húsbóndans.

Þrátt fyrir gleðina yfir því, að gera öðrum til geðs og eiga von á miklu þakklæti, er ég nú hálfhugsandi út af því, sem ég valdi húsbóndanum með kaffinu.

Skyldi ekki sandkökusneiðin setja hann á höfuðið?

Eða gleymdi ég ekki að fá heitt vatn í könnu?

Svo líður dagurinn við ofurvenjulegar upphringingar og bókanir. Helstu spurningar í símanum eru auðvitað þær, hvort bíll sé til, – "strax í hveli", – eða eftir tíu mínútur. "Verður til bíll eftir hálf tíma?" er líka spurning, sem maður heyrir stundum. Svörin við þessháttar spurningum geta farið eftir því, í hvernig skapi maðurinn er, í það og það skiptið, – og svo auðvitað eftir því, hvernig spurt er, – í hvað tón. Stundum er freistandi að skella á og svara engu. – – –

Minni vandi er að svara spurningum um áætlunarferðir, þessháttar spurningar skipta hundruðum á hverjum degi, ekki síst yfir hásumarið. En við vísum þeim öllum frá okkur, því áætlunarbílarnir eru afgreiddir annarsstaðar.

"Gjörði svo vel að hringa í síma 1585", eða, ef spurt er um leiðina norður: "Afgreiðslan er hjá Sameinaða. Gjörði svo vel að hringja þangað."

Frá stöðinni er alltaf verið að afgreiða bíla, og þó er eftirspurnin að jafnaði miklu meiri, heldur en hægt er að sinna. Steindór á – því miður – ekki nógu marga bíla til þess að hægt sé að fullnægja eftirspurninni, og þess vegna segjum við kannski oftari en já við beiðnum um bíla.

Einstaka fastir viðskiptavinir verða manni minnisstæðir, jafnvel árum saman. Kannski vegna þess að þeir eru nafnkunnir menn. – Kannski vegna framkomu þeirra.

Einn breskur "commander", Crawford að nafni, er daglegur gestur. Ég minnst hans sérstaklega hér, því hann er einn af þeim fáu mönnum, sem virðast vera kurteisinn sjálf, hreinræktaður enskur "séntilmaður" (eins og við Íslendingar kölluðum þá, áður en við lærðum enskuna).

Hann er meðalmaður á hæð, nokkuð fögur í andliti, frekar látlaus í framkomu, en samt mjög formfastur. Það er langt frá því, að hann reyni að setja upp nokkurn heraga-svip, eða yfirmannslátbragð, heldur var hann hreint og beint barnslegur í framan þar sem hann kom inn, hæglátur og ofur góðlegur. Hann byrjaði að opna munninn frammi við dyrnar, gekk hljóðlega að afgangsluborðinu, og sagði sömu setninguna:

"Can I have að car, please?"

Það var erfitt að neita þeim manni um bíl, enda þótt maður neyddist til þess stundum. Bílstjórnarnir sögðu líka, að eiginlega væri kommandör Koffort besti gæi.

Um sjöleytið er farið að senda bílstjórana í mat. Þeir leggja þá bílum sínum á stæðið og er slíkt oft til vandræða. Fólk sem spyr eftir bílum og fær ef til vill neitun, botnar engan veginn í því, hvers vegna ekki er hægt að fá bíl, þegar kannski 5 bílar standa beint fyrir framan nefið á því.

Hvað á aumingja fólkið að halda? Auðvitað kemur því ekki til hugar, að bílstjórar þurfi að borða eins og annað fólk, – eða þá, að bílar geti verið í lamasessi. –

Þegar hentugt þykir, fær skrifarinn klukkutíma í matarhlé. Kannski á bíll frá okkur leið inn Hverfisgötu, og ég fer þá gjarnan með honum.

Klukkutíma seinna á ég að vera mættur. Mínútan er lögð á minnið, er ég fór, og auðvitað fæ ég ákaft samviskubit, ef ég kem kannski heilli mínútu of seint.

Eða er nokkuð ljótara, en hafa svikið húsbóndann um heila mínútu, – og kannski meira, – og fá svo fullt kaup fyrir? Maður getur ekki haft kristilega samvisku með þesskonar háttalagi.

Oft er lítið að gera fyrsta hálf tímann eftir kvöldmat. En á tíunda tímanum eykst eftirspurnin oft mjög mikið á skömmum tíma og helst venjulega þangað til stöðinni er lokað klukkan eitt.

Í vondu veðri safnast oft hópur fólks inn á stöðina og hímir óþolinmótt eftir bílum.

Það spyr í sífellu, hvenær bílarnir komi, enda þótt við vitum ekkert, hvenær bílarnir koma, frekar en það. Verið getur að bílarnir fari burt úr bænum, og komi ekki fyrr en næsta dag. En kannski koma þeir að nokkrum mínútum liðnum.

Um þetta er aldrei hægt að segja.

Þegar þurrviðri er, safnast múgurinn síður fyrir á stöðinni. Fólkið lætur sig hafa það að ganga, eða reyna aðrar stöðvar. Og í verulega góðu veðri sést kannski ekki bíll á stöðinni tímunum saman. En eftirspurnin minnkar ekki, – heldur eykst. Auðvitað hringir síminn ákaft allan tímann, sem stöðin er opin, frá nú á morgnana til eitt að nóttu. Og vafalaust hringir hann alla nóttina meira og minna.

Stundum er vafamál, hvort nokkuð á að svara símanum, meðan tugur manna bíður á stöðinni. – eða hvort heldur á að svara í símann, og láta fólkið bíða tímunum saman volandi og spyrjandi.

Oftast svörum við símanum jafnframt því, sem við afgreiðum þá sem á stöðinni bíða.

En þeir, sem bíða tímunum saman í símanum án þess að fá svar, eru sannarlega ekki öfundsverðir. Enda er stundum reynt allt, sem hægt er, og meira til, til þess að ná í bíl, þegar loksins er svarað:

"Er hægt að fá bíl þarna?"

"Nei, því miður."

"Kemur hann ekki alveg strax?"

"Nei, – enginn bíll í náinni framtíð."

"Svojá? Hver er þetta, sem ég tala við?"

"Elías, heitir hann."

"Uss" – Er Kalli við?"

"Nei, hann er nú ekki við í augnablikinu".

"En Bjarni."

"Nei, – ekki heldur."

"Nú, Oddur þá?"

"Því miður, það er enginn við nema ég."

Þá er skellt á svo að glymur í. Allt er þetta samkvæmt ritúali. Maður kann svo sem að gefa lakonsk svör. –

Þannig líður vinnudagurinn á enda. Starfið er mjög tilbreytingasnautt. Aftur á móti getur skeð, að eitthvað komi fyrir, sem vekur athygli manns og setji dálítið öðruvísi svip á einn daginn en annan, t.d. slagsmál í Veltusundi fyrir framan ólyktarsjoppuna "Fish and chips", þar sem lögreglan skerst í leikinn og fólkið skemmtir sér við að horfa á þá útlensku streitast á móti velsæminu.

En þessháttar er ekki hægt að kalla tilbreytingu á vinnubrögðum okkar, sem hímum inni á stöðinni um hásumarið. Margir hína þarna árum saman. – Ég taldi fjóra mánuði og þóttist hetja. Nú skammast ég mín fyrir.

– – –

Loksins er kvöldið liðið, komið fram yfir miðnætti. Klukkan á skammt eftir í eitt. Við tókum á móti töskum bílstjóranna, þeirra sem koma það snemma, að stöðinni er ekki lokað á undan þeim.

Svo göngum við heim til hvíldar eftir starfsdaginn. Eða látum einhvern bílinn skila okkur heim að húsdryum.

"Góða nótt."

## Gæi

Nú er Gæi dáinn. Ég frétti lát hans í dag. Hann er ekki lengur í lifenda tölu, þessi sérstæði unglíngur; dáinn, eins og þeir sem manni finnst alltaf hafa verið það. En hversu langan tíma mun það ekki taka að setta sig við slíkt um hann? Mér er nær að halda, að það muni taka mig daga og ár að gera mér fulla grein fyrir þeirri staðreynd, að ég nú ekki tali um að setta mig við hana.

Mors omnibus communis, má segja, og enginn er á móti því. Sjálfur verð ég farinn af þessu sjónarsviði einn góðan veðurdag, rétt eins og Gæi; eins og allir þeir sem hafa verið dauðir þegar, lengur eða skemur. Og eitt er nokkurnveginn víst: ef Gæi væri ekki liðið lík, myndi ég ekki sitja hér og farinn að taka saman þessar minningaslitrur um kynni mín af honum. Hafi mér einhverntíma – og óljóst – komið til hugar að skrásetja eitthvað um hann, er alveg öruggt að ég myndi ekki vera byrjaður á því enn, mitt í strangri önn dagsins, ef hann væri ekki allur; ef dauðinn hefði ekki skyndilega og fyrirvaralaust bundið enda á einstæðan feril hans, kippt burtu af sjónarsviðinu einum sérkennilegasta persónuleika sem ég hef kynnt. Andlát hans, svo ferskt og óvænt, hvetur mig til að hefjast handa, brýnir mig til að láta það ekki dragast; blæs mér í brjóst hugrekki ásamt þörfinni fyrir varðveizlu þess, sem kynni hans létu mér í té.

Merkilegt má það kallast, að strax eftir að vinur minn einn hafði í dag flutt mér tíðindin um lát Gæa, fylltist hugur minn einskonar lýrískri angurkennd. Mig langaði einna helst til að forma tilfinningu mína í ljóði. Þetta er þeim mun merkilegra vegna þess, að persónuleiki Gæa var svo fjarri því að skírskota til lýrikur, að segja má að hann hafi verið holdiklædd andstæða þess hugtaks – og skáldskapar yfirleitt – nema hvað sumt í þroska hans hlaut að leiða huga manns að fantasíu ótrúlegustu reyfara. En hitt er jafn víst: ég



hafði aldrei á meðan ég umgekkst hann orðið fyrir þeim hugljúfu áhrifum, sem andlátsfregn hans olli mér, í senn sælukenndum í vitneskjunni um sviplegt fráfall ungs manns í fegurð og þroska æskunnar, – og saknaðarríku í lé magna uppgjöf andspænis kaldri og miskunnarlausri staðreynd, sem ekki verður hnikað.

Á meðan ég skrifa þessi inngangsorð, er ég enn á valdi þessa óvænta – og nánast furðulega – trega. Svo lítið sem ég sjálfur veit enn um væntanlegt form þessara endurminninga, þá er mér hitt jafn ljóst, að eðli málsins vegna geta þær varla orðið lýrskar – og enn síður tilfinningavæmnar – þegar fram í sækir. Kunningsskapur, já, ég leyfi mér að segja vinátta okkar Gæa, var harla laus við væmni. Hann var ekki væminn; hann var einmitt hið gagnstæða. Kannski var ekkert í fari þessa sautján ára unglings jafn óvenjulegt og einmitt það, hve gersneyddur hann var veiklyndri hlýju. Sú hlýja sem hann gat auðsýnt á stundum, hún var aldrei veik og ekki af þeim draumlynda toga, sem vænta má og gera ráð fyrir hjá pilti, sem aldurs vegna hefði vart átt að vera kominn af gelgjuskeiði, sjaldhafnar-hlýja hans gerði sín aðeins vart þegar hann var yfirbugaður af andlegri þreytu, sem stundum jaðraði við örvæntingu. Ef mér endist dugur til að semja svo langt mál sem skyldi um þetta allt, mun sjást betur hvað hér er átt við. Það verður að bíða síns tíma.

Hér við byrjun frásagnar minnst ég þess, að í upphafi skal endirinn skoða. Og í þessu tilfelli er það ofur auðvelt. Endirinn er ljós. Því miður. Dauðinn hefur sjálfur sett sögunni skýr takmörk. Hinu velti ég fyrir mér miklu fremur, hvar ég skuli byrja; hvar í tíma og rúmi; og hvernig ég skuli haga frásögn minni yfirleitt. Mér er það atriði ekki með öllu ljóst, því að fleira en eitt kemur til greina. – Ótrúleg saga um nánast ótrúlegan persónuleika hlýtur ávallt að bera keim skáldskapar og snerta þá strengi í hjörtum manna, sem eru í tengslum við hann, af sama uppruna og hann, jafnvel þótt í engu sé rangt frá sagt, í engu ýkt, engu reynt að leyna eða færa á rangan veg vísvitandi.

Þess vegna má kannski með fullum rétti halda því fram, að þrátt fyrir allt hafi Gæi heitinn einmitt verið sjálfur skáldskapurinn holdi klæddur, sjálft hið ótrúlega og einstæða, mitt í allri sinni jarðnesku nærveru – sem nú er á enda fyrir fullt og allt.

(Byrjað aðfarnótt 11. júlí 1964.)

## Brezki herinn blasir við ...

Mér verður að láta hugann reika hálfu öld aftur, til vordaganna 1940. Ég var þá á sextánda ári, átti heima hjá henni ömmu minni innarlega á Hverfisgötu, og var kominn að fyrstabekkjarprófi í gagnfræðaskólanum við Lindargötu sem í daglegu tali var kenndur við séra Ingimar. Auðvelt er að nefna dagsetningar, því að þær eru geymdar á spjöldum sögunnar.

Þá er fyrst til að taka þriðjudaginn 9. apríl. Það er laust fyrir hádegi, að ég legg leið mína upp í Sundhöll til þess að mæta í skyldugan sundtíma. Í anddyrinu er hópur skólabræðra minna, og einhverjir þeirra hnappast utan um nýútkomið dagblað; mig minnir það hafi verið Alpýðublaðið fremur en Mogginn. Og það var aldeilis rosafrétt í blaðinu: Þjóðverjar voru búnir að hertaka Danmörku eins og hún lagði sig og höfðu sett lið á land í Noregi; yrðu jafnvel búnir að hirða það land fyrir kvöldið. Það var að færast líf í þetta viðburðalaus stríð sem staðið hafði vetrarlangt án þess að nokkuð gerðist. Eftir þessa hálfu öld sem liðin er spyr ég sjálfan mig: Hvaða áhrif hafði þessi frétt á mig? Varð ég óttasleginn? Onei. Mér fannst þetta virkilega spennandi. Ekki svo að skilja, að ég fremur en aðrir fagnaði því, að styrjaldaráttök færðust nær þessari eyju okkar; hitt er líklegra að ég hafi verið kominn á þroskastig venjulegs blaðamanns sem finnst heimurinn þeim mun skemmtilegri sem skelfilegri tíðindi gerast. Ég orti ekki einusinni ljóð í tilefni af þessu, og var þó alltaf að yrkja um þessar mundir út af allskonar tilefnum; nokkur ljóð á dag, stundum, og auðvitað þrælrímuð. Svo fórum við í laugina, og

einhver sem ég man ekki lengur hver var reyndi að kenna okkur að synda, þótt við kynnum allir að synda.

Öllu minnisstæðari er mér reyndar næsti dagur, miðvikudagurinn 10. apríl. Sem var síðasti kennsludagur fyrir próf. Það er þó aðeins eitt atvik sem ég man frá þeim degi: mannkynsögutíminn hjá séra Ingimar. Hann kenndi okkur fyrstubekkingum mannkynssögu eftir bók Þorleifs H. Bjarnasonar, og það var allt um Egypta, Grikki og Persa, jafnvel Rómverja, en aldrei minnst á nútímann. Í þetta skipti brá hann þó út af venjunni strax í upphafi kennslustundar, settist við púltið ívið þreytulegur og sagði lágt, eins og við sjálfan sig, eitthvað á þessa leið:

"Ef Adolf Hitler tekst að leggja undir sig Norðurlönd og halda þeim og vinna þetta stríð, þá er ekkert efamál að hann verður álitinn mesti sigurvegari mannkynssögunnar ... En ef hann tapar; ef hann að lokum tapar, þá verður hann um allar aldir álitinn mesti glæpamaður sem uppi hefur verið."

Þeir sem eitthvað þekktu til Ingimars Jónssonar vissu, að á bak við þessi orð hans lá síst af öllu nein óskhyggja. Hann var gamalgróinn sósíaldemókrat og yfirlýstur andstæðingur nasisma. En eftir því sem ég hef orðið eldri hef ég komist að raun um, að í orðum hans birtist raunsönn en miskunnarlaus niðurstaða um þá sem móta söguskoðunina og "sannleikann" um hetjur hvers tíma.

Það tók Þjóðverja reyndar meira en dagsstund að leggja undir sig Noreg, því að Norsarar sýndu mótspyrnu dögum saman, jafnvel í nokkrar vikur. En það endaði auðvitað með því að Þjóðverjar komust að sovésku landamærunum – norðanverðum. Þeim virtist ekkert ómáttugt, og þá fórum við hér á eyjunni að hugsa sem svo, að það væri máski tímaspursmál hvenær þeir sendu flugvélar og skip til að hirða okkur hér úti í hafinu; þeir höfðu árum saman reynt að fá hér aðstöðu "fyrir farþegaflug" og "til landfræðilegra rannsókna", en án árangurs. Þeir voru líka til meðal þjóðarinnar sem beinlínis óskuðu þess, að Þjóðverjarnir kæmu; að þeir bæru sigur úr bítum í stríðinu. En þeir voru örugglega í mjög miklum minnihluta. Og

margir af þeim sem aðhylltust nasisma á þessum tíma voru hálf rómantískir draumóramenn sem hugsuðu á gamaldags heimsveldisvísu; fannst að Þjóðverjar ættu t.d. skilið að "eiga" nýlendur rétt eins og Bretar og Frakkar. Og svo voru þeir sem gengust upp við það andlit nasismans sem fram kom í glæsilegum hermannaþingum, marseringum og öðru í ætt við hjálpræðisher og beat. Meginhluti þjóðarinnar var þó andvígur öllum yfirgangi og vildi fá að vera í friði. Það lifði enn vel á kolunni sem reyndi að halda okkur við trúna á ævarandi hlutleysi landsins. Í týrunni frá henni biðum við þess sem verða vildi; við gátum ekki annað.

Þannig leið nákvæmlega einn mánuður. Það var merkilegur mánuður í sögu landsins, því það er eina tímabilið frá því árið 1262 sem við höfum verið algjörlega sjálfstæðir. Konungssambandinu við Dani hafði í raun verið slitið. Í einn mánuð vorum við ráðamenn yfir utanríkismálum okkar sem og innanríkismálum – og ekki hersetnir. Svo rann upp dagurinn 10. maí.

Ég man eftir kvöldinu áður. Besti vinur minn, Ásgeir Magnússon, var lengi hjá mér þetta kvöld, og við vorum að fjalla um ungskáldafélagið okkar; líka um gútemplarastúkuna Verðandi, sem við vorum virkir félagar í, þótt ungir værum. Við höfðum kynnst ungum og upprennandi skáldum sem við hittum nánast reglulega: Hannesi Sigfússyni, Jóni Óskari og fleirum. Þetta var einkar friðsælt og kyrrt vorkvöld. Í endurminningunni finnst mér það jafnast á við logn undan storminum. Það var síðasta kvöldið sem gamli tíminn ríkti á Íslandi. En það vissum við ekki þá. Hvað morgundagurinn bar í skauti sínu.

Eftir því sem ég man best vakti amma mín mig nokkuð snemma og sagðist heyra í flugvél. Á þessum tíma átti þjóðin eina flugvél, litla rellu sem fór stundum milli Reykjavíkur og Akureyrar og hét TF Örn (líklega í höfuðið á flugmanninum, sem hét Örn.) Ég fór á lappir og var glaðvaknaður, þótt mér þætti þetta ekkert merkilegt við fyrstu heyrn. Hafði þetta ekki verið flugvélin eina? Nei, það gat varla verið: Nú heyrði ég hljóðið, og þetta var allt annað og dimmara

hljóð en í Þjóðarvélinni, og ef betur var hlustað þá voru þetta fleiri en ein flugvél. Hvað ætli klukkan hafi verið þegar ég kom niður á Skúlagötu? Það var ekki langa leið að fara. Ætli hún hafi ekki verið um áttaleytið; kannski níu. Það sem við blasti var harla óvenjulegt: Stór og skuggaleg skip úti á ytri höfninni, eitthvað sjö talsins, máluð ókræsilegum litum, eins og þau væru ryðguð; ég man ekki hvort nokkurt þeirra var herskip, fljótt á litið, heldur virtust þetta vera aflóga skemmtiferðaskip.

Það var slangur af fólki þarna niðri við fjöruna til að glápa á þetta, og flestir lögðu að lokum leið sína vestur á bóginn: niður í bæ. Ég hef óefað hitt einhverja sem ég þekki, en ég man það ekki. Hitt man ég, að allir hugsuðu sjálfsagt eitt og hið sama: Hverjir eru þetta? Eru þetta Þjóðverjar, komnir til að hersetja okkur, eða getur það hugsast að það séu Bretar – sem ekkert, bókstaflega ekkert, höfðu gert í þessum heimsátökum fram að þessum tíma? Enginn gat svarað þessu að sinni. Ekkert hafði heyrst í útvarpi. Enginn var viss þarna á Skúlagötunni. Svo gerðist eitt, sem mér er ógleymanlegt í öllum einfaldleika sínum: Það kom labbandi riðvaxinn maður, berhöfðaður og gekk við staf. Hann kom innanað, úr austurátt, nam öðru hverju staðar ofur rólegur og leit í átt til skipanna; hélt svo áfram í átt til bæjarins eins og aðrir. Hann talaði ekki við neinn, og enginn yrti á hann.

Eftir að ég sá hann þóttist ég vita hverjir væri á skipunum úti á legunni. Ég hafði oft tekið eftir þessum manni þar sem hann labbaði inn Hverfisgötuna, jafnan berhöfðaður, og gekk við staf; mig minnir hann hafi verið með gleraugu. Hann var sköllóttur. Það sem ég vissi var að hann var breskur og starfaði hjá breska sendiherranum sem bjó þá í Höfða. Og nú var auðvelt að leggja saman tvo og tvo: Úr því að þessi breski maður labbaði svona rólegur um Skúlagötuna, þá var næsta öruggt að það voru Bretar en ekki Þjóðverjar sem voru á skipunum.

Þegar niður í bæinn kom varð fljótlega ljóst, að það voru Bretar sem komnir voru, og það verð ég að segja, að ég var ekki einn um

Það að finna til mikils léttis. Að vísu höfðum við Íslendingar ekki mikið álit á Bretum sem hernaðarþjóð um þessar mundir, þeir voru í varnarstöðu, og við treystum þeim ekki meira en svo til að geta varið okkur ef Þjóðverjar tækju upp á því að gera innrás í landið. En sama er, hversu mjög sem við vildum halda í hlutleysi okkar: Af tvennu illu voru Bretar margfalt velkomnari hér en Þjóðverjar. Þetta verður að segjast, því það er sannleikanum samkvæmt, hvað sem hlutleysisyfirlýsingu okkar leið. Að öðru leyti man ég furðu lítið eftir þessum degi. Ég fór niður í bæ, að sjálfsögðu, og sá að búíð var að smala Þjóðverjum, búsettum í Reykjavík, saman úti á norðausturhorni uppfyllingarinnar við höfnina; þaðan voru þeir svo teknir á skip og fluttir í fangabúðir á eyjunni Mön. Dátar með byssur voru við pósthúsið, landsímahúsið, hafnarhúsið, lögreglustöðina og fleiri hús, en einkum við höfnina; þeir höfðu skipað á land ferköntuðum smábílum sem fyrst í stað voru kallaðir "jeeps" upp á ensku, en fengu fljótlega íslenska heitið jeppi, sem þótti prýðisgott því það rímaði við seppi. Og breska hernámið var hafið.

Hafði þetta einhver sérstök áhrif á mig persónulega? Ekki minnst ég þess. Ég orti ekki ljóð af þessu gefna tilefni. Það breyttist bókstaflega ekki neitt í mínu lífi. Ég hélt áfram að hanga á Landsbókasafninu eins og ég hafði áður gert; var þar stundum lengur en í skólanum og las allt annað en kennslubækur, einkum íslensk leikrit, því ég gekk með leikritadellu á þessum tíma, sem ég óx upp úr (guði sé lof).

Bretarnir lögðu fljótt undir sig ýmsar byggingar, sumar til bráðabirgða á meðan þeir höfðu ekki komið sér upp bröggum sem þeir reistu í heilum hverfum síðar meir. Herliðsmennirnir slógu upp tjöldum hér og hvar á óbyggðum svæðum, en hverskonar birgðum og vopnum komu þeir undir þak, einkum í skólabyggingum sem nú voru lausar eftir afstaðna skólatíð. Að kvöldi þess 10. varð mér gengið um Lindargötuna. Í stóru austurstofunni höfðu Bretar fyllt allt með hafurtaski sínu: nákvæmlega einum mánuði eftir að séra Ingimar hafði setið í þessari sömu stofu og úttalað sig um Hitler.

Hernám Breta á skólahúsinu stóð ekki lengi. Skólinn var leystur úr herkvínni eftir nokkrar vikur og starfaði þar öll stríðsárin eins og ekkert hefði gerst. Sama var því miður ekki hægt að segja um gamla menntaskólann. Hann var hersettinn. Og að sjálfsgöðu hið ófullgerða Þjóðleikhús, sem allt í einu hætti að vera draugakastali og varð að mikilli birgðastöð setuliðsins allt til stríðsloka. Fyrsta hernámsdaginn var bannað að útvarpa fyrr en liðið var að kvöldi. Sömuleiðis var bannað að fara út úr bænum og settur upp hervörður við Elliðaárnar; enginn mátti heldur koma inn í bæinn. En þetta stóð ekki lengi. Það var haft kontról, en menn komust í gegn; í báðar áttir. Yfirleitt má segja, að engin paník ríkti meðal bæjarbúa út af því sem hafði gerst. Og svo ótrúlegt sem það er, þá eru dæmi þess að sumum þótti þetta ekki ýkjamikill viðburður. Af því er sagan af snæfellska bóndanum ( og hún er sönn):

Snæfellskur bóndi, sannkallaður taóisti þótt hann vissi ekki af því sjálfur, hafði verið í nauðsynlegum erindagjörðum í Reykjavík. Nú vildi hann samkvæmt ferðaplaninu komast heim til sín fyrir þann tíunda. Hann lendir í því, að bíllinn var stöðvaður við Elliðaárnar, en af því að Bretar eru Bretar en ekki Þjóðverjar, þá var bílnum hleypt yfir árnar og upp í sveit. Nú kemur bóndi heim til sín á Snæfellsnesið rétt fyrir kvöldmat og er m.a. spurður tíðinda úr bænum. Jú. Hann kvað allt fremur tíðindalítið, veðrið hefði verið ágætt og fólki liði takk bærilega. En rétt í því sem hann hafði lokið við að segja þetta var hið dularfulla "bilirí" útvarpsins úr sögunni og flutt sú fregn, að Bretar hefðu hernumið landið; sjálfur forsætisráðherrann kom í tækið og sagði hvað hafði gerst. Þá leit fólkið á bóndann í orðlausri spurn eins og það vildi sagt hafa: Og svo segirðu að ekkert sé að fréttu úr Reykjavík?

"Æjá það," tautaði bóndinn. "Það var smá stopp þarna við Elliðaárnar, já. Einhverjir útlenskir strákar með byssur. En þeir voru ósköp kurteisir. Það held ég."



# Bréf til vinar

Reykjavík, 12. desember 1953.

Vinur minn góður, ég þakka þér það sem liðið er og bið þig að afsaka hvað ég skrifa þér seint. Loksins er ég gríp pennann, þá er það ekki fyrst og fremst til að svara bréfi þínu eða fjalla um það sem okkur hefur farið á milli í undangengnum skrifum. Orsök þessa bréfs er öll önnur. Og ég tek það strax fram, að í þetta skipti mun ég sennilega ekki færa þér neinar fréttir, hvorki af sjálfum mér né öðrum. Ég hef það einhverra hluta vegna á tilfinningunni, að hér verði ekki um að ræða venjulegt sendibréf; en fyrirgefðu, ef þetta virðist hroki, því það á það ekki að vera. Það sem mig langar til biðja þig um öðru fremur, er að lesa þessar línur hægt, flýta þér ekki, auðsýna þá þolinmæði sem þér einatt er lagin þegar þú vilt. En það vitum við báðir af reynslu, að á þessari öld hins taumlausa hraða, örvilnunar og þreytu kunna fæstir að einbeita sér af rólegri hlutlausri yfirvegum. Fæstir hafa eirð í sér til að lesa, því síður lesa vel – og jafnframt renna grun í það, sem e.t.v. er hvergi skráð beinum orðum.

Að sjálfsögðu muntu vilja vita, hvert sé þá tilefni bréfsins. Ekkert virðist heldur eðlilegra en einmitt það. Því er það svo – og nú máttu brosa, ef þú vilt – að ég geri mér sjálfur ekki fyllilega grein fyrir því að svo stöddu. Samt er það engin tilviljun, að ég skrifa einmitt þér þetta bréf, en ekki einhverjum öðrum af öllum þeim þorra, sem ég skiptist á bréfum við. Ég sakna þín nefnilega meira en flesta annarra, því ég þekki fáa, sem auðveldara er að tala við en þig. En um það munum við vera sammála, að þeir hlutir eru ófáir sem maður kys heldur að tala um en skrifa – maður þegir þá ekki um þá með öllu.

Ástæðan fyrir því, að ég tek mér nú penna í hönd, er því líklegast sú að ég er einmana. Þú munt hugsa sem svo: Nú er hann orðinn melankólískur. En ég leyfi mér að mótmæla því fyrirfram. Þetta er ekki melankólí. Þetta er einmanakennd án þunglyndis, án kvíða, án raunverulegs athafnaleysis. Og það sem meira er: hún er ekki með öllu sneydd gleði. Því fer einmitt fjarri. En skilurðu það fyllilega, vinur minn, að nokkur maður skuli vera einmana þegar hann er glaður og líður í rauninni vel? Ég er ekki viss um það, því ég veit ekki hvort þú hefur reynt það sjálfur. En mergurinn málsins er sá, að til er sú vellíðan, sá æðrulausi lífsvilji og það andlega jafnvægi sem er næst hinni sönnu eðlilegu gleði – en megnar þó ekki að hrekja einmanakenndina á dyr. Ósjaldan eru slíkar stundir vel fallnar til andlegrar iðju, að ég nú ekki tali um að eiga þess kost að ræða við einhvern þann sem skilur mann. En alveg eins getur þó svo farið, að einmitt þá – þegar manni finnst sjónin skörpust, hugur manns sízt bundinn mannlegum hvötum og breyskleika – finnist manni jafnframt, að sérhver athöfn sé í rauninni ekki ómaksins verð, að sjálf sköpunarþrá manns þjóni engum tilgangi og bezt sé allra hluta vegna að fullnægja henni ekki.

Ég skal skýra þetta fyrir þér nánar.

Þegar ég settist við þessi skrif, hafði ég nýlokið við að hlusta á E-dúr-fiðlukonsertinn eftir Bach. Ég forðast að gera tilraun til að lýsa áhrifum hans, því ég finn ofurvel, að mig brestur geta til þess. Þó hlýt ég að viðurkenna, úr því að ég get þessa á annað borð, að einmitt slík reynsla, slík nautn sem að hlusta á það snilldarverk, hrífur mig öllu öðru fremur yfir á það svið sem er vettvangur sælu og einsemdar. Kannski get ég ekki lýst því betur fyrir þér en með því að viðurkenna, að mig undrar það oft er ég heyri göfugustu meistarana, að þau skuli hafa verið samin af mennskum verum – og þar að auki alloft túlkuð af mönnum sem á ýmsan hátt hafa verið takmarkaðir á flestum öðrum sviðum en þessu eina – að geta flutt manni skapandi tilfinningu stórbrotins anda. Frammi fyrir slíkum hátindi mannlegs þroska sem fullkonnustu verkum tónskáldanna

verður hugsun manns öll og tilfinningin auðmjúk og bljúg, og þó svo æðrulaus og sæl, að maður krefst – einskis fram yfir það. Jafnframt vaknar í huga manns þessi spurn: Til hvers skyldi maður reyna að bæta nokkru við? Já, til hvers ... til hvers ...?

Það er á stundum sem þessum, að ég þrái það öðru fremur, að sem flestir megi njóta hins sama og ég, finna til á sama hátt. Því ég leyfi mér að fullyrða, að ekkert hafi skapað og styrkt jafn mikið trú mína á manninn – hin einu trúarbrögð sem ég viðurkenni – og einmitt vitundin um það, hversu langt hinir einstöku meistarar hafa náð. Í samræmi við það er ég líka sannfærður um, að fátt eða ekkert í tilfinningalífi manna sé göfugra og sjálfum okkur hollara en einmitt sú þörf, sá hæfileiki, að njóta í lotningu þeirra verka, sem hið göfuga í mannsálinni hefur megnað að skapa. Ekkert hryggir mig heldur sem það, hversu fáir hafa – af ýmsum ástæðum – fengið tækifæri til slíks.

Einhver merkur hugsuður komst eitt sinn að orði á þessa lund: Ég skal ósagt láta, hvort guð muni vera til, en hugsunin um guð er til, og hún út af fyrir sig er athyglisverð staðreynd.

Já, hugsunin um guð er vissulega til, og í ýmsum myndum. Þeir eru jafnvel margir, sem halda því fram, að einmitt sú hugsun sé það eina, sem hefji manninn upp yfir önnur dýr. Ég vildi mega, í sambandi við þá athöfn, undirstrika þá staðreynd, að guðshugtakið hefur frá upphafi þjónað ærið ólíkum tilgangi, bæði meðal þjóða og einstaklinga. Því það er nú einu sinni sannleikur, að mennirnir sköpuðu guðina en guðirnir ekki mennina; og mönnunum hefur misjafnlega farizt bæði að skapa sér, skilja og hlýðnast sínum eigin guðum. En hvað sem öllu líður, þá er ég þeirrar skoðunar – ég ætti að segja trúar – að guðshugtakið í sinni upprunalegustu einlægustu mynd sé eitt göfugasta og fegursta fyrirbæri mannsálarinnar, undirstaðan að öllum öðrum jákvæðum hæfileikum, þar með talið þörfinni til að skapa og njóta. Eða eins og ég vildi sagt hafa áðan. Mín trúarbrögð eru dýrkun á manninum, og ekkert hefur vakið og glætt þá trú jafn ríkulega og hin beztu verk þroskuðustu manna. Ég

vona það eitt, að ekkert megni að svipta mig henni. Okkar tími er tími óttans, tími óvissunnar og öryggisleysisins. Daglegt líf okkar og atburðarás heimsviðburðanna vottar okkur, að þorri allra manna er mergð stórvaxinna barna, sem einatt kunna ekki fótum sínum forráð. Þessi barnaskapur fjöldans hefir komið mörgum þroskuðum manni til að glata trúnni á lífið, blindað sjón hans á möguleika einstaklinga og þjóða, svipt hann flestri von. Þeir eru ófáir, sem trúa því enn í dag, líkt og á miðöldum, að mannveran sé í eðli sínu slæm, að hún sé teygð milli djöfullegra öfga og muni aldrei öðlast hæfileika til að velja og hafna rétt. Þessum mönnum hættir til að benda á guðsóttann sem hina einu hugsanlegu leið fyrir einstaklinga og heildir til að lifa – þessa heims og annars. Þarf ég að taka það fram við þig, að ég álít óttann, í hvaða mynd sem er, versta óvin mannsálarinnar? Hafi ég ekki bent á það áður, vil ég gera það nú, að ekkert gerir manninn veikari gagnvart sjálfum sér og öðrum en einmitt ótti og öryggisleysi, hvort heldur er andspænis guðdómi eða öðru. Hver sú kennd sem hann skapar er neikvæð og hefur vondar afleiðingar er til lengdar lætur. Þess vegna er sköpun óttans sízt af öllu læknanði lyf – heldur hið gagnstæða. Og ekkert er öllu mannkyni hættulegra á þeim tíma sem við lifum nú en einmitt það vantraust og sú hræðslutilfinning sem tekizt hefur að vekja þjóða í milli, en til þess eru dæmin deginum ljósari.

Nokkru eftir síðari heimsstyrjöld svipti sig lífi ungur rithöfundur, staddur á hótélherbergi í Cannes. Skömmu fyrir andlát sitt skrifaði hann stutta ritgerð, sem hann nefndi: "Evrópu vantar nýtt credo." Sú ritsmíð birtist í ýmsum tímaritum um álfuna og var þó ekki ýkja merkileg. Við lestur hennar kemst maður að raun um, að höfundurinn hefur misst trúna á lífið, svartsýnin hefur gripið hann heljartökum, og hann ætlar sér ekki þá dul að geta neitt gert til að veita viðnám – því síður að gefa mönnum það sem þá vanti. Eftir slík reikningsskil mannsins við sjálfan sig og umheiminn hlaut dauðinn að vitja hans, ef ekki með skjótum og beinum hætti, þá hinn tærandi andlegi dauði stöðnunar og lífsflótta, örvæntingar og

athafnaleysis. Ég nefni þetta ekki sökum þess, að hér sé um einstakt og sérkennilegt tilfelli að ræða. Því er ver og miður, að dæmin eru mörg. En hinu fæ ég ekki varizt – að fallast á það sem fram kemur í fyrirskrift hinztu kveðju Klaus Manns: Evrópu, já allan heiminn, vantar nýtt credo.

Þú munt spyrja: Hefurðu þá breytt um afstöðu gagnvart þeim stefnum, sem þú hefur treyst hingaðtil? En ég svara því neitandi. Viðhorf mitt til efnahagslegra umbóta í heimi okkar er óbreytt, en hitt er mér ljóst, að meginógæfa mannkynsins liggur ekki fólgin í því, að milljónir og aftur milljónir skortir fatnað, mat og húsaskjól. Því að þær þjóðir sem skemmst eru á veg komnar að veita sér slíkt, þær eru, þrátt fyrir allt, í minnstri hættu staddar. Tökum því með gleði og góðri von, að sem flestar þjóðir geti komizt undir hagkerfi sem útilokar allan hagsmunalegan skort. En gleymum ekki hinu – að maðurinn lifir ekki á brauði einu saman. Af því það er nauðsynlegt fyrir allar þjóðir heims, og ekki sízt hinar vestrænu, að endurskoða allt mat sitt á siðferðislegum og menningarlegum efnun áður en gera má ráð fyrir að flestar þeirra nái að taka upp róttækar stjórnarfarsbreytingar

Við vonum báðir, að ekki komi til stríðs. Við leyfum okkur að vona það, jafnvel treysta því, að þjóðirnar beri gæfu til að leiða málin til lykta án vísvitandi sjálfsmorða. Þess vegna útilokum við þá tilhugsun og þá möguleika, sem styrjaldarafleiðingar hafa. Þær veita nefnilega þá möguleika eina, sem eru andstæðir öllum skynsamlegum möguleikum og mótsögn í sjálfum sér. En haldist friður – hvað gæfan gefi – þá er verkefnið þetta: Að veita þjóðunum nýtt credo.

Og ég held ekki að það sé fólgið í uppfinningu neinna nýrra trúarbragða. Ég þykist geta fullyrt, að það bezta sem þegar hefur verið hugsað og skapað, það nægi – aðeins ef því er beitt meðvitað til almenningsheilla og án hverskyns hleypidóma. Nýlega kom til mín ungur maður með jólahugvekjju sem hann ætlaði að birta í skólablaði. Hún var uppá fjölmargar síður og víða komið við. Ég las

hana með nokkurri athygli, og úr öllu því sem þar var sagt man ég eina setningu. Hún var þessi: Getum við ekki endurskírt guð og kallað hann ást?

Ef ég ætti að svara þessari spurningu beint og fjalla um það sem hún gefur tilefni til, mundi ég þurfa lengra mál en svo, að rammi þessa bréfs míns nægði. Ég vona aðeins að spurningin í sínum látlausa orðfáa búningi skýri sig að mestu leyti sjálf. Vera má, að játandi svar við henni jafngildi lausninni á því, hvað það er sem mannkynið þarfnast – í víðtækustu merkingu.

Vinur minn góður, þegar hér er komið þessu bréfi mínu, finnst mér ég hafa með öllu skrifað mig frá þeim einmanaleika sem ég fann svo tilfinnanlega til við upphaf þess. Afsakaðu allt það, sem miður fer í því. Það er fjölmargt. Því í rauninni hef ég ymprað á hlutum sem ekki verða til lykta leiddir í stuttu máli, og jafnvel ekki þótt lengra væri. Hins bið ég þig ekki afsökunar, að ég sendi einmitt þér þetta bréf. Því ég veit ég þarf þess ekki. Þú skilur mig betur, að ég hygg, en flestir aðrir. Með því að skrifa þessar línur hef ég eftir megni reynt að bæta mér það, að ég hef þig ekki lengur til að tala við eins og forðum. Reyndar er því þannig farið í hvert sinn sem ég skrifa þér, en þó e.t.v. aldrei eins og einmitt nú.

Ég bið þig vel að lifa. Skilaðu kveðju minni til bólvarðanna og til knæpunnar á horninu, þeirrar sem eitt sinn var venja að kalla Le nombril de í univers? Einnig þar hef ég setið við skál og hugsað svipað og nú, já, jafnvel miklu dapurlegar en nú, miklu meira einmana en ég get með réttu sagt að ég sé þessa stund. Megirðu njóta gleðilegra jóla.

Þinn einlægur.

E. M.

## Gestur á nýjárnsnótt

Laust eftir miðnætti, þegar allir höfðu skálað fyrir nýbyrjuðu ári í hófinu þar sem ég var, ákvað ég að halda heim á leið. Ég fann fyrir óeirð og leiða, sem ég gerði mér varla grein fyrir, af hverju gat stafað. Sumir voru orðnir drukknir, en þeir voru fáir, og það var alls ekki þeirra vegna sem ég vildi hafa mig á brott. Þetta voru allt kunningjar mínir ágætir, og ég hafði ekki ástæðu til að kvarta vegna eins eða neins. En sjálfur hafði ég lítið sem ekkert drukkið. Ég get varla sagt að ég hafi fundið á mér. Mér leið ofur notalega, þegar ég kvaddi þá sem næstir mér voru og dró mig í hlé frá selskapnum. Einhver spurði, hvort ég væri farinn fyrir fullt og allt, og ég sagðist ætla að fá mér hressandi göngu; að öllum líkindum kæmi ég aftur.

En ég kom ekki aftur þá nóttina. Það var annað, sem fyrir mér lá. Ég var langan veg burtu frá heimili mínu, en veður var dásamlegt; logn, hitastig rétt undir frostmarki, nýfallinn snjór á jörðu. Og ég var hálfvegis að hugsa um að ganga alla leið heim, það var um það bil þriggja kortéra áreynslulaus gangur.

Þegar ég gekk niður Túngötuna, sló Dómkirkjuklukkan þrjú stundarfjórðungsslög. Ég beygði út á Aðalstræti, hafði fyrst hugsað mér að ganga yfir Austurvöll þveran, en hætti við það. Það var engu líkara en örlögin beindu för minni út í þá götu höfuðborgarinnar sem til forna var kölluð Langastétt, en nú heitir Austurstræti. Fátt var um manninn á öllum götum miðbæjarins, áður fyrr voru hér einkum unglingsstrákar sem stunduðu sér til hátíðabrigðis að gera at í lögreglunni og safna liði gegn lögreglustöðinni. Nú var ekki lengur um slíkt að ræða, lögreglan var sjálf farin að halda brennur út um allan bæ handa æskulýðnum til að góna á. Miðbærinn var friðsæll eins og sveitaborp á jólakorti.

Framhjá mér ók laus leigubíll. Sem snöggvast hugleiddi ég, hvort ég ætti að auka á leti mína og taka bíl heim. En ég hætti við það. Ég hélt för minni áfram austur eftir strætinu og gekk hægt.

Ég man alls ekki lengur, um hvað ég var að hugsa, það hefur víst ekki verið mjög merkilegt. Og í umhverfinu var ekkert, sem vakti athygli mína öðru fremur. Uppi á himinhvelinu sást öðru hverju springa einmanaleg raketta, sem var einskonar eftirhreyta allra þeirra, er sprungið höfðu um tólfleytið. Það var ekki til að festa hugann við.

Sem sagt: ég hugsaði ekki neitt og tók ekki eftir neinu merkilegu – þar til allt í einu, að ég skynjaði þann sem gekk á undan mér á gangstéttinni, vænan spöl á lengdar. Þá var sem skynjun mín öðlaðist verðugan tilverurétt. Jafnvel hjarta mitt sló hraðar.

Hver var þetta? Áreiðanlega enginn, sem ég þekkti. Ég sá það á baksvipnum og göngulaginu, að þennan pilt hafði ég aldrei fyrri séð. Og það út af fyrir sig var ekkert merkilegt, því að fæsta af þeim þúsundum pilta sem ala aldur sinn í þessum bæ, festi ég augu við. En jafnframt var ég samstundis viss um, að þessi unglingur hafði aldrei orðið á vegi mínum fyrr. Annars myndi ég þekkja aftur þessar sérkennilegu, mjúku hreyfingar, það var ég viss um.

Ég ákvað að ganga hann uppi, til þess að geta séð framan í hann. Ég herti gönguna lítið eitt, en hann gekk rólega, allt að því letilega, og fyrr en mig varði nam hann staðar við bókabúðarglugga Eymundsson. Þar gekk hann inn í fordyrið, þar sem útstillt er bókum, blöðum og ýmsum glysvarningi í mörgum, stórum og uppljómuðum sýningargluggum. Ég hægði á ferð minni aftur, til þess að láta líta sem eðlilegast út, þegar ég gengi inn í fordyrið.

Hjarta mitt sló ákaft. Ég fann til þessa máttleysis um allan líkamann, sem eftirvænting af þessu tagi ein getur skapað. Bjóst ég við einhverju stórkostlegu? Ég veit það ekki. Ég hef svo oft orðið fyrir vonbrigðum um ævina, að ég hlýt að hafa verið undir það búinn. Vonbrigði í þessum efnum eru svo ofur venjuleg, að þau eru næstum farin að valda manni létti. Þeim mun færri sem



freistingarnar eru, þeim mun betur tekst manni að halda andlegri – og líkamlegri – ró og jafnvægi.

Þegar ég steig upp á dyrapallinn, sá ég hvar pilturinn stóð með hendur í frakkavösunum og virti fyrir sér bækurnar í einum glugganum. Hann var klæddur stuttfrakka, sem náði niður á mið lær, gráum, með dökkum skinnkraga. Hann var í dökkbláum, þröngum buxum, berhöfðaður, með dökka skó. Ég er ekki að orðlengja það – að fegurri prófíl minnst ég ekki að hafa séð. Hárið var hrafnsvalt, liðað vel, allt að því hrokkið, gljáandi og myndaði brúsk fram á ennið; mikið og þó vel greitt hár, en allt um það listamannslegt. Andlitið var ólýsanlega fagurt, og þó fjarri því að vera sykursætt: dökkar, þykkar augnabrúnir, stutt en nokkuð þykkt nef, þykkar og ástríðumiklar varir, hvítt hörundið af því tagi, að það þarfnadist ekki viðkomu til þess maður sannfærðist um, að það væri mýkra öllu silki. Ég sá ekki augu hans fyrst í stað, því hann leit ekki í átt til mín, en virti fyrir mér bækurnar í glugganum. Hann var með óvenju löng og dökk augnhár.

Allt þetta skynjaði ég í einni sjónhendingu. Og nú kom yfir mig þetta, sem ég leyfi mér svo sárasjaldan nú orðið: löngun til að njóta og veita, skynja, snerta, upplifa, gleyma. Já, allt í senn. Ég nam staðar við fyrsta glugga, og hjarta mitt sló örvar en nokkru sinni; ég hafði vart vald yfir andardrætti mínum lengur.

Það er merkileg stund, þegar augu mætast í fyrsta sinn. Á því andartaki, því örsmáa broti úr sekúndu, gerist ef til vill það, sem úrslitum veldur um heila mannsævi. Nú rann upp slík stund. Og fyrir en varði var hún liðin, og hafði skilið eftir allt sem þurfti:

Hann leit til hliðar, í átt til mín þar sem ég stóð, ofur rólega, laus við alla eftirvæntingu, allt að því áhugalaust – og augu okkar mættust.

Ég er sjálfur ekki dómbær á það, hver áhrif mitt eigið tillit hefur haft – og þó. Auðvitað veit ég það, eftir á. Og reyndar skynjaði ég það þegar í stað. Augu okkar mættust. Eins og fyrir tilviljun. En var

ekki þá þegar allt sagt, allt ákveðið, allt fyrirfram vitað? Mér er nær að halda, að svo hafi verið.

Hann hélt áfram að standa við gluggann, en ég færði mig smám saman nær. Það var engu líkara en um væri að ræða þegjandi samkomulag. Og ég fann sjálfur til þeirrar skyldu að segja fyrsta orðið.

Hugsaði ég mig um? Nei. Hvernig stóð á því, að einmitt þarna, á þessum stað og þessari stundu, og frammi fyrir þessum ungling, fannst mér ég ekki þurfa að leita að neinni sértakri ómerkilegri átyllu? Ég veit það ekki. Nema hvað mér kom ekki til hugar að fara t.d. að tala um bækurnar í glugganum. Ég vissi ekki af þeim framar. Mér datt heldur ekki í hug að minnast á hið sígilda umræðuefni, veðrið. Því síður eitthvað annað og ómerkilegra. Ég sagði, ofur blátt áfram og án þess að hafa augun af þeim bókum sem ég alls ekki sá:

Mikið getur manni leiðst á kvöldi eins og þessu.

Er það? svaraði hann – án þess að líta af bókunum. En sjálfur leit ég nú til hliðar og sá, að dauft bros lék um varir hans, allt að því glettið, og rödd hans var unaðslega þýð og lág.

Hann skipti lítið eitt um hvíldarstellingar þar sem hann stóð kyrr í sömu sporum.

Æjá, sagði ég. Ég var í partíi áðan, og mér leiddist. Ég er eiginlega að fara heim.

Hann svaraði þessu engu. Ég þóttist óðara skynja, að það stafaði fremur af hlédrægni og feimni, heldur en þótta eða fúllyndi. Ég færði mig að glugganum, þar sem hann stóð. Reykirðu? spurði ég um leið og ég dró sígarettupakka upp úr frakkavasa mínum innanverðum og stakk einni upp í mig.

Já, takk, svaraði hann, og óðara rétti ég að honum pakkann. Höndin, sem kom upp úr vasa stuttfrakkans, var hvít og með eindæmum áferðarfögur: vel limaðir fingur, snyrtilegar neglur, hver minnsta hreyfing í senn fim og fersk, og vitnisburður um óskilgreindan þroska fyrir aldur fram. Þessi piltur gat varla verið meira en sextán til sautján ára. Hann bar sígarettuna að vörunum, leit

Í augu mér öðru sinni á meðan ég tók upp eldspýturnar og kveikti í fyrir okkur báða. Og aftur myndaðist þetta bros um varir hans, vart greinanlegt, en þó hlédrægt og örvandi í senn. Og kannski voru það nú augun, sem brostu. Því það gerðu þau. Í þeim var – örskotsstund – sá heiti glampi, sem orð megna ekki að lýsa; hugsun manns nær vart að skilgreina hann, hann er af því tagi sem tjáir allt og hefur áhrif á allt, án fyrirhafnar, án þess að orða sé þörf. Og þó verður alls ekkert á honum haft. Hann er fjarlægur í nálægð sinni, hreinn í þrá sinni drengjalegur og fullorðinn um leið, einlægur og þó jafnframt snar þáttur þess seiðmagnaða; stingandi og blíður í senn.

Ertu á heimleið? spurði ég lágt, en ofur eðlilega eins og ég hefði þekkt hann lengi; eins og við hefðum jafnvel góða stund gengið saman og værum að bræða það með okkur að fara að skilja og labba hvor til síns heima.

Nei, ekkert frekar, svaraði hann og blés reyknunum hægt, í óreglulegum strók út um nefið. Það var eitthvað viðkvæmt í því, hvernig hann blés reyknunum frá sér.

Þú ert Reykvíkingur, er það ekki? sagði ég.

Jú.

Andartaks þögn.

Ert þú að fara heim? spurði hann og leit á mig. Í augum hans var ekki lengur vottur af brosi; aðeins ofur látlaus spurn.

Já, svaraði ég, lágt, en nokkuð snögg og ákveðið. Það er ekkert við að vera niðri í bæ, bætti ég við. Ég er að vísu alls ekki syfjaður, en ég hef ákveðið að hypja mig heim.

Það er náttúrliga beðið eftir þér, svaraði hann, leit yfir bækurnar í glugganum og saug að sér reyk úr sígarettunni.

Onei, sagði ég. Það bíður enginn eftir mér. Ég bý einn. En hvað um þig? spurði ég.

Hann leit á mig andartak, sló ösku af glóðinni og saug að sér reyk áður en hann svaraði lágt og nokkuð kæruleysislega.

Mig? Ég bý heima hjá pabba og mömmu. En þau eru ekkert að vaka eftir mér. Ég kem heim þegar mér sýnist.

Hjartað í mér tók aftur kipp, áþekkan því sem það hafði gert skömmu áður. Dómkirkjuklukkan sló fjögur högg; síðan eitt stakt hærra og skærara. Ég vissi, að úrslitastundin var komin. Úrslitastund númer tvö; þegar augnaráðið eitt nægir ekki, heldur orð. Ég sagði:

Þar sem ég var áðan, þar skáluðum við fyrir nýja árinu. Við skáluðum í frönsku kampavíni, og það var fjarskalega hátíðlegt. En svo nenni ég ekki að vera þar lengur. – Á borði heima hjá mér stendur óupptekin flaska af koníaki, sömuleiðis frönsku. Ég hef ekkert á móti því að skála fyrir nýju ári öðru sinni – í koníakinu – ef ég hefði einhvern til að skála við.

Hann leit á mig, andartak, það var eilítill spurn í augnaráðinu. Ég ætlaði að ganga beint að efninu og spyrja hann, hvort hann vildi gera mér þá ánægju að koma með mér – til að skála fyrir nýj árinu. En hann tók af mér ómakið með því að láta sígarettuna falla fyrir fætur sér hálfreykta, drepa í henni með nettum fæti, brosa dauft og þó glettnislega, og segja: Ég get svo sem gert þér það til þægðar að skála með þér í fyrsta flokks konjaki ef þú vilt – við skulum bara koma.

Hann leit á mig um leið og hann hætti að merja sígarettuna undir tάνni, og augnaráð hans, sem fylgdi þessum orðum, bætti við í þögn sinni: Annaðhvort er þér alvara með þessu tali, eða ekki.

Já, við skulum koma. Við hljótum að ná í bíl, sagði ég og lét sígarettuna falla um leið og við snérum frá glugganum.

Áttu heima langt í burtu? spurði hann.

Inni í Laugarnesi, svaraði ég.

Mér er svo sem sama, þótt ég labbi, sagði hann.

Kemur ekki til mála, sagði ég. Við yrðum meira en hálf tíma. Hitt er annað mál, hvort við náum í bíl.

Við gengum upp Bankastræti, hægt, eins og okkur lægi ekki á. En ég held mér sé óhætt að segja, að innra með okkur báðum hafi á þessari stundu brotist sá ákafi, sem óttaðist að koma um of fram eða of snemma. Við sögðum ekki orð. Það var ekki lengur nein ástæða til að tala, um eitt eða neitt; ekki að sinni. Og ekki sást neinn bíllinn.

Þannig þokuðumst við inn Laugaveg. Ég hafði eitt sinn við orð, að líklega endaði þetta með því, að við yrðum að ganga alla leið. Allt í lagi með það, svaraði hann. Það er allt árið framundan, maður.

Ég leit á hann, og hann brosti, kumpánlega. Bros hans var með fádæmum heillandi. Heillandi er ekki orð, sem nær til fulls að lýsa því. Það var jafnframt ögrandi, saklaust, óspillt, gjörspillt. Ég gefst upp við að lýsa því nánar eða á annan hátt.

Inn við Frakkastíg kom á móti okkur bíll, sem að vísu bar ekki uppi merki þess, að hann væri laus – kannski var þetta alls ekki leigubíll – en til vonar og vara rétti ég fram höndina. Og viti menn: hann nam staðar.

Við stigum inn. Ég sagði bílstjóranum heimilisfang mitt, og vonum fyrr sátum við í hlýju aftursæti Buicks af síðustu árgerð.

Þú mættir gefa mér aðra sígarettu, sagði pilturinn hæversklega.

Já, fyrirgefðu, sagði ég, tók upp þakkann og rétti fram sígarettu. Auðvitað fékk ég mér aðra honum til samlætis. Síðan var þegjandi samkomulag – um þögn.

Bílstjórinn spurði aftur, hvaða heimilisfang ég hefði nefnt. Ég svaraði honum. Og meira var ekki sagt, fyrr en numið var staðar fyrir utan húsið þar sem ég enn bý, bíllinn greiddur og stigið út.

Enn mátti sjá flugelda á stangli yfir borginni. Frá húströppunum sáust uppljómuð skipin úti á höfninni. Annars ríkti kyrrð yfir öllu. Í gluggum húsanna voru ljós, úti fyrir í sumum gördum stóðu ljósasamstæður á trjánum. Það voru enn jól. Ég opnaði húsið, og við gengum inn. Herbergisdýrnar mínar eru rétt við útidýrnar, og um leið og pilturinn steig inn fyrir hafði hann við orð, að ég byggji vel.

Hvernig þá? spurði ég. Hvað meinarðu?

Að þú skulir ekki þurfa að fara gegnum neina innriforstofu eða svoleiðis, þú skilur, svaraði hann. Svo er þetta bara rúmgóð stofa.

Ég fór úr frakkanum og hengdi hann inn í skáp.

Má ég, spurði hann, um leið og hann dró stuttfrakkann hægt og rólega af öxlum sér.

Já, þó það væri, svaraði ég. Leggðu hann þarna, bætti ég við og benti á hægindastólinn í horninu. Í ljós kom, að innanundir frakkanum var pilturinn aðeins snögglæddur, í dökkgráu vesti samkvæmt nýjustu tísku, og með bundna þverslaufu. Þykkann trefil, sem hann hafði haft um hálsinn, lét hann ofan á frakkann þar sem hann lá.

Þar sem ég bý hagar þannig til, að skammt fyrir utan gluggann stendur ljósastaur, sem veitir ljósflóðinu úr hæfilegri fjarlægð inn í norðvesturhorn stofunnar. Í þessu hornu er tvíbreiði legubekkurinn, sem ég sef á, og nú stóð reiðubúinn, því ég hafði búið um mig áður en ég fór að heiman um kvöldið. Handan við götuna og öllu lengra frá húsinu stendur annar ljósastaur, norðar, sem veitir birtu úr gagnstæðri átt, sem fellur mjög dauft á stofuborðið. Nú stóð á borði þessu óupptekin koníaksflaska, eins og ég hafði þegar sagt. Hún stóð þar ofur einmana, án þess glas væri nærri; án þess nokkuð annað væri á borðinu, utan sá lampi, sem einnig er gerður af flösku – afdankaðri brennivínsflösku með hrafntinnu innvortis til frekari jafnvægisstuðnings. Venjulega er mitt fyrsta verk, þegar ég kem heim að kvöldi til, að kveikja á þeim lampi. En í þetta skipti hikaði ég. Gluggatjöldin voru dregin frá, og ljóskeilurnar brutust gegnum stórrisinn, þannig að vel bjart var í stofunni, án þess nokkuð sæist inn að utan.

Ég gekk að hillunni þar sem glösin standa, greip tvö koníaksstaup og setti á borðið. Án ummæla bar ég nögl að tappanum og losaði um blýið. Síðan skenkti ég í staupin. Ég get furðað mig á því eftir á, hversu rólega ég fór að þessu, rólega miðað við allar kringumstæður – Pilturinn tók sér sæti á dívankantinum, studdi olnbogunum á hnjákollana og fletti fingur. Framkoma hans öll var svo einkar eðlileg, að það var engu líkara en hann hefði oftlega verið staddur innan þessara veggja. Hafði hann ef til vill áður lifað sambærilega stund? Ég gat ómögulega vitað, hvort svo var. Ekki að svo stöddu. En nú voru staupin tvö hálf full af dýrindis víni. Og ég tók upp annað

þeirra, síðan bæði, rétti fram hið síðara og mælti lágt: Við skulum skála fyrir nýja árinu standandi.

Hann reis á fætur, tók við staupinu úr hendi mér og sagði: Já, skál.

Skál fyrir nýja árinu, mælti ég lágt og horfði andartak í augu hans í hálförökrinu. Ég bar handlegginn inn fyrir upplyftan handlegg hans, og með fléttuðum handleggjum drukkum við til hinu nýbyrjaða ári. Það var okkar fyrsta snerting.

Og velkominn hingað heim til mín, sagði ég um leið og við höfðum rennt niður hinum fyrsta, hæverska, barkandi sopa guðaveiganna. Velkominn, – hvað er það annars sem þú heitir?

Gestur, svaraði hann.

Elías, sagði ég.

Já, ég veit, sagði hann.

Þekkirðu mig? spurði ég.

Nei. En nafnið þitt stendur letrað á dyrastafnum hér fyrir framan, sagði hann.

Skál fyrir þér, Gestur, sagði ég og við supum á öðru sinni, á sama hátt og fyrr. Mér fannst snerting handleggja okkar innilegri nú en í fyrra sinnið. Var það ímyndun ein? Nei. Ég veit það núna, að það var alls engin ímyndun.

Við lögðum staupin frá okkur á borðið, og augu okkar mættust í rökkrinu. Það varð andartaks þögn. Við héldum áfram að standa, eins og negldir við blettinn þar sem við stóðum. Í þriðja sinn fann ég, að úrslitastund var komin. Úrslitastundir auganráðs og ávarps voru liðnar hjá. Upp var runnin sú stund, er krefst snertingar. Nú – eða aldrei.

Þú gengur jakkalaus, mælti ég ofur lágt. Er þér ekkert kalt ...?

Hann hikaði andartak, án þess að líta af mér, áður en hann svaraði, mjög lágt: Nei, mér er ekki kalt. Mér er mjög – heitt.

Enn einu sinni fann ég fyrir því unaðslega magnleysi, sem eitt getur gert mann nógu sterkan til að hefjast handa, – til að láta stjórnast af þeirri nauðsyn sem stundin krefst: því eina rétta, sem

gera skal. Fyrir eyrum mér dunaði mitt eigið blóð. Í barmi mér bærðist, nei, bærðist ekki – heldur skalf, hjartað, sem aldrei fyrri á ævi minni. Það var engin stund, sem leið, en þó var það kannski sú eilífð, sem vér eina lifum, hvort heldur er þessa heims eða annars.

Gestur ...

Ég hvíslaði nafn hans, steig feti nær, haldinn af þeim dökku augum, sem horfðu á mig í myrkrinu, senn í storkun og spurn. Ég lukti hann í faðmi mér, ekkert var eðlilegri né sjálfsagðari hlutur. Handleggir hans féllu um herðar mér. Ég þrýsti kossi á þær varir, sem ekki geta unaðslegri hugsast á þessari jörð. Þær opnuðust. Þær voru heitar, já, svo sannarlega heitar. Allur þessi ungi, grannvaxni, undurfagri líkami var upptendraður af þeim hita, sem æskan og lífshreystin ein á; sem óbæld og þyrst lífisnautn krefst, að fá útrás. Í þessum kossi bjó fyrirheitið um allt, er síðar varð, og bauð mér þó ekki í grun að það yrði slíkur unaður sem raunin varð; slík uppfylling himnesks draums í jarðneskri veru.

Það skorti ekkert á fullkomnun þessarar fyrstu snertingar okkar. Líkamir okkar snertust, án hiks, án ótta, án nokkurs bakþanka. Nú var ekki um neina spurn að ræða lengur. Öllum spurningum, sem máli skiptu, hafði þegar verið svarað. Héðan í frá þurfti einskis að spyrja, aðeins lifa. Lifa og njótast. Kannski undrast, já einmitt undrast, það hlutum við að gera. Enn var skammt liðið nætur. Enn var aðeins nýbyrjað ár, nýbyrjaður tími. Undarleg hugtök: ár, tími, eilífð. Þau renna saman í fyrsta kossinum, þeim kossi sem er eins fullkomin snerting og verða má, svo lengi sem ekki er um að ræða algjöra nekt.

Nekt ... Hversu undursamleg tilhugsun ... Líkamir, sem þrá að vera þeir sjálfir, lifa sjálfum sér í gagnkvæmum unaði, þeir finna það og skilja hvílík þrisund föt geta verið. Það er í senn andleg og líkamleg þjáning tveim karlmönnum, sem hafa fundið hvor annan, að dveljast stundinni lengur í fjötrum borgaralegra klæða. – Líkamir okkar brunnu; þeir þrútnuðu; þeim var bráð nauðsyn – að skiljast við öll föt, frelsast undan því sem aðskildi þá síðast alls, og síðan ...



síðan njóta þess að snertast án takmörkunar, án hindrunar, án alls nema þess að vera til.

Eftir kossinn var andardráttur okkar beggja ör og næstum hás. Við slitum kossi og faðmlagi mjög snögglega, án þess að mæla orð. Pilturinn gekk að hægindastólnum og snéri baki við mér á meðan hann, að því er mér fannst titrandi höndum í myrkrinu, svipti sig hverri spjör. Það voru með fádæmum snögg handtök. Þverslaufan, vestið og skyrtan lágu ofan á frakkanum hans fyrir en mig varði; síðan hlýrabolurinn svo að fagarar og breiðar herðar hans lýstu upp hálfökkrið. Hann smeygði sér úr skóm og sokkum og lét hina síðarnefndu liggja á gólfinu hjá skónum. Því næst fletti hann buxunum með snöggu taki niður um grannar mjaðmir sér, og þá voru eftir nærbuxurnar einar, ofur stuttar og þröngar, sem aftan frá huldu varla hina fagurmynduðu, litlu og sterklegu þjóhnappa. En samstundis því, að ég losaði mig við hinstu spjörina og stóð kviknakinn með stinnt hold reiðubúið, þá hafði pilturinn einnig gjört hið sama. Og er nú ekki að orðlengja það, að eldingsnöggt tók hann tilhlaup og henti sér á grúfu upp í legubekkinn, og að eyrum mér barst eitthvað sem líktist stunu; andardráttur hans ör og heitur.

Þú mátt gera hvað sem þú vilt, hvíslaði hann í heitri ákefð.

Í hita og losta augnabliksins skynjaði ég, þrátt fyrir allt, að hann bjóst við því að þurfa að verða passív, að minnsta kosti í fyrsta þætti ástarleiks okkar; ég myndi snerta hann og sameinast honum í þeim stellingum sem hann lá, á grúfu, með fætur vel sundur, og ennið hvílandi á handarbökum sér.

En smekkur minn og löngun í kynferðisathöfnum er ekki af því tagi; ég get jafnvel ekki hugsað mér þannig samfarir, hvorki við karlmann né kvenmann.

En hann hafði sagt, að ég mætti gera hvað ég vildi; að ég mætti ráða, hvers konar ástarleik við tækjum upp. Og ég ætlaði mér líka frá upphafi að ráða því.

Enginn skyldi halda, að ég hafi hikað. Fyrir framan mig lá goðmynd í veru lifandi unglings. Ég átti þessa fögru mynd, að

minnsta kosti þessa stund og jafnvel alla þessa nótt. Hvílík dásemd, sameinuð í dauðlegu holdi! –

Enn hafði ég ekki séð hann að framanverðu, eftir að hann varð kviknakinn, því með svo snöggum hætti hafði hann varpað sér upp á legubekkin, að augu mín höfðu ekki greint annað en heildarform hins grannvaxna, hvíta líkama í myrkrinu, sem varpað hafði sér með mikilli skyndingu á grúfu í ljósglampa hvíllunnar ...

Ég varpaði mér, stinnu holdi, áfjáðum höndum, þyrstum vörum, ofan á hann þar sem hann lá; greip um axlir hans, líkamir okkar snertust, að endilöngu, andartaksstund, á meðan ég sagði: Snúðu þér á vinstri hlið, vinur ...

Andardráttur minn var heitur og ör. Ég þekkti varla hása og bráða rödd mína á þessari stundu. Hann lagðist á vinstri hlið óðara og ég lagðist á hægri hlið fyrir ofan hann. Í augnabliks sjónhendingu, sem engan tíma þarf til að skynja allt, sjá allt, litum við hvor annan í fyrsta skipti án þess nokkuð það væri á milli okkar, sem dulið gæti hinn minnsta blett á líkómum okkar.

Og á þessri stuttu stund, þessu broti úr andartaki, fannst mér skynjun mín ætla að bera allar hömlur líkama míns ofurliði. Mér fannst, andartak, sem úrlausn og fróun allrar spennu og þrár líkama míns ætlaði að eiga sér stað áður en nokkur snerting kæmi – svo görsamlega ölvaður, áfergur, já, brjáláður, varð ég af þeirri sýn sem ég svo örsnöggt skynjaði áður en við runnum saman og urðum eitt.

Hvað var það svo, sem við mér blasti í því broti eilífðar sem leið áður en við snertumst?

Sá fegursti og þroskaðasti líkami unglings, sem ég hefi nokkru sinni augum litið fyrr og síðar: Grannvaxinn, bjartur, allt að því gljáandi í skímu næturinnar; slétt, hvítt og hárlaust brjóst; rauðar, votar og nautnaþyrstar varir; hálflykt augu undir löngum bráhárum; viðkvæmir nasavængir sem þöndust við öran andardráttinn; grannt mitti og smáar unglingsmjáðmir, eilítið innstrengdur kviður; löng, hárlaus, sterkleg en þó grannvaxin læri og fótleggir. Og það sem á

milli þeirra var: þau hin fegurstu og þroskuðustu kynfæri, sem ég hafði fram til þessa augum litið á manni af hvítum kynþætti. Kviðarhárin náðu yfir lítið svæði, en voru samt óvenju þétt og dökk. Eistu og pungur sömuleiðis dökk, og þroski þeirra slíkur, að svo virtist sem hvort eista um sig gæfi ekki eftir miðlungs eggja að stærð. En það sem var þó kóróna alls þessa var sjálfur limur piltsins, sem nú var í fullri spennu, tinandi í takt við hartslátt hans, og beið snertingar minnar – á hvern þann hátt sem mér helst þóknaðist: Óvenjulega dökkur, allt að því svartur í hálförökkrinu; forhúðin uppbrett og reðurhöfuðið gljáandi af frygð; þykkt hans í fögru samræmi við lengdina – hann náði vænan spöl uppfyrir nafla. Við slíka sjón varð manni skiljanlegt, hvers vegna de Sade og ýmsir aðrir rithöfundar hafa notað um þennan hlut það orð, sem eitt getur við hann átt – orðið engine.

Hægri hendur okkar gripu um limi hvor annars, vinstri hönd mín yfir um grannvaxið mitti hans; vinstra lær hans kom á milli læra minna og veitti mér aukna nautn í þeim hluta reðursins sem efst liggur og í líkamanum innanverðum. Nálgun hans var í senn áköf, innileg og þó svo ólýsanlega fim og mjúk; sérhver hreyfing, hvert minnsta viðvik í nautnmettaðri leit hans að samræmingu líkama okkar – en sú leit var gagnkvæm og tók enga stund – þetta var allt af þætti upprunans, ástarinnar og þess sem einstaklingnum getur annaðhvort verið eðlilegast alls, – eða að öðrum kosti takmarkalaus viðbjóður. Þessum pilti var þetta jafn eðlilegt, jafn nauðsynlegt, og að teygja að sér loftið. Hvert minnsta atriði hreyfinga hans og snertingar var af sömu rót runnið og hans eigin hjartsláttur: gjörsamlega ósjálfrátt lifði hann, í senn án hugsunar og með fullri hugsun, tillitssemi, ástúð, allt að því fórn. Því hvað var ég – að mega njóta þessa? – – –

Unaður okkar var gagnkvæmur í þessu fyrsta atriði samfaranna. Aldrei fyrr hafði það gerst um mína daga, að við allra fyrstu snertingu ókunnugs pilts fengi bæði ég og hann notið hámarks

sælunnar algjörlega samstundis. Svo fullkomin var sameining okkar, svo áreynslulaus, og svo samhæfð í einingu sinni, að engu var líkara en við hefðum fjölmörgum sinnum veitt hvor öðrum gagnkvæman unað og þekktum og skynjuðum líkami hvor annars af áralangri reynslu. Urðum við þá ekkert annað en líkamleg frygð á þessari stundu? Kannski ekki. Ég get einfaldlega ekki svarað því. – Varir okkar lukust upp í gagnkvæmum kossi; tungur okkar sulgu hvor aðra; líkamir okkar beggja þrýstust saman svo sem mest má verða, á þeirri stundu sem fullnæging okkar skeði. Og fullnægingin sjálf, áköf og óumræðilega sæl, varð í senn langvinn, já langvinnari en aðdragandi hennar, og með öllu ólýsanleg í krafti sínum, dásemd og algleymi.

## Helgiförn ofþroska holds

Ég sá hvar hann stóð nakinn, en hann sá mig ekki og vissi ekki af nærveru minni. Ég hafði fylgzt með honum afklæðast hverri spjör, hægt og allt að því virðulega, eins og hann væri að framkvæma helgiathöfn. Og kannski var hann einmitt að framkvæma helgiathöfn, eða að minnsta kosti búa sig undir hana. Það sem hann hafði í huga, var á sinn hátt náskylt guðsþjónustu, þótt sá guð sem hann tignaði væri ekki fjarlægari honum en svo, að hann var einmitt hans eigið hold.

Ég sá hann ganga inn í herbergið, og hann vissi víst ekki betur en að hann væri aleinn í húsinu. Morgunsólin skein inn um gluggana og flæddi um allt herbergið. Ég huldist að baki rimlaverkinu sem skildi herbergi þetta frá uppgöngunni á efri hæðina. Þegar ég varð hans var, nam ég staðar og hélt niðri í mér andanum, forvitinn stráklingur þrettán ára.

Hvað ætlaðist hann fyrir? Ég sá hann ganga inn, letilega, en þó svo unglingslega fíman í sérhverri hreyfingu, enda aðeins átján ára gamall. Hann nam staðar rétt innan við dyrnar, og ég sá að hann leit á mynd sína í stóra veggspglinum sem náði frá gólfi til lofts. Hann tók út úr sér sígarettuna og drap í henni, hægur í hreyfingum og leit varla af speglinum. En hann notaði ekki öskubakkann, heldur lét hana falla á gólfið við fætur sér og marði hana undir tanni. Það stirndi á svarta liðina í miklu hári hans.

Um leið og hann blés síðasta reyknunum út á milli hálfopinna votra varanna, bar hann hendurnar upp að rennilás leðurjakkans og renndi honum niður. Hann hafði ekki augun af speglinum á meðan hann dró

af sér jakkann og lét hann falla á gólfið. Þessu næst dró hann fram af sér hvítan nærbolinn og stóð nakinn ofan við mitti, hárlaust brjóst hans hvelfdist og hörundið var án bletta eða hrukku, herðarnar breiðar og mittið grannt. Lék ekki dauft bros um þykkar, rauðar varir hans? Var ekki leyndur glampi í dökkum, háfluktum augum undir þessum löngu bráhárum? Jú, það fór ekki milli mála. – Andartak leit hann af speglinum og sparkaði af fótum sér gönguskónum, dró af sér sokkana og lét hvorttveggja á gólfið nálægt gluggunum. Hann þreifaði flötum lófum um hvelft brjóstið og fagrar axlirnar, stutta stund. Fingur hans glenntust eilítið, er þeir nálgudust buxnastrenginn. Hann bar hvorki axlabönd né mittisól, en buxurnar féllu þétt að sterklegum líkama hans, grönnum mjöðmunum, sterklegum löngum lærum, og því sem á milli þeirra var og ekki fór framhjá neinum. Það var sama hverju þessi unglingur klæddist, með vissum hætti var hann alltaf sem nakinn.

Já, fingur hans hnepptu nú buxunum frá þessu granna mitti, síðan fletti hann þeim af sér, hægt og nánast furðulega virðulega, eins og hann væri að afhýða þroskaðan ávöxt. Þær voru þröngar, og innanundir var hann í þéttriðnum netbuxum, sem ekki voru til annars en að hylja smáa og vel-lagaða þjóhnappana að aftanverðu, en að framan strengdust þær utan um kynfærin, þessi allt að því dýrslegu, ómennsku sköp, sem aðeins sárafáir mennskir menn geta státað sig af – eða blygðazt sín fyrir. Hann lét buxurnar falla á gólfið, og löng læri hans og leggir voru sterklega byggð, hárlaus með öllu eins og líkaminn yfirleitt, hvít og hrein, líkust filabeini í skini árdagssólarinnar. Þessi líkami var holdtekja guðdóms, og sá sem yfir honum réði öðrum fremur hlaut að dýrka hann sem þann guðdóm sem hann var: ungur, fagur og öðru fremur jarðneskur, fullkomnun þroskans, þroski fullkomleikans, töfrandi, eggjandi, kröfuharður, miskunnarlaus drottinn þess sem hann fylgdi dag sem nótt, í svefni sem vöku.

Skamma stund stóð hann í netbuxunum einum saman, og flatir lófar hans lukust andartak í næmri stroku yfir bunguna framanvert,

en engu var líkara en hann forðaðist að erta hinn viðkvæmasta stað – ennþá. Hann leit til spegilsins, nasavængirnir þöndust og augun luktust, skamma stund. Síðan gripu fingurnir í streng netbuxnanna og flettu þeim niður fyrir mjaðmirnar, niðurfyrir hin ofvöxnu kynfæri, lærin, og hann stóð nakinn eins og hann var fyrst, er hann kom í þennan heim.

Hreðjar hans, miklar og fagrar, virtust verða frelsinu fagnar, og nú sá ég mér til mikillar undrunar, að það sem mig hafði grunað um kynþroska hans var ekki nema hálfmótað hugarfóstur, ég hafði jafnvel látið mér koma til hugar í fávísi minni, að þetta sem fötin gátu ekki dulið, væri vísvitandi blekking hégomlegs unglings: að hann stoppaði sig upp innanundir nærbuxurnar. En nú þurfti ég ekki að ala á neinni tortryggni lengur. Augu mín blekktu mig ekki. Ég komst ekki hjá því að viðurkenna þessa – ef ekki beinlínis óvæntu, þá að minnsta kosti furðulegu – staðreynd: að kynþroski þessa unglings var miklu meiri en nokkurs annars manns, sem ég hafði séð í raunveruleikanum eða á mynd. Var þetta þá ekki ljót sjón og í ósamræmi við annað í hinni fögru mynd líkama hans? Nei. Alls ekki. Þessi rosavöxtur framanvert var sannkölluð kóróna þess fagra sköpunarverks sem hann var. Kynfærin voru það fegursta, tilkomumesta og athyglisverðasta af öllu fögru, tilkomumiklu og athyglisverðu í verund þessa unga manns. Hann stóð þarna skamma stund næstum hreyfingarlaus, og leit mynd sína í speglinum. Ekkert benti til þess, að sú mynd sem hann sá orkaði eggjandi á hann – ennþá. Maginn herptist eilítið inn, flatir lófarnir struku um mjaðmirnar, brjóst og kvið. Augun voru hálf lukt og nasavængirnir bærðust, hægt, öðru hverju. Andardrátturinn var hægur, nokkuð djúpur, og líktist endrum og sinnum lágri værdarstundu.

Svo var eins og slaknaði á allri spennu. Handleggirnir féllu máttlausir niður með síðunum, axlirnar urðu eilítið slappari og höfuðið álútara. Hann tók til að ganga um gólf, löturhægum hreyfingum; það voru hreyfingar af því tagi sem negrum eru eiginlegar öðrum mönnum fremur. Og kannski var þessi líkami fyrst

og fremst til þess fallinn að hreyfa sig í fagurri nekt sinni, óhindraður, frjáls úr viðjum fatanna, umlukinn skærri morgunbirtu: ungur guð á morgni nýs dags.

Undir glugganum stóð borð með ávaxtaskál, kertastjaka og blómavasa. En bæði stjakinn og vasinn stóðu nú tómir. Þótt um hásumar væri, hafði enginn skorið blóm í garðinum til að setja í þennan vasa, og nú var enn síður árstími kertanna í stjaka. En þetta stóð þarna á borðinu, og það stirndi á þá í sólarljósinu. Hvað var það sem kom mér til að líta á eplin í skálinni? Ég áttaði mig ekki á því alveg strax, en svo rann upp fyrir mér ljós. Og þá gerði ég mér jafnframt grein fyrir því, hvað um leið hafði komið mér til að líta á kertastjakann tóma. Þar sem unglingurinn gekk um gólf, sínum hægu og þó fjaðurmögnuðu skrefum, varð mér starsýnt á hreyfingar kynfæra hans þar sem hann gekk nakinn. Kynfærin voru fullkomlega slök og virtust ekki hafa orðið fyrir minnstu ertingu. En frá því er að segja í sem skemmstu máli, að hvort eista um sig í dökkbrúnum pungnum var nákvæmlega á stærð við eplin í ávaxtaskálinni. Annað þeirra sat neðar en hitt, eins og lög náttúrunnar gera ráð fyrir og er til hagræðis fyrir karldýrið, enda veitti ekki af því í þessu tilfalli. Ofanvert við reðurinn var þéttur, dökkur brúskur skammháranna, með örlítilli ló upp að naflanum; það voru fögur og eggjandi hár ofanvert við slíkan kynþroska, þau voru jafnvel í skemmtilegu ósamræmi við stærð þess sem var fyrir neðan þau, og maður hafði það á tilfinningunni, að þau væru óvenjulega mjúk viðkomu eftir því sem slíkur hárvöxtur gerist hjá hinu sterkara kyni.

En svo var það kynlimurinn sjálfur. Það var einmitt hann, sem kom mér til að líta á kertastjakann á borðinu. Hann var af nákvæmlega sömu lengd og þykkt, þar sem hann hékk í fullkomnum slappleika fram yfir punginn og niður fyrir hann milli stórra eistnanna. Hann var dökkbrúnn á lit, örlítið uppbrettur, hörundið þunnt og fínt eins og silki; og þar sem pilturinn nú reikaði um gólfið, bifudust þessi fögru, þroskuðu kynfæri í yndislegum takti við hreyfingar bjartra læranna, fullkomlega slök, í fullkominni hvíld, og



þó bjóðandi þann grun, að örlítil erting myndi á skömmum tíma hljóta að valda hamskiptum á öðrum eins kynlim hins unga manns. En dásamlegt var að horfa á þennan eggjandi þroska; dásamlegt og þó nánast uggekjandi í senn. Ég fékk hjartslátt.

Unglingurinn nam staðar á miðju gólfi og snéri andlitinu að speglinum. Kviðurinn þrýstist eilítið inn, og hendurnar struku með gleiðum fingrum hægt og þó fast um mjaðmirnar, síður og brjóst, niður magann og yfir ofanverð lærin. Hann stóð örlítið gleitt, og mjaðmagrindin þrýstist fram. Kynfærin stóðu slök og í fullkominni hvíld. Augu hans litu spegilmynd hans. Síðan lokaði hann þeim, keyrði höfuðið snögglega aftur, því næst hægt til beggja hliða, og veik stuna kom úr barkanum. Sperrtum fingrum hélt hann yfir maga, skamma hríð. Þá leituðu hendurnar löturhægt niður yfir skammhárin, löturhægt sín hvorum megin utanum eistun og undir ofanverðan penis. Hann hristist til, fram á við, hann slettist, rétt eins og þegar pilturinn gekk um gólfið í nekt sinni. Fingur hægri handar gripu um hann ofanverðan; lófinn strauk um hann niðurúr; höndin luktist um hann ofanverðan og teygði hann þvert út yfir hægri læri, sleppti honum síðan skyndilega. Limurinn hristist máttlaus í sínar fyrri stellingar. Enn virtist hann ekki hafa orðið fyrir sýnilegri örvun. Tveir fingur hægri handar gripu um hann uppi við skammhárin, og nú var honum sveiflað frá vinstri til hægri, hægt í byrjun, síðan hraðar, eins og þegar maður sveiflar lyklakippu í taug eða einhverjum áþekkum hlut. Limurinn hélt áfram að virðast fullkomlega slappur, en ekki var örgrannt um, að hann tæki að lengjast og jafnvel þykkna. Vinstri höndin hélt flöt utanum kviðinn vinstraverðan, á meðan hægri höndin hélt áfram þessari sveiflu hins langa, svera kynfæris. Svo hætti hún sveiflunni skyndilega og sleppti limnum. Hann var orðinn lengri en fyrr, án þess þó að vera tekinn að rísa. Forhúðin hafði brett upp, svo að reðurhöfuðið sást næstum allt, en þó ekki allt. Og nú greip hægri höndin þéttingsfast utan um penis ofanverðan, luktist um hann eins og í fyrri sinnið, strauk honum hægt og þétt niður með hægri læri, og það varð mér ráðgáta hversu

mikið gat tognað úr kynfæri unglingsins, án þess það harðnaði og risi.

En nú var komið að þáttaskilum. Veikt hóstakjöltur kom neðst úr barka unga mannsins, þumalfingur og vísifingur beggja handa lukust um efsta hluta reðursins, og nú var honum sveiflað upp, hvað eftir annað, þannig að hann skelltist í magann og uppfyrir naflann; skelltist og skelltist, í fyrstu skakkur, en von bráðar hætti hann að skellast við magann; þetta gerðist á nokkuð skammri stund. Ég fylgdist með þessu sem bergnuminn, gat ekki slitið augun af því, sem fyrir mig bar. Það var stórkostlegt. Reðurinn tók nú á sig þá mynd villidyrs, sem ekki líktist neinu kynfæri hjá mennskum manni. Forhúðin uppbrett, glans penis blautur af frygð, það var eins og þessi dökki sívalningur, langur, þykkur og höfugur, útgeislaði sterkum hita, og kannski minnti hann öllu öðru fremur á glóheitan járnút, klæddan fínasta og mýksta satínsilki ...

Unglingurinn stóð hreyfingarlaus andspænis stóra speglinum og augu hans voru háflukt, en litu myndina í speglinum annað slagið. Frygðarstuna leið endrum og eins úr barka piltsins. – Svo luktist sterkleg vinstri höndin þéttingsfast um kynliminn ofanverðan, og sama gjörði hægri höndin um hann framanverðan, án þess þó að fremja neinar hreyfingar fyrst í stað. Þegar hér var komið, hafði ég séð, hverju hin ofboðslegi kynlimur líktist, eftir að hann komst í fulla stærð. Hann var nákvæmlega sömu lengdar og blómavasinn á borðinu við gluggann. Síðar sama dag mældi ég með metrabandi bæði kertastjakann og blómavasann. Sá fyrrnefndi var fullir átján sentimetrar, en hinn síðarnefndi var tuttugu og sjö sentimetrar að lengd. Þar með fékk ég örugga vissu fyrir hlutföllunum í kynþroska þessa einstæða pilts.

Ég þarf varla að skýra nánar, hverskonar athöfn átti sér nú stað. Sjálfsfróun er iðulega notað orð, en það gefur í sjálfu sér enga nánari lýsingu, sízt af öllu undir þeim kringumstæðum sem hér var um að ræða. Mér hefur, eins og áður segir komið í hug orðið helgiathöfn; sömuleiðis orð eins og dýrkun, fórnfæring, og að sjálfsögðu útrás,

fullnæging, frelsun undan óbærilegu oki, afslöppun ytri og innri spennu, já, og að lokum unaðsfullt algleymi í engu öðru en sjálfi eigin kynþroska, hins frekasta og kröfuharðasta afls í lífi þeirra sem eru öðrum mönnum þroskaðri á þessu sviði mannlegs virkileika.

Hreyfingar handanna voru fyrst í stað ofur-hægar. Báðar hendur héldu þétt um reðurinn, eins og áður segir, og þó var drjúgur hluti hans sem stóð upp undan krepptum hnefunum. Glans penis kom allur í ljós, og meira til, en hvarf svo svotil alveg inn í hægri lófann. Þannig á víxl mörgum sinnum, hægt, hægt en þétt, og smástunur bárust frá vörum piltins, höfuðið kyrrt, en hallaðist örlítið til annarrar hliðar, og augun hvíldu þokukennd og hálflykt á spegilmyndinni fyrir framan hann. Þau virtust öðru fremur fylgjast með hreyfingum handanna. Reðurhöfuðið kom í ljós, hvarf, kom aftur í ljós, og hvarf. Þannig góða stund, uns ég tók eftir því, að hreyfingar handanna urðu örari. Sá hraði jókst ekki meira en svo, að vart mátti merkja það, en þar kom um síðir, að háttbundnar hreyfingar handanna, sem mynduðu vagínu þessum yfirmannlega frygðarlim urðu hraðari, og manni fannst gripið herðast. Hnúarnir hvítuðu, andlitsdrættir unglingsins urðu illskulegri í krafti þeirrar kynnautnar sem var í þann veg að losna úr læðingi. Á hverri stundu mátti búast við hámarki þessarar helgiathafnar, sprengingunni, algleyminu, nautn allra nautna, sjálfsfullnægingunni, andlegri og líkamlegri, þar sem fullnægt var einum stærstu og þroskuðustu kynfærum sem mennskum manni hefur verið gefið á þessari jörð. En, bíðum við. Það var engu líkara en pilturinn hefði vísvitandi stjórn á athöfninni. Hann frestaði því að fá útrás. Annað slagið kom örstutt hlé á hreyfingar handanna, aðeins brot úr sekúndu, en nóg til þess að framlengja unað ertingarinnar þar sem sjálfri útrásinni var frestað, og þar sem hún var um leið undirbúin á þann veg, að hún yrði þeim mun meiri og algjörari í algleymi sínu, þegar þar að kæmi, sem hún var afleiðing meiri ertinga. Frygðarþrungið hóstakjöltur rauf stöku sinnum öran andardráttinn, og höfuðið keyrðist afturábak andartak, annað slagið, uns – uns svo var að sjá sem hendurnar tækju

ráðin af vilja og mætti unglingsins. Hreyfingar þeirra urðu örari og örari, svo furðulegt sem það mátti heita. Þær hertu gripið. Þær hömuðust. Forhúðin var líkust því sem hún væri að því komin að bresta. Blautt og rauðbleikt reðurhöfuðið var þrúnara en nokkru sinni. Frygðarstunurnar voru orðnar samferða sérhverjum andardrætti, þar til úr barka piltisins barst hátt korr, frekjulegt, æðislegt, nautnaþrungið, – og um leið gerðist það, að allt það frygðarmagn, sem þráð hafði að brjótast út, spýttist nú fram úr þessum ofurvaxna kynlim í þykkum stórum slettum, hvíttri límkenndri leðju, sem í fyrstu dró nærfellt alla leið að veggspoglinum og aldrei virtist ætla að hætta. Annað eins sáðfall hef ég aldrei getað ímyndað mér í villtustu hugarórum mínum. Það var engu líkara en allur líkaminn væri að losna úr viðjum út um þetta langa og digra stykki, sem hendurnar í senn fullnægðu og misþyrmdu í jötunsterkum gripum og með hröðum hreyfingum við háttbundinn undirleik greddukorrans og frygðarstunanna. – Sjálft sáðlátið tók lengri tíma en ég hefði getað hugsað mér. Mér er ekki til efs, að sú fullnæging, sem þarna átti sér stað, var miklu mun innilegri, algjörari og taumlausari en nokkur önnur fullnæging venjulegs manns, hvort heldur er með sjálfsfróun eða í mökun við aðra persónu. Í algleymi nautnarinnar var unglingurinn fullkomlega á valdi kynnautnarinnar. Vilji hans, hugsun og tilfinning var ekki lengur til, nema sem partur af því, sem kynfærin kröfðust og nutu. Hann var ekkert lengur – nema kynfærin. Hann var að sjálfsögðu allar stundir fyrst og fremst þau og jafnvel ekkert nema þau. En aldrei eins og á slíkum augnablikum algleymisins, langdrengnu og innilegu langt umfram það sem venjulegir mennskir menn fá tækifæri til að reyna. Ofþroska karlmannskynfæri, og ekkert annað, það var þessi átján ára gullfallegi unglingur öllu öðru fremur. Loksins var sæðið hætt að spýttast, og frygðarkorrinu linti. En áfram héldu hendurnar enn um stund, hæggar en fyrr, að kreppest um heitan og stinnan reðurinn. Pilturinn andvarpaði í munaðarfullri sælu. Hendurnar slökuðu á. Reðurinn tók á sig smám saman sína

fyrri mynd og var orðinn slakur, loks þegar hendurnar leystu tök sín. En þær slepptu honum ekki. Til skiptis gripu visifingur og þumalfingur þeirra um penis efst – og mjólkuðu hann hægt og þéttingsfast eftir endilöngu, frá skammhárurum og fram af reðurbroddi. Nokkurt sæði kom fram við þetta, í dropatali og féll á gólfið. Limurinn teygðist ótrúlega við þessar aðfarir, svo ég hugsa, að hann hafi ekki verið undir tuttugu og tveim sentimetrum við hverja teygingu, og þó var hann orðinn alveg linur eða svo til alveg.

En þar kom, að pilturinn hafði mjólkað kynfæri sín nóg, og andartak slepti hann honum þannig að hann féll máttlaus niður fram yfir punginn og milli læranna. Pilturinn stóð enn með hálflykt augu, en leit nú ekki lengur í spegilinn, heldur virti kynfærin fyrir sér, fór um þau höndum, hægt en þéttingsfast sem fyrr, andvarpaði í fullkominni afslöppun þess, sem hefur fengið útrás og veit þó, að engin slík útrás er endanleg, enginn getur komist undan valdi ofurvaxinnar kynhvatar og kynþroska til fulls; sagan, athöfnin, fórnin, eða hvað maður vill kalla það, hlýtur að endurtaka sig, æ ofan í æ, svo lengi sem lífsmagn ungdóms og þroskaára helzt óskert.

Eftir skamma stund tók hann að ganga um gólf, og eins og í fyrra sinnið voru það kynfærin sem öllu öðru fremur mótuðu svip hans, þessa mynd sem maður sá fyrir augum sér, en nú voru þau fullnægð – að sinni. Hann gekk að speglinum og virti mynd sína fyrir sér. Hann teygði reðurinn nokkrum sinnum sitt með hvorri hendi; hann hristi hann og sveiflaði eins og í fyrra sinnið, og það lék dauft bros um varir hans. Hann fór með höndina undir punginn og tók undir eistun, þessi stóru og þungu eistu, sem fengið höfðu nokkra fró um stund. Letilegum skrefum gekk hann aftur frá speglinum og nokkrum sinnum um gólf í stofunni, nakinn og fagur og þroskaður, fegurri og þroskaðri öðrum ungum mönnum. Loks gekk hann þangað sem fót hans lágu, tók upp netbuxurnar og tróð sér í þær, hagræddi þeim strengdum til hins ýtrasta utan um kynfæri sín, og það var næstum furðulegt hvað honum tókst að gera þau fyrirferðarlítill þrátt fyrir allt. Síðan fór hann í hverja spjörina af

annarri, uns hann var kominn í það sem hann hafði verið í þegar hann gekk inn. Neðan undan leðurjakkanum var sama bungan framan á buxunum og mér hafði svo oft áður orðið starsýnt á og haldið að væri blekking hégomlynds unglings. En nú vissi ég betur. Nú vissi ég, að þessi stóra bunga og jafnvel limur sem stundum var látinn liggja niður með lærinu óhindraður innanundir ytri buxunum, þetta var raunverulega miklu meira en það virtist; og næsta aðdáunarvert, hvað piltinum tókst að leyna þessu og gera lítið úr því.

Enn skein sólin inn um gluggana. Pilturinn blístraði lagstúf, hagræddi hárinu frammi fyrir speglinum, tók upp sígarettu og kveikti í henni fyrir framan spegilinn, brosti dauft en allt að því aðdáunarlega og kumpánlega í senn við myndinni í speglinum og gekk svo út úr stofunni. Það voru enn stórar slettur á rauðu gólfteppinu, sumar ljósar og þykkar, aðrar litlausar orðnar. Hann gerði ekkert til að eyða þessu áður en hann fór, því hann bjóst ekki við því, að neinn væri í húsinu eða kæmi heim fyrr en löngu síðar um daginn.

Þegar hann var farinn stóðst ég ekki mátið lengur. Ég gekk inn á salerni og fullnægði mér. Mynd hans og athöfn var í huga mér á meðan – og hefur aldrei horfið síðan.

(Búið 2/1 '65.)

# Fingur hægri handar

## 1.

Tveir þeirra héldu sígarettu millum fremstu kögglanna, lauslega; vísifingur og langatöng. Með nokkuð jöfnum millibilum tók þumalfingurgómurinn við hlutverki vísifingurs og hélt sígarettunni í skorðum á hvítum sívalningnum og hristi af honum ösku. Annars gerðist ekkert milli kopargulra gómanna á hægri hendi mannsins. Hann bar hana stöku sinnum upp að vörunum og saug að sér tóbaksreykinn – án þess að sleppa tókum á sígarettunni – lagði hana svo aftur ofan á drifhvíta borðplötuna. Baugfingur og litli fingur voru krepptir mjúklega innanundir lófanum. Þeir biðu síns hlutverks, hvert svo sem það yrði, og voru gleymdir.

Svo fundu kopargulu gómarnir fyrir sívaxandi hita frá vindlingnum, sem nú var ekki orðinn annað en ómerkilegur stúfur, og minntu manninn á, að þeir vildu fegnir losna við hræið. Þumalfingur tók röggssamlega við hlutverki löngutangar, eins og svo oft áður, og vísifingur þrýsti á eilítið votan enda vindlingsins niður í öskubakkann, svo að glóðin drapst. Þá tóku allir fingurnir skyndilegt viðbragð og struku gómunum nokkrum sinnum utan í þumalinn til að dusta af sér óveruleg tóbakskorn og ösku, og eftir það lögðust þeir kyrrir fyrir á borðdúkinn.

En það stóð ekki lengi. – Nærfærnir og varkárir strukust þeir fram á við yfir hvítan dúkinn, lyftust, mjög gætilega, réttust andartak sundur, án þess þó að sperrast, og lukust því næst um hvítan úlnlið. Hann var einnig mjúkur, þessi hvíti úlnliður. Þeir höfðu ekki oft snert við jafn silkimjúku hörundi. Og þar héldu þeir kyrru fyrir um

stund, að vísu skamma stund, og fundu það sömuleiðis, að sú stund mátti heldur ekki verða og löng; hvorki of stutt né of löng. Annars kynni að fara illa.

Takið var líka losað skyndilega. Fingurnir voru hafnir upp frá úlnliðnum, máttleysislega, og þó voru þeir heitir, og í sömu andrá gripu þeir utan um fót á gildu vínglasi, hófu það á loft og báru það hæversklega að öðru samskonar glasi, sem einhverjir aðrir fingur höfðu hafið á loft, og það var varla, að glösin snertust, svo hátíðleg var hreyfingin.

Eftir að hafa hallað glasinu að vörum mannsins, settu fingurnir það, öllu rösklegar, niður á borðið aftur, og það sem meira var: vísifingur og langatöng gripu um fót þess, þokuðu því tómu til hliðar og slepptu því skyndilega, nærri borðbrúninni. Síðan hófst höndin á loft, og fingrunum var smellt eins og dymbli.

Eftir það leið nokkur stund. Höndinni var stungið í jakkavasa, tóman, aðeins andartaksstund og sjálfsagt í meiningarleysi, því von bráðar var hún aftur lögð lauslega á hvítan dúkinn, og neglurnar látnar tromma létt á hvítan flötinn, ekki ólíkt því sem í nokkurri ópolinmæði, með stuttum hvíldum.

Svo var hendinni lyft. Fingurnir tóku við hvítum pappírsnepli



Vetrarnum þá þaland:

Flatt flýgur hrafninn yfir  
hvítu árafatunum.  
Skuggaleg ský í vestri  
skuggja á vindupjóll.

Jalli  
~~skuggi~~ í hárra heiti  
keppit mi spora ~~veita~~ Fes.  
Blundur og hitu varms  
blómur, sem kól í ger.

1 bl. 24. ágúst 1946.

Guðlaugur




# Ljóð

## Dauðinn á nýjárnsóttinni

I.  
Sem beinagrind  
í brekkunni  
hann var.  
Við brúna stóð  
hann. ---  
Gamla árið  
þraut.  
(Upp í móti lá  
þar lítil braut.)  
Ljá einn mikinn  
hann í hendi bar.

Tunglið bak við  
skuggaský eitt  
leið.  
Skin var dauft. --  
-- Og dauðinn  
beið -- og beið.  
--

Við  
brúarstólpann



beið hann langa tíð.  
Hann brosti í kampinn varalausum svip  
og leit á lífið eins og – – gallagrip:  
„Með grjót að vopni legg eg út í stríð!

Því þar sem ljárin gengur ekki í gegn  
mun grjótsins afli ekkert verða um megn!"

II.  
Í kirkjuturni klukkan högg sín sló. – –  
– Í kyrð og friði næturinnar lá  
leið eins unglings hallarbrúnni hjá. – –  
Hinsta andvarp kólfsins mikla dó – –;

út um borgarhliðið hljóður gekk  
halur ungur. – – Dauðann litið fékk;  
því er hann kom að hallarbrúnni, hans  
hugsun greindi nálægð annars manns,  
þó ei neitt hann lengi litið fékk;  
með léttum skrefum áfram því hann gekk.

III.  
„Hér máttu nema staðar litla stund!"  
– Sem stuna, þessi kalda setning var.  
Hinn ungi staðar nam, – hann þekkti' að þar  
þýddu engin mótmæli né grið.  
(Með undirgefni öðlast margur frið.  
Með undirgefni margfaldar sitt pund.)

En hver gat verið þar á nýjárnsnótt?  
– um nótt, – í myrkri? – öllum mönnum frá  
er kyrrð og friður yfir öllu lá

og allt var heilagt. – Fljótið kyrrt og rótt – –?

Hér hlaut að vera hættulegt á ferð:  
hópur ræningja og djöflafanz  
er stíga um nýjár snætur dauðadanz  
og dengja ljár við eld, – og hvessa sverð –! – –

Nei! Hér var allt svo heilagt, kyrrt og rótt.  
– hér var friðsöm dýrð á nýjár snótt.

IV.

Við brúarstólpann stóð hann hvass á brá,  
hélt á beittum kraftamiklum ljá.

Þegar sveinninn sá hvar dauðinn stóð  
hann setti í sig kjark og horfði á mót.  
Á aðra hlið var djúpt og dimmgrátt fljót  
en dauðinn fyrir miðju. – – Ekkert hljóð. – –  
Hann óhikað mót dauða dró sig nær.  
– Hver dauðann lítur nýja krafta fær.

Svo mælti dauðinn: „Velkominn hér ver!  
eg var að drekkja hérna einni sál  
rétt fyrir nokkru, – þarna í þessum ál."  
Og því næst dauðinn bandaði út frá sér

í áttina til árinna, en mér  
máttu samgleðjast! – – Líkt fer fyrir þér!"

Síðan kom hlátur holum beinum frá.  
Hægt birtist tunglið; – skein á brýndan ljá.

„Já, herra dauði! Vald þitt víðlent er.

En, veistu að sprota lífsins þú æ ber?  
Hann er þinn, þú – dauði! Dómur þinn  
er dómur réttarlaus án lagastafs.  
Vort líf er aðeins eftirleit og krafts,  
eintómt fát og tóm. Það er dómur minn."

Og dauðinn þagði. Þögn er líka sverð.  
Og þegar ungur maður vék sér hjá  
reiddi dauðinn upp sinn eina ljá – –  
– en utan tilgangs var sú framkvæmd gerð.

Og aftur lét hann ljáinn síga til  
lágrar jarðar, – sjálfu lífi í vil.

En seiðmagn dauðans dró svo aftur nær  
hinn djarfa svein. En þróttur skein af brá.  
Og dauðinn sagði: „Mæltu maður þá!  
Mæltu hvað þú vilt og fær þig nær!"

Og dauðinn lagði ljáinn hliðar til  
og lagðist upp að gildum stofni á eik.  
Í augum hans var ásýnd sjálfs hans bleik.  
Hann ætlaði' að hlusta' á lífsins hörpuspil.

Og unglíngurinn mælti: „Maður eg er  
og má því, dauði, ekkert sýna nú  
er gæti móðgað þig, því einmitt þú  
á þessu kveldi líf munt veita mér. – –

En, – gæt þín dauði! – og, gæti' eg sjálfur mín;  
já, gætum þess hvers ríkis heyrum til.  
Og gerum hugsjón góð og fögur skil  
– – – því: göfug hugsjón mjög er iðja þín.

Því líkt og sýkill lamar orku´ og þrótt  
eins lamar þú vort fjör á æfinótt.

Og líkt og sýkill moldu gefur mátt  
eins myndar dauðastundin frið og sátt.

Með því að deyja, maður hver einn fær  
mátt til að lifa vorri jörðu fjær.

Dauði! – Veist þú að þú ert lykill lífs?  
Eftir lífstíð vora, – bakvið dauðastund  
fáum vér að líta líf! – Á fund  
ljóssengla að komast; – burt frá kífs-

veröld. – Opnast eilífðardyr sjá;  
engla fegurðar og dýrðar litið fá – –"

V.

Og nú varð þögn. – Sem þrotlaust eyðitóm  
var þessi kyrrð, – svo laus við nokkurn hljóð.

Og dauðinn horfði holum augum á  
hina ungu sál og mælti´ ei hót  
orð af munni. – Aðeins bærði fót  
einu skrefi nær og mælti þá:

„Ungi sveinn! hver er æðsta hugsjón þín?"  
Hinn ungi sveinn varð þögull litla stund,  
en mælti síðan: „Mega koma á fund  
meistarans, – í dýrð sem ætíð skín."

Ótta nú í augu dauðans sló:

„Ungi maður! Viltu deyja?!“ -- „Já!“ --  
Í fyrsta skipti æfi dauðans á  
ekki gat hann hremmt með sinni kló.

Honum fannst hann ekki geta gert  
göfga bón hins unga frjálssa drengs.  
Yndislega hljóma hörpustrengs  
hinnar stóru sálar fann hann bert.

VI.  
Í fyrsta sinni fæðing andans frá  
á flóttu lagði sjálfur dauðinn þá!

---

Í kirkjuturni klukkan högg sín sló;  
kólfsins hinsta andvarp stundi -- og -- dó.

(31.8. og 1.9.1940. Endurritað 29. og 31.9. 1940 af höfundinum.)



*Jakob Hávarsson.*

Margir rata rangan veg,  
röddum illum hlýða.  
Á Ingólfskaffi yrki ég,  
þá úti er sumarblíða.

E.M.



## Reykjavíkuroður

Mér finnst sem langt í fjarska sé ég staddur  
og fögur ljós þín sjá í þokuúða.  
– Ég sé þig líka í sumar-glæstum skrúða  
og sem í draumi er eg af þér kvaddur.  
Mér finnst ég hafa dvalið, dvalið lengi  
og degi ævi tekið brátt að halla.  
Mér finnst eg heyra fegurð þína kalla  
á fjarrum bylgjum; – snerta hjartans strengi.

Mér finnst ég sjá þig borg! til ösku brenna, –  
mig bera tár á þína rauðu elda.  
Sjá hvernig æfi Íslands fer að kvelda.  
Frá augum mínum finn eg tárin renna.  
Mér finnst þú eiga annað betra skilið:  
auðlegð og fegurð, syni hrausta og dætur.  
Man eg hve margar sælar sumarnætur  
eg sat og horfði. – Nú er brúað gilið.  
Og þrátt fyrir allt er þú mín æskuminning.  
Þú ert minn draumur, – fyrsta lífsins kynning.

(1939)

## Málaðar meyjar

Enn er eg kominn  
kæru meyjar  
til að kveða á þessari  
kvöldvöku.

Bið eg ykkur  
blessuðu stúlkur:  
varið ykkur á  
varalitnum.

Á eitt vil eg benda  
til aðvörunar  
notið ekki of grófa  
naglaraspa.

Karlmennirnir  
kæra sig ekki  
um allt of mikið  
af ólyktar – „púðri“.

Gangið ekki  
göfugu meyjar  
í ofaðhnepptum  
lífstýkkjum.

Að endingu vil eg  
ykkur biðja  
að falla ekki á bakið  
þótt þið fransmenn sjáið.

(26.2.39)

## Drengurinn í Öskjuhlíð

Uppi í Öskjuhlíð situr sveinn  
og sér hversu ljómar Reykjavík,  
á vetrarkveldunum ljósheimum lík,  
hann er loppinn á höndum og einn.  
Og máninn skín yfir hrímgæð hjarn  
og höndin er köld; eins og lúið barn  
leggur hann sig á ljósa foldina,  
á línmjúkan snjóinn sem hylur moldina.

Hann starir; úr augum hans titrandi tár  
á treyjuermi hans fellur;  
en himinninn hvelfist svo breiður og blár;  
í brjósti hans undin svellur.

Hann er kaldur af vosbúð og vantar alla vörn  
og vetrarkuldinn næðir um dali og á fjöllum.  
En drengurinn er daufur eins og dáðalítíl börn  
og hann dottar; hann er leiður á öllum, öllum, öllum.

Hann sofnar og hann dreymir drottin sinn og guð  
og draumur hans hann breytist í lífsins veruleika.  
Og honum finnst að sál hans sé sæl og  
svefninn veitir frið og hvíld líkamanum veika.

(22.4.39)

## Kvæði til skálds

Í haustkvöldsins myrkri eg horfi þig á.  
Eg horfi í spor þín þótt annarra fenni.  
Þótt aumur þú sýnist og fötin þín fá  
mér finnst þú alls ekkert vesalmenni.  
Þitt hár er þó úfið og höndin þín köld,  
þitt hjóm hvorki ber með sér auð né völd  
og þín saga er rituð með rúnum á enni.

Að húsvegnum köldum þú hallar þér  
og horfir á umferð líðandi stundar.  
Augu þín stara á móti mér  
og margt í þeim sé ég er hugur þinn grundar.  
Þau geyma þjarma frá göfugri sál  
er í gönur var leidd við heimsins tál  
og svikin við handtak mannglegrar mundar.

Þú horfir á mannfjöldans hröðu rás  
er hópur fólksins brýzt gegnum strætið.  
Þér finnst það sem kýr er baula á bás  
og bíða eftir að gleypa ætið.  
Þú lifir við veikan vonar-hyr:  
Ei verður að lokum við himins dyr  
rifist af alefli um efsta sætið.

Og ef til vill seinna þú hlýtur það hnoss  
að hækka í tign – fyrir öðrum en mönnum.  
Þá lítur þú niður á auma oss  
sem eltumst og stríðum í dægursins önnum.  
Þá fyrst munu ljóðin þín lofuð og geymd,  
hver lína þíns hugtaks af vörum streymd  
og orðin þín talin með öðrum sönnum.

En til hvers nú ertu að treina þitt líf  
fyrst hin tómláta veröld er þögul og kalin.  
Hví stytir þú ekki þitt stríð og kíf  
og steypir þér niður í dauðans valinn?  
– Þú átt sjálfsagt ennþá mörg efni í ljóð  
til að ylja kalann í vorri þjóð,  
og hreimfagur tónn enn í hug þínum falinn.

Ef vinnautn þín yrði til varnaðar þeim  
er á veginum glepjast, er hlutverk þitt mikið.  
Ef söngljóð þín ná því, að sýna´ oss í heim  
sorgar, – og táls þeirra´ er hafa þig svikið,  
þá hefur þú sigri á hólminum náð,  
þá hefur þú frækorni í jarðveginn sáð  
sem enginn mun þaðan aftur fá vikið.<sup>32</sup>

(5.2.41)

---

<sup>32</sup> Höfundur ritar neðanmáls: „Tilefni kvæðisins er fyrst og fremst mynd sú, er fylgdi af Steini Steinarr (teiknimynd) í auglýsingu af nýjustu kvæðabók hans.“

## Við þykjumst lifa ...

Úr huga mér flýr ei hin þráláta hljóða þögn,  
þanki minn steinrunninn blundar í sortans djúpi,  
augu mín hvíla byrgð undir huliðshjúpi  
heimsku og þekkingarleysis. – – – Hin dýpstu mögn  
flúin á brott frá beði mínum ... Eg dey.  
Bernska mín farin og gleymd, eins og væri´ hún ei til.  
Eg horfi í myrkrið og þykist sjá gullin þil  
eða þrúðugt haf og rammgirta klettaey, – – –  
– – – altari, kertaljós, – – eða lifandi afl  
í lífinu hvarvetna, – – en gleymi að heimsins tafl  
er fárra manna fjárhættu´ – og glæfraspil.  
– – –

Já. – Þannig er meðvitund mín – og líka þín.  
Við mætumst á brautinni, – heilsumst að gömlum sið,  
við tölum saman og kveðjumst kátir og glaðir  
í kyrrðinni, þar sem vantar uppreisnarlið.  
(Því hér eru engir inndælir sælustaðir.)  
En allstaðar líta má svikinn málm, sem að skín.  
Og þögnin í huga mér heldur áfram að lifa  
mér heyrir eg anda – í gegnum svefninn – hljótt  
og þykist skynja að úti sé eilíf nótt  
en inni hjá mér sé dásamleg kyrrð og ró  
hlýja og matur, heimska – – og eilíf ró.<sup>33</sup>  
– – –

(27.6.42)

---

<sup>33</sup> Ort í vegavinnu að Fornahvammi í Norðurárdal.

## Samtal við silungsveiðar

Einu sinni sá ég fjandann vera  
á silungsveiðum uppvið Norðurá.  
En skammt frá honum sá ég sjálfan drottin  
á samfestingi standa og horfa á.

Stundum gaut fjandinn hornauga til Herrans  
en Herrann virtist lítið gefa um það.  
Þangað til fjandinn herti loks upp hugann  
og hróðugur gekk drottni sjálfum að

og mælti: „Góðan daginn, herra Drottinn“  
og Drottinn sagði: „Komdu heill og sæll!  
Segirðu annars nokkuð nýtt í fréttum  
úr Neðri-heimum, aumur vítis-þræll.“

Skrattinn varð soldið fölari í framan  
að fá si-svona óvænt skammaraup,  
– en það sem verst var af því öllu saman,  
að ekkert þýddi að fara hér í kaup.

Því aldrei myndi Drottinn láta leiðast  
til lystisemda í þessum spillta heim  
og ekki myndi fjandinn sjálfur fara  
á flug með englum vítt um ljóssins geim.

Nei, – hér gætu víst aldrei orðið skipti.  
En ekki var samt fjandinn sjálfur lens.  
Með hæversku ánn hatti sínum lyfti:  
„Herra minn, nafn mitt það er Pétur Jens.“

Og staða mín í þjóðfélagi þessu  
er þörf, og fræði margvísleg eg kann  
en það, minn herra, ég þykist sjá á öllu  
að þér takið mig fyrir annan mann.

En eftirleiðis ættuð þér þó, Drottinn,  
að athuga hvern þér sjáið hér og þar,  
þér vitið ei betur hver á vegi verður  
en vinir yðar forðum – Gyðingar."

Og að svo mæltu andskotinn sig hneigði  
og afsíðis sér vék með kurt og pí,  
en Drottinn sjálfur höfuð hljóður beygði  
og hvarf svo upp í gullin friðarský.

(25.12.42)



## Sálrænt kvæði

Eg er til í minni eigin ímynd.  
Enginn sjá mig kann í réttu ljósi.  
Ýmist háður aðkasti eða hrósi,  
eins og vélarletur eða blýmynd.

Hvort eg hef sál eg ekki veit með vissu.  
Vegi enga þekki eg né byggðir.  
Mínar stóru eða aumu dyggðir  
eru líkt og gull eða högl í byssu.

Hvaðan eg er kominn veit eg ekki.  
Hvert eg fer eg síður veit sem stendur.  
Vegur að baki, vegur á báðar hendur.  
Vegur fyrir stafni' er eg ekki þekki.

Er eg einn eða er eg meðal fjölda?  
Er hér land eða sjór und fótum mínum?  
Eru form í litum þessum og línum?  
Lýsir af degi eða fer að kvölda?

Hvort er eg heldur karlmaður eða kona?  
Kann eg að lifa eins og manni sæmir?  
Er nokkur til sem aðgætir og dæmir?  
Er nokkuð vit í því að hugsa svona?

(11.4.43)

## Minning eldgömul

Á baklóð þar sem ræningjar og rottur  
ráfa um á nóttum, dvöldum við.  
Og það var rigning, þungir féllu dropar  
í þögli næturkyrrð með leyndum nið.  
Og það var ekkert ljós í lágum gluggum  
og litlu börnin sáu ekki meir.  
Portið var fullt af skrítilegum skuggum,  
skálduðum rottum ötuðum í leir.

En hvort í annars andlit þó við sáum  
frá annarlegum heimi ljósi brá.  
Við dökkar hússins hliðar alein lágum  
með hræddum svip, er enginn mátti sjá.  
Við vorum börn og bros okkar var saklaust.  
En brjóstin okkar höfðu öðlast líf  
sem ennþá hvorugt okkar gat þó skilið  
og æskan þekkti hvorki böll né kíf.

Og varir okkar mættust, – mjaðmir – mitti.  
Á munn hennar eg kyssti vel og heitt.  
Með lokuð augu örmum hana vafði  
í óratíma vissi eg ekki neitt. – – –

En regnið féll, í fjarska vindur barðist,  
á fölum vöngum sá eg blika tár.  
Við skildum. Okkar leiðir hafa ei legið  
á lóðina okkar gömlu í fimmtíu´ ár.

(12.4 43)

## Fínt fólk

Eg dáist að þeim sem drýgja glæp  
því dómsins vizka reynist tæp,  
og vitlaust almenningsálit.  
Eg hrósa þeim sem hafa að sið  
að hrópa upp klámi og reka við  
en hræðast ei heimskra frábit.

Því skyldi eg yrkja um önnur fljóð  
en ekkert um Pólsku-Boggu, – það jóð, –  
háttvirta aðal-hóru.  
Frægð hennar fjöllum hærri er  
í fríðleik af konum öllum ber  
hennar gat líkist gígunum stóru.

Og hver er göfugri gæðasál  
en garðyrkjukonan sem ræktar kál  
um sólbjarta sumardaga  
en lætur á nóttum sér liggja á  
sem ljósum og dökkum sefur hjá.  
Já, svona er nú hennar saga.

Og þá er nú ein, sem er þæg og fín  
og það er hún Fjóla skakka mín  
hversu oft hef eg á henni legið!  
Og hún er í portum og hún er í bíl  
og hún reykir Lucky strike og Fíl  
og eg brosi við brjóst hennar flegið.

Eg veit um systkin svo sæl og góð  
og syngja vil um þau lítinn óð.  
Hún er nú aðal-hóran.  
En bróðir hennar við höfnina er  
hjá honum hver stelpa liggur ber  
hann hefur hann stæltan og stóran.

Eg konu eina í kjallara veit  
sem kom í bæinn ofan úr sveit  
og bað um örorkubætur.  
Nú er hún orðin flott og fín,  
fer í bragga og drekkur þar vín  
og „afgreiðir“ allar nætur.

Eg dáist að þeim sem drýgja hór  
þar sem djöfulsins kuntan er nógu stór  
og böllurinn bústinn og rauður.  
Og kuntur allar sem elska þeir  
sem alltaf eru að biðja um meir.  
Eg ann þeim unz eg er dauður.<sup>34</sup>

(12.4.43)

---

<sup>34</sup> Neðanmáls: Pólska-Bogga, garðyrkjukonan (Þórey að nafni) og Fjóla skakka, eru allar þekktar vændiskonur í Rvk.

## Úr bréfi til Guðmundar Pálssonar

Öskur heyrast hvar  
og allsstaðar.  
Fara á kvennafar  
fullhugar.  
Eitt sinn vínkrá var  
vent í sómabar.  
Arkar edrú þar  
Elías Mar.

## Ávarp

Hve sorgin blundar vært í vitund þinni!  
Þú virðist glaður; svipur þinn er bjartur,  
því þú ert mitt í glaumnum; gleyma reynir  
gömlum árum, þar sem margur svartur  
dagur úr rökkri rís. Af list þú leynir  
löngu hrundum borgum þér í minni.

Þú hefur lært að líta á allt sem þrautir  
svo jafnvel gleðin er þér engin gleði.  
– Því yndi lífsins, það er sorg sem dregur  
á talar þá er trúa. Allt sem skeði  
það tekur á sig myndir, líkt og vegur  
tilverunnar væri villubrautir.

Það aðeins er af ákvörðunarleysi  
að líf þitt ei þú stytir. Allar stundir  
ert þú á flótta undan öllu og engu.  
Þú reynir lífi að una á allar lundir,  
en öfundar samt þá er friðinn fengu.  
Þú þráir höll; þú þráir líka hreysi.

(26.4.43)

## Ókunnugur

Eg aleinn heima sit. Mín sál er þreytt.  
Og svefninn getur enga náð mér veitt.  
Svo lít eg út um litla gluggann minn  
en litla gleði finn.

Og upp eg stend og út á götu geng.  
Þar gömul kona skammar lítinn dreng;  
og heldri frú með hund í bandi fer  
og hraðar sér.

Eg geng án takmarks áfram oní bæ  
í Austurstræti mæti eg kannski Æ.  
En Æ sést hvergi. Enginn þekkir mig.  
Hver einn á nóg með sig.

Jafn einmana eg aftur fer svo heim.  
Í einrúmið eg flý í burt frá þeim,  
sem áður hafði eg þráð. Og það er sorg  
að þekkja enga sál í stórri borg.

Eg finn að eg er einn. Og helst eg held  
að hamingja mín sé í ánauð seld.  
Því mér finnst dauðinn skapa þrældóm þann  
— — að þekkja engan mann.

(Kvæðið er ort kl. 2 f.h. 27.4.43. Æ = einhver.)

## Heimsósómi

Hóstandi skáldið gengur eftir götu  
í gallosíum. Það er komið haust.  
Það rignir eins og hellt sé hlandi úr fötu.  
Eg held það ætli að rigna endalaust.  
Pollarnir flæða yfir steinlögð stræti  
og strákar rífa kjaft við hverjar dyr  
og út úr sjoppum heyrast hark og læti  
hvernig endar þetta allt? Ég spyr.

Ameríkanar upp í glugga mæna  
og ungar þíur ganga suðrað tjörn.  
Þær þekkja sumar svarta hvíta og græna  
sjóliða og eiga með þeim börn.  
En montinn gægist máninn undan skýi  
og mikið held eg að hann sjái vel.  
Löngum er hann á landafylleríi  
á labbi suðrí Konstantínópel.

Svo kemur þessi kaldi Íshafsvetur  
sem kaffærir alla bragga því er ver,  
svo mörg ein sveitagriðkan ekki getur  
gengið þangað til að liggja ber.

En Ameríkanar eru á við fíla  
og Ameríkanar geta framkvæmt allt.  
Og Ameríkanar eiga lúxusbíla  
svo íslenskum stúlkum verður ekki kalt.



Og ýmsar eru í offiscierabransa  
og aðrar halda trúss við hvern og einn.  
Þær kunna allvel bæði að drekka og dansa  
og digga líka svo hann verði beinn.  
Ja, hvað skyldi hann Krukkur okkar segja  
ef kominn væri uppúr sinni mold?  
Ætl' ann héld' ekki að við myndum deyja  
og útmást hér af vorri kæru fold?

(26.5. 43)

## Kveðið í bergi

### Motto:

Í kofann mátti hver sem var  
koma til mín.  
Þeir fengu gull og gersemar  
og gimsteinaskrín.  
En nú er arineldurinn dauður.

### I.

Fossinn dunar. Fossinn dunar.  
Bergið stynur. Bergið stynur.  
Árin líða. Aldir líða.  
Í berginu má eg bíða. – –  
Heyri eg utan hamraveggja  
hlátur, hlátur.  
Í söllum mínum ríkir reiðigrátur. Grátur – –  
Horfinn er mér lækur. Horfin er mér rós.

### II.

Lítill drengur, leiktu þér.  
Leik þér meðan dagur er.  
Bráðum nóttin nálgast fer,  
og napur kemur vetur.  
Les eg klakans letur,  
sem lesið enginn getur,  
utan þeir sem einir búa  
og engum guðum trúa.

Lítill drengur, leiktu þér

leiktu þér við hlið mér.  
Horfðu upp í hamarinn  
en hræðstu mig ei.  
Bráðum hnígur haustið að;  
hallar sumri óðum.  
Aleinn dvel eg í þeim stað,  
hvar eldur fær ei brunnið.  
Ekkert get eg utan það,  
sem Örlygur mig forðum bað:  
gullið, – gullið spunnið.  
Öldum saman einn eg hefi spunnið.  
Enginn ylur. Ekkert ljós.  
Horfinn lækur. Horfin rós.

En framhjá hefur fossinn runnið. ---  
Framhjá hefur fossinn sífellt runnið. ---

### III.

Þú spyrð mig hver eg sé og eg svara þér:  
Eg er litli sveinninn, sem braut sitt gæfugler.

Forðum átti eg fagurt land,  
fjársjóði<sup>35</sup>

---

<sup>35</sup> „Lengra er kvæði ekki komið og tæpast hálfnað, er eg hætti við það, sökum kulda í tjaldi mínu. Eg orti allt kvæðið, sem af því er komið, í vegavinnumannatjöldum skammt frá Grænumýrartungu í Hrótafirði, seinni part september 1943, utan mottóið, sem varð til á eyrunum sunnan við Fornahvamm í Norðurárdal, og gaf mér tilefni til þess að yrkja kvæðið, – og hugmyndina í það. Á kvæðinu byrjaði ég 19. sept. 1943.”

## Sonetta förumannsins

Heim sný eg aftur, heillaður af þér, –  
hugur minn dvelur enn á gömlum slóðum, –  
landið mitt, þar sem úngur undi eg mér.  
Ennþá er líf í fornum minjaglóðum.

Þótt siglt eg hafi um heimsins víðan ver,  
vitkast í hug og starfi af öðrum þjóðum,  
hefi eg ekkert lært, sem æðra er  
en auðvelt er að finna í þínum sjóðum.

Andi þinn er minn auður hvar eg fer  
og innihald í mínum fáu ljóðum.  
Það er svo fátt, sem unaðsemdir lér,  
útlendum förumanni vegamóðum.

En hér er margt, sem háfblint auga ei sér.  
Heim sný eg aftur. – Dimma tekur óðum.<sup>36</sup>

---

<sup>36</sup> Ort í vegavinnu sumarið 1943. „Ef til vill er þetta táknrænt kvæði um leitandi sál, sem finnst hún vera útlendur förumaður í ókunnugu landi, en sem þráir hallir og óskaland æsku sinnar, landið, sem aldrei var til.“

## Stríð

Í útlandinu fellur maður til moldar  
og móðir hans er brennd inni í kofa sínum.  
Systir hans er kölluð í kvennaherdeild,  
kona hans fær ekki svar við örfáum línum.

Lík hans rotnar við hita hækkandi sólar.  
Til hliðar hvílir óvinur hans í sárum.  
Hver hugsar um rotinn náinn og nauðstaddan fjandmann  
sem neyðist til að liggja í blóði og tárur?

Það skyggir. Í fjarska er glampi af brennandi borgum.  
Bálkestir loga í hryllingi válegrar nætur.  
Einmana hús í eyði og tómleik standa.  
Úti á tröppum er lítil stúlka sem grætur.

Í fjarlægum landi sitja refir að ráðum,  
Ríkið er þeirra, mátturinn og dýrðin.  
En þegnanna fjöldi, hann er aumastur allra,  
og einkenni hans er fátæktin og rýrðin.

Því ýmsir ráða með því að sitja og segja  
sínum mönnum að ganga á hólmi til að deyja.

(12.7.43)



*Hagalinn.*

Smáfuglar þegja í skóginum  
bíð þú aðeins, bráðum  
hvílist einnig þú.

E. M.

## Fullveldiskvæði

Á göngu minni gekk ég fram á mann,  
sem ferðalúinn hrasað hafði á veginn,  
með böðuls vendi verið tíðum sleginn.  
Slitinna fjötra minjar hafði hann.

Með sárum róm um svaladrykk hann bað.  
Deyjandi manna kvabb ég þekkti – og þagði.  
Hann brostnum augum á mig leit og sagði:  
„Hvert ertu' að fara? – Hvaðan ber þig að?  
— — —

Svaraðu ekki, því ég veit það, vinur.  
Þú ert á sömu götu og ég hef gengið,  
og leitar þess, sem ég hef aldrei fengið. — —  
— — En borgin fagra í hillingu hrynur."

Ég yppti öxlum, svaraði og sagði:  
„Mig heimsálfurnar herra sinn nú kalla, —  
ég kom og sá og sigraði þar alla.  
Óvinafjölda eg að velli lagði."  
— — —

Ég þykist mikill; það fer naumast hjá því.  
Og oddbrotin er andstæðingsins vigur,  
takmarki náð, — og unninn sætur sigur —  
— Eða er ég kannski ekki búinn að ná því?

## Morgunn

Bærist varla blað fyrir vindinum.  
Bráðum skín sólin á tindinum.

--

Þá stekk ég á bak á stolnum hesti  
með steinbítisríkling í nesti.  
– Skyldi nokkur fagna svo fátækum gesti?

En handan við fjöllin er hafið blátt;  
það hefur undramátt.

Og þangað er ferð minni fyrst um sinn heitið.

Þar finnið þið mig, ef þið leitið.

(21.6.44)



## Minningar

Fram eftir dalnum fór ég oft á hesti,  
fjöllin til vesturs byrgði þokan gráa,  
reifaði dökkum slæðum hnjúkinn háa,  
heim var þá gott að koma að loknu verki  
og þiggja hvíld á þessum dalabæ.  
Mig heillar enn sá undramáttur sterki  
að eiga kost á því sem nú ég fæ:  
aftur að lifa liðin bernskuár  
langt frá þeim gný sem skáldsins huga ærir  
en hvorki yl né unað sálu færir.

(31.7.44)

## Skrifað með blýanti

Mikið talaði maðurinn,  
mátti fólk við una.  
Freyddi orðaflaumurinn  
fólks yfir þyrpinguna.  
Talaði hann um trú á guð,  
tryggð og hreysti í æðum.  
Og launin: yndis alfögnuð  
að eilífu – á hæðum.  
Svinnum þótti svona nóg  
um sálargáfnasmérið  
og hefðu víst arkað inn í skóg  
– ef hann hefði þar verið.

(31.7.44)

## Skáldastælingar 1-6 <sup>37</sup>

Elías Mar stællir Þórberg Þórðarson:

Vísu orti vitur maður  
vitur maður fyrir löngu  
fyrir löngu fór sá maður  
forsómaður út til Möngu.

Út til Möngu aldrei fór hann  
aldrei fór hann þó í kaffið  
þó í kaffið þreyttur færi ann  
þreyttur færi ann ei í straffið.

Ei í straffið eitt sinn fór ann  
eitt sinn fór ann samt að gráta  
samt að gráta sást hann ekki  
sást hann ekki af réttu láta.

Réttu láta.

E. M. stællir H. K. L.:

Vöggupula

---

<sup>37</sup> Ortar á skrifstofu Alþýðublaðsins við Hverfisgötu síðdegis sumarið 1944 er þeir Elías og Hannes Sigfússon reyndu með sér þar um ljóðastælingar. Elías var starfsmaður blaðsins um tíma á því ári.

Sofðu litla sóllilja,  
sofðu kæra sóllilja,  
ég skal sitja, sóllilja  
sæng þinni hjá.  
Vertu hugrökk, sóllilja  
veg að manni, sóllilja  
þá mun Zarinn, sóllilja  
sitja þér hjá.

Hringja bjöllur,  
margar bjöllur,  
stórar bjöllur,  
hvítar bjöllur.

Sjá!

Svo kemur morgunn  
svo fer morgunn  
og næsti morgunn  
og þarnæsti morgunn.  
Það er morgunninn minn  
og þinn.

Sofðu litla sóllilja,  
sofðu kæra sóllilja,  
ég skal sitja, sóllilja,  
sumum öðrum hjá,  
mörgum öðrum hjá,  
eða engum hjá  
einsog brjáláður sjúklingur í Mexíkó.

ef þú vilt  
ef Þú vilt.

E. M. stælir Einar Benediktsson:

Sjá bjargsins skugga drekkja dularveldi  
þess dags er var og áar vorir gistu.  
Nú litur vorsins skryðir blóm og björk  
nú blundar moldarafl með guðsins veldi  
og bíður þess, er beizlar mögnin fyrstu.

E. M. stælir Tómas Guðmundsson:

Nú safírbláar öldurnar dýrðardansinn stíga  
og dætur okkar bæjar þær fá sér nýja kjóla,  
en bráðum fara vesalings börnin að fara í skóla  
til að búa sig undir að falla eins og greifinn Mar de Rigat.

Og sífelld dofna fjörið í félagsskapnum okkar,  
við finnumst ekki lengur á menntaskólatröppum.  
En sumir okkar bisa við að hneppa gylltum hnöppum  
meðan hamingjan flýr aðra, sem engin stjarna lokkar.

E.M. stælir Bjarna Thorarensen:

Skepnan stynur  
und stóru fargi.  
Stritar bóndi við bú.  
Leikur lélegur  
að láni annars;  
veldur vinnanda böli.

Enginn ámæli  
þeim er ekkert veit  
hann er mörgum meiri.  
Vissi einn margt,  
minna gerði  
en sá er ekkert vissi.

E.M stælir Stein Steinar<sup>38</sup>:

Ljóð

I  
tíminn  
leggur hvítar hendur sínar  
yfir regngljáðan veginn

og vegurinn smýgur  
út úr höndum tímans  
eins og blásvartir fiskar  
í glæru vatni

og einfættir dagar  
hinna fjarvíddarlausu drauma  
koma hlæjandi  
út úr hafsaltri rigningu  
eilífðarinnar

og tíminn stendur kyrr  
meðan vegurinn rennur  
út úr höndum hans

---

<sup>38</sup> Yngri en valin hér staður með hinum eldri stælingum.

í tvær gagnstæðar áttir

II

undir kringlóttum himni  
með gulhvítri stjörnu  
geng ég einsamall  
í gegnum nóttina

og jörðin er full af myrkri  
sem snýst í hringi  
eins og mylluhjól

og jörðin stendur kyrr  
inni í hringstreymi sínu  
og himinninn sökkvir  
stjörnu sinni  
eins og bjúgmyndaðri perlu  
í vatn myrkursins

og stjarnan og ég  
göngum þögul og undrandi  
hvort fram hjá öðru  
í gegnum nóttina.



Eina nótt við Efstasund  
unir drótt við ljóð og vín,  
meðan hljótt um haf og grund  
heiðrar óttu máni skín.

E. M. (13.2.58)



## Að vakna

Maður getur vaknað  
til óræðilegrar þagnar,  
eða þá til slíks undurs  
að skynja sönginn heimanna.

Maður getur vaknað við þytinn  
í laufinu  
eða snerting mjúkra vara.  
Eins við kall hrópandans.  
Já, jafnvel þá  
getur maður vaknað.

## Vetrarmynd frá Íslandi

Hátt flýgur hrafninn yfir  
hvíttri öræfamjöll.  
Skuggaleg ský í vestri  
skyggja á Tindafjöll.

Ekki í hárrí heiði  
heyrir nú spræna tær.  
Blundar og bíður vorsins  
blómið, sem kól í gær.

(Kbh. 24. 8.46)

## Nótt og maður

Einmana vakti hann á hljóðri nóttu.  
– Hvorki var stjörnu að sjá né ljós í glugga, –  
því borgin hvíldi vær í vetrarskugga. –  
Þó vakti hann, þótt liði senn að óttu

og tærðri hendi helga dóma snerti, –  
hárlokk og nistisstein á þjáturskinni.  
Langt fjarri allri gleði heims og gríni  
hann glotti í veikan loga á rauðu kerti.

(24.3.46)

## Nóvembernótt

Ég steig örstutt hliðarspor  
og um leið hvarf mér eina stjarnan  
á næturhimninum,  
hvarf mér bakvið skorstein á húsinu fyrir handan,  
þúsundfalt stærri en jörðin.

## Til Steinunnar

Í framtíðinni mun ég minnst þín,  
muna þín dökku augu og hvíta hönd,  
og leynda brosið liljuruðra vara.  
Og hvert sem síðar liggur leiðin mín,  
unz lokadægur kallar skip að strönd,  
skal mynd þín ei úr mínum huga fara.

(Kh. 14.3.47)

## Ljóð

Einn,  
mjög einn,  
algjörlega einn,  
þó svo margt fólk  
allt í kring,  
þó svo mikið fólk  
fast í kring.  
Áframhaldandi einn.

(11.1.48)

## Tvö ljóð

Ennþá  
aðeins reykur af réttum,  
hið gamla inntak þjáningarsögu  
í nútíma,  
litauðugt töfraklæði  
sífelld annars manns  
en þín,

og draumurinn  
um ævintýrið,  
um lampann,  
um útlendið,  
um framtíðina,  
hvar er hann?

Hið ljósa man  
enn  
aðeins í bók,  
stöðugt  
hin fagra þérbannaða hljómlist  
í miklum fjarska,

allt  
áframhaldandi í fjarska.

(jan. og feb. 48)

## Að fagna sorginni

Ó, fagri hljómur, lands og lýða rök,  
mín löngun, von og trú í stórri neyð,  
þú mikla heimsins sorg í sölum guðs,  
hver sá þinn dag, hver skilur þína leið?

Endalaus þar sem auðnin ríkir stór,  
áttlaus og bljúg í þögn og grafarró,  
þar býr þú hvílu barni þreyttu í neyð,  
þar býður þú mér sæla hvíld og fró.

(15.10.48)





Jón Ólafur.

Brjósthol mitt, það brennur,  
lungu mín og hjarta brenna,  
níst viðnámslausri sárri kvól.  
Hlæið þið með mér vinir mínir.

E. M. (15.12.63)

Allt er í, hlynr hjalta,  
haunk, því værrom blankir,  
ganga af, gjörumsk svangir,  
göflum, svik eru í tafli,  
ölr firðar (en fölar  
flennur traðir renna);  
býður eynd ið æra  
ár, því verðum fáir.

(Ort í París 9-10.1.50)

Þú varst aldrei einn, nei, þú varst fjöldi.  
Í vitund þinni hófust hundrað raddir.  
Þær hrópuðu, þær grétu og þær hlógu.  
Af eldiviðnum féll fræ í þína sál.  
Það brenndi sig til kjarnans. Það varð líf þitt.  
Ó, að ég gæti tjáð þig í fáum orðum –  
barn hinnar sjúku aldar.

(15.11.51.)


## Til eru fljóð

Til eru fljóð, sem fengu þennan dóm  
að falla í hór, líkt Messalínu í Róm;  
fljóð sem að beiða daginn út og inn  
og allar nætur hugsa um titlinginn.

Til eru konur kvensamari en menn  
og konur sem að girnast sexin tvenn.  
Svo eru þær, sem orgasm aldrei fá,  
þótt allt sé reynt og gert sem verða má.

Fjölmargar dýrka Ónan alla stund  
og exhibera sig á alla lund.  
Loks eru þær, sem þekkja enga frygð  
en þorna að lokum upp, úr tómrí dyggð.

(16.12.57.)



Basqu,  
talinuðu af E. M. 5-8-1997

## Niðurstaða

Í hvert sinn sem ég kveð vini mína  
veit ég við sjáumst aldrei framar.

Ef ég skyldi hitta þá aftur  
eru þeir ekki að öllu leyti þeir sömu  
og ég ekki heldur.  
Því veldur snúningur jarðar  
og okkar.

## Piltungsríma

Afmorsvísu ungri skvísu yrkja þráði,  
en andinn villtist – ólmu geði  
ungum pilt ég kveða réði.

Við dagsmál öðrum flestum fremri,  
hann feikna löðrung gaf af kæti,  
að völlum Möðru skírni hlaut skemmri,  
á skellinöðru þaut um stræti.

Froðusnakk og fjas og trega  
forðast piltur sá að hugsa´ um,  
skeiðar frakkur léttilega  
í leðurjakka og þröngum buxum.

## Eros

Eros við höfum barist  
um bjartar og dimmar nætur.  
Þú ert óvæginn og grimmur.

Í nótt voru vopnin mín týnd  
og ég lá varnarlaus.

Í nótt var fegurð mín sjúk og sigruð  
og þú brostir sælt.

Eros  
hatur mitt  
er ekki hatur.

Og brátt mun þinn sigursöngur duna  
í ungu blóði mínu.

## At the saloon

Amidst her warm adorers  
stood cool Anita Iceberg  
young and beautiful by formula.

And in he came, the he-man,  
shining in his great splendour,  
like a huge Titanic  
aiming for destiny.

(22.9.57)



## Ljóð

Ó, hve ég vildi mega dýrka íslenska flugu.  
Ó, hve ég vildi mega dýrka stíl hennar  
aðeins ef ég héldi það þýddi nokkuð  
ef ég héldi það dygði eitthvað.

Ég myndi jafnvel kvænast  
tíl að vera góður borgari.  
Ég myndi hafa öll spjót úti  
tíl að verða  
viðurkenndur rithöfundur.

Og loks  
myndi ég fá Verðlaun.  
Ó, hve gaman!

Aðeins ef ég mætti;  
aðeins ef ég mætti.

(Á páskadagsmorgun 1958)

## Hrollvekja í gömlum stíl

Yrkja skáldin ung – af hörku –  
atómljóð svoað hneykslast þjóðin.  
Stundar æskan hreif og hyskin  
húladans í skemmtibúlum.  
Glymja sköll þá fantar fremja  
fíflalæti í Austurstræti.  
Hvar mun enda? – Hvort mun landinn  
hverfa frá slíku, áður lýkur?

(Í des.59)

## Ljóð

Nú er í Sovét brotið blað.  
Bölvun Stalíns er útskúfað,  
en verkið Krústjoffs vegsamað.  
Veröldin öll það heyri.  
Teflt er einatt á tæpast vað  
í túlkun marxisma – nema hvað ... –  
Áfram lifa mun líéglað  
og látask öllum meiri.

Steinsofnar fólk í Stalíngrað  
(sturtu – tekur sér daglegt bað)  
en vaknar upp í Volgógrað,  
verandi þó á sama stað.

Óskandi væri menn vildu, að  
vagn sinn með stilling keyri.  
Annars fer líkt og Krukkur kvað,  
– kjarnorkusprengrja tætir það  
sem alþýða hefur afrekað  
svo út spratt sveiti og dreyri.

Hef ég svo ekki orð mín þar um fleiri.

(11.11.61)

## Kvæði ort á Krít


Erlendur geng eg götum þínum á,  
(gljáfægðir skór og svartur vetrarhattur  
parlamentssvipinn bera bezt með sér)  
stórlátur eins og státinn Amríkani, –  
stelpurnar blikka flestar, sei – sei – já;  
og energiskur æ á þveitingsspani

margur ei gjörist nú jafn borubrattur  
blíður á mann og státinn hér á Krít  
(framan í allan fjöldan jafnan lít  
eins og það sé nú allur heili vandinn)  
eða sem fiflið grettir sig og skælir  
og virðir engan; beiskju galli blandinn

drekk margan drykk á sóðalegum sjoppum  
með syfjulegum manni austurlenskum,  
okrara, ljótum, kjöftugum og kvennskum,  
á kaldri nóttu hálfum mána undir,  
þá hýenan í holti sáran vælir;  
og ekkert veit um heiminn utan hér

hvar lífið sjálft og ævintýrin eiga  
sitt upphaf og sín lok sem jafnan fyr  
og skrifað stendur skræðum gömlum í;  
skemmta mér stúlkur híum í og hoppum  
og hæjum í og pískri útvið dyr;  
og þannig líða stuttar kveldsins stundir

unz stend eg upp og kveð minn veika bróður  
(því eg vil reynast öllum mönnum góður)  
og út á götu fer með kurt og pí,  
sæll eins og þeir, er sjálfumnógir mega  
sællífið prófa líkt og nú eg geri, –  
eg, sem í lífi og dauða gagn þér geri.



Sinnar hinar þellagás.  
C. H. H. H. 1. apríl 1954.

## Steinn

Lágur til hnés  
hærri í andanum

stundum

starði fram opineygur  
í óræðri spurn  
alltaf.

Þetta prímsignda skáld  
með mikið enni  
og mógult hár.



Í ágúst 1961 fékk Elías bréf frá listmálaranum Jóhannesi Kjarval og orti af því tilefni *Kvæðið um Dreng* sem hér fylgir. Bréf meistara Kjarvals er svona óstytt og í einu og öllu samkvæmt frágangi bréfritarans:

Hvammi  
Í Fjallfaðmi  
Hjaltastaðapínghá

Ágúst :s  
1961

skáld og þjóðréttarfræðingur

og samtíðar grunnskoðandi = og aleini réttlætisdóms — — samtíðar útsortunar skáld = Þar á eg við Sóleyjarsögu (En í gömlum hugvekjum munu vera prentuð slík orð: — — — Gakk þú ekki í rjettlætisdóm við oss = Þetta mun vera kvak mannkindarinnar til Drottins = sagt beint úr pökanum mannsins barna til æðra valds —

Kæri vinur Herra Elías Mar = Eg þaut yfir hjer á Hjeraði samtal þitt Í tímanum = og þótti það vera besta og Íhófstílltasta tal er eg minnst hafa sjeð skálds rithöfundar og blaðamanns. Þú átt til stórra að telja góði vinur. = Þar finnast umbótamenn ræligionsfrömuðir skólamenn — og gáfaðir lærdómsmenn = af þeim stofni á skáld ervitt að sigla milli skers og báru þó gnógar séu gáfurnar = og þó = : Hversu miklu fremur mundi ekki því genýggi hægra að leika sjer með náttúruöflunum = en þeim er minna eiga Í pukahorni. Myndin Í blaðinu af þjer er framúrskarandi þó hún sje ekki með svip vanalegs humör = nærri átakanleg umhyggja og ábyrgðartilfinningu speglar myndin

Þetta brjef hefur það við sig framyfir brjef til Ragnars – og Thor Vilhjálmssonar – að þeirra bréf eru á umbúðarpappír. Vissi eg ekki þá er eg ritaði að slíkur pappír og þessi væri til hjer í minum Einsetukofa =. Sannast enn að margur er ríkari en um veit – og þá afsaka eg þetta – Marri minn! en þakka þjer svo margt og drengilega vináttu

Í lífsins straumi

Heill þjer og blessunarorð  
yðar og þinn

S

Jóhannes Kjarval

S

JóhSveinsson Kjarval

musikus                    Herra fagurfræðingur  
musikus                    listamaður    Elías Mar

## Kvæðið um Dreng

Fjallið sem ég framhjá geng  
fær mig til að hugsa' um Dreng,  
þann sem lagði land und fót,  
leitaði með hýrleiks hót  
að fegurðinni – og fann hana  
þótt flestir vildu bann' hana.  
Þann Dreng átti þjóðin  
og þeim Dreng söng hún ljóðin.  
Það var hennar heillabarn,  
hýreygur og viskugjarn  
og átti landið – landið hann.  
Lítil þjóð sinn ástmög fann.  
Aldrei getur eyjuna dreymt um  
annan betri mann.



Honum var kunnur himinn og jörð,  
húmið og ljósið dæmigjörð.  
Sigldi hann þveran furðufjörð  
í fjólubláu ljósi,  
þangað sem runnu rauðelfur að ósi.

Bar hann upp á bratta strönd,  
blöstu við honum ókunn lönd,  
mann dómsraunir og meinin vönd  
en það mátt hann ekki saka.  
Engu tókst þann ágæta Dreng að saka.

Þar var kot, og þar var höll,  
þar var grátur og hlátrasköll  
og víðar sléttur og furðufjöll,  
frýnidvergar og regintröll,  
harðast grjót og mjúkust mjöll  
og meyjavalið nóga.  
Þar var mjöll og meyjavalið nóga.  
Og við skulum segja: gull og grænir skógar.

Harpan söng, og hennar slátt  
heyrði Drengur og fagnaði dátt.  
Honum lét vel að túlka á traf.  
Torráður honum þá gáfu gaf.  
Torráður honum margar beztu gjafir gaf.

Alltaf var Drengur samur við sig.  
Sá hann fram á villustig  
og veraldarbrögðin voðalig  
– en vendi að þeim baki.  
Hann vissi það allt

og vendi að því baki.

Auðnurík var öll hans för  
allt frá því 'ann hélt úr vör,  
farsæl hönd og furðu snör  
fram til loka.  
Aldinn hafði hann engu gleymt  
sem unga sveininn hafði dreymt.  
Hjálpaði drýgst sem hafði hann geymt  
í horninu á poka.  
Í horninu á sínum furðuferða poka ...

(1.9.61)

## Niðurlag sálms á sjöviknaföstu 1971

Margur hófleysi haldinn er  
hart þótt skattarnir þíni,  
heimsins lystisemd leyfir sér  
léttúð holds með og gríni,  
áfengi, hass og LSD  
alla tíð gróft upp-svelgjandi,  
nærist á níkótíni.

Af þessu, sál mín, sjá þú mátt:  
sumir sig títt frílysta,  
í veraldardýrð sér hossa hátt,  
hórkassa Mammons gista,  
aftur forþenkja ekki þar  
í hönd farandi kosningar  
né frómt við hugann festa.

Forðastu því að draga dóm  
dárans, hver fýsn er lamin,  
skeyt ei um djöfuls konst eður klám  
né komma-áróður framinn;  
virð ei slíkt spilverk hætis-hót,  
en hljóttu líkams og sálar bót  
við imbakassann. Amen.

## Sólótaut Svarthöfða

Vegir liggja til allra átta  
ósköp líkt og var.  
En hugur eigrar utangátta,  
ekkert finnur svar.  
Því áður var oft fútt og fjör  
Framsóknar- í blænum.  
Þá voru hjörtun ung og ör  
og Íhaldið réði bænum.

Vegir liggja til ýmsra átta  
enn sem forðum tíð.  
En mörg er þrautin þungra náttu  
og þrálátt komma-stríð.  
Nú bíð ég þess að borgar-íhalds  
bleikur draugur rísi  
og dunda mér við dónaskrif  
hjá Dagblaðinu og Vísi.

Allir kostir góðir

Vini á í Washington,  
verndar friðinn lon og don,  
fórnar öllu í elektion,  
Ástþór Wium Magnússon.

Kvennalistakona hrein,  
kunnug læknis fræðigreim,  
Guðrún Agnars gæti ein  
grætt öll lands og þjóðar mein.

Þó að lengi leitað sé  
langs og þvers um jarðríke  
fár mun gerast Gunnu P.  
girnilegri forsete.

Eftir Gallup yfrið pent  
almættið nú hefur sent  
Íslendingum óforþént  
Ólaf Ragnar president.


Þeir sem vilja völd óbein  
vammlauss manns, helzt ekki nein,  
en tignin sitji eftir ein  
exa Pétur K. Hafstein.

## Upphaf frímerkjadellunnar

Stórmerkir menn að sumbli sátu  
Sigurður Mar og Elías;  
drukku báðir sem best þeir gátu,  
bættu í strax þá tæmdist glas.  
Umræðan sama alla stund  
og útkoman varð á þessa lund:  
Frímerkjasöfnun frjáls skal dafna.  
Frímerki göfga huga og sál.  
Frímerkjum ætti fólk að safna,  
frímerkja læra tæknimál.  
– Frímerkjadellu fengu þeir,  
frímerkilegir báðir tveir.

## X-mas

Í borginni Bor de a ux  
er bardóða, þekkt fyrir slux,  
sem er heit af að hux' um  
– og helzt á þeim buxum –  
að hefja sig bráðum til flux.



Hallgrímur Kíjani.

Allt hvað er fagurt hér í heimi  
handverk Drottins er,  
hið minnsta dýr og hið mesta af þeim  
um mátt hans vitni ber.

E.M.



Ég hef aldrei skammast mín eins

Hálfblindur gamlingi  
las upp úr bók  
ljóð eftir sjálfan mig  
og hökti á því lengi,  
fór með það tvisvar,  
jafnvel þrisvar.

Og eftir því sem hann las ljóðið oftar  
heyrði ég betur að það sem hann las  
var alls ekki hið víðkunna ljóð mitt  
sem næstum öll þjóðin þekkir  
og sumir hafa lært utan að,

heldur allt annað ljóð og  
stórum betra en það sem ég hef hingað til ort  
eða mun eiga eftir að yrkja.

Ég fyrirvarð mig, gerði enga athugasemd,  
en þakkaði fullkominn lestur.

Því miður hafði ég ekki vit á því  
að læra ljóðið  
til að birta það í næstu bók minni.

Og sá gamli,  
nú er hann dauður.

## Þjóðviljapula

Kátt er á árshátíð, kemur hún senn  
– þá munu upp líta Þjóðviljamenn,  
upp munu þeir líta og inn ganga í sal  
kúfaðir frá Eiði með kapítal,  
kúfaðir frá Eiði með krónum fyrir sjúss  
og lausir við búraunir og blaðamenskustúss.  
Eitilharðan liðsafnað líta þar má:  
Runólf og Skúla og ritstjórana þrjá,  
Runólf og Skúla sem skálma inn fyrst,  
en brátt fyllist salurinn innst og yst.  
Salurinn fyllist og svo er boðið vín,  
þyrstur gerist margur, og það er ekkert grín.  
Þyrstur gerist margur eftir margra daga hlé,  
krækir sér í mjöðinn þótt kosti hann fé.  
Ási grípur flösku sína og drekkur einn – tvo – dræ,  
„Komdu sæll og blessaður," segir hann æ,  
„komdu sæll og blessaður, ég kannast við þig,  
aldrei hef ég efast um þú elskir mig."  
„Aldrei hef ég afneitað áfengi né bjór,"  
heyrst þá kveða Haraldsson Jón Thór.  
Heyrist þá margur kveða miðinum lof  
og segja honum skilin gerð aldrei um of.  
Glösin og pyttlurnar ganga svo um kring,  
gaman er að koma á svoddan þing.

Liðið er á nóttina og ljóst af degi orðið.  
Enn sitja þó hraustir menn við öldrykkjuborðið.  
Þar situr hann Úlfur og ansar um sinn:  
„Þú þarna, skutilssveinn, skálmaðu nú inn,

skálmaðu hingað og skenktu hjá mér  
– nú er uppi vínið, og voðalega fer."  
„Nú – er uppi vínið? En ráð er við því,  
ég skal strax í skál þína skenkja á ný."

Allir upp þá líta og undra það mest  
að út á miðju gólfi sjá þeir heljarstóran hest.  
Út á miðju gólfi þeir og átján froska sjá  
og fer nú ekki sumum senn að lítast á.  
Var hér komið afturgengið happadrættis-hross  
og átjánfaldur skákfroskur<sup>39</sup> að skemmta oss?

Nei, delerium tremens var tekið við  
eftir allt déskotans óhófið.

---

<sup>39</sup> Verðlaunaveiting starfsmanna Þjóðviljans fyrir lakastan árangur á skákmótum taflfélags þeirra.

## Aðfangadagskvöld jóla 1983

Ég reis úr hásæti mínu,  
gekk bljúgur fram að glugga  
í bæn um þann frið  
sem grundvallast á lífi  
en ekki dauða.

Ég kveikti á kerti að vestan  
með kyndli að austan.

Ég er enn að horfa í þetta ljós.

## Ari og Íra

Sá lúsiðni Ari munkur  
færði í bók langa tölu  
um landnám Noregsmanna á eyjunni hér norðurfrá  
biskupum órum Þorláki og Katli  
til þóknunar.

Fyrir þetta fékk hann hrós  
verðugt sögðu ýmsir afkomendur meintra landnámsmanna norskra.  
Sumar höfðingjaættir  
máttu vart vatni halda af feginleik og monti  
af því að vera út af bjartleitum Noregsmönnum að vestan  
en ekki svartleitum og rauðhærðum Vestmönnum  
þæla ættar og smákónga.  
En ýmsir þóttust vita betur þótt ekki væri mjög á þá hlustað.  
Einn var Íra kerling, nú vel tíræð orðin og tannlaus,  
áður veflistarkona, en nú löngu blind orðin.  
Hún sinnti enn horaraumingjum í útihúsum höfuðbólsins  
og þreifaði sig áfram með guðshjálp og suðureyskri þrjósku.  
Íra gamla var sífellt með guðsorð á vör  
en átti þó til að bölvast,  
einkum nú upp á síðkastið,  
þegar lærdómsþjóðin stóð einum huga að því að kalla Ara munk  
Ara hinn fróða.  
Fróður má hann vera,  
sagði hún,

en það sem hann letrar er lygi. Það er bölvæð draumarugl og  
ranamosk og gegn betri vitund gert.  
En hún vissi manna best að Ara var óhætt. Þeir sem gerst vissu hvað  
missagt var í fræðum þess manns  
höfðu síst bolmagn til að andæfa honum.  
Íslendingabók hans í letur færð hlaut að lifa þá kynslóð sem nú var að  
deyja út með þekkingu sinni.  
Lygar og ranamosk, sagði Íra gamla, og þráði það að hún væri ung  
orðin og ætti sér pergament, fjöðurstaf og blek.  
En hún átti ekki nein ritföng og ekki annað skinn en þá næfra sem hún  
reyrði um fætur sér. Og svo hafði hún aldrei lært á bók að lesa né  
heldur leturgerð.  
Fremur en aðrar konur.  
Já, hún heyrðist bölvæ stundum þótt guðhrædd væri.  
Og þá skyrpti hún oft í eldsglæðurnar á kvöldin  
en fórst það óhönduglega,  
því hún var mjög innmynt orðin  
fyrir tannleysis sakir.

---

## Spádómaþankar á nýbyrjuðu ári

Með vísdomsræðu VÞG okkar Pax  
í veganesti mjakast tíminn úr sporum.  
Vér áttum oss naumast. – Að árið sé byrjað strax  
er ógnandi staðreynd hefðbundnum þanka vorum.  
Því gaman það væri – og gagnlegt jafnvel um leið –  
að geta stöðvað tímann á framrás sinni  
og varpað frá sér ýmsri áhyggju og neyð  
og ótrufluð drukkið oss full í hvert annars minni.

En því er nú ekki að heilsa fremur en fyrr.  
Vér fögnum því árinu nýja af rótgrónum vana.  
Og margur er sá, sem spámenn og vitringa spyr  
nú spjörunum úr út í hvað við séum að gana  
í raun og veru. Og vitamál er svo það,  
að við þessu gefast ærið mörg svör og spakleg.  
Hitt er svo annað, hvort ánægð vér séum. En hvað?  
Án efa reynast þau sum hver hins besta makleg.


Hverju er svo spáð? Jú, að Malenkov missi völd  
og mr. Churchill taki að berja nestið.  
En margt getur svosum skeð á annarri eins öld,  
(athugið bræður það, og í hug ykkar festið)  
eins og til dæmis að upp kunni að blossa stríð

á atómvísu milli Sovéts og Kína,  
að ógleymdu því – sem er verra´ en hver vopnahríð –  
að Windsorhertoginn skilji við konuna sína!

Fullvíst er talið, að engum Evrópuher  
sé ástæða til að vera svosum að flíka.  
En Hekla mun gjósa í sumar. Og hver maður sér,  
hver sómi oss er gerður þar ytra – að nefna hana líka  
í sömu andrá sem heimsmál og heldri menn.  
Ja, hvort mun ei land vort og þjóð í frægðarátt stefna?  
Þeir sögðu, að bardagar blossuðu í Kóreu enn.  
(En – bæjarstjórn vora gleymist, því miður, að nefna.)

ATÓMAS (tækifærisskáld). 1955?





*Sigfus Jónsson*

Feginleiki fuglsins sem  
nemur land eftir  
langflug yfir úthaf.  
Orðlaust þakklæti  
gagnvart óskilgreindum guði.

E.M.

(Nafnlaust)

Þær raddir sem oss þrálátt berast að eyrum, hrollvekjandi,  
særandi,  
eins þótt vér biðjum griða: – ógnandi raddir  
tunglsjúkra valddýrkenda,  
taugaveiklaðra mammonsþræla, einnig þeirra sem elska og hata í  
senn,  
að ógleymdri Rödd Efans innra með oss sjálfum ...

skyldi þetta vera dómur vor, örlög vor, eða þá  
köllun vor? Að andæfa án árangurs? Að  
renna á þau hljóð, sem vér þráum hvað  
innilegast að flýja, já  
flýja – á vit miskunnarlausrar þagnar eða  
alls þess annars, sem forða má oss frá vitneskju um  
tilefnislausa  
reiði guða?

Ekki kunnum vér fávísir að gefa nein svör við þeim  
spurnum. Því að  
líf vort þekkjum vér ekki, né heldur skynjum  
í hverju tilgangur þess er fólgin, fremur en vér vitum  
af hverju vér urðum til. Það er sá beiski  
sannleikur, sem vér stöndum með öllu varnarlausir gegn.  
Mikils væri þó um vert, ef vér þó ekki væri nema stund og stund  
gætum lokað úti þær raddir og hlotið kærkominn frið, –  
að vér á stundum fengjum staðist gegn þeim í hljóðláttri,  
kvíðalausri ró,  
rétt eins og vér æðrulaust tökum hjali ómálga barns.

(Nafnlaust)

Ég minnst þess þegar þú gerðir boð á undan þér  
og kvaðst koma í býtið næsta morgun  
og hjónin í koti, þau Sveinn og Sigríður,  
helltu uppá og steiktu kleinur  
og hlökkudu til komu þinnar  
og biðu þín í hlaðvarpanum  
en urðu að láta sér það lynda  
að sjá þig þeysa framhjá eins og ótýndan dóna án þess  
svo mikið sem veifa í kveðjuskyni.  
Þú ert ekki enn farinn að biðjast afsökunar á þessu, góði.

Það er sagt þú sért óhemju hnýsinn  
og reynir að hafa nefið niðri hvers manns koppi  
ekki aðeins heimahjá þér  
heldur líka á öðrum bæjum.  
Má vera það sé satt, en þar er þér nokkur vorkunn  
því frá því fyrsta hafa menn verið að hnýsast um þig og bera  
þig hverskonar sökum,  
einkum þó heimilislíf þitt og fyrirætlanir,  
hvort þú hafir til dæmis fargað konunni þinni eigin hendi  
ellegar sért með ráðabrukk um að  
kála nágrannanum. Þetta getur gert menn hysteríska.  
Einnig er staðhæft þú hafir yfirleitt fullan hug á  
að ráðskast með aðra sem koma þér ekkert við,

jafnvel fólk í fjarlægum sveitum.  
Ég læt mig slíkt hjál litlu skipta  
á meðan þú reynir ekki að ráðskast  
með mig og mína.  
Mikið værirðu líka snjall  
ef þú létir okkur í friði og héldir þig fjarri okkar vötnum og  
lindum,  
því satt að segja sitjum við hér uppi með óboðinn gest,  
heimskan og hálf-vankaðan,  
sem við erum að reyna að losna við,  
og megum illa til þess hugsa  
að fá annan inn á gafl í hans stað  
en síður velkominn.

Ég ann þér alls þrifnaðar  
og grósku innanfrá.<sup>40</sup>

---

<sup>40</sup> Eftir því sem séð verður af rissi höfundar sem fylgir ljóðinu er tilvísunin á Nató og Bandaríkjaher.

Af hinnum kom sálin holdið í,  
hér heilluðu lystigarðar  
og saman við allt hún óx af því,  
hve allt sýndist ljúft sem var þar,  
en líkt sem eitt þreytu bugað bý  
nú bergir hún sora jarðar.

---

Enginn í heimi hlýtur  
hörmungar á við þær  
að enda einskis nýtur  
frá enni niður í tær.  
Lát skepnu þína þá  
finna með fúsu geði  
– þrátt fyrir allt sem skeði –  
hversu hún mikils má.

(31.12.87.)

## Gamlinginn

Eg læt þann eineyga eiga sig  
þar sem hann eigrar um  
eins og pendúll í útslitnu sigurverki  
og nennir ekki meir að líta til sólar  
en mænir oní jörðina  
þangað sem hann þráir að komast.

September  
október

Viskutöskurnar  
ólaðar aftan á litlum herðunum  
og dingla þar  
í takt við fótaborð hvers og eins  
troðnar af bókum pennum og  
einhverju nesti næringar  
til viðbúnings átakanna  
á komandi öld  
og taka mjög í hjá  
mörgu barninu.



Quinquannium  
(Fimmæra – dagbók í ljóðum)<sup>41</sup>

Bleking! Bleking! Hví hefur þú yfirgefið mig?  
Hví komstu til mín í líki hins fegursta  
og hvarfst mér út í auðnina, myrkrið, áttlausa  
veröld liðins tíma?

Hví fékk ég ekki haldið þér,  
notið líknar þinnar?  
sefandi róandi líknar?

Hví stend ég einn eftir?

Bleking! Bleking! Hví hefur þú yfirgefið mig?

4. ágúst 1958.

1.  
Manstu?  
Manstu sólríkan dag í suðrænu landi?  
Litríkir voru búningar þeirra sem stigu dans þjóðanna.

---

<sup>41</sup> . Bil við frágang og skipun orða í línur er hér í einu og öllu eins og í hinu handskrifaða frumriti höfundar að ljóðaflokknum.

Hljómpýðar voru raddirnar sem fögnuðu.  
Óttalaus var hlátur æskunnar á björtum degi;  
vonglöð augu hennar.  
Ég vissi þig í nánd.  
Og það var sama, hvert ég leit. Ég vissi þig í nánd.  
Litur búninganna hvarf mér sýn,  
þungi danssporanna barst mér ekki að eyrum,  
ekki heldur fagnandi raddir  
né óttalaus hlátur æskunnar;  
og vonglöð augu hennar leit ég ekki –  
því að þú varst í nánd.  
Augu þín. Svipur þinn. Og rödd þín, er ég  
heyrði þig segja: Mig þyrstir.  
Þá urðu okkar fyrstu orðaskipti.  
Sól hins suðræna lands hvarf mér.  
Þú varst hin eina sól.  
Ég þekkti þig ekki. Og þú þekktir ekki mig.  
En geislar þínir tendruðu hjá mér neistann;  
neista vonarinnar.

2.  
Í dag er himinninn hulinn skýjum.  
Sól vestursins hefur enn ekki rofið þykknið.  
Það er kvöld. Miður aftann.  
Vinar þíns er von.  
Á þessari stundu berst að eyrum mér ómurinn,  
ómurinn sem er vottur þess,  
að vinur þinn kemur ofar skýjum.  
Og enn er hann sólarmegin við þau.  
Senn verður hann hérna megin skýja.  
En einnig þá er hann sólarmegin.  
Því að þú ert hér.  
Og í dag, einmitt í dag,

fyrir fimm árum,  
þráði ég að njóta yls þeirrar sólar  
sem ert þú.

5. ágúst 1958.

1.

Parcul Cismigiu.

Höfgur meiður drúpir, bára hvíkar á vatni  
í kyrrð suðrænnar nætur.

Íslensk stúlka veitir mér ást sína

undir erlendum himni.

En ég þráði – þig.

Og sakleysið í mynd útlendrar stúlku brún-  
eygðrar – það sveik ég.

Nafn hennar: Kleópatra. Hvílík andstæða!

Ég sveik loforð mitt, kom ekki til fundar við  
hana um kvöldið; leyndist; þráði þig.

Hvar varst þú þá stund?

Jú, aftur hnýttu örlögin leið okkar saman –  
í fjarlægum borgarhluta, þar sem ég var aleinn  
innan um þúsundir  
sá ég hvar þú varst. Ég vissi, að einnig þú  
sást mig.

Við vorum nálægir hvor öðrum

innan um þúsundir.

En við þekktumst ekki.

Og rödd þína heyrði ég ekki.

Stjörnuþjartur himinn hvelfdist yfir útífagnaði þjóðanna.

En ég vissi aðeins eina stjörnu.

2.

Í nótt sá ég vin þinn.

Þú komst með hann til mín, og hann kyssti  
á hönd þína svo ég sá.  
Mér fannst ég ekki vera nærri.  
Mér fannst ég ekki vera.  
Hjarta mitt sló ekki örur,  
og það stanzaði ekki að heldur.  
Mér fannst ég sjá tvo ókunna menn  
– eða reyndi ég það aðeins?  
Við blótuðum guð gleyskunnar.  
Þó mundi ég allt betur en nokkru sinni fyrr.  
Undir morgun hurfuð þið  
í skjól frá heiminum,  
til fundar einrúmsins,  
tveir menn,  
einn maður.

Það var enginn eftir í herberginu.  
Því, hafi einhver verið eftir,  
þá var sá hinn sami ekki til.

8. ágúst 1958.

1.  
Loks rann upp sá dagur  
er bar í lófa sér gullna þræði,  
samofna undir kvöldið,  
annan minn,  
hinn þinn.  
Og hann óf þá í lausum leik  
blöndnum freyðandi veig  
svalandi, en þó görótttri;  
leik handahófslegra orða  
mín og þín.

En smíð hans var völundarsmíð;  
hús hans völundarhús.  
Það vissum við ekki. Ekki þá.

Síðan hafa þeir þræðir ekki slitnað,  
þræðir þess dags ekki slitnað.  
Því það geta þeir ekki.

Meðan ég var blekkur, hélt ég þeir gætu það.  
Meðan blekkingin hafði enn ekki yfirgefið mig  
ýmist óttaðist ég þeir slitnuðu  
– eða ég þráði það.

En þræðir völundarsmiðsins,  
þeir geta ekki slitnað.

2.  
Nei, þeir geta ekki slitnað;  
því ef þeir gætu það  
myndi ég ekki í dag, fimm árum síðar,  
leggja eyrun við þeim orðum sem berast mér  
á bylgjum ljósvakans.  
– ef þau kynnu að herma mér  
hvar siglir þessa stundina fley þitt  
og vinar þíns  
á sólgullnu kvöldi  
vestur með landi  
eða norður með landi  
– því ég veit það ekki.

Nei, ef þeir gætu slitnað  
myndi ég ekki vera að hugsa um þetta.

11. ágúst 1958.

1.

Manstu kvöldið fyrir þessa nótt?

Að við fórum á hljótleika í gömlu óperuhöllinni,

að ég kynntist bróður þínum,

að við rifjuðum upp það sem gerzt hafði

undanfarna tvo sólarhringa

frá því við kynntumst:

samtalið við Gyðinginn í ljósagarðinum,

messuna í rússnesku kirkjunni morguninn eftir,

göngu okkar um sali kóngshallarinnar

hlaðna listaverkum,

svarta mjöðinn er við keyptum við dýru verði,

já, allt það sem hafði gerzt á þessum stuttum tíma.

Og manstu, hve þessi yfirborðskennða sameigin-

lega reynsla okkar

var við upprifjunina einskonar fyrsti tengiliðurinn

milli mín og þín,

svo ópersónulegur,

svo skammvinnur og einskisvirði

– af því við áttum svo miklu meira fyrir höndum.

Já, ég veit þú manst það allt.

Svo var kvöldið liðið

og það var komin nótt.

Aftur var ég staddur í Parcul Cismigiu,

þar sem höfgur meiður drúpir

og bára hvikar á vatni í kyrrð suðrænnar nætur.

En nú var ég þar – með þér.

Hve víðsfjarri voru ei þær lostfögru meyjar

sem áður höfðu viljað leiða mig í þennan stað;

ekki til lengur; höfðu aldrei verið til.  
Líknsöm var nóttin undir þeim bjarta himni.  
Við settumst á skuggsælum stað,  
tveir menn – einn maður? Nei, ekki enn.

Og ég greip um hönd þína, öxl þína  
og þrýsti á varir þínar fyrsta kossi okkar.  
Þú spurðir lágt, út í myrkrið:  
Hvað erum við að gera, Elías Mar?

Ég svaraði ekki,  
en kyssti þig á ný.

Og angan vara þinna  
var áfengari hverri guðaveig.  
Aðeins eitt skyggði á gleði mína: þú varst hræddur.  
Þú hræddist – mig.  
Þú hræddist sjálfan þig.  
Þú hræddist okkur.  
Og ég sagði: Hræðstu ekki,  
allir aðrir en við þurfa að hræðast.  
Við höfum ekkert að hræðast  
svo lengi sem við stöndum saman.

Og ótti þinn sefaðist.  
Við leiddumst heim um mannauð strætin.  
Smástjörnur á himni  
hurfu inn í fyrsta bjarma komandi dags.

2.  
Síðastliðin nótt mun aldrei veita endurminningu  
minni neina líkn, enda þótt ég kunni að  
muna hana ævilangt í öllu hennar andvaraleysi,

tómlyndri gleymni, einskisverða nótt.  
Og þannig eru mér flestar nætur.  
Mér líður ekki illa. Og mér líður ekki vel.  
Ég sakna og ég sakna ekki.  
Æ, Blekking, hví hefur þú yfirgefið mig? – – –

14. ágúst 1958.

1.  
Heldurðu kannski, að ég hafi einhverju gleymt?  
– nei, ég hef engu gleymt.  
Eitt þúsund átta hundruð tuttugu og sex dagar  
– og nætur;  
ég man það allt.  
Það ólgar í blóði mínu, allt,  
án nafns, án takmarka.

Ég hef ekki gleymt nóttinni næstu eftir þeirri,  
er ég kyssti þig fyrsta sinni.  
Á þeirri nóttu urðum við vinir.  
Í Parcul Cismigiu.  
Sverðdansinn barst frá glerskála handan vatnsins.  
Af hverju endilega sverðdans? – – –

Ég hef ekki heldur gleymt sólríkum degi  
þar; deginum næsta.  
Ég hafði aldrei áður litið þann garð í sólskini.  
Þá gengum við um gullinstigu,  
– því það var engin nótt, heldur dagur.  
Unaðslegur, vonbjartur, suðrænn dagur.

Nei, ég hef engu gleymt.



---

Síst mundi mér líða úr minni  
hin þriðja nótt okkar í Parcul Cismigiu,  
þegar við lágum í djúpu ilmandi grasi,  
hálfnaktir í skjóli runna og rósabeða,  
langt í burtu frá þeim sem  
gengu um malarstíginn seilingsspöl frá.  
Átti nokkur þennan garð, nema við  
þá nótt?

---

Það hefur enginn átt þann garð, nema við,  
síðan þá nótt.

2.

Í gærkvöldi stigu þið á land aftur,  
þú og vinur þinn,  
og við flýðum allir á náðir guðsins sem  
ljær oss gleymskuna.  
En – ég gleymdi ekki, þótt ég vildi gleyma.  
Þess vegna finnst mér í dag  
sem ég beri þess engar menjar að hafa  
blótað guðinn.  
Fjórir veggir, steinbákn undir og yfir,  
það er ekki garður.  
Og þessarar nætur verður ekki minnzt  
eftir fimm ár.  
Nei, aldrei frammar verður hennar minnzt.

15. ágúst 1958.

1.

Í Stalínparkinum skoðuðum við þorpið,

Þorp genginna kynslóða sem bjuggu þó í frjálsu  
landi.

Það var ekki þorp við strönd, heldur sveitaþorp,  
og þar hafði aldrei heyrzt brimhljóð.

Úti fyrir múrum þessa garðs var tekin af okkur mynd.

– Manstu?

Það var fyrsta myndin, sem tekin var af okkur saman.

Við hlökkuðum til að sjá hana í fyllingu tímans

– Því hún var tekin undir himingnæfandi

líkneskju þess manns, sem var guð

þúsundanna, milljónanna.

En við?

Ekki guðir.

Aðeins við tveir – saman á mynd.

2.

Í dag dvelst þú einnig í þorpi

– ásamt vini þínum, í þínu fæðingarþorpi;

heima á æskuheimili þínu með vini þínum;

í þorpi kynslóðar, sem enn er lifandi,

endaþótt hún búi í ófrjálsu landi.

Og það þorp –

það er þorp við strönd; ströndina hvar þú lékst þér barn,

og þar ymur heimsins ómmesta brimhljóð.

---

En myndin, sem tekin var af okkur forðum,  
hvað varð um hana?

Hún eyðilagðist. Smiðurinn vill ekki hún

geymist. Hún er eilíflega glötuð.

Jafnvel sjálf hin himingnæfandi líkneskja,

hvort er hún lengur til? – Ég spyr.

Því að

sá maður er ekki lengur guð  
þúsundanna, milljónanna.  
En við?  
Nei. Ekki guðir.  
Aðeins við tveir – ekki saman – –

16. ágúst 1958.

1.  
Í Parcul Cismigiu – hinztá sinni sem við vorum þar –  
hafði ég sagt þér á miðnætti:  
Í nótt verða allar dyr þér opnar, – dyr hjarta míns;  
dyr vistarveru minnar. – –  
Húsið var grafhljótt stundu síðar,  
er ég lá einn í myrkrinu.  
Þú komst.

Þú opnaðir hljóðlega, lokaðir hljóðlega,  
nefndir nafn mitt hljóðlega  
og hvarfst til mín.

Þessa nótt –  
þú hvarfst til mín í nekt þinni fyrsta sinn.

Ó, hve lengi hafði ég eigi þráð þessa stund ...

En – – þá fyrst læddist óttinn um opnar dyr  
hjarta míns;  
nafnlaus ótti, formlaus, framandi þeirri  
langþráðu stund.  
Var það fyrirboði þess er koma skyldi?  
Nei, sagði ég við sjálfan mig

þá.  
Nei, ó guð minn, láttu ekki mig óttast!

En – ef þú lætur mig óttast –  
þá komdu mér í skilning um hvað það er,  
sem mér leyfist að óttast!

Ég hrópaði þessu í þögn næturinnar  
– án þess þú heyrðir önnur orð en þessi:  
Ástin mín. Fyrirgefðu mér. Óttastu ekki. – Við  
eigum allt framundan.

---

Augu þín skinu fegurri en nokkru sinni  
í þeirri mettuðu kyrrð.  
Líkami þinn,  
snerting hans, hver minnsta hreyfing hans,  
var mér opinberun þess er ég hafði þráð.  
Vonarneistinn, sem orð þín höfðu tendrað fáum  
dögum fyrr,  
hann var orðinn að vermandi báli.

2.

Í nótt, er þú hvílir í örmum vinar þíns  
bak við lokaðar dyr  
í æskuheimili þínu sem er ykkur báðum framandi,  
ávarpa ég þig á ný í tómlátri kyrrð, og segi:  
Ástin mín. Fyrirgefðu mér ekki – frekar en þú  
vilt. – En við eigum enn allt framundan.

---

Því við eigum enn allt framundan  
– hvað svo sem það er.

18.ágúst 1958.

1.

Hversu má lýsa í fáum orðum þeirri nótt,  
þeirri nótt er við ókum í lestinni um þvera Romaniu ...

Það sváfu allir. Nema við.  
Og þó sváfum við einnig  
– hvor í annars örmum.

Hvor við annars brjóst sváfum við.  
Og limir okkar vöfðust saman, fléttuðust, snertust  
í unaðslegri dreymni, andlegri, líkamlegri,  
milli svefns og vöku.

Þessa nótt --  
Þú leystir af hálsi þér festivalklútinn þinn  
og gafst mér hann  
– batzt hann með eigin höndum  
um háls mér í daufri skímunni –  
meðan aðrir sváfu.  
Og augu þín skinu eins og þær stjörnur einar  
geta skinið  
sem eiga nóttina að ríki.  
Varir þínar  
votar.  
Hendur þínar  
líknandi.

Ég leyfði mér ekki að leysa þann hnút  
sem þú hafðir bundið.  
Daginn eftir var tekin mynd af mér  
og sú mynd er vottur þessa – fyrir mig einan.

--

Minningargjöf þessarar nætur var ekki leyst frá hálsi mér,  
fyrir en við höfðum farið gegnum fjögur þjóðlönd.  
Í því fimmta lét ég þig leysa hnútinn aftur.

2.

Minningargjöf næturinnar – –  
Hún liggur í hirzlu minni, slétt og hrein:  
ó, hve fjarri því, að á henni sé nokkurt  
táknrænt merki um það sem ekki  
skal verða leyst sundur!

Það hefur ekki verið sett á hana  
neitt slíkt mark síðan.

Og verður varla gert.  
Nema ef þú ættir það eftir.  
Þrái ég það?  
Nei. Blekkingin hefur yfirgefið mig.

19. ágúst 1958.

1.

Aftur var komin nótt  
– nótt í Bad Schandau,  
með iðandi mergð æskufólksins  
í tjaldbúðunum á árbakkanum  
sem bjó sig undir næturhvíldina  
eftir heitan dag.

Jörð var vot. Við gátum hvergi sezt, er við  
gengum yfir brúna og handan yfir fljótið.  
Hvergi var sá blettur, að ekki leyndust þar

elskendur – eða ekki elskendur; fólk.  
Jörð var vot.  
Það var ferskur ilmur í lofti  
að afstöðnu regni.  
Næturhvíld, án nokkurs tækifæris til leyndar,  
já, hún var þegin með þökkum.

Það var gáski í þér þessa nótt,  
áður við gengum inn í tjaldið.  
Ég var fjarri öllum gáska, og þó leið mér vel;  
undangengin nótt ólgaði enn í blóði mínu.

---  
Svo varð ég illur. Manstu það?  
Ég hafði hvarflað frá  
– og meðan stal annar maður plássinu  
er ég hafði helgað mér við hlið þér til næturhvíldar.

---  
Myrkur. Þétt myrkur. Útiloft undir himni tjaldsins,  
í stað mettaðs dampjárnbrautarklefans.  
Ég hélt ég myndi sofna strax ---  
en þá fann ég höndina snerta við mér –  
Þína hönd? – Og augun sindra í myrkrinu –  
Þín augu?  
Nei –  
Nei – það varst ekki þú –  
Það voru ókunnar varir, sem leituðu mín.  
Ég varð stjarfur. Og þó naut ég þessarar ófrjálsu  
snertingar unglingsins lengi  
í myrkri næturinnar;  
þessa keflvíska drengs, sem ég hafði ekki  
viljað viðurkenna að starað hafði á mig  
lengi dags.

Næsta morgun var sólskin.  
Og ég brosti á myndinni, sem tekin var af okkur,  
þótt mér liði ekki vel.  
Þú vissir það ekki. En það hafði ekkert gerzt.  
Hvers vegna leið mér þá illa?  
Æ, spurðu mig ekki  
að því. –

2.  
Spurðu mig ekki að því í nótt  
fimm árum síðar.  
Því að nú má þér vera sama.  
Nú hlýtur þér að vera sama.  
Kannski hefði þér þá þegar verið sama –  
Ó, guð minn! ... Nei, ekki ákalla guð ...!

22. ágúst 1958.

Næstu nótt létum við fyrirberast eins og  
vanræktur og gleymdur farangur drottins  
á jarðreisu hans,  
sinn á hvoru töskuneti járnbrautarklefans,  
hvar lestin dokaði við á ströndinni  
og komst ekki lengra.  
Við leituðum ferjunnar undir morgun.  
Það munu hafa verið elskendur  
sem voru að faðmast í sætunum fyrir neðan.

En ég man það ekki.  
Ég man aðeins augu þín í nóttinni,  
er þú leizt til mín þangað sem ég lá,  
þaðan sem þú lást,



og við vildum ekki rjúfa þögn okkar  
með því að bjóða góða nótt.  
Kannski vissi enginn af því,  
að við höfðum hreiðrað um okkur  
í farangursgeymslu guðs almáttugs – –

Öðru vísi var þá hin næsta nótt. Þá vorum við  
komin heilir í höfn  
– í Höfn, handan við sundið.

Og þú endurgalzt mér – eitthvað, sem þér fannst  
ég eiga hjá þér.  
Morguninn eftir bað ég þig að lána mér  
hreina skyrtu,  
svo við gætum farið á pansyball um kvöldið.  
Ó, hve gaman! Hversu óskáldlega gaman!

Þú afneitaðir öllum dönsunum,  
sem þér var boðið í,  
og sazt við borð mitt.  
Við vorum tveir  
saman  
innan um alla hina; tveir.

2.  
Er ekki sama, hvar um jörðina maður flækist;  
er maðurinn ekki alltaf  
sem gleymdur hlutur í pynklaklefa drottins?  
Og bíðum við ekki alla stund ferjunnar  
sem að lokum flytur okkur yfir sundið?  
Hve sælir erum við ekki, ef við megum  
fá notið þess að horfa í ástrík augu  
þá skömmu næturstund, er við bíðum. –

---

Þú gafst mér skyrtna, sem ég bað þig um að láni.  
Ég lít á handlegg minn, er ég skrifa þessar línur.  
Það vill svo til, að ég ber þetta sama klæðis-  
plagg – einmitt á þessari stundu;  
fimm árum síðar. – Hversu skáldlega gaman!

23. ágúst 1958.

Við gengum um söfnin;  
söfn forna, útdauða kynstofnsins  
sem ól Amenophis tvífara þinn;  
söfn hins lifandi liðna þjóðflokks  
sem ól Adonis undanfara þinn;  
já, um söfnin gengum við,  
og ég vonaði, að þú skynjaðir meira en hinir,  
sem með okkur voru. –

Síðan vorum við – ásamt þeim hinum –  
í skemmtigarðinum með ítalska nafnið,  
uppljómuðum, mannmörgum, háværum.  
Ó, hve fjarri var nú Parcul Cismigiu – –

---

Undir nóttina lögðum við á flóttu. Það var  
okkar fyrsti sameiginlegi flótti.  
Við flýðum brott úr skrautgarði rafljósanna,  
mannmergðarinnar og hávaðans,  
inn í dimm öngstræti Gamla bæjarins.

En einnig þar voru andlit, – andlit landans.  
Og við héldum áfram að flýja

aðra,  
til að geta verið nálægir okkur sjálfum.

2.  
Í dag geng ég um safn endurminninga minna  
og verður starsýnt á aðeins eina mynd –  
þig –  
þig, sem ert í mínum augum orðinn  
þinn eiginn tvífari,  
þinn eiginn undanfari.  
Og enn vona ég, að þú skynjir meira  
en hinir, sem með okkur eru.

Í því safni, sem við eigum sameiginlega,  
hefur enginn leyfi til að skynja  
umfram það sem við sjálfir gerum.

---  
En – ó, hve fjarri er nú Parcul Cismigiu. --  
---

Og enn erum við á flóttu,  
við erum á flóttu  
hvor frá öðrum.

Á flóttu um dimm öngstræti  
þeirra endurminninga, sem við  
viljum kannski gleyma. –

En við getum ekki gleymt;  
getum ekki gleymt andlitum – okkar sjálfra.  
Enda þótt við höldum áfram að flýja  
okkur sjálfa,  
– til þess að geta verið fjarlægir okkur sjálfum.

24. ágúst 1958.

1.  
Fram á nótt dvöldumst við í Vínarðinum.  
Þá stund var það dásamlegur staður:  
A clean, well-lighted place.  
Og enn vorum við á flóttu  
    undan þeim sem vildu elta okkur.

En við komumst undan. –

Manstu?  
Manstu leiðina heim  
    gegnum Christiansborgar-garðinn  
þar sem við staðnæmdumst lengi uppvið súlu,  
kysstumst,  
föðmuðumst,  
gleymdum umhverfinu,  
nutumst;  
hétum því að þreyja  
    unz ég kæmi heim til Íslands?

Manstu það enn?

Viltu muna það?

2.  
Ég minnst þess í dag, fimm árum síðar,  
að ég hafði leitt þig fram fyrir arfleifð Íslands,  
dökku handritin í Árnasafni,  
og ég hélt þú værir heill  
    eins og ég;  
    eins og þau. –

Ef svo hefði verið,  
myndi ég ekki sitja hér fimm árum síðar  
og minnst þess eiðs er þú sórst  
á fornum rústum Brimarhólms,  
[í] Christiansborgargarðinum, þar sem ég  
kyssti þig um nótt og þú sagðir:  
    Á morgun fer ég  
    heim.  
    En ég skal skrifa þér. Og bíða þín.

---  
Að húsi Jóns Sigurðssonar leiddi ég þig  
    fyrir fimm árum.  
Hvers virði var það þér?  
    spyr ég nú.  
Í dag held ég það hafi verið þér einskis virði.  
  
Því að í dag hefur blekkingin yfirgefið mig.

25. ágúst 1958.

1.  
Þetta var dagur skilnaðarins; okkar  
    fyrsta aðskilnaðar.  
Í þúsundasta skipti sagðirðu: Vertu rólegur, Elías,  
    – ég skrifa þér  
    þegar ég kem heim.  
Svo fylgdi ég þér til skips; ykkur öllum, ferðafélögunum.  
Og þó kvaddi ég þar engan – nema þig.  
Ég stóð aftan við hópinn, sér, í von um að þú sæir mig.  
Kannski sástu mig. En veifaðirðu mér – eða  
    varstu að veifa öðrum?  
Ég veit það ekki enn.

---

Skyndilega sneri ég mér undan. Ég vildi  
láta kveðjustundina koma fljótt. Ég þoldi  
ekki að bíða. Ég  
gekk yfir brúlagðan Amalíuborgargarð,  
og þungt regn féll á grjótið  
úr þrumuskýjum himinsins.

Einn gekk ég í regninu; hægt, þreyttur.  
Af hverju? Ég, sem átti þó svo mikla von eftir;  
ég, sem hafði fengið loforð af vörum þínum að skilnaði;

ég, Íslendingurinn, var einmana í regninu  
eins og svo margir á þeim stað á undan mér.

2.  
Hann hafði farið heim á afmælisdaginn sinn,  
nokkrum dögum áður,  
unglingur næturinnar í Bad Schandau.  
Hann varð þér ekki samskipa í regninu.

En núna, er ég skrifa þessar línur,  
bíð ég eftir því, að hann komi heim til mín.  
Tilhlökkun, kannski?  
Nei. Ó, nei; því fer fjarri, enda ástæðulaust.

— — —

Senn munt þú standa í kveðjusporum  
svipað og ég gerði þennan dag fyrir fimm árum.  
Þá mun vinur þinn hverfa á braut  
og fara ofar skýjum til síns heima.  
Og þú munt standa eftir, í sólskini ágústkvöldsins  
og vita að hann muni skrifa þér;  
vita, að hann mun minnst þín.

Samt hef ég ríka samúð með þér,  
því ég skil, hvað er að standa í þeim sporum.

Ég man þá stund, er ég gekk burt í regninu.

26. ágúst 1958.

1.

Hvernig gat ég lifað með öðrum manni  
daginn  
eftir  
að  
þú  
kvaddir?

Var það ást?

Guð minn. Nei. Það var ekki ást.

Það var frygð. Og kannski hafði ég  
aldrei elskað þig eins heitt og þá stund. –  
Ég þráði, að það værir þú.

Skilur þú þetta? Það efast ég um.

Nei. Ein stund með fallegum manni  
þarf ekki að vera ást.

Það er nokkurnveginn víst, að það er ekki ást.

2.

Hann var að fara hédan –  
vinur þinn.

Þá sezt ég hér og  
skrifa þessar línur.

---

Í dag  
er líka nokkurnveginn víst

að þú  
yrkir  
ekki ljóð.

að þú sezt ekki niður til að yrkja ljóð.

28. ágúst 1958.

1.  
Á minnisblaði mínu frá þessum degi  
stendur aðeins ein setning;  
standa þessi orð ein:  
Sakna Bergs mjög mikið.

Þau orð átti ég eftir að skrifa oftár  
og hugsa þau enn oftár.

Þau voru inntak þessara daga; þeirra daga  
er ég hafði misst þig í bili,  
og vissi að of snemmt var að  
búast við bréfi frá þér.

Stundum spurði ég sjálfan mig  
þessa daga  
og þessar nætur:



Var hann ekki aðeins draumur einn  
þessi unglíngur? Getur verið, að hann  
hafi staðið við hlið þér, lifandi hold og blóð,  
og þú eigir eftir að sjá hann aftur,  
heyra rödd hans aftur,  
njóta nálægðar hans á ný,  
einhverntíma  
áður en þú deyrð?  
Ég hafði aldrei kynnt neinum,  
er væri mér neitt í líkingu við þig. – –

2.  
Á minnisblaði mínu frá deginum í dag  
standa margar setningar nú þegar;  
standa fjölmörg ómerk orð.  
En nafn þitt sést þar hvergi.

Þetta nafn, sem ég hef þó svo oft skrifað,  
og enn oftast hugsað.

Því það hefur verið inntak lífs míns í fimm ár,  
ýmist til gleði eða sorgar  
eða ómælanlegs tótleika, sem hefur reynzt  
gjörsneyddur bæði gleði og sorg.

Nú spyr ég sjálfan mig einskis lengur.  
Mínir dagar eru án spurnar.  
Mínar nætur án spurnar. –  
Því ég þarf ekki að spyrja þess,  
hvort þú sért.  
Ég hef heyrt rödd þína á ný,  
kynnt nálægð þinni á ný  
– án þess að deyja.

Og ég hef aldrei kynnt neinu,  
sem sé í nokkurri líkingu við það.

---

3. september 1958.

1.  
Áfram hélt ég  
að ganga  
í regni haustsins  
og spurði: Er bréf?

Nei.

Dag eftir dag kom ég  
eins og svefngöngumaður og spurði:  
Er bréf?

Nei.

Og ég flýði á náðir eitursins. Vínsins? Ekki vinsins.  
En annars eiturs.  
Það var ekki þér að kenna. Því réði enginn, nema ég sjálfur.  
Og ég spurði: Hvar eru orð hans? Dáin. Aldrei töluð? --  
Dag eftir dag var ég viss um, að þú yrðir við orðum þínum;  
og ég spurði --- En --  
Nei.

2.  
Þú komst í morgun og dokaðir við í tvær mínútur

af náð.  
Í gestabók minni er nafn vinar þíns  
fremst og efst,  
og nú er hann farinn.

Aðeins ég hefði haft nafn þitt til að horfa á  
þá. –  
Nei. Það hafði ég ekki. Ekki nafn. Ekki neitt  
nema endurminninguna um augun, orðin, loforðið;  
andardrátt þinn við vanga mér.

Nú muntu sakna. En –  
hve söknuður þinn er bundinn sterkri von. –  
Þú veizt, að hann skrifar.  
Þú veist, að hann þráir þig.  
Þú veizt, að hann tekur á móti þér.

Þú þarft ekki að vona.

Maður, sem er viss, þarf ekki að vona.  
Og hann spyr aldrei: Var þetta draumur? Nei,  
hann þarf ekki að spyrja slíks. Og hann þarf ekki að spyrja  
eftir bréfi – og fá neitun.

10. september 1958.

Þannig leið vika; vika frá því ég tók að búast við  
tákni þess, að þú hefðir ekki gleymt.  
Dagarnir fyrstu eftir að þú fórst – meðan ég enn  
naut þess að bera söknuð minn  
í von um að heyra

bergmál minna eigin tilfinninga  
handan um haf –

Þeir dagar voru mér engin þjáning.  
Og þó. – En hvað voru þeir hjá þessu?  
Hvað voru þeir hjá óvissunni; miskunnarlausri og  
án takmarks?

---

Ef ég tók í hönd, lygndi ég augum og leyfði mér  
að láta mig dreyma það væri hönd þín.  
Lengra þýddi mér ekki að fara, –  
því að þá fann ég bezt, að það varst ekki þú.  
Þá þýddi ekki að loka augum né hyljast myrkri.  
Það varst ekki þú.  
Og á slíkri stundu saknaði ég þín mest.

---

Næturlangt gat ég beðið þeirrar stundar, að ég  
færi um regnvotar götur og á þann stað, er reyndist  
vera aftökustaður helgustu vona minna. –

Ég þurfti ekki að spyrja lengur.  
Áður en ég bæri fram spurninguna,  
hljómaði þetta eina orð: Nei.

2.

Samt var von mín ekki dáin enn.  
Ég vissi ekki enn, að ég sótti aftökustað hennar  
dag eftir dag  
og sá murkað úr henni lífið  
dag eftir dag.  
Hefði ég vitað það fyrirfram – hvað hefði ég þá gert?

Nei, ég lifði enn í fullvissu þess, að leit mín  
bæri árangur;

ákall hjarta míns heyrði  
bergmálið,  
áður en ég héldi heim – – –

– – –

Nú í dag, fimm árum síðar, veit ég þetta allt.  
Og reyndar ekki fyrst í dag. Ég hef vitað það lengi.

Samt mun ég ekki trúa þessum blöðum  
fyrir þeim sannleika í bráð. Vonandi síðar.

– – –

Það hefur svo margt fagurt gerzt eftir þetta;  
svo margt valdið því, að ég hef náð að gleyma  
þessum döpru haustdögum; um stund.

Ó, að ég hefði aldrei fengið ástæðu til að  
rifja þá upp, í allri þeirra  
miskunnarlausu nekt! – Ó, að blekkingin  
hefði aldrei yfirgefið mig!

18. september 1958.

1.

Og önnur vika liðin. Vika? – Eilífð. Og alls ekki liðin.  
Hún er ekki liðin enn. –

Tillitslaus, miskunnarlaus, eru orð sannleikans;  
en miskunnarlausari er samt þögn hans.  
Þögn hans skilur maður ekki fyrr en svo löngu síðar;  
kannski um seinan – eða aldrei.

En

þá miskunnarlausu þögn sem umdi í eyrum mér  
þessar septembervikur  
komst ég ekki hjá að skilja síðar.

Þess vegna eru þær ekki liðnar enn  
og munu kannski aldrei gera, þessar vikur.

(Áfram hélt svefnganga mín um strætin.  
Nætur sem daga.  
Og sérhver staður  
var nú orðinn aftökustaður.

Það var hvarvetna verið að myrða  
mig,  
þig;  
okkur.)

Á morgun hlaut ég að stíga á skipsfjöl. ...  
Hlakkaði ég til að hverfa heim?  
Nei. Ekki lengur. Óblandin, gleðirík tilhlökkun  
– hún var dáiin. Svo mikið gerði ég mér ljóst  
þá þegar.

2.  
Fimm ár eru stuttur tími í mannsævi;  
jafnvel stuttri ævi ungs manns.

Kannski er það þess vegna sem mér finnst  
sem þetta hafi verið í gær  
og vikurnar enn ekki liðnar –.

Eitt er víst: Þér finnst þær liðnar; fyrir löngu.

24. september 1958.

1.

Það síðasta sem ég gerði áður en ég steig á skipsfjöl:  
að spyrjast fyrir um  
von mína ...

Ekkert svar.

Og aldrei hef ég – hvorki fyrr né síðar – snúið baki  
við erlendri strönd  
jafn laus við söknuð.

Og aldrei hef ég – hvorki fyrr né síðar – gert mér  
minni vonir um það sem biði mín handan hafs.

Ég leyfi mér ekki lengur  
að vona.

Ég sat til borðs með skáldum,

en ég hlustaði ekki á orð þeirra.

Ég leitaði á náðir gleyskuguðsins – eins og svo  
oft síðar – en ég gleymdi engu.

Ég las bókina um manninn sem  
kaus að bíða dauðans, ef hann aðeins mætti  
njóta fegurðarinnar í mynd unglingsins  
á strönd hins suðræna lands  
– og ég öfundaði hann af því að hafa fengið  
að deyja.

Ég hafði daglangt viðdvöl í borg kastalans, þar sem  
útsýn er hvað fegurst,

en ég sá ekkert; hvorki fagurt né ljótt.

Ég leit hinztu ljósblík útlandsins hverfa í mistur,  
er ég lét í haf á ný,  
og fannst sem ekkert land væri fyrir stafni.

2.

Þennan dag – fyrir fimm árum – steig ég þó aftur  
á þá grund, er þú hafðir undir fótum. Við  
vorum enn á ný í sama landi. Samt sáust  
þess engin merki.

Úrsvalur haustmorgunninn með fjölda ólíkt gamalla  
barna á hafnarbakka. Þau andlit þekkti ég ekki.

Sjálfur var ég slíkt barn,

að ég leitaði þín meðal þeirra andlita.

Var ég þá aftur farinn að leyfa mér að vona?

Já. Það hlýt ég að viðurkenna. –

En hvílíkt tál ... hvílíkur barnaskapur. Þú  
hafðir alls ekki heitið því að koma. Þú  
hafði mælt þér mót við mig síðar; já,  
ég kem að því  
– í fyllingu tímans.

Hundruð andlita: eitt andlit: ekkert.

Ég heilsaði engum. Enginn heilsaði mér. Slíkt  
hafði gerzt oft áður; ég var orðinn vanur því.

Nema landið mitt og úrsvalur morgunn þess;  
það fann ég undir fótum á ný.

Þar beið mín

eitthvað

– ég vissi ekki hvað –

enn á ný. –

1. október 1958.



1.

Elías! Við skulum mæla okkur mót nú þegar  
– heima á Íslandi,  
eftir að þú ert kominn heim ...

Þessi orð sagðirðu fyrsta sinni á hljóðu kvöldi  
í ókunnu landi. Og þú endurtókst þau síðar,  
oftar en einu sinni.

Við mæltum okkur mót; vissan stað, vissu stund.

---

Og nú var ég kominn heim ...

hafði sama land undir fótum og þú.

Og þá gerðist það, að ég gleymdi vikum hörmunga  
og vonbrigða; vikum, er ég hafði ekkert frétt, –  
og hugsaði sem svo:

Kannski hefur eitthvað óviðráðanlegt komið fyrir.

Kannski hefur hann verið veikur ... ; ekki getað skrifað.

Og von mín glæddist á ný: Hann mun ekki

láta orð sín um stefnumót okkar

heima í okkar eigin landi – í fyrsta sinn –

verða að ómarksorðum.

---

Fyrsti dagur októbermánaðar leið hægt að kvöldi.

Ég kom. – Ég kom á stað og stundu.

Og ég beið. Ég beið á fjölförnum krossgötum. Einn.

Einn í miklum fjölda fann ég vonarneistann

kulna í brjósti mér; þann vonarneista

sem síðar átti eftir að verða að klakahellu.

Ég beið.

Þú komst ekki.

2.

Nei; þú komst ekki.  
Og í tótleika, ytri sem innri, er ég reikaði  
heim á leið,  
spurði ég sjálfan mig: Er ég í rauninni kominn heim?  
Er þetta ekki ljótur draumur, sem mig  
dreymir á erlendri grund?  
Er þögnin svona miskunnarlaus;  
miskunnarlausari orðum?

— — —  
Síðar sagðirðu mér, að bróðir þinn – mér ókunnur þá –  
hefði séð mig „af tilviljun“ þetta kvöld  
og á þessum stað –  
... Að ég hefði staðið þar lengi, sagði hann,  
já, jafnvel tímum saman.  
Og auðvelt hefði verið að geta sér til um,  
hvaða erindi ég hefði átt,  
– því að þarna væru, öll kvöld, margir  
ungir og fallegir menn á ferð ...

(Og þú kvaðst enga skýringu hafa gefið,  
hvorki þá né síðar.)  
Nú í dag, eftir fimm ár, kvíði ég fyrir kvöldinu.  
Eins og hryllingur sama tótleikans  
kunni að endurtaka sig – í endurminningunni.

2. október 1958.

1.  
Aftur kom ég. Já, aftur kom ég að kvöldi  
annars októbers. Og beið.  
Fullkomlega rólegur var ég,  
kannski vegna þess, að engin von  
spennti lengur þann boga, sem

tilfinningar mínar eru.  
Gat ekki verið, að þú hefðir forfallazt í gær?  
Gat ekki hugsazt, að þér  
væri allt þetta óviðráðanlegt?  
Jú, allt gat hugsazt,  
einkum það, að þú hefðir ekki svikið,  
aðeins ekki getað komið  
– og ekki heldur getað sent mér línur yfir hafið.  
Það gat verið, að þú hefðir ekkert af þessu getað  
af ástæðum, sem mér voru ókunnar.

---

Þannig hugsaði ég, er ég stóð þarna aftur,  
annað kvöldið  
á sama staðnum  
og mannfjöldinn streymdi framhjá  
án þess ég sæi hann (Hvort hann sá mig,  
veit ég ekki enn).

---

Og eftir því sem á kvöldið leið,  
án þess þú kæmir,  
tók mér að líða betur  
Það færðist yfir mig ró; annarlegur friður  
í ætt við tómlaikann og þó  
svo miskunnsamur og frjór;  
því að  
í huga mínum leitaði ég alls þess  
sem gat afsakað þig,  
skýrt þögn þína,  
skýrt fjarveru þína.

---

Og ég sofnaði í þeim friði,  
eins og barn sem hefur lesið bæn.

2.

Í kvöld varð mér aftur gengið um þennan stað,  
en það geri ég sjaldan nú, fimm árum síðar.  
Ég er ekki maður götunnar að kvöldi til.  
Ég var það ekki þá. Og ég er það ekki nú.

En ég stóð ekki kyrr, og beið ekki eftir neinum.  
Ég hef eftir engum að bíða,  
hvorki þar né annars staðar.  
Ég var nú einn af mannfjöldanum sem  
reikaði áfram; hugsunarlaus eins og hann.  
Því nú hafði ég um ekkert að hugsa.  
Það er engin ráðgáta lengur  
sem rænir mig friði; engin lausn sem veitir frið.

3. október 1958.

1.

Ég reyndi að skerpa hugsun mína, vera hlutlaus  
gagnvart öðrum og sjálfum mér,  
og í einrúmi spurði ég mig þessarar spurningar:  
Hvað var það – já, hvað var það í rauninni,  
sem kom mér til að fara á vonlaust stefnumót  
öðru sinni, í gærkvöldi, eftir allt sem á undan er  
gengið?  
(Ég sat í stofu minni, hljóðri og tómlægri, og  
spurði mig þessa.  
Svo kom svarið. –)

Í gær

hafði ég horft í augu við  
lítið ómálga dýr við fætur mér;  
lítinn hvolp í eigu vinar míns, þar sem ég var

gestur í húsi.

Í þau augu hafði ég horft – –

tekið hann á hné mér og horft í augun.

Já, en hvað hafði ég séð í þessum augum?

Hann deplaði þeim og vék sér ekki undan  
augnatilliti mínu.

Og skyndilega fannst mér þetta vera þau augu  
sem eru þín augu.

Hvers konar? – Dýrsleg? – Nei!

Augu tryggðarinnar, traustsins, hins yndislega  
sem frá upphafi hefur verið tengiliður  
þessa dýrs og mannsins.

Og án þess ég gerði mér grein fyrir því,

vék ég úr gestaboðinu vegna þess arna,

á stað kvöldsins íns fyrra;

í von um, að ég væri að fara til fundar

við slík augu,

augu tryggðarinnar.

Því að: gátu augu tryggðarinnar verið

eitthvað annað

í mennskum manni?

2.

Ég veit ekki hvað þér er sjálfrátt

eða ósjálfrátt.

Ég hef kynnt augum þínum betur síðar;

einnig þá er þau hafa að nýju

endurspeglað það sem ég taldi vera tryggð

– áður en blekkingin yfirgaf mig –.

En æ, hvað dvelur mig?

Mig, sem hef einnig kynnt þeim öðru vísi  
en sem slíkum. –

6. október 1958.

1.

Á meðan ég var enn ekki kominn heim,  
á meðan ég enn dvaldist á erlendri grund  
og þú farinn til Íslands á undan mér,  
en von mín ekki búin að hljóta sín kalsár,  
þá hugsaði ég eins og barn: Þegar ég kem heim  
og til fundar við hann – samveru við hann –  
þá skal ég njóta þess að vera heima;  
í bókstaflegustu merkingu: heima; heima hjá mér,  
án þess að leita á náðir gleðistaðanna, múgsins,  
tímasóunar og stefnuleysis. – Ég skal  
njóta þess að vera innan minna veggja, sagði ég.  
Og hann mun á hljóðum góðum stundum  
njóta þess með mér; að vera innan minna veggja.

Ég dvaldist einn dag í borginni handan við sundið.  
Ég kom þaðan ríkari af óskáldlegum hlut; það var  
hlutur, sem átti að hjálpa mér þegar heim til Íslands  
kæmi – að vera heima.

Ég hvarf heim á land feðra minna.  
Ég kom til fundar við þig. Þú komst ekki.

En ég  
reynði allt hvað ég gat til að vera kominn heim;  
finnast ég vera kominn heim; vera heima.  
En ég var mjög einn heima.

Og þann sjötta dag októbermánaðar skrifa ég í minnis-  
blöð mín þessi frámunalega óskáldlegu orð:  
„Vígi" kaffiketillinn minn,  
en hef engan til að drekka mér til samlætis.

2.

Í dag vænti ég einskis af þér.

En – er það nú sannleikur?

Nei. Ég vænti mikils, án þess að krefjast nokkurs.

Þú lofar heldur engu meir. Þar af leiðandi

svíkur þú ekki. Og það er ekkert lengur þér að kenna.

— — —

Nú líða dagar, jafnvel vikur, milli þess að við sjáumst.

Samt eru aðeins nokkur fótínál

milli dvalarstaða okkar. —

Þó getur mér einatt fundizt þú vera mér miklu fjær,  
en þótt heimshaf skilji okkur sundur.

Ég krefst einskis. Þó er ég enn það barn

að vænta vináttu þinnar.

Er það rangt af mér, er það ljótt af mér,

að finnast þú forsmá þá vináttu

með því að sniðganga nærveru mína ...?

Sé svo, þá fyrirgefðu mér.

16. október 1958.

1.

Loks rann upp sú stund – þann fjórtánda dag október –  
að þú komst; að ég sá þig á ný.

Þú gekkst til mín þar sem ég sat á veitingahúsi,  
og það var regn í hári þínu.

Það var regn – eins og er við höfðum síðast sézt,  
er ég kvaddi þig í erlendri borg.

Þessi fundur okkar varð stuttur. Þú varðst að  
hraða þér heim til veiks bróður þíns. – Samt gat ég  
skrifað í minnisbók mína þessi orð um kvöldið:  
„Einhver gleðirikasti dagur, sem ég hef lengi lifað.“

— — —

Daginn eftir heimsóttirðu mig í fyrsta skipti  
og dvaldist í þrjár stundir.

Svo rann upp afmælisdagurinn þinn,  
sextánda október, og þú varðst fullveðja maður.

Ég færði þér að gjöf skinnmöppu  
með nafni þínu gull-letruðu,  
og þú dvaldist hjá mér daginn  
og nóttina.

Þú varðst undrandi,  
af því ég mundi eftir afmælinu þínu.

Já, ég mundi eftir því. Og ég lét letra nafn þitt  
gullnum stöfum – meðan ég enn ekki vissi,  
hvort leiðir okkar myndu nokkru sinni mætast aftur.

2.

Ó, hve ólíkir dagar; hversu ólík kvöld og nætur  
nú, ellegar þá ...

Í gærkvöldi hlýddirðu á orð mín sögð í myrkri.  
Það voru þjáningarorð, og þú svaraðir með þögn.  
En einnig þögnin er svar.



Já, það er allt breytt nú  
frá [því] sem var fyrir fimm árum.  
Í dag sagði ég þó við þig, að fegurð þín  
væri jafnvel meiri en nokkru sinni fyrr,  
þrátt fyrir árin. Og þetta er sannleikur.

— — —

En hvers virði er fegurð?  
Hvers virði er líka það að muna?  
Einskis virði.  
Þess vegna getur verið svo sárt  
að fá engu gleymt.  
Þótt ég missti sjónina, myndi ég muna fegurð þína,  
jafnvel þótt hún væri farin fyrir löngu  
og hár þitt orðið öskugrátt. Og nafn þitt, það  
myndi standa með gullnu lettri mér í hjartastað.

17. október 1958.

1.

Aðfaranótt þessa dags – fyrir fimm árum –.

Því verður ekki lýst með orðum,  
frá því verður ekki greint;  
allt slíkt væri helgispjöll.

Ó, hve sælt var að mega gleyma  
aðskilnaðinum,  
vikum óvissunnar í erlendu borginni,  
stefnumótinu sem fórst fyrir,  
gleyma öllu öðru en því, að þú varst aftur kominn  
til mín.

Hve gott var að hlýða á orð þín í myrkrinu,  
er þú gafst mér skýringar á því,  
hvers vegna þú hafðir ekki skrifað og ekki  
komið til fundar við mig að kvöldi hins fyrsta.

Hversu undursamlegt var ekki að mega sofna  
út frá orðum, sem maður þráði,  
sem maður vildi trúá  
að væru sönn;  
orðum, sem komu manni til að gleyma –  
þótt ekki væri nema um stund.

---

Ó, að ég gæti trúað þeim orðum enn í dag ...

2.

Aðfaranótt dagsins í dag hefur verið mér vökunótt,  
án hvíldar og svefns að ráði.  
Ég lá í hvílu minni – einn, eins og jafnan –  
og þegar mér kom dúr á auga  
hrökk ég upp af martröð.

Nú er langt síðan hann hófst  
hinn síðari aðskilnaður okkar,  
sá aðskilnaður sem enn sér ekki fyrir endi á.  
Þann aðskilnað megna ekki líkamleg nálægð  
að bæta. Þú ert fjarri mér – það er allt og sumt.

Nú hvíslarðu engum huggunarorðum að mér lengur.

Nú hugsa ég ekki um það lengur  
hvort orð þín, orð þín í dag, séu sönn eða ekki.  
Því að ég leita einskis í orðum þínum lengur.

---

Nú er mér meira virði  
þögn þín.

22. október 1958.

Ó, þessir dagar, ó, þessar nætur  
er við nutumst  
og svo fáir vissu enn að við þekktumst  
hvað þá meir;  
er ég las þér í fyrsta sinn ljóð mín – manstu?  
eða er við fórum í Leikhúskjallarann og sáum  
myndina eftir Honegger, og fundum  
nálægð hvor annars í myrkrinu, þó að  
við dveldumst fjarri hvor öðrum í salnum;  
ellegar morguninn þegar þú fórst ekki í skólann,  
manstu það?  
Það var einmitt þennan dag  
fyrir fimm árum. –  
„Bergur gistir; klæðir sig um morguninn  
en háttar aftur og skrópar í skólanum."  
Þetta eru þau prósaisku orð  
sem Míning varðveitir frá þeim degi.

Og þau segja í senn fátt  
og þó svo geysi-margt.  
Ég les þau; ég endurskrifa þau hér.  
Og það rifjast allt upp fyrir mér –  
eitthvert yndislegasta atvik okkar fyrstu daga.

2.

Og enn renna upp í lífi manns nýir dagar,

og enn hverfa þeir undir hvolfþak  
þögulla náttu.  
En það eru annarskonar dagar;  
og næturnar eiga ekkert skylt.  
Ég fæ eigi lesið þér ljóð mín lengur.  
Ég fæ eigi enn greint þér frá því, sem ég er  
nú að skrifa – og mun halda áfram  
að skrifa enn um skeið.  
Kannski fæ ég þó greint þér frá því síðar.

Og nú hyljumst við ekki lengur neinu myrkri,  
hvorki einir  
né í margmenni glæstra salarkynna, –  
og finnum varla nálægð sízt þegar við  
erum það nærri hvor öðrum að við getum  
talast við.

Í kvöld hef ég dvalizt hjá þér á vinnustað  
í hálfu aðra klukkustund; og við vorum kátir.  
Ég minntist að sjálfsögðu ekki þess atviks  
sem átti sér stað að morgni þessa dags  
fyrir fimm árum.  
Því að þú myndir ekki hafa kært þig um það.

Svo er heldur ekki einu sinni víst,  
að þú gætir rifjað það upp,  
þótt þú reyndir. –

23. október 1958.

1.  
Það var margt sem þú sagðir mér

Þessa daga; þessar nætur.  
Þú opnaðir fyrir mér reynslu bernsku þinnar  
– á svo mörgum sviðum –  
og ég þekkti þig betur en áður; elskaði þig enn heitar.

Þú gafst mér líka skýringu á ýmsu; þú  
gafst mér jafnvel svar við því,  
hvers vegna þú hafðir ekki skrifað mér.  
Þú sagðist ekki hafa þorað það. Þú sagðist  
hafa byrjað á bréfi, en ekki  
þorað að halda áfram – af ótta við mig.

Ég skildi þetta ekki gjörla, því ég fann ekki  
hvers vegna þú hefðir þurft að óttast mig.  
En ég lét mér nægja þessi skýring.

---  
Þennan dag – um kvöldið, þann síðasta  
dag sumarsins, –  
fórum við saman í leikhús í boði vinar míns  
gamals. – Þá sáumst við saman fyrst.  
Þetta var síðasti dagur merkilegs árstíma  
í mínu lífi.  
Og leikritið – já, jafnvel leikritið hét  
Sumri hallar ....!

2.  
Kannski er enn í dag margt sem við  
þyrftum að segja hvor öðrum,  
spyrja hvor annan.

En við gerum það ekki. Það er ekki lengur  
eins og við höfum neitt hvor við annan að segja.

Það er allt og sumt; og ofur einfalt mál.

---

Enn einu sinni hallar sumri;  
því lýkur á morgun.  
En þér má vera sama;  
því innan skamms hverfurðu á braut  
með hinztu farfuglum til suðrænna landa  
þar sem sumarið dvelur enn  
hvað sem almanak vor mannanna segir.  
Og þar bíður þín svo margt  
sem enn hefur ekki fengið sinn endi;  
þú hefur einhvers að vænta.

---

Ég vorkenni ekki sjálfum mér,  
þótt ég eigi einskis að vænta ...  
Ég hef þá kannski ekki heldur neins að kvíða.  
--- Blekkingin hefur yfirgefið mig.

11. nóvember 1958.

Á þeim tíma runnu dagar og nætur í eitt; já heilar  
vikur, jafnvel mánuðir, urðu að þessari órofa heild  
unaðsfullrar blekkingar.  
Minning geymir einstök atvik; en ó, hversu fátækleg  
eru þau ekki í samjöfnuði við það sem var;  
það sem gerðist ...

Ég var boðinn í vínahóp, en ég naut mín ekki,  
vegna þess að þú gæzt ekki verið nærri;  
vegna þess að ég gat ekki verið nærri þér –

þú þekktir enn ekki það fólk ...

Þú varst unglingurinn í lífi mínu.

Þú varst hvíldin frá öllum hinum.

Þú varst mér

sérstakur og unaðslegur heimur  
mitt í heimi hversdagsleika og takmarkaðra vina.  
Þú varst líf mitt þessa daga og nætur og vikur,  
sem runnu í órofa heild ...

Ég gekk úr hófi vina minna eitt kvöld,  
til að geta heimsótt þig ásamt elsta bróður þínum.

Hann var afsökun mín fyrir því, að ég gat

í fyrsta sinn

heimsótt þig á þann stað þar sem þú hélzt til;  
því að enginn mátti vita, hversu nánir við vorum.

Ég gekk úr hófi vina minna

glöðu geði ...

Er ég hlýddi á óma þá, sem meistarar jarðneskrar

tónlistar hafa fegursta vakið,

þá bjóst þú jafnan mér í hug ...

Er ég vildi sýna þér hvað gleggstan vott trúnaðar míns,  
þá kom loks þar að,

er ég sýndi þér Minningu, – vasabækurnar mínar allar,  
eftir því sem þú vildir við þeim líta.

Ég hafði þig engu að leynd;

og ég þráði þú vissir, að ég hafði þig engu að leynd ...

Þann tuttugasta og níunda dag októbermánaðar

geymir Minning það fagra atvik, er þú komst til mín  
síðla dags

og færðir mér rauða rós.  
Því fylgdu engin orð; og þó varstu laus við allan hátíðleik.  
Ég setti hana í ker, og hún stóð á borði mínu  
kyrr og hljóð  
og ein.  
Og mér fannst hún tákn þess, sem  
runnið hefur saman í órofa heild  
fegurðar, kyrrðar, háleitrar ástar,  
enda þótt það áður væri úr frumefnum tveggja heima:  
sólarheims og jarðheims.  
Mér fannst hún tákn ástar okkar beggja;  
og ég skelfdist þegar þá tilhugsun  
að hún ætti fyrir sér  
að fölna ...

Það mun hafa verið að kvöldi þess sama dags,  
að á heimili mitt kom Leikarinn  
og ég kynnti ykkur. – Hann bauð okkur  
á veitingastað – hve langt var ekki, síðan við  
höfðum verið saman á veitingastað! – og  
þar kynntistu þrem öðrum úr hópi vina minna.  
Í hjarta mitt smaug óttinn;  
óttinn við vonbrigði þín; eða kannski eitthvað annað?  
Ég veit það ekki.  
Ég mundi rósina heima;  
rósina, sem enn var lífs, svo fögur og hljóð ...  
Og við fórum tveir einir heim,  
til að vera nálægt henni í myrkrinu,  
næturlangt ...

Manstu, er við nutum heimboðs þess vinar míns,  
er var ástvinur Leikarans, og við  
létum í fyrsta sinn í ljós gagnkvæmar tilfinningar



okkar svo aðrir sáu? --

Ó, hvílíkt grín!  
Það var í fyrsta sinn,  
að við vorum alls óhræddir  
meðal annarra manna.  
Guð gleyskunnar hjálpaði okkur.  
Það var á þeim tíma, að Guð gleyskunnar  
gat hjálpað okkur  
– og vildi hjálpa okkur  
– af því hann þurfti þess svotil aldrei. –  
Já, hvílíkt saklaust grín! ...

Að kvöldi þess fyrsta nóvember  
birtist mér í fyrsta sinn sú miskunnarlaus staðreynd,  
að ást okkar átti sér öfundarmenn.  
Kven-norn réði húsum mínum.  
Og orð hennar féllu á þann veg, að ég skildi  
hvílíkur óvinur hún var  
okkar sælu, hljóðu og ástríku náttu.  
Það var í fyrsta sinni,  
að tilfinningum okkar var ógnað  
af þröngsýni, öfund og hatri.  
Það hið sama kvöld  
sáum við á léreftinu hvíta  
þá mynd er nefndist  
Dauðadansinn.  
Og ég reyndi að gleyma, að við ættum óvini ...

Því tókst mér líka að gleyma  
fullkomlega,  
er þú hjúfraðir þig upp að mér  
í hægu sæti á heimili vinar míns  
þrem kvöldum síðar,

á meðan við hlýddum á fjórðu hljómkviðu Bruckners.  
Hversu fjarri var sú tónlist ekki dauðadansi  
þröngsýni, öfundar og haturs ...

Og, ó, hversu fjarri öllu slíku væru ekki  
tónverkin, er við nutum í sameiningu  
tveim dögum síðar ... Það var í háskólanum: –  
Forleikurinn, sem er uppistaðan í  
fyrsta kafla minnar fyrstu bókar;  
það tónverk, er ég eitt sinn átti mest að þakka.  
Þrítugasta og níunda hljómkviða Mozarts, einnig,  
þar sem hann kemst hvað næst hinum efri loftum.  
Já, hversu fjarri var það ekki dauðadansi,  
þröngsýni, öfund, hatri ...

Á afmæli byltingarinnar miklu  
samglöddumst við öllum þeim  
er fögnuðu þeirri sögulegu staðreynd.  
Við skáluðum við þá, sem voru  
fulltrúar Óskaríkisins og Guðs milljónanna,  
hver átti líkneskju sína himingnæfandi á stalli  
í fjarlægri borg.  
Við gengum burt þaðan  
og héldum áfram að skála,  
fyrir okkur sjálfum; að gamni ...

Manstu svo, er þú heimsóttir Leikarann í fyrsta sinn!  
Við læddumst þangað heim um nótt;  
konan í húsinu var farin út, til að hjúkra – –.  
Ó, hve skáldlega óskáldlegt!  
Þar var unnusti Leikarans – og þar vorum við.  
Guð gleymskunnar var fimmta hjól á vagni  
þá nótt;

og þó var ágætt að lofa honum að vera með,  
þótt við þyrftum ekki á nærveru hans að halda.  
Ég vissi einnig eitt: að hefðir þú ekki verið nærri,  
myndi ég hafa fagnað honum;  
myndi ég hafa fallið til fóta honum ...

---

Ó, þessir yndislegu dagar – og nætur – fyrir fimm árum ...

2.

Þegar blekkingin er horfin  
er sem dagarnir séu, hver um sig,  
aumkunarverð og sundurslitin brot  
og ekki í órofa heild við tímann; nei,  
sem sundurnístir, einmana þættir  
úr einhverju sem áður hefur verið tengiliður  
unaðsfullra atvika;  
orðnir að tilgangslausum þráðarspottum  
utanveltu við lögmál upphafs og endis  
og í mótstöðu við sjálfa sig.  
Og næturnar –. Já, einnig þær –  
hinar dauðakýrru andvana nætur,  
þar sem lífið er myrt ...

Enn heldur Minning áfram að geyma  
á miskunnarlausum spegilfleti sínum  
tilgangsleysi og auðn  
þessara daga  
og náttu; þó að ekkert gerist – ekkert sé til að muna.  
Geymdin er höfuðskepna í mínu lífi ...

Í dag nýt ég mín eigi að heldur í vinalóp,  
endaþótt ég viti,  
að ég hef ekki þaðan að hverfa á þinn fund.

Kannski er það einmitt vegna þess.  
Ég get ekki framfar flúið aðra  
til að hverfa á þinn fund ...

Nú mega allir vita, hversu fjarlægir við erum ...  
Það var því eigi lítil undrun mín  
er þú nú – fimm árum og einum degi betur  
frá því ég opnaði þér síður Minningar á hljóðri nóttu –  
trúðir mér fyrir því, að þú hefðir sumarlangt í ár  
ort ljóð, –  
og sýndir mér þau,  
baðst mig dæma þau,  
vottaðir mér trúnað þinn eftir langan tíma.  
Það var um stund eins og þú  
hefðir mig engu að leyna.  
Og þú spurðir, hvort ég orti ljóð um þessar mundir.  
Hjarta mitt var í senn: kalt og heitt.  
Ég sagði: Já. Ég yrki ljóðaflokk; ljóðaflokkinn  
um Blekkinguna. –  
En svo sagði ég ekki meir. Samt þrái ég,  
að þú munir  
einhvern tíma  
lesa þessar línur ...

En – hvað kom til? Hversvegna veitti ég þér ekki  
gagnkvæman trúnað?  
Má vera, að ég hafi verið að þyrma þér  
– og sjálfum mér! Ég veit það ekki. –  
Eitt er víst: hin rauða rós er dáin ... fölnuð.  
Og þó spyr ég sjálfan mig, fimm árum síðar,  
á svipaðan hátt og svo margur hefur gert: Deyr nokkuð,  
sem lifir í vitund manns,  
í hljóðri endurminningu

– og er saknað?  
Deyr – deyr ekki ...?  
En þú varst búinn að gleyma henni, er ég minnti þig á hana um  
daginn.

Fimm árum eftir að við nutum heimboðs  
hins unga vinar Leikarans  
sátum við tveir í stofu minni  
næturlangt  
og blótuðum Guð gleymskunnar.  
Við blótuðum hann þó ekki til að biðja hann ásjár,  
nei, því það þýðir ekki; það er okkur ljóst.  
Enda minntumst við margs  
þessa löngu nótt, sem þó var svo fljót að líða.  
Við minntumst  
í sameiningu  
jafnvel þeirra hluta, sem ekki er hollt, að við  
munum og minnumst.  
Undir morgun gekkstú burt  
yfir fyrsta snjó vetrarins nýfallinn;  
yfir fyrsta snjóinn, er þú hefur séð í tvö ár – –  
og ég horfði á eftir þér, hvar þú gekkst burt  
í hljóðu morgunsárinu  
og hafðir kvatt mig; því þú varst á förum  
þennan komandi dag – til fjarlæggra landa.  
Frá þeirri stundu hef ég ekki séð þig,  
og ég veit ekki, hvenær við sjáumst aftur.  
Aðeins var ég feginn því,  
að ég þyrmdi þér við þessum ljóðum  
að sinni;  
og um leið sjálfum mér.  
Við sögðum margt þessa nótt samt; kannski of margt.  
En ég var fyrir mitt leyti glaður.

Ég myndi segja það sama þótt ég vissi nú,  
að ég sæi þig aldrei aftur ....

Nú á ást okkar engan öfundarmann lengur,  
nema kannski okkur tvo,  
þig og mig,  
sem öfundum hana af því að hafa eitt sinn verið til.

Nú þarf ég ekki að reyna að gleyma því,  
að við eigum óvini; sameiginlega óvini.  
Því við eigum þá enga.

Nú þegar hafa andstæðuöflin innra með okkur sjálfum  
stigið sinn miskunnarlausu dauðadans það lengi,  
að hann ómar hærra öllum forleikjum bernskunnar,  
hærra öllum hljómkviðum jarðneskra meistara,  
já, svo miklu hærra öllum sefandi tónum Blekkingarinnar.

Og nú hikum við, þegar byltingunni miklu er fagnað.  
Við hikum, eins og börn,  
sem guðinn hefur snúið við bakinu –  
og þó erum það kannski við, sem höfum  
snúið baki við honum ...  
Við skálum ekki fyrir byltingunni í ár,  
né fyrir guðum hennar.  
Enn síður skálum við fyrir okkur sjálfum  
í æskuþrungnu gríni áhyggjulausa næturstund.  
Nei. Þær eru liðnar, þessar næturstundir.  
Hann er liðinn, þessi tími daganna og náttanna  
fyrir fimm árum, og kemur aldrei aftur.

Samt er það svo,  
að Guð gleymskunnar fær aldrei sigrazt á honum ...

Og þess vegna er hann sterkur í fjarlægð sinni;  
þeim mun sterkari sem hann líður fjær.

---

Já, þú ert horfinn til annars lands.  
Í nótt ertu á ferðalagi, einn, í járnbrautarvagni;  
má vera þú sért áþekkur  
hinum vanrækta og gleymda farangri drottins  
á jarðreisu hans  
– eins og við vorum báðir forðum tíð  
í töskuneti vagnklefans á ströndinni. –  
Ég veit það ekki.  
Hitt veit ég, að ég hef nú í fullar tvær stundir  
unað við að rýna í blöð Minningar.

---

Undarlegt má það vera –.  
Undarlegur má hann vera þessi unaður;  
þessi unaður, sem er sárastur alls ...

9. desember 1958.



*(Allt að veiti Bergur (en veit  
veitir veitir veitir persóna).  
S. Mat. ummál 1954.)*

1.

Það var upp úr miðjum nóvember: þú komst til mín  
og gafst mér mynd af þér,  
sem tekin hafði verið af þér regnvotum daginn áður.  
Mér hnykkti við –  
Hvað leyndist í þessu andliti,  
sem ég hafði aldrei áður séð í svip þínum?  
Ég sagði: Þetta er ekki góð mynd, Bergur.  
Nei, sagðir þú, það var svo vont veður í gær.

— — —

Þann tuttugasta og annan dag mánaðarins  
kynntirðu mig Vilhjálmi bróður þínum.  
Það var á rigningarkvöldi, og við þrír  
settumst inn á Höll.  
Aftur hnykkti mér –. Það var eitthvað í svip hans  
sem minnti mig á myndina sem þú gafst mér.  
Rigningin, hugsaði ég, hún breytir svip okkar;  
gerir okkur þungbúna, niðurdregna;  
sviptir okkur gleðinni ...  
Við sögðum fátt.



Hann talaði varla orð, þessi ókunni bróðir þinn,  
en horfði á mig út um móðuslungin gleraugu.

Hann veit ekki neitt um okkur,  
hugsaði ég,  
og við viljum ekki, að hann viti neitt. Hann  
veit aðeins, að ég kynntist bræðrum hans  
í borg suðlægs lands ...

Síðar um kvöldið fórum við – þú og ég –  
heim til mín,  
en bróðir þinn skildi við okkur.  
Þú gistir þó ekki hjá mér um nóttina.  
Nei. Það gerðir þú ekki; ekki nóttina  
eftir þetta kvöld ...

---

En daginn eftir komstu  
og færðir mér „dýrindisfagra konfekt-öskju“,  
eftir því sem Minning tjáir mér af blöðunum  
sínum smáu.  
Enn einu sinni varðstu til að gleðja mig.  
Ég þráði það eitt, að allt sem ég gerði,  
sérhvert handarvik mitt og hugsun,  
mætti einnig verða til að  
gleðja þig ...

---

Tveim kvöldum síðar gerðum við okkur glaðan dag  
sem oftár.  
Ég las upp í Menntaskólanum það kvöld,  
og nálægð þín var mér styrkur og unaður  
sem enginn vissi, nema ég einn.  
Við urðum samferða heim til mín á eftir  
og héldum áfram  
að gera okkur glaða nótt. Morguninn eftir

fórstu ekki í skólann.  
Ég fékk samviskubit.  
En ég reyndi að kæfa það;  
og mér tókst það ...

---

Mér bauð síst í grun, þann tuttugasta og áttunda  
sama mánaðar,  
að sá dagur mætti ef til vill teljast  
upphaf ógæfunnar.  
Hann leið í önn, slíkri sem þá var mér  
eðlileg nautn og nauðsyn; og þú  
varst mér sú driffjöður, sú lífsorka,  
sem tilvera mín var grundvölluð á.  
En – aldrei þessu vant: Minning nefnir ekki  
nafn þitt þennan dag.

Þar stendur aðeins:  
Kynnist Degi Sigurðarsyni Thoroddsen.  
Um það var ekki fleira að segja.

---

En aðfaranótt þess annars desember var ég einn heima.  
Hörðum snjóbolta var hent í gluggann minn.  
Ég leit út í nóttina. Þar var Dagur.  
Hann vildi komast inn. En ég hleypti honum  
ekki inn. Það kom ekki til mála. Ég  
þekkti hann ekki, og langaði ekki til að þekkja hann.  
Samt geymir Minning í miskunnarleysi sínu  
þessi orð: „ – en fallegur er hann.“  
Ég hefði getað bætt við: Hvað er líkamsfegurð  
þessa unglings  
móts við andlega og líkamlega fegurð Bergs?  
– Ekkert.

En ég bætti engu við.  
Ég þurfti þess ekki.

Ég þóttist ekki þurfa að skrá í letur  
það sem ég hélt mig vita og trúa ævilangt ...

---

Að kvöldi hins þriðja gerðirðu mig undrandi.  
Við litum inn í hreysi skáldsins við Bókhöðustíg.  
Þar var í sakleysi sínu umkomulaus hópur  
skálda, vændiskvenna, eiturlyfjasjúklinga,  
utan við þennan heim,  
liggjandi í spýju sinni, saur og hlandi.  
Tungumál þeirra var postulatumgumál,  
óskiljanlegt jafnvel þeim sjálfum.  
Mér var nóg að líta þá eynd skamma stund,  
og ég gekk út.  
Ég beið þín drykklanga stund fyrir utan;

og loks komstu.  
Þú varst þögull og vildir naumast sinna mér.  
Um andlit þitt lék ögrandi og þögult glott,  
er þú leist við mér;  
það var glott regnmyndarinnar – aðeins grímulausara.  
Þú gistir ekki hjá mér um nóttina,  
en þú komst heim með mér,  
og við nutumst.  
Og þá gerðist það, að þú sagðir þessi orð  
í myrkri næturinnar, nautn myrkursins:  
„Ég vildi óska, að þú yrðir einsog þetta fólk;  
féllir í drafið og kæmist aldrei upp aftur;  
ég er reyndar það sterkur,  
að ég myndi aldrei falla með þér –  
en ég myndi þá fyrst elska þig, já  
elska þig.  
þegar þú værir orðinn eins og það.“  
Ég svaraði engu.  
Þú glottir ekki lengur,  
að svo miklu leyti sem ég  
greindi svip þinni í myrkrinu.  
En skömmu síðar kysstirðu mig á ennið  
og varst farinn.  
— — —  
Þremur dögum síðar ákvað ég að kynna þig  
fyrir kaldhæðna öldungnum Þórði,  
sem lífið hafði gert miskunnarlausan.  
Við fórum heim til hans.  
Og það féll ekki vel á með ykkur ...  
— — — Þér fannst hann vera fífl ...  
— — —  
En —  
Ekkert haggði ást minni til þín;

það sem meira var: ekkert haggæði – ennþá –  
blindri trú minni á þig.  
Menn trúa því, sem þeir vilja trúa.  
Menn leyndu sjálfa sig staðreyndum  
varðandi það sem þeir elska.  
Ástin er blind.  
Ástin er sterkt vopn  
í hendi Blekkingarinnar,  
– jafnvel löngu eftir að Blekkingin  
hefur yfirgefið mann ... ;  
já, – löngu eftir að Blekkingin  
hefur yfirgefið mann.

2.

Þær eru löngu orðnar fleiri en ein  
myndirnar, sem ég geymi í huga mér af andliti þínu,  
þær skipta þúsundum. Og engin þeirra  
er annarri lík.

---

Enn geymi ég sömuleiðis  
öskjuna, sem þú gafst mér. En nú  
hefur hún verið rykfallin um stund. Ég veit ekki  
hvenær ég kasta henni á ruslahauginn.

---

Fjarlægð þín í dag, hvort er hún mér meiri eða minni  
styrkur og unaður  
en nálægð þín fyrir fimm árum?  
Það veit ég ekki.  
Ég veit það ekki.

---

Fegurð er þar sem hún hefur verið.  
Og þar sem hún í sannleika aldrei hefur verið,  
þar er hún heldur ekki nú.

Þögn sem ríkti, hún ríkir enn.

Og orð sem voru töluð, þau hljóma enn.

Aðeins trúin getur dáið –  
og það er Blekkingin ein, sem getur deytt hana,

með því að fara; með því að yfirgefa mann.

29. janúar 1959.

Við lékum okkur.

Það var hömlulaus gáski og án sorgar.

Það voru innihaldslaus ómarksorð og hlátrar,

erting, dul, einnig hið gagnstæða,

– allt til þess gert að leika sér.

Við bjuggumst um – og tókum ljósmyndir

hvor af öðrum á næturþeli

og af okkur báðum í senn.

Við lékum okkur. Tveir fullvaxnir menn.

— — —

Við entumst jafnvel til að sitja nótt eftir nótt

á tali um spíritisma við hálfgeggjaðan forstjóra!

Fara á veitingahús og eyða dýrmætum tíma okkar

innanum annað fólk.

Já, – við lékum okkur ... að okkur sjálfum.

— — —

Og upp runnu okkar fyrstu jól. Við flýðum.

Við flýðum allt þetta fólk;

alla þessa blómlegu kaffihúsa-þjóð,

allar öfundsjúkar og skilningslausar kerlingar,

já, vini okkar alla flýðum við.

Við drógum okkur í hlé  
til smáborpsins austanfjalls, þar sem við  
gátum verið tveir í friði,  
í skjólsælum friði  
undir þungu snjófargi og hlýju.  
Það voru okkar fyrstu jól.  
Og við skiptumst á jólagjöfum  
einsog börn.

---

Þau jól; ég man þau.  
Við lásum góðar bækur.  
Við gengum úti í hlýju veðri,  
og um nótt sáum við Grýtu gjósa  
í tunglsljósinu,  
hvæsa upp þessari hrjúfu íslensku kveðju sinni  
aftan úr öldum  
til okkar, nútímamanna.  
Við drukkum, við átum, við sváfum, við lékum okkur.  
Og við hlustuðum á tónlist.  
Þetta voru yndisleg jól. Í friðsæld og hljóðri gleði.

---

Milli jóla og nýjárs forstu heim til fjölskyldu þinnar.  
Þar hafðirðu jafnan verið áður á jólum,  
en í þetta sinn hafði ég fengið þig til að  
vera að heiman.  
Ég fann til samvizkubits. Mér fannst ég  
vera eigingjarn.  
En ég var jafnframt feginn því, að þú  
gleymdir engu vegna mín.  
Ég saknaði þín. En sá söknuður var  
blandinn tilhlökkuninni að sjá þig aftur.  
Og ég sagði ekki orð þar um.

Svo var árið búið. –

— — —

Og nýtt ár rann upp – án þess þú værir mér nærri.  
Þú komst ekki fyrir en vika var liðin af árinu.  
En þegar þú komst, þá gladdist ég æ því meir.

En hver veit, hvað nýtt ár ber í skauti sínu?

— — —

Aðfaranótt tíunda dags þessa árs  
leiddi ég þig inn á baklóð við Garðastræti  
og sýndi þér gluggann á nýrri vistarveru  
er ég skyldi flytjast í innan mánaðar  
(þér hafði verið meinað að heimsækja mig oftar  
á fyrri staðinn).

Þú kysstir mig í myrku húsasundinu og sagðir:  
„Ég er viss um, að þarna verð ég hjá þér  
hverja einustu nótt.“

En óvinum okkar hafði þá þegar tekizt  
að hrósa vissum sigri.

2.

Við lékum okkur. –

Nú leikum við ekki lengur. Tími leikjanna er liðinn.

Ég vissi ekki þá  
að okkar fyrstu jól  
yrðu einnig okkar síðustu.  
Nei, það vissi ég ekki; það var gæfa mín og gleði.  
Ef ég hefði vitað það, myndi ég ekki hafa notið  
neinnar gleði.

— — —

Langt er nú síðan



við hættum að flýja annað fólk  
en sjálfa okkur – hvor annan.  
Enda öfundar enginn okkur lengur. Nei;  
enginn öfundar þá sem flýja undan því bezta  
í sjálfum sér.

---

Samt lifa þessi jól enn í hugskoti mínu.  
Þau rifjuðust upp fyrir mér á þeim jólum  
er fóru hér um garða fyrir rúmum mánuði.  
Pastorale Bachs má ég eigi heyra  
án þess að minnast hlýju vistarverunnar í litla  
þorpínu austanfjalls.

---

Bréfi því, er þú skrifaðir mér fyrir fimm vikum,  
hef ég enn ekki svarað.  
Ég verð að koma því í verk bráðum. Bráðum.

Enn nýtt – og óvíst – ár  
er bytjað ...

16. febrúar 1959.

Ég gisti hjá þér um nótt,  
þar sem bróðir þinn svaf inni sömuleiðis.  
Og við nutumst. Við nutumst  
án þess bróðir þinn vissi. Hann svaf.  
Þetta var eldleikurinn. Ósandi. Hættulegur. Djarfur.  
Myrkrið var hlýtt, og úti fyrir næddi stormurinn.  
Innra með okkur brann eldurinn. Í myrkrinu.

Já, áfram héldum við að eiga nætur saman.  
Og á daginn, er þú varst hvergi nærri,

átti ég einnig hann  
sameiginlega með þér.  
Næturnar og dagarnir voru okkar.

— — —

Og þennan dag, í miðjum febrúar,  
heimsóttum við elzta bróður þinn á sjúkrahús.  
Þennan dag gat ég minnzt unaðslegrar nætur  
með þér.  
Þennan dag elskaði ég þig sem aðra daga.

En þennan dag reyndist ég þér ótrúr;  
ekki þó í hjarta mínu.  
Hjarta mitt áttir þú. Óskipt hjarta mitt  
áttir þú; einn manna.

2.  
Hvar er eldurinn nú fólgin?  
Hvar er æsandi og djörf áhættan?  
Hverjum yljur nú innri glóð í vetrarmyrkri?  
Hvað hefur orðið um næturnar sem við áttum saman?  
Hvar eru dagarnir okkar og næturnar okkar?

Ég veit það ekki.  
Ég veit ekki, hvar eldurinn er falinn,  
né heldur hvort hann logar enn,  
nema sem vafurlogi.  
Ég veit heldur ekki um neina áhættu lengur  
í þessu lífi,  
sneyddu allri vá, allri dirfsku, öllum æsing.  
Ég hef ekki lengur hugmynd um  
næturnar okkar og dagana okkar.  
Sjálfan mig spyr ég. Og þig spyr ég í fjarskanum.  
Ekkert svar.

---

En í dag, fimm árum síðar, sýni ég þér trúnað:  
Ég hef byrjað á skáldsögu um  
manninn sem  
    eitt sinn átti nætur og daga,  
    og á að vísu enn  
        bæði nætur og daga –  
einn.

30. marz 1959.

1.  
Ég hittu fagran ungling – sá hann nakinn –  
en ég leit ekki við honum –  
    sá hann ekki, þótt ég talaði við hann.  
Því að það var enginn til, nema þú.  
Ég vissi, að hann var minn, ef ég vildi.  
Ég vildi ekki. Ég átti nóg – hélt ég.

Minningu geymir ekki kinnhestinn sem þú gafst mér  
að kvöldi þess fyrsta hins þriðja mánaðar  
í gáska-atlotum heima hjá þér að bróður þínum ásjáandi.  
Hann hló.  
Ég leyfði Minningu ekki að geyma slíkt – þá.  
En endurminning mín geymir það og  
    ógnar mér með því, storkandi,  
    ásamt hlátri bróður þíns – mannsins sem  
    ég þá ekki þekkti.  
Síðan reyndi ég að gleyma þessu. Reyndi; og reyndi.  
Og mér tókst það, svo furðu gegnir.

Tíu dögum síðar tjáðirðu mér, að þú

ætlaðir þér að hætta skólanámi;  
að þér leiddist lærdómur skólans;  
að þín biði engin framtíð – það væri flest til einskis.  
Ég skammaði þig. Ég skipaði þér að halda áfram.  
Þú varðst orðlaus. Og þú hélzt áfram; eftir fimmtán daga.  
En ég vorkenndi þér – ég skildi þig.  
Sjálfur hafði ég gefizt upp við nákvæmlega það sama.  
Ég fann, að þú varst mér þakklátur,  
því þú skildir – kannski í eitt skipti af fáum –  
að reiðiorð mín voru sögð af ótakmarkaðri hlýju.  
Þú áttir bágð með að kveðja mig þessa nótt.  
En bróðir þinn beið – Bróðir þinn,  
maðurinn sem ég þá ekki þekkti.

---

Tveimur dögum síðar gerðum við þá merkilegu uppgötvun  
– að þú værir náfrændi æskuvinar míns  
þess er kramdi höfuð sitt til bana.  
Og við gengum að leiði hans í kirkjugarðinum  
undir nótt.  
Þá nótt sofnaði ég ekki. Þú varst hjá mér frameftir,  
en síðan fór ég að vinna.  
Daginn eftir fór ég ásamt þér til þorpsins við ströndina,  
kynntist foreldrum þínum,  
æskuheimili þínu,  
því umhverfi sem hafði mótað þig  
– og sá andlit æskuvinar míns,  
þess er hafði látizt í bernsku.  
Sólarhringur leið – yndislegar, áhyggjulausar stundir –  
– og þá hurfum við aftur úr þorpinu við ströndina,  
þú að heiman,  
ég heim,  
og þó báðir samferða sömu leið ...

---

2.  
Fyrir nokkrum dögum fékk ég bréf frá þér;  
þar standa þessar línur:

... Mér hefur aldrei tekizt  
að gefa það bezta úr sjálfum mér  
né fá það bezta úr öðrum.  
Líklega er það minn harmleikur.  
Samt sem áður hefur biturleikinn  
ekki sett enn að ...

---

Einnig segistu vera orðinn  
fullorðinn maður.

---

Og í lokin segirðu, drengurinn frá íslenska þorpinu,  
staddur í suðrænni borg á strönd hins bláa hafs:

Sendu mér snjó ...

---

En ég mun – því miður – ekki geta  
sent þér íslenzkan snjó.  
Hann þolir ekki breyskjuhita suðursins.

